ALÞINGISTÍÐINDI

2008–2009

HUNDRAÐ ÞRÍTUGASTA OG SJÖTTA
LÖGGJAFARÞING

A

ÞINGSKJÖL

REYKJAVÍK
ODDI
2010

ISSN 1028-6063 Alþingistíðindi
ISSN 1017-3641 Þingskjöl
ISSN 1017-365X Umræður
ISSN 1026-3233 Efnisyfirlit

Skrifstofa Alþingis hefur annast útgáfu Alþingistíðindanna.

Skammstafanir

afgr. = afgreitt
allshn. (a) = allsherjarnefnd
alþm. = alþingismaður
Alþt. = Alþingistíðindi
aths. = athugasemd
atkv. = atkvæði
atkvgr. = atkvæðagreiðsla
ákv. til brb. = ákvæði til bráðabirgða
brbl. = bráðabirgðalög
breyt. = breyting
brtt. = breytingartillaga
db. = dagbókarerindi
dóms- og kirkjumrn. = dóms- og kirkjumálaráðuneyti
dómsmrh. = dómsmálaráðherra
dómsmrn. = dómsmálaráðuneyti
efh.- og skattan. (es) = efnahags- og skattanefnd
efnismgr. = efnismálsgrein
fél.- og trn. (ft) = félags- og tryggingamálanefnd
fél.- og trmrh.= félags- og tryggingamálaráðherra
fél.- og trmrn. = félags- og tryggingamálaráðuneyti
félmn. (fél) = félagsmálanefnd
félmrh. = félagsmálaráðherra
fjárln. (fl) = fjárlaganefnd
fjmrh. = fjármálaráðherra
fjmrn. = fjármálaráðuneyti
flm. = flutningsmaður
form. = formaður
forsn. = forsætisnefnd
forsrh. = forsætisráðherra
forsrn. = forsætisráðuneyti
Framsfl. (F) = Framsóknarflokkur
frávtill. = frávísunartillaga
frhnál. = framhaldsnefndarálit
Frjálsl. (Fl) = Frjálslyndi flokkurinn
frsm. = framsögumaður
frv. = frumvarp
frvgr. = frumvarpsgrein
fskj. = fylgiskjal
fsp. = fyrirspurn
fyrirsp. = fyrirspyrjandi
fyrrv. = fyrrverandi
gr. = grein
grg. = greinargerð
hagstrh. = ráðherra Hagstofu Íslands
heilbrn. (h) = heilbrigðisnefnd
heilbrrh. = heilbrigðisráðherra
heilbrrn. = heilbrigðisráðuneyti
hv. = háttvirtur
hæstv. = hæstvirtur
iðnn. (i) = iðnaðarnefnd
iðnrh. = iðnaðarráðherra
iðnrn. = iðnaðarráðuneyti
kirkjumrh. = kirkjumálaráðherra
kjörbn. (k) = kjörbréfanefnd
l. = lög
lagafrv. = lagafrumvarp
landbn. (l) = landbúnaðarnefnd
landbrh. = landbúnaðarráðherra
landbrn. = landbúnaðarráðuneyti
lögþ. = löggjafarþing
málsl. = málsliður
menntmn. (m) = menntamálanefnd
menntmrh. = menntamálaráðherra
menntmrn. = menntamálaráðuneyti
mgr. = málsgrein
Norðaust. (Na) = Norðausturkjördæmi
Norðvest. (Nv) = Norðvesturkjördæmi
nál. = nefndarálit
núv. = núverandi
Reykv. n. (Rn) = Reykjavíkurkjördæmi norður
Reykv. s. (Rs) = Reykjavíkurkjördæmi suður
rg. = reglugerð
rökst. = rökstudd
Samf. (Sf) = Samfylkingin
samgn. (sg) = samgöngunefnd
samgrh. = samgönguráðherra
samgrn. = samgönguráðuneyti
samstrh. = ráðherra norrænna samstarfsmála
samþ. = samþykkt
sbr. = samanber
sérn. = sérnefnd
shlj. = samhljóða
Sjálfstfl. (S) = Sjálfstæðisflokkur
sjútv.- og landbn (sl) = sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
sjútv.- og landbrh. = sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
sjútv.- og landbrn. = sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti
sjútvn. (sj) = sjávarútvegsnefnd
sjútvrh. = sjávarútvegsráðherra
sjútvrn. = sjávarútvegsráðuneyti
skv. = samkvæmt
stafl. = stafliður
stjfrv. = stjórnarfrumvarp
stjskl. = stjórnarskipunarlög
stjskr. = stjórnarskrá
stjskrn. = stjórnarskrárnefnd
stjtill. = stjórnartillaga
Stjtíð. = Stjórnartíðindi
Suðurk. (Su) = Suðurkjördæmi
Suðvest. (Sv) = Suðvesturkjördæmi
till. = tillaga
tillgr. = tillögugrein
trmrh. = tryggingamálaráðherra
tölul. = töluliður
umhvn. (um) = umhverfisnefnd
umhvrh. = umhverfisráðherra
umhvrn. = umhverfisráðuneyti
umr. = umræða

utanrmn. (ut) = utanríkismálanefnd
utanrrh. = utanríkisráðherra
utanrrn. = utanríkisráðuneyti
útb. = útbýtt
viðskn. (v) = viðskiptanefnd
viðskrh. = viðskiptaráðherra
viðskrn. = viðskiptaráðuneyti
Vinstri gr. (Vg) = Vinstri hreyfingin – grænt framboð
vþm. = varaþingmaður
þál. = þingsályktun
þáltill. = þingsályktunartillaga
þm. = þingmaður
þmfrv. = þingmannafrumvarp
þmtill. = þingmannatillaga
þskj. = þingskjal

Alþingismenn
ArnbS = Arnbjörg Sveinsdóttir
AtlG = Atli Gíslason
ÁÓÁ = Ágúst Ólafur Ágústsson
ÁI = Álfheiður Ingadóttir
ÁJ = Árni Johnsen
ÁKÓ = Ármann Kr. Ólafsson
ÁMM = Árni M. Mathiesen
ÁMöl = Ásta Möller
ÁPÁ = Árni Páll Árnason
ÁRJ = Ásta R. Jóhannesdóttir
ÁÞS = Árni Þór Sigurðsson
BÁ = Birgir Ármannsson
BBj = Björn Bjarnason
BjarnB = Bjarni Benediktsson
BjH = Bjarni Harðarson
BJJ = Birkir J. Jónsson
BjörgvS = Björgvin G. Sigurðsson
BjörkG = Björk Guðjónsdóttir
EBS = Ellert B. Schram
EKG = Einar K. Guðfinnsson
EMS = Einar Már Sigurðarson
EyH = Eygló Harðardóttir
GAK = Guðjón A. Kristjánsson
GÁ = Guðni Ágústsson
GHH = Geir H. Haarde
GMJ = Grétar Mar Jónsson
GSB = Guðfinna S. Bjarnadóttir
GSv = Gunnar Svavarsson
GÞÞ = Guðlaugur Þór Þórðarson
GuðbH = Guðbjartur Hannesson
HHj = Helgi Hjörvar
HerdÞ = Herdís Þórðardóttir
HSH = Helga Sigrún Harðardóttir
HöskÞ = Höskuldur Þórhallsson
IllG = Illugi Gunnarsson
ISG = Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
JBjarn = Jón Bjarnason
JóhS = Jóhanna Sigurðardóttir
JónG = Jón Gunnarsson
JM = Jón Magnússon
KHG = Kristinn H. Gunnarsson
KJak = Katrín Jakobsdóttir
KaJúl = Katrín Júlíusdóttir
KLM = Kristján L. Möller
KolH = Kolbrún Halldórsdóttir
KÓ = Kjartan Ólafsson
KVM = Karl V. Matthíasson
KÞJ = Kristján Þór Júlíusson
LB = Lúðvík Bergvinsson
MS = Magnús Stefánsson
ÓN = Ólöf Nordal
PHB = Pétur H. Blöndal
REÁ = Ragnheiður E. Árnadóttir
RR = Ragnheiður Ríkharðsdóttir
SF= Siv Friðleifsdóttir
SJS = Steingrímur J. Sigfússon
SKK = Sigurður Kári Kristjánsson
StB = Sturla Böðvarsson
SVÓ Steinunn Valdís Óskarsdóttir
VS = Valgerður Sverrisdóttir
ÞBack = Þuríður Backman
ÞKG = Þorgerður K. Gunnarsdóttir
ÞSveinb = Þórunn Sveinbjarnardóttir
ÖJ = Ögmundur Jónasson
ÖS = Össur Skarphéðinsson

Varaþingmenn
AKG = Anna Kristín Gunnarsdóttir
BVG = Björn Valur Gíslason
DPál = Dögg Pálsdóttir
GStein = Guðmundur Steingrímsson
GuðmM = Guðmundur Magnússon
KHeim = Kristrún Heimisdóttir
MÁ = Mörður Árnason
RGuðb = Rósa Guðbjartsdóttir
RM = Róbert Marshall
RÓ = Ragnheiður Ólafsdóttir
SÁA = Sigríður Á. Andersen
SigÞ = Sigurður Pétursson
SÖE = Samúel Örn Erlingsson

Skammstafanir þessar tákna og orðin í fleirtölu og öllum beygingarföllum.

Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 2009.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008.)

Fyrri hluti: Stefna og horfur

	Bls.
Inngangur	3
1. Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga	5
2. Helstu þættir ríkisfjármála	10
3. Rammafjárlög 2009 - 2012	17
4. Yfirlit þjóðhagsspár	29
Fylgiskjal: Töfluviðauki	39

Seinni hluti: Lagagreinar og athugasemdir

A-, B-, C-hluti og ýmis ákvæði 1. grein: Rekstraryfirlit ríkissjóðs, A-hluti, 2. grein: Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluti, 3. grein: Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta, 4. grein: Fjárreiður lánastofnana í C-hluta, 5. grein: Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, 6. grein: Heimildir.

Sundurliðanir 1. Tekjur A-hluta, 2. Fjármál ríkisaðila í A-hluta, 3. Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta, 4. Fjármál lánastofnana í C-hluta.

Séryfirlit 1. Málaflokkar gjalda í A-hluta, 2. Hagræn skipting gjalda í A-hluta, 3. Markaðar tekjur, 4. Aðrar rekstrartekjur stofnana, 5. Lögbundin framlög, 6. Rammafjárlög fyrir árin 2009-2012.

Athugasemdir 1. Yfirlit ríkisfjármála, 2. Tekjur A-hluta, 3. Gjöld A-hluta, 4. Ríkisfyrirtæki í B-hluta, 5. Lánastofnanir í C-hluta, 6. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, 7. Heimildir, 8. Yfirlit um lagabreytingar.

Vefsetur fjárlaga fjarlog.is

Inngangur

Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja fram frumvarp til fjárlaga fyrir Alþingi strax og það kemur saman að hausti. Í samræmi við þetta hefur frumvarpið jafnan verið lagt fram á fyrsta fundi þingsins. Um meginefni þess er fjallað í fjárlaganefnd Alþingis en aðrar nefndir fá þá efnisflokka til umsagnar sem að þeim snúa. Fjallað er um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlaga og breytingar á almennum lögum sem tengjast afgreiðslu fjárlaga í öðrum nefndum. Fjárlagafrumvarp er jafnan afgreitt í desember.

Frumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í fyrri hluta er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum auk umfjöllunar um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í síðari hluta eru lagagreinarnar og athugasemdir við þær auk sérstakra yfirlita.

Efnisskipan fyrri hluta

Í fyrsta kafla fyrri hluta frumvarpsins er fjallað um stefnuna í ríkisfjármálum og helstu áhersluatriði. Í öðrum kafla er að finna helstu niðurstöður frumvarpsins og mat á afkomuhorfum þessa árs. Í þriðja kafla er kynnt langtímaáætlun í ríkisfjármálum til nokkurra ára og helstu forsendur og niðurstöður hennar. Í fjórða kafla er fjallað um yfirlit þjóðhagsspár, um framvindu efnahagsmála og horfur næsta ár. Í lok heftisins er töfluviðauki með ýmsum upplýsingum um ríkisfjármálin.

Lagagreinar frumvarpsins – síðari hluti

1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs, A-hluti.
2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluti.
3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta.
4. gr. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.
6. gr. Heimildir.

Efnisskipan síðari hluta

Í síðari hluta er að finna ítarlegar upplýsingar um tekjur, gjöld og lánsfjármál. Í fyrsta lagi koma fram lagagreinar þar sem meginniðurstöður ríkisfjármála eru sýndar ásamt heimildarákvæðum. Í öðru lagi er sýnd sundurliðun á tekjum ríkissjóðs, fjárreiðum stofnana og framlögum til einstakra viðfangsefna. Þessar sundurliðanir eru fylgihluti lagagreinanna. Í þriðja lagi eru séryfirlit af ýmsu tagi til skýringar. Að lokum er greinargerð um lagagreinarnar og yfirlitin.

Fjárlögin á veraldarvefnum


Vakin er athygli á því að allt efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, er birt á vef fjármálaráðuneytisins um leið og frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Veffangið er *fjarlog.is*.

1 Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga

Hagvaxtarskeið á enda og hagkerfið færist nær jafnvægi

Eftir eitt mesta hagvaxtarskeið um langt árabil er hagkerfið tekið að færast nær jafnvægi á ný. Stefnan í ríkisfjármálum eins og hún birtist í fjárlagafrumvarpinu endurspeglar það að mörgu leyti. Gert er ráð fyrir að samdráttur í þjóðarútgjöldum sem hófst árið 2007 við lok stóriðjuframkvæmda haldi áfram í ár. Viðsjár á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, sem dregið hafa úr framboði ódýrara lánsfjármagns hér á landi, og háir stýrivextir Seðlabankans hafa leitt til þess að íbúðafjárfesting og önnur atvinnuvegafjárfesting hafa tekið að lækka á árinu. Veiking á gengi krónunnar á árinu og samdráttur í kaupmætti ráðstöfunartekna hafa einnig haft áhrif til að draga hratt úr einkaneyslu heimila. Aukin framleiðslugeta áls ásamt samdrætti í innflutningi hafa hinsvegar framkallað viðsnúning í vöru- og þjónustuviðskiptum sem áætlað er að skili 1,7% hagvexti í ár. Árið 2009, þegar aukning útflutnings verður að mestu afstaðin en einkaneysla og fjárfesting halda áfram að dragast saman, er spáð að hagvöxtur nemi -1,6%. Spáð er að innlend eftirspurn taki við sér á ný og að hagvöxtur verði 1% árið 2010.

Hagvöxtur



Tekjujöfnuður ríkissjóðs snýst í halla sem hefur sveiflujafnandi áhrif

Lægð í efnahagslífinu leiðir óhjákvæmilega til þess að tekjur ríkissjóðs minnka og útgjöld aukast. Eftir tæplega 89 milljarða kr. afgang árið 2007 er áætlað að tekjujöfnuður ríkissjóðs dragist saman og að afgangurinn nemi 3 milljörðum kr. árið 2008. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir að afkoman versni til muna og að 57

milljarða kr. halli verði á ríkissjóð það ár. Sú niðurstaða er í samræmi við sveiflujafnandi hlutverk ríkisfjármála til skemmri tíma sem á sér stað með sjálfvirkum hætti en einnig með sértækum ákvörðunum um stofnframkvæmdir. Við þær aðstæður þegar tekjuhalli myndast á ríkissjóði er mikilvægt að viðhalda aðhaldsamri stefnu sem leggur áherslu á hagkvæmni og varfærni í ríkisrekstri til að tryggja sjálfbærni ríkisfjármála til lengri tíma litið.

Ábyrg stefna í ríkisfjármálum

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á ábyrga efnahagsstjórn sem forsendu kraftmikils efnahagslífs og aukinnar velferðar. Markmið hagstjórnarinnar er að tryggja stöðugleika með lágri verðbólgu, lágu vaxtastigi, betra jafnvægi í utanríkisviðskiptum, jöfnum og öflugum hagvexti og áframhaldandi traustri stöðu ríkissjóðs.

Sterk staða ríkissjóðs

Staða ríkisfjármála á Íslandi er mjög góð til að takast á við efnahagslægð hvað varðar skuldir ríkissjóðs og stöðu lífeyrismála. Hrein eign ríkissjóðs er jákvæð eftir margra ára tekjuafgang og tekjur af einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Þá eru framtíðar skuldbindingar ríkissjóðs á Íslandi vegna öldrunar samfélagsins minni en víðast hvar annars staðar vegna þess hve lífeyrissjóðakerfið er öflugt hér á landi en það er að verulegu leyti byggt á sjóðasöfnun en ekki gegnumstreymi.

Velferð á Íslandi hefur aukist meira en í flestum ríkjum OECD


Íslenskt efnahagslíf hefur náð miklum árangri. Árin 2004 til 2007 jókst landsframleiðslan um 27% að magni til og kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna um 30%, sem er mun betri árangur en víðast hvar annarsstaðar í OECD ríkjunum á sama tímabili. Aðrir efnahagslegir mælikvarðar staðfesta sterka stöðu Íslands í alþjóðlegum samanburði. Atvinnuleysi er langt undir því sem gengur og gerist í nágrannalöndum okkar. Kraftur og áræði einkennir starfsemi íslenskra fyrirtækja. Þessi árangur gerir okkur betur í stakk búin til að takast á við lægð í efnahagslífinu.

Aðhaldsöm hagstjórn en óróleiki á mörkuðum

Sveiflujafnandi stefna í ríkisfjármálum og aðhaldsöm stefna í stjórn peningamála Seðlabankans hafa miðast við að draga úr innlendri eftirspurn og lækka verðbólgu. Þrátt fyrir mikla hækkun stýrivaxta hefur flökt á gengi krónunnar aukist undanfarin ár í tengslum við fjármagnsflæði til og frá landinu og aukinn óróleika á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Þannig hefur gengi krónunnar veikst meira en dæmi eru um árið 2008 og verðbólga aukist mikið. Því er nú spáð að verð-

bólga lækki árið 2009 og að hún verði komin á 2,5% verðbólgumarkmið Seðlabankans árið 2010.

Verðbólga



Íslenskt efnahagslíf í örri framþróun

Íslenskt efnahagslíf er í örri framþróun. Atvinnustarfsemin er orðin fjölbreyttari en áður og stoðum útflutnings hefur fjölgað. Til viðbótar við burðarstólpa sjávarútvegs og stóriðju, hafa ferðaþjónusta og hátæknigreinar aukið sinn skerf. Þá hefur fjármálastarfsemi sett mark sitt á efnahagslífið þótt á móti blási alþjóðlega um þessar mundir.

Sveigjanleiki og hófsemi til að takast á við áskorun næstu missera

Geta íslensks efnahagslífs til að standa undir bættum lífskjörum í alþjóðlegu efnahagsumhverfi hefur verið aukin undanfarin ár og áratugi. Breytt skipulag og alþjóðavæðing efnahagslífsins hafa umbylt efnahagsumgjörð heimila og fyrirtækja og gert hana eins góða, ef ekki betri, og þekkist í okkar helstu viðskiptalöndum. Framleiðslugeta hagkerfisins og velferð landsmanna hafa aukist hröðum skrefum. Um leið hefur geta fyrirtækja og heimila aukist til að bregðast við en það aðstoðar stjórnvöld við að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu. Þegar horfur eru á að árferði í heimsbúskapnum sé að dala eykst mikilvægi þess að fyrirtæki grípi til ráðstafana til að tryggja að rekstur þeirra verði arðbær þegar á móti blæs. Um leið þurfa aðilar á vinnumarkaði að sýni hófsemi við mótun kjarasamninga til að viðhalda atvinnustigi og kaupmætti til lengri tíma litið.


Aðgerðir til að til að treysta stoðir efnahags-lífsins

Aukið jafnvægi í þjóðarbúskapnum er eftirsóknarvert. Um leið er ástæða til að vera á varðbergi gagnvart vísbendingum um að samdrátturinn verði mikill. Þannig getur of hröð kæling hagkerfisins leitt til samdráttar sem gæti reynst erfitt að vinda ofan af á skömmum tíma. Við þessar aðstæður hljóta megináherslur í hagstjórn, jafnt í ríkisfjármálum sem peningamálum, að miða að því að bæta rekstrarskilyrði atvinnulífsins. Þær aðgerðir sem boðaðar hafa verið á árinu og eru í fjárlagafrumvarpinu taka mið af því að renna styrkari stoðum undir efnahagslífið og treysta atvinnu og almenn lífskjör í landinu.

Markmiðið er að stuðla að áframhaldandi hagvexti og sjálfbærni utanríkisviðskipta

Ríkisstjórnin hefur unnið að ýmsum umbótum til að styrkja efnahagslífið, fasteignamarkaðinn og velferðarkerfið. Þannig hefur lækkun skatta, jafnt á einstaklinga og fyrirtæki, rennt traustari stoðum undir íslenskt atvinnulíf og styrkt samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Ýmsar úrbætur hafa verið gerðar á bótakerfinu sem treysta hag ungra barnafjölskyldna og þeirra sem vilja koma yfir sig húsnæði. Aðgerðir til að efla leigu og fasteignamarkaðinn styðja við verðmyndun á markaði þar sem vísbendingar eru um að fjöldi óseldar íbúða hafi aukist. Við þær aðstæður sem eru uppi er skynsamlegt að nýta auðlindir landsins í sátt við umhverfið til að stuðla að áframhaldandi hagvexti og sjálfbærni utanríkisviðskipta.

Viðskiptajöfnuður



Stöðugleiki í efnahagsmálum

Meginniðurstaða fjárlagafrumvarps og langtímaáætlunar í ríkisfjármálum er að stöðugleiki ríki í efnahagslífinu þegar hratt dregur úr umsvifum vegna stóriðjuframkvæmda og samdráttur verður í innlendri eftirspurn. Lækkun verðbólgu og minnkun viðskiptahalla eru í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um efnahagslegan stöðugleika á komandi árum. Við þær aðstæður er dregið enn frekar úr aðhaldsstigi í ríkisfjármálum árið 2009 sem er í samræmi við markmið í efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar um stöðugleika í efnahagslífinu.

2 Helstu þættir ríkisfjármála

Verri afkoma en í fjárlögum

2.1 Horfur í ríkisfjármálum árið 2008

Í fjárlögum fyrir árið 2008 var áætlað að rekstur ríkissjóðs skilaði afgangi sem næmi tæplega 40 milljörðum króna. Sú áætlun hefur nú verið endurskoðuð í ljósi nýrra upplýsinga um þróun tekjustofna og útgjalda málaflokka og með hliðsjón af nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins. Endurmatið felur í sér talsverðar breytingar á helstu stærðum ríkisfjármálanna frá fyrri áætlun. Nú er talið að heildartekjur verði um 10 milljörðum króna minni en reiknað var með í fjárlögum og að útgjöldin verði 26,3 milljörðum meiri. Er því áætlað að tekjuafgangur ríkissjóðs verði 3 milljarðar króna eða því sem næst liðlega 36 milljörðum minni en í fjárlögum. Rýrnandi tekjuafkoma ríkissjóðs ber þess merki að aðlögun þjóðarbúskaparins er hafin í átt til meira jafnvægis á sama tíma og erfiðleikar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum þrengja að hagkerfinu.

Afkoma ríkissjóðs

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Reikningur 2007	Fjárlög 2008	Áætlun 2008	Frumvarp 2009
Tekjur	486,1	473,4	463,4	450,5
Gjöld	397,5	434,2	460,5	507,4
Tekjujöfnuður	**88,6**	**39,2**	**2,9**	**-56,9**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi [1]	-19,7	-4,9	7,7	3,8
Handbært fé frá rekstri	**68,9**	**34,3**	**10,6**	**-53,1**
Fjármunahreyfingar [2]	-74,6	7,5	-28,9	5,5
Hreinn lánsfjárjöfnuður [3]	**-5,7**	**41,8**	**-18,3**	**-47,6**

[1] Til þess að fá mat á sjóðstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

[2] Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna sem skilar sér í ríkissjóð á árinu fært undir þennan lið.

[3] Án aukaframlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Tekjur dragast saman

Tekjur ríkissjóðs voru áætlaðar 473,4 milljarðar króna í fjárlögum fyrir árið 2008. Í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að tekjur ársins verði 463,4 milljarðar króna. Skatttekjur verða 18,5 milljörðum minni og

tekjur af sölu eigna 3,2 milljörðum minni en í áætlun fjárlaga en vaxtatekjur 11,2 milljörðum meiri. Allir helstu skattar á tekjur og hagnað, tryggingagjöld og eignarskattar verða minni en í áætlun fjárlaga en óbeinir skattar heldur meiri. Áætlun um tekjuskatt lögaðila er lækkuð um 11,5 milljarða króna. Verðbólga á árinu hefur verið mun meiri en reiknað var með í fjárlögum og tekjur dragast saman um 8,2% að raunvirði milli ára (án tekna af eignasölu og söluhagnaði.)

Vaxtagjöld aukast verulega

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2008 eru áætluð 460,5 milljarðar króna en eru 434,2 milljarðar króna í fjárlögum. Gjöldin verða því um 26,3 milljörðum hærri en í áætlun fjárlaga. Helstu skýringarnar á hækkuninni eru aukin vaxtagjöld ríkisins að fjárhæð rúmir 9,6 milljarðar króna, sem leiða af aðgerðum í efnahagsmálun sem felast í útgáfu ríkisbréfa og erlendri lántöku. Fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir sjálfum sér af vaxtatekjum, arðgreiðslum og söluhagnaði eigna hækkar um 500 m.kr. Skýrist það af auknum vaxtatekjum af innistæðu ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands vegna fyrrnefndra efnahagsaðgerða og góðri rekstrarafkomu ríkisins undanfarin misseri. Vegna veikingar íslensku krónunnar á yfirstandandi ári frá forsendum fjárlaga má gera ráð fyrir að útgjöld sem greidd eru í erlendum gjaldmiðlum hækki um 4,4 milljarða króna Útgjaldaauki vegna kjarasamninga opinberra starfsmanna umfram það sem búið var að áætla fyrir í fjárlögum er áætlaður 2,3 milljarða króna á árinu. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði leiða til 1,9 milljarða króna meiri útgjalda lífeyristrygginga, vaxtabætur hækka um 700 milljónir og barnabætur um 400 milljónir. Endurskoðuð áætlun um Fæðingarorlofssjóð gerir ráð fyrir 860 m.kr. hærri útgjöldum á þessu ári en í fjárlögum. Þá eru horfur á að halli á lækniskostnaði sjúkratryggginga verði um 800 m.kr. Útgjöld vegna búvörusamninga aukast um 840 m.kr. þar sem þau fylgja vísitölu neysluverðs. Hvað frávik á stofnkostnaðarliðum varðar munar mestu að nú er gert ráð fyrir að verja 1 milljarði króna til smíði Vestmannaeyjaferju, sem áður var gert ráð fyrir að unnið yrði í einkaframkvæmd. Þá hækkar kostnaður við lengingu Akureyrarflugvallar um 450 m.kr. Á móti vegur að fjárveiting til Atvinnuleysistryggingasjóðs lækkar um 3 milljarða króna í samræmi við endurskoðaða áætlun sem bendir til töluvert minna atvinnuleysis á þessu ári en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir.

Mikil áhrif af launa- og verðlagshækkunum

Með þessum breytingum tekna og gjalda er áætlað að handbært fé frá rekstri verði um 24 milljörðum króna minna en ráð er fyrir gert í fjárlögum. Því til viðbótar er reiknað með að útstreymi í fjármunahreyfingum aukist um nærri 37 milljarða króna vegna láns til Seðlabankans að andvirði 300 milljóna evra til að styrkja gjaldeyrisforðann. Lánsfjárjöfnuður, sem var áætlaður 41,8 milljarðar króna í fjárlögum, verður þannig um 60 milljörðum króna lakari eða neikvæður um 18 milljarða króna Á móti því koma auknar lántökur ríkissjóðs í samræmi við sérstaka 500 milljarða króna heimild sem Alþingi veitti til að endurlána Seðlabankanum og til að auka útgáfu ríkisverðbréfa á innlendum markaði. Áætlað er að þær verði samtals 142 milljarðar króna umfram afborganir af lánum þannig að handbært fé aukist um 120 milljarða króna á árinu og hækkar staða ríkissjóðs hjá Seðlabankanum þá sem því nemur.

2.2 Helstu þættir fjárlagafrumvarps fyrir árið 2009

Tekjuhalli á næsta ári

Horfur eru á að afkoma ríkissjóðs versni til muna og verði neikvæð sem nemur um 57 milljörðum króna á árinu 2009. Áætlað er að handbært fé frá rekstri verði neikvætt um 53 milljarða króna og lánsfjárjöfnuður sömuleiðis um tæpa 48 milljarða króna. Til samanburðar var 89 milljarða króna tekjuafgangur árið 2007. Í þessari þróun gætir áhrifa af tímabundnum samdrætti í tekjum og auknum útgjöldum sem leiða m.a. af versnandi efnahagshorfum.

Skatttekjur dragast saman að raunvirði

Áætlað er að tekjur ríkissjóðs árið 2009 verði 450,5 milljarðar króna, sem er 13 milljörðum króna minna en gert er ráð fyrir í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 2008 og 23 milljörðum króna minna en í áætlun fjárlaga 2008. Skýrist það af lakari þjóðhagshorfum fyrir árið þar sem nú er spáð 2,5% samdrætti þjóðarútgjalda á næsta ári. Áætlað er að skatttekjur dragist saman milli ára um 3,0% að nafnvirði og 8,2% að raunvirði. Skattar á tekjur og hagnað minnka milli ára, einkum fjármagnstekjuskattar sem eru mjög háðir framvindu á fjármálamörkuðum. Hækkun persónuafsláttar, um 24 þús.kr. á árinu 2009 auk verðtryggingar á honum, leiðir til talsvert minni tekna en ella af tekjuskatti einstaklinga. Áætlað er óbeinir skattar hækki að nafnvirði milli ára en dragist saman um 2,8% að raunvirði. Vaxtatekjur ríkissjóðs minnka um 3,2 milljarða króna.

Útgjöld vaxa vegna verðlagsbreytinga

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2009 eru áætluð 507,4 milljarðar króna, sem er hækkun um 46,9 milljarða króna frá endurskoðaðri áætlun þessa árs. Aukast útgjöldin því um 3,9% að raungildi á milli ára miðað við áætlun. Frá fjárlögum 2008 aukast útgjöldin hins vegar um 73,2 milljarða króna eða 16,9%. Þar af eru 40,6 milljarðar króna vegna kjarasamninga við stéttarfélög ríkisstarfsmanna, aukinnar verðbólgu og gengislækkunar krónunnar. Þjóðhagsspá gerir ráð fyrir 11,5% hækkun verðlags á milli áranna 2007 og 2008. Fjárlög 2008 gerðu hins vegar ráð fyrir 3,8% hækkun. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að bæta þennan mismun upp að fullu til viðbótar við spá um verðlagshækkun til ársins 2009. Þetta felur í sér að fjárheimildir vegna annarra rekstrargjalda en launa og framlög sem eru tengd við vísitölu neysluverðs hækka óvenju mikið eða alls um 13,2%.

Rekstrargjöld hækka um 9% frá áætlaðri útkomu ársins 2008. Ef rekstrargjöld beggja ára eru færð á sama verðlag með vísitölu samneyslu er hækkunin 2,9% að raungildi. Þessi hækkun rekstrargjalda kemur fram í heilbrigðismálum og öldrunarþjónustu vegna sjúkrastofnana, heilsugæslu og stofnunum á sviði öldrunarmála, auk þess sem aukið er við rekstur málefna fatlaðra. Þá aukast framlög til menntamála vegna háskóla, rannsókna og framhaldsskóla. Löggæslu- og öryggismál hækka vegna aukins reksturs Landhelgisgæslunnar með tilkomu nýs varðskips og flugvélar.

Vaxtagjöld ríkisins aukast verulega á þessu og næsta ári, eða sem nemur um 13 milljörðum króna frá áætlun fjárlaga 2008, vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar til að efla gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans og til að styðja við vaxtamyndun á innlendum fjármagnsmarkaði. Áhrifin á rekstrarafkomuna eru þó minni því á móti koma vaxtatekjur af innistæðum ríkisins í Seðlabankanum.

Neyslu- og rekstartilfærslur aukast um 11,5% frá áætlaðri útkomu 2008. Jafngildir það 5,5% hækkun þegar útgjöldin eru færð á fast verðlag með vísitölu samneyslu. Aukningin kemur að stórum hluta fram í almannatryggingum vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar um ýmsar breytingar á lögum sem flestar hafa nú þegar komið til framkvæmda og fela meðal annars í sér að verulega er dregið úr tekjutengingum og að frítekjumörk hækka. Þá hækka framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs á milli ára sem að hluta til skýrist af því að

framlög í sjóðinn hafa verið lækkuð í áætlun fyrir árið 2008 í samræmi við endurskoðaða spá um atvinnuleysi á árinu. Atvinnuleysisbætur hækka í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að hækka þær með hliðsjón af hækkun lágmarkslauna í almennum kjarasamningum. Framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækka vegna endurskoðaðrar áætlunar um fjölgun lánþega og framlagsþörf úr ríkissjóði á grundvelli nýrra úthlutunarreglna. Útgjöld til sjúkratrygginga aukast milli ára aðallega vegna hærri kostnaðar við lyf og hjálpartæki. Greiðslur í Fæðingarorlofssjóð hækka vegna fleiri fæðinga en reiknað hafði verið með. Skerðingarmörk barnabóta hækkuðu samkvæmt ákvörðum ríkisstjórnar í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og er gert ráð fyrir meiri útgjöldum vegna þess. Þá aukast vaxtabætur af sama tilefni vegna 35% hækkunar á eignaskerðingarmörkum. Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga lækkar þar sem tímabundin framlög í fjárlögum falla niður en lögboðið framlag miðað við hlutdeild í skatttekjum ríkisins stendur nánast í stað.

Stofnkostnaður hækkar að raungildi um 1,7% frá áætlun ársins 2008. Hér er fyrst og fremst um að ræða aukningu verkefna til samgöngumála í samræmi við viðauka við samgönguáætlun fyrir árin 2007-2010. Á yfirstandandi ári voru framlög til samgönguframkvæmda stóraukin og í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að framkvæmdastigið haldist álíka hátt. Aukinn stofnkostnaður skýrist einnig af niðurgreiðslu vaxta vegna lána til kaupa á leiguíbúðum sem ákveðin var til að styrkja markaðinn fyrir leiguhúsnæði. Að lokum hækkar framlag til að ljúka kaupum á nýju varðskipi og flugvél fyrir Landhelgisgæsluna.

Aðhaldsráðstafanir

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir ýmsum aðhaldsaðgerðum til lækkunar á útgjöldum ríkissjóðs á árinu 2009. Rekstrargjöld ráðuneyta voru þannig lækkuð um 2 milljarða króna við fjárlagagerðina frá upphaflegum áætlunum eða almennt um 1,2%. Er hér fyrst og fremst um að ræða ýmsar aðhaldsaðgerðir sem ráðuneytin útfærðu í samvinnu við stofnanir á þeirra vegum. Ýmiss tilfærsluframlög eru lækkuð um 500 m.kr. frá því sem ella hefði orðið og tilfærsla verður í tímaröð framkvæmda sem leiðir til þess að stofnkostnaður á árinu 2009 lækkar um 7-8 milljarða króna frá upphaflegum áætlunum.

Tekjuafgangur án óreglulegra tekna og gjalda

	Reikn. 2005	Reikn. 2006	Reikn. 2007	Fjárlög 2008	Áætlun 2008	Frv. 2009
Tekjur umfram gjöld	**112,8**	**81,8**	**88,6**	**39,2**	**2,9**	**-56,9**
Óregluleg gjöld	12,5	13,8	28,4	15,0	15,0	15,3
Óreglulegar tekjur	60,0	16,4	37,6	6,6	3,4	4,8
Tekjuafg. fyrir óreglulega liði	**65,3**	**79,2**	**79,4**	**47,6**	**14,5**	**-46,4**

Afkoma án óreglulegra liða

Eftir að leiðrétt hefur verið fyrir óreglulegum tekjum og gjöldum verður tekjuafgangur ríkissjóðs neikvæður um 46 milljarðar króna á næsta ári. Með óreglulegum tekjum er átt við liði eins og söluhagnað af hlutabréfum og endurmat á virði eigna sem geta verið afar breytilegar frá ári til árs. Með óreglulegum gjöldum er átt við lífeyrisskuldbindingar og afskriftir skattkrafna sem erfitt er að áætla nákvæmlega fyrir og ekki verður stýrt innan ársins með vanalegu fjárhagseftirliti heldur koma að miklu leyti fram eftirá í reikningsuppgjöri. Tekjuafkoma á þennan mælikvarða ásamt lánsfjárjöfnuði er talin sýna betur hver raunveruleg áhrif ríkisfjármála eru á efnahagslífið. Í töflunni hér fyrir ofan kemur fram að verulegur tekjuafgangur hefur verið á ríkisrekstrinum mörg undanfarin ár þegar óreglulegir liðir eru frátaldir en að úr honum dregur talsvert á þessu ári og að verulegur viðsnúningur verður á næsta ári.


Vaxtamunur vegna gjaldeyrisforða

Síðustu ár hafa vaxtatekjur ríkissjóðs verið umfram vaxtagjöld þar sem tekjuafgangi hafði verið varið til að lækka hreinar skuldir. Horfur eru á að nokkur breyting verði á vaxtajöfnuðinum vegna mikillar lántöku í tengslum við ráðstafanir ríkisstjórnarinnar til að renna styrkari stoðum undir fjármálakerfið í landinu í ljósi erfiðleika á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Alþingi veitti ríkisstjórninni heimild til að taka allt að 500 milljarða króna lán til að styðja við vaxtamyndun á innlendum fjármagnsmarkaði og til að styrkja gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans. Þegar hefur verið ákveðið að taka um 200 milljarða króna að láni með þessari heimild á yfirstandandi ári. Þar af er gert ráð fyrir að um 100 milljarðar verði útgefin ríkisbréf og 100 milljarðar erlend lántaka. Andvirði ríkisbréfanna er ráðstafað á viðskiptareikning ríkissjóðs í Seðlabankanum og erlendum lánum á gjaldeyrisreikninga í bankanum

og hefur ríkissjóður vaxtatekjur af þeim innistæðum. Ljóst er að ríkissjóður mun bera talsverð útgjöld vegna þessara ráðstafana þar sem vaxtamunurinn er talsvert óhagstæður um þessar mundir. Í fjárlagafrumvarpinu er lagt til að á árinu 2009 verði einnig veitt 500 milljarða króna heimild til lántöku vegna ráðstafana í þessu skyni verði þess talin þörf.

Staða ríkissjóðs er sterk . . .

Undanfarin ár hefur tekjuafgangi ríkissjóðs verið varið til að styrkja stöðuna við Seðlabanka Íslands, lækka hreinar skuldir ríkissjóðs og til að greiða fyrirfram inn á lífeyrisskuldbindingar ríkisins. Í lok árs 2004 var inneign ríkissjóðs í Seðlabankanum um 17 milljarðar króna en gert er ráð fyrir því að uppsafnaðar inneignir verði komnar í rúma 172 milljarða króna í lok ársins 2008. Þá voru fyrirframgreiðslur ríkissjóðs inn á lífeyrisskuldbindingar með vöxtum orðnar rúmir 137 milljarðar króna í árslok 2007.



. . . og gerir betur kleift að mæta samdrætti

Á þennan hátt hefur verið búið í haginn fyrir erfiðara árferði í efnahagslífinu. Ríkissjóður er vel í stakk búinn til að taka á sig tímabundinn samdrátt í tekjum og standa straum af auknum útgjöldum, sem leiða bæði af hjöðnun hagvaxtarins og ráðstöfunum til að sporna á móti þeirri þróun með því að styrkja innviði samfélagsins. Þannig mun sterk staða ríkissjóðs nú verða notuð til að mæta niðursveiflu í efnahagslífinu á sama tíma og almannatryggingakerfið verður eflt og hagur barna og fjölskyldna bættur í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar.

3 Rammafjárlög 2009 - 2012

3.1 Inngangur

Aukin festa í útgjalda-stýringu

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að gera skuli rammafjárlög til fjögurra ára í senn þar sem meðal annars sé sett fram meginstefna í hagstjórn auk viðmiðana um tekjuöflun og útgjöld ríkissjóðs á tímabilinu.
Tilgangurinn með gerð rammafjárlaga til fjögurra ára er margvíslegur:

- Rammafjárlög til fleiri en eins árs auka festu í útgjaldastýringu ríkissjóðs enda leggur ríkisstjórnin áherslu á að aðhalds sé gætt í rekstri hins opinbera þannig að fjármunir skattgreiðenda séu nýttir sem best.
- Þeim er ætlað að stuðla að því að hlutur opinberrar starfsemi vaxi ekki umfram það sem nú er.
- Í rammafjárlögum koma fram pólitísk áherslumál ríkis-stjórnarinnar og sett eru fram reiknuð áhrif þeirra aðgerða stjórnvalda sem þegar hafa verið ákveðin á afkomu ríkissjóðs. Rammafjárlög stuðla þannig að efnahagslegum stöðugleika.
- Þau auðvelda umræðu um heildarstærðir ríkisins yfir lengra tímabil.
- Rammafjárlög efla hlutverk ráðuneyta við að velja á milli verkefna, undirbúa ný verkefni og gera breytingar á þeim sem fyrir eru. Þannig geta ráðuneyti forgangsraðað verkefnum innan síns ramma út tímabilið sem eykur um leið tækifæri þeirra til að skipuleggja sig til lengri tíma en eins árs í senn.
- Rammafjárlög til fleiri en eins árs auka hagkvæmni við framkvæmd þar sem fyrir liggur áætlun um hver útgjöld málaflokka verða á næstu árum.

Fjögurra ára rammafjárlög gerð í fyrsta sinn

Fjárlagafrumvörp undanfarinna ára hafa birt áætlanir í ríkisfjármálum sem byggðu á tilteknum markmiðum í efnahags- og ríkisfjármálum og framreikningi útgjalda. Þar hafa verið sett fram markmið um að halda vexti ríkisútgjalda innan tiltekinna marka án þess að lögð hafi verið fram bein forgangsröðun verkefna með römmum til næstu þriggja ára. Þess í stað var forgangsröðun verkefna endurskoðuð í fjárlagafrumvarpi fyrir hvert ár í senn í samræmi við markmiðin. Rammafjárlög sem nú eru lögð fram í fyrsta sinn til fjögurra ára gera ráð fyrir fjárveitingum vegna þeirra verkefna sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um eða

hafa verið lögfest á Alþingi, auk þess sem nánar hefur verið útfært hver tekju- og útgjaldaþróunin verður á næstu árum vegna einstaka málaflokka og verkefna í ljósi efnahagsforsendna og lýðfræðilegrar þróunar. Breyttar forsendur, svo sem forgangsröðun verkefna, hagræðing eða endurskoðun á núverandi rekstrarliðum getur skapað svigrúm til fleiri áherslumála ríkisstjórnarinnar á tímabili rammafjárlaganna sem rúmast innan þeirra viðmiða um raunvöxt sem sett eru.

Fjögurra ára rammafjárlög eru framhald stefnu sem mörkuð er í fjárreiðulögum

Í lögum um fjárreiður ríkisins frá árinu 1997 er kveðið á um að með fjárlagafrumvarpi ár hvert skuli leggja fram langtímaáætlun í ríkisfjármálum til næstu þriggja ára eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrumvarpið tekur til. Þar skal annars vegar gera grein fyrir horfum í ríkisbúskapnum í ljósi almennra efnahagshorfa og hins vegar stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum. Þar á meðal annars að koma fram mat á áhrifum ríkisbúskaparins á efnahags- og atvinnumál og áform um öflun tekna og skiptingu gjalda. Gerð rammafjárlaga til fjögurra ára er því rökrétt framhald stefnu sem mörkuð er í fjárreiðulögum.

3.2 Meginstefna í hagstjórn

Hagkerfið hefur getu til að bregðast við breyttum aðstæðum og tímabundnu ójafnvægi.

Mikill hagvöxtur undanfarinna ára hefur aukið velferð landsmanna meira en dæmi eru um. Þeim góða árangri hefur hinsvegar fylgt tímabundið ójafnvægi sem birst hefur í formi verðbólgu umfram verðbólgumarkmið, hækkandi vaxtastigs og aukins viðskiptahalla. Versnandi ástand á alþjóðlegum fjármálamörkuðum hefur hægt á hagvexti í flestum löndum heims og valdið óvissu í atvinnustarfsemi. Á grundvelli skipulagsbreytinga, uppbyggingar innviða og vaxandi þátttöku í alþjóðlegu efnahagsstarfi er íslenskt efnahagslíf orðið skilvirkt og þróttmikið. Þar af leiðandi er geta hagkerfisins til að bregðast við breyttum aðstæðum mikil.

Markmið um jafnvægi í ríkisfjármálum yfir hagsveifluna.

Markmið ríkisstjórnarinnar í hagstjórn er að hér ríki stöðugleiki í efnahagslífinu með lágri verðbólgu, lágu vaxtastigi, betra jafnvægi í utanríkisviðskiptum, jöfnum og áframhaldandi öflugum hagvexti og traustri stöðu ríkissjóðs. Ríkisfjármálin sem gegnt hafa sveiflujafnandi hlutverki geri það áfram þannig að jafnvægi sé í ríkisfjármálum yfir hagsveifluna.

3.3 Horfur í ríkisfjármálum

Fjármálaráðuneytið hefur lagt mat á horfur í efnahags- og ríkisfjármálum árin 2009–2012 sem fram koma í Þjóðhagsspá ráðuneytisins í október 2008 og er sú spá lögð til grundvallar þeim rammafjárlögunum sem hér birtast ásamt stefnumörkun ríkisstjórnarinnar.

Skattabreytingar

Í samræmi við hagstjórnarmarkmið ríkisstjórnarinnar er í forsendum rammafjárlaga til fjögurra ára á tekjuhlið gert ráð fyrir þeim skattabreytingum á árinu 2009 sem teknar hafa verið ákvarðanir um.

Ríkissjóður dregur fjármuni út úr efnahagslífinu í uppsveiflu en setur þá inn í niðursveiflu

Aukin umsvif í efnahagslífinu hafa skilað ríkissjóði myndarlegum afgangi undanfarin ár. Sjálfvirk sveiflujöfnun í ríkisfjármálum framkallar afgang í uppsveiflu en halla í niðursveiflu. Þannig sinnir ríkissjóður hagstjórnarlegu hlutverki sínu með því að draga fjármuni út úr efnahagslífinu í uppsveiflu en setja þá inn í niðursveiflu. Árið 2009 er spáð að landsframleiðsla dragist saman um 1,6% og að ríkissjóður verði rekinn með halla þegar tekjur dragast saman en útgjöld aukast. Hóflegum og vaxandi hagvexti er spáð árin 2010-2012. Miðað við óbreyttar áherslur í rekstri ríkissjóðs er því spáð að ríkisjóður verði rekinn með halla á næstu þremur árum en að afgangur verði á ríkissjóði á árinu 2012. Stefna stjórnvalda í ríkisfjármálum er að afkoma ríkissjóðs sé í jafnvægi til lengri tíma litið, þ.e. að ríkissjóður sé hallalaus yfir hagsveifluna þar sem sjálfvirkri sveiflujöfnun er leyft að eiga sér stað.

Efnahagsforsendur langtímaáætlunarinnar taka meðal annars mið af spám alþjóðastofnana um þróun efnahagsmála í helstu viðskiptaríkjum. Spár um þróun mannfjölda og vinnuafls taka mið af íbúaflutningum milli landa. Þannig hefur íbúum fækkað við lok virkjana- og stóriðjuframkvæmda á Austurlandi en innflæði erlends vinnuafls að öðru leyti haldið áfram eins og áður. Jafnframt er horft til líklegrar þróunar útflutningsframleiðslu þar sem m.a. er gengið út frá þjóðhagsforsendum um fiskafla og álframleiðslu á næstu árum.

Helstu þjóðhagsstærðir

Magnbreytingar, %	Áætlun 2008	Frv. 2009	Áætlun 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2012
Einkaneysla	-2,8	-4,7	1,1	3,1	4,0
Samneysla	4,0	3,8	2,9	1,3	2,1
Fjárfesting	-12,8	-3,0	-0,6	-11,1	10,8
Þjóðarútgjöld alls	-3,1	-2,5	1,1	-0,5	4,9
Útflutningur vöru og þjónustu	11,2	0,5	3,0	8,0	2,9
Innflutningur vöru og þjónustu	-5,9	-1,6	2,8	2,5	7,7
Landsframleiðsla	1,7	-1,6	1,1	1,7	2,7
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	-16,8	-8,2	-6,0	-3,0	-4,0
Tekju- og verðlagsbreytingar, %					
Ráðstöfunartekjur á mann	6,1	4,2	5,0	4,8	5,7
Launabreytingar	9,0	6,0	4,6	4,0	4,0
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	-4,9	-1,4	2,2	2,3	3,5
Vísitala neysluverðs	11,5	5,7	2,8	2,5	2,2
Gengisvísitala, stig	149,3	144,5	135,4	135,0	135,0
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	1,2	2,7	3,8	3,3	2,9

Í langtímaáætluninni er einnig gert ráð fyrir tilteknum aðgerðum á sviði peningamála í samræmi við þær meginforsendur sem áætlunin byggist á. Þannig er gengið út frá að Seðlabankinn taki að lækka stýrivexti á árinu 2009 líkt og kemur fram í skýrslum bankans.

Ríkisfjármálin einkennast af tímabundnum samdrætti í tekjum og auknum útgjöldum

Í samræmi við versnandi horfur í efnahagsmálum er gert ráð fyrir að þróun í ríkisfjármálum næstu árin einkennist af tímabundnum samdrætti í tekjum og auknum útgjöldum. Þessi þróun var fyrirséð, meðal annars vegna loka stóriðjuframkvæmda á Austurlandi, þótt hún hefjist 1-2 árum seinna og verði óhagstæðari en búist hafði verið við. Er það meðal annars vegna breytinga á umhverfi á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Stjórnvöld hafa fylgt þeirri stefnu að vinna á móti samdrætti í efnahagslífinu með því að leyfa ríkisfjármálum að hafa sveiflujafnandi áhrif með sjálfvirkum hætti. Þannig er gert ráð fyrir að skattar á tekjur og veltu lækki að raunvirði árið 2009 og aukist hægt á komandi árum. Einnig liggur fyrir að útgjöld aukast nokkuð þegar á næsta ári þar sem mörg af áformum úr stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eru komin eða munu koma til framkvæmda m.a. hækkun ýmissa bóta til að styrkja velferðarkerfið og auknar opinberar framkvæmdir til að efla innviði samfélagsins. Gengislækkun krónunnar, aukin verðbólga, vaxandi atvinnuleysi og útfærsla kjarasamninga við opinbera starfsmenn hafa einnig áhrif á útgjaldahlið.

Þrátt fyrir að ríkissjóður hafi það hlutverk að jafna út hagsveifluna þar sem fé er dregið út úr hagkerfinu í uppsveiflu en sett inn á ný í niðursveiflu er brugðist við versnandi horfum í ríkisfjármálum í rammafjárlögum næstu fjögurra ára. Miðað er við að krónutöluskattar á borð við áfengis- og tóbaksgjald skili sömu tekjum að raungildi á milli ára á tímabilinu. Gert er ráð fyrir að breyting verði gerð á fyrirkomulagi gjalda á ökutæki og eldsneyti en heildarskatttekjur af eldsneyti og ökutækjum haldi raungildi sínu. Áformað er að ráðuneyti dragi árlega úr vexti rekstrargjalda sinna sem nemi ríflega 2 milljörðum króna á hverju ári og úr tilfærsluframlögum sem nemi 500 milljónum króna á ári. Þá er reiknað með að tímaröð framkvæmda hliðrist til af ýmsum ástæðum sem leiði til þess að stofnkostnaður lækki um 7-8 milljarða króna á ári.

Aðhaldsaðgerðir ríkisstjórnarinnar sem snúa að útgjaldahliðinni gera ráð fyrir ríflega 58 milljörðum króna lækkun útgjalda á tímabilinu frá því sem orðið hefði að óbreyttu.

3.4 Viðmið um tekjuöflun ríkisins

Tekjuafkoma stuðli að stöðugleika

Helsta viðmið varðandi tekjuöflun ríkissjóðs er að tekjuafkoma ríkissjóðs sé í jafnvægi yfir hagsveifluna og stuðli að efnahagslegum stöðugleika á hverjum tíma.

Lögfestar hafa verið ákvarðanir um eftirfarandi skattabreytingar sem miðast við að auka framleiðslugetu hagkerfisins og velferð landsmanna:

- Hækkun persónuafsláttar um 7 þúsund krónur umfram almenna verðuppfærslu árin 2009 til 2011.
- Lækkun tekjuskatts fyrirtækja úr 18% í 15% frá og með tekjuárinu 2008.
- Niðurfelling stimpilgjalda vegna lána til kaupa á fyrstu fasteign.

Margir óvissuþættir geta haft áhrif á þjóðhagsspá og tekjur ríkissjóðs

Miðað er við að hagrænar breytingar á tekjum komi fram í breytingum á tekjuafkomu ríkissjóðs næstu ár í samræmi við vænt umsvif í efnahagslífinu samkvæmt þjóðhagsspá. Margir óvissuþættir geta haft áhrif á niðurstöðu þjóðhagsspár og tekjur ríkissjóðs. Um þessar mundir ríkir t.a.m. mikil óvissa um framvindu mála á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Ein leið til að meta möguleg frávik í tekjuspá er að skoða áhrif breytinga um forsendur hagvaxtar á tekjur ríkissjóðs. Útreikningar

benda til að ef árlegur hagvöxtur verður 1% meiri eða minni á tímabilinu en gert er ráð fyrir í þjóðhagsspá megi búast við því að árlegar tekjur ríkissjóðs í heild verði eins og fram kemur í töflunni hér á eftir. Spár um tekjuþróun ríkisins eru byggðar á útreikningum um teygni heildar skattekna gagnvart framleiðslubili (e. Output gap).

Spá um heildartekjur

Rekstrargrunnur, milljarðar kr.	2008	2009	2010	2011	2012
Tekjur	463,4	450,5	476,7	514,8	556,7
m.v. 1% meiri hagvöxt	474,7	461,7	488,3	527,4	570,2
m.v. 1% minni hagvöxt	452,4	439,5	465,3	502,3	543,4

3.5 Viðmið og stefna í ríkisútgjöldum

Ríkisútgjöld aukist ekki í hlutfalli við þjóðarframleiðslu frá því sem nú er

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er sett markmið um að ríkisútgjöld aukist ekki í hlutfalli við þjóðarframleiðslu frá því sem nú er. Einnig eru markmið um áframhaldandi trausta stöðu ríkissjóðs og markvissan ríkisrekstur sem meðal annars felur í sér ráðdeild og varfærni í fjármálum. Markmiði um að viðhalda traustri stöðu ríkissjóðs verður náð með því að stefna að því að reka ríkissjóð í jafnvægi yfir hagsveifluna, þótt tímabundum tekjusamdrætti verði mætt með því að ganga á inneignir. Miðað við ofangreint hefur ríkisstjórnin samþykkt eftirfarandi viðmið varðandi þróun útgjalda ríkissjóðs:

- Árlegur raunvöxtur rekstrargjalda án óreglulegra liða verði ekki umfram 2,0% að meðaltali árin 2009-2012.
- Árlegur raunvöxtur tekjutilfærsluútgjalda verði að meðaltali ekki umfram 3,5% árin 2009-2012 og lækki á síðustu tveimur árum tímabilsins undir 2%.
- Fjárfesting verði að meðaltali ekki umfram 2,5% af landsframleiðslu árin 2009-2012 en til framtíðar litið verði hún um 2% af árlegri landsframleiðslu.
- Hlutfall ríkisútgjalda af þjóðarframleiðslu hækki ekki á tímabilinu.

Óreglulegir liðir falla ekki undir viðmið

Taka ber fram að nokkrir óreglulegir liðir eru ekki felldir undir framangreind viðmið vegna þess að erfitt er að meta og ákvarða útgjöld til þeirra fram í tímann þar sem um er að ræða ýmist reikningshaldslega eða kerfislæga gjaldaliði sem ráðast af ytri aðstæðum. Í fyrsta lagi eru

um að ræða vaxtagjöld ríkisins sem geta tekið miklum breytingum frá einu ári til annars t.d. vegna lántöku sem ætlað er styrkja gjaldeyrisvarasjóð Seðlabankans. Þar á móti koma í því tilviki líka vaxtatekjur af endurlánum þannig að áhrif á afkomuna er mun minni. Í öðru lagi er í áformum um vöxt rekstrargjalda ekki talinn með fjármagnstekjuskattur sem ríkið greiðir, sem getur sveiflast talsvert milli ára með vaxtatekjum af inneignum, endurlánum og hagnaði af eignasölu, en hann færist einni á tekjuhlið ríkissjóð. Í þriðja lagi eru ekki taldar með reiknaðar breytingar á skuldbindingum gagnvart lífeyrissjóðum ríkisstarfsmanna. Í fjórða lagi eru óregluleg framlög til Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar sem gert er ráð fyrir að falli niður á tímabilinu ekki talin með rekstrargjöldunum. Í áformum um þróun tilfærsluframlaga eru í fimmta lagi ekki taldar með afskriftir skattkrafna sem er áætlað fyrir á útgjaldahlið fjárlaga en geta orðið talsvert hærri eða lægri þegar endanlegt uppgjör hefur farið fram í ríkisreikningi. Í sjötta lagi eru útgjöld vegna atvinnuleysisbóta undanskilin í tilfærslum þar sem þau fylgja hagsveiflunni frá einu ári til annars. Í áttunda og síðasta lagi er ekki talin með tilfærslunum framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem er að stærstum hluta hlutdeild í innheimtum skatttekjum ríkissjóðs og getur því breyst talsvert eftir því hvernig árar í efnahagslífinu.

Í samræmi við þessi viðmið munu heildarútgjöld hækka hlutfallslega mun meira að raungildi árið 2009 en árin á eftir eins og eftirfarandi tafla sýnir.

Raunvöxtur milli ára

Hagræn skipting	2009	2010	2011	2012	Meðaltal
Almennur rekstur	4,2%	1,9%	1,2%	0,5%	2,0%
Tilfærslur	7,1%	2,4%	1,7%	1,6%	3,2%
Viðhald	23,9%	1,2%	6,1%	-0,8%	7,6%
Stofnkostnaður	-0,2%	-18,3%	-13,4%	4,9%	-6,8%
Heildarútgjöld	**5,3%**	**0,1%**	**0,3%**	**1,2%**	**1,7%**

Að framansögðu er gert ráð fyrir að þróun ríkisfjármálanna verði eins og fram kemur í töflunni hér á eftir.

Helstu þættir ríkisfjármála

Milljarðar króna	Áætlun 2009	Áætlun 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2012
Heildartekjur	**450,5**	**476,7**	**514,8**	**556,7**
Þar af skatttekjur	397,1	432,1	473,9	515,2
Heildargjöld	**507,4**	**522,3**	**533,3**	**553,7**
Rekstrargjöld	215,5	228,0	236,9	246,9
Fjármagnskostnaður	34,7	31,0	29,0	28,8
Tilfærsluútgjöld	205,1	218,0	225,8	233,9
Viðhald	8,5	8,8	9,6	9,8
Fjárfesting	43,7	36,4	32,0	34,2
Tekjuafkoma ríkissjóðs	**-56,9**	**-45,6**	**-18,5**	**3,0**
% af landsframleiðslu				
Tekjuafkoma ríkissjóðs	-3,7	-2,8	-1,1	0,2

Með þessari aðgerðaáætlun stefnir í all nokkurn halla á ríkisrekstrinum fyrst í stað, sem nemur um 3,7% af landsframleiðslu, en honum dregur síðan þar til afkoman verður aftur jákvæð á síðasta ári tímabilsins þegar komið verður jafnvægi í ríkisfjármálum með hóflegum hagvexti. Þrátt fyrir halla næstu þrjú ár er afkoman í jafnvægi yfir hagsveifluna.

3.6 Útgjaldaáherslur og rammar ráðuneyta

Rammar byggja á ákvörðunum ríkisstjórnar í samræmi við stefnuyfirlýsingu, fyrri skuldbindingar og áætlaðan vöxt

Í fjárlagarömmum er tekið tillit til ákvarðana ríkisstjórnarinnar um ný verkefni í samræmi við stefnuyfirlýsingu hennar sem jafnframt leiðir til aukinna útgjalda á tímabilinu. Samtals er varið um 77 milljörðum króna til áhersluverkefna ríkisstjórnarinnar á tímabilinu þ.m.t. vegna aðgerða í tengslum við kjarasamninga í febrúar 2008 umfram það sem annars hefði orðið. Í rammafjárlögunum er einnig tekið tillit fyrirliggjandi skuldbindinga um útgjöld sem breytast samkvæmt lögum með mannfjölda eða hagstærðum. Áætlað er að útgjöld sem bætast við af þessum sökum nemi í heildina 90 milljörðum króna á tímabilinu.

Í áætluninni eru útgjöld flestra fjárlagaliða framreiknuð miðað við forsendur um tiltekinn raunvöxt þar sem bæði er tekið mið af spám um kerfislægar eða lýðfræðilegar breytingar og áherslum um forgangsröð í uppbyggingu málaflokka. Algengast er að miða við 1% raunhækkun milli ára í rekstri stjórnsýslustofnana og í þjónustu sem ræðst einkum af fólksfjölgun en tilteknir málaflokkar eru látnir njóta meiri forgangs og hækka umfram þetta. Dæmi um það eru 2% árlegur raunvöxtur í málefnum fatlaðra, sjúkrastofnana, slysatrygginga og dvalarrýma, 3% vegna hjúkrunarrýma og um 5% vegna lyfja.

Aðhaldsaðgerðir dragi úr útgjaldavexti

Á móti áformuðum hækkunum kemur að gert er ráð fyrir að ráðuneytin undirbúi aðhaldsaðgerðir sem dragi úr framangreindum útgjaldavexti sem skili árlega fjárhæð er svarar til 1,2% lækkunar á rekstrargjöldum hvers ráðuneytis.

Tekið skal fram að allar fjárhæðir í kafla 3.6 eru á verðlagi fjárlaga 2008 nema í töflunni hér á eftir sem sýnir skiptingu árlegra fjárlagaramma á málefnaflokka ríkisins. Í henni er útgjöldum á verðlagi fjárlagafrumvarps 2009 skipt á málaflokka. Áætlaðar hækkanir vegna launa- og verðlagsbreytinga árið 2010 og síðar koma fram neðst í töflunni. Útgjöld samtals eru því á verðlagi hvers árs eins og það er áætlað í þjóðhagsspá.

Í séryfirliti 6 í seinni hluta fjárlagafrumvarpsins er sýnd nánari skipting útgjalda og aðhaldsaðgerða á ráðuneyti og málaflokka þeirra. Verðlagsforsendur þar eru hinar sömu og í töflunni hér á eftir.

Útgjöld helstu málaflokka

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2009	Áætlun 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2012
Almenn opinber þjónusta	28.098	27.845	26.256	26.492
Löggæsla og öryggismál	22.599	20.035	20.397	22.355
Fræðslumál	48.917	51.016	52.334	52.703
Heilbrigðismál	120.304	123.456	126.692	129.381
Almannatr. og velferðarmál	115.856	121.898	122.980	124.342
Húsn.-, skipul.- og hreinsunarmál	6.954	6.850	6.819	6.829
Menningar- og kirkjumál	16.885	17.304	17.401	17.368
Eldsneytis- og orkumál	2.928	2.848	2.705	2.723
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	17.739	17.437	17.404	17.323
Iðnaðarmál	2.149	2.220	2.300	2.301
Samgöngumál	46.409	43.187	39.616	39.926
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	9.171	8.879	9.046	9.121
Önnur útgjöld ríkissjóðs	69.411	66.836	65.394	65.783
Aðhaldsaðgerðir		-2.670	-5.340	-8.010
Laun- og verðl., uppsafnað		15.133	29.313	45.022
Samtals	**507.420**	**522.274**	**533.317**	**553.659**

Málefni barna og fjölskyldna

Markvissar aðgerðir í þágu barna og barna-fjölskyldna

Ríkisstjórnin mun í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2007 beita sér fyrir markvissum aðgerðum í þágu barna og barnafjölskyldna á Íslandi. Samkvæmt langtímaáætlun er áætlað fyrir að verja 13 milljörðum hærri fjárhæð til málefna barna og fjölskyldna þeirra á tímabilinu 2009-2012 en annars hefði verið gert að óbreyttu. Meðal annars er ætlunin að vinna á biðlistum eftir þjónustu barna- og unglingageðdeildar, hækka skerðingarmörk barnabóta, breyta viðmiðunartímabili launa sem lagt er til grundvallar greiðslum í fæðingarorlofi sem leiðir til hækkunar útgjalda auk þess sem mannfjölgun leiðir til aukinnar útgjalda vegna fæðingarorlofs og barnabóta. Þá verður viðmiðum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna breytt sem leiðir til aukinna útgjalda

Aldraðir og öryrkjar

Áhersla á að styrkja stöðu aldraðra og öryrkja

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að styrkja stöðu aldraðra og öryrkja og leggur til tæplega 7 milljarðs króna hækkun á árinu 2009 sem fer upp í 8,7 milljarða króna í lok tímabilsins umfram núverandi framlög. Í heildina verður því varið um 38 milljörðum króna meira til málaflokksins á tímabili rammafjárlaganna. Til viðbótar er áætlað fyrir hækkunum vegna fjölgunar með hliðsjón af mannfjöldaspá. Af einstaka breytingum má nefna að gert er ráð fyrir átaki vegna uppbyggingar 400 hjúkrunarrýma fyrir aldraða auk þess sem einbýlum verður fjölgað. Stórlega hefur verið dregið úr tekjutengingu í almannatryggingum. Fylgt verður eftir tillögum um stóraukna starfsendurhæfingu og nýtt matskerfi, átak gert í búsetumálum geðfatlaðra og vaxandi hluta af tryggingagjaldi verður ráðstafað til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða.

Menntamál og rannsóknir

Áframhaldandi fjárfesting í rannsóknum og menntakerfi

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir áframhaldandi fjárfestingu í rannsóknum og menntakerfi þjóðarinnar ásamt því að bæta kjör námsmanna enn frekar. Miðað er við að útgjöld til þessara málaflokka verði 25 milljörðum kr. hærri árin 2009-2012 á verðlagi 2008 en áður hafði verið ráðgert. Þar af eru 8 milljarðar kr. til rannsókna og kennslu í háskólum samkvæmt samningum við skólana. Til viðbótar er gert ráð fyrir hækkun vegna spár um 1% fjölgun nemenda milli ára. Aukning er á framlögum til Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna námslána og vegur fjölgun lánþega þar þungt. Framlög til vísinda- og tæknisjóða hækkar árlega í áföngum, auk þess sem gert er ráð fyrir framlögum

vegna þátttöku í vísindaáætlun Evrópusambandsins. Stórauknu fé verður varið til framhaldsskóla á tímabilinu aðallega vegna nýrra framhaldsskólalaga. Þá er gert ráð fyrir framkvæmdafé vegna byggingar húss fyrir Stofnun Árna Magnússonar og til að ljúka núverandi framkvæmdum við Háskólann á Akureyri.

Umhverfismál

Ísland verði í fararbroddi í umhverfismálum

Ríkisstjórnin einsetur sér að Ísland verði í fararbroddi þjóða heims í umhverfismálum. Þannig hefur hún samþykkt stefnumörkun í loftslagsmálum sem gerir ráð fyrir að losun gróðurhúsalofttegunda minnki til muna. Í fjárlagarömmum 2009-2012 er miðað við að framlög til reksturs og uppbyggingar Vatnajökulsþjóðgarðs verði stóraukin, framlög til ofanflóðamála halda áfram út tímabilið og gert er ráð fyrir framlögum til Náttúrufræðistofnunar vegna nýs húsnæðis. Þá er gert ráð fyrir að tillaga að rammaáætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða verði lögð fram á næsta ári.

Þróunaraðstoð

Markmiði um þróunaraðstoð náð

Ríkisstjórnin hefur í frumvarpinu náð því markmiði að auka framlög til þróunarsamvinnu í 0,35% af landsframleiðslu. Útgjöld til þessara verkefna aukast af þeim sökum um nærri 1,3 milljarða króna milli áranna 2008 og 2009.

Atvinnumál

Atvinnulíf styrkt á landsbyggðinni

Ríkisstjórnin mun leggja verulegt fjármagn til atvinnumála á tímabili rammafjárlaga einkum til þess að styrkja atvinnulíf á þeim svæðum þar sem hagvöxtur hefur verið lítill. Er þar fylgt eftir tillögum nefnda um verkefni sem myndu styrkja atvinnulíf á Vesturlandi, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og Austurlandi. Ennfremur er fylgt eftir stórtækum aðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna mótvægis við samdrátt í þorskafla svo sem með eflingu nýsköpunarstarfs á landsbyggðinni. Sérstök áhersla verður lögð á að efla þróun hátækni og sprotafyrirtækja um land allt, ekki síst í tengslum við áframhaldandi uppbyggingu innviða á sviði samgangna og fjarskipta, og að byggja upp þróttmikið markaðsstarf ferðaþjónustunnar.

Löggæsla og öryggismál

Landhelgisgæsla efld

Í rammafjárlögum fyrir tímabilið 2009-2012 er gert ráð fyrir rúmlega 4 milljarða auknum útgjöldum vegna áframhaldandi eflingu Landhelgisgæslunnar með nýrri flugvél og þyrlum og auknum rekstri.

Heilbrigðismál

Heilbrigðisþjónusta á heimsmælikvarða

Stefna ríkisstjórnarinnar er að á Íslandi verði veitt heilbrigðisþjónusta á heimsmælikvarða. Samtals er áætlað að verja liðlega 26 milljörðum kr. meira til áherslumála á þessu sviði árin 2009-2012 en ella hefði orðið. Hækkunin er komin til vegna sjúkratrygginga, lækniskostnaðar, lyfja og hjálpartækja, húsnæðis sjúkrastofnana og vegna reksturs nýrra hjúkrunarheimila. Þá verður umsjón með fasteignum heilbrigðisstofnana færð til Fasteigna ríkisins og eru útgjöld til viðhalds þeirra fasteigna samtímis aukin verulega á tímabilinu.

Samgöngur og fjarskipti

Efling innviða samfélagsins á sviði samgangna og fjarskipta

Ríkisstjórnin leggur áherslu á eflingu innviða samfélagsins á sviði samgangna og fjarskipta. Breytingar á framlögum til samgönguverkefna árin 2009-2012 taka að mestu leyti mið af viðauka við samgönguáætlun 2007-2010 og samgönguáætlun 2007-2018. Helstu frávik eru að ríkið mun láta smíða nýja Vestmannaeyjaferju í stað þess að hún verði í einkaframkvæmd og er kostnaður á tímabilinu áætlaður um 3 milljarðar króna sem dreifist á árin 2008-2010. Ráðgert er að rekstrarframlög samgönguverkefna vaxi um 1% á milli ára og framlög til upplýsingasamfélagsins verða aukin. Tímaröð ýmissa framkvæmda mun hliðrast og færast fram af ýmsum ástæðum sem leiðir til lægri stofnkostnaðar innan tímabilsins en áður hafði verið ráðgert.

Neytanda- og samkeppnismál

Heilbrigð samkeppni og eðlileg verðmyndun

Ríkisstjórnin telur mikilvægt að heilbrigð samkeppni og eðlileg verðmyndun þrífist á öllum sviðum atvinnulífsins og að neytendur njóti góðs af þeim. Samkeppniseftirlit hefur verið eflt í því skyni. Neytendavernd og upplýsingagjöf til neytenda verður ennfremur efld með sérstöku átaki. Frekari styrking á rekstri Fjármálaeftirlits, Einkaleyfastofu og Neytendastofu verður með auknum fjárveitingum á tímabili rammafjárlaga auk þess sem unnið verður að betri nýtingu fjármuna til eftirlits með markaðsstarfsemi meðal annars með skipulagsbreytingum.


4 Yfirlit þjóðhagsspár

Hagvöxtur var meiri en gert var ráð fyrir

Uppfærð áætlun Hagstofu Íslands um landsframleiðslu árið 2007 gefur til kynna að hagvöxtur það ár hafi verið 4,9%, sem er 1,1% meiri hagvöxtur en kom fram í fyrri áætlun. Aukningin útskýrist m.a. af umtalsvert meiri fjárfestingu sveitarfélaga og samneyslu hins opinbera en áður var talið.

Samdráttur í fjárfestingu í heild varð nokkru minni árið 2007 en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir, eða 13,7%. Eins og búist var við tók fjárfesting í stóriðju að dragast hratt saman á árinu en aðrir eftirspurnarliðir héldu áfram að aukast Eftir óróleika á fjármálamarkaði árið 2006 tóku aðstæður á innlendum lánamarkaði að batna snemma árs 2007 með styrkingu á gengi krónunnar, hækkun hlutabréfaverðs og bættu aðgengi íslensku bankanna að lánsfjármagni. Þegar leið á árið fór að bera á stigvaxandi útlánatöpum lánastofnana í Bandaríkjunum og Evrópu sem leiddi til stórfelldra aðgerða stjórnvalda í viðkomandi ríkjum á haustmánuðum. Samhliða þessu hófst erfitt ferli endurmats áhættu á lánamörkuðum sem ekki sér fyrir endann á. Mikil áhættufælni á fjármálamörkuðum skilaði sér fljótlega til innlendra lánastofnana en hafði ekki merkjanleg áhrif á vöxt útlána þeirra. Þrátt fyrir vaxandi erfiðleika bankanna við að fjármagna sig hélst gengi krónunnar nokkuð hátt á árinu.

Hagvöxtur, þjóðarútgjöld og viðskiptajöfnuður



Einkaneysla tók að vaxa á seinni hluta ársins

Sú þróun skýrir af hverju fjárfesting annarra atvinnuvega og mannvirkjagerð jókst fyrir árið í heild. Fjárfesting ríkissjóðs jókst einnig umtalsvert eftir samdrátt mörg undangengin ár og fjárfesting sveitarfélaga hélt áfram að aukast það ár. Ofangreindir þættir juku á bjartsýni neytenda frá upphafi ársins og fram eftir því. Þannig nam vöxtur einkaneyslu frá fyrra ári 4,3% árið 2007. Sú þróun endurspeglar einnig að atvinnustig hélst hátt og laun hækkuðu að meðaltali um 4,0% umfram verðlag á árinu. Þá hafði lækkun á tekjuskatti einstaklinga og hækkun persónuafsláttar í upphafi ársins ásamt lækkun virðisaukaskatts á matvöru í mars áhrif til að auka vöxt kaupmáttar ráðstöfunartekna, sem nam 5,9% á árinu.

Þrátt fyrir áframhaldandi öran vöxt margra innlendra eftirspurnarliða var samdráttur í stóriðjufjárfestingu það mikill að þjóðarútgjöld drógust saman um 1,4% frá fyrra ári. Hagvöxtur hélst þó jákvæður vegna sögulega mikils viðsnúnings í utanríkisviðskiptum, en viðskiptahalli lækkaði úr 25,4% af landsframleiðslu árið 2006 í 15,4% árið 2007. Sú þróun endurspeglar bæði aukinn útflutning áls, mikinn samdrátt í innflutningi fjárfestingarvöru og jákvæða þróun á þáttatekjujöfnuði það ár.

Hratt dró úr ytra ójafnvægi þjóðarbúsins

Á árinu 2007 dró hratt úr ytra ójafnvægi þjóðarbúsins en innra ójafnvægi í formi verðbólgu tók að aukast. Þrátt fyrir að gengi krónunnar héldist sterkt fram eftir árinu, sem dró úr verðhækkun innfluttra liða, voru hækkandi laun, fasteignaverð og hrávöruverð farin að þrýsta umtalsvert á verðbólgu, en það er í samræmi við mat á framleiðsluspennu í hagkerfinu, sem nam 3,9% af framleiðslugetu árið 2007, þriðja árið í röð af svo mikilli spennu.

Til viðbótar við innlendan kostnaðarþrýsting tók gengi krónunnar að lækka í lok ársins í kjölfar aukinna sviptinga á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Þrátt fyrir að stýrivextir væru orðnir háir, brást Seðlabankinn við versnandi verðbólguhorfum með hækkun stýrivaxta um 45 punkta í 13,75% í nóvember.

Mikill tekjuafgangur hins opinbera á árinu

Ríkissjóður skilaði góðri afkomu árið 2007, eða tekjuafgangi upp á 62,7 milljarða kr. á þjóðhagsreikningagrunni. Sveitarfélögin skiluðu einnig afgangi sem nam 8 milljarða kr. Hið opinbera í heild hélt áfram að skila miklum tekjuafgangi það ár, sem nam alls 70,7 milljarða kr. Tekjuafgangur ríkissjóðs var 4,9% af landsframleiðslu og 0,6% hjá

sveitarfélögum. I heild skilaði hið opinbera því tekjuafgangi upp á 5,5% af landsframleiðslu það ár, sem er aðeins minna en 6,3% tekjuafgangur hins opinbera árið 2006.

Viðsnúningur er hafinn í hagkerfinu

Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir 1,7% hagvexti árið 2008 sem er um 1 prósentustigi meiri hagvöxtur en í vorspá fjármálaráðuneytisins. Því er spáð að þjóðarútgjöld dragist saman meira á árinu en áður var ætlað, eða um 3,1% vegna mikils samdráttar í einkaneyslu og fjármunamyndun. Jafnframt er áætlað að viðsnúningur í utanríkisverslunar verði meiri og það ásamt meiri fjárfestingu hins opinbera knýi fram hagvöxtinn á árinu.

Yfirlit þjóðhagsspár

	ma.kr. 2007	Bráðab. 2007	Spá 2008	Spá 2009	Spá 2010
Einkaneysla	749,0	4,3	-2,8	-4,7	1,1
Samneysla	316,8	4,2	4,0	3,8	2,9
Fjármunamyndun	356,9	-13,7	-12,8	-3,0	-0,6
Birgðabreytingar [1]	6,6	-0,5	-0,5	0,0	0,0
Þjóðarútgjöld alls	1429,4	-1,4	-3,1	-2,5	1,1
Útflutningur vöru og þjónustu	451,7	18,1	11,2	0,5	3,0
Innflutningur vöru og þjónustu	587,9	-1,4	-5,9	-1,6	2,8
Landsframleiðsla	1293,2	4,9	1,7	-1,6	1,1
Þjóðartekjur	1233,3	7,8	-6,9	6,2	2,5
Viðskiptakjaraáhrif [2]	-	0,2	0,5	0,5	0,9
Þjóðart. með viðskiptakjaraáhrifum	-	8,0	-6,4	6,7	3,3
Viðskiptajöfnuður	-199,8	-	-	-	-
% af landsframleiðslu	-	-15,4	-16,8	-8,2	-6,0

[1] Birgðabreytingar milli ára eru sýndar sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs á föstu verði.

[2] Hlutfall af þjóðartekjum fyrra árs á föstu verði.

Nýjar hagtölur Hagstofu Íslands fyrir annan ársfjórðung benda til þess að snarpur viðsnúningur sé þegar hafinn í hagkerfinu með samdrætti í einkaneyslu og fjármunamyndum en ört minnkandi halla á vöru- og þjónustujöfnuði. Eftir myndarlegan vöxt einkaneyslu á fyrsta ársfjórðungi þessa árs hófst samdráttur í einkaneyslu á öðrum ársfjórðungi í kjölfar þess að gengisveiking kom af stað verðbólguskoti sem minnkaði kaupmátt verulega. Gert er ráð fyrir að samdrátturinn ágerist það sem eftir lifir árs og verði 2,8% yfir árið í heild þar sem áætlað er að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann rýrni um 4,9%, að eignaverð fari lækkandi og aðgengi að lánsfé verði takmarkað.

Jafnframt eru horfur á að magnvöxtur samneyslu hins opinbera verði meiri árið 2008 en vorspá ráðuneytisins gaf til kynna. Því er spáð að samneysla ríkis og almannatrygginga vaxi um 3,2% að magni til en mest breyting er í samneyslu sveitarfélaga sem er spáð 4,8% magnvexti yfir árið. Fyrir vikið er gert ráð fyrir að samneysluvöxtur hins opinbera í heild verði 4,0% á árinu.

Einkaneysla og fjárfesting dragast saman á árinu

Í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir 12,8% samdrætti fjármunamyndunnar í heild, þegar atvinnuvegafjárfesting og íbúðarfjárfesting dragast saman en fjárfesting hins opinbera eykst. Að hluta til er 20,9% samdráttur í atvinnuvegafjárfestingu komin til vegna grunnáhrifa við lok stóriðjuframkvæmda. Fjárfesting í uppbyggingu aflþynnuverksmiðju á Akureyri, álveri í Helguvík og breytingar á starfsemi Járnblendifélagsins á Grundartanga vega þar eitthvað upp á móti. Horfur í íbúðafjárfestingu hafa versnað verulega á árinu og er nú gert ráð fyrir að sú fjárfesting dragist saman um 25,4% að magni til á árinu sem endurspeglar snarpan samdrátt í fasteignaviðskiptum, mikið magn af óseldum íbúðum, takmörkun á lánsfjármagni til íbúðakaupa og auknum kostnaði þess. Þá tók byggingarkostnaður að hækka hratt á árinu, þótt markaðsvirði íbúða sé enn metið vera hærra en byggingarkostnaður þeirra. Áætlaður magnvöxtur í fjárfestingu hins opinbera er 40,5% sem er helmingi meiri vöxtur en vorspá ráðuneytisins gaf til kynna. Þar er um grunnáhrif að ræða, því endurskoðaðar tölur frá Hagstofu fyrir árið 2007 hækkuðu vöxt fjárfestingu hins opinbera úr 4,3% í 19,2%, en einnig er gert ráð fyrir meiri fjárfestingu ríkis og sveitarfélaga á árinu.

Dregur hratt úr halla á vöru- og þjónustujöfnuði

Þrátt fyrir áframhaldandi jákvæðan viðsnúning í vöru- og þjónustuviðskiptum, hafa verið miklar sviptingar í tölum um þáttatekjujöfnuðinn á árinu. Spáð er verulegum viðsnúningi á vöru- og þjónustuhalla sem fer úr því að verða 10,5% af landsframleiðslu árið 2007 í 3,8% árið 2008. Viðsnúninginn má einkum rekja til verulegrar aukningar í álútflutningi og frekari samdráttar í innflutningi. Öfug þróun hefur hinsvegar átt sér stað í halla á þáttatekjujöfnuði þar sem nýbirtar tölur sýna að hallinn á 2. ársfjórðungi var kominn í áður óþekktar hæðir. Veikt gengi eykur greiðslubyrði af erlendum lánum í krónum talið sem skilar sér í neikvæða þróun þáttatekjujafnaðar en mestu breytir mjög neikvæð þróun í ávöxtun hlutafjár sem má m.a, rekja til lækkunar eignaverðs á alþjóðlegum mörkuðum. Mikil óvissa ríkir um hversu vel þáttatekjujöfnuðurinn endurspeglar raunverulegt ástand. Eftir að útrás

íslenskra fyrirtækja náði fullum þunga fyrir nokkrum árum hefur orðið erfiðara að meta eignir Íslendinga erlendis og tekjuflæði tengt þeim. Neikvæð þróun þáttatekna skyggir á jákvæðan viðsnúning á vöru- og þjónustujöfnuði. Af þeim sökum breytist viðskiptahallinn lítið frá fyrra ári og er áætlað að hann verði 16,8% af landsframleiðslu.

Hagkerfið stefnir í jafnvægi á næstu árum

Ljóst er að ferli aðlögunar sem hófst í hagkerfinu á síðari hluta ársins 2006 en endaði snarlega á vormánuðum ársins 2007 er hafið á ný. Miðað er við að það haldi áfram um nokkurt skeið þannig að verulega dragi úr innra og ytra ójafnvægi í hagkerfinu. Aðlögunin hófst á ný þegar gengi krónunnar féll um tæp 20,0% í mars á þessu ári. Við það versnuðu verðbólguhorfur verulega og hækkaði Seðlabanki Íslands stýrivexti um samtals 175 punkta í mars og apríl, í 15,5%. Stjórnvöld og Seðlabanki brugðust jafnframt við erfiðum skilyrðum bankanna með því að rýmka lausafjáraðgengi þeirra í krónum. Þá hefur ríkisstjórnin aukið við gjaldeyrisvarasjóð Seðlabankans auk þess að gera gjaldmiðlaskiptasamninga við norræna seðlabanka. Aðgerðirnar sem gripið hefur verið til, bæði af hálfu bankanna og hins opinbera hafa reynst hjálplegar. Þá hafa góð uppgjör bankanna það sem af er ári dregið úr efasemdum um fjármögnun þeirra til skemmri tíma. Eftir stendur að aðgengi banka að lausafé er enn erfiðleikum háð á alþjóðlegum mörkuðum, en það hefur kallað á áframhaldandi aðlögun í rekstri íslensku bankanna eins og annarra banka. Um leið hefur ástandið leitt til þess að dregið hefur úr vaxtarhraða útlána þeirra.

Þrátt fyrir að mæld verðbólga hafi hækkað mikið árið 2008 hefur Seðlabankinn ekki hækkað stýrivexti síðan í apríl sl.. Í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að stýrivextir haldist óbreyttir út árið og að vaxtalækkunarferli hefjist á fyrsta ársfjórðungi árið 2009 að því gefnu að verðbólga verði tekin að lækka og verðbólguvæntingar farnar að þokast hratt í átt að 2,5% verðbólgumarkmiði Seðlabankans. Því er spáð að stýrivextir verði að meðaltali 15,2% á þessu ári en lækki í 13,0% árið 2009. Sú niðurstaða byggir á forsendu um hóflega niðurstöðu kjarasamninga sem verða lausir í ársbyrjun 2009. Að öðrum kosti er viðbúið að vaxtaferillinn þróist á annan veg en nú er gert ráð fyrir.

Horfur eru háðar þróun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum

Horfur í efnahagsmálum hér á landi eru í auknum mæli háðar þróun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Í undangenginni uppsveiflu tók hagkerfið miklum breytingum þar sem innlend fyrirtæki notfærðu sér hagstæð erlend lánakjör til þess að hefja stórsókn á erlendri grundu. Útrás íslenskra fyrirtækja hefur gefið af sér mikinn ábata síðustu ár en aukin skuldsetning og lækkandi eignaverð hafa gert rekstur þeirra erfiðari á heildina litið. Af þeim sökum er hafin aðlögun í mörgum fyrirtækjum hér á landi til að auka hagkvæmni þeirra. Í samræmi við mat alþjóðagjaldeyrissjóðsins er í þjóðhagsspá gert ráð fyrir að það taki að rofa til á alþjóðlegum fjármálamörkuðum upp úr miðju ári 2009 og spáð að aðstæður í hagkerfinu taki í framhaldinu að glæðast á ný.

Horfur varðandi gengisþróun tengjast stöðunni á alþjóðavísu. Þó óvissan um þróun gengisins sé jafnan mikil er hún líklega meiri nú en áður sökum þátttöku áhættusækinna erlendra fjárfesta í krónubréfaviðskiptum. Í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að krónan haldist veik út árið 2008 þar sem grundvöllur krónubréfaútgáfu er í uppnámi. Því er spáð að gengið verði að meðaltali 20,5% lægra árið 2008 en árið 2007. Jafnframt er því spáð að gengið taki að styrkjast hægum skrefum árið 2009 þegar horfur batna á alþjóðavísu og verði að meðaltali 3,0% sterkara árið 2009 en árið 2008. Gengislækkun krónunnar árið 2008 skilaði sér í ört hækkandi verðbólgu sem áætlað er að verði 11,5% að meðaltali árið 2008. Sökum þess hve hagvöxtur var mikill árið 2007 og atvinnustig hefur haldist hátt árið 2008 er framleiðsluspennan talin verða 2,6% á þessu ári.

Lítill afgangur á rekstri hins opinbera árið 2008

Áætlað er að hið opinbera verði rekið með 0,3% af landsframleiðslu afgangi árið 2008, um 0,4% hjá ríkissjóði annarsvegar og 0,1% af landsframleiðslu hjá sveitarfélögum hins vegar. Minnkandi afkoma ríkissjóðs frá árinu 2007 endurspeglar hagsveiflujafnandi eiginleika ríkisfjármála. Þegar hægir á í efnahagsstarfseminni, taka tekjur ríkissjóðs að dragast saman og útgjöld að aukast, að mestu á sjálfvirkan hátt en einnig vegna meiri stofnframkvæmda. Þróun hefur áhrif til að sporna á móti samdrætti í innlendri eftirspurn og hægja á aukningu atvinnuleysis.

Hagvöxtur neikvæður árið 2009

Árið 2009 er spáð 1,6 % samdrætti í hagkerfinu. Þjóðarútgjöld lækka um 2,5% að magni til yfir árið sem má að stærstum hluta rekja til þess að einkaneysla dregst saman um 4,7% á árinu. Mikill samdráttur einka-

neyslu helgast af því að kaupmáttur ráðstöfunartekna dregst saman annað árið í röð, fasteignaverði er spáð áframhaldandi lækkun að raunvirði auk þess sem gengi krónunnar verður veikt fram eftir ári en það þýðir að kaupmáttur heimilanna erlendis verður áfram mun veikari en á hágengistímanum. Spá um samdrátt einkaneyslu er nokkuð minni en í vorspá fjármálaráðuneytisins sem útskýrist af því að viðsnúningurinn 2008 er hraðari en gert var ráð fyrir þar og þunginn í samdrætti einkaneyslu kemur fram á seinni hluta ársins og á fyrri hluta ársins 2009, í stað þess að koma að mestu fram árið 2009 eins áður var reiknað með.

Spáð er 3,0% samdrætti fjármunamyndunar árið 2009, en það sem dregur úr samdrættinum er að fjárfesting vegna álvers í Helguvík verður komin á fullt skrið á árinu. Gert er ráð fyrir að mesti samdrátturinn í íbúðafjárfestingu verði þegar kominn fram árið 2008 en minnki lítillega um 1,2% árið 2009. Þá verður íbúðafjárfesting komin nær eðlilegu horfi og verður 4,2% af landsframleiðslu miðað við 7,0% árið 2007 sem var metár. Batnandi vöruskipta- og þjónustujöfnuður munu ekki leggja eins mikið til aukningar hagvaxtar og árið á undan. Hægja mun verulega á vexti útflutnings vöru og þjónustu þar sem aukning framleiðslugetu í áliðnaði verður að mestu gengin um garð. Þrátt fyrir aukinn innflutning sem fylgir álversframkvæmdum í Helguvík er því spáð að innflutningur í heild dragist saman um -1,6% einkum vegna innflutningsliða sem tengjast einkaneyslu.

Framleiðsluslaki myndast árið 2009

Árið 2009 er því spáð að framleiðsluslaki nemi 0,8% af framleiðslugetu og að vísitala neysluverðs verði að meðaltali 5,7% hærri en árið 2008. Því er spáð að Seðlabanki Íslands muni hefja vaxtalækkunarferlið á fyrsta ársfjórðungi og lækka vexti hratt þegar líða tekur á árið en reiknað er með að stýrivextir verði 13,0% að meðaltali árið 2009. Eins og áður kom fram er afar erfitt að spá fyrir um þróun gengis krónunnar en miðað við að erfiðleikar á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum taki að fjara út á seinni hluta ársins 2009 er gert ráð fyrir því í nýrri þjóðhagsspá að létta muni á lækkunarþrýstingi á gengi krónunnar og hún halda áfram að styrkjast eftir því sem líður á árið. Gert er ráð fyrir að vaxtamunur milli Íslands og annarra landa haldist nokkur þrátt fyrir að Seðlabankinn taki að lækka stýrivexti á árinu. Jafnframt má búast við auknu innstreymi gjaldeyris vegna m.a. framkvæmda í Helguvík. Miðað við að slík þróun auki bjartsýni á mörkuðum er spáð að gengi krónunnar styrkist um 3,0% á árinu að meðaltali.

Horfur varðandi atvinnuleysi eru óvenju óljósar sökum þess að ekki liggur fyrir hve stór hluti vinnumarkaðarins er erlent vinnuafl. Gera má ráð fyrir að viðsnúningur verði í aðflutningi erlends vinnuafls hingað til lands og hluti þess flytji af landi brott eftir að kaupmáttur innlendra launa erlendis hefur minnkað og dregið hefur úr eftirspurn vinnuafls á innlendum vinnumarkaði. Þá hefur erlent vinnuafl verið áberandi í atvinnugreinum á borð við byggingariðnaði sem gert er ráð fyrir að dragist umtalsvert saman á fyrri hluta spátímabilsins. Atvinnuleysi er spáð hraðri aukningu á árinu og er reiknað með að það verði 2,7% að meðaltali árið 2009.

Spáð er að talsverður halli verði á rekstri hins opinbera árið 2009, eða 4,5% af landsframleiðslu. Munar þar mestu um mikinn hallarekstur ríkissjóðs, 4,2% af landsframleiðslu og hjá sveitarfélögum 0,4%. Mikill halli ríkisfjármála á tíma þegar slaki hefur myndast í hagkerfinu mildar áhrif niðursveiflunnar. Þessi áhrif koma hvað greinilegast fram í samdrætti tekna ríkissjóðs á árinu.

Hagkerfið í jafnvægi árið 2010

Árið 2010 er spáð að hagkerfið verði komið í jafnvægi og að hagvöxtur taki þá að aukast á ný og verði 1,1% á árinu. Einkaneysla mun taka við sér eftir tveggja ára samdrátt og er spáð 1,1% aukningu á árinu, samfara 2,2% aukningu á kaupmætti ráðstöfunartekna, auk þess sem gert er ráð fyrir að eignaverð taki að hækka á ný en hóflega þó. Spáð er 0,6% samdrætti í fjármunamyndun sem helgast einna helst af samdrætti í opinberri fjárfestingu það ár. Atvinnuvegafjárfestingu og íbúðarfjárfestingu er hins vegar spáð lítilsháttar aukningu. Ekki er spáð vexti í fjárfestingu fyrir utan stóriðju þar sem gert er ráð fyrir að fjármálastofnanir innanlands sem utan finni enn fyrir eftirmálum lánsfjárkreppunnar og að útlánavöxtur aukist hægt yfir árið. Árið 2010 er gert ráð fyrir að jöfnuður vöruskipta og þjónustu verði orðinn -1,2% af landsframleiðslu en á árinu eykst innflutningur samhliða vaxandi þjóðarútgjöldum.

Árið 2010 er gert ráð fyrir að verðbólga verði komin að verðbólgumarkmiði Seðlabanka Íslands og að vaxtalækkunarferli ljúki þegar stýrivextir verða komnir í 6,0%. Framleiðsluslaki verður enn til staðar í hagkerfinu og er því spáð að hann verði 1,2% af framleiðslugetu, en atvinnuleysi mun halda áfram að aukast og verði komið í 3,8% á árinu sem er nokkru yfir metnu jafnvægisatvinnuleysi hagkerfisins.

Mikil óvissa tengd þróun á fjármála-mörkuðum

Óvissuþættir í kringum þjóðhagsspá eru óvenju miklir um þessar mundir. Tveir þeir stærstu tengjast nokkuð. Annar varðar gengisþróun krónunnar. Hinn snýr að ástandinu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Mögulegt er að þróunin rati á verri veg en gert er ráð fyrir í þjóðhagsspá. Þá er enn óljóst í hve miklum mæli erfiðleikarnir smitast yfir í efnahagsstarfsemi þeirra landa þar sem erfiðleikarnir í fjármálakerfinu eru hvað mestir. Fari svo að alþjóðlegt ástand verði verra yfir spátímann en reiknað er með er fyrirséð að aðgengi að erlendu lánsfé verður minna sem gerir fjármögnun viðskiptahallans erfiðari en ella en það myndi kalla á veikara gengi krónunnar til að leiðrétta ójafnvægið og jafnframt auka verðbólgu. Annar áhættuþáttur er útkoma kjarasamninga sem verða lausir árið 2009. Í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir hóflegri útkomu en verði umsamdar hækkanir í hærri kantinum mun það tefja fyrir lækkun stýrivaxta út spátímabilið ásamt því að verðbólga yrði meiri undir slíkum kringumstæðum.

Töfluviðauki

		Bls.
1.	Rekstraryfirlit A-hluta	41
2.	Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs	42
3.	Skipting tekna ríkissjóðs	43
4.	Hagræn skipting á útgjöldum ríkssjóðs	44
5.	Skipting útgjalda eftir málaflokkum	45
6.	Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta	46
7.	Fjárreiður lánastofnana í C-hluta	47
8.	Skuldir, kröfur og handbært fé ríkissjóðs	48
9.	Skuldir og kröfur opinberra aðila	49
10.	Þjóðhagsforsendur frumvarpsins, magnbreytingar	50
11.	Þjóðhagsforsendur frumvarpsins, ma.kr.	51
12.	Afkoma ríkisjóðs á þjóðhagsgrunni	52

Tafla 1 **Rekstraryfirlit A-hluta**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2006	Reikningur 2007	Fjárlög 2008	Áætlun 2008	Frumvarp 2009
Skatttekjur	**377.383**	**408.997**	**430.425**	**411.937**	**399.763**
Skattar á tekjur einstaklinga	103.935	114.466	128.500	123.250	111.000
Skattar á tekjur lögaðila	32.427	36.584	45.500	34.000	27.200
Tryggingagjöld	37.813	38.902	41.279	40.419	42.033
Eignarskattar	8.754	11.956	11.723	8.743	8.449
Virðisaukaskattur	132.122	137.710	138.000	140.100	145.100
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	58.494	63.022	58.228	57.832	58.327
Skattar ótaldir annars staðar	3.838	6.358	7.195	7.593	7.654
Aðrar rekstrartekjur	**28.223**	**39.555**	**36.369**	**48.137**	**45.921**
Arðgreiðslur	1.236	3.581	1.557	1.656	2.130
Vaxtatekjur og eignatekjur	17.873	25.011	25.382	36.618	33.458
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	9.114	10.963	9.430	9.863	10.333
Sala eigna	2.012	20.480	5.200	2.000	3.300
Fjárframlög	2.147	2.251	1.446	1.354	1.486
Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja	12.198	14.845	0	0	0
Tekjur samtals	**421.963**	**486.129**	**473.440**	**463.428**	**450.470**
Æðsta stjórn ríkisins	2.750	3.416	3.652	3.777	3.665
Forsætisráðuneyti	1.140	1.823	2.166	2.477	2.306
Menntamálaráðuneyti	43.440	49.590	53.378	55.864	61.809
Utanríkisráðuneyti	8.750	7.544	8.908	9.807	11.428
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	0	15.956	16.350	17.233	17.784
Landbúnaðarráðuneyti	13.619	0	0	0	0
Sjávarútvegsráðuneyti	3.574	0	0	0	0
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	19.025	22.275	23.461	24.491	27.188
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	29.478	71.082	85.414	85.855	102.481
Heilbrigðisráðuneyti	130.128	97.577	101.824	110.022	119.371
Fjármálaráðuneyti	41.898	54.656	48.417	47.586	52.970
Samgönguráðuneyti	20.720	38.351	54.909	57.391	57.316
Iðnaðarráðuneyti	4.263	5.010	5.498	5.723	6.480
Viðskiptaráðuneyti	1.377	1.915	2.323	2.428	2.729
Hagstofa Íslands	629	0	0	0	0
Umhverfisráðuneyti	4.472	6.105	6.167	6.543	7.217
Vaxtagjöld ríkissjóðs	14.908	22.220	21.764	31.325	34.670
Gjöld samtals	**340.170**	**397.522**	**434.232**	**460.522**	**507.414**
Tekjujöfnuður	**81.792**	**88.607**	**39.208**	**2.905**	**-56.944**

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

[2] Í skiptingu á milli göldum ráðuneyta hefur verið leiðrétt fyrir stjórnarráðsbreytingum frá og með 2007.

Tafla 2 **Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs**

Milljarðar króna	Reikningur[2] 2006	Reikningur 2007	Áætlun 2008	Frumvarp 2009
Handbært fé frá rekstri	**87,7**	**68,9**	**10,6**	**-53,1**
Fjármunahreyfingar				
Lánahreyfingar, nettó	-90,5	-6,0	-27,9	6,3
Sala eigna og aðrar fjármunahreyfingar	-14,4	-68,6	-1,0	-0,8
Fjármunahreyfingar samtals	**-104,9**	**-74,6**	**-28,9**	**5,5**
Hreinn lánsfjárjöfnuður (án LSR)	**-17,2**	**-5,7**	**-18,3**	**-47,6**
Framlag til LSR	**-5,9**	**-5,8**	**-4,0**	**-4,0**
Lánsfjárafgangur að frádregnu framlagi í LSR [1]	-23,1	-11,5	-22,3	-51,6
Fjármögnun	**64,7**	**23,4**	**142,0**	**-1,5**
Greiðsluafkoma	**41,6**	**11,9**	**119,7**	**-53,1**
Hlutfall af VLF, %				
Handbært fé frá rekstri	7,5	5,3	0,7	-3,4
Hreinn lánsfjárjöfnuður	-1,5	-0,4	-1,2	-3,1
Greiðsluafkoma	3,6	0,9	8,1	-3,4

[1] Í fjárlagafrumvarpi er lánsfjárafgangi ráðstafað til niðurgreiðslu á skuldum eða til að styrkja stöðu ríkissjóðs með öðrum hætti. Því er hér sýndur lánsfjárafgangur áður en kemur til framlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR). Í ríkisreikningi er lánsfjárafgangur sýndur eftir framlög í LSR.

[2] Reikningur með áhrifun af söluandvirði Landssímans.

Tafla 3 **Skipting tekna ríkissjóðs**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2006	Reikningur 2007	Fjárlög 2008	Áætlun [1] 2008	Frumvarp 2009
I Skatttekjur	**377.383**	**408.997**	**430.425**	**411.937**	**399.763**
Skattar á tekjur og hagnað	138.652	154.622	177.969	161.760	142.230
Einstaklingar	103.935	114.466	128.500	123.250	111.000
Tekjuskattur einstaklinga	81.122	85.564	93.500	90.750	87.500
Sérstakur tekjuskattur	331	-43	0	0	0
Skattur á fjármagnstekjur	22.482	28.945	35.000	32.500	23.500
Lögaðilar	32.427	36.584	45.500	34.000	27.200
Ótalið annars staðar	2.290	3.572	3.969	4.510	4.030
Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs	1.266	2.442	2.665	3.165	2.635
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	1.024	1.130	1.304	1.345	1.395
Tryggingagjöld	37.813	38.902	41.279	40.419	42.033
Eignarskattar	8.754	11.956	11.723	8.743	8.449
Skattar á vörur og þjónustu	190.616	200.732	196.228	197.932	203.427
Virðisaukaskattur	132.122	137.710	138.000	140.100	145.100
Almenn vörugjöld	19.007	19.281	18.918	18.995	20.020
Vörugjald af ökutækjum	10.083	11.208	8.150	8.150	5.530
Almennt vörugjald af bensíni	2.060	1.948	2.100	1.950	2.150
Sérstakt vörugjald af bensíni	6.935	7.220	7.420	6.933	7.653
Olíugjald	5.560	6.224	6.030	6.409	7.003
Aðrir sértækir veltuskattar	6.824	7.899	7.382	7.478	7.184
Bifreiðagjald	4.110	4.435	4.610	4.730	5.420
Þungaskattur/kílómetragjald	1.172	1.341	1.280	1.398	1.527
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	2.744	3.466	2.339	1.788	1.841
Aðrir skattar	1.548	2.786	3.226	3.083	3.624
II Aðrar rekstrartekjur	**28.223**	**39.555**	**36.369**	**48.137**	**45.921**
Arðgreiðslur	1.236	3.581	1.557	1.656	2.130
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	17.873	25.011	25.382	36.618	33.458
Neyslu- og leyfisgjöld	7.627	8.407	8.330	8.187	8.713
Annað	1.486	2.556	1.101	1.676	1.620
III Sala eigna	**2.012**	**20.480**	**5.200**	**2.000**	**3.300**
IV Fjármagnstilfærslur	-	-	-	-	-
V Fjárframlög	**2.147**	**2.251**	**1.446**	**1.354**	**1.486**
VI Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja	**12.198**	**14.845**	-	-	-
Heildartekjur ríkissjóðs	**421.963**	**486.129**	**473.440**	**463.428**	**450.470**
Sjóðshreyfing	**396.526**	**468.912**	**455.519**	**454.630**	**438.530**

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

Tafla 4 **Hagræn skipting á útgjöldum ríkissjóðs**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2006	Reikningur 2007	Fjárlög 2008	Áætlun 2008	Frumvarp 2009
Rekstrargjöld					
Laun	97.691	106.072	114.935	118.265	127.942
Lífeyrisskuldbindingar	10.565	19.933	5.002	5.002	5.284
Önnur gjöld	81.663	92.500	96.250	101.976	114.703
Sértekjur	-29.458	-30.314	-27.410	-27.729	-32.402
Rekstrargjöld samtals	**160.461**	**188.191**	**188.777**	**197.514**	**215.527**
Fjármagnskostnaður	**14.908**	**22.220**	**21.764**	**31.325**	**34.670**
Rekstrar- og neyslutilfærslur					
Lífeyristryggingar	33.126	37.873	45.030	45.858	53.854
Sjúkratryggingar	16.243	17.694	18.561	22.227	23.641
Fæðingarorlofssjóður	9.869	8.014	8.696	9.541	10.929
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	11.446	11.830	12.176	12.500	10.747
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	8.342	8.578	9.002	9.439	10.184
Barnabætur	6.371	7.888	8.800	8.970	10.100
Afskriftir skattkrafna	6.916	8.476	10.000	10.000	10.000
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	6.367	6.861	8.065	8.328	9.689
Atvinnuleysistryggingasjóður	2.584	2.643	7.255	4.765	8.343
Vaxtabætur	4.477	5.633	5.880	6.592	7.770
Lánasjóður íslenskra námsmanna	5.351	4.804	5.938	5.938	7.723
Framlag til sókna og kirkjugarða	3.182	3.523	3.781	3.781	4.287
Ríkisútvarpið	1.693	2.834	2.916	2.977	2.945
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	3.205	2.773	2.926	2.893	2.611
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	22.865	27.026	28.083	29.444	32.231
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**142.036**	**156.449**	**177.110**	**183.253**	**205.054**
Viðhald					
Vegakerfi	2.867	3.104	3.350	3.350	4.914
Annað	2.898	3.247	3.101	3.132	3.574
Viðhald samtals	**5.764**	**6.350**	**6.451**	**6.481**	**8.488**
Fjárfesting					
Vegakerfi	7.954	10.606	22.537	22.537	25.313
Hafnarframkvæmdir	2.054	839	2.098	3.112	2.488
Háskólar og framhaldskólar	741	2.197	1.821	1.821	2.140
Heilbrigðisstofnanir	1.735	1.791	1.963	1.863	1.897
Flugvellir	394	441	1.973	2.432	422
Annað	4.124	8.439	9.739	10.185	11.416
Fjárfesting samtals	**17.001**	**24.312**	**40.130**	**41.949**	**43.676**
Gjöld samtals	**340.170**	**397.522**	**434.232**	**460.522**	**507.414**

Tafla 5 **Skipting útgjalda eftir málaflokkum [1]**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2006	Reikningur 2007	Fjárlög 2008	Áætlun 2008	Frumvarp 2009
Almenn opinber þjónusta	18.217	22.548	23.857	26.771	28.097
Löggæsla og öryggismál	15.234	17.495	19.635	20.600	22.599
Fræðslumál	34.004	38.059	41.608	43.372	48.916
Heilbrigðismál	88.489	97.994	102.976	111.148	120.304
Almannatryggingar og velferðarmál	71.553	81.169	96.339	98.056	115.855
Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál	3.622	5.397	5.030	5.491	6.954
Menningar- og kirkjumál	13.979	15.335	15.809	16.361	16.884
Eldsneytis- og orkumál	2.314	2.285	2.492	2.600	2.927
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál	16.307	16.757	16.231	17.034	17.739
Iðnaðarmál	1.560	1.681	1.811	2.013	2.149
Samgöngumál	21.941	26.391	42.583	44.705	46.408
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	4.847	6.227	7.642	8.077	9.171
Önnur útgjöld ríkissjóðs	48.103	66.185	58.219	64.294	69.410
Samtals	**340.170**	**397.522**	**434.232**	**460.522**	**507.414**

[1] Samkvæmt COFOG staðli, sem er alþjóðlegur staðall Sameinuðu þjóðanna (Classification of the Functions of Government).

Tafla 6 **Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta 2009**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður Tap	Arður til ríkissjóðs	Fjárfesting	Lántökur
Happdrætti Háskóla Íslands	900	0	30	0
Áfengis og tóbaksverslun ríkisins	178	210	200	0
Íslenskar orkurannsóknir	100	0	150	0
Samtals	**1.178**	**210**	**380**	**0**

Tafla 7 **Fjárreiður lánastofnana í C-hluta 2009**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður Tap	Veitt lán	Fjárfesting	Lántökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	6.560	14.176	79	8.800
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	2.607	0	7	0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	-247	32.979	5	30.403
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	152	0	0	0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. ríkis og verkam.	-968	0	3	0
Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild.	855	50.723	14	42.469
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	187	0	0	0
Orkusjóður	-41	122	0	0
Byggðastofnun	63	3.000	0	3.000
Samtals	**9.168**	**101.000**	**108**	**84.672**

Tafla 8 Skuldir, kröfur og handbært fé ríkissjóðs [1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	Áætlun 2008	Frumvarp 2009
Skuldir ríkissjóðs	**225.968**	**228.530**	**298.314**	**281.108**	**277.186**	**252.990**	**196.146**	**292.528**	**311.011**	**495.700**	**467.700**
Spariskírteini	82.618	68.898	64.243	50.818	47.402	37.910	26.063	17.664	17.410	20.200	21.800
Ríkisbréf	11.018	11.430	19.588	32.482	41.074	55.400	67.047	89.829	94.987	167.800	169.200
Ríkisvíxlar	9.899	5.970	12.003	12.004	20.504	14.504	14.004	6.254	13.550	0	0
Aðrir innlendir aðilar	4.297	2.907	4.191	3.799	3.977	3.888	3.624	3.604	30.713	29.500	28.200
Erlend lán	118.136	139.325	173.638	160.363	142.477	126.466	85.408	80.567	63.151	64.500	59.000
Lántaka vegna gjaldeyrisforða	0	0	24.651	21.642	21.752	14.822	0	94.610	91.200	213.700	189.500
Kröfur ríkissjóðs	**107.160**	**101.172**	**129.562**	**130.267**	**118.024**	**97.019**	**136.485**	**242.715**	**253.656**	**306.700**	**287.400**
Veitt lán	69.347	70.919	93.049	79.539	76.381	51.633	71.496	169.678	174.441	228.900	207.800
Lán tengd innlendu verðlagi	57.699	59.262	63.517	59.409	59.409	47.698	69.959	73.614	81.845	73.000	69.600
Gengisbundin lán	11.648	11.657	13.532	8.630	5.472	3.935	1.537	1.454	1.396	1.600	1.500
Vegna gjaldeyrisforða Seðlabanka	0	0	16.000	11.500	11.500	0	0	94.610	91.200	154.300	136.700
Viðskiptareikningar[2], nettó	37.813	30.253	36.513	50.728	41.643	45.386	64.989	73.037	79.215	77.800	79.600
Handbært fé[3], nettó	**15.354**	**16.830**	**18.046**	**16.468**	**16.848**	**24.384**	**50.814**	**92.384**	**104.299**	**226.000**	**174.000**
Hreinar lántökur ríkissjóðs	**118.808**	**127.358**	**168.752**	**150.841**	**159.162**	**155.971**	**59.661**	**49.813**	**57.355**	**189.000**	**180.300**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	47,4	44,3	43,4	46,3	42,6	38,3	69,6	83,0	81,6	61,9	61,4
Hrein staða ríkissjóðs[4]	**-103.454**	**-110.528**	**-150.706**	**-134.373**	**-142.314**	**-131.587**	**-8.847**	**42.571**	**46.944**	**37.000**	**-6.300**
Hlutfall af VLF, % [5]											
Tekin lán	**35,7**	**33,4**	**38,6**	**34,4**	**32,9**	**27,2**	**19,1**	**25,0**	**24,1**	**33,7**	**30,3**
Þar af erlend lán	18,7	20,4	25,7	22,3	19,5	15,2	8,3	15,0	11,9	18,9	16,1
Þar af lántaka vegna gjaldeyrisforða	0,0	0,0	3,2	2,7	2,6	1,6	0,0	8,1	7,1	14,5	12,3
Veitt lán	**10,7**	**10,1**	**11,5**	**9,8**	**9,0**	**5,5**	**6,8**	**13,9**	**13,2**	**15,1**	**13,4**
Þar af gengisbundin lán	1,9	1,6	1,7	1,1	0,7	0,5	0,2	0,1	0,1	0,1	0,1
Þar af lánveiting vegna gjaldeyrisforða	0,0	0,0	2,0	1,5	1,4	0,0	0,0	7,6	7,0	10,2	8,8
Viðskiptareikningar, nettó	5,8	4,4	4,5	6,2	4,9	4,8	6,2	6,1	5,9	5,1	5,1
Hreinar lántökur ríkissjóðs	**19,2**	**19,0**	**22,6**	**18,5**	**19,1**	**17,0**	**6,1**	**5,1**	**4,9**	**13,5**	**11,8**
Hrein staða ríkissjóðs	**-16,8**	**-15,0**	**-18,6**	**-17,5**	**-16,9**	**-15,2**	**-1,3**	**3,8**	**3,4**	**2,3**	**-0,5**

[1] Áfallnir ógreiddir vextir ríkissjóðs eru meðtaldir.

[2] Viðskiptahr. taka til óinnheimtra skattekna, skammtímakrafna og sk

[3] Handbært fé er staða A-hluta við Seðlabanka Íslands og aðrar innlánsstofnanir auk andvirðis víxla ríkissjóðs í erlendri mynt.

[4] Hrein staða er skilgreind sem hreinar lántökur að viðbættu handbæru fé

[5] Reiknað til meðalverðlags hvers árs með vísitölu neysluverðs og meðalgengi.

Tafla 9 **Skuldir og kröfur opinberra aðila [1]**

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	Áætlun 2008	Frumvarp 2009
Heildarskuldir hins opinbera	**274.518**	**280.595**	**354.190**	**343.470**	**343.523**	**320.030**	**260.691**	**352.073**	**352.073**	**365.412**	**354.834**
Innlendar skuldir	141.752	124.502	133.613	134.011	150.973	153.531	154.395	156.241	156.241	196.622	197.732
Erlendar skuldir	132.766	156.093	220.577	209.459	192.550	166.499	106.296	195.832	195.832	168.790	157.102
Kröfur hins opinbera	**120.500**	**114.671**	**159.013**	**163.499**	**148.661**	**126.734**	**163.747**	**260.856**	**260.856**	**264.152**	**265.952**
Veitt lán	73.427	74.726	113.704	103.043	97.948	73.286	91.921	185.530	185.530	177.265	169.965
Skatta- og viðskiptakröfur	47.073	39.945	45.309	60.456	50.713	53.448	71.826	75.326	75.326	86.887	95.987
Hreinar skuldir hins opinbera	**154.018**	**165.924**	**195.177**	**179.971**	**194.862**	**193.296**	**96.944**	**91.217**	**91.217**	**101.260**	**88.882**
Ríkissjóður	118.808	127.358	168.752	149.505	159.162	155.971	59.661	49.813	49.813	63.360	49.700
Bæjar- og sveitarfélög	35.704	38.915	26.627	30.610	35.837	37.455	37.406	41.524	41.524	38.020	39.302
Almannatryggingar	-494	-349	-202	-144	-137	-130	-123	-120	-120	-120	-120
Raunvirði opinberra skulda, verðlag 1998 [2]											
Heildarskuldir hins opinbera	270.978	260.312	285.162	297.895	296.222	283.173	228.060	279.790	287.111	239.187	234.577
Hreinar skuldir hins opinbera	155.560	155.547	152.892	162.535	175.691	182.226	101.896	97.221	112.676	83.667	81.174
Hlutfall af VLF, % [3]											
Skuldir hins opinbera	**43,3**	**39,3**	**43,5**	**42,9**	**40,4**	**35,1**	**25,4**	**28,8**	**26,6**	**24,0**	**22,9**
Innlendar skuldir	21,9	17,9	16,8	16,3	17,7	16,2	14,8	13,1	11,7	12,8	12,7
Erlendar skuldir	21,4	21,3	26,8	26,6	22,7	18,9	10,7	15,7	14,9	11,2	10,2
Kröfur hins opinbera	**18,7**	**16,4**	**19,9**	**20,0**	**17,5**	**13,5**	**15,8**	**21,8**	**19,6**	**17,3**	**17,1**
Hreinar skuldir hins opinbera	**24,6**	**22,9**	**23,6**	**22,9**	**23,0**	**21,6**	**9,7**	**7,1**	**7,1**	**6,7**	**5,8**

[1] Skilgreining á opinberum aðilum tekur mið af alþjóðlegum stöðlum (SNA) og miðast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarfélög og almannatryggingar.
Tekið hefur verið tillit til innbyrðis lánveitinga opinberra aðila.
[2] Innlendar skuldir eru færðar til fasts verðlags miðað við neysluverðsvísitölu, en erlendar skuldir miðað við gengisvísitölu; hvort tveggja á ársloka verðlag.

Tafla 10

	Fjárlög 2008 [1]	Áætlun 2008 [2]	Frumvarp 2009 [2]
I. Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %			
Einkaneysla	-0,9	-2,8	-4,7
Samneysla	2,0	4,0	3,8
Fjárfesting	-19,8	-12,8	-3,0
Þjóðarútgjöld alls	-4,8	-3,1	-3,1
Útflutningur vöru og þjónustu	9,2	11,2	0,5
Innflutningur vöru og þjónustu	-7,0	-5,9	-1,6
Verg landsframleiðsla	1,2	1,7	-1,6
Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu	-8,8	-16,8	-8,2
II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar - %			
Ráðstöfunartekjur á mann	4,3	6,0	4,2
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	1,0	-4,9	-1,4
Vísitala neysluverðs	3,3	11,5	5,7
Gengisvísitala	0,4	25,9	-3,0
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	2,9	1,2	2,7

[1] Þjóðhagsspá útgefin í október 2007.

[2] Þjóðhagsspá útgefin í október 2008.

Tafla 11

	Fjárlög 2008 [1]	Áætlun 2008 [2]	Frumvarp 2009 [2]
Helstu þjóðhagsstærðir, mia. kr.			
Einkaneysla	728,6	806,5	825,2
Samneysla	336,8	354,7	390,6
Fjárfesting	268,4	366,0	359,5
Þjóðarútgjöld alls	1.333,8	1.527,3	1.575,3
Útflutningur vöru og þjónustu	454,6	637,1	634,6
Innflutningur vöru og þjónustu	498,2	692,3	667,7
Verg landsframleiðsla	1.290,2	1.472,1	1.542,3
Viðskiptajöfnuður	-113,1	-246,8	-126,4

[1] Þjóðhagsspá útgefin í október 2007.

[2] Þjóðhagsspá útgefin í október 2008.

Tafla 12 Afkoma ríkissjóðs á þjóðhagsgrunni [1]

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áætlun 2007	Áætlun 2008	Áætlun 2009
Heildartekjur	**454,3**	**466,0**	**452,8**
Skattar á tekjur og eignir	184,1	192,6	175,8
Skattar á framl. og innfl.	212,9	204,8	210,2
Vaxtatekjur	23,1	34,9	31,8
Aðrar tekjur	11,1	7,4	7,7
Sala á vöru og þjónustu	23,2	26,3	27,3
Heildarútgjöld	**402,9**	**479,5**	**529,8**
Rekstrarkostnaður	194,5	219,8	239,8
þar af samneysla	171,3	193,5	212,4
Vaxtagjöld	27,9	28,0	30,2
Framleiðslustyrkir	19,7	20,3	23,1
Tekjutilfærslur	132,3	154,5	175,2
Önnugjöld	14,5	17,0	19,3
Verg fjármyndun	22,4	40,0	43,1
Afskriftir(-)	-16,7	-15,9	-19,0
Fjármagnstilfærslur	8,3	15,8	18,1
Tekjuafgangur	**51,4**	**-13,5**	**-76,9**
Hlutfall af VLF, %			
Heildartekjur	35,1	31,7	29,4
Heildarútgjöld	31,2	32,6	34,4
Tekjuafgangur	4,0	-0,9	-5,0
Skatttekjur	30,7	27,0	25,0
Samneysla	13,2	13,2	13,2

[1] Uppgjör þetta fylgir þjóðhagsreikningastaðli Evrópusambandsins, ESA 95.

Þingskjal 1

Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 2009.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008.)

Efnisyfirlit fyrri og seinni hluta

Fyrri hluti: Stefna og horfur

	Bls.
Inngangur	3
1. Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga	5
2. Helstu þættir ríkisfjármála	10
3. Langtímaáætlun í ríkisfjármálum	17
4. Yfirlit þjóðhagsspár	29
Fylgiskjal: Töfluviðauki	39

Seinni hluti: Lagagreinar og athugasemdir

		Bls.
Efnisyfirlit fyrri- og seinni hluta		1
A-hluti	**Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana**	
	1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs	3
	2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs	4
B-hluti	**Fjárreiður ríkisfyrirtækja**	
	3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja	5
C-hluti	**Fjárreiður lánastofnana**	
	4. gr. Fjárreiður lánastofnana	6

Ýmis ákvæði

5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir 7
6. gr. Heimildir 9

Sundurliðani

1. Tekjur A-hluta 13
2. Fjármál ríkisaðila í A-hluta 18
3. Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta 168
4. Fjármál lánastofnana í C-hluta 171

Séryfirlit

1. Málaflokkar gjalda í A-hluta 180
2. Hagræn skipting gjalda í A-hluta 185
3. Markaðar tekjur 186
4. Aðrar rekstrartekjur stofnana 191
5. Lögbundin framlög 197
6. Rammafjárlög fyrir árin 2009 - 2012 198

Athugasemdir

Inngangur 201
1. Yfirlit ríkisfjármála 203
2. Tekjur A-hluta 206
3. Gjöld A-hluta 214
4. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta 389
5. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta 393
6. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir 400
7. Heimildir 407
8. Yfirlit yfir lagabreytingar 410

Atriðisorðaskrá 413

Vefsetur fjárlaga: fjarlog.is

GUTENBERG
ISSN 1607-811X

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Árið 2009 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**399.762,9**	**386.843,0**
Skattar á tekjur einstaklinga	111.000,0	107.800,0
Skattar á tekjur lögaðila	27.200,0	26.000,0
Tryggingagjöld	42.032,8	41.451,1
Eignarskattar	8.449,0	8.299,0
Virðisaukaskattur	145.100,0	137.800,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	58.327,2	57.967,1
Skattar ótaldir annars staðar	7.653,9	7.525,8
Aðrar rekstrartekjur	**45.920,8**	**45.401,7**
Arðgreiðslur	2.130,0	2.130,0
Vaxtatekjur og eignatekjur	33.457,7	32.937,7
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	10.333,1	10.334,0
Sala eigna	**3.300,0**	**4.800,0**
Fjárframlög	**1.486,3**	**1.485,3**
Tekjur alls	**450.470,0**	**438.530,0**
Æðsta stjórn ríkisins	3.664,6	3.664,6
Forsætisráðuneyti	2.306,1	2.306,1
Menntamálaráðuneyti	61.809,3	61.809,3
Utanríkisráðuneyti	11.428,1	11.428,1
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	17.783,9	17.856,9
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	27.187,6	27.187,6
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	102.480,9	100.760,9
Heilbrigðisráðuneyti	119.371,4	119.371,4
Fjármálaráðuneyti	52.969,8	44.939,8
Samgönguráðuneyti	57.316,2	57.241,2
Iðnaðarráðuneyti	6.480,2	6.480,2
Viðskiptaráðuneyti	2.729,3	2.729,3
Umhverfisráðuneyti	7.217,0	7.217,0
Vaxtagjöld ríkissjóðs	34.670,0	28.500,0
Samtals	**507.414,4**	**491.492,4**
Tekjujöfnuður	**-56.944,4**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Árið 2009 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.

Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-56.944,4
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	3.340,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-1.230,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	1.772,0
Handbært fé frá rekstri	**-53.062,4**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	0,0
Veitt löng lán	-8.800,0
Afborganir veittra lána	15.100,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-1.000,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	200,0
Fjármunahreyfingar samtals	**5.500,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-47.562,4**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	55.000,0
Afborganir lána	-56.500,0
Fjármögnun samtals	**-1.500,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-4.000,0
Breyting á handbæru fé	**-53.062,4**

B-hluti
Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr.

Árið 2009 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár-festing	Lán-tökur
Happdrætti Háskóla Íslands	900,0	0,0	30,0	0,0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	177,5	210,0	200,0	0,0
Íslenskar orkurannsóknir	100,0	0,0	150,0	0,0
	Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi	88,7
	Greitt úr ríkissjóði	88,7

08-397 Lyfjastofnun

Gjald vegna innflutnings og sölu óskráðra lyfja	8,0
Lyfjaeftirlitsgjald	86,0
Árgjald lyfja til Lyfjastofnunar	52,0
Greitt úr ríkissjóði	107,2
Viðskiptahreyfing	38,8

09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	1.991,0
Greitt úr ríkissjóði	1.991,0

09-402 Fasteignaskrá Íslands

Brunabótamatsgjald	90,0
Fasteignamatsgjald	259,0
Skráningargjald nýrra fasteigna í fasteignaskrá	40,0
Greitt úr ríkissjóði	389,0

10-211 Rekstur Vegagerðarinnar

Olíugjald til reksturs Vegagerðarinnar	675,6
Leyfis- og eftirlitsgjöld Vegagerðarinnar af flutningum á landi	4,0
Leyfisgjöld Vegagerðarinnar vegna leigubifreiða	6,0
Greitt úr ríkissjóði	685,6

10-212 Samgönguverkefni

Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni til framkvæmda Vegagerðarinnar	7.653,0
Olíugjald til framkvæmda Vegagerðarinnar	6.184,4
Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald, til framkvæmda Vegagerðarinnar	1.343,0
Greitt úr ríkissjóði	28.754,4
Viðskiptahreyfing	-13.574,0

10-251 Umferðarstofa

Skráningargjöld ökutækja	358,9
Umferðaröryggisgjald	90,2
Greitt úr ríkissjóði	449,1

10-335 Siglingastofnun Íslands

Vitagjald	133,0
Greitt úr ríkissjóði	133,0

10-471 Flugmálastjórn Íslands

Gjald fyrir útgáfu skírteina Flugmálastjórnar til einstaklinga	8,7
Gjald fyrir útgáfu starfsleyfa og skírteina Flugmálastjórnar til lögaðila	22,4
Skráning loftfars til atvinnuflugs	1,4
Greitt úr ríkissjóði	32,5

10-475	**Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta**	
	Flugvallaskattur	484,0
	Varaflugvallagjald	521,0
	Greitt úr ríkissjóði	764,6
	Viðskiptahreyfing	240,4
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Rekstrargjald vegna starfsemi á sviði póst- og fjarskipta	112,3
	Gjald fyrir úthlutuð símnúmer til fjarskiptafélaga	35,0
	Greitt úr ríkissjóði	147,3
10-513	**Jöfnunarsjóður alþjónustu**	
	Jöfnunargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna alþjónustu	208,0
	Greitt úr ríkissjóði	208,0
11-245	**Samtök iðnaðarins**	
	Iðnaðarmálagjald	300,0
	Greitt úr ríkissjóði	300,0
11-299	**Iðja og iðnaður, framlög**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Staðlaráðs	58,6
	Greitt úr ríkissjóði	58,6
11-501	**Ferðamálastofa**	
	Gjald vegna eftirlits með tryggingum og rekstri ferðaskrifstofa	0,8
	Greitt úr ríkissjóði	0,8
12-190	**Ýmis verkefni**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Ice-Pro nefndar	8,4
	Greitt úr ríkissjóði	8,4
12-421	**Neytendastofa**	
	Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum	60,5
	Gjald vegna yfireftirlits og úrtaksskoðana Neytendastofu	150,0
	Greitt úr ríkissjóði	210,5
12-811	**Flutningssjóður olíuvara**	
	Flutningsjöfnunargjald á olíuvörur	450,0
	Greitt úr ríkissjóði	450,0

14-211	**Umhverfisstofnun**	
	Gjöld vegna starfsleyfa Umhverfisstofnunar	2,0
	Gjald af veiðikorti	36,0
	Leyfisgjald af veiðileyfi vegna hreindýraveiða	3,0
	Veiðileyfi hreindýraráðs	99,0
	Greitt úr ríkissjóði	140,0
14-287	**Úrvinnslusjóður**	
	Úrvinnslugjald	750,0
	Greitt úr ríkissjóði	750,0
14-289	**Endurvinnslan hf.**	
	Skilagjald á einnota umbúðir	1.200,0
	Umsýsluþóknun af einnota umbúðum	100,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.300,0
14-303	**Skipulagsmál sveitarfélaga**	
	Skipulagsgjald	300,0
	Greitt úr ríkissjóði	150,0
	Viðskiptahreyfing	150,0
14-310	**Landmælingar Íslands**	
	Birtingarleyfi til Landmælinga Íslands	3,0
	Greitt úr ríkissjóði	3,0
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	
	Brunavarnargjald	270,0
	Greitt úr ríkissjóði	146,2
	Viðskiptahreyfing	123,8
14-381	**Ofanflóðasjóður**	
	Ofanflóðasjóðsgjald	1.270,0
	Greitt úr ríkissjóði	135,9
	Viðskiptahreyfing	1.134,1
	Heildartekjur	**70.152,0**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**84.810,5**
	Mismunur	**-14.658,5**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**-14.658,5**

Séryfirlit 4

Aðrar rekstrartekjur stofnana 2009

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Innritunargjöld, Háskóli Íslands	455,2
	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	415,0
02-202	**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**	
	Fisksjúkdómagjald	1,0
02-210	**Háskólinn á Akureyri**	
	Innritunargjöld, Háskólinn á Akureyri	63,4
02-216	**Landbúnaðarháskóli Íslands**	
	Aðrar leigutekjur stofnana, Landbúnaðarháskóli Íslands	3,7
	Innritunargjöld, Landbúnaðarháskóli Íslands	26,0
02-217	**Hólaskóli - Háskólinn á Hólum**	
	Innritunargjöld, Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal	8,0
02-238	**Tækjasjóður**	
	Leyfisgjald Happdrættis Háskóla Íslands	150,0
	Greitt úr ríkissjóði	115,0
	Viðskiptahreyfing	35,0
02-301	**Menntaskólinn í Reykjavík**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn í Reykjavík	7,4
02-302	**Menntaskólinn á Akureyri**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Akureyri	6,3
02-303	**Menntaskólinn að Laugarvatni**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Laugarvatni	1,4
02-304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn við Hamrahlíð	9,8
02-305	**Menntaskólinn við Sund**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn við Sund	6,0
02-306	**Menntaskólinn á Ísafirði**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Ísafirði	2,7

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum
Innritunargjöld, Menntaskólinn á Egilsstöðum 2,7

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi
Innritunargjöld, Menntaskólinn í Kópavogi 8,9

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík
Innritunargjöld, Kvennaskólinn í Reykjavík 4,7

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 10,0

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn Ármúla 9,6

02-352 Flensborgarskóli
Innritunargjöld, Flensborgarskóli 6,1

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurnesja 7,4

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Vesturlands 4,8

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 1,9

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra 3,1

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurlands 7,1

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands
Innritunargjöld, Verkmenntaskóli Austurlands 1,5

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri
Innritunargjöld, Verkmenntaskólinn á Akureyri 10,4

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 6,0

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu
Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu 1,0

02-362	**Framhaldsskólinn á Húsavík**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Húsavík	1,1
02-363	**Framhaldsskólinn á Laugum**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Laugum	1,0
02-365	**Borgarholtsskóli**	
	Innritunargjöld, Borgarholtsskóli	9,0
02-367	**Fjölbrautaskóli Snæfellinga**	
	Innritunargjöld, Snæfellsskóli	1,6
02-516	**Iðnskólinn í Hafnarfirði**	
	Innritunargjöld, Iðnskólinn í Hafnarfirði	4,7
02-971	**Ríkisútvarpið**	
	Afnotagjöld RÚV	2.945,0
02-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**	
	Hluti Reykjavíkurborgar í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands	116,3
04-215	**Fiskistofa**	
	Gjald vegna eftirlits með eldi nytjastofna sjávar	0,4
04-234	**Matvælastofnun**	
	Eftirlitsgjald fiskeldis- og hafbeitarstöðva	1,5
	Gjald af sláturleyfishöfum fyrir yfirmat á sláturafurðum	10,4
	Gjald vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum	94,0
	Gjöld vegna eftirlits með innflutningi dýra	4,6
	Gjald vegna matvælaeftirlits	18,0
	Útflutningsvottorð Matvælastofnunar	2,8
	Vottorð Yfirdýralæknis	1,3
04-413	**Verkefnasjóður sjávarútvegsins**	
	Gjald vegna ólögmæts sjávarafla	35,0
04-831	**Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**	
	Afgjöld ríkisjarða	47,0
	Sala jarðeigna jarðasjóðs	200,0
06-106	**Þjóðskrá**	
	Íbúaskrá Þjóðskrár	0,3
	Aðgangur að skrám Þjóðskrárinnar	96,6
	Vottorð Þjóðskrár	9,0

06-190	**Ýmis verkefni**	
	Prófgjöld vegna prófa dómtúlka og skjalaþýðenda	1,5
06-312	**Lögreglustjórinn á Suðurnesjum**	
	Tollafgreiðslugjöld til Lögreglustjórans á Suðurnesjum	26,5
06-430	**Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal**	
	Auglýsingar í Lögbirtingablaði	22,6
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	
	Prófgjöld vegna verklegra prófa á vegum Vinnueftirlits ríkisins	15,4
	Skoðunargjöld til Vinnueftirlits ríkisins	170,9
	Útgáfa skírteina til að stjórna farandvinnuvélum	10,8
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	74,7
08-301	**Landlæknir**	
	Gjald fyrir markaðseftirlit og klíniskar prófanir lækningatækja	2,0
08-327	**Geislavarnir ríkisins**	
	Eftirlitsgjöld vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins	4,5
	Vottorð frá Geislavörnum ríkisins	0,7
08-373	**Landspítali**	
	Slysastofugjöld Landspítalans	130,0
08-397	**Lyfjastofnun**	
	Markaðsleyfi Lyfjastofnunar	139,0
	Vottorð Lyfjastofnunar	8,0
	Greitt úr ríkissjóði	77,3
	Viðskiptahreyfing	69,7
09-201	**Ríkisskattstjóri**	
	Aðgangur að hlutafélagaskrá	62,0
	Aðgangur að fyrirtækjaskrá	29,0
	Vottorðsgjöld, hlutafélaga- og fyrirtækjaskrár	7,0
09-402	**Fasteignaskrá Íslands**	
	Gjald fyrir rafræn veðbandayfirlit	150,0
10-190	**Ýmis verkefni**	
	Gjald vegna málskots til úrskurðanefndar fjarskipta- og póstmála	1,8

10-251	**Umferðarstofa**	
	Hluti sveitarfélaga í rekstri Umferðarskólans	9,0
10-335	**Siglingastofnun Íslands**	
	Prófgjöld Siglingastofnunar Íslands	1,0
	Skoðunargjöld skipa	1,3
	Vottorð Siglingastofnunar	1,3
10-471	**Flugmálastjórn Íslands**	
	Prófgjöld Flugmálastjórnar	12,0
	Gjald fyrir útgáfu lofthæfisskírteina Flugmálastjórnar	26,0
	Árgjöld vegna framhaldsvottunar Flugmálastjórnar	183,0
	Ýmsar leyfisheimildir og vottanir Flugmálastjórnar	2,1
10-475	**Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta**	
	Lendingargjöld vegna innanlandsflugs	65,0
	Lendingargjald vegna millilandaflugs	639,1
	Öryggisgjald	513,9
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Eftirlits- og starfrækslugjöld fyrir radíótæki	142,0
12-190	**Ýmis verkefni**	
	Prófgjöld vegna prófa fasteignasala	2,0
	Gjald til eftirlitsnefndar félags fasteignasala	19,0
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	
	Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitisins	1.116,0
12-421	**Neytendastofa**	
	Eftirlitsgjald til Neytendastofunnar	10,5
12-431	**Einkaleyfastofan**	
	Gjöld fyrir einkaleyfi	42,6
	Gjöld fyrir vörumerki	139,5
	Gjöld fyrir hönnunarvernd	1,4
	Faggilding hjá Einkaleyfastofunni	13,7
14-211	**Umhverfisstofnun**	
	Mengunareftirlitgjald	10,0
14-231	**Landgræðsla ríkisins**	
	Aðrar leigutekjur stofnana, Landgræðsla ríkisins	2,0

14-241 Skógrækt ríkisins

Aðrar leigutekjur stofnana, Skógrækt ríkisins	5,0
Heildartekjur	**8.654,5**
Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**8.549,8**
Mismunur	**104,7**
Þar af viðskiptahreyfingar	**104,7**

Séryfirlit 5

Lögbundin framlög 2009

		Sjóðs-hreyfingar
m.kr		
02-978	**Listasjóðir**	
	Listamannalaun	366,8
	Greitt úr ríkissjóði	366,8
06-705	**Kirkjumálasjóður**	
	Kirkjumálasjóður	322,4
	Greitt úr ríkissjóði	322,4
06-735	**Sóknargjöld**	
	Sóknargjöld	2.505,0
	Greitt úr ríkissjóði	2.505,0
06-736	**Jöfnunarsjóður sókna**	
	Jöfnunarsjóður sókna	417,1
	Greitt úr ríkissjóði	417,1
08-305	**Lýðheilsustöð**	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag	65,0
	Tannverndarsjóður, lögbundið framlag	10,0
	Greitt úr ríkissjóði	75,0
10-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	
	Lögbundið framlag	10.315,0
	Greitt úr ríkissjóði	10.315,0
	Lögbundin framlög alls	**14.001,3**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**14.001,3**

Séryfirlit 6

Rammafjárlög fyrir árin 2009 - 2012

m.kr	2009	2010	2011	2012
Æðsta stjórn ríkisins	**3.665**	**3.671**	**3.678**	**3.685**
Embætti forseta Íslands	217	219	221	223
Alþingi og stofnanir þess	3.030	3.058	3.087	3.116
Ríkisstjórn	269	269	269	269
Hæstiréttur	149	149	149	149
Aðhaldsáform		-24	-48	-72
Forsætisráðuneyti	**2.306**	**2.364**	**2.342**	**2.174**
Ráðuneyti	553	583	637	491
Hagskýrslur	774	782	790	798
Annað	979	1.019	955	945
Aðhaldsáform		-20	-40	-60
Menntamálaráðuneyti	**61.810**	**63.799**	**64.819**	**64.634**
Ráðuneyti	711	718	725	732
Háskólar og rannsóknir	21.412	22.439	23.257	23.536
Framhaldsskólar	19.719	20.712	21.244	21.236
Grunnskólar	618	624	630	636
Námsaðstoð	8.369	8.452	8.537	8.622
Söfn, listastofnanir o.fl.	9.421	9.770	9.838	9.760
Annað	1.560	1.561	1.542	1.543
Aðhaldsáform		-477	-954	-1.431
Utanríkisráðuneyti	**11.428**	**11.337**	**11.220**	**11.404**
Ráðuneyti	1.470	1.471	1.294	1.307
Varnarmál	1.439	1.454	1.468	1.482
Sendiráð og fastanefndir	2.530	2.551	2.576	2.601
Þróunarmál og alþjóðastofnanir	5.568	5.518	5.617	5.827
Útflutningsmál	421	425	429	433
Aðhaldsáform		-82	-164	-246
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	**17.785**	**17.470**	**17.355**	**17.193**
Ráðuneyti	926	922	928	929
Eftirlitsstofnanir	1.857	1.885	1.904	1.923
Skógrækt og landgræðsla	560	565	571	577
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	10.184	10.092	10.000	9.910
Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðar	1.459	1.311	1.304	1.297
Rannsóknir	2.799	2.779	2.816	2.809
Aðhaldsáform		-84	-168	-252

m.kr	2009	2010	2011	2012
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	**27.189**	**24.455**	**24.653**	**26.445**
Ráðuneyti	955	959	1.141	1.119
Dómsmál	1.880	1.899	1.918	1.937
Löggæslustofnanir og öryggismál	12.462	10.159	10.253	12.148
Sýslumenn	4.528	4.572	4.617	4.663
Fangelsismál	1.476	1.137	1.148	1.159
Kirkjumál	5.888	5.930	5.978	6.022
Aðhaldsáform		-201	-402	-603
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	**102.480**	**106.435**	**106.522**	**106.888**
Ráðuneyti	578	569	573	577
Húsnæðismál	2.260	2.260	2.260	2.260
Stjórnsýslustofnanir	690	696	703	710
Málefni barna	969	979	989	999
Málefni fatlaðra	10.894	10.959	11.171	11.388
Vinnumál	19.218	22.005	20.995	20.235
Almannatryggingar	64.602	66.869	68.055	69.264
Málefni aldraða	2.130	1.553	1.576	1.600
Annað	1.139	895	900	905
Aðhaldsáform		-350	-700	-1.050
Heilbrigðisráðuneyti	**119.372**	**122.071**	**124.256**	**125.893**
Ráðuneyti	573	578	584	590
Tryggingamál	24.854	25.878	26.919	27.817
Sjúkrahús og sérstæð sjúkrahúsaþjónusta	44.421	45.691	46.715	47.298
Öldrunarstofnanir, endurhæfing o.fl.	22.719	23.825	24.484	25.161
Heilsugæsla	7.904	8.052	8.194	8.337
Heilbrigðisstofnanir	15.902	16.079	16.424	16.776
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	1.312	1.317	1.320	1.333
Annað	1.687	1.697	1.708	1.719
Aðhaldsáform		-1.046	-2.092	-3.138
Fjármálaráðuneyti	**52.971**	**54.033**	**52.795**	**53.662**
Ráðuneyti	705	712	719	726
Skatta- og tollamál	4.765	4.822	4.870	4.918
Lífeyrir og eftirlaun	7.775	8.606	8.839	9.084
Barnabætur, vaxtabætur og eftirlaunauppbætur	18.460	19.119	19.781	20.446
Afskrifaðar kröfur og fjármagnstekjuskattur	12.845	12.512	12.181	12.207
Verðlagsmál	2.460	2.760	2.760	2.760
Þjónusta við ríkisaðila	4.057	3.748	2.075	2.100
Annað	1.904	1.910	1.882	1.889
Aðhaldsáform		-156	-312	-468

m.kr	2009	2010	2011	2012
Samgönguráðuneyti	**57.315**	**54.188**	**51.013**	**51.780**
Ráðuneyti	570	574	578	582
Vegamál	36.646	33.347	31.624	31.900
Siglingamál	3.596	3.855	1.726	1.735
Flugmál	4.839	5.152	5.426	5.444
Póst- og fjarskiptamál	907	410	413	416
Sveitarstjórnarmál	10.757	10.980	11.506	12.093
Aðhaldsáform		-130	-260	-390
Iðnaðarráðuneyti	**6.479**	**6.320**	**6.232**	**6.227**
Ráðuneyti	247	250	252	254
Iðnaðarmál	1.901	1.970	2.048	2.047
Orkumál	2.477	2.398	2.255	2.273
Byggðamál	1.003	1.009	1.014	1.019
Ferðamál	851	725	727	730
Aðhaldsáform		-32	-64	-96
Viðskiptaráðuneyti	**2.729**	**2.727**	**2.725**	**2.723**
Ráðuneyti	312	314	316	318
Viðskiptamál	1.967	1.987	2.007	2.027
Flutningsjöfnun	450	450	450	450
Aðhaldsáform		-24	-48	-72
Umhverfisráðuneyti	**7.217**	**6.947**	**6.940**	**6.946**
Ráðuneyti	658	658	662	666
Umhverfisvernd	4.438	4.226	4.296	4.322
Skipulagsmál	870	878	854	861
Rannsóknir	1.251	1.228	1.214	1.226
Aðhaldsáform		-43	-86	-129
Vaxtagjöld ríkissjóðs	**34.670**	**31.324**	**29.453**	**28.985**
Launa- og verðlagsbreyt., uppsafnað frá 2009		**15.137**	**29.319**	**45.028**
Samtals öll ráðuneyti	**507.416**	**522.278**	**533.322**	**553.667**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Fjárlagafrumvarpið er sett fram í tveimur hlutum. Í *fyrri hluta* er fjallað um stefnu og horfur í efnahags- og ríkisfjármálum og birt stefnumörkun um ríkisfjármálin yfir lengra tímabil. Í *síðari hluta* eru sex lagagreinar frumvarpsins ásamt fjórum nánari sundurliðunum, sem jafnframt hafa lagagildi, og sex séryfirlitum. Efni lagaákvæðanna er sem hér segir:

- Í 1. gr. er sýndur áætlaður rekstrarreikningur ríkissjóðs, þ.e. tekjur og gjöld, á rekstrargrunni en sjóðshreyfingar eru einnig sýndar. Tekjunum er skipt eftir meginflokkum og helstu skattstofnum. Frekari skiptingu teknanna er að finna í *sundurliðun 1*. Gjöldin eru flokkuð eftir ábyrgðarsviðum, þ.e. eftir ráðuneytum. Nánari skipting á fjárreiðum ríkisaðila í A-hluta er sýnd í *sundurliðun 2*.
- Í 2. gr. er yfirlit yfir sjóðstreymi ríkissjóðs. Niðurstaða rekstrar- og fjármunahreyfinga er hreinn lánsfjárjöfnuður en hann er ein af lykilstærðum í reikningsskilum ríkissjóðs og sá mælikvarði sem þykir gefa einna besta mynd af efnahagsáhrifum ríkisfjármálanna.
- Í 3. gr. eru sýndar lykiltölur úr starfsemi ríkisfyrirtækja í B-hluta sem skipta máli við afgreiðslu og ákvörðun Alþingis. Hér er um að ræða hagnað eða tap hlutaðeigandi fyrirtækis, arðgreiðslu til ríkissjóðs, fjárfestingu þess og lántöku ef um slíkt er að ræða. Fjárreiður B-hluta fyrirtækja koma nánar fram í *sundurliðun 3*.
- Í 4. gr. eru sýndar fjárreiður lánastofnana í C-hluta og er hún eins að uppbyggingu og 3. gr. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta koma nánar fram í *sundurliðun 4*.
- Í 5. gr. eru ákvæði sem snúa að lántökuheimildum ríkisins, heimildum til endurlána til einstakra aðila utan A-hluta og um veitingu ríkisábyrgða og niðurfellingu skulda.
- Í 6. gr. er kveðið á um heimildir fjármálaráðherra sem snerta framkvæmd fjárlaga, svo sem heimildir til eftirgjafar gjalda, ráðstöfunar eigna og fasteignakaupa.

Á eftir lagaákvæðum frumvarpsins eru nokkur séryfirlit sem veita nánari upplýsingar um ríkisfjármálin. Fyrst er yfirlit um *málaflokkaskiptingu gjalda* í A-hluta í samræmi við alþjóðlega staðla og síðan yfirlit um *hagræna skiptingu gjalda* í rekstur, fjármagnskostnað, rekstrartilfærslur, viðhald og fjárfestingu. Enn fremur er séryfirlit um *markaðar tekjur* sem færast á tekjuhlið ríkissjóðs en er varið til fjármögnunar á útgjöldum verkefna í A-hluta ríkissjóðs og annað yfir aðrar *rekstrartekjur* stofnana, sem einnig færast á tekjuhlið ríkissjóðs. Þar á eftir er birt yfirlit um *lögbundin framlög* sem veitt eru til nokkurra aðila. Loks sýnir sjötta yfirlitið *áætlun til næstu fjögurra ára* um útgjaldaramma ráðuneyta og málaflokka.

Í athugasemdum á eftir lagagreinum er ítarleg umfjöllun sem skiptist þannig:

- Í fyrsta kafla er yfirlit yfir ríkisfjármálin.
- Í öðrum kafla er gerð grein fyrir tekjuhlið A-hluta frumvarpsins þar sem farið er yfir áætlanir um einstaka tekjustofna.
- Í þriðja kafla er að finna ítarlega umfjöllun um gjaldahlið A-hluta frumvarpsins í heild og eftir einstökum ráðuneytum, málefnaflokkum og stofnunum.
- Í fjórða kafla er gerð grein fyrir fjárreiðum fyrirtækja ríkisins í B-hluta.
- Í fimmta kafla er að finna umfjöllun um fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
- Í sjötta kafla er fjallað um lánsfjármál, þ.e. lántökur, endurlán og ábyrgðir.
- Í sjöunda kafla er fjallað um heimildir fjármálaráðherra.
- Í áttunda kafla er birt yfirlit yfir lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagafrumvarpsins.

Vakin er athygli á því að allt efni fjárlagafrumvarpsins, bæði talnayfirlit og greinargerðir, er birt á vef fjármálaráðuneytisins um leið og frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Veffangið er *fjarlog.is*.

1 Yfirlit ríkisfjármála

Í kaflanum eru dregnar saman helstu niðurstöður fjárlagafrumvarpsins. Einungis er tæpt á meginatriðum en fjallað er nánar um einstök atriði annars staðar í greinargerðinni, bæði í fyrri og seinni hluta frumvarpsins.

Afkoma ríkissjóðs. Í fjárlagafrumvarpinu er áætlað að afkoma ríkissjóðs versni til muna og verði neikvæð um 56,9 milljarða kr. á næsta ári en til samanburðar er áætlað að tekjuafgangur verði um 3 milljarðar kr. í ár og árið 2007 var hann tæplega 89 milljarðar kr. Í þessari þróun gætir áhrifa af tímabundnum samdrætti í tekjum og auknum útgjöldum sem leiða af versnandi efnahagshorfum því spáð er að landsframleiðsla dragist saman um 1,6% á næsta ári. Þessi þróun var að nokkru leyti fyrirséð og gert ráð fyrir henni í langtímaáætlunum fyrri ára, m.a. vegna samdráttar í atvinnuvegafjárfestingu við lok stóriðjuframkvæmda á Austurlandi. Hún kemur þó fram 1-2 árum síðar en ætlað var og við óhagstæðari skilyrði sem skapast hafa vegna erfiðs ástands á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Reikn. 2007	Fjárlög 2008	Áætlun 2008	Frumvarp 2009
Tekjur	486,1	473,4	463,4	450,5
Gjöld	397,5	434,2	460,5	507,4
Tekjujöfnuður	**88,6**	**39,2**	**2,9**	**-56,9**
Rekstrarl. sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi [1]	-19,7	-4,9	7,7	3,8
Handbært fé frá rekstri	**68,9**	**34,3**	**10,6**	**-53,1**
Fjármunahreyfingar [2]	-74,6	7,5	-28,9	5,5
Hreinn lánsfjárjöfnuður [3]	**-5,7**	**41,8**	**-18,3**	**-47,6**

[1] Til þess að fá mat á sjóðstreymi þarf að draga frá tekjum á rekstrargrunni þann hluta þeirra sem ekki kemur til innheimtu á árinu. Þá þarf að lækka tekjurnar um andvirðið af sölu eigna þar sem það fellur ekki undir eiginlegan rekstur. Jafnframt þarf að lækka útgjöld á rekstrargrunni vegna þeirra gjalda sem ekki koma til greiðslu á árinu.

[2] Hér eru færðar lánveitingar ríkissjóðs, að frádregnum afborgunum fyrri lánveitinga. Undir þennan lið falla til dæmis lán sem ríkissjóður tekur vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna o.fl. Auk þess færast þar hreyfingar á viðskiptareikningum og stofnfjárframlög ríkisins. Loks er heildarandvirði seldra eigna sem skilar sér í ríkissjóð á árinu fært undir þennan lið.

[3] Án aukaframlaga í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Viðsnúningurinn í afkomu ríkissjóðs endurspeglar sveiflujafnandi hlutverk ríkisfjármálanna þar sem gert er ráð fyrir að skattar á tekjur og veltu dragist saman að raungildi og að útgjöld atvinnuleysistrygginga og annarra bótakerfa aukist á sama tíma. Útgjöld aukast einnig vegna áforma um að fylgja eftir stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að styrkja velferðarkerfið og efla innviði samfélagsins. Launa- og verðlagsbreytingar hafa einnig veruleg áhrif á útgjaldahliðina. Staða ríkissjóðs er hins vegar mjög sterk þar sem byggðar

hafa verið upp miklar inneignir í Seðlabankanum á undanförnum árum, að hluta með eignasölu fyrri ára en að mestu með rekstrarafgangi. Sú staða gerir ríkissjóði betur kleift að mæta tímabundinni efnahagslægð og eru horfur á að þessar inneignir dugi til að fjármagna áætlaðan halla yfir samdráttarskeið næstu 2-3 árin.

Áætlað er að handbært fé frá rekstri verði neikvætt um 53,1 milljarða kr. árið 2009 og að lánsfjárjöfnuður verði neikvæður um 47,6 milljarða kr. Áformað er að því verði mætt með því að ganga á inneignir í Seðlabanka þannig að ekki þurfi að auka skuldir ríkissjóðs af þeim völdum.

Efnahagsforsendur. Þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði 1,7% árið 2008 en að landsframleiðslan dragist síðan saman um 1,6% árið 2009. Spáð er að verðlag hækki að meðaltali um 5,7% milli þessara ára og að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann minnki um 1,4%. Gert er ráð fyrir að einkaneysla dragist saman um 4,7% milli áranna 2008 og 2009 og að atvinnuleysi aukist úr 1,2% í 2,7%. Áætlað er að viðskiptahalli lækki hratt á næstunni eða úr 16,8% árið 2008 í 8,2% árið 2009.

Tekjuhlið. Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 450,5 milljarðar kr. árið 2009 og dragast saman um nálægt 13 milljarða kr. frá áætlaðri útkomu á yfirstandandi ári og um 35,6 milljarða kr. frá árinu 2007. Að raungildi lækka tekjurnar um sem nemur 8% á næsta ári miðað við áætlaða útkomu þessa árs. Gera má ráð fyrir að aðlögunin sem hafin er í þjóðarbúskapnum muni koma fljótt fram í tekjuhliðinni, sérstaklega í þeim skattstofnum sem eru næmastir fyrir hagsveiflunni, s.s. tekjusköttum fyrirtækja og einstaklinga og fjármagnstekjuskatti. Talið er að af þessum sökum verði hlutfall skatttekna af landsframleiðslu lægra en það hefur verið um langt árabil, eða um 26%. Nánar er fjallað um tekjur ríkissjóðs í kafla 2 hér á eftir.

Gjaldahlið. Heildargjöld ríkissjóðs eru áætluð 507,4 milljarðar kr. árið 2009. Það er aukning um 46,9 milljarða kr. frá áætlaðri útkomu þessa árs eða um 3,9% að raunvirði miðað við að útgjöld beggja áranna séu færð á sama verðlag með verðvísitölu samneyslu. Veigamesti þátturinn í hækkun útgjaldanna milli ára á rætur að rekja til aukinnar verðbólgu, gengislækkunar krónunnar, kjarasamninga við ríkisstarfsmenn og hækkana á bótum tekjutilfærslukerfanna. Þessar verðlagshækkanir frá áætlaðri útkomu ársins 2008 nema tæplega 30 milljörðum kr. Almenn rekstrargjöld ríkissjóðs, það er launagreiðslur, þjónustu- og vörukaup, aukast að raungildi um 2,9%. Hækkun rekstrargjaldanna er mest í heilbrigðismálum og öldrunarþjónustu. Einnig eykst rekstrarkostnaður menntakerfisins vegna háskóla, rannsókna og framhaldsskóla auk þess að umfang starfsemi stofnana fyrir fatlaða eykst. Tilfærslur aukast að raungildi um 5,5% en um 6,3% ef leiðrétt er fyrir breytingum í óreglulegum liðum á borð við útgjöld vegna atvinnuleysis. Stærstur hluti aukningarinnar er vegna

breytinga og uppbyggingar á almannatryggingakerfinu. Einnig er reiknað með talsverðri hækkun milli ára í útgjöldum vegna atvinnuleysis í samræmi við spá um að það aukist úr 1,2% í 2,7%. Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækkar umtalsvert vegna breytinga á úthlutunarreglum, fjölgun lánþega og verðlagsáhrifa. Viðhald og stofnkostnaður hækkar um 1,5% að raungildi. Framlög til framkvæmda voru meira en tvöfölduð í fjárlögum 2008 og er fyrst og fremst um að ræða áframhaldandi uppbyggingu í samgöngumálum í samræmi við endurskoðaða samgönguáætlun, niðurgreiðslur vaxta af byggingu nýrra leiguíbúða, smíði á nýrri Vestmannaeyjaferju og fjármuni til að ljúka kaupum á nýju varðskipi og flugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Loks hækkar fjármagnskostnaður ríkissjóðs um 13 milljarða kr., einkum vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar til að efla gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans. Nánar er fjallað um útgjaldaáform í kafla 3 hér á eftir.

2 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er gerð grein fyrir tekjuhorfum ríkissjóðs árið 2009, eins og þær eru metnar út frá þeim forsendum sem fjárlagafrumvarpið byggist á. Þá er einnig gerð grein fyrir endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 2008.

2.1 Helstu niðurstöður

Tekjuhorfur 2008. Í fjárlögum ársins 2008 var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs næmu 473 milljörðum króna og yrðu nánast óbreyttar að nafnvirði en drægjust saman um 2,9% að raunvirði frá 2007. Nú liggja fyrir upplýsingar um innheimtu teknanna fyrstu átta mánuði ársins og nýjar spár um efnahagsþróunina fyrir árið í heild auk ársuppgjörs ríkissjóðs í ríkisreikningi 2007. Umtalsverður viðsnúningur hefur orðið í einkaneyslu og eru horfur fyrir árið í heild lakari en reiknað var með síðasta haust. Tekjur ríkissjóðs á árinu hafa verið endurmetnar með hliðsjón af þessu og hljóðar ný áætlun upp á 463 milljarða króna. Ný tekjuáætlun felur í sér 14,5% raunsamdrátt heildartekna árið 2008 í stað 2,9% í áætlun fjárlaga. Hluti þess fráviks skýrist þó af niðurstöðu ríkisreiknings ársins 2007 þar sem óreglulegar tekjur (sala efnislegra eigna og hagnaður af peningalegum eignum) námu alls 35 milljörðum króna. Þar af var endurmat félaga í eigu ríkisins tæpir 15 milljarðar en sá liður er jafnan ekki áætlaður í fjárlögum. Sé þessum óreglulegu liðum sleppt bæði árin er raunsamdráttur tekna milli ára 8,2%.

Megindrættirnir í endurmati tekna ársins eru þeir að skatttekjur eru minni en í áætlun fjárlaga en á móti vega meiri vaxtatekjur. Skatttekjur í heild verða 412 milljarðar á árinu og aukast aðeins um 3 milljarða króna milli ára. Allir helstu skattar á tekjur og hagnað, tryggingagjöld og eignarskattar verða minni en í áætlun fjárlaga en óbeinir skattar heldur meiri. Mest munar um að áætlun um tekjuskatt lögaðila er lækkuð um 11,5 milljarða króna. Í þjóðhagsspá þeirri sem lögð var til grundvallar fjárlögum ársins 2008 var reiknað með 4,8% samdrætti þjóðarútgjalda á árinu sem kæmi í kjölfar 5,2% samdráttar 2007. Sá viðsnúningur sem lengi hafði verið búist við eftir langt þensluskeið gerði vart við sig á fyrri hluta árs 2007 en á þeim síðari stóðu þjóðarútgjöld nánast í stað og merki samdráttar voru lítil framan af ári 2008. Forsendur fjárlaga um 0,4% veikingu gengis krónunnar og 3,3% verðbólgu á árinu eru mjög breyttar og hefur gengis- og verðlagsþróunin allt frá upphafi ársins rýrt kaupmátt verulega. Þá hafa óvissa og lausafjárerfiðleikar á fjármálamörkuðum hægt á hjólum efnahagslífsins og skýr merki samdráttar komið fram á öðrum og þriðja fjórðungi ársins, m.a. í minni tekjum af virðisaukaskatti og ýmsum vörugjöldum. Innheimta skatttekna ríkissjóðs er 0,4% undir áætlun fjárlaga á fyrstu átta mánuðum ársins en innheimta heildartekna er á áætlun. Efnahagshorfur til skamms tíma benda þó vart til annars en

að sú neikvæða leitni sem fram kemur í þróun flestra veltuskatta á undanförnum mánuðum muni halda áfram um sinn. Reiknað er með að slakna muni á vinnumarkaði í vetur og tekjuskattar einstaklinga gefi nokkuð eftir á síðasta þriðjungi ársins og verði undir áætlun fjárlaga. Gangi ný spá um tekjuskatt lögaðila á árinu eftir mun mikið frávik frá áætlun fjárlaga koma fram í innheimtu á síðustu mánuðum ársins. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu var 31,6% á árinu 2007 en verður 28,0% árið 2008 samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun.

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2009. Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2009 er byggð á þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins og öðrum forsendum fjárlaga. Árið 2009 mun einkennast af þeirri aðlögun þjóðarbúskaparins sem hófst 2008 og reiknað er með að standi fram á árið 2010. Horfur eru á að þjóðarútgjöld muni dragast saman þriðja árið í röð, um 2,5% og að hagvöxtur verði neikvæður um 1,6%. Gengi krónunnar er talið munu styrkjast um 3% milli ársmeðaltala og verðbólga minnka í 5,7%. Þá er reiknað með að kaupmáttur ráðstöfunartekna dragist saman annað árið í röð, um 1,4% á mann og eftir afar lítið atvinnuleysi um langt skeið er reiknað með að slakna muni á vinnumarkaði og atvinnuleysi verði 2,7% að meðaltali á árinu. Gert er ráð fyrir að kólnunin í þjóðarbúskapnum muni setja svip sinn á tekjur ríkissjóðs á árinu 2009, einkum þá skattstofna sem fylgja hagsveiflunni mest. Tekjur ríkissjóðs af sköttum eru áætlaðar 400 milljarðar og dragast saman milli ára um 8,2% að raunvirði, þar af beinir skattar um 13,6% en óbeinir skattar um 2,6%. Heildartekjur ríkissjóðs munu samkvæmt fjárlagafrumvarpinu nema 450 milljörðum króna sem er samdráttur um 2,8% að nafnvirði en 8,0% að raunvirði frá árinu 2008. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu verður samkvæmt þessu 25,9%, sem er hið lægsta um árabil.

Í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps ársins 2009 er reiknað með að breyting verði gerð á fyrirkomulagi nokkurra skatta og gert ráð fyrir að þeir haldi raungildi sínu. Þetta eru: almennt og sérstakt bensíngjald, olíugjald, bifreiðagjald og kílómetragjald. Einnig er gert ráð fyrir að áfengisgjald og tóbaksgjald haldi raungildi sínu. Þessir skattar námu alls 16,5% af sköttum á vöru og þjónustu í ríkisreikningi 2007.

2.2 Tekjuhorfur ríkissjóðs 2008

Yfirlit. Endurskoðuð áætlun um heildartekjur ríkissjóðs 2008 bendir til að þær verði 463 milljarðar króna, 10 milljörðum minni en í fjárlögum ársins. Þar af eru skatttekjur taldar verða 18,5 milljörðum minni en í fjárlögum og tekjur af sölu eigna 3,2 milljörðum minni en vaxtatekjur 11,2 milljörðum meiri. Hér á eftir verður fjallað nánar um helstu tekjuliði.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2006	Reikningur 2007	Fjárlög 2008	Áætlun [1] 2008	Frumvarp 2009
I Skatttekjur	**377.383**	**408.997**	**430.425**	**411.937**	**399.763**
Skattar á tekjur og hagnað	138.652	154.622	177.969	161.760	142.230
Einstaklingar	103.935	114.466	128.500	123.250	111.000
Tekjuskattur einstaklinga	81.122	85.564	93.500	90.750	87.500
Sérstakur tekjuskattur	331	-43	0	0	0
Skattur á fjármagnstekjur	22.482	28.945	35.000	32.500	23.500
Lögaðilar	32.427	36.584	45.500	34.000	27.200
Ótalið annars staðar	2.290	3.572	3.969	4.510	4.030
Skattur á fjármagnstekjur ríkissjóðs	1.266	2.442	2.665	3.165	2.635
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	1.024	1.130	1.304	1.345	1.395
Tryggingagjöld	37.813	38.902	41.279	40.419	42.033
Eignarskattar	8.754	11.956	11.723	8.743	8.449
Skattar á vörur og þjónustu	190.616	200.732	196.228	197.932	203.427
Virðisaukaskattur	132.122	137.710	138.000	140.100	145.100
Almenn vörugjöld	19.007	19.281	18.918	18.995	20.020
Vörugjald af ökutækjum	10.083	11.208	8.150	8.150	5.530
Almennt vörugjald af bensíni	2.060	1.948	2.100	1.950	2.150
Sérstakt vörugjald af bensíni	6.935	7.220	7.420	6.933	7.653
Olíugjald	5.560	6.224	6.030	6.409	7.003
Aðrir sértækir veltuskattar	6.824	7.899	7.382	7.478	7.184
Bifreiðagjald	4.110	4.435	4.610	4.730	5.420
Þungaskattur/kílómetragjald	1.172	1.341	1.280	1.398	1.527
Önnur neyslu- og leyfisgjöld	2.744	3.466	2.339	1.788	1.841
Aðrir skattar	1.548	2.786	3.226	3.083	3.624
II Aðrar rekstrartekjur	**28.223**	**39.555**	**36.369**	**48.137**	**45.921**
Arðgreiðslur	1.236	3.581	1.557	1.656	2.130
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	17.873	25.011	25.382	36.618	33.458
Neyslu- og leyfisgjöld	7.627	8.407	8.330	8.187	8.713
Annað	1.486	2.556	1.101	1.676	1.620
III Sala eigna	**2.012**	**20.480**	**5.200**	**2.000**	**3.300**
IV Fjármagnstilfærslur	-	-	-	-	-
V Fjárframlög	**2.147**	**2.251**	**1.446**	**1.354**	**1.486**
VI Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja	**12.198**	**14.845**	-	-	-
Heildartekjur ríkissjóðs	**421.963**	**486.129**	**473.440**	**463.428**	**450.470**
Sjóðshreyfing	**396.526**	**468.912**	**455.519**	**454.630**	**438.530**

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

Skattar á tekjur og hagnað. Í endurskoðaðri tekjuáætlun er gert ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað verði 16,2 milljörðum króna minni árið 2008 en í fjárlögum ársins og nemi tæpum 162 milljörðum króna. Tekjuskattur einstaklinga hefur skilað tekjum í samræmi við áætlun fjárlaga á fyrstu átta mánuðum ársins en reiknað er með að síðasti þriðjungur ársins verði undir áætlun og ný áætlun fyrir árið í heild er 2,8 milljörðum lægri en áætlun fjárlaga. Fjármagnstekjuskattur einstaklinga er nú talinn verða 2,5 milljörðum króna undir áætlun fjárlaga. Sú áætlun er byggð á forsendum um tekjur einstaklinga af vöxtum og arði á árinu 2008 og fyrirliggjandi gögnum um álagðan fjármagnstekjuskatt á söluhagnað ársins 2007 úr álagningu ríkisskattstjóra sl. sumar. Stærstan hluta endurmats tekna ársins má rekja til tekjuskatts lögaðila sem nú er áætlaður 34 milljarðar króna eða 11,5 milljörðum minni en í fjárlögum. Horfur um hagnað fyrirtækja á árinu 2007 sem m.a. voru byggðar á upplýsingum úr árshlutauppgjörum fyrirtækja á fyrstu þremur fjórðungum ársins voru lagðar til grundvallar áætlun þessa skatts í fyrra. Þá var byggt á upplýsingum úr skattframtölum og frumálagningu ríkisskattstjóra á tekjur ársins 2006 sem nam alls tæpum 43 milljörðum króna. Síðasti ársfjórðungur 2007 varð mörgum fyrirtækjum erfiður og uppgjör ársins í heild urðu lakari en þær vísbendingar sem árshlutauppgjör höfðu gefið. Frumálagning ríkisskattstjóra í október 2007 tók talsverðum breytingum síðar og varð niðurstaða ríkisreiknings 2007 36,6 milljarðar. Áætlun um tekjuskatt lögaðila 2008 verður endurmetin þegar álagning á lögaðila liggur fyrir í október.

Tryggingagjöld. Líkt og með tekjuskatt einstaklinga er innheimt tryggingagjald í janúar – ágúst 2008 lítillega yfir áætlun fjárlaga. Reiknað er með að hægja muni á innheimtunni í vetur í takt við spá um þróun vinnuaflseftirspurnar og er áætlunin lækkuð um 0,9 milljarða króna.

Eignarskattar. Endurskoðun leiðir til verulegrar lækkunar áætlaðra tekna af eignarsköttum, eða um 3,0 milljarða króna. Tekjur af stimpilgjöldum stefna í 6,9 milljarða og af erfðafjárskatti í 1,2 milljarða. Er hér einkum höfð hliðsjón af innheimtu þessara tekjuliða á fyrstu átta mánuðum ársins. Skýringar á minni innheimtu stimpilgjalds tengjast einkum minni veltu á fasteignamarkaði en reiknað hafði verið með. Á höfuðborgarsvæðinu hefur veltan dregist saman samfleytt frá desember 2007 og var á fyrstu átta mánuðum ársins 59% minni að nafnvirði en árið áður. Ákvörðun un niðurfellingu stimpilgjalds af fasteignaveðbréfum til kaupa á fyrstu íbúð frá 1. júlí 2008 var kynnt í febrúar 2008 og hefur sú breyting einnig haft áhrif til lækkunar frá fyrri áætlun.

Skattar á vöru og þjónustu. Skattar á vöru og þjónustu eru taldir munu skila ríkissjóði tæpum 198 milljörðum króna á árinu 2008 sem er 1,7 milljörðum meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þar af mun virðisaukaskattur skila 2,1 milljarði meira en áður var áætlað þrátt fyrir samdrátt einkaneyslu, en gengis- og verðlagshækkanir hafa hækkað

skattstofninn. Vörugjöld af bensíni munu skila ríkissjóði talsvert minni tekjum en áætlað var í fjárlögum ársins. Neytendur hafa brugðist við hækkun bensínverðs á árinu með því að draga úr bensínnotkun með ýmsum ráðum. Olíugjald mun skila heldur meiri tekjum en áætlað var, og hefur samdráttur í sölu olíu orðið minni en í sölu bensíns. Vörugjöld af ökutækjum á árinu 2008 eru áætluð 8,2 milljarðar króna, óbreytt frá fjárlögum.

Aðrar rekstrartekjur. Þessi liður er nú hækkaður um 11,8 milljarða króna frá áætlun fjárlaga og skýrist það að langmestu leyti af vaxtatekjum ríkissjóðs. Vaxtatekjur eru flokkaðar í þrennt; af skattkröfum, af endurlánum og aðrar vaxtatekjur. Vextir af skattkröfum eru lækkaðir um 0,7 milljarða frá fjárlögum og valda niðurfærslur liðarins í ríkisreikningi 2007 mestu um endurmatið. Vaxtatekjur af endurlánum hækka um 2,2 milljarða og vaxtatekjur af bankareikningum ríkissjóðs um 9,7 milljarða. Hækkunin skýrist m.a. af þróun gengis og vaxta en að langmestu leyti af sértækum aðgerðum ríkisstjórnarinnar sl. vor til að styrkja innlendan fjármálamarkað og gjaldeyrisvaraforða en aðgerðirnar fólu í sér að tekin voru lán sem ávöxtuð eru í sjóðum og veittum lánum til Seðlabanka. Arðstekjur ríkissjóðs, ýmis neyslu- og leyfisgjöld og tekjur af sektum eru lítið breyttar frá fjárlögum en þó hækkar síðastnefndi liðurinn um tæpar 600 milljónir.

2.3 Tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2009

Yfirlit. Samkvæmt tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins verða heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2009 rúmir 450 milljarðar króna, 13 milljörðum minni en á árinu 2008. Samdrátturinn nemur 2,8% að nafnvirði en 8,0% umfram verðbólgu, sem spáð er að verði 5,7% á næsta ári. Skatttekjur þar af eru 400 milljarðar og dragast saman um 12 milljarða milli ára. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu tekjuliðum.

Skattar á tekjur og hagnað. Gert er ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað nemi alls 142 milljörðum króna á árinu 2009 og lækki um tæpa 20 milljarða frá árinu 2008.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2007	Fjárlög 2008	Áætlun 2008	Frumvarp 2009
Einstaklingar	114.466	128.500	123.250	111.000
Tekjuskattur einstaklinga	85.560	93.500	90.750	87.500
Sérstakur tekjuskattur einstaklinga	-39	0	0	0
Fjármagnstekjuskattur	28.945	35.000	32.500	23.500
Lögaðilar	36.584	45.500	34.000	27.200
Ótalið annars staðar	3.572	3.969	4.510	4.030
Samtals	**154.622**	**177.969**	**161.760**	**142.230**

Tekjuskattur og fjármagnstekjuskattur einstaklinga. Áætlað er að tekjuskattur einstaklinga skili 87,5 milljörðum króna og lækki um 3,3 milljarða milli ára. Hér vegur þungt hækkun persónuafsláttar og skattleysismarka. Persónuafsláttur hækkar um 24.000 kr./ári í ársbyrjun 2009 að viðbættri verðlagshækkun frá upphafi til loka ársins 2008, sem nú er spáð að verði 12,3%. Þannig er reiknað með að persónuafslátturinn verði tæpar 483 þús.kr. Gert er ráð fyrir að tekjur hækki um 6,0% milli 2008 og 2009 og starfandi fólki fækki um 1%. Tekjuskattshlutfallið er óbreytt, 22,75%. Fjármagnstekjuskattur einstaklinga er áætlaður 23,5 milljarðar króna, 28% minni en í áætlun 2008. Söluhagnaður af hlutabréfum var 58% fjármagnstekjuskattstofnsins í síðustu álagningu. Mikið vægi þess liðar eykur óvissu við áætlun skattsins en aðrir hlutar stofnsins eru ekki jafn sveiflugjarnir. Í áætlun fyrir árið 2009 er höfð hliðsjón af vaxtaþróun og öðrum efnahagsforsendum og reiknað með verulegum samdrætti fjármagnstekna af bæði arði og söluhagnaði.

Tekjuskattur lögaðila. Þessi skattstofn fylgir hagsveiflunni nokkuð sterklega hér á landi sem annars staðar. Skatthlutfallið var lækkað úr 18% í 15% með lögum nr. 61/2008 en tekjur rekstrarársins 2008 mynda álagningarstofn lögaðila og skatttekjur hjá ríkissjóði á árinu 2009. Áætlað er að tekjuskattur lögaðila muni lækka um tæpa 7 milljarða eða 20% milli ára og skila um 27 milljörðum í tekjur árið 2009. Álagning á tekjur rekstrarársins 2007 mun liggja fyrir síðar í haust og mun hugsanlega breyta því mati sem þessi áætlun byggist á.

Tryggingagjöld. Gert er ráð fyrir að tryggingagjöld nemi 42 milljörðum króna og hækki um 4% að nafnvirði milli ára. Við mat á gjaldstofninum eru notaðar sömu forsendur um þróun launa og fjölda manns á vinnumarkaði og við mat á tekjuskattstofni einstaklinga.

Eignarskattar. Áætlað er að eignarskattar nemi 8,4 milljörðum króna 2009 og lækki um 3,4% að nafnvirði milli ára. Hér er einkum um erfðafjárskatt og stimpilgjöld að ræða. Búist er við að tekjur af stimpilgjöldum dragist enn lítillega saman í kjölfar mikillar lækkunar 2008 og verði 6,6 milljarðar á næsta ári. Reiknað er með að nafnverð fasteigna lækki á næsta ári og velta í fasteignaviðskiptum aukist nokkuð milli ára. Gert er ráð fyrir að erfðafjárskattur skili jafnmiklum tekjum og í ár, 1,2 milljörðum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2007	Fjárlög 2008	Áætlun 2008	Frumvarp 2009
Eignarskattar einstaklinga	11	0	0	0
Eignarskattar lögaðila	-18	0	0	0
Erfðafjárskattur	1.663	2.000	1.200	1.200
Stimpilgjöld	9.484	9.100	6.920	6.600
Sértækir eignarskattar	816	623	623	649
Samtals	**11.956**	**11.723**	**8.743**	**8.449**

Skattar á vöru og þjónustu. Virðisaukaskattur, vörugjöld og aðrir skattar á vöru og þjónustu nema 203 milljörðum króna í fjárlagafrumvarpi ársins 2009 og aukast um 2,8% að nafnvirði milli ára. Áætlunin er byggð á spá um þróun einkaneyslu, innflutnings og annarra hagstærða, en í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði neikvæður um 1,6% á árinu 2009 og þjóðarútgjöld dragist saman um 2,5%.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2007	Fjárlög 2008	Áætlun 2008	Frumvarp 2009
Virðisaukaskattur	137.710	138.000	140.100	145.100
Vörugjöld	45.891	42.618	42.437	42.356
Almenn vörugjöld af innfluttum vörum	3.937	3.870	4.100	3.770
Almenn vörugjöld af innlendri framleiðslu	224	590	130	140
Vörugjöld af ökutækjum	11.208	8.150	8.150	5.530
Vörugjald af bensíni	1.948	2.100	1.950	2.150
Sérstakt vörugjald af bensíni	7.220	7.420	6.933	7.653
Olíugjald	6.224	6.030	6.409	7.003
Flutningsjöfnunargjöld	374	300	300	450
Áfengisgjald	8.057	8.150	8.008	8.884
Ýmis vörugjöld	2.796	2.238	2.523	2.516
Tóbaksgjald	3.903	3.770	3.935	4.260
Tollar og innflutningsgjöld	5.452	4.931	4.931	4.411
Aðrir sértækir skattar á vöru og þjónustu	2.436	2.451	2.547	2.773
Bifreiðaskattar	5.776	5.890	6.128	6.947
Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld	3.466	2.339	1.788	1.841
Samtals	**200.732**	**196.228**	**197.932**	**203.427**

Virðisaukaskattur. Þriðjungur af skatttekjum ríkissjóðs kemur af virðisaukaskatti. Stærstur hluti þess kemur af einkaneyslu en spáð er að hún dragist saman um 4,7% á næsta ári. Aðrir ráðstöfunarliðir; samneysla og fjárfesting og aðföng til undanþegins atvinnurekstrar, eru að baki verulegum hluta skattsins eða yfir 40%. Áætlað er að skatturinn aukist um 3,6% að nafnvirði og nemi 145 milljörðum króna sem jafngildir 2,0% raunsamdrætti milli ára.

Vörugjöld af ökutækjum. Reiknað er með miklum samdrætti í innheimtu vörugjalda af ökutækjum á næsta ári. Gert er ráð fyrir að aðeins verði flutt til landsins um 10.000 ökutæki og að meðalvörugjald á hvert ökutæki lækki milli ára. Gangi þetta eftir munu vörugjöld af ökutækjum dragist saman um nær þriðjung að nafnvirði milli ára, eða úr 8,2 milljörðum í 5,5 milljarða króna.

Vörugjöld af bensíni og olíugjald. Vörugjöld af bensíni eru tvenns konar, annars vegar almennt vörugjald sem rennur í ríkissjóð og hins vegar sérstakt vörugjald sem rennur til vegamála. Olíugjald rennur einnig til vegamála og eru öll gjöldin föst fjárhæð á hvern lítra bensíns eða olíu. Gert er ráð fyrir að breyting verði gerð á fyrirkomulagi gjalda á öku-

tæki og eldsneyti en heildarskatttekjur af eldsneyti og ökutækjum haldi raungildi sínu. Bensínsala mun dragast saman um 1% að magni til og verða 210,5 milljónir lítra og olíusala dragast saman um 2% og nema tæpum 149 milljónum lítra samkvæmt söluspá fjármálaráðuneytisins fyrir árið 2009. Bensíngjöldin munu samkvæmt því nema samanlagt liðlega 9,8 milljörðum króna en olíugjald 7 milljörðum króna.

Áfengisgjald og tóbaksgjald. Reiknað er með 11,5% hækkun þessara gjalda í ársbyrjun 2009 og lítils háttar magnsamdrætti í sölu þessara vörutegunda. Áætlað er að áfengisgjald muni skila 8,9 milljörðum króna en tóbaksgjald 4,3 milljörðum króna.

Bifreiðagjald og kílómetragjald. Kílómetragjald er lagt á bifreiðir sem vega 10 tonn og þar yfir og rennur það til vegamála. Reiknað er með 11,5% hækkun gjaldskrár um kílómetragjald í ársbyrjun. Miðað er við að akstur dragist saman um 3% milli ára og að tekjur af kílómetragjaldi verði 1,5 milljarðar króna. Bifreiðagjöld taka einnig 11,5% hækkun og eru áætluð 5,4 milljarðar króna.

Aðrir neysluskattar og leyfisgjöld. Þessi liður nær yfir ýmis neyslu-, leyfis- og eftirlitsgjöld og er talinn munu skila 1,8 milljörðum króna sem er 2,9% hækkun frá áætlun þessa árs.

Aðrar rekstrartekjur. Áætlað er að aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs nemi alls tæpum 46 milljörðum króna 2009 sem er tveggja milljarða lækkun milli ára. Arðgreiðslur verða 2,1 milljarður 2009 sem er 0,5 milljarða hækkun. Vaxtatekjur eru áætlaðar 33,4 milljarðar og lækka um 3,2 milljarða frá áætlun 2008. Ýmis neyslu- og leyfisgjöld sem ekki teljast til skatta eru talin munu aukast úr 8,2 milljörðum árið 2008 í 8,7 milljarða króna á næsta ári.

Sala eigna. Gert er ráð fyrir að tekjur af sölu fasteigna, jarða og annarra eigna nemi 3,3 milljörðum króna árið 2009.

Fjárframlög. Gert er ráð fyrir að fjárframlög frá opinberum aðilum nemi 1,5 milljörðum króna á árinu 2009 og hækki alls um 9,8% milli ára.

3 Gjöld A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um áætluð heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs árið 2009, helstu áherslumál ríkisstjórnarinnar og skiptingu útgjalda hagrænt og eftir málaflokkum. Farið er yfir endurskoðaða áætlun um útgjöld á þessu ári og helstu breytingar sem horfur eru á að verði á þeim frá áformum fjárlaga. Í sérstökum köflum hér á eftir er fjallað ítarlegar um útgjöld einstakra ráðuneyta, málaflokka og verkefna. Þá er í þessum kafla farið yfir verðlagsforsendur útgjaldahliðar frumvarpsins og einnig er fjallað um framsetningu á fjárreiðum ríkisins. Vakin er athygli á því að í fyrra hefti frumvarpsins er fjallað um áætlun um ríkisútgjöldin til næstu fjögurra ára í kafla um rammafjárlög fyrir árin 2009 til 2012.

Verðlagsforsendur. Frumvarpið er sett fram á áætluðu verðlagi ársins 2009 í samræmi við spár fjármálaráðuneytisins um þróun efnahagsmála og mat á kostnaðaráhrifum af hækkun launa ríkisstarfsmanna og bóta almannatrygginga og annarra bótakerfa. Á þessu ári voru gerðir kjarasamningar við flest stéttarfélög innan ASÍ, BHM og BSRB. Samningarnir tóku í flestum tilvikum gildi í maí eða júní sl. og gilda fram til loka mars 2009. Fyrir liggur úrskurður Kjararáðs um sambærilegar hækkanir til embættismanna sem fá greidd laun samkvæmt ákvörðunum ráðsins. Á ársgrundvelli eru þessar hækkanir taldar hækka launakostnað ríkisins að meðaltali um 10% og hafa þær verið reiknaðar inn í fjárheimildir fjárlagafrumvarpsins. Launaforsendur frumvarpsins taka einnig mið af því að samkvæmt gildandi kjarasamningum verða engar frekari launahækkanir á næsta ári en að þeir renna hins vegar almennt út í lok mars n.k. Óvissa er um hækkanir í nýjum kjarasamningum sem gerðir verða í framhaldi af því. Í frumvarpinu er miðað við að launaliðir rekstraraðila sem fjármagnaðir eru úr ríkissjóði, þ.m.t. sjálfseignastofnana sem ríkissjóður fjármagnar, hækki almennt um 3% frá 1. apríl nk. Í frumvarpinu er ekki spáð fyrir um útkomu nýrra kjarasamninga á næsta ári en þó er gert ráð fyrir tæplega 2,5 milljarða kr. fjárheimild á liðnum *09-989 Launa- og verðlagsmál* til að mæta breytingum sem kunna að verða á þessum forsendum. Þar er um að ræða varúðarráðstöfun til að treysta betur forsendur frumvarpsins.

Í fjárlögum er hækkun á öðrum rekstrargjöldum en launum almennt miðuð við hækkun á vísitölu neysluverðs að frátöldum húsnæðislið hennar. Samkvæmt þjóðhagsspá ráðuneytisins verður hækkunin 11,5% milli áranna 2007 og 2008. Í fjárlögum 2008 var hins vegar reiknað með að verðlagshækkunin yrði 3,8%. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að vega að fullu upp þennan mismun á verðbólguspánni milli áranna 2007 og 2008 með því að bæta honum við hækkunina til ársins 2009, sem spáð er að verði 5,4%. Þetta felur í sér að önnur rekstrargjöld en laun og framlög sem eru tengd við vísitölu neysluverðs eru hækkuð óvenju mikið í frumvarpinu eða alls um 13,2%. Ekki er gengið út frá að sama hækkun eigi almennt við um sértekjur stofnana, eins og í fjárlagafrumvörpum undanfarinna ára, heldur er miðað

við að þær hækki einungis í samræmi við forsendu þjóðhagsspár um breytingu á neysluverði milli áranna 2008 og 2009. Í vissum málaflokkum, t.d. heilsugæslu, er gert ráð fyrir að gjaldskrár verði óbreyttar en í öðrum tilvikum, þar sem útseld vinna og þjónusta er verulegt hlutfall af fjármögnun stofnana, er gert ráð fyrir að gjaldskrár fylgi launahækkunum.

Í forsendum gjaldahliðar frumvarpsins hefur ekki tíðkast að spá fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla heldur hefur verið miðað við að gengi þeirra haldist óbreytt frá því í byrjun september á undan fjárlagaárinu. Miðað við forsendur fjárlaga 2008 hefur gengi krónunnar veikst verulega, eða um það bil 40%, gagnvart helstu Evrópumyntum en heldur minna gagnvart bandaríkjadal, eða um 31%. Þetta leiðir til hækkunar á fjárheimildum fjárlagaliða þar sem útgjöld eru greidd í erlendri mynt, en það á t.d. við um hluta útgjalda sendiráða og framlög og aðildargjöld til tiltekinna alþjóðasamtaka. Ef gengi krónunnar breytist á næsta ári frá þessum forsendum má gera ráð fyrir að fjárheimildir viðkomandi liða verði endurmetnar í samræmi við það og að gerðar verði tillögur um breytingar á þeim í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2009.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að bætur almannatrygginga hækki óvenju mikið um næstu áramót eða um 9,6%. Í samræmi við ákvæði laga um almannatryggingar miðast sú forsenda við þróun neysluverðs, sem spáð er að verði umfram launaþróun á árunum 2007 til 2009. Er þá jafnframt tekið tillit til hækkana á bótunum sem þegar eru komnar til framkvæmda á þessu ári. Áætlað er að nánast sama hækkun verði á atvinnuleysisbótum þótt þar sé tekið mið af krónutöluhækkunum lægstu launa samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði.

Ljóst er að meiri óvissa er en vanalega um forsendur frumvarpsins um þróun launa, gengis krónunnar og almenns verðlags. Gengi krónunnar hefur sigið mikið á þessu ári og er nú talið vera komið undir jafnvægismörk þannig að hreyfingar á því gætu haft talsverð áhrif á verðbólgustigið, auk þess sem kjarasamningar stéttarfélaga ríkisstarfsmanna verða lausir á næsta ári.

3.1 Heildaryfirlit gjalda

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2009 eru áætluð 507,4 milljarðar kr. og hækka um 73,2 milljarða kr. frá fjárlögum ársins 2008 eða um 16,9%. Aukningin skýrist að stærstum hluta af afar íþyngjandi áhrifum aukinnar verðbólgu, kjarasamninga við stéttarfélög ríkisstarfsmanna og gengislækkunar krónunnar á útgjaldahliðina í samræmi við þær forsendur sem getið er um hér fyrir framan. Þær hækkanir nema samtals 40,6 milljörðum kr. í frumvarpinu. Í fyrsta lagi er þar um að ræða um 11,4 milljarða kr. vegna endurmats á launaforsendum fjárlaga 2008 með hliðsjón af kjarasamningum sem gerðir hafa verið á þessu ári. Á ársgrundvelli eru launahækkanir ársins 2008 taldar leiða til um það bil 10% aukningar á launakostnaði ríkisins að meðaltali. Er þá meðtalin 2% hækkun í byrjun ársins sem kveðið var á um í nær öllum fyrri kjarasamningum. Þessu til viðbótar eru í öðru lagi launa- og verðlagshækkanir á útgjöldum frumvarpsins til næsta árs áætlaðar um 29,2 milljarðar

króna. Til samanburðar má nefna að ef allar slíkar hækkanir frumvarpsins hefðu verið 3% þá hefði hækkunin numið um 12 milljörðum króna. Hækkanir á bótum almannatrygginga, atvinnuleysisbótum og bótum til fjölskyldna, s.s. vegna fæðingarorlofs, barnabóta og vaxtabóta, vega hér þungt því þær nema alls um 8 milljörðum kr. Áhrifin af gengisfalli krónunnar eru einnig veruleg þar sem þau nema um 4,2 milljörðum kr. miðað við að gengið hefði haldist óbreytt frá forsendum fjárlaga 2008. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að hækka allar fjárveitingar til samgönguframkvæmda með tilliti til verðlagsþróunar á sama hátt og á við um önnur rekstrargjöld stofnana, eða um 13,2%. Við það aukast þau útgjöld um 3,5 milljarða kr. frá því sem annars hefði orðið.

Til viðbótar þessum launa- og verðlagshækkunum kemur fram talsverð raunaukning útgjalda í frumvarpinu. Þar vega þyngst ákvarðanir um að hrinda í framkvæmd mörgum áformum úr stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem fela í sér ýmsar veigamiklar útgjaldaskuldbindingar. Mest munar um málefni sem snúa að ákvörðunum um uppbyggingu á almannatryggingum, félagslegum bótum og menntamálum auk framkvæmda á vegum ríkisins, sérstaklega í samgöngumálum. Fjármálaráðuneytinu telst til að ný útgjöld sem falla til þegar á árinu 2009 vegna ýmissa slíkra sértækra ákvarðana sem heimfæra má á áform úr stefnuyfirlýsingunni nemi 14 milljörðum kr. á verðlagi ársins 2008. Því til viðbótar eru ýmsar aðrar fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingar sem greindar hafa verið sérstaklega við undirbúning frumvarpsins metnar á rúmlega 6 milljarða kr. þegar jafnframt hefur verið tekið tillit til framlaga til tímabundinna verkefna sem falla niður á næsta ári. Þar er t.d. um að ræða kerfislægan vöxt í skólakerfinu, námslánum, sjúkratryggingum, almannatryggingum og í þjónustu við sjúklinga, aldraða og fatlaða einstaklinga.

Þá er reiknað með að vaxtagjöld ríkissjóðs aukist verulega á næsta ári eða um nærri 13 milljarða kr. frá fjárlögum 2008 og verði um 34,7 milljarðar kr. Hækkunin skýrist að mestu af aukinni útgáfu ríkisbréfa og auknum lántökum erlendis í kjölfar sértækra aðgerða sem ákveðið var að grípa til á þessu ári til að styrkja gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans og til að styðja við vaxtamyndun á innlendum fjármagnsmarkaði. Á móti kemur að þessi fjármunir mynda inneignir í Seðlabankanum sem ríkissjóður hefur vaxtatekjur af þannig að áhrifin á rekstrarafkomuna eru mun minni.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um útgjöld ársins 2008 er reiknað með að þau verði 460,5 milljarðar kr. eða um 26 milljörðum kr. hærri en í áætlun fjárlaga og eru áhrif af kjarasamningum og gengisbreytingum yfirstandandi árs þá meðtalin. Aukning útgjaldanna til næsta árs miðað við þetta endurmat á árinu 2008 nemur því tæplega 46 milljörðum kr. Það svarar til 3,9% aukningar að raungildi ef útgjöld beggja áranna eru færð á sama verðlag miðað við verðvísitölu samneyslu.

Framsetning gjaldahliðar. Framsetning fjárlagafrumvarpsins er í samræmi við lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Það felur meðal annars í sér að útgjöldin í frumvarpinu eru eins og áður sett fram á rekstrargrunni og eru gjaldfærð á það ár þegar efnt er til skuld-

bindingar fremur en þegar greiðslur fara fram. Í meginatriðum er miðað við sömu reikningsskilareglur og hjá almennum fyrirtækjum að því frátöldu að fjárfestingar eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi þegar stofnað er til þeirra en eru ekki eignfærðar og afskrifaðar auk þess að beitt er verðbólguleiðréttum reikningsskilum á vaxtagjöld og lífeyrisskuldbindingar. Er framsetning ríkisfjármála í fjárlögum og ríkisreikningi til endurskoðunar hjá ríkisreikningsnefnd þar sem farið verður yfir reynsluna af núverandi framsetningu og gerðar tillögur um breytingar í ljósi reynslunnar og þarfa notenda upplýsinga um ríkisfjármál.

Gjöldin eru einnig sýnd á greiðslugrunni. Heildargreiðslur úr ríkissjóði eru áætlaðar 491,5 milljarðar króna en heildargjöld á rekstrargrunni eru 507,4 milljarðar samkvæmt frumvarpinu. Mismunurinn þar á milli er 15,9 milljarðar króna og skýrist einkum af fjórum liðum. Í fyrsta lagi eru afskrifaðar skattkröfur áætlaðar 10 milljarðar króna en þær eru færðar til gjalda í rekstrarreikninginn án þess að greiðslur komi úr ríkissjóði. Í öðru lagi er mismunur á gjaldfærðum og greiddum vöxtum af teknum lánum um 6,2 milljarðar kr. Í þriðja lagi er mismunur á greiddum og núvirtum vaxtamun vegna lána til leiguíbúða 1,7 milljarður kr. Í fjórða lagi eru greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga hærri en gjaldfærð skuldbinding og er mismunurinn -2,2 milljarðar kr. sem koma á móti hinum þremur.

Fjárveitingar til ráðuneyta, stofnana og verkefna á útgjaldahlið A-hluta frumvarpsins eru birtar í sundurliðun 2 á bls. 18. Þar koma fram heimiluð útgjöld einstakra viðfangsefna á rekstrargrunni en frá þeim dragast sértekjur þannig að samtölur ráðuneyta og fjárlagaliða sýna gjöld umfram sértekjur. Með sértekjum er átt við sölu ríkisaðila á vöru og þjónustu ásamt innbyrðis viðskiptum á milli þeirra innan A-hluta frumvarpsins. Í sundurliðun 2 kemur einnig fram áætluð fjármögnun útgjalda á árinu með beinum greiðslum úr ríkissjóði eða innheimtu ríkistekna sem færast á tekjuhlið frumvarpsins. Í sérstökum yfirlitum er heildarútgjöldum ríkissjóðs skipt í fyrsta lagi eftir helstu málaflokkum ríkisstarfseminnar og er sú skipting sýnd í séryfirliti 1 á bls. 180. Í öðru lagi er heildarútgjöldunum skipt í almennan rekstur, neyslu- og rekstrartilfærslur, viðhald og stofnkostnað. Er sú skipting kölluð hagræn skipting ríkisútgjalda og sýnd í séryfirliti 2 á bls. 185. Ekki eru að þessu sinni gerðar breytingar á flokkun útgjalda innan A-hluta sem hafa teljandi áhrif á samanburð heildarstærða á milli ára í þessum yfirlitum.

Í séryfirlitum á bls. 186 og 191 eru birt yfirlit yfir markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur ríkisstofnana úr tekjuhlið frumvarpsins auk þess að gerð er grein fyrir ráðstöfun teknanna til fjármögnunar á verkefnum á gjaldahliðinni. Þá er á bls. 197 yfirlit yfir lögbundin útgjöld ríkissjóðs. Nánari skýringar á mörkuðum tekjum, öðrum rekstrartekjum og lögbundnum framlögum er að finna í greinargerð með fjárlagafrumvörpum fyrri ára.

Horfur árið 2008. Útgjöld ríkissjóðs árið 2008 hafa verið endurskoðuð í ljósi breyttra forsendna og þróun efnahagsmála. Heildarútgjöld eru áætluð 460,5 milljarðar kr. en eru 434,2 milljarðar í fjárlögum. Er því áætlað að gjöldin verði um 26,3 milljörðum hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Í hækkun útgjaldanna frá fjárlögum vegur þyngst að horfur

eru á að vaxtagjöld ríkisins aukist um 9,6 milljarða kr. Það á rætur að rekja til aðgerða í efnahagsmálun sem fela í sér aukna útgáfu ríkisbréfa og erlenda lántöku. Gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af vaxtatekjum, arðgreiðslum og söluhagnaði eigna hækki um 500 m.kr. Skýrist það af auknum vaxtatekjum af innistæðu ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands vegna framangreindra aðgerða í efnahagsmálum og góðri rekstrarafkomu ríkisins undanfarin misseri. Fjármagnstekjuskatturinn færist einnig á tekjuhlið ríkissjóðs og hefur þessi breyting því ekki áhrif á afkomu ársins. Gengi íslensku krónunnar hefur lækkað mikið frá því sem miðað var við í forsendum fjárlaganna og er gert ráð fyrir að það leiði til 4,4 milljarða kr. hækkunar á útgjöldum sem greidd eru í erlendum gjaldmiðlum. Þegar fjárlög voru samþykkt var mikil óvissa um gerð kjarasamninga við opinbera starfsmenn. Nú hefur verið samið við flest félög og er gert ráð fyrir útgjaldaauka að fjárhæð 6,6 milljarða kr. á þessu ári vegna þeirra. Á launa- og verðlagslið fjárlaganna var gert ráð fyrir 4,3 milljarða kr. fjárheimild vegna þessarar óvissu um kjarasamninga og nemur því nettóhækkunin frá fjárlögum um 2,3 milljörðum kr. vegna þeirra. Í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í febrúar sl. voru bætur almannatrygginga hækkaðar um 4% til viðbótar við 3,3% hækkun í ársbyrjun. Það hefur í för með sér 2,4 milljarðs kr. útgjaldaauka á árinu. Bætur atvinnuleysistrygginga voru einnig hækkaðar og eru þau útgjöld metin á rúmlega 600 m.kr. Í yfirlýsingunni fólst einnig að eignaskerðingamörk vaxtabóta voru hækkuð um 35% og leiðir það til 700 m.kr. útgjaldauka á árinu 2008. Skerðingarmörk barnabóta voru sömuleiðis hækkuð og hefur það í för með sér rúmlega 400 m.kr. aukningu útgjalda. Þessu til viðbótar gerir endurskoðuð áætlun um fæðingarorlofssjóð ráð fyrir 760 m.kr. hærri útgjöldum en reiknað var með í fjárlögum. Þá vaxa útgjöld um 840 m.kr. vegna verðbóta á samninga um búvöruframleiðslu sem fylgja vísitölu neysluverðs. Í áætlunum um stofnkostnað er nú gert ráð fyrir 1 milljarða kr. viðbótarútgjöldum á þessu ári vegna smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju, sem ráðgert hafði verið að unnin yrði í einkaframkvæmd. Auk þess er gert ráð fyrir 450 m.kr. hærri kostnaði við lengingu Akureyrarflugvallar. Á móti vegur að horfur eru á að atvinnuleysi á þessu ári verði talsvert minna en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir og lækkar fjárveiting til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 3 milljarða kr. vegna þess. Samkvæmt nýjum áætlunum um útgjöld almannatrygginga, m.a. miðað við greiðslur það sem af er árinu, er einnig talið að þau hafi verið ofmetin sem nemur 1 milljarði kr. Talsverð óvissa hefur verið í þeim áætlunum vegna mikilla breytinga sem gerðar hafa verið á kerfinu undanfarin ár.

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2009. Ríkisstjórnin ákvað í maí sl. útgjaldaramma og markmið í ríkisfjármálum fyrir árið 2009. Var ákvörðun um útgjaldaramma byggð á langtímaáætlun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og tilteknum markmiðum um aðhald með aukningu útgjalda. Ráðuneytin forgangsröðuðu verkefnum sínum innan rammans og í ágúst voru forsendur ríkisfjármála endurmetnar í ljósi þróunar í ríkisfjármálum og efnahagsmálum á árinu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Reikningur 2006	Reikningur 2007	Fjárlög 2008	Áætlun 2008	Frumvarp 2009
Rekstrargjöld					
Laun	87.398	106.072	114.935	118.265	127.942
Lífeyrisskuldbindingar	4.052	19.933	5.002	5.002	5.284
Önnur gjöld	81.762	92.500	96.250	101.976	114.703
Sértekjur	-28.121	-30.314	-27.410	-27.729	-32.402
Rekstrargjöld samtals	**145.091**	**188.191**	**188.777**	**197.514**	**215.527**
Fjármagnskostnaður	**13.420**	**22.220**	**21.764**	**31.325**	**34.670**
Rekstrar- og neyslutilfærslur					
Lífeyristryggingar	30.899	37.873	45.030	45.858	53.854
Sjúkratryggingar	14.970	17.694	18.561	22.227	23.641
Fæðingarorlofssjóður	6.594	8.014	8.696	9.541	10.929
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	8.091	11.830	12.176	12.500	10.747
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	8.324	8.578	9.002	9.439	10.184
Barnabætur	5.374	7.888	8.800	8.970	10.100
Afskriftir skattkrafna	9.795	8.476	10.000	10.000	10.000
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	6.148	6.861	8.065	8.328	9.689
Atvinnuleysistryggingasjóður	3.360	2.643	7.255	4.765	8.343
Vaxtabætur	5.472	5.633	5.880	6.592	7.770
Lánasjóður íslenskra námsmanna	4.050	4.804	5.938	5.938	7.723
Framlag til sókna og kirkjugarða	2.918	3.523	3.781	3.781	4.287
Ríkisútvarpið	2.483	2.834	2.916	2.977	2.945
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	951	2.773	2.926	2.893	2.611
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	21.118	27.026	28.083	29.444	32.231
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**130.547**	**156.449**	**177.110**	**183.253**	**205.054**
Viðhald					
Vegakerfi	2.405	3.104	3.350	3.350	4.914
Annað	2.494	3.247	3.101	3.132	3.574
Viðhald samtals	**4.899**	**6.350**	**6.451**	**6.481**	**8.488**
Fjárfesting					
Vegakerfi	6.714	10.606	22.537	22.537	25.313
Hafnarframkvæmdir	983	839	2.098	3.112	2.488
Háskólar og framhaldskólar	479	2.197	1.821	1.821	2.140
Heilbrigðisstofnanir	1.024	1.791	1.963	1.863	1.897
Flugvellir	518	441	1.973	2.432	422
Annað	4.720	8.439	9.739	10.185	11.416
Fjárfesting samtals	**14.438**	**24.312**	**40.130**	**41.949**	**43.676**
Gjöld samtals	**308.395**	**397.522**	**434.232**	**460.522**	**507.414**

Rekstrargjöld. Með rekstrargjöldum er átt við laun og önnur rekstrargjöld vegna kaupa á vörum og þjónustu í A-hluta ríkissjóðs að frádregnum sértekjum. Er hér um að ræða eiginlegan rekstur ríkissjóðs t.d. rekstur mennta- og heilbrigðisstofnana og kaup ríkis-

ins á þjónustu af einkaaðilum og sjálfseignastofnunum svo sem vegna reksturs hjúkrunarheimila. Rekstrargjöld ársins 2009 eru áætluð 215,5 milljarðar kr. og hækka um 18 milljarða kr. frá áætlaðri útkomu ársins 2008 eða um 9%. Ef rekstrargjöld beggja áranna eru færð á sama verðlag með verðvísitölu samneyslu jafngildir þetta 2,9% hækkun að raungildi. Ef einnig er leiðrétt fyrir breytingum á milli ára í óreglulegum rekstrarliðum, lífeyrisskuldbindingum og fjármagnstekjuskatti sem ríkissjóður greiðir, þá er hækkunin 3,4% á þennan mælikvarða. Hækkun rekstrargjalda er mest í heilbrigðismálum og öldrunarþjónustu vegna starfsemi sjúkrastofnana, heilsugæslu og öldrunarstofnana eða samtals um 7,6 milljarða kr. Rekstrarkostnaður menntakerfisins vegna háskóla, rannsókna og framhaldsskóla eykst samtals um 3,3 milljarða kr. Útgjöld vegna reksturs á sviði löggæslu- og öryggismála hækkar um 1,6 milljarða kr. en nokkur hluti af því tengist úthaldi á nýju varðskipi og nýrri flugvél fyrir Landhelgisgæsluna frá miðju næsta ári. Loks má nefna að rekstrarútgjöld stofnana fyrir fatlaðra hækka um tæplega 1 milljarð kr. Eins og áður segir stafar verulegur hluti af aukningu rekstrarkostnaðarins af launa- og verðlagshækkunum til næsta árs.

Sértekjur eru greiðslur fyrir veitta þjónustu eða vörur sem ríkisstofnanir í A-hluta selja á markaðslegum forsendum. Einnig falla hér undir innbyrðis viðskipti aðila í A-hluta. Sértekjur hækka um 4,7 milljarða króna frá áætlaðri útkomu 2008 og eru taldar verða rúmlega 32 milljarðar í frumvarpinu. Í þeirri aukningu vegur þyngst rúmlega 1,8 milljarða kr. hækkun sértekna í rekstri Vegagerðarinnar sem skýrist af aukinni innbyrðis sölu milli þeirra tveggja fjárlagaliða sem starfsemi stofnunarinnar er skipt á í fjárlögum. Á móti koma því jafn há rekstrargjöld. Tekjur Fasteigna ríkissjóðs af húsaleigu aukast einnig um ríflega 1,2 milljarða kr. sem stafar aðallega af aukinni veltu vegna fjölgunar eigna í umsjón stofnunarinnar, þar með talinna fasteigna sem áður voru í umsjón heilbrigðisráðuneytisins, auk hækkunar á húsaleigu. Aðrar breytingar eru minni og skýrast að mestu af verðlagsbreytingum í samræmi við forsendur frumvarpsins.

Neyslu- og rekstrartilfærslur. Undir þennan flokk útgjalda falla almannatryggingar, beinar greiðslur til bænda og aðrar greiðslur samkvæmt samningum um búvöruframleiðslu og aðrar tekjutilfærslur til einstaklinga. Hér er einnig um að ræða rekstrartilfærslur til fyrirtækja, sveitarfélaga og ríkisaðila utan A-hluta ríkissjóðs svo sem til fyrirtækja í B-hluta og lánasjóða í C-hluta. Samtals eru neyslu- og rekstrartilfærslur áætlaðar um 205 milljarðar kr. á árinu 2009 og hækka um 21,8 milljarða kr. frá áætlaðri útkomu ársins 2008 eða sem nemur um 11,5%. Raunaukning tilfærslna telst vera 5,5% miðað við útgjöldin séu reiknuð á fast verðlag með verðvísitölu samneyslu. Ef einnig er leiðrétt fyrir breytingum á milli ára í óreglulegum tilfærsluliðum, afskriftum skattkrafna, framlögum í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og atvinnuleysisbótum, þá reynist raunhækkunin vera 6,3% á þennan mælikvarða. Stærstur hluti hækkunarinnar frá áætlun ársins 2008 er vegna aukinna útgjalda almannatryggingakerfisins, eða samtals um 10,4 milljarðar kr. eða tæplega 17%. Sú aukning er að mestu

vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar um ýmsar breytingar á lögum um almannatryggingar, sem flestar hafa þegar tekið gildi og fela m.a. í sér að dregið er verulega úr tekjutengingum og að frítekjumörk hækka. Einnig má nefna að teknar eru upp sérstakar viðbótargreiðslur til þeirra sem eru undir tilteknum tekjumörkum. Þá vegur einnig þungt 4% hækkun bóta frá 1. febrúar sl. til viðbótar við 3,3% hækkun í byrjun þessa árs samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar í kjölfar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði sem gerðir voru í febrúar sl. Auk þess er gert ráð fyrir að bæturnar verði hækkaðar um 9,6% í byrjun næsta árs. Þá hækka framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 3,6 milljarða kr. frá yfirstandandi ári en að hluta skýrist það af því að áætlun um þau framlög hefur verið lækkuð fyrir árið 2008 í samræmi við endurskoðaða spá um atvinnuleysi á árinu. Að öðru leyti er um að ræða kostnaðaráhrif af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að hækka atvinnuleysisbætur með hliðsjón af hækkun lágmarkslauna í almennum kjarasamningum. Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækkar um 1,8 milljarð kr., eða um 25%, á grundvelli endurskoðaðrar áætlunar um útlán til námsmanna og framlagsþörf úr ríkissjóði. Þar gætir áhrifa af nýjum úthlutunarreglum og mikilli fjölgun lánsumsókna auk gengisbreytinga. Útgjöld sjúkratrygginga hækka um 1,4 milljarða kr. Er það aðallega vegna hækkunar á kostnaði við lyf og hjálpartæki en í áætlun um útkomu þessa árs hefur þegar verið reiknað með um 1,2 milljarða kr. hækkun. Greiðslur í Fæðingarorlofssjóð hækka einnig um 1,4 milljarða kr. einkum vegna umtalsverðrar fjölgunar í fæðingum barna. Barnabætur hækka um 1,1 milljarð kr. einkum vegna þess að skerðingarmörk voru hækkuð í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Vaxtabætur vegna húsnæðislána aukast um 1,2 milljarð kr. að mestu vegna 35% hækkunar á eignaskerðingarmörkum þeirra sem ákveðin var af sama tilefni. Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga lækkar um 1,7 milljarða kr. frá áætlun fyrir árið 2008, sem skýrist aðallega af því að tímabundin framlög falla niður og að lögboðið framlag miðað við hlutdeild í skatttekjum ríkisins stendur nánast í stað. Loks er gert ráð fyrir 590 m.kr. fjárheimild hjá fjármálaráðuneytinu til að mæta því að greiddar verða allt að 25 þús. kr. mánaðarlegar uppbætur á eftirlaun þeirra ellilífeyrisþega sem fá minna en það greitt úr lífeyrissjóðum. Við þetta munu viðmiðunartekjur ellilífeyrisþega hins vegar hækka þannig að gert er ráð fyrir að útgjöld lífeyristrygginga lækki á móti um samtals 265 m.kr.

Fjármagnskostnaður. Áætlað er að gjaldfærðir áfallnir vextir af skuldum ríkissjóðs verði 34,7 milljarðar kr. á næsta ári en þeir eru áætlaðir 21,8 milljarðar í fjárlögum og 31,3 milljarður kr. í endurskoðaðri áætlun fyrir yfirstandandi ár. Hækkun vaxtagjaldanna er fyrst og fremst til komin vegna aukinnar útgáfu ríkisins á ríkisbréfum og erlendri lántöku í tengslum við aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, sem miða að því að stækka gjaldeyrisvaraforða Seðlabanka Íslands og að styðja við vaxtamyndun á innlendum fjármagnsmarkaði

Viðhaldsverkefni. Framlög til viðhaldsverkefna aukast um rúmlega 2 milljarða kr. frá fjárlögum. Annars vegar er um að ræða viðhald á vegakerfinu sem hækkar um rúman 1,5 milljarð kr. með hliðsjón af áætlunum í viðauka við samgönguáætlun fyrir árin 2007 - 2010 auk verðlagshækkana. Hins vegar hækkar kostnaður við annað viðhald um rúmlega 400 m.kr. Þar er annars vegar um að ræða um 800 m.kr. hækkun á viðhaldi bygginga sem falla undir Fasteignir ríkissjóðs, en sá kostnaður er fjármagnaður með leigutekjum frá ríkisstofnunum, og hins vegar álíka mikla lækkun á nokkrum öðrum viðhaldsliðum.

Stofnkostnaður og fjármagnstilfærslur eru áætlaðar 43,7 milljarðar kr. og hækka um 1,7 milljarð kr. frá áætlun ársins. Hér er fyrst og fremst um að ræða aukningu verkefna í samgöngumálum sem taka mið af áætlunum í viðauka við samgönguáætlun fyrir árin 2007 - 2010, fjárheimild til niðurgreiðslu vaxta af leiguíbúðum og fjármuni til að ljúka smíði varðskips fyrir Landhelgisgæsluna. Stórfelld aukning var gerð á fjárveitingum til samgönguframkvæmda í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár og í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að það framkvæmdastig haldist áfram álíka hátt og að heildarfjárfestingar ríkisins svari til um 2,8% af áætlaðri landsframleiðslu næsta árs.

3.2 Útgjöld til rannsókna-, þróunar og nýsköpunar

Heildarútgjöld til rannsókna og þróunar voru um 2,8% af vergri landsframleiðslu við síðustu mælingu Rannsóknamiðstöðvar Íslands sem fór fram 2006 vegna ársins 2005. Þetta er hátt hlutfall í samanburði við önnur lönd. Hlutfallið hefur þó lækkað en það komast hæst í 3%. Skýringin liggur í örum vexti landsframleiðslunnar síðustu árin sem aukning framlaga til þessar mála hefur ekki haldið alveg í við. Að raungildi hafa fjárhæðir hækkað umtalsvert. Um það bil helmingur útgjalda til rannsókna og þróunar hér á landi er fjármagnaður og framkvæmdur af ríkinu. Þetta er mun hærra hlutfall en í löndum sem við viljum bera okkur saman við og hefur áhrif á áherslur í rannsóknum og þróunarstarfsemi. Eitt af markmiðum Vísinda- og tækniráðs er að auka hlut fyrirtækja á þessu sviði.

Eftirfarandi umfjöllun er byggð á upplýsingum og úrvinnslu Rannsóknarmiðstöðvar Íslands sem hefur tekið saman upplýsingar um þróun á þessu svið allt frá árinu 1993. Svipuð umfjöllun og sú sem hér fer á eftir var síðast í fjárlagafrumvarpi 2007. Sá munur er á umfjölluninni að þá var lögð áhersla á að greina frá umsvifum ríkisaðila á sviði rannsókna og þróunar en hér verður athyglinni beint að þeim hluta umsvifanna sem fjárveitingar úr ríkissjóði standa undir.

Rannsóknamiðstöð Íslands áætlar að fjárveitingar til þessara mála hækki um rúmlega 3 milljarða kr. samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2009 frá fjárlögum 2008. Engin dæmi eru um jafn mikla hækkun áður en að hluta til er hún vegna verðlags- og launaþróunar. Mest er hún hjá stofnunum menntamálaráðuneytisins, 2 milljarðar kr. Ríkisframlög hækka hjá öllum ráðuneytum eins og fram kemur í töflu. Rétt er í því sambandi að vekja athygli á að tölur fyrir árin 2000 til 2006 eru ekki að öllu leyti samanburðarhæfar við síðari ár þar sem þær

hafa ekki verið leiðréttar í samræmi við flutning verkefna milli ráðuneyta á árinu 2008. Mestu munar að sjávarútvegsráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti voru sameinuð og skólar fluttir frá landbúnaðarráðuneytinu yfir til menntamálaráðuneytisins. Þá voru Skógrækt ríkisins og Landgræðsla ríkisins fluttar til umhverfisráðuneytisins frá landbúnaðarráðuneytinu.

Verðlag hvers árs, m.kr.	Reikn. 2000	Reikn. 2002	Reikn. 2004	Reikn. 2006	Reikn. 2007	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Menntamálaráðuneyti	3.594	4.740	4.788	5.666	7.589	8.011	10.442
Sjávarútvegsráðuneyti	1.032	1.073	1.260	1.678	0	0	0
Landbúnaðarráðuneyti	405	485	434	540	1.975	2.145	2.313
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	514	747	946	1.096	1.198	1.205	1.384
Iðnaðarráðuneyti	266	314	483	782	813	1.024	1.210
Umhverfisráðuneyti	312	432	369	393	431	481	586
Forsætisráðuneyti	48	82	79	27	34	62	70
Samgönguráðuneyti	62	203	56	60	59	56	63
Önnur ráðuneyti	52	69	62	62	68	69	78
Fjárveitingar ríkisins	**6.286**	**8.145**	**8.477**	**10.304**	**12.165**	**13.053**	**16.148**

Mestu hækkanirnar eru til Háskóla Íslands og annarra háskóla en sjóðir sem styðja við rannsóknir og þróun hækka einnig. Af þeim 16,1 milljarði kr. sem áætlað er að verði varið til rannsókna og þróunar af ríkisfé er gert ráð fyrir að háskólarnir verji 7 milljörðum kr. eða 44%. Áætlað er að ríkið leggi öðrum stofnum sínum en skólum til 4,7 milljarða kr. vegna rannsókna. Til viðbótar kemur að Rannsóknamiðstöð Íslands og sjóðir í vörslu hennar fá 2,2 milljarða kr. Mismunurinn rennur til þátttöku í rammaáætlun Evrópusambandsins og ýmissa annarra sjóða og verkefna. Yfirlit yfir þróun þessara liða er í töflu en taka ber fram að tölur eru ekki að öllu leyti samanburðarhæfar milli ára þar sem ekki hefur verið leiðrétt fyrir tilflutningi verkefna.

Verðlag hvers árs, m.kr.	Reikn. 2000	Reikn. 2002	Reikn. 2004	Reikn. 2006	Reikn. 2007	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Menntastofnanir	2.484	3.366	3.290	4.052	5.280	5.268	7.089
Opinberar rannsóknastofnanir	1.287	1.849	1.825	2.194	2.325	2.409	2.724
RANNIS og sjóðir vistaðir þar	608	683	860	1.357	1.553	1.874	2.213
Rannsóknastofnanir atvinnuveganna	1.343	1.435	1.553	1.733	1.660	1.719	1.942
Alþjóðlegar stofnanir, annað erlent	284	439	429	467	536	667	1.026
Sjóðir aðrir en í vörslu RANNIS	79	153	254	249	637	791	804
Áætlanir og verkefni	201	220	265	252	174	324	350
Samtals	**6.286**	**8.145**	**8.476**	**10.304**	**12.165**	**13.052**	**16.148**

Fjárveitingar til rannsókna og þróunar eru flokkaðar á rannsóknasvið samkvæmt staðli OECD. Þótt margar stofnanir og sjóðir sinni fleiri en einu sviði er fjárveitingum þeirra ekki skipt enda þótt til séu aðferðir við að flokka nákvæmar en staðallinn segir til um. Flokkunin

er þó talin gefa all góða vísbendingu um áherslur. Fjárveitingar háskólanna falla undir almenna þróun vísinda og þær vega þyngst auk fjárveitinga til samkeppnissjóða í rannsóknum og rannsóknum á sviði sjávarútvegsmála. Fjárveitingar aðila sem stunda helst rannsóknir á félags- og mannvísindasviði flokkast sem félagsleg þjónusta.

Verðlag hvers árs, m.kr.	Reikn. 2000	Reikn. 2002	Reikn. 2004	Reikn. 2006	Reikn. 2007	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Almenn þróun vísinda	2.388	3.275	3.163	3.514	4.707	4.848	6.587
RANNIS og sjóðir	608	683	864	1.363	1.560	1.881	2.220
Fiskveiðar	832	900	881	1.086	1.871	2.029	2.189
Félagsleg þjónusta	652	836	928	1.147	1.210	1.402	1.808
Heilsuvernd	505	825	905	1.075	1.198	1.205	1.384
Umhverfismál	243	279	316	334	355	409	508
Orkumál	126	162	145	150	186	213	263
Iðnaður	176	210	317	427	164	182	216
Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi	487	606	651	923	669	503	561
Óskilgreint	106	111	139	193	141	170	188
Ýmsir sjóðir sem styrkja rannsóknir	73	26	97	17	18	128	141
Samgöngur og skipulag	90	232	71	77	86	83	83
Samtals	**6.286**	**8.145**	**8.477**	**10.306**	**12.165**	**13.053**	**16.148**

3.3 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta

Í frumvarpinu er áætlað fyrir útgjöldum til málefna upplýsingasamfélagsins í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin hefur markað stefnu í þriðja sinn um upplýsingasamfélagið, nú fyrir árin 2008 til 2012 undir kjörorðinu *Netríkið Ísland*. Framtíðarsýnin er að Íslendingar verði meðal fremstu þjóða í rafrænni þjónustu og nýtingu upplýsingatækni. Unnið verður að einföldun og nútímavæðingu stjórnsýslunnar, aukinni notkun á upplýsingatækni til að bæta opinbera þjónustu, aukinni skilvirkni og einföldun í samskiptum á milli almennings og stjórnvalda.

Netríkið Ísland vísar til þess að ríkið vinni sem ein heild eða eitt samhæft net en slík samhæfing er lykilatriði til að bæta megi opinbera þjónustu, auka skilvirkni og stuðla að öflugri framþróun. Slíkt felur í sér möguleikann á aðgengi að öllum eyðublöðum opinberra aðila á vefslóðinni *www.island.is* og einstaklingsmiðuðum aðgangi að persónulegum gögnum. Helstu verkefni ráðuneyta og markmið eru að samræma heildarskipulag og einfalda stjórnsýsluna með því að tryggja skilvirk, samræmd og örugg samskipti milli upplýsingakerfa ríkisins, að staðla og samræma rafræna stjórnsýslu, að vakta þróun upplýsingasamfélagsins og fleira. Aukin þjónusta væri meðal annars í formi sjálfsafgreiðslu þar sem því verður við komið, til dæmis umsóknir, vottorð, tilkynningar, tímapantanir, gagnaskil og fleira sem snýr að samskiptum við opinbera aðila. Mikilvægt er að efla aðgengi að rafrænni opinberri stjórnsýslu sem leiðir til sparnaðar í tíma og fjármunum einstaklinga og fyrirtækja. Leiðarljós fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar árin 2008 til 2012 er: Notendavæn og skilvirk þjónusta - engar biðraðir. Verkefni sem stuðla að þessu eru m.a. umsóknir um

styrki, tilkynning um búferlaflutninga og fæðingavottorð hjá Þjóðskrá, þinglýsingar og veðbókarvottorð, sakavottorð, lögreglustöð á netinu og fleira. Önnur verkefni eru að vakta þróun upplýsingasamfélagsins meðal annars með samanburði við önnur ríki, þróun innlendra mælikvarða, könnunum og kynningum, að efla notkun upplýsingatækni í námi og kennslu, að setja af stað tilraunarverkefni með rafrænar sveitarstjórnarkosningar í tveimur sveitarfélögum árið 2010 ásamt fleiru. Framþróun þessara mála er mikilvæg til þess að efla samkeppnishæfni netríkisins sem byggist á virku lýðræði, góðri menntun og öflugu atvinnulífi.

Rekstrargrunnur, m.kr.		Frumvarp 2009
01-996-6.51	**Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta**	
	Mínar síður á Ísland.is	10,0
	Vefir ráðurneyta verði fyrirmyndarvefir	4,0
	Opinberir vefir uppfylli skilyrði um aðgengi fatlaðra (A-vottun)	3,0
	Bakland rafrænnar stjórnsýslu verði styrkt	5,0
	Stöðlun og samræming í rafrænni stjórnsýslu	5,0
	Skilvirk, samræmd og örugg samskipti milli upplýsingakerfa ríkisins	18,0
	Ryðja úr vegi hindrunum fyrir rafrænni þjónustu	5,0
	Vakta þróun upplýsingasamfélagsins	5,0
02-101-1.01	**Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**	
	Umsóknir um styrki á vegum menntamálaráðuneytis	3,0
02-299-1.80	**Háskóla og rannsóknastarfsemi, vísindastarfsemi**	
	Framtíðarskipan gagnagrunna á Íslandi	4,0
02-299-1.90	**Háskóla og rannsóknarstarfsemi, háskólastarfsemi**	
	Námsferill frá grunnskóla til háskóla	6,0
02-319-1.11	**Framhaldsskólar, sameiginleg þjónusta**	
	Notkun UT í námi og kennslu verði efld, UT-leiðtogar	10,0
	Stafrænt námsefni fyrir grunn- og framhaldsskóla	5,0
02-451-1.41	**Íslenskukennsla fyrir útlendinga**	
	Tungumálatorg skólanna	2,0
02-999-1.98	**Ýmis framlög menntamálaráðuneytis**	
	Árvekniþjónusta á bókasöfnum	6,0
03-101-1.01	**Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**	
	Þjónustuveita fyrir diplómata, ræðismenn og friðargæsluliða	2,0
	Samvinnuvettvangur um þýðingar og nýyrði á sviði alþjóðaþýðinga	3,0
04-190-1.98	**Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis**	
	Tilboð í tollkvóta fyrir kjöt, kjötvörur og osta	2,0
06-106-1.01	**Þjóðskrá**	
	Tilkynning um búferlaflutninga, fæðingarvottorð o.fl. hjá Þjóðskrá	20,0
	Minnt verði á endurnýjun skilríkja, t.d. vegabréfa og ökuskírteina	2,0
06-301-1.05	**Ríkissaksóknari**	
	Sakavottorð	2,0
06-303-1.01	**Ríkislögreglustjóri**	
	Lögreglustöð á netinu, m.a. tilkynningar til lögreglu	5,0

Rekstrargrunnur, m.kr.		Frumvarp 2009
07-190-1.90	**Félagsmálaráðuneyti, ýmis verkefni**	
	Rafrænn samskiptavettvangur ráðuneytis og stofnana þess	10,0
	Auðlesið og erlent mál	2,0
07-821-1.01	**Tryggingastofnun ríkisins**	
	Tryggur, þjónustuvefur Tryggingastofnunar ríkisins	20,0
08-373-6.01	**Landspítali, tæki og búnaður**	
	Kvikan, vefur sjúklinga og aðstandenda	8,0
08-397-1.01	**Lyfjastofnun**	
	Aðgengi að samræmdri lyfjaskrá	6,0
08-399-6.91	**Heilbrigðismál, upplýsingatæknimál**	
	Aukin hagnýting upplýsingatækni í heilbrigðisráðuneyti, eyðublöð verða rafræn	3,0
	Upplýsingar um rétt til afsláttar í heilbrigðisþjónustunni	9,0
08-506-1.01	**Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu**	
	Rafræn samskipti við skjólstæðinga heilsugæslustöðvar o.fl.	10,0
09-999-1.90	**Fjármálaráðuneyti, ýmis verkefni**	
	Þjónusta fyrir rafræna auðkenningu og rafrænar greiðslur	10,0
09-999-1.94	**Fjármálaráðuneyti, þróunarmál í upplýsingatækni**	
	Þinglýsingar, veðbókarvottorð o.fl.	25,0
	Stofnun fyrirtækis og breytingar á fyrirtækjaskrá	8,0
	Sending staðfestra afrita af skattframtölum	3,0
	Rafræn samskipti skjalakerfa ríkisins	9,0
	Samnýta og samhæfa miðlægar skrár, t.d. þjóðskrá, fyrirtækjaskrá o.fl.	5,0
	Innleiðing rafrænna skilríkja í samskiptum við opinbera aðila	6,0
	Allar greiðslur af hálfu ríkisins verði rafrænar	3,0
10-190-1.98	**Ýmis framlög samgönguráðuneytis**	
	Rafræn eyðublöð stofnana samgönguráðuneytis	10,0
	Tilraun með rafrænar sveitarstjórnarkosningar í 2 sveitarfélögum 2010	7,0
11-205-1.01	**Nýsköpunarmiðstöð Íslands**	
	Gagnvirk þjónustumiðstöð fyrir einst./fyrirt. um stofnun, rekstur fyrirtækja	3,0
12-190-1.90	**Viðskiptaráðuneyti, ýmis viðskipta- og bankamál**	
	Þarfagreining á umhverfi rafrænna viðskipta á Íslandi í alþjóðas.	3,0
	Aðlaga íslenskt viðskiptaumhverfi að alþjóðlegum stöðlum og reglum	3,0
12-431-1.01	**Einkaleyfastofan**	
	Umsóknir um vörumerki, hönnun, einkaleyfi, greiðslur hjá ELS	5,0
14-310-1.01	**Landmælingar Íslands**	
	Samræma og samnýta skrár sem innihalda landupplýsingar	5,0
	Samtals	**300,0**

Gert er ráð fyrir útgjöldum á fjárlagaliðum viðkomandi aðila sem annast verkefnin. Verkefnin eru samþykkt af verkefnisstjórn á vegum forsætisráðuneytisins og fjármögnuð með sérstakri fjárveitingu sem stjórnin skiptir niður á umsóknir. Verkefnisstjórnin skipti samtals 300 m.kr. til upplýsingaverkefna í frumvarpinu.

3.4 Safnliðir

Alþingi ákveður fjárframlög til einstakra verkefna og stofnana og verður þeim ákvörðunum ekki breytt nema með lögum. Nauðsynlegt er þó fyrir framkvæmdarvaldið að hafa ákveðinn sveigjanleika innan ársins til að mæta breytingum á forsendum frá samþykkt fjárlaga og færa fjárheimildir á þá fjárlagaliði þar sem stofnað er til þeirra. Þannig eru í frumvarpinu tilteknir safnliðir með óskiptum fjárheimildum sem venja hefur verið að ráðstafa innan ársins með millifærslu á aðra fjárlagaliði án þess að sækja þurfi til þess heimild Alþingis enda er heildarfjárheimild óbreytt eftir sem áður. Í lok greinargerðar um hvert ráðuneyti í skýringum með frumvarpinu er yfirlit yfir slík viðfangsefni með óskiptum fjárheimildum sem ætlaðar eru til að mæta ýmsum sameiginlegum eða ófyrirséðum kostnaði tiltekinna verkefna. Fjárheimildir eru millifærðar af þessum viðfangsefnum á önnur viðfangsefni þar sem viðkomandi kostnaður er gjaldfærður miðað við framvinduna innan ársins. Eru millifærslurnar í samræmi við þær forsendur og þau verkefni sem liðirnir ná yfir. Má þar t.d. nefna safnliði vegna fjárfestinga, launa- og verðlagsbreytinga, sameiginleg útgjöld vegna heimildagreinar fjárlaga, ráðstöfunarfé ráðherra og safnliði fyrir vissa flokka samstæðra stofnana til að mæta breytingum á forsendum um nemendafjölda eða nýtingu hjúkrunarrýma o.fl. Verði breytingar á forsendum, t.d. um nýtingu hjúkrunarrýma, er millifært af viðkomandi safnlið á viðkomandi hjúkrunarheimili ef nýtingin er meiri en af hjúkrunarheimilinu á safnliðinn ef nýtingin reynist minni en áætlað var í fjárlögum. Samkvæmt 37. gr. fjárreiðulaga er heimilt að flytja fjárheimildir á milli einstakra rekstrarviðfangsefna hvers ríkisaðila í A-hluta. Er heimildin til komin þar sem áætlanir geta breyst um hvernig verkefni skipast innan hverrar stofnunar og ekki talin ástæða til að leggja hvert slíkt tilvik fyrir Alþingi. Ekki er um að ræða að heimilt sé að millifæra fjárheimildir ef t.d. verkefni er fært frá einni stofnun til annarrar eða ef áformað er að nota ónýtta stofnkostnaðarheimild til reksturs. Í slíkum tilvikum er sótt um breytingu til Alþingis í fjáraukalögum. Ekki er um að ræða breytingu á þeirri framkvæmd sem verið hefur undanfarin ár. Var í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 í fyrsta sinn birt yfirlit yfir millifærsluliði hjá hverju ráðuneyti en ekki þótti nægjanlega skýrt við samþykkt fjárlaga hve víðtækar heimildir framkvæmdarvaldið hefði í þessum efnum. Fjárveitingavaldið er í höndum Alþingis og því eðlilegt að við afgreiðslu fjárlaga liggi fyrir hvert svigrúm framkvæmdarvaldsins er til að millifæra fjárheimildir á milli fjárlagaliða innan ársins.

Fjármálaráðuneytið hefur gert viðmiðunarreglur um millifærslur fjárheimilda innan ársins og eru þær eftirfarandi:

Samkvæmt 37. gr. fjárreiðulaga er heimilt að flytja fjárheimild milli einstakra rekstrarverkefna innan stofnunar enda séu verkefnin skilgreind í fjárlögum. Með ákvæðinu er komið á móts við sjónarmið um aukinn sveigjanleika stofnana til ráðstöfunar fjármuna sinna. Einnig eru í fjárlögum óskiptir safnliðir sem hafa verið notaðir til að mæta ýmsum sameiginlegum kostnaði og millifært er af milli fjárlagaliða. Er í fjárlagafrumvarpi birtur listi yfir þá liði. Tilvik, sem fela í sér greiðslu kostnaðarhlutdeildar, kaup eða sölu þjónustu

milli verkefna, skulu hins vegar gerð með útgáfu reiknings sem færist til gjalda og tekna í bókhaldi á viðkomandi verkefni. Hvert ráðuneyti ber ábyrgð á millifærslu fjárheimilda samkvæmt reglum þessum og að fjárheimildir séu fyrir hendi en fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með millifærslunum og heldur skrá með skýringum um einstakar millifærslur.

1. Alþingi ákvarðar fjárheimildir einstakra fjárlagaliða og verkefna í fjárlögum, fjáraukalögum og lokafjárlögum.

2. Eftir afgreiðslu fjárlaga er heimilt að millifæra fjárheimildir innan fjárlagaársins á milli einstakra rekstrarverkefna hvers ríkisaðila í A-hluta enda séu verkefnin tilgreind í fjárlögum, sbr. 37. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

3. Sé talið nauðsynlegt að millifæra fjárheimildir á fjárlagalið eða viðfangsefni, sem ekki eru tilgreind í fjárlögum og stofna nýjan fjárlagalið eða viðfangsefni innan ársins, skal Fjársýsla ríkisins hafa samráð við fjárlagaskrifstofu um það.

4. Óheimilt er að millifæra fjárheimildir á milli framkvæmdaviðfangsefna (stofnkostnaðar- og viðhaldsviðfangsefna) og rekstrarviðfangsefna, sbr. lið 2, nema Alþingi veiti heimild til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

5. Tilteknir fjárlagaliðir og viðfangsefni eru skilgreind sem safnliðir með óskiptri fjárheimild og er þeim ætlað að mæta ýmsum kostnaði við sameiginleg verkefni ráðuneyta eða samstæðra stofnana. Sumir safnliðir fjárlaga eru ætlaðir til að millifæra fjárheimildir til stofnana þar sem framlög til þeirra eru ákvörðuð miðað við tilteknar forsendur um þjónustu eða framleiðslu og endanleg fjárheimild á að ráðast af uppgjöri á því magni þjónustu sem veitt er, svo sem fjölda nemenda eða legurýma. Heimilt er að millifæra fjárheimildir innan ársins af slíkum safnliðum til viðkomandi verkefna í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna eins og tilgreint er í fjárlagafrumvarpi.

6. Viðfangsefni fjárlaga, sem flokkast sem safnliðir, skulu einvörðungu notaðir til að flytja heimildir innan ársins á viðkomandi viðfangsefni þar sem efnt er til útgjaldanna og þau eru gjaldfærð. Sjálfir liðirnir skulu ekki notaðir til að færa gjöld eða tekjur í bókhaldi.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld og fjármögnun æðstu stjórnar ríkisins breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	3.054,4	3.203,4	3.528,2	10	16
Neyslu- og rekstrartilfærslur	71,0	67,9	66,8	-2	-6
Stofnkostnaður og viðhald	290,8	381,1	69,6	-82	-76
Samtals	**3.416,2**	**3.652,4**	**3.664,6**	**0**	**7**
Greitt úr ríkissjóði	-	3.652,4	3.664,6	0	-
Innheimt af ríkistekjum	-			-	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**3.652,4**	**3.664,6**	**0**	-

Heildargjöld á fjárlagaliðum æðstu stjórnar ríkisins árið 2009 eru áætluð um 3.713 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 48 m.kr. en þær nema rúmlega 1% af heildargjöldunum. Gjöld umfram tekjur eru 3.665 m.kr. og eru þau öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.


Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 3.528 m.kr. og hækka um 325 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Launa- og verðlagshækkanir til næsta árs nema 340 m.kr. og er raunlækkun rekstrargjalda því 15 m.kr. Munar þar mest um að niður falla nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna en þau nema alls 19 m.kr. Þá eru fjárveitingar lækkaðar um alls 4 m.kr. vegna áforma um aðhald í rekstrarkostnaði en á móti er gert ráð fyrir auknum framlögum til Alþingis vegna nýrra verkefna sem nema 8 m.kr.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 1 m.kr. og verða 67 m.kr. Eina breytingin fyrir utan launa- og verðlagsbætur er sú að niður fellur 1 m.kr. tímabundið framlag til reksturs Hins íslenska þjóðvinafélags.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 70 m.kr. og er það 312 m.kr. lækkun milli ára. Lækkunin skýrist af því að niður falla nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna. Munar þar mest um 250 m.kr. framlag sem veitt var til viðgerða og endurbóta á húsinu Skjaldbreið og 50 m.kr. framlag sem veitt var til framkvæmda á Alþingisreit.

Í útgjaldaramma æðstu stjórnar ríkisins hefur þannig verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með aðhaldi í útgjöldum sem nemur 4 m.kr. og að 8 m.kr. verði veitt til nýrra verkefna. Niður falla samtals 331,6 m.kr. framlög sem veitt hafa verið til tímabundinna verkefna. Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda æðstu stjórnar ríkisins árið 2009 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Fjárlagaliðir æðstu stjórnar ríkisins

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar á fjárveitingum stofnana sem tilheyra æðstu stjórn ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Embætti forseta Íslands	184,9	196,4	216,9	10,4	17,3
Alþingi	2.335,6	2.429,1	2.412,6	-0,7	3,3
Framkvæmdir á Alþingisreit	1,5	50,0	0,0	-100,0	-100,0
Ríkisstjórn	246,9	247,0	269,1	8,9	9,0
Hæstiréttur	135,3	138,9	149,0	7,3	10,1
Umboðsmaður Alþingis	101,4	122,2	127,5	4,3	25,7
Ríkisendurskoðun	410,6	468,8	489,5	4,4	19,2
Samtals	**3.416,2**	**3.652,4**	**3.664,6**	**0,3**	**7,3**

101 Embætti forseta Íslands. Gert er ráð fyrir 216,9 m.kr. fjárveitingu til embættisins á næsta ári og er það 20,5 m.kr. hækkun frá fjárlögum, sem skýrist nær öll af áætluðum launa- og verðlagshækkunum á næsta ári.

201 Alþingi. Framlög til Alþingis eru áætluð 2.412,6 m.kr. og lækka um 16,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Launa- og verðlagshækkanir til næsta árs eru áætlaðar 233,3 m.kr. og því nemur lækkunin 249,8 m.kr. að raungildi. Lækkunin stafar aðallega af því að niður falla samtals 255,1 m.kr. framlög sem veitt voru á fjárlögum 2008 til tíma-

bundinna verkefna, þar af 250 m.kr. til viðgerða og endurbóta á húsinu Skjaldbreið, 4 m.kr. til ritunar sögu þingræðis og 1,1 m.kr. til reksturs Hins íslenska þjóðvinafélags. Því til viðbótar lækkar fjárveiting um 2,7 m.kr. vegna áforma um aðhald í rekstri. Á móti er gerð tillaga um 8 m.kr. fjárveitingu vegna hækkunar á föstum greiðslum þingfararkostnaðar. Forsætisnefnd Alþingis breytti föstum greiðslum ferðakostnaðar í kjördæmi frá og með árinu 2008 og er hann nú sá sami fyrir öll kjördæmi. Í eftirfarandi töflu er yfirlit um gjöld og fjárveitingar á fjárlagaviðfangsefnum Alþingis. Rétt er að taka fram að 250 m.kr. framlag sem veitt var á fjárlögum 2008 til viðgerða og endurbóta á húsinu Skjaldbreið var fyrir misgáning veitt á fjárlagalið Alþingis í stað liðarins *00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit.* Gert er ráð fyrir að það verði leiðrétt með millifærslu milli liðanna í fjáraukalögum fyrir árið 2008.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Alþingiskostnaður	823,3	791,9	881,5	11,3	7,1
Framlög til þingflokka	65,0	65,0	65,0	0,0	0,0
Fastanefndir	9,0	30,6	34,5	12,7	283,3
Alþjóðasamstarf	172,3	90,5	124,9	38,0	-27,5
Almennur rekstur	760,8	796,8	876,2	10,0	15,2
Sérverkefni	36,9	44,2	42,9	-2,9	16,3
Br. á þingsköpum og bætt starfsaðstaða þingm.	-	98,8	102,2	3,4	-
Rekstur fasteigna	189,1	192,7	216,8	12,5	14,6
Fasteignir	121,0	24,0	24,0	0,0	-80,2
Tæki og búnaður	158,2	44,6	44,6	0,0	-71,8
Fasteignir	0,0	250,0	0,0	-100,0	-
Samtals	**2.335,6**	**2.429,1**	**2.412,6**	**-0,7**	**3,3**

205 Framkvæmdir á Alþingisreit. Niður fellur 50 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2008 til að standa straum af kostnaði við framkvæmdir á Alþingisreit.

610 Umboðsmaður Alþingis. Gert er ráð fyrir 127,5 m.kr. fjárveitingu til embættisins og jafngildir það 5,2 m.kr. lækkun fjárveitingar að raungildi. Skýrist það aðallega af því að niður fellur 5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum ársins 2008 vegna flutnings embættisins í annað húsnæði og sérstakrar afmælisútgáfu í tilefni 20 ára afmælis embættisins.

620 Ríkisendurskoðun. Gert er ráð fyrir 489,5 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar í frumvarpinu og jafngildir það 22,4 m.kr. lækkun fjárveitingar að raungildi þegar launa- og verðlagshækkanir eru frátaldar. Niður fellur 10 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2007 til að meta áhættu samfara notkun upplýsingakerfa og einnig fellur niður 11,5 m.kr. framlag sem veitt var í fjárlögum 2008 til framkvæmda við húsnæði

stofnunarinnar. Loks lækkar fjárveiting um 0,9 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstri.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun forsætisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.375,3	1.508,1	1.736,7	15	26
Neyslu- og rekstrartilfærslur	320,7	285,5	344,5	21	7
Stofnkostnaður og viðhald	127,4	371,9	224,9	-40	77
Samtals	**1.823,4**	**2.165,5**	**2.306,1**	**6**	**26**
Greitt úr ríkissjóði	-	2.165,5	2.306,1	6	-
Innheimt af ríkistekjum	-			-	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**2.165,5**	**2.306,1**	**6**	-

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2009 eru áætluð um 2.416 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 110 m.kr. en þær nema 4,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 2.306 m.kr. og eru þau öll fjármögnuð með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.737 m.kr. og hækka um 229 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 28,5 m.kr. tímabundið framlag til könnunar á starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, 25 m.kr. tímabundið framlag til undirbúnings hátíðarhalda á árinu 2011 í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli Jóns Sigurðssonar forseta, 17 m.kr. tímabundið framlag til nefndar um þróun Evrópumála, 15 m.kr. til þróunarvinnu hjá Hagstofu Íslands og 12,5 m.kr. tímabundið framlag vegna formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni. Fjárveiting til reksturs og þróunar vefsins *island.is*, upplýsinga- og þjónustuveitu ríkis og sveitarfélaga hækkar um 9,6 m.kr. Tímabundið framlag vegna ráðgjafar um breytingar í heilbrigðis- og tryggingamálum lækkar úr 30 m.kr. í 15 m.kr. og 30 m.kr. eru færðar tímabundið úr rekstri til lóðaframkvæmda við Stjórnarráðshúsið. Niður fellur 5,9 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið á fjárlögum 2008 til að undirbúa formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni. Einnig hafa fjárveitingar ýmissa stofnana sem heyra undir ráðuneytið verið lækkaðar um alls 20 m.kr. vegna áforma um aðhald í rekstrarkostnaði.


Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 59 m.kr. og verða 344 m.kr. en eru 285 m.kr. í fjárlögum ársins 2008. Fyrir utan launa- og verðlagshækkanir vegur þar þyngst 20 m.kr.

tímabundið framlag vegna formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni. Niður fellur 11,7 m.kr. tímabundið framlag til Norðuratlantshúss í Óðinsvéum og 5 m.kr. framlag til fræðslustarfsemi í Sesseljuhúsi, umhverfissetri Sólheima í Grímsnesi sem færist yfir til umhverfisráðuneytis.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 225 m.kr. og er það 147 m.kr. lækkun milli ára. Munar þar mest um að niður falla nokkur stofnkostnaðarframlög sem veitt voru tímabundið í fjárlögum 2008, samtals 230 m.kr., en á móti kemur að gert er ráð fyrir að 25 m.kr. fjárheimild verði veitt til viðhalds og endurbóta á byggingum og lóðum í umsýslu forsætisráðuneytisins, 20 m.kr. til að reisa viðbyggingu við fræðslumiðstöðina á Hakinu og 10 m.kr. til byggingar móttöku- og fræðslumiðstöðvar við Gljúfrastein. Þá er eins og áður sagði 30 m.kr. millifærðar af rekstrarfjárframlögum í stofnkostnaðarframlög vegna framkvæmda við lóð Stjórnarráðshússins.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með aðhaldi sem nemur 20 m.kr. Á móti er gert ráð fyrir að veitt verði framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins, samtals að fjárhæð 296,8 m.kr. Niður falla samtals 380 m.kr. framlög sem veitt hafa verið til tímabundinna verkefna. Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2009 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Forsætisráðuneytið hefur gert samning við Vesturfarasetrið á Hofsósi um 28 m.kr. árlegt framlag á árunum 2008 til 2011. Samkvæmt samningnum er veitt 18 m.kr. rekstrarframlag til menningartengsla Íslendinga og fólks af íslenskum ættum sem búsett er í Norður-Ameríku og 10 m.kr. framlag til uppbyggingar á gamla þorpskjarnanum á Hofsósi.

Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2008, eru á áætluðu verðlagi ársins 2009 og miðast við hámarksskuldbindingu. Samtals nema samningarnir rúmlega 1% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2009.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2008	2009	2010	2011	2012
Vesturfarasetrið á Hofsósi	C	28,0	28,0	28,0	28,0	0,0
Samtals		**28,0**	**28,0**	**28,0**	**28,0**	**0,0**

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir forsætisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	233,4	253,2	252,5	-0,3	8,2
Ýmis verkefni	298,1	260,8	295,6	13,3	-0,8
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**531,5**	**519,0**	**553,1**	**6,6**	**4,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 3,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar til hækkunar eru þær að gert er ráð fyrir 28,5 m.kr. tímabundnu framlagi í þrjú ár vegna nefndar sem kannar starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, 25 m.kr. tímabundnu framlagi til undirbúnings hátíðarhalda í tilefni af því að 200 ár verða liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar forseta og 17 m.kr. tímabundnu framlagi vegna nefndar um þróun Evrópumála. Helstu breytingar til lækkunar eru þær að gert er ráð fyrir að tímabundið framlag vegna ráðgjafarkostnaðar við undirbúning breytinga í heilbrigðis- og tryggingamálum lækki úr 30 m.kr. í 15 m.kr., ekki er gert ráð fyrir fjárveitingu til Öryggismálanefndar, en nefndin hefur 14,5 m.kr. á fjárlögum 2008, og 30 m.kr. eru millifærðar tímabundið af rekstrarfé aðalskrifstofu til framkvæmda á lið Fasteigna Stjórnarráðsins. Þá falla niður framlög sem veitt hafa verið til tímabundinna verkefna samtals að fjárhæð 16,7 m.kr. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir 252,5 m.kr. fjárveitingu til skrifstofunnar. Það jafngildir 27,7 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs og skýrist það af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi eru 30 m.kr. millifærðar tímabundið í eitt ár yfir á fjárlagaliðinn *01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins* vegna lóðaframkvæmda við Stjórnarráðshúsið. Í öðru lagi lækkar fjárveiting um 1,5 m.kr. vegna áforma um aðhald í rekstri. Í þriðja lagi hækkar fjárveiting um 3,8 m.kr. þar sem tímabundin lækkun á árinu 2008 vegna hagræðingarkröfu gengur nú til baka.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 295,6 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 24,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Helstu breytingar eru: Á nýju viðfangsefni, *1.16 Nefnd um þróun Evrópumála,* er tillaga um 17 m.kr. tímabundið framlag í 3 ár vegna starfa nefndarinnar sem sett var á laggirnar í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Verkefni nefndarinnar verður m.a. að stuðla að aukinni þátttöku stjórnmála- og embættismanna í hagsmunagæslu tengdri Evrópustarfi, athuga nánar hvernig hagsmunum Íslendinga verði best borgið í framtíðinni gagnvart Evrópusambandinu og fylgjast með þróun mála í Evrópu og leggja mat á breytingar út frá hagsmunum Íslendinga. Lagt er til að 14,5 m.kr. fjárveiting á viðfangsefninu *1.21 Öryggismálanefnd* falli niður þar sem dregist hefur að hefja störf nefndarinnar. Lagt er til að fjárveiting á viðfangsefninu *1.22 Ráðgjöf vegna breytinga í heilbrigðis- og tryggingamálum* framlengist um eitt ár en lækki jafnframt úr 30 m.kr. í 15 m.kr. Á viðfangsefninu *1.51* er tillaga um 25 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár til að undirbúa hátíðarhöld og viðburði í tilefni af því að þann 17. júní 2011 verða 200 ár liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar, forseta. Gert er ráð fyrir að framlagið hækki og verði 30 m.kr. árið 2010 og 80 m.kr. 2011, eða samtals 135 m.kr. þessi þrjú ár. Á viðfangsefninu *1.56 Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðaheimila fyrir börn* er lögð til 28,5 m.kr. tímabundið fjárveiting í 3 ár vegna starfa nefndarinnar, sbr. lög nr. 26/2007. Í framhaldi af niðurstöðum og skýrslu nefndarinnar um starfsemi Breiðavíkurheimilisins á árunum 1952 til 1979, hefur henni verið falið að hefja almenna könnun á öðrum heimilum og stofnunum sem falla undir gildissvið laganna. Stefnt er að því að ljúka þeirri könnun á þremur árum en skila jafnframt árlegri áfangaskýrslu þangað til. Á viðfangsefninu *1.90 Ýmis verkefni* fellur niður 11,7 m.kr. framlag til byggingar Norðuratlantshúss við höfnina í Óðinsvéum. Einnig fellur niður 5 m.kr. tímabundið framlag til fræðslustarfsemi í Sesseljuhúsi en á móti er gert ráð fyrir áframhaldandi framlögum til starfseminnar næstu fjögur árin í fjárlagatillögum hjá umhverfisráðuneyti. Aðrar breytingar á fjárveitingum á þessum fjárlagalið skýrast af launa- og verðlagshækkunum fjárlagafrumvarpsins.

Hagskýrslur

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður: 401 Hagstofa Íslands.

401 Hagstofa Íslands. Gert er ráð fyrir 774,3 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og hækkar hún um 110,4 m.kr. frá fjárlögum 2008. Launa- og verðlagshækkanir eru 98,4 m.kr. þannig að raunhækkun fjárveitinga er 12 m.kr. Lagt er til að veitt verði 15 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár í því skyni að þróa uppruna- og ráðstöfunaruppgjör þjóðhagsreikninga á sama hátt og hjá þeim ríkjum sem eru í fremstu röð á því sviði. Verkefninu er ætlað að bæta úrvinnslu og gæði ársfjórðungslegra þjóðhagsreikninga verulega. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til verkefnisins lækki og verði 10 m.kr. frá og með árinu 2011. Á móti lækkar fjárveiting stofnunarinnar um 3 m.kr. vegna áforma um aðhald í rekstrarkostnaði.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Fasteignir forsætisráðuneytis; 203 Fasteignir Stjórnarráðsins; 231 Norræna ráðherranefndin; 241 Umboðsmaður barna; 251 Þjóðmenningarhúsið; 253 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn; 255 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins; 261 Óbyggðanefnd; 271 Ríkislögmaður; 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og 996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignir forsætisráðuneytis	84,9	76,2	107,0	40,4	26,0
Fasteignir Stjórnarráðsins	12,4	235,0	55,0	-76,6	343,5
Norræna ráðherranefndin	133,3	162,0	244,2	50,7	83,2
Umboðsmaður barna	32,3	36,0	39,6	10,0	22,6
Þjóðmenningarhúsið	85,5	111,9	102,8	-8,1	20,2
Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn	6,5	8,9	11,8	32,6	81,5
Gljúfrasteinn - Hús skáldsins	28,8	31,7	45,2	42,6	56,9
Óbyggðanefnd	96,3	87,8	97,0	10,5	0,7
Ríkislögmaður	58,7	59,6	66,0	10,7	12,4
Kristnihátíðarsjóður	0,1	-	-	-	-100,0
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	82,7	76,1	103,0	35,3	24,5
Ísl. uppl.samfélagið, sameiginleg verkefni ráðun	42,4	97,4	107,1	10,0	152,6
Samtals	**663,9**	**982,6**	**978,7**	**-0,4**	**47,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 111,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa- og verðlagshækkanir. Munar þar mest um að niður falla samtals 210 m.kr. stofnkostnaðarframlög sem veitt voru tímabundið á fjárlagalið Fasteigna Stjórnarráðsins og einnig fellur niður 20 m.kr. framlag til viðhalds á Þjóðmenningarhúsinu.

Á móti eru gerðar tillögur um 25 m.kr. framlag á lið Fasteigna forsætisráðuneytis til viðhalds og endurbóta á byggingum og lóðum í umsýslu ráðuneytisins, 30 m.kr. framlag á lið Fasteigna Stjórnarráðsins vegna lóðaframkvæmda við Stjórnarráðshúsið, 10 m.kr. til að undirbúa byggingu á móttöku- og fræðslumiðstöð við Gljúfrastein, 30 m.kr. til að undirbúa viðbyggingu við fræðslumiðstöðina á Hakinu og 32,5 m.kr. hækkun til Norrænu ráðherranefndarinnar vegna formennskuárs Íslands í nefndinni. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

*201 **Fasteignir forsætisráðuneytis.*** Gert er ráð fyrir 107 m.kr. fjárveitingu á þessum lið og jafngildir það 25 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum þegar launa- og verðlagshækkanir eru frátaldar. Sótt er um 25 m.kr. tímabundið framlag í fjögur ár til viðhalds og endurbóta á byggingum og lóðum í umsýslu forsætisráðuneytisins og hjá forsetaembættinu. Gert er ráð fyrir að framlagið hækki og verði 50 m.kr. á ári á árunum 2010 - 2012, eða samtals 175 m.kr. á þessum fjórum árum.

*203 **Fasteignir Stjórnarráðsins.*** Fjárveiting liðarins nemur 55 m.kr. í frumvarpinu en það jafngildir 180 m.kr. lækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Lagt er til að 30 m.kr. fjárheimild verði millifærð hingað tímabundið í eitt ár frá aðalskrifstofu ráðuneytisins til að standa undir kostnaði við endurbætur á lóð Stjórnarráðshússins. Á hinn bóginn falla niður tvenn framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna í fjárlögum ársins 2008, þ.e. 195 m.kr. framlag sem veitt var til að mæta kostnaði við breytingar á húsnæði ráðuneyta vegna sameiningu ráðuneyta og tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands og 15 m.kr. framlag sem veitt var til að hefja undirbúning að nýbyggingu á lóð forsætisráðuneytisins.

*231 **Norræna ráðherranefndin.*** Gert er ráð fyrir 244,2 m.kr. fjárheimild á þessum lið og jafngildir það 26,6 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Þar er í fyrsta lagi um að ræða tillögu um 12,5 m.kr. tímabundið framlag vegna formennskuárs Íslands í Norrænu ráðherranefndinni, en af þeim sökum er reiknað með að ráða þurfi í viðbótar stöðugildi á Norðurlandaskrifstofu ásamt auknum ferðakostnaði og ráðstefnugjöldum. Í öðru lagi er farið fram á 10 m.kr. tímabundið framlag vegna fyrirsjáanlegrar aukningar á ferðum á norræna fundi á árinu og mun Norðurlandaskrifstofan sjá um úthlutun sérstakra ferðastyrkja til ráðuneyta vegna þess. Í þriðja lagi er sótt um 10 m.kr. tímabundið framlag sem Norræna ráðherranefndin sér um að úthluta áfram til ráðuneytanna vegna fjármögnunar norrænna samstarfsverkefna. Skilyrði fyrir fjármögnun frá ráðherranefndinni er að formennskulandið leggi fram mótframlag, a.m.k. í þeim tilvikum sem viðkomandi embættismannanefnd gerir það ekki. Í fjórða lagi fellur niður 5,9 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var til undirbúnings að formennskuári Íslands.

251 ***Þjóðmenningarhúsið.*** Gert er ráð fyrir 102,8 m.kr. fjárveitingu til liðarins og lækkar hún um 20 m.kr. að raungildi þar sem niður fellur tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2008 til viðhalds og viðgerðar á Þjóðmenningarhúsinu.

253 ***Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn.*** Gert er ráð fyrir 11,8 m.kr. fjárveitingu til liðarins sem lækkar um 0,5 m.kr. að raungildi vegna áforma um aðhald í rekstrarútgjöldum.

255 ***Gljúfrasteinn - Hús skáldsins.*** Í frumvarpinu er lagt til að veitt verði 45,2 m.kr. framlag til safnsins og jafngildir það 10 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum umfram launa- og verðlagshækkanir. Sótt er um 10 m.kr. tímabundið framlag til að reisa móttöku- og fræðslumiðstöð við Gljúfrastein í samstarfi við sveitarfélagið Mosfellsbæ. Gert er ráð fyrir að framlagið hækki og verði 40 m.kr. á ári á árunum 2010 - 2012, eða samtals 130 m.kr. á þessum fjórum árum. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2008 er jafnframt sótt um 15 m.kr. framlag og er áætlaður kostnaður ríkisins við framkvæmdina samtals 145 m.kr.

902 ***Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.*** Fjárheimild þjóðgarðsins nemur 103 m.kr. í frumvarpinu og svarar það til 20 m.kr. hækkunar umfram launa- og verðlagsbreytingar. Sótt er um 20 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár sem hækki og verði 71 m.kr. árið 2010, eða samtals 91 m.kr. á þessum tveimur árum, til að reisa viðbyggingu við fræðslumiðstöðina á Hakinu.

996 ***Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta.*** Í frumvarpinu er áætlað fyrir útgjöldum til málefna upplýsingasamfélagsins í samræmi við nýja stefnu og framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í málefnum upplýsingasamfélagsins fyrir árin 2008-2012. Áætlað er fyrir útgjöldunum á fjárlagaliðum viðkomandi ráðuneyta og stofnana sem annast verkefnin. Framkvæmdaáætlunin er byggð á forgangsröðun sem ríkisstjórnin samþykkti með hinni nýju stefnu en Verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið sem starfar á vegum forsætisráðuneytis gerði tillögur um skiptingu fjármagns milli verkefna. Í heild er lagt til að 300 m.kr. verði varið til þessara verkefna á árinu 2009. Gert er ráð fyrir að framkvæmdaáætlunin verði endurskoðuð árlega og að varið verði 300 m.kr. á ári til verkefna hennar á árunum 2009-2012. Í inngangi þessa kafla um ríkisútgjöldin er nánari umfjöllun um þessa stefnumörkun og heildaryfirlit um framlög til einstakra verkefna. Hjá forsætisráðuneytinu er gert er ráð fyrir 107,1 m.kr. fjárveitingu til þeirra verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins sem það annast um. Það er 9,7 m.kr. hærri fjárveiting en veitt var til þeirra mála hjá ráðuneytinu í fjárlögum 2008. Þar af eru launa- og verðlagshækkanir á rekstrarviðfangsefnum 2,6 m.kr. og er raunhækkun fjárveitingarinnar því 7,1 m.kr. Sú hækkun skiptist í 9,1 m.kr.

hækkun rekstrarfjárveitingar og 2 m.kr. lækkun stofnkostnaðarframlaga. Fjárveitingar á þennan lið eru eins og jafnan áður veittar tímabundið til eins árs, fyrir utan fjárveitingu á rekstrarviðfangsefninu *1.01 Rafræn þjónustuveita hins opinbera* sem nú er lagt til að verði gerð varanleg. Þar er sótt um 50 m.kr. fjárveitingu til reksturs og þróunar á vefnum *island.is*, upplýsinga- og þjónustuveitu ríkis og sveitarfélaga. Það er 9,1 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Gert er ráð fyrir að 55 m.kr. stofnkostnaðarframlagi liðarins verði varið til eftirtalinna 8 sameiginlegra verkefna ráðuneytanna: 1. Mínar síður á island.is, 10 m.kr. Markmið verkefnisins er að þróa einstaklingsmiðað viðmót, Mín síða, í því skyni að bjóða upp á sjálfsafgreiðslu á netinu, m.a. umsóknir, vottorð, tilkynningar, tímapantanir, gagnaskil og fleira sem snýr að samskiptum við opinbera aðila. Einnig á almenningur að geta nálgast upplýsingar um sig sjálfan sem geymdar eru í kerfum opinberra aðila og einnig aðrar mikilvægar upplýsingar í vörslu þeirra. 2. Vefir ráðuneyta verði fyrirmyndarvefir, 4 m.kr. Markmið verkefnisins er að vefirnir verði bættir meðal annars m.t.t. innihalds, nytsemi, aðgengis, þjónustu og lýðræðisvirkni. Einnig verði sett öryggisviðmið fyrir vefina. 3. Opinberir vefir uppfylli skilyrði um aðgengi fatlaðra, A-vottun, 3 m.kr. Markmið verkefnisins er að opinberar stofnanir uppfylli þá skyldu sína að þjónusta þeirra sé aðgengileg öllum. Verkefnið snýst m.a. um að hvetja og leiðbeina stofnunum til að taka á aðgengismálum á eigin vefjum. 4. Bakland rafrænnar stjórnsýslu verði styrkt, 5 m.kr. Verkefnið snýst m.a. um samræmingu, samvinnu og stuðning við stofnanir við að innleiða rafræna stjórnsýslu og ná markmiðum stefnunnar hvað varðar skilvirkni og samræmt heildarskipulag. Fylgt verði eftir stefnu um opinn hugbúnað, efld þverfagleg samvinna opinberra aðila í rafrænni stjórnsýslu og kynntir möguleikar rafrænnar stjórnsýslu, m.a. með UT-dögum, UT-vef og fleiru. 5. Stöðlun og samræming í rafrænni stjórnsýslu, 5 m.kr. Markmið verkefnisins er að skilgreina staðla og tækniforskriftir fyrir rafræna stjórnsýslu og greiða þannig fyrir að samræmt heildarskipulag náist. Í því felst m.a. að setja fram staðla fyrir samræmda högun upplýsingakerfa ríkisins og samskipti þeirra og setja fram leiðbeiningar fyrir mat á öryggi opinbera upplýsingakerfa ásamt öryggisviðmiðum. 6. Skilvirk, samræmd og örugg samskipti milli upplýsingakerfa ríkisins, 18 m.kr. Markmið verkefnisins er að koma á laggirnar stöðluðum, samræmdum og öruggum vettvangi fyrir samskipti milli upplýsingakerfa ríkisins í öruggu tæknilegu umhverfi þannig að hætt verði að margskrá og endurskrá upplýsingar og að gögn ferðist milli stofnana en ekki fólk. 7. Ryðja úr vegi hindrunum fyrir rafrænni þjónustu, 5 m.kr. Markmið verkefnisins er að minnka skriffinnskubyrði hjá viðskiptavinum stjórnsýslunnar með því að fara yfir helstu þjónustuþætti sem ríkið veitir, skoða ferlið út frá sjónarhóli viðskiptavina og gera tillögur um einföldun og breytingar. 8. Vakta þróun upplýsingasamfélagsins, 5 m.kr. Markmið verkefnisins er vakta þróun upplýsingasamfélagsins, meta stöðu Íslands miðað við önnur lönd og meta stöðu stofnana innbyrðis. Verkefnið felur í sér m.a. þátttöku í erlendu og innlendu

samstarfi, gerð kannana, þróun innlendra mælikvarða og stefnumótun á einstökum verkefnasviðum.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.4 hér fyrir framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
01-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun menntamálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	30.134,4	34.101,0	39.588,5	16	31
Neyslu- og rekstrartilfærslur	15.337,9	16.255,5	19.020,2	17	24
Stofnkostnaður og viðhald	4.117,3	3.021,6	3.200,6	6	-22
Samtals	**49.589,6**	**53.378,1**	**61.809,3**	**16**	**25**
Greitt úr ríkissjóði	-	49.248,5	57.427,5	17	-
Innheimt af ríkistekjum	-	4.115,6	4.381,8	6	-
Viðskiptahreyfingar	-	14,0	0,0	-100	-
Samtals	-	**53.378,1**	**61.809,3**	**16**	-


Heildargjöld menntamálaráðuneytis árið 2009 eru áætluð um 67.464 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 5.655 m.kr. en þær nema 8,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 61.809 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 57.428 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 4.382 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 39.588 m.kr. og hækka um 5.487 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana, sem nema um 4.336 m.kr., munar þar mest um 1.107 m.kr. hækkun til kennslu og rannsókna í háskólum og 220 m.kr. vegna nýrra framhaldsskólalaga. Aðrir liðir taka minni breytingum. Á móti kemur að niður falla 132 m.kr. framlög til tímabundinna verkefna. Einnig hafa fjárveitingar ýmissa stofnana verið lækkaðar um 305 m.kr. vegna áforma um hagræðingu.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 2.765 m.kr. og verða 19.020 m.kr. Auk launa- og verðlagshækkana, sem nema um 1.359 m.kr., munar helst um 1.156 m.kr. til Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna fjölgunar lánþega og lána til skólagjalda, 75 m.kr. til eflingar samkeppnissjóða í rannsóknum og 85 m.kr. vegna aðildar að sjöundu rammaáætlun Evrópusambandsins í rannsóknum.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 3.201 m.kr. og er það 179 m.kr. hækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 200 m.kr. hækkun á fjárveitingu Háskóla Íslands til að heimila skólanum að ráðstafa tekjum frá Happadrætti Háskóla Íslands í auknum mæli til framkvæmda. Lagt er til að Markáætlun á sviði vísinda og tækni hækki um 155 m.kr. Hönnunarsafn Íslands um 142 m.kr., Lækningaminjasafn Íslands um 25 m.kr. og gert ráð fyrir 50 m.kr. hækkun vegna byggingar tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar. Á móti falla niður 357 m.kr. tímabundin framlög til menningar og íþróttamála, og 14 m.kr. til framhaldsskólastigsins. Að lokum eru 22 m.kr. færðar af stofnkostnaðarlið yfir á rekstrarlið.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2009 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Menntamálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 9.490,6 m.kr. á yfirstandandi ári fyrir utan samninga sem ekki hafa áhrif á frumvarp 2009. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2008, eru á áætluðu verðlagi ársins 2009 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 18% af heildargjöldum ráðuneytisins á yfirstandandi ári. Vakin er athygli á

því að í töflunni hafa átta samningar við sveitarfélög um menningarmál verið sameinaðir í eina heildarfjárhæð. Nánari sundurliðun er að finna í greinargerð.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2008	2009	2010	2011	2012
Háskólinn í Reykavík, háskólanám	A	1.858,6	2.303,1	2.303,1	2.303,1	2.303,1
Listaháskóli Íslands, háskólanám	A	586,7	703,3	703,3	703,3	703,3
Stoðþj., viðhald og leiga Iðnsk. í Hafnarf.	A	116,3	116,3	116,3	116,3	116,3
Verslunarskóli Íslands, framhaldsskólanám	A	837,1	973,1	973,1	973,1	973,1
Viðskiptaháskólinn á Bifröst	A	274,9	373,0	373,0	373,0	373,0
Hraðbraut, framhaldsskóli	A	173,2	174,6	174,6	174,6	174,6
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað, framh.skóli	A	21,0	27,7	27,7	27,7	27,7
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík, framh.skóli	A	25,0	28,5	28,5	28,5	28,5
Tækniskólinn	A	758,6	1.757,5	1.757,5	1.757,5	1.757,5
Menntaskóli Borgarfjarðar	A	91,3	101,0	101,0	101,0	101,0
Víkingsnaust	B	20,0	20,0	20,0	20,0	-
Höfundarréttargreiðslur v/ljósritunar í skólum	B	42,9	48,6	48,6	48,6	48,6
Íslenska óperan	B	176,0	176,0	176,0	176,0	176,0
Samningar við sveitarfél. um menningarmál	B	279,0	294,0	294,0	294,0	294,0
Safnahús í Búðardal	C	10,0	10,0	10,0	-	-
Afreksmannasjóður ÍSÍ	C	30,0	30,0	30,0	30,0	30,0
Bókamessan í Frankfurt	C	50,0	50,0	50,0	100,0	-
Dansmennt ehf. v. listdanskennslu í frh. sk.	C	45,0	45,0	-	-	-
Evrópuverkefni á sviði æskulýðsmála	C	8,0	8,3	8,3	8,3	8,3
Ferðasjóður íþróttahreyfinga	C	60,0	90,0	90,0	90,0	90,0
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ - viðbygging	C	40,0	40,0	-	-	-
Fræðslumiðst. atvinnulífsins, verkefni FA	C	72,1	72,1	-	-	-
Fræðslum.st. atvinnul. greitt til fræðsluaðila	C	222,3	222,3	-	-	-
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	C	200,0	200,0	200,0	200,0	200,0
Hafnarfjarðarleikhúsið, leiklistarstarfsemi	C	20,0	20,0	-	-	-
Háskólasetur Vestfjarða (3 samningar)	C	46,7	54,2	46,7	-	-
Háskóli Íslands - menntun tannsmiða	C	12,7	12,9	12,9	12,9	12,9
Hrísbrú - fornleifarannsóknir	C	8,0	8,0	-	-	-
Hvalasafnið á Húsavík	C	10,0	10,0	-	-	-
Hönnunarmiðstöð Íslands	C	10,0	10,0	10,0	-	-
ÍSÍ - framlag til sérsambanda	C	60,0	70,0	70,0	70,0	70,0
Íþróttaakademían - hreyfistundir í skólum	C	12,0	12,0	12,0	-	-
Kútter Sigurfari	C	12,0	12,0	12,0	12,0	-
Kvikmyndaskóli Íslands	C	29,5	29,5	-	-	-
Listahátíð í Reykjavík	C	34,0	36,0	36,0	36,0	36,0
Lundur, nemendagarðar	C	32,6	32,6	32,6	32,6	32,6
Námsmatsstofnun vegna PISA	C	22,5	47,0	-	-	-
Reykjavíkurakademían	C	21,0	21,0	21,0	-	-
Víkin - Sjóminjasafn	C	10,0	10,0	-	-	-
Þekkingarnet Austurlands	C	19,2	19,2	19,2	-	-
Þekkingarsetur Vestmannaeyja	C	15,0	15,0	-	-	-
Þekkingarsetur Þingeyinga	C	11,5	11,5	11,5	-	-
Ríkisútvarpið ohf.	C	2.945,0	2.945,0	2.945,0	2.945,0	2.945,0
Ýmsir minni samningar	C	160,9	121,0	96,0	37,0	20,0
Samtals		**9.490,6**	**11.361,3**	**10.809,9**	**10.670,5**	**10.521,5**

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem menntamálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 4.742,7 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 552,9 m.kr. Að lokum eru 4.308 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem menntamálaráðuneytið sendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 10.800 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Á þessu ári voru endurnýjaðir nokkrir samningar auk þess sem gengið var frá nýjum. Þar ber helst að nefna þjónustusamning við Ríkisútvarpið ohf. Fyrirtækið mun fá framlag af sérstöku gjaldi sem lagt er á skattskylda einstaklinga og lögaðila. Þá var gerður samningur um sameiningu Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík í Tækniskólann.

Unnið er að endurnýjun eldri samninga við Listaháskóla Íslands, Háskólann á Bifröst, Verslunarskóla Íslands og fleiri. Auk þess sem eru nokkrir nýir samningar í undirbúningi m.a. við Menntaskóla Borgarfjarðar og um listdansskóla á framhaldsskólastigi.

Nokkrir samningar með lágar fjárhæðir sem taldir voru upp í frumvarpi yfirstandandi fjárlagaárs eru nú dregnir saman neðst í töflunni undir heitinu ýmsir minni samningar.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir menntamálaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa og 199 ráðstöfunarfé samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	576,9	596,4	692,9	16,2	20,1
Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	0,0	18,0	18,0	0,0	
Samtals	**576,9**	**614,4**	**710,9**	**15,7**	**23,2**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 34,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 14 m.kr. hækkun vegna fjölgunar um tvo sérfræðinga í samræmi við kostnaðarmat með lögum um framhaldsskóla til að sinna staðfestingum á námsbrautum og auknu eftirliti. Þá er gert ráð fyrir 8 m.kr. hækkun vegna stöðu jafnréttisfulltrúa í menntamálaráðuneytinu, í samræmi við nýleg jafnréttislög. Framlag hækkar tímabundið um 3 m.kr. vegna verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins og að lokum gengur til baka tímabundin hagræðingarkrafa, 9,1 m.kr. sem gerð var í fjárlögum 2008.

Háskólar og rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 til 203 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum; 209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum; 210 Háskólinn á Akureyri; 223 Námsmatsstofnun; 225 Háskólinn á Bifröst; 227 Háskólinn í Reykjavík; 228 Listaháskóli Íslands; 231 Rannsóknarmiðstöð Íslands; 234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora 235 til 239 Rannsóknasjóður; 269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhalds og stofnkostnaður; 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi og 985 Alþjóðleg samskipti.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Háskóli Íslands	7.705,1	7.232,0	10.800,0	49,3	40,2
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	181,1	184,2	205,5	11,6	13,5
Raunvísindastofnun Háskólans	348,3	354,9	395,8	11,5	13,6
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	272,2	258,5	290,5	12,4	6,7
Háskólinn á Akureyri	1.172,9	1.300,7	1.541,2	18,5	31,4
Kennaraháskóli Íslands	1.565,2	1.653,5	0,0	-100,0	-100,0
Landbúnaðarháskóli Íslands	752,2	477,4	540,6	13,2	-28,1
Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	381,0	235,2	263,2	11,9	-30,9
Námsmatsstofnun	97,5	115,8	128,8	11,2	32,1
Háskólinn á Bifröst	254,2	274,9	373,0	35,7	46,7
Háskólinn í Reykjavík	1.658,2	1.858,6	2.303,1	23,9	38,9
Listaháskóli Íslands	564,3	586,7	703,3	19,9	24,6
Rannsóknamiðstöð Íslands	136,4	159,3	177,8	11,6	30,4
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	0,0	169,4	186,2	9,9	-
Markáætlun á sviði vísinda og tækni	173,8	160,0	315,0	96,9	81,2
Rannsóknasjóður	576,9	750,0	815,0	8,7	41,3
Tækjasjóður	141,9	115,0	115,0	0,0	-19,0
Rannsóknanámssjóður	96,5	90,0	100,0	11,1	3,6
Háskóla- og vísindastofnanir, viðh. og stofnkostn.	129,9	640,0	640,0	0,0	392,7
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	152,2	320,6	259,5	-19,1	70,5
Alþjóðleg samskipti	645,8	814,2	1.254,7	54,1	94,3
Samtals	**17.005,6**	**17.750,9**	**21.408,2**	**20,6**	**25,9**

Heildarútgjöld málefnaflokksins á rekstrargrunni eru áætluð 25.505,1 m.kr. sem er 4.069 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs, eða 19%. Þar af er áætlað að sértekjur standi undir 4.096,9 m.kr. sem er 411,7 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Gjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 21.408,2 m.kr. og hækka um 3.657,3 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs, þar af eru launa- og verðlagshækkanir 2.118 m.kr.

Stærstur hluti útgjalda málaflokksins eru rekstrarútgjöld og rekstrartilfærslur, 19.901 m.kr. og hækka um 1.184,3 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagsbreytingar. Stofnkostnaður hækkar um 355 m.kr. Áætlað er að háskólarnir innheimti 518,6 m.kr. ríkistekjur vegna innritunargjalda sem er hækkun um 6 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Þyngst vegur 1.107 m.kr. hækkun til kennslu og rannsókna í háskólum, 230 m.kr. hækkun til samkeppnissjóða til eflinga vísinda- og tæknimála og 85 m.kr. vegna aðildar að rannsóknaáætlunum Evrópusambandsins.

Fjárveitingar til kennslu og rannsókna í háskólum hafa ekki verið aðgreindar í frumvarpinu á mismunandi viðfangsefnaliðum hjá hverjum skóla frá því í fjárlögum 2005. Menntamálaráðuneytið áætlar þó, með sama hætti og áður, skiptingu fjárveitinga á milli kennslu rannsókna, á grundvelli reglna nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla og samninga við skólana. Nám við Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla - Háskólann á Hólum hefur ekki verið verðlagt og flokkað skv. núgildandi reglum um fjárveitingar til háskóla og er því ekki fjallað um þá skóla hér.

Fjárframlagi til kennsluþáttarins er skipt niður á grundvelli útreikninga sem byggjast á áætlun um fjölda og skiptingu ársnemenda í verðflokka náms. Að árinu loknu eru útreikningarnir endurteknir með rauntölum ársnema. Skólinn heldur óskertu fjárframlagi ef endurtekinn útreikningur gefur meira en 98% af upprunalegu fjárframlagi, en getur ekki gert kröfu til viðbótarfjárveitingar þótt útreikningur gefi hærri niðurstöðu. Nánar er kveðið á um uppgjörsreglur í samningum menntamálaráðuneytisins og skólanna. Verðflokkar náms eru á bilinu 501 þús.kr. til 2.650 þús.kr. á ársnemenda áður en tilteknir liðir eru dregnir frá, m.a. hluti af tekjum skólanna af skrásetningargjöldum nemenda og reiknuð fjárbinding í húsnæði ríkisins. Þessir frádráttarliðir og framsetning þeirra í frumvarpinu gera það að verkum að útgjöld ríkisins vegna skólanna eru ekki samanburðarhæf með beinum hætti í fjárlögum þótt allir fái þeir framlög samkvæmt sömu reglum.

Verðflokkar, án frádráttarliða	Verð Þús.kr.	Verðhlut-fall
Nám á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði og lögfræði og annað sambærilegt.	501	1,0
Styttra nám á sviði tölvufræða og stærðfræði og annað sambærilegt.	793	1,6
Kennaranám og annað hliðstætt nám sem m.a. felst í æfingakennslu.	846	1,7
Hjúkrunarnám og hliðstætt nám sem m.a. felst í þjálfun við meðhöndlun sjúklinga.	891	1,8
Nám í raunvísindum, verk- og tæknifr., m.a. verkl. æfingar og notkun sérhæfðs búnaðar.	1.139	2,3
Læknisnám sem felst m.a. í verklegum æfingum, notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfun.	1.588	3,2
Nám í tannlækningum	2.650	5,3

Verðflokkar listnáms á háskólastigi liggja ekki fyrir með sama hætti og vegna annars náms. Verð á ársnemenda í Listaháskólanum eru á bilinu 846 þús.kr. til 3.210 þús.kr. og eru framlög til þróunarstarfs að hluta til innifalin.

Í frumvarpinu er framlag til kennslu miðað við 12.700 ársnemendur í háskólum. Þetta er fjölgun um 5,2% eða um 624 ársnema frá forsendum fjárlaga 2008. Fjárveitingar til kennslu í háskólum hækka um 258,9 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkun og er fjárhæðinni skipt á grundvelli reglna um fjárveitingar til háskóla og samninga menntamálaráðuneytisins við skólana.

Ársnemendur	HÍ	HA	VHB	HR	LHÍ	Áætlað 2009	Áætlað 2008
Félags- og mannvísindi	3.850	645	550	900	-	5.945	5.595
Tölvufræði og stærðfræði	160	40	-	200	-	400	455
Hjúkrunarfræði	520	290	-	-	-	810	810
Kennaranám o.þ.h.	1.825	335	-	240	30	2.430	2.335
Verk-, tækni-, efnafræði	1.200	90	-	785	-	2.093	1.979
Læknisfræði	370	-	-	-	-	370	340
Tannlækningar	55	-	-	-	-	55	55
Listnám	-	-	-	-	352	352	282
Framhaldsskólastig	-	-	60	185	-	245	225
Samtals 2009	**7.980**	**1.400**	**610**	**2.310**	**400**	**12.700**	**12.076**
Áætlað 2008	**7.660**	**1.348**	**510**	**2.180**	**378**	**12.076**	
Meðal verðhlutfall	1,5	1,4	1,0	1,4	3,4	1,5	

Framlög til rannsóknamála og tengdra verkefna aukast um 1.163 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkanir. Þar af hækka háskólar um 848 m.kr. að teknu tilliti til 137 m.kr. hagræðingarkröfu. Rannsóknarsjóðir, stoðkerfi rannsókna og alþjóðlegt samstarf, sem þessu tengist hækka um 315 m.kr.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Breyting kennsla verðlag 2008	Breyting rannsóknir og annað verðlag 2008	Kennsla frumvarp 2009	Rannsóknir og annað frumvarp 2009	Frumvarp alls 2009
Háskóli Íslands	73,3	617,6	6.102,9	4.056,1	10.159,0
Háskólinn á Akureyri	1,4	97,3	982,2	559,0	1.541,2
Háskólinn á Bifröst	40,7	21,2	288,2	84,8	373,0
Háskólinn í Reykjavík	107,9	103,3	1.733,0	570,1	2.303,1
Listaháskóli Íslands	35,6	8,6	666,5	36,8	703,3
Samtals	**258,9**	**848,0**	**9.772,8**	**5.306,8**	**15.079,6**

1. Háskóli Íslands og tengdar stofnanir. Hér er fjallað um Háskóla Íslands og stofnanir sem tengjast honum; Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og Raunvísindastofnun Háskólans.

201 Háskóli Íslands. Vegna sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands er 1.653,5 m.kr. fjárveiting í fjárlögum 2008 á 215 Kennaraháskóli Íslands færð yfir á fjárlagalið Háskóla Íslands. Farið er fram á að rekstrarframlag sameinaðs skóla aukist um 875,2 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi er lagt er til að rekstrarframlag til kennslu og rannsókna hækki um 655,7 m.kr. í samræmi við samninga skólans og menntamálaráðuneytisins um kennslu og rannsóknir. Í öðru lagi er farið fram á 129 m.kr. framlag vegna fjölgunar ársnema um 190 frá forsendum fjár-

laga 2008, þar á meðal 50 í kennaranámi. Eftir sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands verða ársígildi skólans 7.980 sem er fjölgun um 2,4% frá fjárlögum 2008, en 4,2% frá forsendum frumvarps til fjárlaga 2008. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að markaðar ríkistekjur lækki um 1,7 m.kr. vegna brottfalls laga nr. 25/1921 um einkaleyfi Háskóla Íslands til að gefa út almanak. Á móti hækki greiðsla úr ríkissjóð um sömu fjárhæð vegna áframhaldandi útgáfu almanaks Háskólans svo rekstrarfjárheimild verði óbreytt. Í fjórða lagi er lögð til 92,4 m.kr. lækkun rekstrargjalda til að mæta markmiðum í frumvarpinu um aðhald í ríkisútgjöldum. Að lokum fellur niður tímabundið framlag að fjárhæð 1,4 m.kr. til fjarkennslu í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu.

Gert er ráð fyrir að framlag á viðfangsefninu *1.03 Háskólasjóður* hækki um 11 m.kr. frá fjárlögum 2008. Á viðfangsefnið hefur verið fært lögboðið framlag vegna sóknargjalda sem greitt hefur verið vegna einstaklinga utan trúfélaga en það hækkar samkvæmt lögununum árlega miðað við hækkun á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga milli ára. Þetta fyrirkomulag er arfleið frá fyrri tíð sem á sér ekki hliðstæðu gagnvart öðrum háskólum og þykir ekki falla vel að árlegri fjárlagagerð um háskólastigið. Ráðgert er að lögum um sóknargjöld verði breytt þannig að framlagið og sjálfvirk hækkun á því verði ekki lengur lögboðin. Í staðinn kemur bein fjárveiting til Háskólasjóðsins. Afnám þessara lögboðnu viðmiða fyrir framlaginu er jafnframt liður í að mæta áformum frumvarpsins um aðhald í vexti rekstrargjalda.

Loks er í frumvarpinu gert ráð fyrir að fjárheimild á viðfangsefninu *6.50 Byggingaframkvæmdir og tækjakaup* verði hækkuð um 200 m.kr. til að Háskóli Íslands geti ráðstafað auknum tekjum frá Happdrætti Háskóla Íslands til framkvæmda.

209 ***Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.*** Lagt er til að 4 m.kr. fjárheimild í fjárlögum 2008 til stuðnings við íslenskukennslu við Humboldt- og Manitobaháskóla verði millifærð af *02-299-1.90 Háskólastarfsemi*. Um er að ræða tímabundið framlag til 5 ára og hefur stofnunin umsjón með framkvæmd samninganna.

2. Aðrir Háskólar. Hér er fjallað um Háskólann á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands, Hólaskóla - Háskólans á Hólum, Háskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands.

210 ***Háskólinn á Akureyri.*** Gert er ráð fyrir að rekstrarframlag hækki um 98,7 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi hækkar framlag til rannsókna um 102,5 m.kr. í samræmi við samning menntamálaráðuneytisins og skólans. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 10,3 m.kr. framlag til að fjölga ársnemum um 52, úr 1.348 í 1.390 eða um 4%. Vegna breytinga á samsetningu ársnema m.a. vegna fækkunar í kennara- og upplýsingardeild reynist hækkun framlaga vegna fjölgunar-

innar lítil. Að lokum er gert ráð fyrir að framlag lækki um 14,1 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald með vexti rekstrargjalda.

*217 **Hólaskóli – Háskólinn á Hólum.*** Lagt er til að veitt verði 8,5 m.kr. framlag til Selasetur Íslands á Hvammstanga. Framlagið er ætlað til rannsókna og vöruþróunar í náttúrutengdri ferðaþjónustu þar sem m.a. verði horft til strandsvæða. Áætlað er að störfum fjölgi um eitt vegna verkefnisins. Tillagan er hluti af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra.

*225 **Háskólinn á Bifröst.*** Gert er ráð fyrir að rekstrarframlag hækki um 61,9 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi er lagt er til að framlag til kennslu hækki um 43,3 m.kr. vegna fjölgunar ársnemenda um 100, þar af 20 í frumgreinadeild. Í öðru lagi er lagt er til að framlag til rannsókna hækki um 22 m.kr. og nemi þá 80 m.kr. eða um 30% af framlagi til kennslu eins og stefnt var að í samningi skólans og menntamálaráðuneytisins. Að lokum er gert ráð fyrir 3,4 m.kr. lækkun rekstrargjalda til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum.

*227 **Háskólinn í Reykjavík.*** Gert er ráð fyrir að rekstrarframlag hækki um 211,2 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi er lagt er til að framlag til kennslu hækki um 123,6 m.kr. vegna fjölgunar ársnemenda um 130 eða úr 2.180 í 2.310 sem er 6%. Þá er lagt er til að rannsóknaframlag hækki um 108,5 m.kr. í samræmi við samning skólans og menntamálaráðuneytisins. Að lokum er lögð til 20,9 m.kr. lækkun rekstrargjalda til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum.

*228 **Listaháskóli Íslands.*** Gert er ráð fyrir að rekstrarframlag aukist um 44,2 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi er óskað eftir 30 m.kr. hækkun vegna fjölgunar ársnema um 19 í tengslum við endurnýjun samnings við skólann á komandi ári. Skólinn hefur hug á að bjóða upp á meistaranám á nokkrum sviðum og er gert ráð fyrir að um það verði fjallað meðal annars í nýjum samningi. Í öðru lagi er lagt til að rannsóknarframlag til skólans hækki um 9 m.kr. Í þriðja lagi er lagt er lögð til 11,6 m.kr. hækkun vegna tilfærslu á námi í arkitektúr í flokk með öðru hönnunarnámi og vegna breytinga á skipun grunnnáms. Ársnemendum fjölgar um þrjá vegna þessa. Þá er lagt til að 10 m.kr. tímabundið húsnæðisframlag í fjárlögum yfirstandandi árs verði framlengt þar til skólinn flytur í nýtt húsnæði árið 2011. Að lokum er lagt til að rekstrargjöld lækki um 6,4 m.kr. til að mæta markmiði um aðhald í ríkisútgjöldum.

3. Rannsóknasjóðir. Hér er fjallað um Markáætlanir á sviði vísinda og tækni, Rannsóknasjóð, Tækjasjóð og Rannsóknarnámssjóð.

235 Markáætlun á sviði vísinda og tækni. Lagt er til að framlag til sjóðsins hækki um 155 m.kr. og verði samtals 315 m.kr. Áform ríkisstjórnarinnar um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni fyrir árin 2008-2011 gera ráð fyrir að fjárframlög til sjóðsins hækki um 110 m.kr. árið 2011 og verði þá samtals 425 m.kr.

236 Rannsóknasjóður. Lagt er til að framlag til sjóðsins hækki um 65 m.kr. Áform ríkisstjórnarinnar um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni fyrir árin 2008-2011 gera ráð fyrir að fjárframlög til sjóðsins hækki um 130 m.kr. árið 2010 og 87 m.kr. árið 2011 og nemi þá samtals 1.032 m.kr.

02-239 Rannsóknarnámssjóður. Lagt er til að veittar verði 10 m.kr. í sjóðinn. Áform ríkisstjórnarinnar um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni fyrir árin 2008-2011 gera ráð fyrir að fjárframlög til sjóðsins hækki árlega um 10 m.kr. til ársins 2011 og fái sjóðurinn 120 m.kr. það ár.

269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Gert er ráð fyrir að heildarframlög til liðarins verði óbreytt á milli ára, en ráðstöfun þeirra breytist. Lagt er til að 300 m.kr. verði varið til byggingar húss íslenskra fræða eins og í fjárlögum 2008 og að 400 m.kr. af þeirri 700 m.kr. útgjaldaheimild sem lög um ráðstöfun á söluandvirði Landssímans gera ráð fyrir á árinu 2009, færist aftur til ársins 2010. Gert er ráð fyrir að ónýttur hluti af fjárheimild ársins 2008 færist yfir á næsta ár þannig að framkvæmdakostnaður á árinu 2009 gætu numið allt að 550 m.kr. Þá er lagt er til að 5 m.kr. verði millifærðar af *6.28 Listaháskóli Íslands* yfir á *6.02 Tilraunastöð Háskóla Íslands á Keldum* vegna viðhalds á götum og gangstígum á Keldum. Að lokum er lagt er til að 10 m.kr. verði millifærðar tímabundið af *6.15 Kennaraháskóla Íslands* yfir á *6.02 Tilraunastöð Háskóla Ísland að Keldum* vegna tækjakaupa.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. Gert er ráð fyrir að heildarframlag til liðarins lækki um 75,8 m.kr. á milli ára. Stofnað er nýtt viðfangsefni *1.25 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna og* lagt til að 14,5 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs verði millifærðar á það af *02-985-1.25 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna*. Niður fellur tímabundið 3 m.kr. framlag til evrópsks samstarfsverkefni í handritafræðum á *1.73 Reykjavíkurakademían*. Lagt er til að veitt verði 4 m.kr. tímabundið framlag á *1.80 Vísindastarfsemi*, í eitt ár til verkefnis um framtíðarskipan gagnagrunna á Íslandi. Um er að ræða verkefna samkvæmt stefnu um upplýsingasamfélagið 2008-2012. Markmið þess er að undirbúa samræmda uppbyggingu, vörslu og opinn aðgang að gagna-

grunnum sem kostaðir eru af hinu opinbera á sviði vísinda og tækni á Íslandi. Stefnt er að því að gögn geti nýst til frekari rannsókna í framtíðinni og verði aðgengileg til almennrar notkunar og rannsókna. Tímabundið 5 m.kr. framlag í fjárlögum 2008 til annarra verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins fellur niður. Lagt til að veitt verði 6 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár á *1.90 Háskólastarfsemi*, til verkefnisins Námsferill frá grunnskóla til háskóla samkvæmt stefnu um upplýsingasamfélagið 2008-2012. Markmið þess er að allir hafi aðgang á einum stað að námsferli sínum á rafrænu formi frá lokum grunnskóla. Jafnframt er miðað við að upplýsingar um námsferla í framhaldsskólum berist háskólum rafrænt við innritun í þá. Þá er lagt er til að 18,5 m.kr. verði millifærðar af þessu viðfangsefni yfir á nýtt viðfangsefni á fjárlagalið *02-985-1.01 Alþjóðleg samskipti. Landsskrifstofa menntaáætlana ESB*. Samningsbundnar fjárhæðir hafa verið greiddar af óskiptum liðum ráðuneytisins en nú er gert ráð fyrir að þær verði færðar á þetta nýja viðfangsefni. Að lokum er lagt til að 4 m.kr. tímabundin fjárheimild til fimm ára í fjárlögum 2008 til stuðnings við íslenskukennslu við Humboldt og Manitobaháskóla verði millifærð á *02-209-1.01 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*. Óskað er eftir 10,7 m.kr. fjárveitingu á *1.91 Háskólar, óskipt* vegna lóðarleigu til sveitarfélaga vegna skólahúsnæðis háskólastofnana. Sveitarfélög hafa innheimt lóðarleigu af þremur háskólum frá árinu 2006: Kennaraháskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og Háskólanum á Akureyri. Fjárheimildir verða millifærðar af viðfangsefninu á viðkomandi skóla. Að lokum er lagt til að fjárveiting á viðfanginu lækki um 84,9 m.kr. til að mæta útgjöldum vegna fjölgunar ársnema á háskólastigi sem skipt hefur verið á einstaka háskóla.

985 Alþjóðleg samskipti. Heildarfjárveiting hækkar um 85 m.kr. á milli ára. Lagt er til í fyrsta lagi að á nýtt viðfangsefni *1.01 Landsskrifstofa menntaáætlana ESB* verði millifærðar samtals 21,8 m.kr. Þar af komi 18,5 m.kr. af *02-299-0.90 Háskóla- og rannsóknastarfsemi*, 1,8 m.kr. af *02-451-1.11 Símenntun og fjarkennsla* og 1,5 m.kr. af *02-319-1.11 Sameiginleg þjónusta*. Samningsbundnar greiðslur nema 21,8 m.kr. og voru áður fjármagnaðar af framangreindum safnliðum. Í öðru lagi er lagt til að millifærðar verði 3,5 m.kr. af *1.90 Alþjóðleg samskipti vegna rammaáætlana ESB* yfir á *02-999-1.81 Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO* Þessi útgjöld hafa hingað til verið greidd af safnliðnum Alþjóðleg samskipti. Í þriðja lagi er lögð til 85 m.kr. raunhækkun á *1.91 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun.* Skuldbindingar Íslands vegna þátttöku í 7. rammaáætlun ESB eru áætlaðar ríflega 9,6 milljónir evra á árinu 2009 sem svarar til um 1.889 milljóna íslenskra króna miðað við gengisforsendur frumvarpsins. Í fjórða lagi er lagt til að 14,5 m.kr. fjárveiting til *1.95 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna* verði millifærð yfir á nýtt viðfangsefni með sama nafni *1.25 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna* undir fjárlagalið *02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.*

Framhaldsskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301-309; 350-372; 504-581 Framhaldsskólar; 316 Fasteignir framhaldsskóla; 318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður; 319 Framhaldsskólar, almennt; 441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra og 451 Símenntun og fjarkennsla. Eftirfarandi breytingar eru á fjárlagaliðnum frá fjárlögum yfirstandandi árs: 370 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ og 372 Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð eru nýir liðir. 505 Fjöltækniskólinn og 514 Iðnskólinn í Reykjavík falla niður og færast fjárveitingar yfir á 504 Tækniskólinn sem er nýr liður.

Heildarútgjöld málefnaflokksins eru áætluð 20.564,3 m.kr. á rekstrargrunni og hækka um 2.250,6 m.kr. eða 12,3% frá fjárlögum 2008. Áætlað er að sértekjur standi undir 845,4 m.kr. útgjöldum sem er hækkun um 20,3 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Að frádregnum sértekjum nema útgjöld málefnaflokksins 19.718,9 m.kr. og hækka um 2.230,3 m.kr., þar af nema launa- og verðlagshækkanir 2.241,0 m.kr. Áætlað er að rekstrarútgjöld og rekstrartilfærslur nemi 19.021,9 m.kr. og hækki um 25,3 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkanir, en stofnkostnaður verði 697,0 m.kr. og lækki um 36,0 m.kr.

Í töflunni hér á eftir eru fjárhæðir á verðlagi viðkomandi árs. Framlög á grundvelli reiknilíkans lækka um 95,9 m.kr. að frádregnum launa- og verðlagshækkunum. Lækkunina má skýra með breyttum nemendaforsendum og breyttri samsetningu náms og námshópa. Ráðgert er að tveir nýir framhaldsskólar taki til starfa haustið 2009, annars vegar Framhaldskólinn í Mosfellsbæ og hins vegar Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð. Þá var á yfirstandandi ári undirritaður þjónustusamningur um rekstur Tækniskólans, sem varð til við sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands. Skólinn tók til starfa haustið 2008. Eftirfarandi tímabundin framlög til framhaldsskóla falla niður: 15 m.kr. til Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra; 2 m.kr. til Hússtjórnarskólans Hallormsstað; 5 m.kr. til Framhaldsskólans í A-Skaftafellssýslu og 10 m.kr. til Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Menntaskólinn í Reykjavík	476,8	458,1	518,8	13,3	8,8
Menntaskólinn á Akureyri	436,6	461,2	511,5	10,9	17,2
Menntaskólinn að Laugarvatni	127,0	145,6	162,1	11,3	27,6
Menntaskólinn við Hamrahlíð	707,4	651,9	748,9	14,9	5,9
Menntaskólinn við Sund	428,0	399,2	435,5	9,1	1,8
Menntaskólinn á Ísafirði	234,9	228,5	272,7	19,3	16,1
Menntaskólinn á Egilsstöðum	238,6	243,7	264,9	8,7	11,0
Menntaskólinn í Kópavogi	690,8	677,1	781,0	15,3	13,1
Kvennaskólinn í Reykjavík	302,2	292,5	332,5	13,7	10,0
Fasteignir framhaldsskóla	127,8	75,8	84,0	10,8	-34,3
Framhaldsskólar, stofnkostnaður	70,3	723,0	687,0	-5,0	877,2
Framhaldsskólar, almennt	854,8	1.647,3	1.922,8	16,7	124,9
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	919,0	905,0	939,3	3,8	2,2
Fjölbrautaskólinn Ármúla	775,3	749,5	831,4	10,9	7,2
Flensborgarskóli	446,7	458,1	498,8	8,9	11,7
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	612,1	664,6	684,3	3,0	11,8
Fjölbrautaskóli Vesturlands	421,8	386,5	467,7	21,0	10,9
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	169,4	176,1	179,4	1,9	5,9
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	298,6	316,8	322,0	1,6	7,8
Fjölbrautaskóli Suðurlands	609,1	599,1	668,2	11,5	9,7
Verkmenntaskóli Austurlands	173,2	166,8	212,1	27,2	22,5
Verkmenntaskólinn á Akureyri	936,9	910,6	1.046,5	14,9	11,7
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	442,0	416,4	472,9	13,6	7,0
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	124,8	124,8	126,4	1,3	1,3
Framhaldsskólinn á Húsavík	119,2	121,3	138,5	14,2	16,2
Framhaldsskólinn á Laugum	139,7	138,2	158,0	14,3	13,1
Borgarholtsskóli	769,2	779,6	881,2	13,0	14,6
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	178,4	177,4	195,5	10,2	9,6
Menntaskóli Borgarfjarðar	52,0	90,3	101,0	11,8	94,2
Menntaskólinn Hraðbraut	163,8	173,2	174,6	0,8	6,6
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	-	-	52,3	-	-
Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð	-	-	23,2	-	-
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	201,2	200,1	249,5	24,7	24,0
Símenntun og fjarkennsla	700,1	1.005,9	1.167,6	16,1	66,8
Tækniskólinn	-	-	1.757,5	-	-
Fjöltækniskóli Íslands	306,3	327,8	-	-	-
Iðnskólinn í Reykjavík	1.209,4	1.191,2	-	-	-
Iðnskólinn í Hafnarfirði	508,5	519,7	620,0	19,3	21,9
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	25,1	25,1	28,5	13,5	13,5
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	21,5	23,5	27,7	17,9	28,8
Verslunarskóli Íslands	810,3	837,1	973,1	16,2	20,1
Samtals	**15.828,8**	**17.488,6**	**19.718,9**	**12,8**	**24,6**

	Reiknaðir ársnem. 2006	Reiknaðir ársnem. 2007[1]	Áætlaðir ársnem. 2008	Áætlaðir ársnem. 2009	Áætlað hlutfall bóknáms	Fjárveiting 2009	Þús. kr. á árs-nemanda
Menntaskólinn í Reykjavík	872	846	870	870	97,7	518,8	596
Menntaskólinn á Akureyri	696	751	770	741	97,9	511,5	690
Menntaskólinn að Laugarvatni	137	159	160	160	96,4	162,1	1.013
Menntaskólinn við Hamrahlíð	1.102	1.099	1.125	1.156	97,3	748,9	648
Menntaskólinn við Sund	742	756	745	710	95,7	435,5	613
Menntaskólinn á Ísafirði	270	295	320	321	83,4	272,7	850
Menntaskólinn á Egilsstöðum	322	362	350	325	95,5	264,9	815
Menntaskólinn í Kópavogi	1.097	1.065	1.055	1.063	89,9	781,0	735
Kvennaskólinn í Reykjavík	548	557	550	550	99,2	332,5	605
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.256	1.417	1.325	1.204	72,0	939,3	780
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	1.202	1.169	1.170	1.146	89,9	831,4	725
Flensborgarskóli	653	748	760	740	94,5	498,8	674
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	846	945	970	898	85,9	684,3	762
Fjölbrautaskóli Vesturlands	533	588	545	579	80,6	467,7	808
Framhaldssk. í Vestmannaeyjum	211	221	220	224	89,4	179,4	801
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	382	358	375	367	79,2	322,0	877
Fjölbrautaskóli Suðurlands	778	894	875	863	86,3	668,2	774
Verkmenntaskóli Austurlands	183	170	160	181	73,4	212,1	1.172
Verkmenntaskólinn á Akureyri	1.211	1.222	1.220	1.259	76,8	1.046,5	831
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	656	697	690	717	93,7	472,9	660
Framhaldssk. í A-Skaftafellssýslu	117	100	125	118	91,3	126,4	1.071
Framhaldsskólinn á Húsavík	124	136	130	135	97,1	138,5	1.026
Framhaldsskólinn á Laugum	106	120	120	125	99,2	158,0	1.264
Borgarholtsskóli	968	1.023	1.055	1.097	74,0	881,2	803
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	173	181	185	185	93,3	195,5	1.057
Menntaskólinn í Borgarnesi	-	-	75	101	81,6	101,0	1.000
Menntaskólinn Hraðbraut	247	331	331	250	95,4	174,6	698
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	-	-	-	50	-	52,3	1.046
Framhaldsskóli við utanv. Eyjafjörð	-	-	-	15	-	23,2	1.547
Tækniskólinn	-	-	-	1.798	47,3	1.757,5	977
Fjöltækniskóli Íslands	299	299	320	-	-	-	-
Iðnskólinn í Reykjavík	1.362	1.397	1.390	-	-	-	-
Iðnskólinn í Hafnarfirði	515	517	545	550	38,8	620,0	1.127
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	24	24	24	24	-	28,5	1.188
Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað	24	24	24	28	-	27,7	989
Listdansskóli Íslands	21	-	-	-	-	-	-
Verslunarskóli Íslands	1.419	1.441	1.490	1.530	96,0	973,1	636
Framhaldsskólar almennt, v/nem.uppgj.	-	73	50	40	-	-	-
Samtals	**19.096**	**19.985**	**20.119**	**20.120**	**83,4**	**15.608,0**	**776**

[1] Sérdeildarnemendur, 261 talsins, voru í fyrsta skipti taldir með í áætluðum ársnemendafjölda árið 2007.

Í töflunni hér á eftir er nemendaspá menntamálaráðuneytisins fyrir árin 2008-2001, en rauntölur fyrir árin 2005-2007 um innritaða og ársnemendur. Fjöldi í fæðingarárgöngum er samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Fæðingarárgangar	4.560	4.768	4.533	4.609	4.623	4.442	4.280
Innritun skv. Hagstofu Íslands	24.664	26.196	27.310	*28.134*	*28.334*	*28.437*	*28.187*
Reiknaðir ársnemendur	18.980	19.279	19.502	*20.119*	*20.274*	*20.362*	*20.203*

Skáletraðar tölur eru spátölur ráðuneytisins fyrir árin 2008-2011

Í forsendum fjárlagafrumvarps er gert ráð fyrir að ársnemendur í framhaldsskólum verði 20.120 árið 2009 sem er nánast sami fjöldi og lagður var til grundvallar fjárlagafrumvarpi 2008. Langtímaspá menntamálaráðuneytisins, sem birt var í því frumvarpi, gerir ráð fyrir að fjöldi á árinu 2009 geti orðið allt að 20.274. Forsendur áætlunarinnar hafa hins vegar breyst með þeim hætti að nemendum sem innritast í framhaldsskóla samkvæmt tölum Hagstofu Íslands hefur fjölgað meira en gert var ráð fyrir. Á móti kemur að heldur hefur dregið úr virkni nemenda í framhaldsskólum. Hlutfall ársnemenda af fjölda innritaðra lækkar því meira á milli ára en langtímaáætlun gerði ráð fyrir. Tilviljun ræður því að endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir sama fjölda ársnemenda fyrir árið 2009 þrátt fyrir breyttar forsendur. Mismunur langtímaáætlunarinnar og nemendafjölda sem gert er ráð fyrir í forsendum fjárlagafrumvarpsins nú er 0,7% og kemur fram í minna svigrúmi á óskiptum lið *319-1.90 Framhaldsskólar, óskipt* sem verður fjallað um hér á eftir.

318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður. Heildargjöld á fjárlagaliðnum eru áætluð 687 m.kr. sem er 36 m.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Fjárhæðin skiptist þannig að 648 m.kr. eru til byggingaframkvæmda og 39 m.kr. til kaupa á tækjum og búnaði. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir áætlaða skiptingu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2008
Framhaldsskólar í Reykjavík	240,0
Menntaskólinn í Reykjavík	50,0
Menntaskólinn á Laugarvatni	25,0
Fjölbrautskóli Vesturlands	20,0
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	25,0
Verkmenntakólinn á Akureyri	35,0
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	40,0
Framhaldsskólinn á Laugum	15,0
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	85,0
Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð	33,0
Byggingarframkvæmdir, óskipt	30,0
Héraðsskólahúsið á Laugarvatni	50,0
Tæki og búnaður, óskipt	39,0
Samtals	**687,0**

Gert er ráð fyrir að 240 m.kr. verði varið til uppbyggingar framhaldsskóla í Reykjavík. Samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg er ráðgert að 50 m.kr. verði áfram varið til Menntaskólans í Reykjavík. Framkvæmdir halda einnig áfram víðs vegar um landið. Lagt er til að 25 m.kr. verði varið til framkvæmda við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, 40 m.kr. til Fjölbrautaskólans í Garðabæ og 25 m.kr. vegna endurbóta á húsnæði Menntaskólans á Laugarvatni. Þá er lagt til að veittar verði 35 m.kr. til Verkmenntaskólans á Akureyri vegna viðbyggingar fyrir sérdeildarnemendur og 33 m.kr. til byggingar Framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð sem fyrirhugað er að verði á Ólafsfirði.

319 ***Framhaldsskólar, almennt.*** Á þessum fjárlagalið er áætlað að mestu leyti fyrir sameiginlegum útgjöldum framhaldsskóla og óskiptum framlögum sem menntamálaráðuneytið millifærir yfir á hlutaðeigandi skóla þegar forsendur þar að lútandi liggja fyrir. Gjöld umfram tekjur á liðnum eru áætluð 1.922,8 m.kr., sem er hækkun um 93,7 m.kr. að raunvirði. Hér á eftir fer upptalning á þeim breytingum sem lagðar eru til. Í tengslum við innleiðingu laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla var gert ráð fyrir 220 m.kr. hækkun framlaga. Sú fjárhæð skiptist á eftirfarandi hátt: 20 m.kr. á *1.28 Mat á skólastarfi*, vegna aukinnar vinnu við úttektir á skólum; 50 m.kr. á *1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu* til að mæta auknum kostnaði vegna vinnu við námskrárgerð og breytt einingakerfi; 100,0 m.kr. á *1.90 Framhaldsskólar, óskipt* vegna aukins kostnaðar við lengingu skólaárs um 5 daga og 50 m.kr. á *1.90 Framhaldsskólar, óskipt* vegna umsýslukostnaðar við starfsþjálfun nemenda í verknámi. Á móti er gert ráð fyrir að framlög á *1.90 Framhaldsskólar, óskipt* lækki um 67 m.kr. til þess að mæta markmiðum um aðhald í ríkisútgjöldum. Á *1.11 Sameiginleg þjónusta* er gert ráð fyrir tímabundnu framlagi í eitt ár vegna stefnu um upplýsingafélagið, 2008-2012. Annars vegar 10 m.kr. til verkefnisins Notkun upplýsingatækni í námi og kennslu, UT-leiðtogar og hins vegar 5 m.kr. til verkefnisins Stafrænt námsefni fyrir grunn- og framhaldsskóla. Þá er lagt til að 1,5 m.kr. verði millifærð af sama viðfangi á *985-1.01 Landsskrifstofa menntaáætlana ESB*, vegna samningsbundinna greiðslna. Á *1.14 Sérkennsla* eru gerðar þrjár tillögur um framlög vegna bættrar þjónustu við blinda og sjónskerta. Í fyrsta lagi 12 m.kr. til námsgagnagerðar fyrir blinda og sjónskerta einstaklinga á framhaldsskólastigi; í öðru lagi 23,5 m.kr. vegna þriggja kennsluráðgjafa og starfsmanns við stækkun leturs; í þriðja lagi 6 m.kr. tímabundið framlag til eins árs vegna eignakaupa. Á móti fellur niður 14 m.kr. tímabundið framlag til eins árs vegna þjónustu við blinda og sjónskerta. Lagt er til að *1.19 Kennslueftirlit* verði fellt niður og 7,2 m.kr. sem eru á liðnum millifærðar á *1.15 Prófakostnaður*. Óskað er eftir 4 m.kr. hækkun til *1.23 Raungreina- og nýsköpunarkeppnir* vegna aukinnar þátttöku framhaldsskólanema í alþjóðlegum keppnum. Jafnframt hefur heiti viðfangsefnisins verið breytt úr Ólympíuleikar í raungreinum. Þá eru 15 m.kr. af millifærðar af *1.26 Verk-*

efnasjóður skólasamninga, sem áður hét Þróunarsjóður framhaldsskóla, og 22,4 m.kr. af viðfangi *1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu* millifærðar yfir á *720-1.34 Sprotasjóður*, en gert er ráð fyrir að þróunarsjóðir leik-, grunn- og framhaldsskóla sameinist undir því heiti. Á *1.26 Verkefnasjóður skólasamninga* stendur eftir fjárhæð til ráðstöfunar í tengslum við skólasamninga framhaldsskólanna. Farið er fram á að *1.28 Mat á skólastarfi* hækki um 6 m.kr. til að mæta aðildargjöldum Íslands vegna PISA. Tímabundið 2,5 m.kr. framlag á *1.35 Myndlistaskólinn í Kópavogi* fellur niður. Auk breytinga sem fjallað er um að framan í tengslum við innleiðingu laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla eru lagðar til eftirfarandi breytingar á *1.90 Framhaldsskólar, almennt*: Í fyrsta lagi er óskað eftir 100 m.kr. framlagi til að mæta óvissu í nemendaþróun vegna innleiðingar nýrra framhaldsskólalaga. Í öðru lagi eru millifærðar 49,5 m.kr. af viðfanginu yfir á tvo nýja framhaldsskóla og kemur það til viðbótar 22 m.kr. millifærslu af lið *318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður*. Í þriðja lagi eru millifærðar 2,5 m.kr. á *999-1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytisins* vegna Heimilisiðnaðarfélagsins. Í fjórða lagi lækkar viðfangið um 21 m.kr. vegna breyttrar forgangsröðunar. Í fimmta lagi fellur niður 15 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingar nýs framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð og í sjötta og síðasta lagi er tillaga um lækkun framlags á liðnum um 82,4 m.kr. til þess að mæta markmiðum um aðhald með aukningu rekstrargjalda.

441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra. Í kjölfar endurnýjunar á þjónustusamningi við Fjölmennt, sem sér um rekstur fullorðinsfræðslu fyrir fatlaða, er lagt til að liðurinn hækki um 40 m.kr. vegna aukinna umsvifa.

451 Símenntun og fjarkennsla. Heildarfjárveiting hækkar um 37,2 m.kr. á milli ára fyrir utan launa- og verðlagsbreytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að millifærðar verði 1,8 m.kr. af *1.11 Símenntun og fjarkennsla* yfir á *02-985-101 Landsskrifstofa menntaáætlana ESB*. Samningsbundnar greiðslur hafa verið greiddar af óskiptum liðum ráðuneytisins en nú er gert ráð fyrir verkefninu sem sérstöku viðfangsefni á fjárlögum. Að auki er lagt til að fjárveiting viðfangsefnisins lækki um 15 m.kr. til að mæta breyttum áherslum. Í öðru lagi er lagt er til að *1.12 Námskeið og ráðgjöf* hækki um 150 m.kr. Tillagan er liður í ráðstöfunum sem ríkisstjórnin gerði til að greiða fyrir gerð kjarasamninga til þriggja ára sl. vor. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar verða árleg framlög til símenntunar og fullorðinsfræðslu sem nýtist fólki á vinnumarkaði aukin í jöfnum hlutum í 300 m.kr. á næstu tveimur árum. Á móti fellur niður 100 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2008 til að efla námsframboð og náms- og starfsþjálfun í framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum. Í þriðja lagi er lagt til að *1.23 Farskóli Norðurlands vestra* fái 4 m.kr. til að efla háskólamenntun með fjarnámi og staðbundinni kennslu. Áætlað er að störfum fjölgi um eitt vegna þessa verkefnis.

Tillagan er hluti af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Í fjórða lagi er lagt til að millifærðar verði 11,5 m.kr. á *1.25 Þekkingarsetur Þingeyinga* af *1.31 Fræða- og þekkingarsetur* og að nafni þess verði jafnframt breytt úr Fræðslumiðstöð Þingeyinga í Þekkingarsetur Þingeyinga. Þekkingarsetur Þingeyinga er símenntunar-, háskólanáms- og rannsóknasetur sem starfar á grunni tveggja stofnana sem voru sameinaðar árið 2006. Samningsbundnar greiðslur menntamálaráðuneytisins til setursins hafa verið fjármagnaður af *1.31 Fræða og þekkingarsetur*. Í fimmta lagi er farið fram á 19,2 m.kr. verði millifærðar á *1.26 Þekkingarnet Austurlands* af *1.31 Fræða- og þekkingarsetur* og að nafni þess jafnframt breytt úr Fræðsluneti Austurlands í Þekkingarnet Austurlands. Um er að ræða framlag menntamálaráðuneytisins til samnings við Þekkingarnetið. Í gildi er samningur við Þekkingarnet Austurlands um fjárstuðning frá menntamálaráðuneyti og iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti vegna þróunarverkefnis um stofnun og rekstur Þekkingarnets Austurlands. Greiðslur voru ákveðnar 36 m.kr. árið 2006 og eigi lægri með verðlagsuppbótum út samningstímann. Greiðir menntamálaráðuneytið helming þeirrar fjárhæðar á móti iðnaðarráðuneytinu. Í sjötta lagi fellur niður tímabundið 2 m.kr. framlag í fjárlögum 2008 til Nýsköpunarseturs á sviði opinberrar þjónustu. Í sjöunda lagi er lagt til að fluttar verði 19,2 m.kr. á nýtt viðfangsefni *1.32 Háskólasetur Vestfjarða* af *1.31 Fræða og þekkingarsetur* vegna samnings við Háskólasetrið. Samningur menntamálaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins annars vegar og Háskólaseturs Vestfjarða hins Greiðslur voru ákveðnar 36 m.kr. árið 2006 og eigi lægri með verðlagsuppbótum út samningstímann og greiðir menntamálaráðuneytið helming þeirrar fjárhæðar á móti iðnaðarráðuneytinu. Í áttunda lagi er lagt til að 20 m.kr. framlag sem veitt var á fjárlögum 2008 til Háskólaseturs Vestfjarða verði millifært af *1.31 Fræða- og þekkingarsetur* yfir á þetta nýja viðfangsefni. Í níunda og síðasta lagi er lagt til að *1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga* fái 2 m.kr. framlag í eitt ár til verkefnisins Tungumálatorg skólanna. Um er ræða úthlutun 2009 til verkefnis á grundvelli stefnu upplýsingasamfélagsins 2008-2012. Markmið þess er að ýta úr vör samhæfðu móðurmálsnámi innflytjendabarna og íslenskra barna búsettra erlendis.

Grunnskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 720 Grunnskólar, almennt og 725 Námsgagnastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Grunnskólar, almennt	105,0	104,6	190,8	82,4	81,7
Námsgagnastofnun	369,8	379,9	426,9	12,4	15,4
Samtals	**474,8**	**484,5**	**617,7**	**27,5**	**30,1**

Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 633,2 m.kr. á rekstrargrunni og hækka um 134,0 m.kr. eða 26,8% frá fjárlögum 2008. Áætlað er að sértekjur standi undir 15,5 m.kr. útgjöldum sem er hækkun um 0,8 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Að frádregnum sértekjum nema útgjöld málefnaflokksins 617,7 m.kr. og hækka um 133,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum, þar af nema launa- og verðlagshækkanir 62,8 m.kr.

Á viðfangsefninu *1.31 Sérstök fræðsluverkefni* er lagt til að veittar verði 33 m.kr. til verkefna á grundvelli aðgerðaráætlunar í þágu barna og ungmenna. Um er að ræða hluta af 100 m.kr. framlagi sem skipt er á milli ráðuneyta menntamála, félagsmála og heilbrigðismála. Ráðgert er að 10 m.kr. verði notað í stuðning við börn með lestrarerfiðleika. Í annan stað er lagt til að *1.33 Þróunarsjóður leikskóla* og *1.82 Þróunarstarf í grunnskólum* verði sameinaðir Þróunarsjóði framhaldsskóla á nýju viðfangsefni *1.34 Sprotasjóður*. Lagt er til að 55 m.kr. verði millifærðar á sjóðinn. Þar af komi 15 m.kr. af *1.26 Verkefnasjóður skólasamninga*, sem áður hét Þróunarsjóður framhaldsskóla; 22,4 m.kr. af *1.41 Framkvæmd nýrrar skólastefnu*; 3 m.kr. millifærslu af *1.33 Þróunarsjóður leikskóla*, sem lagt er niður og 14,6 m.kr. millifærslu af *1.82 Þróunarstarf í grunnskólum* sem lagt er niður.

Námsaðstoð

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 872 Lánsjóður íslenskra námsmanna og 884 Jöfnun námskostnaðar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lánasjóður íslenskra námsmanna	4.804,0	5.938,0	7.723,0	30,1	60,8
Jöfnun á námskostnaði	566,3	570,3	645,7	13,2	14,0
Samtals	**5.370,3**	**6.508,3**	**8.368,7**	**28,6**	**55,8**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 7.664,3 m.kr. og hækkar um 1.156 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa-, verðlags og gengisbreytingar en þær nema 704,4 m.kr. Gert er ráð fyrir að framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækki um 1.785 m.kr. vegna fjölgunar lánþega um 15,5%, aukinna skólagjaldalána og áhrifa af gengis- og verðlagsbreytingum. Gerð er grein fyrir fjárreiðum sjóðsins í umfjöllun um C-hluta fjárlaga.

Söfn, listastofnanir og fleira

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 901-919 Söfn; 969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 971 Ríkisútvarpið ohf; 972 Íslenski dansflokkurinn; 973 Þjóðleikhúsið; 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands; 977 Höfundaréttargjöld; 978 Listasjóðir; 979 Húsafriðunarnefnd; 980 Listskreytingasjóður; 981 Kvikmyndamiðstöð Íslands og 982 Listir, framlög.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fornleifavernd ríkisins	74,9	81,2	85,3	5,0	13,9
Þjóðminjasafn Íslands	470,7	487,8	426,3	-12,6	-9,4
Þjóðskjalasafn Íslands	170,5	291,3	331,9	13,9	94,7
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	547,1	597,7	673,7	12,7	23,1
Listasafn Einars Jónssonar	16,0	16,4	18,3	11,6	14,4
Listasafn Íslands	125,0	147,0	164,6	12,0	31,7
Kvikmyndasafn Íslands	42,5	47,5	52,6	10,7	23,8
Blindrabókasafn Íslands	81,6	84,4	93,8	11,1	15,0
Náttúruminjasafn Íslands	6,4	31,0	34,4	11,0	437,5
Safnasjóður	85,3	87,7	98,9	12,8	15,9
Söfn, ýmis framlög	250,5	329,2	355,2	7,9	41,8
Samtals	**1.870,5**	**2.201,2**	**2.335,0**	**6,1**	**24,8**
Tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík	0,0	0,0	34,9	-	-
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	917,0	277,9	409,9	47,5	-55,3
Ríkisútvarpið	2.910,4	2.930,0	2.945,0	0,5	1,2
Íslenski dansflokkurinn	100,8	102,9	115,9	12,6	15,0
Þjóðleikhúsið	639,5	648,9	738,2	13,8	15,4
Sinfóníuhljómsveit Íslands	475,0	571,6	646,1	13,0	36,0
Höfundarréttargjöld	95,5	78,8	98,0	24,4	2,6
Listasjóðir	298,7	334,2	366,8	9,8	22,8
Húsafriðunarnefnd	196,5	218,8	59,2	-72,9	-69,9
Listskreytingasjóður	-1,5	7,1	7,1	0,0	-573,3
Kvikmyndamiðstöð Íslands	567,8	631,7	698,2	10,5	23,0
Listir, framlög	869,3	897,8	967,1	7,7	11,3
Samtals	**7.069,0**	**6.699,7**	**7.086,4**	**5,8**	**0,2**
Samtals	**8.939,5**	**8.900,9**	**9.421,4**	**5,8**	**5,4**

Heildarútgjöld málefnaflokksins á rekstrargrunni eru áætluð 10.097,8 m.kr. sem er 660,6 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs eða um 7,0%. Þar af er áætlað að sértekjur standi undir 676,4 m.kr. sem er 140,1 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2008. Gjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 9.421,4 m.kr. og hækka um 520,5 m.kr. en þar af eru launa- og verðlagshækkanir 445,1 m.kr.

Helstu tillögur um breytingar eru að framlag til Kvikmyndasjóðs aukist um 60 m.kr. og framlag til menningarsamninga um 15 m.kr. Þá er óskað eftir að stofnaður verði nýr fjárlagaliður *965 Tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík* og er áætlað 33 m.kr. framlag til hans. Farið er fram á 10 m.kr. framlag á nýju viðfangi *919-1.14 Hönnunarmiðstöð Íslands*. Lagt er til 23 m.kr. framlag til tveggja verkefna sem eru hluti af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Loks eru 13,5 m.kr. til Þjóðskjalasafns Íslands vegna lagasetningar um viðtöku rafrænna skjala og 50 m.kr. vegna þátttöku í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011. Helstu tillögur til hækkunar á stofnkostnaði varða 142 m.kr. til

Hönnunarsafns Íslands, 25 m.kr. til Lækningaminjasafns Íslands og 50 m.kr. til Tónlistar- og ráðstefnuhúss. Á móti hækkunum falla niður tímabundin verkefni að fjárhæð 405 m.kr.

Söfn

Hér er fjallað um söfn og aðrar stofnanir sem vinna að varðveislu menningararfs þjóðarinnar og eru á fjárlagaliðnum 901 - 919 en það eru Fornleifavernd ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn, Listasafn Einars Jónssonar, Listasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands, Blindrabókasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands, Safnasjóður og Söfn, ýmis framlög.

Heildarútgjöld eru áætluð 2.614,4 m.kr. og þar af er gert ráð fyrir að sértekjur standi undir 279,4 m.kr. Gjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.335 m.kr. og lækka um 82,9 m.kr. að raunvirði.

901 Fornleifavernd ríkisins. Framlag lækkar um 3,5 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkanir. Annars vegar er lagt til að veittar verði 2 m.kr. til starfs minjavarðar Vestfjarða. Tillagan er hluti af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Veitt var 6 m.kr. framlag vegna starfsins í fjárlögum 2008 en ástæða þykir til að hækka það í 8 m.kr. Tímabundin framlög í fjárlögum 2008 samtals að fjárhæð 5,5 m.kr. falla niður. Þau skiptist þannig: 3 m.kr. til að endurreisa Þorláksbúð í Skálholti; 2 m.kr. til að endurhlaða hluta af Skagagarðinum og 0,5 m.kr. til að endurbyggja þurrkhjall við Reyki á Reykjaströnd.

902 Þjóðminjasafn Íslands. Fjárveitingar undir þessum fjárlagalið lækka um 100 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkanir. Lagt er til að safnið haldi 6 m.kr. tímabundinni fjárveitingu í fjárlögum yfirstandandi árs til að flýta skráningu í gagnagrunninn Sarp með fjarvinnslu á Hvammstanga. Tillagan er hluti af ráðstöfunum ríkisstjórnirnar til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Á hinn bóginn fellur niður 6 m.kr. tímabundið framlag til fjarvinnslu á Húsavík. Einnig falla niður tímabundnar fjárveitingar sem samþykktar voru við 2. umræðu fjárlaga 2008 samtals að fjárhæð 52 m.kr. á *1.10 Byggða- og minjasöfn* og 7 m.kr. tímabundnar fjárveitingar sem samþykktar voru í 3. umræðu fjárlaga 2008. Þar af eru 2 m.kr. sem veittar voru vegna umsýslu með verkefnum sem hlotið hafa styrk á *1.10 Byggða- og minjasöfn*. Loks falla annars vegar niður 20 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var í 3 ár á *1.0 Byggða- og minjasöfn* til að standa straum af kostnaði við forvörslu gripa, útgáfu og sýningar á niðurstöðum fornleifarannsókna sem styrktir voru úr Kristnihátíðarsjóði og hins vegar 15 m.kr. framlag til uppbyggingar á Núpsstöðum sem ríkisstjórnin samþykkti að veita árin 2005-2008.

903 Þjóðskjalasafn Íslands. Fjárheimild safnsins hækkar um 13,5 m.kr. auk launa- og verðlagshækkana. Til hækkunar koma 33,5 m.kr. til verkefna í tengslum við lagasetningu um viðtöku rafrænna skjala. Um er að ræða kaup á búnaði til að taka á móti, sannreyna og varðveita aðsend rafræn gögn, ráðning fimm starfsmanna þar af tveggja vegna viðtöku rafrænna skjalasafna, tveggja til að fara með eftirlit og eins til að starfa að tölvumálum innan safnsins. Þá er lagt til að aukið framlag til Þjóðskjalasafns Íslands um 20 m.kr. vegna lagasetningar um viðtöku rafrænna skjala verði frestað tímabundið í eitt ár. Tillagan er hluti af aðhaldsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar. Með lækkuninni er gert ráð fyrir að safnið fresti því að fjölga starfsfólki vegna verkefna í tengslum við lagasetningu um viðtöku rafrænna skjala.

905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn. Fjárveiting hækkar samkvæmt launa- og verðlagsbreytingum milli ára en er óbreytt að öðru leyti. Gert er ráð fyrir 32,1 m.kr. hækkun á veltu til leiðréttingar á útgjöldum sem fjármögnuð eru með sértekjum og er þá tekið mið af áætlun og ríkisreikningi síðustu ára.

907 Listasafn Íslands. Fjárveiting hækkar samkvæmt launa- og verðlagsbreytingum milli ára en er óbreytt að öðru leyti. Gert er ráð fyrir 10,9 m.kr. hækkun á veltu til leiðréttingar á útgjöldum sem fjármögnuð eru með sértekjum og er þá tekið mið af áætlun og ríkisreikningi síðustu ára.

908 Kvikmyndasafn Íslands. Fjárveiting hækkar samkvæmt launa- og verðlagsbreytingum milli ára en er óbreytt að öðru leyti.

919 Söfn, ýmis framlög, Liðurinn hækkar um 7,1 m.kr. að teknu tillit til niðurfellingar á tímabundnum framlögum. Í fyrsta lagi er lagt til 10 m.kr. framlag á nýtt viðfang *1.14 Hönnunarmiðstöð Íslands* í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt um að menntamálaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið geri samning við Hönnunarmiðstöð Íslands ehf. um 20 m.kr. framlag árin 2008 til 2010. Skiptist upphæðin jafnt á milli ráðuneytanna. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 3,1 m.kr. framlag til Lækningaminjasafns Íslands á nýtt viðfang *1.16 Lækningaminjasafn Íslands* í samræmi við samning. Áætlað er að safnið opni 1. september 2009 og því er sótt um rekstrarframlag vegna fjögurra mánaða. Í þriðja lagi falla niður nokkur tímabundin framlög: 2 m.kr. á *1.11 Nýlistasafn,* sem veitt var í tilefni 30 ára afmælis safnsins árið 2008; 1 m.kr. á *1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar* vegna viðgerða á byggingum safnsins; 10 m.kr. á *6.36 Síldarminjasafnið á Siglufirði* vegna samnings sem gerður var við þá um 40 m.kr. framlag á árunum 2006-2008 og loks 6,4 m.kr. á *1.10 Listasafn ASÍ.* Í fjórða og síðasta lagi hækkar framlag á *1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytisins* að raungildi um 13,4 m.kr. Helstu breytingar eru þær að lagt er til að veittar verði 17 m.kr. til að ráða

tvo sérfræðinga sem aðstoða söfn, menningarstofnanir og ferðaþjónustuaðila í Húnavatnssýslum við að byggja upp og þróa starfsemin sína og efla samstarf um markaðssetningu. Þá verður áhersla lögð á aukið samstarf Textílseturs Íslands og Heimilisiðnaðarsafnsins á Blönduós með áherslu á menntun og rannsóknir á íslensku handbragði fyrri tíma og þróun á hvers kyns textílhönnun. Tillagan er hluti af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Einnig er lagt til að veittar verði 6,4 m.kr. framlag til verkefnis um Tónlistarsafn í Kópavogi. Að lokum fellur niður 10 m.kr. framlag til Safnahúss í Búðardal. Áform um nánari skiptingu safnliðarins koma fram í töflunni hér fyrir neðan:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.
Samningur , Byggðasafnið í Görðum v. Kútter Sigurfara	12,0
Samningur, Hvalamiðstöðin á Húsavík	10,0
Samningur, Víkin - Sjóminjasafnið í Reykjavík	10,0
Samningur, Mosfellsbær, fornleifarannsóknir við Hrísbrú	8,0
Samningur, Heklusetur Leirubakka	6,0
Samningur, Galdrasýning á Ströndum	6,0
Styrkur til rannsóknarstofnunar og fræðaseturs, Þjóðtrúarstofa	10,0
Verkefni tengdum heimsminjasamningi UNESCO	6,0
Verkefni til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra	17,0
Styrkir á grundvelli umsókna til safna sem falla ekki undir verksvið Safnasjóðs.	27,7
Samtals	**112,7**

965 Tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík. Gerð er tillaga um 33 m.kr. framlag á þennan nýja fjárlagalið vegna skuldbindinga um greiðslur ríkisins til rekstraraðila Tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar. Er tillagan í samræmi við samkomulag milli ríkisins og Reykjavíkurborgar frá 21. desember 2004. Fjárhæðin miðast við að greitt sé fyrir desember 2009 þar sem nýjustu áætlanir gera ráð fyrir að tónlistarhúsið verði tekið í notkun í byrjun þess mánaðar. Greiðslur ríkisins munu samkvæmt þessu nema samtals 394 m.kr. á heilu ári.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Heildarfjárveiting til menningarstofnana, viðhald og stofnkostnaðar hækkar um 132 m.kr. og verður því 409,9 m.kr. Helstu breytingar eru þær að í fyrsta lagi er gerð tillaga um 142 m.kr. framlag á nýtt viðfang *6.84 Hönnunarsafn Íslands* vegna samnings við Garðabæ um byggingu Hönnunarsafns Íslands. Í samningnum kemur fram að selja á húsnæði ríkisins við Lyngás þar í bæ og að ríkissjóður muni leggja til framkvæmdanna að hámarki 125 m.kr. á miðað við byggingarvísitölu í nóvember 2006. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 25 m.kr. framlag á nýtt viðfang *6.83 Lækningaminjasafn Íslands*. Í samningi við Seltjarnarnesbæ um Lækningaminjasafn Íslands er gert ráð fyrir að Bygggarðar 7 verði

seldir og ríkissjóður leggi 75 m.kr. til framkvæmda við nýrrar byggingar yfir safnið. Greiddar voru 25 m.kr. árið 2007 og er ætlunin að greiða 25 m.kr. árið 2009 og 25 m.kr. árið 2010. Í þriðja lagi er gerð tillaga um að 75 m.kr. tímabundið framlag á *6.23 Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík* sem veitt var í fjárlögum 2008 vegna eftirlits með hönnun og framkvæmdum í tengslum við byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar falli niður og að í staðinn verði veitt 50 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár vegna eftirlits og eftirfylgni með framkvæmdunum. Tillagan er í samræmi við samkomulag milli ríkisins og Reykjavíkurborgar frá 21. desember 2004 og nýskipaðrar eftirlitsnefndar. Gerð er tillaga um að 10 m.kr. tímabundið framlag á *6.95 Menningarhús* sem veitt var til endurbóta á Tjarnarborg - menningarhús falli niður. Loks er tillaga um að ráðstafa 6 m.kr. á *6.21 Endurbætur menningarstofnana* til að greiða samkvæmt samningi við Reykholtskirkju í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt alls 30 m.kr. á fimm árum, lokagreiðsla verður árið 2010.

971 ***Ríkisútvarpið.*** Á árinu 2007 voru samþykkt lög nr. 61/2007 en með þeim var Ríkisútvarpið ohf. stofnað sem hlutafélag í eigu ríkisins. Samkvæmt lögunum er helsti tekjustofn þess sérstakt gjald, útvarpsgjald, sem skattstjórar leggja á samhliða álagningu opinberra gjalda skv. 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Þetta gjald tekur gildi 1. janúar 2009.

973 ***Þjóðleikhúsið.*** Framlag lækkar um 5 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkanir vegna niðurfellingar tímabundinnar fjárveitingar sem veitt var vegna samnings á milli leikhússins og Þjóðdans Færeyja.

974 ***Sinfóníuhljómsveit Íslands.*** Framlag hækkar um 5,6 m.kr. þegar launa- og verðlagshækkanir eru frátaldar. Skýringin er hærri húsaleiga í desembermánuði 2009 en þá er áætlað að hljómsveitin flytji inn í nýja tónlistarhúsið Leigukostnaður er áætlaður 109,5 m.kr. á heilu ári eftir að hljómsveitin er flutt inn.

979 ***Húsafriðunarnefnd.*** Bæði tímabundnar fjárveitingar sem samþykktar voru í 2. umræðu fjárlaga 2008 samtals að fjárhæð 155 m.kr. falla niður og í 3. umræðu 7 m.kr. Þá er tillaga um leiðréttingu á sértekjum með hliðsjón af rekstraráætlun og ríkisreikningi síðustu ára.

981 ***Kvikmyndamiðstöð Íslands.*** Framlag hækkar um 60 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagshækkanir vegna samnings um aukið framlag í Kvikmyndasjóð. Í nóvember 2006 var undirritaður samningur milli menntamálaráðherra, fjármálaráðherra og Samtaka í íslenskri kvikmyndagerð. Samkvæmt honum nemur framlag á liðinn 620 m.kr. árið 2009 og 700 m.kr. árið 2010.

982 Listir, framlög. Framlag hækkar um 60,5 m.kr. án launa- og verðlagshækkana. Í fyrsta lagi fellur niður 3 m.kr. tímabundið framlag á *1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga* til Draumasmiðjunnar, leikhús heyrnarlausra og til alþjóðlegrar leiklistarhátíðarinnar Draumar 2009. Í öðru lagi er tillaga um niðurfellingu 1,5 m.kr. tímabundins framlags til þriggja verkefna á *1.29 Íslensk tónverkamiðstöð*. Í þriðja lagi er lagt til 50 m.kr. framlag á *1.57 Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011*. Samtals er kostnaður við þátttökuna áætlaður 300 m.kr. sem greiðist þannig að 50 m.kr. voru veittar í fjáraukalögum 2007 og verður óskað eftir 50 m.kr. í frumvarpi til fjáraukalaga 2008. Þá er gert ráð fyrir 50 m.kr. árið 2009, 50 m.kr. árið 2010 og loks 100 m.kr. árið 2011. Í fjórða og síðasta lagi er lögð til 15 m.kr. hækkun til samninga við sveitarfélög um menningarmál. Samkvæmt samningi við Akureyrarbæ hækka framlög um 10 m.kr. Þá er gert ráð fyrir hækkun í samningum við Vestfirði, Norðurland vestra, Eyþing, Suðurland og Suðurnes, 1 m.kr. til hvers samnings. Taflan á eftir sýnir framlög menntamálaráðuneytisins samkvæmt samningum við sveitarfélög um menningarmál en iðnaðarráðuneytið leggur að auki 68 m.kr. til þeirra.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.
Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	130,0
Samningur við sveitarfélög á Austurlandi um menningarmál	38,0
Samningur við sveitarfélög á Vesturlandi um menningarmál	17,0
Samningur um samstarf ríkis og sveitafélaga á svæði Eyþings um menningarmál	21,0
Samningur um samstarf ríkis og sveitafélaga á Suðurnesjum um menningarmál	16,0
Samningur um samstarf ríkis og sveitafélaga á Vestfjörðum um menningarmál	23,0
Samningur um samstarf ríkis og sveitafélaga á Suðurlandi um menningarmál	26,0
Samningur um samstarf ríkis og sveitafélaga á Norurlandi vestra um menningarmál	23,0
Samtals	**294,0**

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra; 983 Ýmis fræðistörf; 984 Norræn samvinna; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál og 999 Ýmislegt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samskiptamiðstöð heyrnarl. og heyrnarskertra	52,4	60,7	68,9	13,5	31,5
Ýmis fræðistörf	158,8	184,8	178,9	-3,2	12,7
Norræn samvinna	14,1	23,5	23,5	0,0	66,7
Æskulýðsmál	222,0	242,8	217,7	-10,3	-1,9
Ýmis íþróttamál	435,6	484,9	404,6	-16,6	-7,1
Ýmislegt	500,4	633,8	669,9	5,7	33,9
Samtals	**1.383,3**	**1.630,5**	**1.563,5**	**-4,1**	**13,0**

Heildarútgjöld málefnaflokksins eru áætluð 1.581,2 m.kr. sem er 66,1 m.kr. lækkun frá fjárlögum þessa árs eða 4%. Þar af er áætlað að sértekjur standi undir 17,7 m.kr. Gjöld að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.563,5 m.kr. og lækka um 128,6 m.kr. þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar sem nema 61,6 m.kr.

Helstu tillögur um hækkanir til rekstrar og tilfærslna eru að framlag til Ferðasjóðs hækkar um 60 m.kr., 8 m.kr. til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi og 6 m.kr. til framkvæmdar stefnu um upplýsingasamfélagið. Á móti falla niður tímabundin framlög til verkefna að fjárhæð 181,7 m.kr.

983 Ýmis fræðistörf. Framlag lækkar um 18,1 m.kr. þegar launa- og verðlagshækkanir eru undanskildar. Í fyrsta lagi fellur niður 7 m.kr. tímabundið framlag á *1.17 Launasjóður höfunda fræðirita* sem samþykkt var í 2. umræðu fjárlaga 2008. Í öðru lagi fellur niður 3,8 m.kr. framlag á *1.20 Iðnsaga Íslands*. Í þriðja lagi fellur niður 10 m.kr. tímabundið framlag á *1.52 Skriðuklaustur* sem samþykkt var við 2. og 3. umræðu fjárlaga 2008. Þar af voru 7 m.kr. til fornleifarannsókna á klaustrinu á Skriðu í Fljótsdal árin 1493-1554 og 3 m.kr. til Gunnarsstofnunar. Fyrirhugað er að endurnýja samning við Gunnarsstofnun og er farið fram á 3,8 m.kr. hækkun vegna þess. Í fjórða lagi er 1,9 m.kr. hækkun til *1.53 Snorrastofa* samkvæmt endurnýjuðum samningi og gert ráð fyrir að 3 m.kr. tímabundið framlag sem samþykkt var í 3. umræðu fjárlaga 2008 falli niður. Framlagið var ætlað vinnu við bók um helstu niðurstöður uppgraftar á bæjarstæðinu í Reykholti árin 1987-1989 og 1997-2003.

988 Æskulýðsmál. Framlag á liðinn lækkar um 28 m.kr., fyrir utan verðlags- og launabreytingar, þar sem niður falla tímabundin framlög sem voru samþykkt við 2. umræðu fjárlaga 2008. Annars vegar 25 m.kr. til *1.12 Ungmennafélag Íslands* sem var ætlað til ungmenna- og tómstundabúða að Laugum í Sælingsdal sem reknar eru í samvinnu við Dalabyggð og Saurbæjarhrepp. Af fjárveitingu til Ungmennafélags Íslands er gert ráð fyrir að 10 m.kr. renni til unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið er árlega um verslunarmannahelgina. Hins vegar fellur niður 3 m.kr. framlag á *1.13 Bandalag íslenskra skáta* vegna landsmóts skáta 2008.

989 Ýmis íþróttamál. Framlag lækkar um 83,8 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að lagt er til að veitt verði 31 m.kr. á *1.11 Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands* samkvæmt samningi við ÍSÍ. Sjóðnum er ætlað að styrkja ferðir á vegum íþróttafélaga vegna þátttöku í viðurkenndum mótum. Ríkisstjórnin ákvað að sjóðurinn yrði byggður upp í áföngum á þremur árum svo hann næmi 90 m.kr. á ársgrundvelli. Í fjárlögum 2007 voru veittar 30 m.kr. til hans og 59 m.kr. í fjárlögum 2008. Nú er sótt um 31 m.kr. hækkun. Þá fellur niður 15 m.kr. tímabundið framlag á *1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands* sem veitt var vegna Ólympíuleikanna í Peking. Lögð er til 0,2 m.kr. hækkun á *1.17 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri* vegna endurnýjunar á samningi um rekstur á Vetraríþróttamiðstöð Íslands. Loks falla niður stofnstyrkir samtals að fjárhæð 90 m.kr. sem skiptast þannig: 10 m.kr. á *6.52 Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð*, 35 m.kr. á *6.53 Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri*, 5 m.kr. á *6.56 Skíðamannvirki í Skarðsdal*, Siglufirði og 50 m.kr. á *6.58 Áhorfendaaðstaða á Laugardalsvelli í Reykjavík.*

999 Ýmislegt. Liðurinn hækkar um 1,3 m.kr. fyrir utan launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru að lagt er til að veitt verði 3,5 m.kr. framlag á nýtt viðfang *1.81 Verkefni á vegum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO.* Um er að ræða kostnað Íslands við UNESCO-samninga m.a. um menningarerfðir, vegna þátttöku á fundum og ráðstefnum og vegna þóknana. Þá eru nokkrar tillögur að breytingum á *1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneyti:* Í fyrsta lagi fellur niður 10 m.kr. tímabundið framlag á viðfangsefnaliðnum til verkefnis um átak í lesblindu í skólum landsins. En lagt er til að verkefnið fái framlag *720 1.31 Sérstök fræðsluverkefni.* Í öðru lagi fellur niður tímabundin 8,7 m.kr. fjárveiting til meðferðarstarfs í Gaulverjaskóla. Í þriðja lagi verði 8 m.kr. veitt til sameiginlegrar skrifstofu menningar- og ferðaþjónustu, Tækniminjasafns Austurlands, Skaftfells miðstöðvar myndlistar á Austurlandi og Miðstöðvar menningarfræða á Austurlandi. Ráðgert er að ráða sameiginlegan starfsmann sem vinni að aukinni samvinnu framangreindra stofnana. Tillagan er hluti af ráðstöfun ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Í fjórða lagi er tillaga um 6 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til verkefnisins Árvekniþjónusta á bókasöfnum. Um er að ræða úthlutun ársins 2009 til að fylgja eftir stefnu um upplýsingasamfélagið. Markmið verkefnisins er að bókasöfn geti boðið upp á árvekniþjónustu þannig að notendur fái upplýsingar um nýskráð efni á þeirra áhugasviði í bókasafnskerfinu Gegni. Í fimmta og síðasta lagi eru millifærðar 2,5 m.kr. af *319-1.90 Framhaldsskólar, óskipt* vegna styrks til Heimilisiðnaðarfélagins m.a. vegna Heimilisiðnaðarskólans. Áætlað er að *1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis* skiptist samkvæmt eftirfarandi töflu:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.
Samningur Íþróttaakademíunnar á Reykjanesi	12,0
Styrkur til uppbyggingar Þorbergsseturs	7,5
Alþjóðasamningar, menningarmál, aðildargjöld og stjórnvaldskostnaður	18,5
Verkefni á vegum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	3,5
Verkefnið; Árverkniþjónusta á bókasöfnum, hluti af stefnu upplýsingasamfélagsins 2008-2012	6,0
Ýmis verkefni í upplýsingatækni, menningarmál	15,0
Verkefni til að styrkja atvinnulífið á Norðurlandi eystra og Austurlandi	8,0
Framlag vegna undirbúnings að ráðherrafundi Evrópuráðsins um fjölmiðla sem haldinn verður 2009	5,0
Framlag vegna Dags íslenskrar tungu	2,0
Framlag vegna þátttöku Íslands í Feneyjatvíæringnum	13,0
Samningur, Alþjóðlega kvikmyndahátíðin	8,0
Samningar og styrkir varðandi menningarmál á grundvelli umsókna	69,7
Samtals	**168,2**

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.4 hér fyrir framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
02-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
02-234-1.11	Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora	Launagreiðslur til prófessora hjá ríkisreknum háskólastofnunum.
02-299-1.91	Háskólar, óskipt	Ófyrirséð útgjöld háskóla og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga.
02-319-1.12	Orlof kennara	Námsorlof kennara í framhaldsskólum.
02-319-1.13	Forfallakennsla	Forfallakennsla í framhaldsskólum.
02-319-1.14	Sérkennsla	Sérkennsla í framhaldsskólum.
02-319-1.90	Framhaldsskólar, óskipt	Ófyrirséð útgjöld framhaldsskóla og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga.
02-982-1.91	Menningarstofnanir, óskipt	Ófyrirséð útgjöld menningarstofnana.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun utanríkisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	4.333,5	5.647,3	7.090,7	26	64
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2.857,0	3.130,7	4.219,4	35	48
Stofnkostnaður og viðhald	353,9	130,0	118,0	-9	-67
Samtals	**7.544,4**	**8.908,0**	**11.428,1**	**28**	**51**
Greitt úr ríkissjóði	-	8.504,5	11.007,0	29	-
Innheimt af ríkistekjum	-	403,5	421,1	4	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**8.908,0**	**11.428,1**	**28**	-

Heildargjöld utanríkisráðuneytis árið 2009 eru áætluð um 11.483,1 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 55 m.kr. en þær nema 0,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 11.428,1 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 11.007 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 421,2 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 7.090,7 m.kr. og hækka um 1.443,4 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana sem nema 861,7 m.kr. munar þar mest um samtals 380 m.kr. hækkun sem er hluti af framlögum til eflingar þróunarmála í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar. Þá er gert ráð fyrir 190 m.kr. framlagi vegna þátttöku Íslands í heimssýningunni, EXPO 2010, í Shanghai í Kína. Auk þess hækkar rekstrarfjárveiting á Þýðingarmiðstöð ráðuneytisins um 44 m.kr. vegna opnunar þýðingarmiðstöðvar á Ísafirði og fjarvinnu.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 1.088,7 m.kr. og verða 4.219,4 m.kr. en eru 3.130,7 m.kr. í fjárlögum ársins 2008. Þyngst vegur samtals 883,9 m.kr. hækkun sem er hluti framlaga til eflingar þróunarmála í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar. Áætlað er að útgjöld Íslendinga til þróunarmála verði samtals rúmlega 5 milljarðar kr. sem svarar til 0,35% af áætlaðri landsframleiðslu þessa árs.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 118 m.kr. og er það 12 m.kr. lækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru niðurfelling á 42 m.kr. tímabundnu framlagi vegna endurnýjunar á þotugildrum fyrir flugvélar á Keflavíkurflugvelli. En á móti kemur 30 m.kr. hækkun á framlagi til viðhalds á byggingum sem ráðuneytið hefur tekið til umsjónar frá Atlantshafsbandalaginu, NATO, eftir brottför varnarliðsins.

Vikið er nánar að áformum um aðhald og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2009 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa; 111 Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytis; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	1.038,0	912,5	1.039,2	13,9	0,1
Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	0,0	137,4	185,7	35,2	-
Ýmis verkefni	32,8	46,4	239,6	416,4	630,5
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**1.070,8**	**1.101,3**	**1.469,5**	**33,4**	**37,2**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 250,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

101 Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 1.039,2 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 27,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að 13,5 m.kr. tímabundin lækkun rekstrargjalda í fjárlögum 2008 gangi til baka. Í öðru lagi er lagt til að veittar verði samtals 12 m.kr. í tvö ný stöðugildi vegna íslenskrar friðargæslu og verkefna tengdum þróunarmálum. Aukið fjármagn til þessara málaflokka kallar á aukna stjórnsýslu og

umsjón með verkefnum. Í þriðja lagi er lagt til að 11,5 m.kr. verði millifærðar á aðalskrifstofuna af liðnum *03-213 Varnarmál.* Um er að ræða kostnað vegna yfirstjórnar varnarmála sem fellur til vegna brotthvarfs varnarliðsins. Í fjórða lagi er óskað eftir samtals 5 m.kr. tímabundnu framlagi til verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins. Um er að ræða verkefni á sviði þýðinga og þjónustuveitu fyrir erlenda diplómata, ræðismenn og friðargæsluliða. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir 9,7 m.kr. hækkun til að styrkja launagrunn aðalskrifstofunnar en þar af eru 6 m.kr. millifærsla á tegundum innan liðar. Á móti fellur niður 15 m.kr. tímabundið framlag vegna Öryggismálasafns. Þá er lögð til 3 m.kr. lækkun á framlagi til aðalskrifstofunnar vegna áforma um aðhald í rekstrargjöldum ráðuneytisins. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagshækkana.

102 Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 185,7 m.kr. á næsta ári og svarar það til um 33 m.kr. hækkunar að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Óskað er eftir 44 m.kr. fjárveitingu vegna starfstöðvar þýðingamiðstöðvar á Ísafirði og fjarvinnu. Framlagið er tímabundið í tvö ár og er ráðgert að opna nýjar starfsstöðvar frá miðstöðinni með þremur starfsmönnum en auk þess er gert ráð fyrir þremur störfum án staðsetningar utan höfuðborgarsvæðisins. Á móti er lögð til 11 m.kr. lækkun útgjalda vegna aðhaldsmarkmiða. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlaghækkana.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir 239,6 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 190 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það af því að farið er fram á 190 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár á þessum fjárlagalið til að standa straum af undirbúningskostnaði vegna þátttöku í heimssýningunni EXPO 2010 í Shanghai í Kína. Verkefnið er samstarfsverkefni hins opinbera og einkafyrirtækja. Þátttaka Íslands mun fela í sér leigu á skála þar sem staðið verður fyrir umfangsmiklu kynningarstarfi.

Varnarmál

Til þessa málaflokks telst einn fjárlagaliður, 214 Varnarmálastofnun. Nokkrar breytingar hafa orðið frá fjárlögum 2008. Fjárlagaliðirnir 213 Varnarmál og 217 Ratsjárstofnun hafa verið sameinaðir undir 214 Varnarmálastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Varnarmál	0,0	533,8	0,0	-100,0	-
Varnarmálastofnun	0,0	0,0	1.439,4	-	-
Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurfl.	116,7	0,0	0,0	-	-100,0
Ratsjárstofnun	234,0	822,3	0,0	-100,0	-100,0
Samtals	**350,7**	**1.356,1**	**1.439,4**	**6,1**	**310,4**

Heildarframlög til málefnaflokksins eru áætluð 1.439,4 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 58,5 m.kr. lækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar launa- og verðlagshækkanir til næsta árs.

Helstu breytingar á framlögum eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi falla niður samtals 62 m.kr. tímabundin framlög vegna kaupa á þotugildrum, breytinga á rafkerfum og niðurrifs bygginga. Í öðru lagi er lögð til 15 m.kr. lækkun fjárheimildar vegna markmiða um aðhald í rekstargjöldum ráðuneytisins. Í þriðja lagi er lagt til að millifærðar verði 11,5 m.kr. yfir á aðalskrifstofu. Um er að ræða kostnað vegna yfirstjórnar varnarmála sem fellur til vegna brotthvarfs varnarliðsins. Á móti er óskað eftir 30 m.kr. framlagi vegna viðhalds bygginga sem ráðuneytið hefur tekið í sína umsjón frá Atlantshafsbandalaginu, NATO. Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlagshækkana.

Sendiráð og fastanefndir

Til þessa málefnaflokks telst einn fjárlagaliður, 300 Sendiráð Íslands. Heildarframlög til málefnaflokksins eru áætluð 2.530 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 36,3 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sendiráð og fastanefndir	2.171,6	1.902,0	2.530,0	33,0	16,5
Samtals	**2.171,6**	**1.902,0**	**2.530,0**	**33,0**	**16,5**

Helstu breytingar á framlögum eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er óskað eftir 22 m.kr. framlagi til að styrkja launagrunn vegna útsendra starfsmanna. Í öðru lagi er óskað eftir 18 m.kr. framlagi vegna stöðugildis útsends fulltrúa við sendiráðið í Pretoríu. Framlagið er liður í markmiðum ríkisstjórnarinnar um að auka framlög til þróunarmála. Verkefni sendiráðsins eru fyrst og fremst á sviði þróunarmála. Í þriðja og síðasta lagi er óskað eftir að 3,7 m.kr. verði millifærðar af sendiráðum yfir á aðalskrifstofu til styrkingar launaliðar. Aðrar breytingar má rekja til launa- og gengishækkana.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Aætlun 2008 m.kr.	Aætlun 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sendiráð Íslands Berlín	93,0	83,8	110,5	31,8	18,8
Sendiráð Íslands Kaupmannahöfn	87,5	88,4	116,5	31,8	33,2
Sendiráð Íslands London	120,4	113,2	149,2	31,8	23,9
Sendiráð Íslands Moskva	72,1	74,1	97,6	31,8	35,4
Sendiráð Íslands Osló	49,7	52,5	69,3	31,8	39,4
Sendiráð Íslands París	119,2	119,6	157,6	31,8	32,2
Sendiráð Íslands Stokkhólmi	56,2	44,0	58,0	31,8	3,2
Sendiráð Íslands Washington	84,3	80,8	106,5	31,8	26,3
Fastanefnd Íslands New York	123,1	136,1	179,4	31,8	45,8
Sendiráð Íslands Brussel	149,7	141,8	186,9	31,8	24,9
Fastanefnd Íslands hjá NATO	97,3	94,0	123,9	31,8	27,3
Fastanefnd Íslands Genf	76,0	85,5	112,7	31,8	48,4
Sendiráð Íslands Vín	61,6	59,5	78,4	31,8	27,3
Sendiráð Íslands Peking	82,2	78,6	103,6	31,8	26,1
Sendiráð Íslands Ottawa	41,2	38,3	50,5	31,8	22,7
Sendiráð Íslands Tókýó	58,5	48,8	64,4	31,8	10,0
Sendiráð Íslands Helsinki	46,6	46,4	61,1	31,8	31,2
Fastanefnd Íslands Strassborg	31,3	34,7	45,7	31,8	46,0
Skrisfstofa aðalræðistmanns New York	34,5	36,5	48,1	31,8	39,3
Skrisfstofa aðalræðistmanns Winnipeg	27,2	27,5	36,3	31,8	33,4
Sendiráð Íslands Róm	32,2	30,4	40,0	31,8	24,2
Sendiráð Íslands Nýja Dehli	66,6	68,3	90,0	31,8	35,2
Sendiráð Íslands Pretoría	38,0	44,4	76,5	72,4	101,3
Skrifstofa aðalræðismanns Þórshöfn	25,0	28,0	36,9	31,8	47,4
Annað	145,4	159,0	242,4	52,4	66,7
Samtals	**1.818,8**	**1.814,0**	**2.442,0**	**34,6**	**34,3**

Þróunarmál og alþjóðastofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands; 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi og 401 Alþjóðastofnanir.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	1.112,1	1.551,4	2.061,4	32,9	85,4
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	921,4	1.421,6	1.914,7	34,7	107,8
Alþjóðastofnanir	1.548,7	1.172,1	1.592,0	35,8	2,8
Samtals	**3.582,2**	**4.145,1**	**5.568,1**	**34,3**	**55,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 5.568 m.kr. og hækkar því um samtals 1.423 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Um 90% af áætluðum útgjöldum til þróunarmála tilheyra þessum málefnaflokki. Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru annars eftirfarandi.

390 ***Þróunarsamvinnustofnun Íslands.*** Gert er ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar nemi 2.061,4 m.kr. á næsta ári og hækki þar með um 510 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Á viðfangsefninu *1.11 Þróunaraðstoð* er farið fram á samtals 508,5 m.kr. hækkun í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um aukningu framlaga til þróunarmála. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir 10 m.kr. aðhaldi í rekstrargjöldum viðfangsefnisins *1.01 Almennur rekstur.* Aðrar breytingar má rekja til launa- og verðlaghækkana.

391 ***Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.*** Samkvæmt frumvarpinu verða framlög til þessa liðar 1.914,7 m.kr. á næsta ári en það er 493,1 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum. Allar hækkanir á fjárheimild þessa liðar eru vegna markmiða ríkisstjórnarinnar um að auka framlög til þróunaraðstoðar. Aukningin frá gildandi fjárlögum skiptist þannig niður á viðfangsefni; 201,8 m.kr. færast á *1.90 Mannúðarmál og neyðaraðstoð*, 74,4 m.kr. á *1.13 Alþjóðabarnahjálparstofnun*in, UNICEF, 56,9 m.kr. á *1.21 Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndunum, UNIFEM*, 55 m.kr. á *1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP*, 49,6 m.kr. á *1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna*, 45,3 m.kr. á *1.15 Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna*, 9,8 m.kr. á *1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO* og 0,3 m.kr. á *1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt.*

401 ***Alþjóðastofnanir.*** Heildarframlag til alþjóðastofnana nemur 1.592 m.kr. og hækkar um 224,2 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað er eftir samtals 200,4 m.kr. hækkun framlagi á viðfangsefninu *1.87 Íslensk friðargæsla* og 30 m.kr. hækkun á framlagi á viðfangsefninu *1.91 Átak í lækkun skulda þróunarríkja* til samræmis við markmið um aukningu framlaga til þróunarmála.. Í öðru lagi er óskað er eftir 8 m.kr. hækkun á viðfangefninu *1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnun, OECD.* Breyting á reiknireglum um árleg aðildargjöld til samtakanna leiðir til hækkunar á framlögum smærri efnaðri ríkja. Gert er ráð fyrir að framlagið gæti hækkað um 8 til 9 m.kr. á ári næstu 10 árin en þó liggur ekki endanleg niðurstaða frá OECD fyrir. Í þriðja lagi er óskað eftir 1 m.kr. framlagi vegna Eurofaculty sem er nýtt verkefni Eystrasaltsráðsins. Hér er um að ræða stuðning ráðsins við háskóladeildir í Eystrasaltsríkjunum, einkum á sviði lögfræði, viðskipta- og hagfræði. Í fjórða og síðasta lagi er gert ráð fyrir því að 15 m.kr. tímabundið framlag vegna kostnaðar við nýjar höfuðstöðvar Atlantshafsbandalagsins verði fellt niður. Aðrar breytingar á liðnum má rekja til launa- og gengisbreytinga.

Útflutningsmál

Fjárlagaliðurinn 611 Útflutningsráð Íslands er eini liður þessa málaflokks. Framlagið nemur 397,3 m.kr. og er jafnt þeim tekjum sem markaðsgjald skilar. Áætlað er að tekjurnar hækki um 17,6 m.kr. frá áætlun gildandi fjárlaga.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.4 hér fyrir framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
03-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	3.758,1	4.379,6	4.916,5	12	31
Neyslu- og rekstrartilfærslur	12.007,3	11.855,4	12.674,0	7	6
Stofnkostnaður og viðhald	190,9	115,4	193,4	68	1
Samtals	**15.956,3**	**16.350,4**	**17.783,9**	**9**	**11**
Greitt úr ríkissjóði	-	15.287,6	16.910,1	11	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.235,8	946,8	-23	-
Viðskiptahreyfingar	-	-173,0	-73,0	-58	-
Samtals	-	**16.350,4**	**17.783,9**	**9**	-

Heildargjöld sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis árið 2009 eru áætluð um 18.906,7 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.122,8 m.kr. en þær nema 5,9% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 17.783,9 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 16.910,1 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 946,8 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 73 m.kr., færist til lækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 4.916,5 m.kr. og hækka um 536,9 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana að fjárhæð 500,3 m.kr. munar þar mest um 51,5 m.kr. hækkun til Matvælastofnunar en þar af eru 3 m.kr. tímabundinn stofnkostnaður. Þá er lagt til að 30 m.kr. tímabundin lækkun höfuðstóls Fiskistofu í fjárlögum 2008 gangi til baka. Að lokum er tillaga um 15 m.kr. hækkun til aðalskrifstofu í tilefni af yfirtöku á gerðum í viðauka við Samninginn um evrópska efna-

hagssvæðið og vegna löggjafar Evrópusambandsins um matvæli og fóður. Á móti kemur að tímabundin fjárveiting til Matvælarannsókna lækkar um 20 m.kr. og að tímabundið framlag til Hafrannsóknastofnunar vegna rannsókna á Drekasvæði lækkar um 18,8 m.kr. Loks er lagt til að umsjón með framkvæmdum við varnir gegn landbroti flytjist yfir til umhverfisráðuneytis og að 67,8 m.kr. fylgi verkefninu.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 818,6 m.kr. og verða 12.674 m.kr. en eru 11.855,4 m.kr. í fjárlögum ársins 2008. Auk launa- og verðlagshækkana að fjárhæð 613,9 m.kr. munar þar mest um verðlagsuppfærslu búvörusamninga þar sem gert er ráð fyrir að greiðslur vegna mjólkurframleiðslu hækki um 326,3 m.kr. og sauðfjárframleiðslu um 265,8 m.kr. Þá er gert ráð fyrir 50 m.kr. framlagi til aukinna niðurgreiðslna til lýsingar í ylrækt. Á móti hækkunum kemur í fyrsta lagi að áætlað er fyrir 200 m.kr. lækkun á framlagi til Fóðursjóðs. Í fjárlagafrumvarpi 2008 var boðað að sjóðinn yrði lagður niður í áföngum á þremur árum. Í öðru lagi er lagt til að tímabundið 170 m.kr. framlag sem veitt var í fjárlögum 2008 til rannsókna og markaðsstarfs í fiskeldi falli niður. Í þriðja og síðasta lagi er miðað við að 89 m.kr. fjárheimild á lið Verðmiðlunargjalda landbúnaðarvara falli niður þar sem áformað er að afnema verðmiðlunargjöldin.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 193,4 m.kr. og er það 78 m.kr. hækkun milli ára. Munar þar mest um að 100 m.kr. tímabundin lækkun fjárveitingar til Jarðasjóðs og Jarðeigna ríkisins í fjárlögum 2008, gengur til baka.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2009 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 10.160 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2008, eru á áætluðu verðlagi ársins 2009 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 59,7% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2009.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2008	2009	2010	2011	2012
Samningur um mjólkurframleiðslu	B	5.184,0	5.424,8	5.370,7	5.317,3	3.521,3
Samningur um sauðfjárframleiðslu	B	3.838,1	4.020,6	3.984,3	3.946,7	3.910,3
Samningur við Samband garðyrkjubænda	B	428,1	442,5	431,4	420,6	410,1
Samningur við Bændasamtök Íslands	A	709,3	724,1	711,3	-	-
Samtals		**10.159,5**	**10.612,0**	**10.497,7**	**9.684,6**	**7.841,7**

Samningar sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 709 m.kr. á yfirstandandi ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 9.450 m.kr. Samningur við Bændasamtök Íslands rennur út í árslok 2010. Verði sá samningur endurnýjaður má búast við að til jafnaðar verði 10.400 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna. Þá ber að nefna að samningur um mjólkurframleiðslu fellur úr gildi í lok ágúst 2012 sem skýrir mikla lækkun frá árinu á undan. Við breytta verkaskiptingu ráðuneyta í 2. umræðu fjárlagafrumvarps 2008 voru fjárheimildir Skógræktarfélags Íslands og Hekluskóga fluttar yfir til umhverfisráðuneytisins. Þar á meðal voru samningar um framlög vegna Landgræðsluskóga og Hekluskóga.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	403,8	433,0	498,3	15,1	23,4
Ýmis verkefni	255,2	369,6	418,2	13,1	63,9
Ráðstöfunarfé	-	9,0	9,0	0,0	-
Samtals	**659,0**	**811,6**	**925,5**	**14,0**	**40,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 20,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helsta breytingin er sú að gert er ráð fyrir að framlag til aðalskrifstofu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins hækki um 18,6 m.kr. þar sem löggjöf Evrópusambandsins um matvæli og fóður verður tekin inn í EES-samninginn og leidd í lög hér á landi

101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 498,3 m.kr. og jafngildir það 18,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Annars vegar er gert ráð fyrir 12 m.kr. fjárveitingu vegna ráðningar tveggja nýrra sérfræðinga í ráðuneytinu við yfirtöku á gerðum í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og ESB-löggjafar um matvæli og fóður. Auk þess er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði við birtingar, kynningu og hagsmunagæslu erlendis. Hins vegar er gert ráð fyrir að 6,6 m.kr. tímabundin hagræðingarkrafa sem gerð var í fjárlögum 2008 gangi til baka.

190 Ýmis verkefni. Farið er fram á að framlög til þessa liðar verði 418,2 m.kr. og jafngildir það 2 m.kr. raunhækkun frá gildandi fjárlögum. Breytingar snerta eftirfarandi tvö viðfangsefni: Á *1.35 Fiskifélag Íslands* er gert ráð fyrir 5 m.kr. framlagi til reksturs skólaskips sem býður nemendum 9. og 10. bekkjar grunnskólanna á öllu landinu upp á fræðslu í sjóvinnu og sjávarrannsóknum. Lagt er til að á *1.98 Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis* falli niður tímabundið 5 m.kr. framlag sem veitt var á fjárlögum 2008 til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins. Á móti kemur að lagt til að veitt verði 2 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til verkefnisins: Tilboð í tollkvóta fyrir kjöt, kjötvörur og osta. Markmið þess er að innleiða rafræna þjónustu á þessu sviði. Um er að ræða úthlutun vegna verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir áætlaða ráðstöfun á safnliðnum *1.98 Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.*

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Kynbætur í fiskeldi	10,3	10,3
Rannsóknar- og þróunarstarfsemi í landbúnaði	10,3	10,3
Tilraunastöðin Stóra-Ármót	2,0	2,0
Rannsóknir á ræktunarsvæði kræklings og veiðisvæði kúfisk	3,0	3,1
Til að gæta hagsmuna á alþjóðavettvangi, m.a. vegna alþjóðasamninga	6,2	4,0
Hafréttarstofnun	4,0	7,0
Vör, sjávarrannsóknasetur í Ólafsvík	25,0	28,3
Gagnaveita um haf og sjávarútveg	5,0	0,0
Rannsóknir vegna eldis sjávardýra á Patreksfirði	20,0	22,7
Sjávarlíftæknisetur á Skagaströnd	20,0	22,7
Samvinnuverkefni Versins á Sauðárkróki, Matís ohf og Háskólans á Hólum	20,0	22,7
Óskipt, ýmis verkefni	1,4	2,3
Þróun heimasíðu. Rafræn stjórnsýsla vegna tilboða í tollkvóta	0,0	2,3
Samtals	**127,2**	**137,7**

Eftirlitsstofnanir

Eftirfarandi þrír fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 215 Fiskistofa; 217 Verðlagsstofa skiptaverðs og 234 Matvælastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fiskistofa	793,2	701,1	839,7	19,8	5,9
Verðlagsstofa skiptaverðs	17,2	15,1	16,3	7,9	-5,2
Matvælastofnun	659,5	864,5	1.001,3	15,8	51,8
Samtals	**1.469,9**	**1.580,7**	**1.857,3**	**17,5**	**26,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 91,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingarnar eru þær að gert er ráð fyrir 51,5 m.kr. framlagi til Matvælastofnunar vegna innleiðingar á löggjöf Evrópusambandsins um matvæli og fóður í íslensk lög. Þá gengur til baka tímabundin 30 m.kr. lækkun á höfuðstól Fiskistofu.

*215 **Fiskistofa.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 839,7 m.kr. og jafngildir það 45 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum þessa árs. Til hækkunar kemur í fyrsta lagi að 30 m.kr. lækkun á höfuðstól í fjárlögum gengur til baka. Í öðru lagi eru 28 m.kr. millifærðar á liðinn af *04-234 Matvælastofnun* vegna flutnings á stjórnsýslu- og eftirlitsverkefnum á sviði lax og silungsveiði til Fiskistofu. Í þriðja lagi er lagt er til að fjárveiting hækki um 2 m.kr. til að mæta húsnæðiskostnaði vegna nýs útibús Fiskistofu í Grindavík. Á móti koma tvær tillögur til lækkunar. Annars vegar um 10 m.kr. þar sem miðað er við að kostnaður við úttektir og eftirliti með erlendum fiskmörkuðum

verði framvegis fjármagnaður með sértekjum. Þetta er í samræmi við kostnaðarumsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Hins vegar er gert ráð fyrir 5 m.kr. lækkun útgjalda vegna breyttrar forgangsröðunar og áherslna ráðuneytisins.

234 ***Matvælastofnun.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 1.001,3 m.kr. og jafngildir það 46,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Gerð er tillaga um 61,5 m.kr. framlag vegna vinnu hjá stofnuninni við yfirtöku á gerðum í viðauka við EES-samninginn og vegna ESB-löggjafar um matvæli og fóður. Breytingarnar sem felast í þessari innleiðingu varða helst eftirfarandi þætti: a) aðgreiningu eftirlits og þjónustu en samkvæmt reglunum má ekki vera hætta á hagsmunaárekstrum eftirlitsaðila og eftirlitsþola og verður því að aðskilja starfsemi héraðsdýralækna sem í dag sinna bæði opinberu eftirliti og almennri dýralæknaþjónustu, b) viðbótartryggingu vegna salmonellusmits í innfluttum dýraafurðum, c) rekstur súnumiðstöðvar d) reglur um aðskotaefni og lyfjaleifar en gerðir þar að lútandi verða einnig teknar inn í íslenska löggjöf og loks e) nýjar landamærastöðvar. Einnig er um að ræða kostnað vegna Evrópugerða og löggjafar, þ.m.t. vegna hagsmunagæslu. Þar að auki er gert ráð fyrir 3. m.kr. tímabundnu framlagi til tækjakaupa í tengslum við yfirtöku á gerðum. Þessi útgjöld koma til viðbótar 70 m.kr. framlagi sem veitt var til verkefnisins í fjárlögum 2007. Lögð er til 10,1 m.kr. hækkun á framlagi vegna húsnæðiskostnaðar Matvælastofnunar við sameiningu Landbúnaðarstofnunar, matvælasviðs Fiskistofu og matvælasviðs Umhverfisstofnunar. Á móti kemur tillaga um að millifærðar verði 28 m.kr. yfir á fjárlagalið *04-215 Fiskistofa* vegna flutnings á stjórnsýslu- og eftirlitsverkefnum á sviði lax og silungsveiði til Fiskistofu.

Skógrækt og landgræðsla

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 331 Héraðs- og Austurlandsskógar; 332 Suðurlandsskógar; 334 Vesturlandsskógar; 335 Skjólskógar á Vestfjörðum og 336 Norðurlandsskógar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Héraðs- og Austurlandsskógar	168,8	154,0	167,1	8,5	-1,0
Suðurlandsskógar	122,4	125,8	135,8	7,9	10,9
Vesturlandsskógar	81,9	67,7	74,1	9,5	-9,5
Skjólskógar á Vestfjörðum	50,0	51,2	57,6	12,5	15,2
Norðurlandsskógar	131,2	114,7	125,0	9,0	-4,7
Samtals	**554,3**	**513,4**	**559,6**	**9,0**	**1,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 15 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Breytingin fellst öll í því að gert er ráð fyrir að Héraðs- og Austurlandsskógar, Suðurlandsskógar, Vesturlandsskógar, Skjólskógar á Vestfjörðum og Norðurlandsskógar fá hver um sig 3 m.kr. framlag eða samtals 15 m.kr. til verkefnis sem hefur að markmiði að binda kolefni í andrúmsloftinu með skógrækt.

Greiðslur vegna búvöruframleiðslu

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu; 805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu og 807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	4.941,5	5.004,0	5.634,0	12,6	14,0
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	3.212,5	3.648,0	4.137,0	13,4	28,8
Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu	424,6	350,3	413,0	17,9	-2,7
Samtals	**8.578,6**	**9.002,3**	**10.184,0**	**13,1**	**18,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 632,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Breytingarnar eru þær að greiðslur vegna samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu hækka um 326,3 m.kr., greiðslur vegna samnings um starfsskilyrði sauðfjárframleiðslu hækka um 265,8 m.kr. og greiðslur vegna aðlögunarsamnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða hækka um 40,5 m.kr. en inn í þeirri tölu er 50 m.kr. aukin fjárveiting til niðurgreiðslna á lýsingu í ylrækt samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar. Að öðru leyti er um að ræða hækkanir á greiðslum samkvæmt niðurstöðum reiknilíkana vegna ofangreindra samninga.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Fjárveiting til þessa liðar grundvallast á samningi frá 10. maí 2004, um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu. Gert er ráð fyrir 5.634 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 326,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar á fjárveitingum eru allar til hækkunar og eru þessar samkvæmt reiknilíkani samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu: 239,4 m.kr. á *1.01 Beinar greiðslur*, 8,3 m.kr. á *1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi*, 9,1 m.kr. á *1.06 Gripagreiðslur* og 69,5 m.kr. á *1.07 Óframleiðslutengdur stuðningur*.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Fjárveiting þessa liðar grundvallast á samningi frá 25. janúar 2007, um starfsskilyrði sauðfjárframleiðslu. Gert er ráð fyrir 4.137 m.kr. fjárveitingu og jafngildir það 265,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Breytingar til hækkunar á fjárveitingum eru þessar samkvæmt reiknilíkani

samnings um starfsskilyrði sauðfjárframleiðslu: 154,3 m.kr. á *1.01 Beinar greiðslur til bænda*, 80,5 m.kr. á *1.11 Gæðastýring*, 26,9 m.kr. á *1.12 Ullarnýting*, 4,3 m.kr. á *1.14 Svæðisbundinn stuðningur* og 6,7 m.kr. á *1.15 Nýliðunar- og átaksverkefni*. Þá er gert ráð fyrir 6,9 m.kr. lækkun fjárveitingar á *1.13 Markaðsstarf og birgðahald*.

807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu. Fjárveiting liðarins grundvallast á aðlögunarsamningi frá 12. mars 2002, um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Gert er ráð fyrir 413 m.kr. fjárveitingu og jafngildir það 40,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af 50 m.kr. fjárveitingu á *1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt* til að mæta áætlaðri fjárvöntun til niðurgreiðslna vegna aukinnar framleiðslu á garðyrkjuafurðum. Þá er gert ráð fyrir að vegna 2,5% samningsbundinnar hagræðingarkröfu muni fjárveitingar eftirfarandi þriggja viðfangsefna lækka: 5,9 m.kr. á *1.01 Beinar greiðslur til bænda*, 2,8 m.kr. á *1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt* og 0,8 m.kr. á *1.08 Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt*.

Framlög og sjóðir í þágu landbúnaðar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 811 Bændasamtök Íslands; 818 Búnaðarsjóður; 821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins; 824 Verðmiðlun landbúnaðarvara; 827 Fóðursjóður; 828 Garðávaxtasjóður; 831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins; 840 Stuðningur við fiskeldi; 843 Fiskræktarsjóður; 851 Greiðslur vegna riðuveiki og 891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bændasamtök Íslands	544,9	533,8	580,0	8,7	6,4
Búnaðarsjóður	294,6	310,0	320,0	3,2	8,6
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	152,1	160,0	160,0	0,0	5,2
Verðmiðlun landbúnaðarvara	399,3	89,0	0,0	-100,0	-100,0
Fóðursjóður	932,6	315,0	115,0	-63,5	-87,7
Garðávaxtasjóður	0,0	0,0	0,0	-	-
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	135,3	74,0	174,0	135,1	28,6
Stuðningur við fiskeldi	-0,4	170,0	0,0	-100,0	-100,0
Fiskræktarsjóður	31,1	23,5	11,0	-53,2	-64,6
Greiðslur vegna riðuveiki	81,1	52,0	52,0	0,0	-35,9
Sérstakar greiðslur í landbúnaði	77,2	47,0	47,0	0,0	-39,1
Samtals	**2.570,6**	**1.727,3**	**1.412,0**	**-18,3**	**-45,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 350,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að framlag til Fóðursjóðs lækki um 200 m.kr. því við afgreiðslu fjárlaga

2008 var ákveðið að leggja sjóðinn niður í áföngum á næstu þremur árum. Gert er ráð fyrir að 100 m.kr. lækkun fjárveitingar Jarðasjóðs- og Jarðeigna ríkisins í fjárlögum 2008, gangi til baka. Auk þess er lagt til að tímabundið framlag sem veitt var í fjárlögum 2008 til stuðnings fiskeldi falli niður en tilgangur þess verkefnis var að efla rannsóknir og markaðsstarf í fiskeldi. Þá er gert ráð fyrir að niður falli 89 m.kr. fjárheimild Verðmiðlunar landbúnaðarvara þar sem áformað er að fella verðmiðlunargjöldin niður.

811 Bændasamtök Íslands. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 580 m.kr. og jafngildir það 21,1 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum þessa árs. Hækkunin er í samræmi við samning frá 17. maí 2005, um verkefni samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998, og kemur öll til á *1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt.*

824 Verðmiðlun landbúnaðarvara. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa liðar lækki að raungildi um 89 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Hún skýrist af niðurfellingu 89 m.kr. fjárheimildar á viðfangi *1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara.* Í lagafrumvarpi, sem lagt hefur verið fram til Alþingis, frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum er gert ráð fyrir að verðmiðlunargjöld og verðtilfærslugjöld landbúnaðarvara falli niður. Í fjárlögum 2008 er gert ráð fyrir 300 m.kr. niðurfellingu á tekjum og útgjöldum vegna verðtilfærslugjalda á mjólk.

827 Fóðursjóður. Framlög til þessa liðar eru 115 m.kr. í frumvarpinu og jafngildir það 200 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin skýrist af því að gert er ráð fyrir að 200 m.kr. af fjárheimild liðarins verði felld niður í samræmi við ákvörðun stjórnvalda að leggja Fóðursjóð niður á þremur árum. Í fjárlögum 2008 var heimild sjóðsins lækkuð um 300 m.kr. af sömu ástæðu.

831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins. Gert er ráð fyrir að framlög til liðarins verði 174 m.kr. og jafngildir það 100 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Við 2. umræðu fjárlagafrumvarps 2008 var fjárheimild Jarðasjóðs lækkuð um 100 m.kr. og gert ráð fyrir að gengið yrði á höfuðstól sjóðsins sem hefur styrkst mjög á undanförnum árum. Eðli málsins samkvæmt er slík ráðstöfun tímabundin.

840 Stuðningur við fiskeldi. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar lækki að raungildi um 170 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Hún skýrist með niðurfellingu á 170 m.kr. tímabundnu framlagi sem veitt var í fjárlögum 2008, til að efla rannsóknir og markaðsstarf í fiskeldi. Á árunum 1992-1993 veitti landbúnaðarráðuneytið sérstök rekstrarlán til fiskeldisfyrirtækja að upphæð 300 m.kr. Myndast hafði sjóður í tengslum við endurgreiðslur þessara lána sem nam um 170 m.kr. og við 2. umræðu fjárlagafrumvarps 2008 var samþykkt að honum yrði varið tímabundið til þessa verkefnis.

*843 **Fiskræktarsjóður.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 11 m.kr. sem jafngildir 12,5 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum. Gert er ráð fyrir að tekjur Fiskræktarsjóðs af gjaldi af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva, að fjárhæð 12,5 m.kr., falli niður í samræmi við lög um Fiskræktarsjóð sem samþykkt voru á Alþingi s.l. vor. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að sjóðnum verði lagt til 270 m.kr. einskiptis framlag og að vaxtatekjur af þeim höfuðstól skili honum árlega 12,5 m.kr. sértekjum.

Rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Hafrannsóknastofnunin; 405 Veiðimálastofnun; 411 Matvælarannsóknir; 413 Verkefnasjóður sjávarútvegsins; 415 Sjóður til síldarrannsókna; 417 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs; 421 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins; 423 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna; 481 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar; 483 Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar og 487 Hagþjónusta landbúnaðarins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hafrannsóknastofnunin	1.332,8	1.431,8	1.553,8	8,5	16,6
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	74,0	0,0	0,0	-	-100,0
Veiðimálastofnun	68,3	74,4	106,0	42,5	55,2
Matvælarannsóknir	371,1	395,3	424,9	7,5	14,5
Gengismunasjóður	9,7	0,0	0,0	-	-100,0
Verkefnasjóður sjávarútvegsins	-102,1	35,0	35,0	0,0	-134,3
Sjávarspendýrasjóður	0,6	0,0	0,0	-	-100,0
Sjóður til síldarrannsókna	-7,0	0,0	0,0	-	-100,0
Veiðifærarannsóknir	0,6	0,0	0,0	-	-100,0
Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	230,1	335,0	335,0	0,0	45,6
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	7,2	10,4	10,4	0,0	44,4
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	57,2	64,2	71,5	11,4	25,0
Sjávarútvegshús, undirbúningur	-8,6	0,0	0,0	-	-100,0
Húsbyggingarsjóður	-8,6	0,0	0,0	-	-100,0
Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar	0,0	160,0	160,0	0,0	-
Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar	0,0	137,8	75,0	-45,6	-
Hagþjónusta landbúnaðarins	22,5	24,2	26,9	11,2	19,6
Samtals	**2.047,8**	**2.668,1**	**2.798,5**	**4,9**	**36,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 100,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar til lækkunar á framlögum til málaflokksins eru þær að framlag til Landgræðslu og skógræktar í þágu landbúnaðar lækkar um 67,8 m.kr. þar sem umsjón með framkvæmdum við varnir gegn landbroti flytjast frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti yfir til umhverfisráðuneytis. Gert er ráð fyrir að tímabundið 22 m.kr. framlag til Hafrannsóknastofnunar í fjárlögum 2008 vegna

breytinga á húsnæði falli niður auk þess sem tímabundið framlag til aukinna kaupa á matvælarannsóknum lækki um 20 m.kr. í samræmi við kostnaðaráætlun. Þá er gert ráð fyrir 18,8 m.kr. lækkun á tímabundinni fjárveitingu til athugana á umhverfi og lífríki olíuleitarsvæðisins á Drekasvæði við Jan Mayen hrygg og er það í samræmi við kostnaðaráætlun verkefnisins. Helstu breytingar til hækkunar eru annars vegar 17 m.kr. fjárveiting til að skjóta styrkari stoðum undir Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar á Sauðárkróki. Hins vegar er tillaga um 5 m.kr. framlag til Landgræðslu og skógræktar í þágu landbúnaðar vegna vinnu við stöðvun jarðrofs og endurheimt skaddaðra vistkerfa.

*401 **Hafrannsóknastofnunin.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 1.553,8 m.kr. og feli í sér 40,3 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum þessa árs. Til lækkunar kemur í fyrsta lagi að lagt er til að tímabundið 22 m.kr. framlag sem stofnunin fékk í fjárlögum 2008 til breytinga á húsnæði vegna flutninga falli niður. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 18,8 m.kr. lækkun á tímabundinni fjárveitingu til athugana á umhverfi og lífríki olíuleitarsvæðisins á Drekasvæði við Jan Mayen hrygg. Í tengslum við undirbúning á útboði sérleyfa til leitar, rannsókna og vinnslu á olíu og gasi á svæðinu var lögð áhersla á að samtímis yrðu gerðar athuganir á lífríkinu. Um er að ræða hluta af sameiginlegu verkefni iðnaðarráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis um leit, rannsóknir og vinnslu á olíu og gasi á Drekasvæði árin 2008-2011. Í þriðja lagi fellur niður tímabundið 8 m.kr. framlag í fjárlögum 2008 vegna úrvinnslu hvalatalninga. Á móti kemur að gert ráð fyrir 8,5 m.kr. framlagi til að efla rannsóknir á lífríki sjávar í samstarfi við BioPol á Skagaströnd. Í verkefninu er lögð áhersla á hrognkelsarannsóknir, rannsóknir á sel og rannsóknir á sviði líftækni. Áætlað er að störfum muni fjölga um eitt vegna þessa verkefnis en tillagan er hluti af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra.

*405 **Veiðimálastofnun.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 106 m.kr. og jafngildir það 23 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Annars vegar er gert ráð fyrir 17 m.kr. hækkun til að skjóta styrkari stoðum undir Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar á Sauðárkróki. Deildinni er ætlað að útbúa ástandslýsingu fyrir öll vatnasvæði landsins og sjá til þess að þau verði vöktuð. Deildinni er einnig ætlað að sinna samstarfi við BioPol á Skagaströnd og Selasetrinu á Hvammstanga um rannsóknir á Húnaflóa og Skagafirði. Áætlað er að störfum muni fjölga um tvö vegna þessa verkefnis en tillagan er hluti af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Hins vegar er tillaga um 6 m.kr. framlag til átaks til að auka arðsemi silungsveiða á landsbyggðinni með því að byggja upp silungsveiði. Verkefnið mun fara fram hjá Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar á Sauðárkróki.

411 ***Matvælarannsóknir.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 424,9 m.kr. og jafngildir það 20 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs þar sem niður fellur tímabundið framlag til aukinna kaupa á matvælarannsóknum. Þetta er í samræmi við kostnaðaráætlun við stofnun Matís ohf. Miðað var við að ríkið yki tímabundið kaup sín á verkefnum alls 650 m.kr. sem skiptist þannig að 130 m.kr. yrði varið til þeirra árið 2007, 120 m.kr. árið 2008, 100 m.kr. árið 2009 og aftur 2010, 90 m.kr. árið 2011, 65 m.kr. árið 2012 og 45 m.kr. árið 2013 sem er síðasta árið.

483 ***Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 75 m.kr. og jafngildir það 62,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Mestu munar að 67,8 m.kr. á viðfangi *1.13 Fyrirhleðslur* vegna umsjónar með framkvæmdum við varnir gegn landbroti eru fluttar yfir til umhverfisráðuneytis. Á *1.11 Bændur græða landið* er lögð til 5 m.kr. hækkun til verkefnis sem hefur að markmiði að tryggja að áfram verði unnið að stöðvun jarðvegsrofs og endurheimt skaddaðra vistkerfa út frá mögulegri vistgetu þeirra og stuðla þannig að aukinni frjósemi landsins til búfjárbeitar og/eða annarra nota. Byggt á samkomulagi umhverfisráðuneytisins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um sameiginlega fjármögnun verkefna hjá Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.4 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
04-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun dóms- og kirkjumálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	17.262,0	17.059,7	19.081,2	12	11
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3.967,1	4.111,7	4.620,5	12	16
Stofnkostnaður og viðhald	1.045,6	2.289,3	3.485,9	52	233
Samtals	**22.274,7**	**23.460,7**	**27.187,6**	**16**	**22**
Greitt úr ríkissjóði	-	23.283,8	27.031,1	16	-
Innheimt af ríkistekjum	-	176,9	156,5	-12	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**23.460,7**	**27.187,6**	**16**	-

Heildargjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis árið 2009 eru áætluð um 29.333 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.145 m.kr. en þær nema 7,3% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 27.188 m.kr. og er yfirgnæfandi hluti þeirra, eða 23.031 m.kr. fjármagnaður með beinu framlagi úr ríkissjóði og 157 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 19.081 m.kr. og hækka um 2.022 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Þar eru launa- og verðlagshækkanir yfirgnæfandi eða 2.196 m.kr. en auk þess er veitt 250 m.kr. framlag til Landhelgisgæslunnar vegna reksturs á nýrri flugvél og nýju varðskipi á seinni hluta ársins. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna en þau nema alls 195 m.kr. og þar af voru 160 m.kr. sem ætlaðar voru til að mæta útgjöldum við forsetakosningar á þessu ári. Einnig hafa rekstrarfjárveitingar sýslumannsembætta verið lækkaðar um 36 m.kr. vegna áforma um aðhaldi í rekstrarkostnaði.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 509 m.kr. og verða 4.621 m.kr. en eru 4.112 m.kr. í fjárlögum ársins 2008. Hækkunin skýrist alfarið af verðlagshækkunum og lögbundnum hækkunum vegna sóknargjalda.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 3.486 m.kr. og er það 1.197 m.kr. hækkun milli ára. Þyngst vegur annars vegar 500 m.kr. raunaukning til Landhelgissjóðs, en þar er um að ræða lokagreiðslur vegna kaupa á flugvél og varðskipi til Landhelgisgæslunnar. Hins vegar 350 m.kr. hækkun til að hefja uppbyggingu fangelsisins á Litla-Hrauni.

Áform um aðhald í útgjöldum ríkisins vega upp framlög til nýrra verkefna, auk þess sem bæði rekstrargjöld og tilfærsluframlög til sókna og kirkjugarða lækka samtals um 72 m.kr. að raungildi milli ára. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald og helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2009 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og hlutafélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.926 m.kr. á yfirstandandi ári. Samningarnir eru tilgreindir í töflunni fyrir neðan. Fjárhæðir í henni, að undanskildu árinu 2008, eru á áætluðu verðlagi 2009 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 7,5% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2009.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2008	2009	2010	2011	2012
Rekstrarkostnaður þjóðkirkju Íslands	B	1.565,5	1.657,4	1.657,4	1.657,4	1.657,4
Neyðarlínan hf.	C	135,1	288,4	288,4	288,4	288,4
Tetra fjarskiptaþjónusta fyrir lögreglu	C	136,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Þjóðskrá, afnot af þjóðskrá	C	6,0	6,5	6,5	6,5	6,5
Slysavarnarfélagið Landsbjörg	C	83,5	94,5	94,5	94,5	94,5
Samtals		**1.926,1**	**2.046,8**	**2.046,8**	**2.046,8**	**2.046,8**

Ráðuneytið vinnur nú að því að sameina nokkra samninga við Neyðarlínuna hf. í einn samning, sem m.a. inniheldur skuldbindingar vegna uppbyggingar Tetra fjarskiptakerfisins. Í töflunni er gert ráð fyrir sameiningu þessara samninga og því fellur niður sérgreint framlag vegna Tetra. Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem viðkomandi ráðuneyti stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A, en ekki er um neina slíka samninga að ræða hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Aðrir samningar sem bæði ráðu-

neytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar áætlaðar 1.657 m.kr. Að lokum eru 389 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið sendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að samningar sem renna út á tímabilinu verði endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 2.047 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Aðalskrifstofa; 102 Stjórnartíðindi; 103 Lagasafn; 103 Þjóðskrá; 111 Kosningar; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	338,0	341,1	381,4	11,8	12,8
Stjórnartíðindi	27,7	0,0	0,0	-100,0	-100,0
Lagasafn	3,3	0,0	0,0	0,0	-100,0
Þjóðskrá	283,5	293,2	338,0	15,3	19,2
Kosningar	198,9	171,3	14,9	-91,3	-92,5
Ýmis verkefni	253,2	204,4	212,6	4,0	-16,0
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	-
Samtals	**1.104,6**	**1.018,0**	**954,9**	**-6,2**	**-13,6**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 168 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar en þær nema um 106 m.kr. Helstu breytingar eru þær að 160 m.kr. kosningaframlag fellur niður, enda engar kosningar fyrirhugaðar á næsta ári. Auk þess lækka framlög vegna tilkynningarskyldu íslenskra skipa. Aðrar breytingar vega minna.

106 Þjóðskrá. Stofnunin gegnir lykilhlutverki í þróun upplýsingatækni og í samræmi við stefnu um upplýsingasamfélagið er lagt er til að henni verði veitt 22 m.kr. tímabundið framlag í tvö ný verkefni þ.e. 20 m.kr. í eitt ár til verkefnis um tilkynningar um búferlaflutninga, fæðingarvottorð o.fl.. Markmiðin snúa annars vegar að rafrænni skráningu búferlaflutninga og bættu aðgengi svo að einstaklingar geti pantað og greitt fyrir vottorð rafrænt og að fyrirtæki og stofnanir geti sótt vottorð úr þjóðskrá með samþykki eða lagaheimild. Einnig er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til verkefnis sem snýr að því að einstaklingar verði minntir á endurnýjun skilríkja, t.d. vegabréfa og ökuskírteina. Á móti vegur að 22 m.kr. tímabundið framlag í fjárlögum ársins 2008 til annarra verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins falla niður.

111 ***Kosningar.*** Lagt er til að 160 m.kr. tímabundið framlag vegna forsetakosninga á árinu 2008 falli niður þar sem engar kosningar verða á árinu 2009.

190 ***Ýmis verkefni.*** Gert er ráð fyrir að 14 m.kr. tímabundin framlög falli niður. Annars vegar 11 m.kr. tímabundið framlag í fjárlögum 2004 til 2008 til kaupa á afnotarétti af hugbúnaði. Um er að ræða þróunarverkefni sem varð til í samvinnu Kerfisverkfræðistofnunar Háskólans og Slysavarnafélags Íslands. Þróaður var hugbúnaður sem annast sjálfvirkt tilkynningakerfi skipa. Rekstur kerfisins var boðinn út og voru kaup á afnotaréttinum nauðsynlegur þáttur í því verkefni, en verktakinn fékk afnotaréttinn í sínar hendur á verktímanum. Gengið var til kaupa á afnotaréttinum og var samningsfjárhæðin alls 55 m.kr. Hins vegar gengur til baka tímabundin 3 m.kr. hækkun á framlagi til félagsins Íslensk ættleiðing.

Dómsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Hæstiréttur; 210 Héraðsdómstólar; 231 Málskostnaður í opinberum málum; 232 Opinber réttaraðstoð; 235 Bætur brotaþola og 251 Persónuvernd.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Hæstiréttur	95,0	98,2	108,4	10,4	14,1
Héraðsdómstólar	948,0	924,5	1.013,4	9,6	6,9
Málskostnaður í opinberum málum	476,7	355,0	420,3	18,4	-11,8
Opinber réttaraðstoð	221,8	186,2	210,4	13,0	-5,1
Bætur brotaþola	91,5	60,0	60,0	0,0	-34,4
Persónuvernd	71,0	61,0	67,6	10,8	-4,8
Samtals	**1.904,0**	**1.684,9**	**1.880,1**	**11,6**	**-1,3**

Framlög til málaflokksins haldast því sem næst óbreytt að raungildi en launa- og verðlagshækkanir nema samtals um 196 m.kr.

201 ***Hæstiréttur.*** Að frátöldum launa- og verðlagshækkunum er lagt til að 1 m.kr. tímabundið framlag vegna vettvangsgagna í landamerkja- og þjóðlendumálum falli niður.

Löggæslu og öryggismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 300 Héraðssaksóknari; 301 Ríkissaksóknari; 303 Ríkislögreglustjóri; 305 Lögregluskóli ríkisins; 310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu; 312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum; 325 Neyðarsímsvörun; 341 Áfengis- og fíkniefnamál; 390 Ýmis löggæslu- og öryggismál; 391 Húsnæði löggæslustofnana; 395 Landhelgisgæsla Íslands; 396 Landhelgissjóður Íslands; 397 Schengensamstarf og 398 Útlendingastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Héraðssaksóknari	0,0	0,0	35,4	-	-
Ríkissaksóknari	122,9	121,2	134,6	11,1	9,5
Ríkislögreglustjóri	1.222,4	1.201,3	1.334,7	11,1	9,2
Lögregluskóli ríkisins	168,9	211,3	233,8	10,6	38,4
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	3.112,5	2.930,0	3.262,0	11,3	4,8
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	1.090,7	968,9	1.123,4	15,9	3,0
Samræmd neyðarsvörun	138,8	172,1	272,4	58,3	96,3
Áfengis- og fíkniefnamál	0,0	56,8	63,9	12,5	-
Ýmis löggæslu- og öryggismál	173,5	173,4	93,9	-45,8	-45,9
Húsnæði löggæslustofnana	0,0	10,0	10,0	0,0	-
Landhelgisgæsla Íslands	2.392,5	2.317,6	2.808,0	21,2	17,4
Landhelgissjóður Íslands	408,7	1.927,8	2.751,1	42,7	573,1
Schengen-samstarf	71,5	94,5	102,0	7,9	42,7
Útlendingastofnun	231,1	210,9	236,3	12,0	2,3
Samtals	**9.133,5**	**10.395,8**	**12.461,5**	**19,9**	**36,4**

300 Héraðssaksóknari. Gert er ráð fyrir 33 m.kr. fjárveitingu til að stofna nýtt embætti héraðssaksóknara samkvæmt nýjum lögum um meðferð sakamála. Ráðuneytið undirbýr nú framkvæmd laganna og áætlað er að tillögur liggi fyrir á næstunni.

301 Ríkissaksóknari. Að raungildi hækkar fjárveitingin um 2 m.kr. tímabundið í eitt ár til rafvæðingar sakavottorða. Um er að ræða úthlutun 2009 vegna framkvæmdar stefnu um upplýsingasamfélagið, 2008-2012. Markmið verkefnisins er að tengja sakavottorðaskrá við lögreglukerfin með rafrænum hætti og auka þannig öryggi og bæta aðgengi með beinni tengingu í sakavottorðsgrunn.

303 Ríkislögreglustjóri. Lagt er til að fjárveiting embættisins lækki um 7 m.kr. að raungildi en launa- og verðlagshækkanir nema 140 m.kr. Tímabundið 12 m.kr. framlag vegna tengslafulltrúa embættis ríkislögreglustjóra hjá Europol fellur niður, en á móti vegur að veitt er 5 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til upplýsingatækniverkefnisins um lögreglustöð á netinu. Markmið verkefnisins er að koma á gagnvirkum þjónustuvef lögreglunnar þar sem almenningi gefst m.a. kostur á að sækja um ýmis konar leyfi hjá

lögreglu, sækja persónulegar upplýsingar um sig, t.d. skoða punktastöðu og skráningu persónuupplýsinga í lögreglukerfinu og tilkynna eða kæra tiltekin brot.

310 ***Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.*** Fjárveiting á rekstrargrunni er óbreytt að raungildi milli ára, en lagt til að beint greiðsluframlag ríkissjóðs hækki um 17,9 m.kr. til að bæta embættinu upp afnám á hlutdeild lögregluyfirvalda í áfengisgjaldi, sem féll brott 1. júlí 2007 með samþykkt laga nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Tekjur lækka að sama skapi, þannig að engin breyting verður á rekstrarheimild. Launa- og verðlagshækkanir nema samtals 332 m.kr.

325 ***Neyðarsímsvörun.*** Lagt til allar greiðslur vegna kaupa á þjónustu Neyðarlínunnar séu færðar á sama fjárlaganúmerið. Greiðslur eru í samræmi við þjónustusamning og eru þá bæði vegna samræmdrar neyðarsímsvörunar svo og vegna uppbyggingar á Tetra-fjarskiptakerfi sem nýtt er bæði af lögreglu, björgunarsveitum o.fl. Breytingin leiðir til 84,9 m.kr. millifærslu til hækkunar á lið Neyðarsímsvörunar en samsvarandi lækkunar á *06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál.*

395 ***Landhelgisgæsla Íslands.*** Að frátöldum launa- og verðlagshækkunum, sem samtals nema um 241 m.kr. í frumvarpinu, eru gerðar tillögur um nokkur hækkunartilefni í tengslum við rekstur á nýrri flugvél og nýju varðskipi. Í fyrsta lagi, tímabundið framlag að fjárhæð 46,5 m.kr. til að standa undir auknum úthaldskostnaði hjá eldri skipum Landhelgisgæslunnar vegna þjálfunar á nýrri áhöfn. Þessi kostnaður fellur niður árið 2010 en á móti vegur rekstrarkostnaður nýja varðskipsins í heild ár, auk þess sem gert er ráð fyrir að auknu úthaldi eldri skipanna með tvískiptum vöktum og þar með auknu úthaldi frá því sem nú er. Í öðru lagi, 36,8 m.kr. til þjálfunarkostnaðar áhafnar í kjölfar kaupa á nýrri flugvél. Í þriðja lagi, 64 m.kr. framlag vegna hækkunar á rekstrarkostnaði Landhelgisgæslunnar þar sem í sumar kemur ný flugvél sem tekur við af TF-SÝN á miðju ári 2009. Á ársgrundvelli nemur kostnaðurinn um 95 m.kr. Þannig verða gjöldin árið 2009 strax orðin því sem næst þau sömu og á heilu ári, sem skýrist af því að full launagjöld falla til allt árið, vegna nauðsynlegrar þjálfunar. Áætlað er að flugtímar verði um 600 á ári sem er svipað og verið hefur með eldri flugvélina. Nýja vélin hefur miklu afkastameiri og dýrari eftirlitsbúnað heldur en TF-SÝN sem leiðir af sér aukinn viðhaldskostnað. Í fjórða lagi, 203 m.kr. framlag vegna rekstrarkostnaðar á nýju varðskipi. Skipið sjálft verður ekki afhent fyrr en í byrjun september, en nauðsynlegt er að ráða áhöfn og hefja þjálfun strax í ársbyrjun. Eldri skipin, Ægir og Týr munu nýtast í því skyni. Þjálfunarkostnaður sem fellur á stofnunina felst aðallega í auknu úthaldi eldri skipanna, til þess að þjálfa nýjar áhafnir. Tillaga um hækkun framlags miðast við að úthaldsdagar skipsins geti verið um 255 á heilu ári. Á móti þessum hækkunum vegur að gert er ráð fyrir að farið verði í

aðhaldsráðstafanir sem skili 100 m.kr. á árinu 2009 frá því sem áður var áformað. Nokkur óvissa er um afhendingu bæði á varðskipi og flugvél og getur því skapast svigrúm til að mæta þessu aðhaldsmarkmiði. Að öðrum kosti þarf að draga úr úthaldi farkosta frá því sem Landhelgisgæslan hafði áður áætlað. Tillagan er liður í markmiðum frumvarpsins um aðhald í rekstrargjöldum ríkissjóðs.

*396 **Landhelgissjóður Íslands.*** Í frumvarpinu er lagt til að veitt verði samtals 2.500 m.kr. tímabundið framlag til að ljúka kaupum á nýju varðskipi og flugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Um er að ræða kostnað umfram þær 3.000 m.kr. sem gert er ráð fyrir að veitt verði til verkefnisins í lögum nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., með síðari breytingum. Í fyrsta lagi verði veittar 896 m.kr. vegna lokauppgjörs á nýju varðskipi. Þann 20. desember 2006 var skrifað undir samning við skipasmíðastöð í Chile um smíði á 4.000 brúttótonna varðskipi. Áætlað er að stofnkostnaður vegna skipsins nemi tæpum 3,3 milljörðum króna og dreifist að mestu á árin 2008 og 2009. Skipið verður afhent í september 2009. Í öðru lagi er lagt til að veittar verði 1.495 m.kr. vegna endurnýjunar á eftirlitsflugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Þann 7. maí 2007 var skrifað undir samning þess efnis í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt. Vélin er af gerðinni Dash 8-Q300 og verður afhent í júlí 2009. Heildarkostnaður nemur um 2,3 milljörðum króna og fellur hann til á tveimur árum 2008 og 2009. Í báðum tilvikum er miðað við gengisforsendur fjárlaga fyrir árið 2008, eða gengi krónunnar í byrjun september 2007. Í fjárlögum 2008 var veitt 2.000 m.kr. af þessu tilefni, en sú fjárveiting fellur nú niður. Í 4. gr. laga nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., með síðari breytingum, er kveðið á um að verja skuli til kaupa eða leigu á fjölnota varðskipi og til kaupa eða leigu á eftirlitsflugvél fyrir Landhelgisgæslu Íslands 500 m.kr. árið 2006, 500 m.kr. árið 2007 og 2.000 m.kr. árið 2008. Þar sem útgjöld fjárlagaliðarins eru í erlendri mynt er gert ráð fyrir að þau hækki þessu til viðbótar um samtals 323 m.kr. í samræmi við þróun á gengi íslensku krónunnar gagnvart evru og bandaríkjadal.

Sýslumenn

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 411-437; Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta og 491 Húsnæði og búnaður sýslumanna.

Heildarfjárveiting til málaflokksins lækkar um 26 m.kr. að raungildi en launa- og verðlagshækkanir til ársins 2009 nema 459 m.kr. Nokkrar millifærslur eiga sér stað af safnlið og yfir til einstakra embætta.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sýslumaðurinn í Reykjavík	321,5	310,8	347,6	11,8	8,1
Sýslumaðurinn á Akranesi	176,4	171,8	191,4	11,4	8,5
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	171,8	152,1	169,1	11,2	-1,6
Sýslumaður Snæfellinga	154,5	157,1	185,2	17,9	19,9
Sýslumaðurinn í Búðardal	24,4	23,7	29,5	24,5	20,9
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	35,8	35,4	39,3	11,0	9,8
Sýslumaðurinn í Bolungarvík	22,8	25,1	27,7	10,4	21,5
Sýslumaðurinn á Ísafirði	289,2	290,7	338,8	16,5	17,2
Sýslumaðurinn á Hólmavík	25,3	28,3	31,6	11,7	24,9
Sýslumaðurinn á Blönduósi	176,5	176,2	196,9	11,7	11,6
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	142,6	135,9	155,0	14,1	8,7
Sýslumaðurinn á Siglufirði	48,8	58,3	64,5	10,6	32,2
Sýslumaðurinn á Akureyri	470,8	472,1	526,0	11,4	11,7
Sýslumaðurinn á Húsavík	172,3	168,2	186,4	10,8	8,2
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	199,7	188,9	210,3	11,3	5,3
Sýslumaðurinn á Eskifirði	237,2	242,9	270,8	11,5	14,2
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	32,9	38,5	42,7	10,9	29,8
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	41,8	48,1	52,6	9,4	25,8
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	151,3	160,0	180,9	13,1	19,6
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	171,1	166,7	185,6	11,3	8,5
Sýslumaðurinn á Selfossi	346,1	328,9	366,5	11,4	5,9
Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ	146,7	150,0	167,0	11,3	13,8
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	182,2	190,0	214,0	12,6	17,5
Sýslumaðurinn í Kópavogi	168,5	175,5	195,3	11,3	15,9
Ymis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	110,2	175,0	128,4	-26,6	16,5
Húsnæði og búnaður sýslumanna	48,5	24,5	24,5	0,0	-49,5
Samtals	**4.068,9**	**4.094,7**	**4.527,6**	**10,6**	**11,3**

414 ***Sýslumaður Snæfellinga.*** Að frátöldum launa- og verðlagshækkunum, er lagt til að veittar verði 10 m.kr. vegna umsýslu með þjóðlendum. Forsætisráðuneytið fer með umsjón þeirra skv. lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur. Ráðuneytið hefur ákveðið að gera þjónustusamning við embætti sýslumanns Snæfellinga um að annast skráningu þjóðlendna og daglega umsýslu með þeim, s.s. umsýslu í tengslum við leyfisveitingar. Þá er millifærð 0,4 m.kr. fjárveiting vegna skráningar kaupmála fyrr landið allt. Útgjöldin felast einkum í póstburðarkostnaði og lítilsháttar launagjöldum.

415 ***Sýslumaðurinn í Búðardal.*** Lagt er til að fjárveiting hækki um 3,2 m.kr. að raungildi, vegna veitingar leyfa til ættleiðingar. Embættið hefur tekið við þessu verkefni frá aðalskrifstofu ráðuneytisins. Það kallar á ráðningu skrifstofumanns í hálft stöðugildi, auk ýmissa annarra útgjalda m.a. vegna upplýsingatæknimála og ferðalaga.

418 ***Sýslumaðurinn á Ísafirði.*** Að frátöldum launa- og verðlagshækkunum, er lagt til að millifærð verði 15 m.kr. fjárheimild til embættisins af *06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.* Í fjárlögum er 30 m.kr. heimild á þessu viðfangsefni til nýrra og aukinna verkefna sýslumannsembætta á Vestfjörðum í kjölfar skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Nú hefur verið afráðið að 15 m.kr. af fjárheimildinni verði nýttar til verkefna á vegum embættisins.

419 ***Sýslumaðurinn á Hólmavík.*** Lagt er til að millifærðar verði 0,4 m.kr. til embættisins vegna löggildingar dómtúlka og skjalaþýðenda. Útgjöldin felast í umsjón með prófum.

421 ***Sýslumaðurinn á Sauðárkróki.*** Að frátöldum launa- og verðlagshækkunum, er lagt til að millifærð verði 4,6 m.kr. fjárheimild til embættisins vegna framkvæmdar laga um sjóði og stofnanir sem starfa skv. sérstakri skipulagsskrá. Um er að ræða bæði hluta af starfi lögfræðings, auk annarra starfsmanna.

430 ***Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal.*** Millifærð verði 0,6 m.kr. fjárveiting til embættisins vegna aukins launakostnaðar við veitingu leyfa fyrir rekstur útfararþjónustu.

431 ***Sýslumaðurinn á Hvolsvelli.*** Lagt er til að millifærð verði 2,6 m.kr. heimild vegna veitingu happdrættisleyfa, sem áður var hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins. Útgefin leyfi eru á bilinu 50 -80 á hverju ári. Verkefnið felur jafnfram í sér eftirlit með spilakössum og setningu verklagsreglna.

436 ***Sýslumaðurinn í Hafnarfirði.*** Lagt er til að millifærðar verði 2,3 m.kr. vegna verkefnis um löggildingu fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu sem var áður unnið á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Í því fellst m.a. lögfræði- og ritaravinna.

490 ***Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.*** Lagt er til að fjárheimild liðarins lækki samtals um 65,1 m.kr. Þar af nema millifærslur til einstakra embætta 29,1 m.kr. samanber umfjöllun hér að ofan, en 36 m.kr. lækkun er vegna markmiða um aðhald í rekstrargjöldum í frumvarpinu og mun koma fram í minni millifærslum til sýslumannsembætta vegna langtímaveikinda starfsmanna og annarra óvæntra þátta innan ársins.

Fangelsismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 501 Fangelsismálastofnun og 591 Fangelsisbyggingar.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fangelsismálastofnun ríkisins	944,1	1.003,4	1.126,0	12,2	19,3
Fangelsisbyggingar	170,9	8,4	350,0	4.066,7	104,8
Samtals	**1.115,0**	**1.011,8**	**1.476,0**	**45,9**	**32,4**

Framlög til Fangelsismálastofnunar eru óbreytt að raungildi milli ára en gert er ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar aukist um 123 m.kr. vegna launa- og verðlagshækkana.

*591 **Fangelsisbyggingar.*** Gert er ráð fyrir 350 m.kr. tímabundnu framlag til uppbyggingar á Litla-Hrauni. Er þessu framlagi ætlað að standa undir áfangabyggingu á sérstöku móttöku- og heimsóknarhúsi. Áætlanir ráðuneytisins miðast við að heildaruppbyggingu fangelsa verði á Litla-Hrauni og að á höfuðborgarsvæðinu verði eingöngu gæsluvarðhald og skammtímavistun fanga í tengslum við nýja lögreglustöð. Tímabundin 8,4 m.kr. frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gekk til baka í eitt ár í fjárlögum 2008 en fellur nú niður.

Kirkjumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 701 Þjóðkirkjan; 705 Kirkjumálasjóður; 707 Kristnisjóður; 733 Kirkjugarðar; 735 Sóknargjöld og 735 Jöfnunarsjóður sókna.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þjóðkirkjan	1.439,7	1.474,4	1.600,3	8,5	11,2
Kirkjumálasjóður	257,5	283,9	322,4	13,6	25,2
Kristnisjóður	82,8	89,7	96,7	7,8	16,8
Kirkjugarðar	787,3	820,1	946,0	15,4	20,2
Sóknargjöld	2.054,9	2.220,0	2.505,0	12,8	21,9
Jöfnunarsjóður sókna	340,1	367,4	417,1	13,5	22,6
Samtals	**4.962,3**	**5.255,5**	**5.887,5**	**12,0**	**18,6**

Lagt er til að framlög til málaflokksins hækki í heild um 631 m.kr. og þar af nemur launa- og verðlagshækkun 524 m.kr.

701 ***Þjóðkirkjan.*** Að frátöldum launa- og verðlagshækkunum, sem alls nema um 129 m.kr. í frumvarpinu, er gerð tillaga um að 3 m.kr. tímabundið framlag til byggingar þjónustuhúss við Þingeyraklausturskirkju falli niður.

733 ***Kirkjugarðar.*** Lagt er til að framlög til kirkjugarða hækki um 126 m.kr. á næsta ári en þar af nema launa- og verðlagsbreytingar um 120 m.kr. Í samræmi við samkomulag við Kirkjugarðaráð byggir framlagið á reiknilíkani þar sem um 20% af framlaginu tekur mið af fjölda jarðsetninga og líkbrennslan á árinu 2007, sem voru annars vegar 1.583 og 359 talsins, og um 80% af framlaginu miðast við stærð svæða í umhirðu hjá görðunum í lok ársins 2006 en flatarmál þeirra jókst nokkuð vegna nýrra grafa á því ári. Þá er gert ráð fyrir markmiðum frumvarpsins um aðhald í rekstrargjöldum verði mætt með 1% lækkun framlagsins frá því sem ella hefði verið, eða sem nemur 8 m.kr.

735 ***Sóknargjöld.*** Lögboðið framlag til sókna þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga hækkar alls um 373,2 m.kr. í samræmi við áætlaða hækkun á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga 16 ára og eldri milli tekjuáranna 2007 og 2008 og fjölgun einstaklinganna. Á móti er gert ráð fyrir 28 m.kr. lækkun framlags vegna markmiða frumvarpsins um útgjaldaaðhald. Flutt verður frumvarp um breytingu á lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld, sem felur í sér að hækkun sóknargjalds verður tæplega 1% minni en ella hefði orðið. Hér eru meðtalin framlög á tveimur öðrum fjárlagaliðum sem reiknast hlutfallslega af sóknargjöldum, *06-705 Kirkjumálasjóður* og *06-736 Jöfnunarsjóður sókna.*

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagalið innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.4 hér fyrir framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
06-190-1.93	Dómsmál, ýmis kostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld dómsstóla.
06-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
06-341-1.25	Áttak í löggæslu vegna fikniefnamála	Til löggæslustofnana vegna átaks í fíkniefnamálum.
06-390-1.10	Ýmis löggæslukostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld löggæslustofnana.
06-391-6.21	Húsnæði löggæslustofnana	Framkvæmdir við húsnæði löggæslustofnana.
06-490-1.10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld sýslumanna.
06-491-5.01	Húsnæði og búnaður sýslumanna. Viðhald húseigna	Til viðhalds húseigna sýslumanna.
06-491-6.01	Húsnæði og búnaður sýslumanna. Tæki og búnaður	Til kaupa á ýmsum búnaði sýslumanna.

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun félags- og tryggingamálaráðuneytis breytist þannig milli ára:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	10.775,5	10.304,9	12.200,8	18	13
Neyslu- og rekstrartilfærslur	57.295,3	70.971,4	85.168,2	20	49
Stofnkostnaður og viðhald	3.011,4	4.137,2	5.111,9	24	70
Samtals	**71.082,2**	**85.413,5**	**102.480,9**	**20**	**44**
Greitt úr ríkissjóði	-	42.411,2	54.182,3	28	-
Innheimt af ríkistekjum	-	42.202,3	46.578,6	10	-
Viðskiptahreyfingar	-	800,0	1.720,0	115	-
Samtals	-	**85.413,5**	**102.480,9**	**20**	-

Heildargjöld félags- og tryggingamálaráðuneytis árið 2009 eru áætluð um 105.754 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.274 m.kr. en þær nema 3,1% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 102.481 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 54.182 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 46.579 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 1.720 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 12.201 m.kr. og hækka um 1.896 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 429 m.kr. til málefna fatlaðra, 114 m.kr. til verkefna í þágu barna og ungmenna, 25 m.kr. sem varið verður til aðgerðaráætlunar um málefni innflytjenda og 20 m.kr. til aðgerða gegn mansali. Á móti koma 300 m.kr. sem eru áætlaðar hreinar vaxtatekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs af inneign hjá ríkissjóði vegna óráðstafaðra tekna af atvinnutryggingagjaldi. Einnig hafa rekstrarfjárveitingar ýmissa stofnana sem heyra undir ráðuneytið verið lækkaðar alls um 18 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 14.197 m.kr. og verða 85.168 m.kr. en eru 70.971 m.kr. í fjárlögum ársins 2008. Auk launa- og verðlagsbóta vega þyngst 4.107 m.kr. aukin útgjöld til lífeyristrygginga. Útgjöld bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð hækka um 775 m.kr. og þá er áætlað að útgjöld Fæðingarorlofssjóðs hækki um 1.336 m.kr.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 5.112 m.kr. og er það 975 m.kr. hækkun milli ára. Þar munar mestu um 1.100 m.kr. skuldbindingu ríkissjóðs vegna niðurgreiðslu á vöxtum til lána á leiguíbúðum. Framlög til byggingar hjúkrunarheimila lækka um 187 m.kr. þar sem niður falla tímabundnar fjárheimildir.

Vikið er nánar að helstu breytingum hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2009 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 3.289 m.kr. á yfirstandandi ári. Samningarnir eru tilgreindir í eftirfarandi töflu. Fjárhæðir, að undanskildu árinu 2008, eru á áætluðu verðlagi ársins 2009 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 30,7% af heildarrekstrargjöldum ráðuneytisins á árinu 2009.

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem félags- og tryggingamálaráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 3.180,6 m.kr. á yfirstandandi ári. Engir samningar falla undir B flokk en það er samningar sem bæði ráðuneytin standa að. Að lokum eru 108,4 m.kr. áætlaðar vegna samninga sem félags- og tryggingamálaráðuneytið sendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 3.700 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Unnið er að endurnýjun nokkurra eldri samninga. Þar skulu nefndir samningar við þrjá verndaða vinnustaði Í Reykjavík, samning við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar um rekstur skammtímavistunar fyrir fatlaða, samning við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða og samning við Sólheima í Grímsnesi. Samningum sem Barnaverndarstofa stendur að fækkar um tvo þar sem starfsemi tveggja meðferðarheimila fyrir börn og unglinga var hætt á yfirstandandi ár.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2008	2009	2010	2011	2012
Árbót, meðferð barna og ungmenna	A	93,7	105,8	105,8	105,8	105,8
Barnaheill, málefni barna og ungmenna	A	1,1	9,0			
Geldingalækur, meðferð barna og ungmenna	A	23,0				
Háholt, meðferð barna og ungmenna	A	74,5	84,2	84,2	84,2	84,2
Hvítárbakki, meðferð barna og ungmenna	A	22,5				
Laugaland, meðferð barna og ungmenna	A	59,0	66,6	66,6	66,6	66,6
Akurhóll, meðferð barna og ungmenna	A	88,5	100,0	100,0	100,0	100,0
ÖBÍ, verndaður vinnustaður	A	17,4	19,6			
Múlalundur, verndaður vinnustaður	A	19,2	21,7			
Blindrafélagið, verndaður vinnustaður	A	19,2	21,7			
Styrktarfélag vangefinna, þjónusta við fatlaða	A	647,2	732,8	732,8	732,8	732,8
Þjónusta við fatlaða á Norðurlandi vestra	A	335,1	392,8	392,8	392,8	392,8
Akureyrarkaupstaður, þjónusta við fatlaða	A	783,9	956,9	956,9	956,9	956,9
Norðurþing, þjónusta við fatlaða	A	113,4	136,6	136,6	136,6	136,6
Sveitarf. Hornafjörður, þjónusta við fatlaða	A	27,6	31,5	31,5	31,5	31,5
Hólabrekka, sambýli fatlaðra	A	30,3	30,3	30,3	30,3	30,3
Vestmannaeyjabær, þjónusta við fatlaða	A	112,0	109,2			
Sólheimar, þjónusta við fatlaða	A	240,5	277,4			
Landspítali, málefni barna og ungmenna	C	35,0	35,0	35,0		
Velferðarsvið Rvk., þjónusta við fatlaða	A	69,7				
Háskóli Íslands, lektor í fötlunarfræðum	C	4,0	1,3			
Skálatún, þjónusta við fatlaða	A	319,9	367,1	367,1	367,1	367,1
Viðskiptaháskólinn Bifröst	C	2,0				
Rauði kross Íslands, móttaka flóttamanna	C	3,3				
Ný leið-meðferð fyrir ungt fólk	C	3,0				
Vímulaus æska - rekstur Foreldrahúss	C	4,0				
Líf og sál - verkefnið "Karlar til ábyrgðar"	C	6,5				
Skaftholt- sambýli fatlaðra	A	46,6	52,5	52,5	52,5	52,5
Reykjavíkurborg þjónusta við geðfatlaða	A	26,7	160,2	262,5	262,5	262,5
Reykjavíkurborg -heimili fyrir heimilislausa	C	15,0	15,0			
Klúbburinn Geysir- þjónusta við geðfatlaða	C	2,5	2,5			
Reykjanesbær- þjónusta við geðfatlaða	A	9,6	9,6	9,6		
AE- starfsendurhæfing	C	18,1				
Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla	C	12,5				
Geðhjálp- þjónusta við geðfatlaða	C	2,5	2,5			
Samtals		**3.289,0**	**3.741,8**	**3.364,2**	**3.319,6**	**3.319,6**

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Félags- og tryggingamálaráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	281,8	297,6	333,4	12,0	18,3
Ýmis verkefn	88,9	100,5	239,6	138,4	169,5
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**370,7**	**403,1**	**578,0**	**43,4**	**55,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 118 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þessar:

*101 **Félags- og tryggingamálaráðuneytið, aðalskrifstofa.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist um 4,5 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Skýrist það af því að tímabundin lækkun á fjárheimild í fjárlögum 2008 gengur til baka.

*190 **Ýmis verkefni.*** Rekstrargjöld liðarins hækka um 113,5 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að verja 55 m.kr. til verkefna í samræmi við þingályktun um aðgerðir til að styrkja stöðu barna í samfélaginu, 34 m.kr. til þjónustu við börn með athyglisbrest og ofvirkni og 20 m.kr. til að fylgja eftir aðgerðaráætlun sem unnið er að í ráðuneytinu um aðgerðir gegn mansali. Framlög til tveggja verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins eru 12 m.kr. Annars vegar er um að ræða verkefni er miðar að því að auðvelda fólki að sækja þjónustu með rafrænum hætti og hins vegar verkefni sem felst í að gera útdrátt með upplýsingum á auðlesnu efni og erlendu tungumáli til þess að auðvelda aðgang sem flestra að efni sem þá varðar. Þá falla niður tímabundnar fjárheimildir að fjárhæð 7,5 m.kr.

Húsnæðismál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 205 Leiguíbúðir og 207 Varasjóður húsnæðismála.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Leiguíbúðir	1.329,8	1.100,0	2.200,0	100,0	65,4
Varasjóður húsnæðismála	60,0	60,0	60,0	0,0	0,0
Samtals	**1.389,8**	**1.160,0**	**2.260,0**	**94,8**	**62,6**

*205 **Leiguíbúðir.*** Farið er fram á 1.100 m.kr. hækkun á fjárheimild til niðurgreiðslu vaxta af lánum sem veitt verða á árinu 2009 til byggingar 750 leiguíbúða. Tillaga þessi er í samræmi við yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gaf út í tengslum við kjarasamninga í febrúar 2008 um fjölgun lánsvilyrða með niðurgreiddum vöxtum. Lánum var fjölgað í 750 á ári í fjögur ár frá og með árinu 2009. Hliðstætt átak frá árinu 2006 gerði ráð fyrir allt að 400 lánum á ári til ársloka 2009. Lánin eru veitt þeim aðilum sem leigja íbúðirnar til einstaklinga er uppfylla skilyrði um tekju- og eignamörk samkvæmt VIII. kafla húsnæðislaga. Þau bera 3,5% vexti og greiðir ríkissjóður muninn milli almennra útlánsvaxta Íbúðalánasjóðs sem nú eru 5,4% að frádregnu afskriftar- og uppgreiðsluálagi sem er samtals 0,7%. Vaxtamunnurinn 2009 er því áætlaður 1,2%. Skuldbinding ríkissjóðs vegna þessara framlaga til vaxtaniðurgreiðslu nemur um 2.200 m.kr. út lánstímann sem er 50 ár miðað við 6% ávöxtunarkröfu. Árleg heimild er áætluð 145 m.kr. til greiðslu vaxtamunar á hverjar 750 íbúðir miðað við 1,2% vaxtamun.

Stjórnsýslustofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 302 Ríkissáttasemjari; 313 Jafnréttisstofa og 331 Vinnueftirlit ríkisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkissáttasemjari	56,4	62,0	67,9	9,5	20,4
Jafnréttisstofa	41,2	61,7	74,7	21,1	81,3
Vinnueftirlit ríkisins	462,9	415,7	547,0	31,6	18,2
Samtals	**560,5**	**539,4**	**689,6**	**27,8**	**23,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 82,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þessar:

*313 **Jafnréttisstofa.*** Samkvæmt frumvarpinu hækkar liðurinn um 6 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Annars vegar er lagt til að liðurinn lækki um 0,5 m.kr. vegna aðhalds í útgjöldum. Hins vegar er lagt til að millifærðar verði 6,5 m.kr. af viðfangsefni *999-1.98 Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis*. Um er að ræða millifærslu á fjármunum sem ætlaðir eru til verkefnisins „Karlar til ábyrgðar“, en tilgangur þess verkefnis er að bjóða meðferð og aðstoð körlum sem beitt hafa heimilisofbeldi. Umsýsla með verkefninu fluttist til Jafnréttisstofu á árinu 2008.

*331 **Vinnueftirlit ríkisins.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 547 m.kr. á næsta ári og er það 77,2 m.kr. hækkun frá fjárlögum þessa árs umfram launa- og verðlagsbreytingar. Annars vegar er lagt til að gerð verði leiðrétting á rekstrarumfangi

stofnunarinnar og útgjaldaheimildir hennar verði auknar um 85,2 m.kr. þar sem tekjur sem stofnunin aflar og teljast til ríkistekna hafa verið vanáætlaðar í fjárlögum síðustu ára. Hins vegar er lagt til að liðurinn lækki um 8 m.kr. vegna kröfu um aðhald í rekstri.

Málefni barna

Til þessa málaflokks telst fjárlagaliðurinn 400 Barnaverndarstofa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnaverndarstofa	769,6	839,0	969,4	15,5	26,0
Samtals	**769,6**	**839,0**	**969,4**	**15,5**	**26,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 130,4 m.kr. að meðtöldum launa- og verðlagsbreytingum.

400 Barnaverndarstofa. Samkvæmt frumvarpinu hækka rekstrargjöld um 25 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagsbreytingar. Um er að ræða fjárveitingar til tveggja verkefna: Annars vegar 17,5 m.kr. til að hrinda í framkvæmd nýjungum í meðferðarstarfi fyrir börn og ungmenni með hegðunar- og vímuefnavanda og hins vegar 7,5 m.kr. til að koma á fót við Barnahús göngudeildarmeðferð fyrir unga gerendur í kynferðisbrotamálum. Bæði þessi verkefni eru í samræmi við þingsályktun um aðgerðir til að styrkja stöðu barna í samfélaginu. Sú breyting er gerð á framsetningu liðarins að viðfangsefnanúmer *400-150 Meðferðarstöð ríkisins* er sameinað viðfangsefnanúmeri *400-101 almennur rekstur*. Jafnframt eru millifærðar á það viðfangsefnanúmer 100 m.kr. af *400-120 Heimili fyrir börn og unglinga*.

Málefni fatlaðra

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 700 Málefni fatlaðra; 701-708 Málefni fatlaðra, svæðisskrifstofur, 711 Styrktarfélag vangefinna; 720 Skálatúnsheimilið Mosfellsbæ; 722 Sólheimar í Grímsnesi; 750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 1.540,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Launa- og verðlagsbreytingar eru 1.110,8 m.kr. og til nýrra verkefna í þágu fatlaðra eru ætlaðar 429,5 m.kr. Hækkunin er af þremur megin tilefnum: Í fyrsta lagi 200 m.kr. til að mæta þörf fyrir búsetu á sambýlum og í íbúðum og til að efla stoðþjónustu við fötluð börn. Í öðru lagi 185 m.kr. vegna átaks í uppbyggingu búsetuúrræða fyrir geðfatlaða. Í þriðja lagi 25 m.kr. fjárveitingu til lengdrar viðveru fatlaðra nemenda í framhaldsskólum.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Málefni fatlaðra	173,0	599,4	380,9	-36,5	120,2
Málefni fatlaðra, Reykjavík	2.336,4	2.425,1	3.075,5	26,8	31,6
Málefni fatlaðra, Reykjanesi	1.633,7	1.617,6	1.959,8	21,2	20,0
Málefni fatlaðra, Vesturlandi	275,3	269,5	341,0	26,5	23,9
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	189,1	183,7	221,8	20,7	17,3
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	311,8	336,5	394,4	17,2	26,5
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	844,5	898,8	1.095,2	21,9	29,7
Málefni fatlaðra, Austurlandi	278,5	295,2	352,4	19,4	26,5
Málefni fatlaðra, Suðurlandi	494,3	499,0	593,9	19,0	20,1
Styrktarfélag vangefinna	594,6	612,9	732,8	19,6	23,2
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	310,6	319,9	367,1	14,8	18,2
Sólheimar í Grímsnesi	233,3	240,5	277,4	15,3	18,9
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	304,4	381,9	423,1	10,8	39,0
Framkvæmdasjóður fatlaðra	696,9	673,6	678,6	0,7	-2,6
Samtals	**8.676,4**	**9.353,6**	**10.893,9**	**16,5**	**25,6**

700 Málefni fatlaðra. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld liðarins lækki vegna millifærslna um 261,5 m.kr. á næsta ári að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Skýrist það af fimm tilefnum. Í fyrsta lagi eru millifærðar af liðnum 382,7 m.kr. til svæðisskrifstofa, sveitarfélaga og félagasamtaka vegna þjónustu við geðfatlaða. Í öðru lagi eru millifærðar 83,8 m.kr. vegna aukins umfangs í samningum ráðuneytisins við sveitarfélög og sjálfseignarstofnanir um þjónustu við fatlaða. Þessar millifærslur eru skýrðar nánar undir viðkomandi fjárlagaliðum. Í þriðja lagi er farið fram á 185 m.kr. í samræmi við áætlun um uppbyggingu búsetuúrræða og þjónustu við geðfatlaða. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir 25 m.kr. fjárveitingu til lengdrar viðveru fatlaðra nemenda í framhaldsskólum. Um er að ræða samstarfsverkefni félags- og tryggingamálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Loks fellur niður tímabundin heimild að fjárhæð 5 m.kr. til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins.

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík. Samkvæmt frumvarpinu aukast rekstrargjöld liðarins um 321,6 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Millifærðar eru 261,6 m.kr. af fjárlagalið *700 Málefni fatlaðra*. Skýrist sú fjárhæð nánast alfarið af þjónustu við geðfatlaða. Af fjárhæðinni eru 160,2 m.kr. í samræmi við þjónustusamning ráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um þjónustu við geðfatlaða og 98 m.kr. til þjónustu sem svæðisskrifstofan mun annast fyrst um sinni, en stefnt er að því að Reykjavíkurborg annist alla þjónusta við geðfatlaða í Reykjavík samkvæmt þjónustusamningi. Þá er farið fram á 60 m.kr. til að fjölga búsetuúrræðum í sambýlum og íbúðum og efla stoðþjónustu við fötluð börn á vegum svæðisskrifstofunnar.

702 ***Málefni fatlaðra, Reykjanesi.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi 1.959,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 120,7 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er farið fram á 50 m.kr. fjárveitingu sem annars vegar er ætlað að mæta þörf fyrir búsetu á sambýlum og í íbúðum og hins vegar til að mæta þörf fyrir stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn. Í öðru lagi er lagt til að 22,5 m.kr. verði varið til að tryggja heilsársrekstur nýrrar skammtímavistunar sem heimild fékkst fyrir frá miðju ári 2008. Í þriðja lagi eru millifærðar 46 m.kr. af lið *700 Málefni fatlaðra* vegna þjónustu skrifstofunnar við geðfatlaða.

703 ***Málefni fatlaðra, Vesturlandi.*** Rekstrargjöld liðarins hækka um 35,5 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Tvö tilefni skýra þessa hækkun: Annars vegar tillaga um 17,5 m.kr. til að fjölga búsetuúrræðum og til að efla stoðþjónustu við fötluð börn á vegum svæðisskrifstofunnar. Hins vegar er lagt til að millifærðar verði 17,5 m.kr. af *700 Málefni fatlaðra* vegna þjónustu svæðisskrifstofunnar við geðfatlaða.

704 ***Málefni fatlaðra, Vestfjörðum.*** Samkvæmt frumvarpinu hækka rekstrargjöld liðarins um 15,3 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist breytingin af millifærslu af lið *700 Málefni fatlaðra* vegna þjónustu svæðisskrifstofunnar við geðfatlaða.

705 ***Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra.*** Frumvarpið gerir ráð fyrir að rekstrargjöld liðarins aukist um 13,7 m.kr. umfram launa- og verðlagshækkanir. Farið er fram á 7 m.kr. til að efla stoðþjónustu við fötluð börn og kostnaðar vegna starfsmats. Þá er lagt til að millifærðar verði 6,7 m.kr. af lið *700 Málefni fatlaðra* í samræmi við samning ráðuneytisins og Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra.

706 ***Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra.*** Lagt er til að rekstrargjöld nemi 1.095,2 m.kr. á næsta ári sem er 77 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum 2008. Annars vegar er lagt til að varið verði 7,5 m.kr. til að fjölga búsetuúrræðum og efla stoðþjónustu við fötluð börn í samræmi við samning ráðuneytisins og Norðurþings um þjónustu við fatlaða. Hins vegar er lagt til að framlag samkvæmt samningi ráðuneytisins og Akureyrarkaupstaðar hækki um 68,9 m.kr. Þar af er samningsbundin hækkun 23,9 m.kr. og 45 m.kr. eru ætlaðar til að fjölga búsetuúrræðum og efla stoðþjónustu við fötluð börn.

707 ***Málefni fatlaðra, Austurlandi.*** Frumvarpið gerir ráð fyrir að rekstrargjöld liðarins aukist um 20 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er lagt til að millifærðar verði 15 m.kr. af lið *700 Málefni fatlaðra* vegna þjónustu svæðisskrifstofunnar við geðfatlaða. Í öðru lagi er tillaga um 7 m.kr. til að fjölga búsetuúrræðum og efla stoðþjónustu við fötluð börn. Loks er felld niður tímabundin 3 m.kr. fjárheimild.

708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi. Rekstrargjöld liðarins hækka um 30,3 m.kr. umfram launa- og verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi er lagt til að millifærðar verði 15,4 m.kr. af lið *700 Málefni fatlaðra* vegna þjónustu svæðisskrifstofunnar við geðfatlaða. Í öðru lagi verði 6 m.kr. varið til að fjölga búsetuúrræðum og efla stoðþjónustu við börn. Í þriðja lagi er farið fram á 8,1 m.kr. millifærslu af *700 Málefni fatlaðra* vegna þjónustu Vestmannaeyjabæjar við geðfatlaða og til endurnýjunar á búnaði á heimilum fatlaða.

711 Styrktarfélag vangefinna. Rekstrargjöld nema 732,8 m.kr. á næsta ári sem jafngildir 46,9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Er sú hækkun í samræmi við samning sem ráðuneytið gerði í byrjun árs 2008 við félagið um þjónustu við fatlaða.

720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld liðarins hækki um 5 m.kr. umfram launa- og verðlagshækkanir. Skýrist breytingin af 5 m.kr. tillögu vegna niðurfellingar á undanþágu á greiðslu fasteignagjalda. Í fjáraukalagafrumvarpi 2008 er gert ráð fyrir sams konar tillögu vegna áranna 2007 og 2008.

722 Sólheimar í Grímsnesi. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld liðarins hækki um 5 m.kr. um fram launa- og verðlagshækkanir. Skýrist breytingin af 5 m.kr. millifærslu af lið *700 Málefni fatlaðra* vegna þjónustu heimilisins við geðfatlaða.

Vinnumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 980 Vinnumálastofnun; 981 Vinnumál; 982 Ábyrgðasjóður launa; 983 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna; 984 Atvinnuleysistryggingasjóður; 985 Félagsmálaskóli alþýðu; 987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga og 989 Fæðingarorlof.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vinnumálastofnun	215,6	253,9	227,9	-10,2	5,7
Vinnumál	77,9	86,6	96,5	11,4	23,9
Ábyrgðasjóður launa	669,7	555,4	862,2	55,2	28,7
Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	3,9	137,6	166,3	20,9	4.164,1
Atvinnuleysistryggingasjóður	1.715,7	5.995,0	6.813,0	13,6	297,1
Félagsmálaskóli alþýðu	25,1	25,3	26,1	3,2	4,0
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	-20,3	0,0	0,0	-	-100,0
Fæðingarorlof	8.160,9	8.789,0	11.026,0	25,5	35,1
Samtals	**10.848,5**	**15.842,8**	**19.218,0**	**21,3**	**77,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 3.375,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Þar af eru launa- og verðlagsbreytingar 1.671,4 m.kr. og nemur hækkunin því 1.703,8 m.kr. að raungildi.

980 Vinnumálastofnun. Útgjöld liðarins lækka um 45 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum. Felld er niður tímabundin heimild að fjárhæð 45 m.kr. til að efla vinnumarkaðsúrræði á vegum stofnunarinnar. Fjárhæðin var hluti af fjármagni sem til mótvægisaðgerða vegna samdráttar í sjárvarútvegi. Farið er fram á 15 m.kr. til að efla starfsstöð Vinnumálstofnunar á Skagaströnd og er það í samræmi við aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Þá er hækkar rekstur stofnunarinnar um 10 m.kr. þar sem eftirlit með framkvæmd laga um fæðingarorlof flyst til stofnunarinnar frá skattayfirvöldum. Að öðru leyti skýrast breytingar af áformum um hagræðingu í rekstrarkostnaði og hækkun á hlutdeild Atvinnuleysistryggingasjóðs í rekstrarkostnaði stofnunarinnar. Innan liðarins eru millifærðar 24,5 m.kr. á *1.01 Vinnumálastofnun* af *1.11 Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit.*

982 Ábyrgðasjóður launa. Áætlað er að útgjöld sjóðsins á næsta ári nemi 862,2 m.kr. Gjöld sjóðsins á þessu ári eru 555,4 m.kr. Að frátöldum verðlagsbreytingum er hækkunin 267 m.kr. Gert er ráð fyrir að útgjöld sjóðsins aukist um 250 m.kr. og að vaxtagjöld sjóðsins af skuld við ríkissjóð hækki um 17 m.kr. og verði 77 m.kr. á árinu 2009.

983 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Gert er ráð fyrir að útgjöld liðarins aukist um 25 m.kr. umfram verðlagsbreytingar. Fjárheimild þessa liðar er varið til að tryggja foreldrum langveikra eða alvarlega fatlaðra barna fjárhagsaðstoð þegar þeir geta hvorki stundað vinnu né nám vegna sérstakrar umönnunar barna sinna.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður. Gert er ráð fyrir að útgjöld sjóðsins nemi um 8.513 m.kr. á næsta ári en á móti koma 1.700 m.kr. vaxtatekjur. Gjöld umfram tekjur nema því 6.813 m.kr. og hækka um 818 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Gert er ráð fyrir 863 m.kr. hækkun á greiðslum atvinnuleysisbóta vegna hækkunar á bótunum sem gerð var með hliðsjón af samkvæmt kjarasamningum sl. vor og 696 m.kr. útgjöldum vegna sambærilegrar hækkunar á bótunum á næsta ári.. Á móti vegur að á árinu 2009 er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði 2,7% eða lægra en í forsendum fjárlaga 2008 þar sem reiknað var með 2,9% atvinnuleysi. Einnig er reiknað með að fólki á vinnumarkaði fækki milli áranna 2008 og 2009. Með hliðsjón af þessum breytingum er gert ráð fyrir að útgjöld vegna atvinnuleysisbóta lækki um 457 m.kr. milli ára. Þá er felld niður tímabundin fjárheimild að fjárhæð 25 m.kr. til atvinnumála kvenna á viðfangsefni *1.41 Framlög og styrkir.* Framlagið var hluti af mótvægisaðgerðum sem miðuðu að því að draga úr neikvæðum áhrifum af samdrætti í þorskveiðum. Loks er gert ráð fyrir að vaxtatekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs af inneign hjá ríkissjóði vegna óráðstafaðra

tekna af atvinnutryggingagjaldi hækki um 300 m.kr. frá því sem þær eru í fjárlögum 2008 og að þær verði 1.700 m.kr. Af fjárhæðinni eru greiddar 30 m.kr. í fjármagnstekjuskatt. Innan liðarins er sú breyting gerð að tvö viðfangsefni *1.16 Hlutdeild í rekstri svæðisvinnumiðlana Vinnumálastofnunar* og *1.51 Rekstur úthlutunarnefnda* eru sameinuð viðfangsefni *1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar*. Alls gerir frumvarpið ráð fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóður greiði 338 m.kr. af rekstrarkostnaði Vinnumálastofnunar og er það hækkun um 10 m.kr. frá fyrra ári.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Atvinnuleysisbætur	2.191,0	6.285,0	7.340,0	16,8	235,0
Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar	68,7	71,0	357,0	402,8	419,7
Svæðisvinnumiðl. Vinnumálastofnunar rekstrarhl.	181,2	187,0	0,0	-100,0	-100,0
Styrkir til fiskvinnslustöðva	245,0	295,0	324,0	9,8	32,2
Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	70,2	112,0	112,0	0,0	59,5
Framlög og styrkir	146,6	175,0	150,0	-14,3	2,3
Starfsmenntasjóður	61,0	60,0	60,0	0,0	-1,6
Rekstur úthlutunarnefnda	69,3	70,0	0,0	-100,0	-100,0
Vaxtatekjur	-1.317,3	-1.260,0	-1.530,0	21,4	16,1
Samtals	**1.715,7**	**5.995,0**	**6.813,0**	**13,6**	**297,1**

987 ***Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga.*** Lagt er til að útgjaldaheimild sjóðsins lækki um 10 m.kr. vegna lægri vaxtatekna. Gert er ráð fyrir að útgjöld sjóðsins verði alfarið fjármögnuð af sértekjum.

989 ***Fæðingarorlof.*** Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að gjöld sjóðsins á næsta ári verði 11.026 m.kr. en eru í fjárlögum þessa árs áætluð 8.789 m.kr. Hækkunin milli ára nemur 2.237 m.kr. Í fyrsta lagi er farið fram á 310 m.kr. hækkun fjárheimildar í samræmi við breytingar sem gerðar voru á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, sbr. lög nr. 74/2008. Með þeim lögum var gerð breyting á viðmiðunartímabili launa sem lagt er til grundvallar greiðslum í fæðingarorlofi. Í stað þess að leggja til grundvallar tvö almanaksár fyrir fæðingarár barns er miðað við 12 mánaða samfellt tímabili sem lýkur sex mánuðum fyrir fæðingardag barns. Alls er gert ráð fyrir að þessi breyting auki útgjöld sjóðsins um 300 m.kr. Þá er reiknað með að útgjöld aukist um 10 m.kr. vegna ákvæðis er tryggir námsmönnum í fjarnámi rétt til fæðingarstyrks óháð búsetu þeirra. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 1.026 m.kr. aukningu greiðslna í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um þróun útgjalda það sem af er árinu 2008. Síðast liðin tvö ár hefur orðið umtalsverð fjölgun fæðinga. Þannig hafa undanfarna 12 mánuði fæðst hér á landi um 4.800 börn sem er fjölgun um 300 – 400 börn ef miðað er við árin 2003 – 2005. Í forsendum útgjalda sjóðsins hefur ekki verið gert ráð fyrir slíkri fjölgun fæðinga. Samanburður milli fyrstu sex mánaða ársins 2007 og 2008 sýnir að foreldrum sem taka fæðingar-

orlof hefur fjölgað um rúm 7%. Í frumvarpi til fjáraukalaga 2008 er farið fram á 700 m.kr. viðbótarfjárheimild til Fæðingarorlofssjóðs af þessum sökum. Loks er gert ráð fyrir að greiðslur úr sjóðnum aukist um 900 m.kr. vegna áhrifa af launabreytingum milli ára þar sem bætur í fæðingarorlofi eru hlutfall af tekjum einstaklinga.

Almannatryggingar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 821 Tryggingastofnun ríkisins; 825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð; 827 Lífeyristryggingar og 831 Eftirlaunasjóður aldraðra.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Tryggingastofnun ríkisins	1.194,6	853,2	1.002,0	17,4	-16,1
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	6.861,0	8.065,0	9.689,0	20,1	41,2
Lífeyristryggingar	38.438,1	45.030,0	53.854,0	19,6	40,1
Eftirlaunasjóður aldraðra	86,7	72,3	57,3	-20,7	-33,9
Samtals	**46.580,4**	**54.020,5**	**64.602,3**	**19,6**	**38,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins verður samkvæmt frumvarpinu 64.602,3 m.kr. og hækkar um 10.581,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar sem eru 5.687,5 m.kr. nemur hækkunin 4.894,3 m.kr.

*821 **Tryggingastofnun ríkisins.*** Gert er ráð fyrir að heildargjöld aukist um 27 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Framlög til rekstrar hækka um 44 m.kr. en framlög til stofnkostnaðar lækka um 17 m.kr. Hækkun á framlögum til rekstrar skýrist af tveimur tilefnum: Annars vegar er farið fram á 24 m.kr. til að fylgja eftir aðgerðum sem miða að því að draga úr of- og vangreiðslum almannatrygginga. Í fjárlögum 2008 var gert ráð fyrir 35 m.kr. í þessu skyni. Alls verður því varið til þessa verkefni 59 m.kr. Hins vegar er lagt til að veitt verði 20 m.kr. tímabundið framlag til verkefnis er miðar að því að bæta þjónustuvef og aðgang almennings að þjónustu stofnunarinnar. Verkefni þetta tengist framkvæmd stefnu um Íslenska upplýsingasamfélagið 2008-2012. Lækkun stofnkostnaðar um 17 m.kr. skýrist með því að felld er niður tímabundin heimild sem veitt var til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins.

*825 **Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.*** Útgjöld bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eru áætluð 9.689 m.kr. á næsta ári og hækka um 1.624 m.kr. frá fjárlögum 2008. Í fyrsta lagi er lögð til 174 m.kr. hækkun í samræmi við breytingar sem gerðar voru á ákvæðum laga um almannatryggingar í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að bæta hag elli- og örorkulífeyrisþega. Sjá nánar í

skýringum á lið *827 Lífeyristryggingar.* Í öðru lagi er lögð til hækkun að fjárhæð 95,1 m.kr. vegna fjölgunar bótaþega. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 506 m.kr. hækkun bóta samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar í kjölfar kjarasamninga í febrúar 2008. Loks er áætlað að útgjöldin aukist um 849 m.kr. á næsta ári vegna hækkunar á bótunum í byrjun ársins. Í samræmi við ákvæði laga um almannatryggingar er gert ráð fyrir að bæturnar hækki um 9,6% um næstu áramót með hliðsjón af þróun neysluverðs sem spáð er að verði umfram launaþróun á viðmiðunartímabilinu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Mæðra- og feðralaun	303,3	319,0	367,0	15,0	21,0
Umönnunargreiðslur	1.155,4	1.193,0	1.373,0	15,1	18,8
Makabætur og umönnunarbætur	143,0	150,0	173,0	15,3	21,0
Dánarbætur	49,9	50,0	58,0	16,0	16,2
Endurhæfingarlífeyrir	1.092,0	1.564,0	1.869,0	19,5	71,2
Barnalífeyrir vegna menntunar	92,0	95,0	110,0	15,8	19,6
Heimilisuppbót	2.478,8	2.890,0	3.663,0	26,7	47,8
Frekari uppbætur	1.428,7	1.522,0	1.752,0	15,1	22,6
Uppbætur vegna bifreiðakaupa	117,9	282,0	324,0	14,9	174,8
Samtals	**6.861,0**	**8.065,0**	**9.689,0**	**20,1**	**41,2**

827 Lífeyristryggingar. Bætur lífeyristrygginga eru áætlaðar 53.854 m.kr. á næsta ári og hækka um 8.824 m.kr. frá fjárlögum 2008. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 1.092 m.kr. hækkun fjárheimildar með vísan til breytinga sem gerðar voru á ákvæðum laga um almannatryggingar og miðuðu að því að bæta hag elli og örorkulífeyrisþega. Með breytingum eru meðal annars tengingar við tekjur maka afnumdar, frítekjumark vegna atvinnutekna hækkað í 100 þús. kr. á mánuði, örorkulífeyrisþegar fá frítekjumark vegna lífeyrissjóðstekna, fjármagnstekjur lífeyrisþega verða með 90 þús. kr. frítekjumarki á ári og þá verða skerðingar vegna séreignarlífeyrissparnaðar afnumdar. Þá hafa tekjutengingar vegna atvinnutekna 70 ára og eldri verið afnumdar, tekjutenging á ellilífeyrir lækkaður úr 30% í 25% og vasapeningar til þeirra sem dvelja á stofnunum verið hækkaðir. Í öðru lagi er reiknað með að útgjöld aukist um 578 m.kr. sökum fjölgunar bótaþega. Í þriðja lagi er farið fram á 2.064 m.kr. hækkun fjárheimildar í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hækkun bóta í kjölfar kjarasamninga í febrúar 2008. Í fjórða lagi er farið fram á 217 m.kr. fjárheimild til að greiða sérstaka viðbót til elli- og örorkulífeyrisþega. Þessum greiðslum sem sýndar eru á viðföngum *827-126 Sérstök viðbót ellilífeyrisþega* og *827-127 Sérstök viðbót örorkulífeyrisþega* er ætlað að tryggja sérstaka viðbót til þeirra sem fá greidda heimilisuppbót og hafa heildartekjur undir 150.000 kr. á mánuði að meðtöldum bótum almannatrygginga og bótum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Hjón og aðrir einstaklingar, sem ekki

fá greidda heimilisuppbót, eiga rétt á þessari viðbót ef heildartekjur þeirra hvors um sig er lægri fjárhæð en 128.000 kr. á mánuði. Í fimmta lagi er lagt til að liðurinn hækki um 156 m.kr. til að mæta gjaldfærslu á afskrifuðum kröfum vegna ofgreiðslu á lífeyri. Loks er áætlað að útgjöldin aukist um 4.717 m.kr. á næsta ári vegna hækkunar á bótunum í byrjun ársins. Í samræmi við ákvæði laga um almannatryggingar er gert ráð fyrir að bæturnar hækki um 9,6% um næstu áramót með hliðsjón af þróun neysluverðs þar sem spáð er að verði umfram launaþróun á viðmiðunartímabilinu.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ellilífeyrir	7.829,6	8.358,0	9.703,0	16,1	23,9
Örorkulífeyrir	5.474,6	5.999,0	6.934,0	15,6	26,7
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	13.366,9	16.492,0	19.498,0	18,2	45,9
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	8.258,4	10.972,0	13.598,0	23,9	64,7
Sérstök viðbót ellilífeyrisþega	0,0	0,0	42,0	-	-
Sérstök viðbót örorkulífeyrisþega	0,0	0,0	196,0	-	-
Vasapeningar ellilífeyrisþega	360,0	412,0	492,0	19,4	36,7
Vasapeningar örorkulífeyrisþega	65,6	78,0	90,0	15,4	37,2
Örorkustyrkur	131,5	137,0	157,0	14,6	19,4
Barnalífeyrir	2.186,3	2.310,0	2.658,0	15,1	21,6
Annað	765,2	272,0	486,0	78,7	-36,5
Samtals	**38.438,1**	**45.030,0**	**53.854,0**	**19,6**	**40,1**

831 Eftirlaunasjóður aldraða. Áætlað er hlutur ríkissjóðs í eftirlaunum aldraða verði 57,3 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 15 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Sjóðurinn greiðir lífeyri til þeirra sem fæddir eru árið 1915 eða fyrr og njóta lítilla sem engra réttinda úr lífeyrissjóðum en bótaþegum fer fækkandi.

Málefni aldraða

Við breytingar á lögum nr. 125/1999 um málefni aldraða sem tóku gildi 1. janúar 2008 fluttist yfirstjórn öldrunarmála til félags- og tryggingamálaráðuneytis. Ráðuneytið hefur á árinu 2008 unnið ítarlega greiningu á þörfum fyrir hjúkrunarrýmum í samráði við sveitarfélög með það að markmiði að forgangsraða uppbyggingu hjúkrunarrýma og fækkun fjölbýla um land allt. Ríkisstjórnin kynnti í ágústmánuði áætlun fram til ársins 2012 þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu 400 nýrra hjúkrunarrýma og fækkun fjölbýla. Í áætluninni felst það nýmæli að verulegur hluti uppbyggingarinnar verður fjármagnaður af leigugreiðslum í stað stofnkostnaðarframlaga á fjárlögum. Við 2. umræðu fjárlaga 2008 voru eftirtaldir liðir fluttir milli félags- og tryggingamálaráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins: *505 Öldrunarstofnanir, almennt* og *515 Framkvæmdasjóður aldraða*. Skipting og útfærsla fjárheimilda til rekstrar öldrunarþjónustu milli ráðuneytanna er að öðru leyti ekki lokið og er fyrirhugað að tillögur um það komi fram við 2. umræðu frumvarpsins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Öldrunarstofnanir, almennt	104,4	962,3	762,3	-20,8	630,2
Framkvæmdasjóður aldraðra	1.008,6	1.276,4	1.368,1	7,2	35,6
Samtals	**1.113,0**	**2.238,7**	**2.130,4**	**-4,8**	**91,4**

505 Öldrunarstofnanir, almennt. Framlag til liðarins lækkar um 200 m.kr. frá fjárlögum þessa árs og skýrist sú breyting með niðurfellingu á tímabundnum fjárheimildum. Framlög á þessum lið eru í samræmi við þá áætlun sem ríkisstjórnin hefur kynnt um uppbyggingu 400 nýrra hjúkrunarrýma.

515 Framkvæmdasjóður aldraðra. Gjöld sjóðsins samkvæmt frumvarpinu eru áætluð 1.368 m.kr. eru 1.276,4 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Sjóðurinn fær tekjur af sérstöku gjaldi, sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru og kemur það til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga hvert ár. Frumvarpið gerir ráð fyrir að gjaldið hækki úr 7.104 kr. í 7.534 kr. og er það í samræmi við hækkun byggingarvísitölu frá desember 2006 til desember 2007. Gert er ráð fyrir að gjaldendum fjölgi um 1%.

Önnur mál

Til þessa málaflokks telst fjárlagaliðurinn 999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Félagsmál, ýmis starfsemi	877,7	1.016,4	1.139,3	12,1	29,8
Samtals	**877,7**	**1.016,4**	**1.139,3**	**12,1**	**29,8**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar að raungildi um 44,6 m.kr. frá gildandi Launa- og verðlagsbreytingar eru 78,3 m.kr.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist um 44,6 á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Skýrist það af fjórum tilefnum. Í fyrsta lagi er lögð til 34,1 m.kr. hækkun á viðfangsefni *1.45 Þjónusta við blinda og sjónskerta.* Ríkisstjórnin samþykkti í nóvember 2007 að koma á fót nýrri þjónustumiðstöð fyrir blinda og sjónskerta sem heyrði undir félags- og tryggingamálaráðuneytið. Áformað er að starfsemi Sjónstöðvar Íslands og önnur verkefni er varða þjónustu við blinda og sjónskerta færist til þessarar nýju þjónustumiðstöðvar. Í öðru lagi er lagt til að viðfangsefni *999-149 Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna* hækki um 25 m.kr. til aðgerða í samræmi við þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda

sem samþykkt var á Alþingi í maí 2008. Í þriðja lagi er lagt til að af liðnum flytjist 6,5 m.kr. á lið *313 Jafnréttisstofa*, en Jafnréttisstofa hefur tekið að sér að annast umsýslu og ábyrgð á framkvæmd verkefnisins „Karlar til ábyrgðar". Í fjórða lagi fellur niður tímabundin heimild að fjárhæð 5 m.kr. á viðfangsefni *1.47 Félagsþjónusta við nýbúa*. Þá skýra áform um hagræðingu í útgjöldum um 3 m.kr. lækkun liðarins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir áformuð framlög af óskiptri fjárheimild á viðfangsefninu *1.98 Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis*.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Nýjungar í meðferðarstarfi fyrir börn og unglinga	10,0	11,1
Rannsóknir í vinnu- og jafnréttismálum	6,0	6,7
Sjónarhóll	15,5	17,4
Verkefnið; Karlar til ábyrgðar	6,5	
Samtökin 78	1,5	
Styrkur til verðandi kjörforeldra ættleiddra barna erlendis frá	20,0	22,5
Óráðstafað	10,7	13,7
Samtals	**70,2**	**71,4**

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.4 hér fyrir framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
07-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
07-700-1.50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	Ófyrirséð útgjöld vegna veikinda og forfalla hjá stofnunum fatlaðra.
07-700-1.90	Ýmis verkefni	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld stofnana fatlaðra.

08 Heilbrigðisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun heilbrigðisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	76.147,1	79.277,0	91.926,0	16	21
Neyslu- og rekstrartilfærslur	19.091,0	20.270,6	25.306,8	25	33
Stofnkostnaður og viðhald	2.339,2	2.276,8	2.138,6	-6	-9
Samtals	**97.577,3**	**101.824,4**	**119.371,4**	**17**	**22**
Greitt úr ríkissjóði	-	101.345,0	118.911,0	17	-
Innheimt af ríkistekjum	-	479,4	460,4	-4	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**101.824,4**	**119.371,4**	**17**	-

Heildargjöld heilbrigðisráðuneytis árið 2009 eru áætluð um 124.572 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 5.201 m.kr. en þær nema 4,2% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 119.371 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 118.911 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 460 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 91.926 m.kr. og hækka um 12.649 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana sem nema 10.073 m.kr. munar mest um 524 m.kr. til sjúkrahúsa og sérstæðrar sjúkrahúsþjónustu, en þar vegur þyngst 400 m.kr. til Landspítala til að styrkja rekstur hans. Þá hækka framlög til heilbrigðisstofnana um 478 m.kr. til að mæta leigugjöldum til Fasteigna ríkissjóðs í samræmi við samkomulag sem heilbrigðisráðuneytið og fjármálaráðuneytið hafa gert um tilfærslu fasteigna heilbrigðisstofnana úr umsjón ráðuneytisins til Fasteigna ríkissjóðs á árunum 2008 til 2010. Þá hækkar framlag um 240 m.kr. til að mæta veikleika í rekstri heilbrigðisstofnana. Til að styðja aldraða einstaklinga til sjálfstæðrar búsetu hækkar framlag til heimahjúkrunar um 400 m.kr. Að síðustu er gert ráð fyrir að framlag til reksturs öldrunarstofnana aukist um 733 m.kr.


Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 5.036 m.kr. og verða 25.307 m.kr. að undanskildum launa- og verðlagshækkunum sem eru 2.903 m.kr. Þyngst vegur 1.025 m.kr. hækkun á framlagi til lækniskostnaðar. Þá hækkar framlag til að mæta auknum lyfjaútgjöldum um 577 m.kr. og til að mæta vaxandi eftirspurn eftir hjálpartækjum um 392 m.kr.

Heildarfjárveiting til viðhalds- og stofnkostnaðar er áætluð um 2.139 m.kr. og lækkar um 138 m.kr. frá fjárlögum þessa árs, þar af skýrir lækkun á viðhaldsliðum heilsugæslu-

stöðva og heilbrigðistofnana 105 m.kr. vegna flutnings á umsjón með fasteignum í eigu ríkisins frá heilbrigðisráðuneyti yfir til Fasteigna ríkissjóðs. Þá er fellt niður tímabundið 20 m.kr. framlag í fjárlögum 2008 sem flýta átti byggingu hjúkrunardeildar og sjúkraþjálfunaraðstöðu á Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2009 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Heilbrigðisráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við sveitarfélög, sjálfseignastofnanir og ýmis sjálfstætt starfandi félög og samtök um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 7.808 m.kr. á yfirstandandi ári. Það svarar til 9% af heildarrekstrargjöldum ráðuneytisins. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2008, eru á áætluðu verðlagi ársins 2009 og miðast við hámarksskuldbindingu, en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í tilteknum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 8,9% af heildarrekstrargjöldum ráðuneytisins á árinu 2009.

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem heilbrigðisráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru allir merktir með bókstafnum A í töflunni og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 7.808 m.kr. á yfirstandandi ári. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 8.850 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2008	2009	2010	2011	2012
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	A	155,8	179,6	179,6	179,6	179,6
Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða	A	39,4	49,3	49,3	49,3	49,3
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	A	602,2	679,7	679,7	679,7	679,7
Leitarstöð Krabbameinsfélags Ísl., forvarnir	A	310,0	335,2	335,2	335,2	335,2
Hjartavernd, hóprannsóknir	A	59,8	66,2	66,2	66,2	66,2
Víðines, Reykjavík	A	233,8	267,5	267,5	267,5	267,5
Akureyrarbær, rekstur hjúkrunarþjónustu	A	1.270,0	1.451,5	1.451,5	1.451,5	1.451,5
Sveitarf. Hornafjörður, rekstur hjúkrunarþj.	A	213,2	243,6	243,6	243,6	243,6
Vífilsstaðir, Garðabæ	A	324,8	371,4	371,4	371,4	371,4
Öldungur hf., rekstur hjúkrunarþjónustu	A	894,5	1.008,5	1.008,5	1.008,5	1.008,5
Sjúkrahótel	A	81,9	92,3	92,3	92,3	92,3
Reykjalundur	A	1.236,9	1.384,4	1.384,4	1.384,4	1.384,4
Hlein	A	98,8	112,0	112,0	112,0	112,0
Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði, endurhæfing	A	500,4	566,6	566,6	566,6	566,6
Læknavaktin ehf., vaktþjónusta	A	246,4	280,5	280,5	280,5	280,5
Sjúkraflutningar á Akureyri	A	56,0	70,0	70,0	70,0	70,0
Sjúkraflutningar á Suðurnesjum	A	50,9	70,0	70,0	70,0	70,0
Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu	A	383,0	390,6	390,6	390,6	390,6
RKÍ, öflun bifreiða/búnaðar til sjúkraflutn.	A	115,7	132,9	132,9	132,9	132,9
Mýflug - sjúkraflug á Norðursvæði	A	97,6	102,9	102,9	102,9	102,9
Flugfélag Vestmannaeyja - sjúkrafl. til Vestm.	A	29,6	31,2	31,2	31,2	31,2
Akureyrarbær, rekstur heilsugæslu	A	438,2	502,9	502,9	502,9	502,9
Heilsugæslustöðin í Salahverfi Kópavogi	A	197,4	258,7	258,7	258,7	258,7
Heilbrigðisst. Suð-Austurl., rekstur heilbrþj.	A	171,3	201,4	201,4	201,4	201,4
Samtals		**7.807,6**	**8.848,9**	**8.848,9**	**8.848,9**	**8.848,9**

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa; 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa	513,4	491,0	564,9	15,1	10,0
Ráðstöfunarfé	0,0	8,0	8,0	0,0	0,0
Samtals	**513,4**	**499,0**	**572,9**	**14,8**	**11,6**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 27,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

*101 **Heilbrigðisráðuneytið, aðalskrifstofa.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi 564,9 m.kr. og aukist um 27,5 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Skýrist sú hækkun af tillögu um 20 m.kr. framlag til að efla starf aðalskrifstofu og að auki gengur til baka 7,5 m.kr. hagræðingarkrafa í fjárlögum yfirstandandi árs.

Tryggingamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Sjúkratryggingastofnun; 206 Sjúkratryggingar; 208 Slysatryggingar og 209 Sjúklingatrygging.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjúkratryggingastofnun	0,0	374,9	514,8	37,3	0,0
Sjúkratryggingar	17.694,4	18.561,0	23.641,0	27,4	33,6
Slysatryggingar	545,2	638,9	577,9	-9,5	6,0
Sjúklingatrygging	79,3	190,1	120,1	-36,8	51,5
Samtals	**18.318,9**	**19.764,9**	**24.853,8**	**25,7**	**35,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 2.231,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar er að finna í stærstu útgjaldaliðum sjúkratrygginga. Framlag til lækniskostnaðar hækkar um 1.025,1 m.kr., til lyfja um 577,1 m.kr. og framlag til hjálpartækja er aukið um 391,7 m.kr.

*202 **Sjúkratryggingastofnun.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld hækki um 112,5 m.kr. að raungildi frá gildandi fjárlögum. Fyrir er 374,9 m.kr. fjárveiting sem byggir á uppskiptingu á rekstrargjöldum Tryggingastofnunar ríkisins frá í október 2007 í samræmi við hugmyndir sem þá lágu fyrir um flutning verkefna frá heilbrigðisráðuneyti yfir til félags- og tryggingamálaráðuneytis. Raunhækkun rekstrargjalda er einkum ætluð til að styrkja hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu, með því að setja á fót nýja sjúkratryggingarstofnun. Það er í samræmi við megintilgang laga um sjúkratryggingar sem samþykkt voru á Alþingi 10. september sl.

*206 **Sjúkratryggingar.*** Heildarútgjöld sjúkratrygginga eru áætluð 23.641 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 2.250,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er lögð til samtals 1.025,1 m.kr. hækkun framlags til lækniskostnaðar. Skýrist það af nokkrum tilefnum. Gerð er tillaga um 482,6 m.kr. hækkun til að mæta kostnaði við samninga sem gerðir voru við sérgreinalækna á árinu 2008, þar af eru 70 m.kr. vegna samnings við hjartalækna; 178,5 m.kr. eru fluttar frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins vegna samnings við sjálfstætt starfandi heimilislækna; til að mæta auknum endurgreiðslum til sjúklinga vegna sjúkrakostnaðar í kjölfar útgáfu Tryggingastofnunar ríkisins á rafrænum afsláttarkortum eru ætlaðar 107 m.kr.; þá eru

lagðar til 102 m.kr. til að mæta aukinni þjónustu í samræmi við langtímaáætlun vegna fjölgunar þjóðarinnar og vegna nýjunga í læknavísindum; lagt er til að 100 m.kr. verði varið til að vinna á biðlistum aldraðra eftir augnsteinaaðgerðum og til að svæfa börn hjá tannlæknum; þá er 40 m.kr. framlag til að stytta biðtíma eftir bæklunaraðgerðum á sjúkrahúsum eða hjá sjálfstætt starfandi bæklunarlæknum. Að síðustu er gerð tillaga um 15 m.kr. hækkun á framlagi lækniskostnaðar til kaupa á samningsbundinni þjónustu af sjálfstætt starfandi sérfræðingum á sviði geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni, en það er til viðbótar 20 m.kr. frá fyrra ári. Í öðru lagi er gerð tillaga um 577,1 m.kr. hækkun framlags til að mæta lyfjaútgjöldum, en það jafngildir 7% aukningu frá gildandi fjárlögum. Í þriðja lagi er lagt til að framlag til hjálpartækja hækki um 391,7 m.kr. Í fjórða lagi er gerð tillaga um samtals 194,3 m.kr. hækkun á framlagi til þjálfunar, þar af eru 44,3 m.kr. í samræmi við forsendur langtímaáætlunar og 150 m.kr. til að fylgja eftir tillögum örorkumatsnefndar um stóraukna endurhæfingu og nýtt matskerfi örorku og starfsgetu. Í fimmta lagi er í samræmi við forsendur langtímaáætlunar gerð tillaga um 2,4% aukningu á framlagi til eftirfarandi útgjaldaliða: til tannlækninga verður aukningin 33,9 m.kr., til heimahjúkrunar hækkar framlag um 2,3 m.kr. og viðfangsefnið *1.91 Annað* hækkar um 3,3 m.kr. en það felur m.a. í sér kostnað við fæðingar í heimahúsum. Á aðra liði sjúkratrygginga er lögð til 1% hækkun framlags samkvæmt forsendum langtímaáætlunar eða samtals 22,6 m.kr., það er til brýnnar meðferðar erlendis, á sjúkrakostnað vegna veikinda og slysa erlendis, á sjúkraflutninga og ferðir innanlands og sjúkradagpeninga.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Lækniskostnaður	4.125,1	4.235,0	5.485,0	29,5	33,0
Lyf	7.054,6	7.266,0	9.735,0	34,0	38,0
Hjálpartæki	2.005,8	2.145,0	2.754,0	28,4	37,3
Hjúkrun í heimahúsum	110,2	114,0	123,0	7,9	11,6
Þjálfun	1.561,4	1.853,0	2.164,0	16,8	38,6
Tannlækningar	1.273,6	1.424,0	1.541,0	8,2	21,0
Sjúkraflutningar og ferðir innan lands	273,4	290,0	310,0	6,9	13,4
Brýn meðferð erlendis	807,0	747,0	955,0	27,8	18,3
Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	91,1	123,0	168,0	36,6	84,4
Sjúkradagpeningar	190,1	211,0	243,0	15,2	27,8
Annað	202,1	153,0	163,0	6,5	-19,3
Samtals	**17.694,4**	**18.561,0**	**23.641,0**	**27,4**	**33,6**

208 Slysatryggingar. Gert er ráð fyrir að útgjöld slysatrygginga verði 577,9 m.kr. á næsta ári, en það jafngildir 61 m.kr. lækkun frá fjárlögum þessa árs. Á viðfangsefni *1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna* er lögð til 75 m.kr. lækkun útgjalda þar sem útgerðarmenn beina viðskiptum sínum í auknum mæli til sjálfstætt starfandi tryggingafélaga. Á

móti þeirri lækkun hækkar framlag á viðfangsefni *1.15 Bætur til framfærslu* um 14 m.kr. en það er í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um 4% hækkun bóta frá 1. janúar 2008 í kjölfar kjarasamninga.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar	142,9	137,9	137,9	0,0	-3,5
Bætur til framfærslu	273,4	310,0	324,0	4,5	18,5
Kaup og aflahlutur sjómanna	56,6	125,0	50,0	-60,0	-11,7
Stjórnunarkostnaður	72,3	66,0	66,0	0,0	-8,7
Samtals	**545,2**	**638,9**	**577,9**	**-9,5**	**6,0**

209 Sjúklingatrygging. Útgjöld sjúklingatryggingar eru áætluð 120,1 m.kr. á næsta ári, en það jafngildir um 70 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Útgjöldin voru 11,6 m.kr. árið 2003 og 79,3 m.kr. 2007. Reiknað er með að útgjöldin verði um 120 m.kr. á árunum 2008 og 2009.

Sjúkrahús og sérstæð sjúkrahúsþjónusta

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 358 Sjúkrahúsið á Akureyri; 373 Landspítali; 376 Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans; 379 Sjúkrahús óskipt; 383 Sjúkrahótel; 384 Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn; 386 Vistun ósakhæfra afbrotamanna og 388 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sjúkrahúsið á Akureyri	3.974,4	3.941,0	4.438,0	12,6	11,7
Landspítali	33.095,6	33.209,5	37.811,0	13,9	14,2
Bygging hátæknisjúkrahúss á lóð Landspítalans	284,7	800,0	800,0	0,0	181,0
Sjúkrahús, óskipt	33,9	228,9	253,9	10,9	649,0
Sjúkrahótel	78,4	81,9	92,3	12,7	17,7
Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn	112,3	111,2	126,7	13,9	12,8
Vistun ósakhæfra afbrotamanna	200,6	193,4	219,7	13,6	9,5
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	657,2	602,2	679,7	12,9	3,4
Samtals	**38.437,1**	**39.168,1**	**44.421,3**	**13,4**	**15,6**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 44.421,3 m.kr. og hækkar um 523,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helsta breytingin er að gert er ráð fyrir 400 m.kr. framlagi til að styrkja rekstur Landspítala.

*358 **Sjúkrahúsið á Akureyri.*** Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrargjöld sjúkrahússins 4.438 m.kr. og aukast um 15 m.kr. að raungildi sem ætlað er til reksturs líknardeildar. Þá er í frumvarpinu lögð til breytt ráðstöfun framkvæmdafjár sem felur í sér að framlag til nýbyggingar lækkar um 33 m.kr. þar sem framkvæmdum við Suðurálmu er nú lokið, en lögð er til samsvarandi hækkun á framlagi til viðhalds sjúkrahússins. Jafnframt er gert ráð fyrir að 10 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var til fjögurra ára í fjárlögum 2005 og ganga átti upp í kaup eða rekstrarleigu á segulómtæki sé áfram til ráðstöfunar á tækja- og búnaðarlið sjúkrahússins.

*373 **Landspítali.*** Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrargjöld spítalans 37.811 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 483,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Farið er fram á 400 m.kr. framlag til styrktar núverandi starfsemi Landspítalans. Enn fremur er lagt til samtals 30 m.kr. framlag til að efla geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni í samræmi við aðgerðaráætlun heilbrigðisráðherra, þar af eru 24 m.kr. til að stytta bið eftir meðferð á barna- og unglingageðdeild, og 6 m.kr. til að efla ráðgjafahlutverk deildarinnar. Með tillögunni nú er verið að tvöfalda fjárframlag er miðar að því að stytta bið eftir þjónustu barna- og unglingageðdeildar jafnframt því að tryggja fullt starf fræðslustjóra á BUGL til þess m.a. að styrkja ráðgjafahlutverk deildarinnar á landsbyggðinni. Í fjáraukalögum 2007 og í fjárlögum 2008 var samsvarandi fjárveiting til barna- og unglingageðdeildar. Þá er lagt til að flytja 25 m.kr. framlag frá Landspítala yfir til félags- og tryggingamálaráðuneytis með vísan til samkomulags frá í febrúar 2007 um flutning verkefna á sviði þjónustu við geðfatlað fólk. Gerð er tillaga um 17 m.kr. framlag til sérstakrar öndunarvélameðferðar. Á árinu 2007 var tekin ákvörðun um að hefja langtíma öndunarvélameðferð á spítalanum, en kostnaður við slíka meðferð er áætlaður um 23 m.kr. á ári til viðbótar við 6 m.kr. eldra framlag. Þá er gerð tillaga um 15 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við aðgerðir gegn hjartsláttaróreglu, en fyrir er 4 m.kr. fjárveiting í fjárlögum þessa árs til slíkra aðgerða. Lögð er til 14 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs dag- og göngudeilda fyrir átröskunarsjúklinga. Framlagið er til viðbótar 16 m.kr. sem veitt hefur verið árlega til verkefnisins frá árinu 2005. Þá er óskað er eftir 14 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta hluta kostnaðar Landspítala af samningi við háskólasjúkrahús í Boston, um framhaldsmenntun í bráðahjúkrun og bráðalækningum. Að síðustu er gerð tillaga um 10 m.kr. hækkun framlags til að mæta kostnaði vegna breytinga á lögum og reglugerðum til innleiðingar EES-reglna um blóðbankaþjónustu.

*379 **Sjúkrahús, óskipt.*** Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld liðarins nemi 253,9 m.kr. á næsta ári. Það jafngildir 25 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs og er ætlað til að mæta kostnaði við samninga á sviði endurhæfingar við sjálfstætt starfandi rekstraraðila innan heilbrigðisþjónustunnar.

Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Öldrunarstofnanir, almennt; 460 Dvalarrými aldraðra, önnur; 477 Dagvistun aldraðra, aðrar svo og fjárlagaliðir einstakra dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarrýma og endurhæfingarstofnana.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Öldrunarstofnanir	15.402,0	16.915,3	20.051,7	18,5	30,2
Endurhæfingarstofnanir	2.355,2	2.371,2	2.666,9	12,5	13,2
Samtals	**17.757,2**	**19.286,5**	**22.718,6**	**17,8**	**27,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 718 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

Við breytingar á lögum nr. 125/1999 um málefni aldraðra sem tóku gildi 1. janúar 2008 fluttist yfirstjórn öldrunarmála frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytis. Skiptingu og útfærslu fjárheimilda til rekstrar öldrunarþjónustu milli ráðuneytanna er ekki lokið og er fyrirhugað að tillögur um það komi fram við 2. umræðu frumvarpsins.

401 Öldrunarstofnanir, almennt. Gert er ráð fyrir að útgjöld liðarins aukist um 733 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Skýrist það af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 480 m.kr. framlagi til reksturs nýrra hjúkrunarrýma samkvæmt samkomulagi við samtök aldraðra frá 2006. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 253 m.kr. framlagi sem ætlað m.a. fyrir ný og aukin verkefni og til að koma til móts við fjárþörf öldrunarstofnana.

474 *Dagvist og endurhæfingarmiðstöð MS sjúklinga.* Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 88 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 14 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin stafar af niðurfellingu á tímabundnu framlagi í fjárlögum 2008 til að byggja við húsnæði heimilisins.

Heildarframlög til dvalar- og hjúkrunarrýma ásamt dagvist eru 16.515 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgjöld ársins 2009 verði 20.052 m.kr. sem jafngildir 718 m.kr. raunaukningu milli ára.

Sundurliðun fjárveitinga á öldrunarheimili landsins sem falla undir fjárlagaliði 401 - 477 er sýnd í töflunni hér á eftir.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Öldrunarstofnanir, almennt	251,5	942,0	1.825,6	93,8	625,9
Hrafnista, Reykjavík	1.607,2	1.841,3	2.104,8	14,3	31,0
Hrafnista, Hafnarfirði	1.163,2	1.237,7	1.414,9	14,3	21,6
Grund, Reykjavík	1.249,9	1.303,5	1.490,4	14,3	19,2
Sunnuhlíð, Kópavogi	499,3	497,0	568,2	14,3	13,8
Hjúkrunarheimilið Skjól	711,6	702,4	803,3	14,4	12,9
Hjúkrunarheimilið Eir	1.178,8	1.176,5	1.345,3	14,3	14,1
Garðvangur, Garði	257,1	253,3	289,6	14,3	12,6
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	559,0	556,3	635,9	14,3	13,8
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	571,0	541,3	619,1	14,4	8,4
Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	197,4	211,3	241,5	14,3	22,3
Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	126,7	139,1	158,9	14,2	25,4
Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	148,4	166,8	190,6	14,3	28,4
Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	81,1	95,5	109,1	14,2	34,5
Seljahlíð, Reykjavík	175,9	180,9	207,0	14,4	17,7
Víðines	235,9	233,8	267,5	14,4	13,4
Höfði, Akranesi	380,0	397,7	454,4	14,3	19,6
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	206,0	223,4	255,2	14,2	23,9
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	86,3	86,8	99,2	14,3	14,9
Fellaskjól, Grundarfirði	64,8	78,6	89,9	14,4	38,7
Jaðar, Ólafsvík	63,0	71,8	82,1	14,3	30,3
Fellsendi, Búðardal	110,1	168,1	192,2	14,3	74,6
Barmahlíð, Reykhólum	84,4	89,1	102,0	14,5	20,9
Dalbær, Dalvík	219,0	210,5	240,6	14,3	9,9
Samn. við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	1.159,9	1.270,0	1.451,5	14,3	25,1
Uppsalir, Fáskrúðsfirði	120,4	116,9	133,7	14,4	11,0
Samn. við Sveitarf. Hornafj. um öldrunarþjón.	211,3	213,2	243,6	14,3	15,3
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	100,6	121,6	139,0	14,3	38,2
Hjallatún, Vík	85,2	85,0	97,2	14,4	14,1
Kumbaravogur, Stokkseyri	259,7	291,4	333,2	14,3	28,3
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	502,2	579,6	661,5	14,1	31,7
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	226,6	235,2	268,7	14,2	18,6
Holtsbúð, Garðabæ	248,4	272,1	311,1	14,3	25,2
Vífilsstaðir, Garðabæ	338,9	324,8	371,4	14,3	9,6
Sóltún, Reykjavík	909,8	894,5	1.008,5	12,7	10,8
Dvalarrými aldraðra, önnur	485,7	553,5	631,4	14,1	30,0
Vesturhlíð, Reykjavík	6,8	13,0	14,9	14,6	119,1
Hlíðabær, Reykjavík	45,7	42,5	48,5	14,1	6,1
Lindargata, Reykjavík	40,4	39,5	45,1	14,2	11,6
Dagvist og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	77,9	92,1	88,0	-4,5	13,0
Múlabær, Reykjavík	66,2	59,9	68,3	14,0	3,2
Friðuhús, Reykjavík	34,1	32,0	36,5	14,1	7,0
Dagvistun aldraðra, aðrar	254,6	273,8	312,3	14,1	22,7
Samtals	**15.402,0**	**16.915,3**	**20.051,7**	**18,5**	**30,2**

Á eftirfarandi yfirliti er sundurliðun fjárveitinga til endurhæfingarstofnana sem falla undir fjárlagaliði 478-494.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vistheimilið Bjarg	47,8	49,2	56,0	13,8	17,2
Hlaðgerðarkot	75,8	78,3	86,5	10,5	14,1
Reykjalundur, Mosfellsbæ	1.262,5	1.236,9	1.384,4	11,9	9,7
Heilsustofnun Náttúrulækningafélag Íslands	477,0	500,4	566,6	13,2	18,8
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstöð	395,8	407,6	461,4	13,2	16,6
Hlein	96,3	98,8	112,0	13,4	16,3
Samtals	**2.355,2**	**2.371,2**	**2.666,9**	**12,5**	**13,2**

Heildarframlög til endurhæfingarstofnana eru 2.371 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgjöld ársins 2009 verði 2.667 m.kr.

Heilsugæsla

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 500 Heilsugæslustöðvar, almennt; 501 Sjúkraflutningar. Fjárlagaliðirnir 506-588 eru liðir einstakra heilsugæslustöðva án starfstengsla við sjúkrahús. Um áramótin sameinast heilsugæslustöðvar á Vesturlandi í eina stofnun, Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Liðirnir 522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi, 524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík, 525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði og 526 Heilsugæslustöðin Búðardal falla niður og sameinast undir liðnum 716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Jafnframt falla liðirnir 551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði og 552 Heilsugæslustöðin Dalvík niður og sameinast undir liðnum 756 Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilsugæslustöðvar, almennt	62,0	894,3	1.143,5	27,9	1.744,4
Sjúkraflutningar	693,4	739,3	824,1	11,5	18,8
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	4.495,2	4.262,3	4.711,0	10,5	4,8
Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík	141,5	141,5	158,0	11,7	11,7
Læknavaktin	247,6	246,4	280,5	13,8	13,3
Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	444,6	438,2	502,9	14,8	13,1
Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi	181,3	220,6	284,1	28,8	56,7
Samtals	**6.265,6**	**6.942,6**	**7.904,1**	**13,8**	**26,2**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 194,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að framlag til heimahjúkrunar hækki um 400 m.kr. til að styðja aldraða ein-

staklinga til sjálfstæðrar búsetu. Á móti kemur að 500,3 m.kr. eru færðar af málefnaflokki heilsugæslustöðva til heilbrigðisstofnana vegna ofangreindra sameininga, sem skiptist þannig að til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands færast 353,9 m.kr. og 146,4 m.kr. færast til Heilbrigðisstofnunarinnar Dalvíkur- og Fjallabyggð.

*500 **Heilsugæslustöðvar, almennt.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist um 241,9 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Hækkun rekstrargjalda skýrist í fyrsta lagi af 400 m.kr. framlagi til að styðja aldraða einstaklinga til sjálfstæðrar búsetu þrátt fyrir veikindi og minnkaða færni með því að efla hjúkrun í heimahúsum og heimaaðhlynningu. Framlagið er í samræmi við samkomulag við eldri borgara frá miðju ári 2006. Í öðru lagi hækkar liðurinn um 22 m.kr. til greiðslu á húsaleigu fyrir nýja heilsugæslustöð í Árbæjarhverfi. Í þriðja lagi er lögð til 10 m.kr. hækkun til að efla geðheilbrigðisþjónustu innan heilsugæslunnar og styrkja þannig grunnþjónustu í greiningu og meðferð vægari tilfella. á móti lækkar liðurinn um samtals 151,3 m.kr. sem færðar hafa verið til annarra fjárlagaliða innan þessa málaflokks og til heilsugæslusviða heilbrigðisstofnana. Nánari grein er gerð fyrir þeim tillögum undir viðkomandi liðum. Þá lækkar liðurinn um 7 m.kr. vegna niðurfellingar á tímabundnu framlagi Íslenska upplýsingasamfélagsins í fjárlögum 2008 vegna verkefnis um rafræn samskipti milli notenda og heilsugæslustöðva. Þá er felld niður 31,8 m.kr. fjárveiting á viðhaldslið heilsugæslustöðva, vegna samkomulags heilbrigðisráðuneytis og fjármálaráðuneytis um tilfærslu fasteigna heilbrigðisstofnana úr umsjón heilbrigðisráðuneytisins til Fasteigna ríkissjóðs. Í þessu felst að Fasteignir ríkissjóðs munu eftirleiðis sjá um viðhald á viðkomandi eignum ríkisins gegn leigugreiðslu af hálfu heilbrigðisstofnana.

*501 **Sjúkraflutningar.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 824,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 60 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Samkvæmt frumvarpinu hækkar viðfangsefni *1.11 Sjúkraflutningar* um 50 m.kr. til að gera nýja samninga um sjúkraflutninga. Á viðfangsefni *1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða* er lögð til 10 m.kr. hækkun til að endurskoða samning við Rauða kross Íslands um útvegun og rekstur bifreiða og tækjabúnaðar til sjúkraflutninga.

*506 **Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu.*** Samkvæmt frumvarpinu verða rekstrargjöld 4.711 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 65,3 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Í fyrsta lagi er lagt til að 72 m.kr. verði fluttar af lið *500 Heilsugæslustöðvar, almennt* til að efla heimahjúkrun á höfuðborgarsvæðinu. Í öðru lagi er lagt til að 10 m.kr. verði varið til eflingar Miðstöðvar heilsuverndar barna í samræmi við aðgerðaáætlun í þágu barna og ungmenna. Verkefnið er liður í því að fylgja eftir þingsályktun um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Í fjáraukalögum 2007 voru veittar 10 m.kr. til þessa verkefnis, en 20 m.kr. í

fjárlögum ársins 2008. Í þriðja lagi er lagt til að 15,3 m.kr. verði fluttar af lið *500 Heilsugæslustöðvar, almennt* til að standa undir launum lækna í starfsnámi á kandídatsári í heilsugæslunni. Í fjórða lagi er lögð til 10 m.kr. tímabundin hækkun framlags í eitt ár frá Íslenska upplýsingasamfélaginu til verkefnis sem miðar að því að auka aðgengi að heilsugæslunni með rafrænum hætti. Þá er í fimmta lagi lögð til 10 m.kr. tímabundin hækkun á liðnum til ársins 2011 til að halda áfram að veita hópi heyrnarlausra nemenda sem urðu fyrir ofbeldi í heimavist Heyrnleysingjaskóla Íslands á sínum tíma og fjölskyldum þeirra geðheilbrigðisþjónustu, en á þessu ári var veitt 10 m.kr. tímabundin fjárveiting til verkefnisins. Að lokum lagt til að 7,4 m.kr. verði fluttar af lið *500 Heilsugæslustöðvar, almennt* til að veita sérhæfða umfangsmikla heimahjúkrun til einstaklinga sem þurfa mikla umönnun heima. Á móti kemur 180 m.kr. lækkun framlags vegna flutnings á umsjón með greiðslum samnings við sjálfstætt starfandi heimilislækna frá heilsugæslunni til Sjúkratryggingastofnunar frá næstu áramótum.

517 ***Læknavaktin.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 280,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 11,9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist af 11,9 m.kr. hækkun framlags til að mæta kostnaði við aukinn fjölda koma samkvæmt samningi.

553 ***Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 502,9 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 17,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist af millifærslu fjárframlaga af *500 Heilsugæslustöðvar, almennt* til að efla kvöld-, nætur- og helgarþjónustu í heimahjúkrun og iðjuþjálfun í heimahúsum samanber þjónustusamning við Akureyrarbæ.

588 ***Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 284,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 40 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Samkvæmt þjónustusamningi við heilsugæslustöðina eru greiðslur m.a. miðaðar við fjölda skráðra einstaklinga á stöðina sem fjölgar mikið á milli ára vegna ört stækkandi þjónustusvæðis stöðvarinnar.

Heilbrigðisstofnanir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 700 Heilbrigðisstofnanir og liðirnir 711–795 sem eru fjárlagaliðir einstakra heilbrigðisstofnana. Nokkrar breytingar verða á einstaka fjárlagaliðum vegna sameiningar stofnana. Í fyrsta lagi fellur liðurinn 715 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi niður og sameinast undir nýjum lið 716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands ásamt heilsugæslustöðvum á Vesturlandi. Í öðru lagi falla fjárlagaliðirnir 725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ og 731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík

Bolungarvík niður og sameinast í eina stofnun undir nýjum fjárlagalið 726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Í þriðja lagi falla fjárlagaliðirnir 745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og 751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki niður og ný stofnun 746 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki verður til. Í fjórða lagi fellur fjárlagaliðurinn 755 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði niður og sameinast undir nýjum fjárlagalið 756 Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð ásamt heilsugæslustöðvunum í Ólafsfirði og Dalvík.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Heilbrigðisstofnanir	727,9	543,0	690,0	27,1	-5,2
Heilbrigðisstofnunin Akranesi	1.395,7	1.414,6	1.585,8	12,1	13,6
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	716,3	700,8	841,5	20,1	17,5
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	223,0	234,1	283,1	20,9	27,0
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	772,4	909,7	1.090,8	19,9	41,2
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	153,3	133,9	158,1	18,1	3,1
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	255,9	248,7	299,1	20,3	16,9
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki	1.133,5	1.142,4	1.379,1	20,7	21,7
Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð	490,5	516,0	596,6	15,6	21,6
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	849,7	814,3	967,1	18,8	13,8
Heilbrigðisstofnun Austurlands	1.801,2	1.647,3	1.962,2	19,1	8,9
Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands	169,0	171,3	201,4	17,6	19,2
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	623,4	618,5	713,3	15,3	14,4
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	1.630,2	1.751,1	1.986,8	13,5	21,9
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	1.405,4	1.477,7	1.708,4	15,6	21,6
St. Jósefsspítali, Sólvangur	1.346,5	1.270,1	1.438,5	13,3	6,8
Samtals	**13.693,9**	**13.593,5**	**15.901,8**	**17,0**	**16,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 1.118,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Við sameiningu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni færast 500,3 m.kr. fjárframlög frá fyrrum heilsugæslustöðvum sem störfuðu án tengsla við sjúkrahús til viðeigandi heilbrigðisstofnana. Fjárhæðin skiptist þannig að til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands færast 353,9 m.kr. og 146,4 m.kr. til Heilbrigðisstofnunarinnar Dalvíkur- og Fjallabyggð. Helstu breytingar á fjárveitingum til heilbrigðisstofnana eru þær að gert er ráð fyrir að framlag til heilbrigðisstofnana hækki um 240,4 m.kr. í samræmi við endurskoðun á reiknilíkani. Þá hækka framlög til heilbrigðisstofnana um 478 m.kr. til að mæta leigugjöldum til Fasteigna ríkissjóðs, sem taka við umsjón og viðhaldi fasteigna heilbrigðisstofnana á árunum 2008, 2009 og 2010. Á móti falla niður samtals 114,8 m.kr. sem ætlaðar eru til greiðslu fasteignagjalda og viðhaldsframkvæmda.

700 ***Heilbrigðisstofnanir.*** Farið er fram á að fjárheimildi til rekstrargjalda aukist um 240,4 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir og til viðhalds- og stofnkostnaðar lækki um 93,4 m.kr. Skýrist það af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi hækkar liðurinn um 240,4 m.kr. til að endurskoða reiknilíkan um fjárveitingar til heilbrigðisstofnana. Í öðru lagi fellur 73,4 m.kr. fjárveiting til viðhaldsframkvæmda niður, vegna fyrrgreinds samnings heilbrigðisráðuneytis við fjármálaráðuneytið um flutning á umsjón með fasteignum heilbrigðisstofnana til Fasteigna ríkissjóðs. Í þriðja lagi fellur niður 20 m.kr. tímabundið framlag til stofnkostnaðar í fjárlögum þessa árs. Framlagið var til að flýta viðbyggingu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

711 ***Heilbrigðisstofnunin Akranesi.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 1.585,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 2,5 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum þessa árs. Breytingin skýrist af 2,5 m.kr. framlagi til eflingar geðheilbrigðisþjónustu, en stofnunin er í samstarfi um eflingu á endurhæfingarúrræði fyrir geðfatlaða á Akranesi.

716 ***Heilbrigðisstofnun Vesturlands.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nýrrar stofnunar nemi samtals 841,5 m.kr., en fjárheimildir af fjárlagaliðunum, *522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi, 524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík, 525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði, 526 Heilsugæslustöðin Búðardal og 716 St. Franciskusspítali, Stykkishólmi* eru færðar á þennan lið, samtals. 700,8 m.kr. Hækkun rekstrargjalda jafngildir 49,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist af leigugjöldum að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs í samræmi við samning þar um.

721 ***Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði.*** Lagt er til að fjárheimild vegna rekstrargjalda nemi um 283,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 15,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist af leigugjöldum að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs í samræmi við samning þar um.

726 ***Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nýrrar stofnunar nemi samtals 1.090,8 m.kr., en fjárheimildir af fjárlagaliðunum, *725 Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ* og *731 Heilbrigðisstofnunarinnar Bolungarvík* eru færðar á þennan lið, samtals 914,9 m.kr. Hækkun rekstrargjalda jafngildir 56,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist í fyrsta lagi af 51,1 m.kr. hækkun fjárveitinga til að mæta leigugjöldum, að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs, í samræmi við samning þar um. Í öðru lagi er lagt til 5,2 m.kr. framlag til að efla geðheilbrigðisþjónustu á svæðinu. Á liðnum árum hefur stofnunin tekið þátt í tilraunaverkefni með Landspítala um hugræna atferlismeðferð. Árangurinn sýnir að tækifæri gefast á aukinni sérfræðiþjónustu heima í héraði með samningum og samstarfi af þessu tagi.

735 ***Heilbrigðisstofnunin Hólmavík.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 158,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 7,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs, sem skýrist af leigugjöldum að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs í samræmi við samning þar um.

741 ***Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 299,1 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 16,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist af leigugjöldum að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs í samræmi við samning þar um.

746 ***Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nýrrar stofnunar nemi samtals 1.379,1 m.kr., en fjárheimildir af fjárlagaliðunum, *745 Heilbrigðisstofnunarinnar Blönduósi* og *751 Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki* eru færðar á þennan lið, samtals. 1.133,4 m.kr. Hækkun rekstrargjalda jafngildir 73,2 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist í fyrsta lagi af 82,2 m.kr. hækkun fjárveitinga til að mæta leigugjöldum, að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs, í samræmi við samning þar um. Í öðru lagi er framlagið lækkað um 9 m.kr. til samræmis við niðurstöðu reiknilíkans um rekstrarkostnað heilsugæslustöðva á landsbyggðinni.

756 ***Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nýrrar stofnunar nemi samtals 596,6 m.kr., en fjárheimildir af fjárlagaliðunum, *551 Heilsugæslustöðvarinnar Ólafsfirði*, *552 Heilsugæslustöðvarinnar Dalvík* og *755 Heilbrigðisstofnunarinnar Siglufirði* eru færðar á þennan lið, samtals. 491 m.kr. Hækkun rekstrargjalda jafngildir 11,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem skýrist í fyrsta lagi af 36,1 m.kr. hækkun fjárveitingar til að mæta leigugjöldum, að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs, í samræmi við samning þar um. Í öðru lagi er framlagið lækkað um 25 m.kr. til samræmis við niðurstöðu reiknilíkans um rekstrarkostnað heilsugæslustöðva á landsbyggðinni.

761 ***Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 967,1 m.kr. á næsta ári. Það er 42,1 m.kr. raunhækkun á milli ára sem skýrist af 39,1 m.kr. fjárveitingu til að mæta leigugjöldum, að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs, í samræmi við samning þar um. Í annan stað er framlagið hækkað um 3 m.kr. til að efla geðheilbrigðisþjónustu á svæði stofnunarinnar.

777 ***Heilbrigðisstofnun Austurlands.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 1.962,2 m.kr. á næsta ári. Það er 94,9 m.kr. raunhækkun á milli ára sem skýrist í fyrsta lagi af 70,6 m.kr. hækkun til að mæta leigugjöldum, að frádregnum fasteignagjöldum til Fast-

eigna ríkissjóðs, í samræmi við samning þar um. Í öðru lagi er framlagið hækkað um 15 m.kr. til að efla sjúkrasviðið á Seyðisfirði með því að fjölga um eitt sjúkrarými og eitt hjúkrunarrými. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Í þriðja lagi hækkar framlag til heilsugæslusviðs um 2,6 m.kr. til að mæta kostnaði við launagreiðslur til lækna á kandídatsári í starfsnámi í heilsugæslunni. Í fjórða lagi er lagt til 5,2 m.kr. framlag til að efla geðheilbrigðisþjónustu á svæði Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Á liðnum árum hefur stofnunin tekið þátt í tilraunaverkefni með Landspítala um hugræna atferlismeðferð. Árangurinn sýnir að tækifæri gefast á aukinni sérfræðiþjónustu heima í héraði með samningum og samstarfi af þessu tagi. Þá hækkar framlagið um 1,5 m.kr. til að auka samvinnu einstaklinga er veita frumþjónustu á sviði geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni. Í fjárlögum 2008 var veitt 4,5 m.kr. til þessa verkefnis. Framlagið er hækkað til að standa undir kostnaði við eitt stöðugildi umsjónaraðila. Verkefnið er liður í því að fylgja eftir þingsályktun um aðgerðaáætlun í þága barna og ungmenna.

779 ***Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 201,4 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 10,4 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs, sem skýrist af leigugjöldum að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs í samræmi við samning þar um.

781 ***Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 713,3 m.kr. á næsta ári. Það er 18,3 m.kr. raunhækkun á milli ára sem skýrist af 20,1 m.kr. til að mæta leigugjöldum að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs í samræmi við samning þar um annars vegar. Hins vegar hækkar sértekjuáætlun hjúkrunarsviðs um 1,8 m.kr.

787 ***Heilbrigðisstofnun Suðurlands.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 1.986,8 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 30,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Helstu breytingar eru þær að framlagið hækkar um 25 m.kr. til að mæta heilsársrekstri hjúkrunardeildar sem opnuð var fyrr á þessu ári. Með opnun deildarinnar var hjúkrunarrýmum fjölgað um 14. Þá hækkar framlag til heilsugæslusviðs um 5,1 m.kr. til að mæta kostnaði við laun lækna í starfsnámi á kandídatsári í heilsugæslunni.

791 ***Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 1.708,4 m.kr. á næsta ári og jafngildir það um 44,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist hækkunin í fyrsta lagi af 38,9 m.kr. leigugjöldum að frádregnum fasteignagjöldum til Fasteigna ríkissjóðs í samræmi við samning þar um. Í öðru lagi

hækkar framlag til heilsugæslusviðs um 3,9 m.kr. til að mæta kostnaði við laun lækna í starfsnámi á kandídatsári í heilsugæslunni. Í þriðja lagi er gerð tillaga um 1,5 m.kr. hækkun fjárveitinga til að auka samvinnu einstaklinga er veita frumþjónustu á sviði geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni. Í fjárlögum 2008 var veitt 4,5 m.kr. til þessa verkefnis. Framlagið er hækkað til að standa undir kostnaði við eitt stöðugildi umsjónaraðila. Verkefnið er liður í því að fylgja eftir þingsályktun um aðgerðaáætlun í þága barna og ungmenna.

Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir.

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Landlæknir; 305 Lýðheilsustöð; 324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands; 326 Sjónstöð Íslands; 327 Geislavarnir ríkisins og 397 Lyfjastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Landlæknir	258,2	279,6	341,2	22,0	32,1
Lýðheilsustöð	331,9	298,6	334,7	12,1	0,8
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	190,2	121,5	145,1	19,4	-23,7
Sjónstöð Íslands	140,1	175,2	203,4	16,1	45,2
Geislavarnir ríkisins	73,4	72,2	97,2	34,6	32,4
Lyfjastofnun	251,0	165,8	190,5	14,9	-24,1
Samtals	**1.244,8**	**1.112,9**	**1.312,1**	**17,9**	**5,4**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins verður 1.312,1 m.kr. á næsta ári og hækkar um 81,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

301 ***Landlæknir.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist um 27,2 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Skýrist það af þremur tilefnum. Fyrst er að telja 10,4 m.kr. framlag til að innleiða ný vinnubrögð, svokallað heilsutæknimat, „Health Technology Assessment" í samvinnu við nýja Sjúkratryggingastofnun. Slíkt mat aðstoðar heilbrigðisyfirvöld við að taka ákvarðanir um hvort t.d. tilteknar nýjungar á sviði lækninga skuli teknar upp eða ekki. Í annan stað er 9,4 m.kr. framlag ætlað til að mæta auknum húsnæðiskostnaði embættisins. Í þriðja lagi er lagt til að 7,5 m.kr. verði fluttar af rekstri aðalskrifstofu ráðuneytisins til landlæknis vegna flutnings á útgáfu starfsleyfa til embættisins sbr. lög þar um sem tóku gildi 1.apríl sl.

305 ***Lýðheilsustöð.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi 334,7 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 15 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs til að efla heilbrigði þjóðarinnar með auknum forvörnum.

*324 **Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi 145,1 m.kr. á næsta ári. Það jafngildir 9,8 m.kr. hækkun framlags að raungildi frá fjárlögum þessa árs til að heyrnarmæla alla nýbura sem fæðast á landinu á fyrsta aldursári. Með framlaginu er verið að festa í sessi tveggja ára tilraunaverkefni sem lýkur vorið 2009 og miðar að því að heyrnarmæla öll börn sem fæðast á Landspítala í svokallaðri 4 daga skoðun. Verkefnið hefur gengið vel og leitt til þess að tveggja mánaða gömul börn sem hafa þurft heyrnatæki hafa fengið þau.

*326 **Sjónstöð Íslands.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi 203,4 m.kr. á næsta ári. Það jafngildir 9,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem ætluð er til að efla þjónustu við blinda, sjónskerta og daufblinda með ráðningu sjóntækjafræðings á Sjónstöð. Tillagan er hluti af samþykkt ríkisstjórnar frá árinu 2007 um að bæta þjónustu við fyrrnefndan hóp.

*327 **Geislavarnir ríkisins.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist um 14,1 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir, en það er viðbótarframlag vegna breytinga á lögum um geislavarnir sem samþykkt voru á Alþingi vorið 2008. Meginmarkmið lagabreytinganna er að einfalda eftirlit stofnunarinnar og efla hlutverk hennar við mat á geislaálagi sjúklinga. Til að mæta breyttu og auknu hlutverki er lögð til 6,1 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi og 8 m.kr. tímabundin hækkun á framlagi til stofnkostnaðar til kaupa á tækjum og öðrum búnaði.

*397 **Lyfjastofnun.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi 190,5 m.kr. á næsta ári og jafngildir það 6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs, en um er að ræða tímabundið framlag frá Íslenska upplýsingasamfélaginu til að standa straum að kostnaði við verkefnið Aðgengi að samræmdri lyfjaskrá.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 340 Málefni fatlaðra og 399 Heilbrigðismál ýmis starfsemi.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Málefni fatlaðra	261,8	284,8	326,6	14,7	24,8
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	1.004,7	1.172,1	1.360,2	16,0	35,4
Samtals	**1.266,5**	**1.456,9**	**1.686,8**	**15,8**	**33,2**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 72 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar.

*340 **Málefni fatlaðra.*** Gert er ráð fyrir að útgjöld liðarins verði 326,6 m.kr. og aukist um 9 m.kr. á næsta ári umfram launa- og verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi er óskað eftir 5,5 m.kr. framlagi til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra til að efla starfsemi félagsins og fjölga meðferðum í samræmi við ákvæði þjónustusamnings. Í öðru lagi er 5 m.kr. framlag flutt af lið *08-399 1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis* til að auka þjónustu sjúkraþjálfunar samkvæmt ákvæðum samnings um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða við Endurhæfingu ehf. Í þriðja lagi fellur niður 3 m.kr. tímabundin fjárveiting á fjárlögum þessa árs til Endurhæfingarstöðvar hjarta- og lungnasjúklinga á Akureyri. Þá hækkar framlag til Sumardvalarheimilisins í Reykjadal um 1,5 m.kr. til að greiða fasteignaskatt í samræmi við breytingar sem gerðar var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga um afnám undanþágu heilbrigðisstofnana frá greiðslu fasteignaskatts.

*399 **Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.*** Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld nemi um 1.360,2 m.kr. á næsta ári og aukist um 63 m.kr. umfram launa- og verðlagshækkanir. Í fyrsta lagi er lagt til 34 m.kr. framlag til efla eftirlit með styrkjum og skuldbindandi samningum á vegum ráðuneytisins. Í öðru lagi hækkar framlagið um 33 m.kr. til að bæta stöðu langveikra barna í samræmi við þingsályktun um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Í áætluninni er meðal annars kveðið á um að efla skuli þjónustu við börn sem eru með athyglisbrest og ofvirkni og fjölskyldur þeirra. Í þriðja lagi lækkar framlagið um 5 m.kr. vegna flutnings fjárveitingarinnar á liðinn *08-340 1.15 Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða* til að auka þjónustu sjúkraþjálfunar. Að síðustu eru veittar tímabundnar fjárveitingar til Íslenska upplýsingasamfélagsins. Í fyrsta lagi er 9 m.kr. framlag til verkefnisins, Upplýsingar um rétt til afsláttar í heilbrigðisþjónustunni, en markmið verkefnisins er að gera afsláttarkerfið rafrænt þannig að sá sem þiggur þjónustu heilbrigðiskerfisins njóti strax þess afsláttar sem hann á rétt á. Í öðru lagi 3 m.kr. framlag til aukinnar hagnýtingar upplýsingatækni og rafrænna eyðublaða. Markmið verkefnisins er að leggja mat á hvað þurfi til að þjónusta ráðuneytisins og undirstofnana þess verði rafrænni en hún er í dag. Þá fellur niður 11 m.kr. tímabundið framlag til upplýsingasamfélagsins á árinu 2008.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
08-399-1.98 Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytisins		
Gæðastyrkir heilbrigðisráðuneytisins	2,5	2,5
Athvarf fyrir geðsjúkra á Akureyri	2,0	2,0
Eftirlits með styrkjum og samningum á vegum HBR.	0,0	34,0
Aðgerðaáætlun fyrir börn og ungmenni með athyglisbrest og ofvirkni.	0,0	33,0
Missoc þátttökugjalds	2,5	2,5
Þátttaka í alþjóðlegu starfi	2,5	2,5
Samkomulag við Blindrafélagið um blindrahunda.	5,0	2,0
Óskipt	6,1	5,4
Samtals	**20,6**	**83,9**

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllum um safnlið er að finna í kafla 3.4 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
08-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
08-379-1.01	Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld sjúkrahúsa.
08-379-6.50	Stofnkostnaður	Stofnkostnaður sjúkrahúsa.
08-401-1.01	Hjúkrunarheimili, almennt	Ófyrirséð útgjöld hjúkrunarheimila og uppgjör fjárheimilda skv. forsendum samninga eða reiknilíkans.
08-500-1.10	Heilsugæslustöðvar, almennt	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld heilsugæslustöðva.
08-500-5.01	Heilsugæslustöðvar. Viðhald.	Viðhaldsframkvæmdir við heilsugæslustöðvar.
08-500-6.01	Heilsugæslustöðvar. Tækjakaup.	Tækjakaup fyrir heilsugæslustöðvar.
08-700-1.01	Heilbrigðisstofnanir. Almennur rekstur.	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld heilbrigðisstofnana.
08-700-5.50	Heilbrigðisstofnanir. Viðhald.	Viðhaldsframkvæmdir við heilbrigðisstofnanir.
08-700-6.01	Heilbrigðisstofnanir. Tækjakaup.	Tækjakaup fyrir heilbrigðisstofnanir.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun fjármálaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:


Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	28.025,1	18.443,3	18.191,8	-1	-35
Neyslu- og rekstrartilfærslur	23.463,1	27.859,6	31.667,6	14	35
Stofnkostnaður og viðhald	3.167,4	2.114,4	3.110,4	47	-2
Samtals	**54.655,6**	**48.417,3**	**52.969,8**	**9**	**-3**
Greitt úr ríkissjóði	-	37.571,3	42.311,8	13	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.966,0	2.628,0	34	-
Viðskiptahreyfingar	-	8.880,0	8.030,0	-10	-
Samtals	-	**48.417,3**	**52.969,8**	**9**	-

Heildargjöld fjármálaráðuneytis árið 2009 eru áætluð um 59.170 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 6.200 m.kr. en þær nema 10,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 52.970 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 42.312 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.628 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 8.030 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 18.192 m.kr. og lækka um 251 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Helstu breytingar skýrast af því að í fyrsta lagi að launa- og verðlagsbreytingar vegna reksturs stofnana og verkefna á vegum ráðuneytisins nema um 1,1 milljarði króna. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að rekstrarfjárheimild til að mæta hugsanlegum kostnaðarhækkunum ríkisins vegna óvissu um niðurstöðu kjarasamninga á næsta ári lækki um 900 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 2008. Þá gerir endurskoðuð áætlun um lífeyrisskuldbindingar ráð fyrir hækkun um 282 m.kr. Gert er ráð fyrir 69 m.kr. aukinni fjárheimild til verkefna á vegum fjármálaráðuneytisins samkvæmt stefnu um íslenska upplýsingasamfélagið. Þá er gerð tillaga um 40 m.kr. nýja heimild til þess að koma á fót sérstakri skattaumsýslu stórfyrirtækja. Um er að ræða sérstaka starfseiningu sem heyrir undir Skattstjórann í Reykjavík og telur um 10 starfsmenn. Jafnframt er í frumvarpinu gerð tillaga um 40 m.kr. viðbótarfjárheimild til að standa undir auknum kröfum sem ríkissjóður verður að bera í kjölfar dóma. Fasteignir ríkissjóðs munu taka yfir umsjón með ýmsum fasteignum á næsta ári, m.a. fasteignum sem hingað til hafa verið í umsjón heilbrigðisráðuneytisins. Framsetning fjárlaga gerir það að verkum að sértekjur stofnunarinnar af húsaleigu lækka rekstrarútgjöld hennar um 600 m.kr. en viðhaldskostnaður hækkar um sömu fjárhæð. Aðrar breytingar á rekstrargjöldum ráðuneytisins vega minna. Gerð er grein fyrir þeim síðar í greinargerðinni.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 3.808 m.kr. og verða 31.668 m.kr. Af þeirri hækkun skýrast um 960 m.kr. af verðlagshækkunum, einkum á greiðslum barna- og vaxtabóta. Á móti kemur að felld er niður um 900 m.kr. tilfærslufjárheimild á lið sem ætlaður var til að mæta óvissu í launa- og verðlagsmálum í fjárlögum 2008. Þyngst vegur hækkun eignaskerðingarmarka vaxtabóta um 35% á árinu og endurskoðun áætlunar um vöxt vaxtabóta vegna húsnæðislána sem leiðir samanlagt til 1.584 m.kr. hækkunar á vaxtabótum. Þá er gert ráð fyrir að áhrif ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um hækkun skerðingarmarka barnabóta í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði fyrr á þessu ári nemi um 1.700 m.kr. en á móti vegur að hækkanir fyrri ára eru taldar hafa verið ofmetnar um 780 m.kr. og nemur nettóhækkun því 920 m.kr. Þá er gert ráð fyrir því í nýlegum lögum að greiddar verði allt að 25 þús. kr. mánaðarlegar uppbætur á eftirlaun þeirra ellilífeyrisþega sem fá minna en það greitt úr lífeyrissjóðum. Þetta kallar á aukna fjárheimild að upphæð 590 m.kr. Við þessa ákvörðun munu viðmiðunartekjur ellilífeyrisþega hins vegar hækka þannig að gert er ráð fyrir að útgjöld lífeyristrygginga lækki á móti um samtals 265 m.kr. Nettóútgjöld vegna uppbótar á eftirlaun nema því um 325 m.kr. Gerð er tillaga um 400 m.kr. viðbótarfjárheimild til að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Samkvæmt lögum nr. 177/2006 er kveðið á um að ráðstafa tilteknu hlutfalli af almennu tryggingagjaldi til sjóðanna. Loks er gert ráð fyrir 500 m.kr. fjárveitingu til Endurhæfingarsjóðs en honum er ætlað að veita þjónustu og úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og slasast þannig að vinnugeta skerðist. Gerð verður frekari grein fyrir ofangreindum verkefnum og öðrum neyslu- og rekstrartilfærslum síðar í greinargerðinni.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 3.110 m.kr. og er það 996 m.kr. hækkun milli ára. Helsta breytingin stafar af aukinni veltu Fasteigna ríkissjóðs sem tekur við umsjón fleiri fasteigna á næsta ári. Framsetning fjárlaga gerir það að verkum að rekstrargjöld lækka um 600 m.kr. vegna aukinna sértekna af húsaleigu sem notaðar eru til að mæta jafn miklum kostnaði af viðhaldsverkefnum. Gert er ráð fyrir viðbótarfjárveitingu að upphæð 160 m.kr. til þess að standa straum af útgjöldum samkvæmt heimildarákvæðum. Að lokum er gert ráð fyrir að tímabundin 110 m.kr. lækkun á fjárheimildum vegna tapaðra krafna og tjónabóta á fjárlögum ársins 2008 gangi til baka. Gerð verður grein fyrir einstökum viðhalds- og stofnkostnaðarverkefnum síðar í greinargerðinni.



Skuldbindandi samningar

Fjármálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 1.080 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2008, eru á áætluðu verðlagi ársins 2009 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 2,1% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2009.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2008	2009	2010	2011	2012
Fjárhags- og starfsmannakerfi	A	400,8	423,6	423,6	423,6	423,6
Tekjubókhaldskerfi	A	288,9	305,4	305,4	305,4	305,4
Skattvinnslukerfi	A	315,0	333,0	333,0	333,0	333,0
Lánaumsýsla Seðlabanka Íslands	A	75,0	85,1	85,1	85,1	85,1
Samtals		**1.079,7**	**1.147,1**	**1.147,1**	**1.147,1**	**1.147,1**

Allir framangreindir þjónustusamningar á vegum fjármálaráðuneytisins eru gerðir samkvæmt heimild í 30. gr. fjárreiðulaga. Á árinu 2002 var gerður samningur um rekstur og viðhald á nýju fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins að undangengnu útboði og er reiknað með að árlegur kostnaður við hann verði um 424 m.kr. Útgjöld vegna þjónustusamninga um rekstur eldra launagreiðslukerfis og bókhalds- og áætlanakerfis ríkisins féllu niður frá og með árinu 2006. Þó er nauðsynlegt að reka gagnagrunn eldri kerfanna áfram um sinn vegna launa- og bókhaldsgagna fyrri ára sem þar er að finna. Undir liðnum skattvinnslukerfi eru samningar um rekstur nokkurra kerfa sem samanlagt nema rúmum 333 m.kr. á ári. Um er að ræða rekstrar- og viðhaldssamninga við Skýrr, samninga um

veffframtal, notendaleyfi, gagnaflutninga og rekstur staðarnets fyrir skattkerfið í heild. Gerður var samningur við Seðlabanka Íslands árið 2007, um að bankinn tæki að sér helstu verkefni sem Lánasýsla ríkisins hafði áður með höndum. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að jafnaði verði nálægt 1,1 milljarður króna bundinn árlega vegna framangreindra verkefna.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Fjármálaráðuneytið, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	572,0	616,2	698,8	13,4	22,2
Ráðstöfunarfé	0,0	6,0	6,0	0,0	-
Samtals	**572,0**	**622,2**	**704,8**	**13,3**	**23,2**

Fjárheimild aðalskrifstofu fjármálaráðuneytisins hækkar um rúmar 19 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Sú aukning kemur til af því að tímabundin 9,5 m.kr. hagræðingarkrafa í fjárlögum 2008 gengur til baka. Auk þess er farið fram á 10 m.kr. fjárveitingu til þess að undirbúa og hrinda í framkvæmd umbótaverkefnum í ríkisrekstri. Fjármálaráðuneytið hefur lagt áherslu á að efla þá starfsemi ráðuneytisins með þátttöku stofnana.

Skatta- og tollamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Ríkisskattstjóri; 202-211 Skattstofur; 212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld; 214 Yfirskattanefnd; 215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins; 250 Innheimtukostnaður og 262 Tollstjórinn í Reykjavík.

Útgjöld til stofnana og verkefna á sviði skatta- og tollamála hækka um alls 36 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Munar þar mestu um 40 m.kr. fjárveitingu til nýrrar starfseiningar sem er ætlað að annast skattaumsýslu stórfyrirtækja. Að auki er gert ráð fyrir 20 m.kr. raunhækkun vegna þjónustusamnings Ríkisskattstjóra og Skýrr um rekstur skattvinnslukerfa. Þá er gert ráð fyrir 10 m.kr. til þess að koma fyrir skoðunar- og þjálfunaraðstöðu fyrir starfsfólk tollgæslunnar. Tvö tímabundin framlög til Tollstjórans í Reykjavík að fjárhæð 45 m.kr. falla niður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkisskattstjóri	1.059,9	1.071,3	1.215,9	13,5	14,7
Skattstofan í Reykjavík	403,4	409,5	454,9	11,1	12,8
Skattstofa Vesturlands	81,7	82,5	96,1	16,5	17,6
Skattstofa Vestfjarða	37,3	39,2	43,3	10,5	16,1
Skattstofa Norðurlands vestra	47,5	41,9	50,8	21,2	6,9
Skattstofa Norðurlands eystra	113,3	125,2	138,6	10,7	22,3
Skattstofa Austurlands	52,0	55,8	61,8	10,8	18,8
Skattstofa Suðurlands	80,1	65,1	71,8	10,3	-10,4
Skattstofa Vestmannaeyja	25,8	26,6	31,2	17,3	20,9
Skattstofa Reykjaness	245,5	271,9	301,5	10,9	22,8
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld	15,1	73,3	121,6	65,9	705,3
Yfirskattanefnd	109,5	113,6	124,3	9,4	13,5
Skattannsóknarstjóri ríkisins	145,5	166,9	183,6	10,0	26,2
Innheimtukostnaður	322,3	380,2	447,7	17,8	38,9
Tollstjórinn í Reykjavík	1.290,3	1.306,9	1.421,8	8,8	10,2
Samtals	**4.029,2**	**4.229,9**	**4.764,9**	**12,6**	**18,3**

201 Ríkisskattstjóri. Fjárheimild embættisins hækkar um 20 m.kr. að raungildi frá fjárlögum þessa árs og nemur alls 1.215,9 m.kr. Launa- og verðlagshækkanir eru 124,6 m.kr. Raunhækkunin er vegna þjónustusamnings við Skýrr um rekstur á skattvinnslukerfum. Að öðru leyti er gert ráð fyrir óbreyttu rekstrarumfangi embættisins.

202-211 Skattstofur. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld skattstofa hækki um 11 m.kr. frá fjárlögum ársins 2008 að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Um er að ræða 5 m.kr. fjárveitingu til Skattstofu Vesturlands, 4 m.kr. til Skattstofu Norðurlands vestra og 2 m.kr. til Skattstofu Vestmannaeyja til þess að samræma laun starfsfólks skattstofanna þriggja og starfsmanna annarra stofnana skattkerfisins og til þess að mæta hækkun á öðrum rekstrarkostnaði skattstofanna. Launa- og verðlagsbreytingar nema alls 121,3 m.kr. fyrir næsta ár.

212 Skatta- og tollamál. Á þennan lið er færð fjárveiting að upphæð 40 m.kr. til þess að koma á fót sérstakri starfseiningu sem mun annast skattframkvæmd og skatteftirlit stórfyrirtækja. Um er að ræða sérstaka starfseiningu sem heyrir undir Skattstjórann í Reykjavík og telur um 10 starfsmenn. Auk fjárveitingarinnar er gert ráð fyrir tilflutningi starfsfólks frá nokkrum stofnunum skattkerfisins til umræddrar starfseiningar. Áætlaður heildarkostnaður gæti því orðið allt að 80 m.kr. á ári. Aðrar fjárveitingar til viðfangsefna á þessum safnlið ráðuneytisins eru því sem næst óbreyttar að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Launa- og verðlagsbreytingar nema 8,3 m.kr.

250 Innheimtukostnaður. Ekki er gert er ráð fyrir aukinni útgjaldaheimild vegna innheimtukostnaðar ríkissjóðs. Miðað er við svipað umfang og árið 2007. Staða liðarins hefur jafnan verð felld niður í árslok í lokafjárlögum þannig að hvorki myndast halli né afgangur milli ára.

262 Tollstjórinn í Reykjavík. Fjárheimild stofnunarinnar nemur alls 1.421,8 m.kr. í frumvarpinu. Að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum, sem nema 149,9 m.kr., lækkar fjárheimildin um 35 m.kr. Munar þar mestu um að 30 m.kr. fjárveiting í fjárlögum 2008, til þess að kaupa nýja bifreið með gegnumlýsingarbúnaði, fellur niður. Auk þess fellur niður 15 m.kr. fjárveiting sem veitt var til eins árs í þarfagreiningu og kostnaðaráætlun vegna endurnýjunar á núverandi tölvuvinnslu tollakerfisins. Á móti kemur að gert er ráð fyrir 10 m.kr. fjárveitingu til þess að koma upp og reka sérstaka skoðunar- og þjálfunaraðstöðu fyrir tollgæslu.

Lífeyrir og eftirlaun

Til þessa málaflokks teljast þrír fjárlagaliðir: 381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun; 391 Jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða og 393 Endurhæfingarsjóður. Áætlað er að útgjöld málaflokksins nemi 7.775 m.kr. árið 2009 og hækki um 1.295 m.kr. frá fjárlögum þessa árs.

381 Lífeyrisskuldbindingar. Á þennan lið er áætlað bæði fyrir greiddum verðlagsuppbótum á lífeyri og reiknuðum breytingum vegna skuldbindinga ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum vegna ávinnslu ríkisstarfsmanna á lífeyrisréttindum á árinu umfram eignir sjóðanna. Hér er einkum um að ræða skuldbindingar vegna B-deilda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. A-deildir sjóðanna standa að fullu undir sínum skuldbindingum með iðgjöldum. Í árslok 2007 námu lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs tæpum 231 milljarði króna. Fyrirframgreiðslur ríkissjóðs í sjóðina námu samkvæmt ríkisreikningi 137,3 milljörðum króna í árslok 2007. Áætlað er að skuldbindingin hækki í samræmi við launabreytingar og áunnin réttindi árin 2008 og 2009 og því verði ekki um að ræða teljandi breytingar vegna hækkunar dagvinnulauna umfram heildarlaun eða breyttra reikniforsendna t.d. varðandi lífslíkur bótaþega. Ávöxtun lífeyrissjóðanna hefur verið mjög góð undanfarin ár. Alls er áætlað að gjaldfærð hækkun lífeyrisskuldbindinga verði um 5,3 milljarðar króna á næsta ári sem er tæplega 300 m.kr. hærra en áætlað er í fjárlögum 2008. Hins vegar er gert ráð fyrir að greiðslur úr ríkissjóði vegna uppbóta á lífeyri fyrrum starfsmanna verði nokkru hærri en gjaldfærslan eða um 7,5 milljarðar króna. Eins og á fyrri árum er miðað við að ekki verði nýtt heimild í lögum til að draga viðbótariðgjöld stofnana frá verðlagsuppbótunum og styrkir það stöðu áður nefndra lífeyrissjóða. Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að nýta hluta af lánsfjárafgangi ríkisins árið 2009 til að greiða 4 milljarða króna fyrirfram inn á skuldbindinguna, sem er jafn mikið og í

fjárlögum 2008. Loks skal þess getið að lífeyrisskuldbindingar ríkisfyrirtækja og stofnana í B- og C-hluta fjárlaga eru færðar til gjalda í reikningum þeirra. Þar sem kjarasamningar við stéttarfélög ríkisstarfsmanna eru lausir á næsta ári er meiri óvissa en ella um áætlun um breytingu lífeyrisskuldbindinga.

*391 **Jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða.*** Gert er ráð fyrir 400 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa fjárlagaliðar. Í tengslum við samkomulag aðila vinnumarkaðarins um áframhaldandi gildi kjarasamninga í nóvember 2005 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu sem m.a. fól það í sér að veitt yrði framlag úr ríkissjóði til að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Á árinu 2006 voru sett lög nr. 177/2006 sem kveða á um að af almennu tryggingagjaldi skuli ráðstafa til sjóðanna 0,15% árið 2007, 0,20% árið 2008, 0,25% árið 2009 og 0,325% árið 2010 og eftirleiðis. Miðað við nýjustu spár um stofn tryggingagjalds og þróun þjóðhagsforsendna er reiknað með því að framlagið verði 1.878 m.kr. árið 2009. Lagasetningin felur jafnframt í sér að framlagið verður fjármagnað með mörkuðum tekjum af tryggingagjaldi.

*393 **Endurhæfingarsjóður.*** Gert er ráð fyrir 500 m.kr. fjárveitingu á nýjum lið fyrir Endurhæfingarsjóð. Sjóðnum er ætlað að veita þjónustu og úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og slasast þannig að vinnugeta skerðist. Markmiðið er að koma að málum eins snemma og kostur er, til að stuðla að því að sérhver einstaklingur verði eins virkur á vinnumarkaði og starfsgeta hans leyfir. Sjóðurinn mun skipuleggja og hafa umsjón með störfum þjónustufulltrúa sem verða aðallega á vegum sjúkrasjóða stéttarfélaganna og greiða bæði kostnað af störfum þeirra og kostnað við ráðgjöf fagaðila. Ennfremur mun Endurhæfingarsjóður hafa fjármuni til þess að greiða fyrir kostnað við úrræði og endurhæfingu til viðbótar því sem veitt er af hinni almennu heilbrigðisþjónustu. Miðað er við að framlag ríkisins til Endurhæfingarsjóðs nemi 0,39% af launum starfsmanna þess. Í fyrsta áfanga gildir samkomulag milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um að skilgreina, í hverjum kjarasamningi fyrir sig, sérstakt 0,13% launatengt gjald, endurhæfingargjald, á launagreiðendur frá og með 1. júní 2008. Í öðrum áfanga sem hefst í ársbyrjun 2009 er miðað við að ríkissjóður leggi Endurhæfingarsjóði til sömu upphæð og launagreiðendur samkvæmt sérstöku samkomulagi. Í þriðja áfanga sem hefst í ársbyrjun 2010 munu Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins beita sér fyrir því að lífeyrissjóðir á samningssviði þeirra greiði til Endurhæfingarsjóðs sama hlutfall og launagreiðendur.

Barnabætur, vaxtabætur og uppbætur á ellilífeyri

Til þessa málaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 811 Barnabætur, 821 Vaxtabætur og 831 Uppbætur á ellilífeyri.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Barnabætur	7.887,5	8.800,0	10.100,0	14,8	28,1
Vaxtabætur	5.633,0	5.880,0	7.770,0	32,1	37,9
Uppbætur á ellilífeyri	0,0	0,0	590,0	-	-
Samtals	**13.520,5**	**14.680,0**	**18.460,0**	**25,7**	**36,5**

811 Barnabætur. Gert er ráð fyrir að barnabætur hækki milli ára og verði 10.100 m.kr. á árinu 2009. Um er að ræða aukningu um 919 m.kr. vegna hækkunar á skerðingarmörkum sem ríkisstjórnin ákvað í tengslum við gerð kjarasamninga á vinnumarkaði í febrúar sl. Ákveðið var að skerðingarmörk barnabóta yrðu hækkuð úr 100 þús.kr. í 120 þús.kr. á mánuði fyrir einstaklinga árið 2008 og í 150 þús.kr. árið 2009. Fyrir hjón var ákveðið að hækka skerðingarmörkin úr 200 þús.kr. í 240 þús.kr. árið 2008 og 300 þús.kr. árið 2009. Tekjuskerðingarhlutfall vegna annars og þriðja barns eru jafnframt lækkuð um 1%. Auk þess er gert ráð fyrir að hámark barnabóta hækki um 5,7% á næsta ári í samræmi við spá um hækkun vísitölu neysluverðs.

821 Vaxtabætur. Gert er ráð fyrir að vaxtabætur nemi 7.772 m.kr. á næsta ári. Reikniforsendur áætlunarinnar miðast við að hámörk vaxtagjalda og vaxtabóta hækki um 5,7% milli ára í samræmi við spá um hækkun vísitölu neysluverðs, sem skýrir 1.180 m.kr. aukningu. Þá skýrir 35% hækkun á skerðingarmörkum, sem ríkisstjórnin ákvað í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í febrúar sl., 712 m.kr. hækkun vaxtabóta.

831 Uppbætur á ellilífeyri. Gert er ráð fyrir því í nýlegum lögum að greiddar verði allt að 25 þús. kr. mánaðarlegar uppbætur á eftirlaun þeirra ellilífeyrisþega sem fá minna en það greitt úr lífeyrissjóðum. Það kallar á sérstaka fjárheimild í fjárlögum næsta árs að upphæð 590 m.kr. Viðmiðunartekjur ellilífeyrisþega hækka við það og lækka þá útgjöld lífeyristrygginga um samtals 265 m.kr. Sú lækkun kemur fram hjá félags- og tryggingamálaráðuneyti. Nettóútgjöld vegna uppbótar á eftirlaun nema því 325 m.kr.

Afskrifaðar kröfur og fjármagnstekjuskattur

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 711 Afskriftir skattkrafna; 721 Fjármagnstekjuskattur og 973 Tapaðar kröfur og tjónabætur.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Afskriftir skattkrafna	8.475,8	10.000,0	10.000,0	0,0	18,0
Fjármagnstekjuskattur	2.441,8	2.665,0	2.635,0	-1,1	7,9
Tapaðar kröfur og tjónabætur	50,2	100,0	210,0	110,0	318,3
Samtals	**10.967,8**	**12.765,0**	**12.845,0**	**0,6**	**17,1**

Fjárheimildir þessa málefnaflokks nema 12.845 m.kr. og hækka um 80 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Í fyrsta lagi er áætlun um afskrifaðar skattkröfur óbreytt milli ára. Um er að ræða fjárheimild á móti gjaldfærslu á bæði beinum afskriftum á kröfum sem taldar eru vera sannanlega tapaðar, t.d. vegna gjaldþrota, og óbeinum afskriftum þar sem kröfur eru færðar niður um tiltekinn hluta sem reynslan hefur leitt í ljós að muni að líkindum ekki innheimtast. Erfitt er að áætla nákvæmlega fyrir þessum gjaldfærslum fyrir fram í fjárlögum. Vakin er athygli á því að þótt afskrifaðar kröfur séu færðar til gjalda á þennan lið í uppgjöri á rekstrargrunni þá hefur það ekki í för með sér neinar greiðslur úr ríkissjóði. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af vaxtatekjum, arðgreiðslum og söluhagnaði eigna lækki um 30 m.kr. Tiltölulega lítil breyting verður á heildarfjárþörf frá fjárlögum þessa árs þrátt fyrir breyttar forsendur áætlunarinnar. Innistæður ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands og vaxtatekjur af þeim eru meiri en gert var ráð fyrir. Það kemur til af góðri rekstrarafkomu ríkisins undanfarin ár sem myndar inneign í bankanum og aukinni útgáfu ríkisverðbréfa á þessu ári og vaxtatekjum af völdum söluandvirðis bréfanna. Hins vegar er reiknað með að rekstrarafkoma ríkisins verði neikvæð á næsta ári þannig að gengið verði á innistæðu ríkissjóðs í Seðlabankanum. Auk þess er því spáð að vaxtastig í landinu lækki nokkuð. Fjármagnstekjuskatturinn færist einnig á tekjuhlið ríkissjóðs og hefur þessi breyting því ekki áhrif á afkomu ársins. Loks er gert ráð fyrir að tímabundin lækkun fjárheimilda vegna tapaðra krafna og tjónabóta á fjárlögum ársins 2008, að upphæð 110 m.kr., gangi til baka.

Verðlagsmál

Til þessa málaflokks telst einn fjárlagaliður: 989 Launa- og verðlagsmál.

989 Launa- og verðlagsmál. Frumvarpið er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 2009. Á árinu 2008 voru gerðir kjarasamningar við flest stéttarfélög innan ASÍ, BHM og BSRB sem gilda til loka mars 2009. Fyrir liggur úrskurður Kjararáðs um sambærilegar hækkanir til embættismanna sem fá greidd laun samkvæmt ákvörðunum ráðsins. Launaforsendur fyrir fyrsta ársfjórðung næsta árs liggja því að mestu leyti fyrir en veruleg óvissa er um hækkanir í nýjum kjarasamningum sem gerðir verða í framhaldi af því. Í frumvarpinu hafa launaliðir allra stofnana, þ.m.t. sjálfseignastofnana sem ríkissjóður fjármagnar, verið hækkaðir um 3% miðað við 1. apríl 2009. Í frumvarpinu er

ekki spáð fyrir um útkomu nýrra kjarasamninga en þó er lagt til að tekin verði frá tæplega 2,4 milljarða króna fjárheimild á þessum lið til að mæta kostnaðarauka vegna launahækkana. Þar er um að ræða varúðarráðstöfun til að treysta betur forsendur frumvarpsins.

Önnur rekstargjöld eru almennt hækkuð um 13,2% í frumvarpinu. Í þeirri hækkun eru annars vegar vegin upp áhrif af verðbólgu umfram forsendur fjárlaga 2008 á önnur rekstrargjöld en laun. Í fjárlögum 2008 var miðað við að almenn verðlagshækkun yrði 3,8% en nú er talið að hækkunin milli ára verði 11,5%. Hins vegar er gengið út frá forsendu þjóðhagsspár um 5,4% hækkun á vísitölu neysluverðs að frátöldum húsnæðislið milli áranna 2008 og 2009. Að vanda er miðað við að sértekjur stofnana hækki hlutfallslega til jafns við önnur rekstrargjöld. Í vissum málaflokkum er gert ráð fyrir að gjaldskrár verði óbreyttar en í öðrum tilvikum, þar sem útseld vinna og þjónusta er verulegt hlutfall af fjármögnun stofnana, er gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki í takt við launahækkanir. Í forsendum gjaldahliðar frumvarpsins er ekki spáð fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla heldur er miðað við gengi þeirra í byrjun september. Miðað við forsendur fjárlaga 2008 hefur gengi krónunnar veikst verulega, eða um það bil 40%, gagnvart helstu Evrópumyntum en heldur minna gagnvart bandaríkjadal, eða um 31%. Þetta leiðir til hækkunar á fjárheimildum liða þar sem útgjöld eru beinlínis greidd í erlendri mynt, en það á t.d. við um hluta útgjalda sendiráða, framlög og aðildargjöld til tiltekinna alþjóðasamtaka.

Í frumvarpinu er gert er ráð fyrir að bætur almannatrygginga hækki um 9,6% í samræmi við spá um þróun vísitölu neysluverðs á árunum 2008 til 2009 og hækkanir bóta sem þegar er búið að gera ráð fyrir á þessu ári.

Þjónusta við ríkisaðila

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 103 Fjársýsla ríkisins; 402 Fasteignaskrá Íslands; 901 Framkvæmdasýsla ríkisins; 905 Ríkiskaup; 976 Lánaumsýsla ríkissjóðs; 980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól; 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs; 984 Fasteignir ríkissjóðs og 985 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll.

Þessi málefnaflokkur tekur til stofnana og verkefna sem snúa að þjónustu við aðra ríkisaðila, s.s. bókhalds- og innkaupaþjónustu. Heildargjöld málefnaflokksins eru áætluð 9.841 m.kr. en gert er ráð fyrir að innheimtar verði 5.784 m.kr. sértekjur fyrir veitta þjónustu og markaðar tekjur að fjárhæð 539 m.kr. sem samanlagt nemur nálægt 65% af veltunni. Fjárveiting málefnaflokksins til að mæta gjöldum umfram tekjur nemur því alls um 3.518 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjársýsla ríkisins	1.127,0	1.221,3	1.351,1	10,6	19,9
Fasteignaskrá Íslands	663,9	558,0	539,0	-3,4	-18,8
Framkvæmdasýsla ríkisins	-5,3	2,7	2,7	0,0	-150,9
Ríkiskaup	-9,0	0,0	0,0	-	-
Lánasýsla ríkisins	106,9	0,0	0,0	-	-
Lánaumsýsla ríkissjóðs	0,0	75,0	85,1	13,5	0,0
Rekstrarfélag Stjórnarráðsbygginga við Arnarhól	42,5	29,4	32,8	11,6	-22,8
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	157,9	397,5	65,5	-83,5	-58,5
Fasteignir ríkissjóðs	9,8	0,0	282,0	-	2.777,6
Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll	1.550,0	1.500,0	1.698,3	13,2	9,6
Samtals	**3.643,7**	**3.783,9**	**4.056,5**	**7,2**	**11,3**

103 Fjársýsla ríkisins. Gert er ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar nemi 1.351,1 m.kr. í frumvarpinu og lækki því um 14 m.kr. þegar frá eru taldar launa- og verðlagshækkanir. Lækkunin kemur til af því að tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2008 til verkefna á vegum Íslenska upplýsingasamfélagsins fellur niður.

402 Fasteignaskrá Íslands. Gert er ráð fyrir að heildarfjárheimild embættisins nemi 619 m.kr. í frumvarpinu. Með lögum nr. 83/2008 um breytingu á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna var heiti Fasteignamats ríkisins breytt í Fasteignaskrá Íslands. Jafnframt voru stofnuninni markaðir tekjustofnar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir að standi undir öllum kostnaði við starfsemina. Auk áætlaðra sértekna að fjárhæð 80 m.kr. rennur til stofnunarinnar gjald sveitarfélaga fyrir afnot af fasteignamati og kerfi til álagningar fasteignaskatta og fasteignagjalda sem nemur tilteknu hlutfalli af heildarfasteignamati í sveitarfélagi 31. desember ár hvert og áætlað er að verði 259 m.kr. á árinu 2009; gjald vátryggingafélaga fyrir afnot af brunabótamati og kerfi því viðkomandi sem nemi tilteknu hlutfalli af brunabótamati allra húseigna sem eru tryggðar hjá vátryggingafélagi í lok hvers mánaðar sem áætlað er að verði um 90 m.kr.; gjald fyrir vélrænar fyrirspurnir úr þinglýsingabók sem áætlað er að verði um 150 m.kr. og gjald fyrir skráningu nýrra fasteigna í fasteignaskrá m.v. áætlun um 40 m.kr.

901 Framkvæmdasýsla ríkisins. Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild og sértekjur stofnunarinnar hækki um tæpar 7 m.kr. milli ára og rekstrarvelta verði um 144,5 m.kr. Um er að ræða hækkun vegna launa- og verðlagsbreytinga. Samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda selur stofnunin ráðuneytum og ríkisstofnunum þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem miðast við að tekjurnar standi undir rekstri hennar. Eins og áður er því ekkert framlag til stofnunarinnar að undanskildu 2,7 m.kr. framlagi vegna tilteknina stjórnsýsluverkefna sem ekki eru seld út.

905 Ríkiskaup. Gert er ráð fyrir að útgjaldaheimild og sértekjur stofnunarinnar hækki um tæpar 8 m.kr. frá fjárlögum þessa árs og veltan nemi 1.585,7 m.kr. á næsta ári. Um er að ræða hækkun vegna launa- og verðlagsbreytinga. Samkvæmt lögum um opinber innkaup skal þóknun, sem stofnunin innheimtir af viðskiptavinum sínum, standa undir rekstrinum og er því ekkert framlag til stofnunarinnar úr ríkissjóði.

976 Lánaumsýsla ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir fjárheimild að upphæð 85,1 m.kr. Eins og fram kom í umfjöllun um skuldbindandi samninga hér að framan hefur Seðlabanki Íslands tekið að sér verkefni á sviði lánaumsýslu samkvæmt samningi við ráðuneytið. Fjárveitingin á þessum lið er ætlað að mæta útgjöldum vegna samningsins.

980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól. Starfsemi rekstrarfélagsins er að stærstum hluta fjármögnuð með þjónustugjöldum sem innheimt eru hjá ráðuneytum við Arnarhól fyrir leigu og rekstur húsnæðis, tölvuþjónustu og öryggisgæslu. Gert er ráð fyrir óbreyttum fjárheimildum milli ára ef frá eru taldar launa- og verðlagshækkanir.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að niður falli 50 m.kr. tímabundið framlag í fjárlögum 2008 til að hefja undirbúning að viðbyggingu við húsnæði embættis tollstjórans í Reykjavík. Þá er gerð tillaga um millifærslu á 282 m.kr. af liðnum yfir til Fasteigna ríkissjóðs skv. samkomulagi heilbrigðisráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins og Fasteigna ríkissjóðs um með hvaða hætti verja skuli sérstöku mótvægisframlagi sem ætlað var til viðhalds á húsnæði ríkisins þar sem niðurskurður á þorskvóta kemur harðast niður.

984 Fasteignir ríkissjóðs. Útgjöld þessa fjárlagaliðar eru fjármögnuð að fullu með sértekjum af húsaleigu frá ríkisstofnunum sem hafa aðsetur í húsnæði í umsjón Fasteigna ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að fjárheimild stofnunarinnar hækki um 1.117 m.kr. milli ára að undanskyldum launa- og verðlagsbreytingum. Í fyrsta lagi er um að ræða aukna veltu stofnunarinnar vegna fleiri eigna sem henni hefur verið falin umsjón með. Sú aukning nemur 351,9 m.kr. Í öðru lagi eykst velta stofnunarinnar um 483,2 m.kr. skv. samkomulagi heilbrigðisráðuneytisins og Fasteigna ríkissjóðs um tilfærslu fasteigna í eigu ríkisins úr umsjón heilbrigðisráðuneytisins til Fasteigna ríkissjóðs. Loks er gert ráð fyrir millifærslu frá heilbrigðisráðuneytinu að upphæð 282 m.kr. til stofnunarinnar skv. samkomulagi heilbrigðisráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins og Fasteigna ríkissjóðs um með hvaða hætti verja skuli sérstöku mótvægisframlagi sem ætlað var til viðhalds á húsnæði ríkisins þar sem niðurskurður á þorskvóta kemur harðast niður.

985 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll. Gert er ráð fyrir óbreyttum fjárheimildum milli ára ef frá eru taldar verðlagshækkanir. Rekstur eignanna og önnur umsýsla er í höndum þróunarfélags sem stofnað var sérstaklega um eignir ríkisins á fyrrum varnarsvæðum við Keflavíkurflugvöll. Fjárveitingin verður lækkuð þegar fasteignum á svæðinu hefur verið komið í sjálfbær borgaraleg not og hreinsun á svæðinu verður lokið.

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum; 990 Ríkisstjórnarákvarðanir; 994 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu og 999 Ýmislegt.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Útgöld samkvæmt heimildarákvæðum	0,0	190,0	350,0	84,2	-
Ríkisstjórnarákvarðanir	0,0	200,0	200,0	0,0	-
Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu	0,0	71,2	80,6	13,2	-
Ýmislegt	1.030,2	1.104,5	1.273,0	15,3	23,6
Samtals	**1.030,2**	**1.565,7**	**1.903,6**	**21,6**	**84,8**

Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks nemur 1.903 m.kr. og hækkar um 338 m.kr. frá fjárlögum þessa árs.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Á þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af heimildarákvæðum skv. 6. gr. frumvarpsins, svo og fyrir útgjöldum sem ríkissjóði kann að vera gert að inna af hendi samkvæmt sérlögum en ekki er hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Áætlun um ráðstöfun á fjárveitingu liðarins er jafnan háð nokkurri óvissu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 160 m.kr. viðbótarfjárheimild. Byggir sú tillaga á reynslu undanfarinna ára og áætlun um útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum fyrir næsta ár. Sérstök umfjöllun er um 6. gr. frumvarpsins í kafla 7 og vísast til hennar um skýringar að öðru leyti.

990 Ríkisstjórnarákvarðanir. Af þessum lið er greiddur kostnaður vegna ýmissa mála á vegum ráðuneyta sem eðlilegt þykir að ríkisstjórnin taki sameiginlega ákvörðun um og ýmis tilfallandi útgjöld sem ekki hefur verið séð fyrir á öðrum fjárlagaliðum. Fjárheimild til að mæta þessum útgjöldum er 200 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum.

994 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu. Á fjárlögum ársins 2008 var ákveðið að endurgreiða ríkisstofnunum virðisaukaskatt af tiltekinni hugbúnaðargerð og tölvuþjónustu. Nær endurgreiðslan almennt til þess sem kalla má forritun og hugbúnaðargerð en ekki til vinnslu, skráningar og daglegs reksturs tölvukerfa. Tilgangurinn með þessu er að vinna að framgangi útvistunarstefnu ríkisins og láta virðisaukaskattsreglur ekki hafa áhrif á ákvarðanir sem teknar eru í ríkisstofnunum um hvort tölvuvinnsla fer fram á þeirra eigin vegum eða er keypt að. Framkvæmdin er þannig virðisaukaskattur af þjónustunni er gjaldfærður á þennan sameiginlega lið en ekki á fjárlagaliði einstakra stofnana.

999 Ýmislegt. Á þennan lið eru færðar fjárveitingar til ýmissa verkefna sem ekki verða heimfærðar á aðra liði ráðuneytisins. Fjárveitingar til þeirra nema alls um 1.195,5 m.kr. og hækka um 91 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs að frátöldum launa- og verðlagshækkunum sem nema 77,5 m.kr. Í fyrsta lagi er gert er ráð fyrir að framlag til Lífeyrissjóðs bænda, á *1.31 Lífeyrissjóður bænda,* lækki um 30 m.kr. Samkvæmt lögum um sjóðinn nr. 12/1999, rennur framlagið til ellilífeyris bænda fæddra 1914 eða fyrr, eða maka þeirra hafi þeir fallið frá. Þessum bótaþegum fer fækkandi og því lækka framlög til sjóðsins. Í öðru lagi er á *1.60 Dómkröfur* gerð tillaga um 40 m.kr. viðbótarframlag til að mæta auknum kröfum sem ríkissjóður þarf að bera í kjölfar dóma. Útgjöldin hafa verið vanmetin verulega í áætlunum undanfarinna ára. Í þriðja lagi er á *1.90 Ýmis verkefni* gert ráð fyrir 2 m.kr. fjárveitingu til þess að kaupa þjónustu af Ríkiskaupum vegna umbóta, hagræðingar og leiðbeininga um opinber innkaup. Um er að ræða stjórnsýsluverkefni sem stofnunin getur ekki fjármagnað með sértekjum. Á sama lið er gert ráð fyrir 40 m.kr. til þess að mæta ófyrirséðum verkefnum á árinu 2009. Búið er að fjármagna veikleika í starfsemi nokkurra stofnana með svigrúmi ráðuneytisins í aðdraganda fjárlagagerðarinnar og framundan eru ýmsar áherslubreytingar í starfi ráðuneytisins sem leiða af sér fjölda nýrra verkefna. Einnig er á sama lið gerð tillaga um 17 m.kr. til að halda áfram innleiðingu og dreifingu rafrænna skilríkja. Byggir tillagan á samstarfssamningi ráðuneytisins og fyrirtækisins Auðkenni. Þá er gert ráð fyrir tímabundinni fjárveitingu að upphæð 10 m.kr. á sama viðfangsefnalið, til þess að koma á þjónusta fyrir rafræna auðkenningu og rafrænar greiðslur. Markmið verkefnisins er að tryggja samræmt aðgengi að auðkenningu og rafrænum greiðslumöguleikum. Í fjórða lagi er á *1.94 Þróunarmál í upplýsingatækni* gerð tillaga um 59 m.kr. tímabundna fjárveitingu í eitt ár til sjö verkefna á grundvelli framkvæmdaáætlunar um íslenska upplýsingasamfélagið. Um er að ræða 25 m.kr. til verkefnis um rafrænar þinglýsingar, veðbókavottorð o.fl. Gert er ráð fyrir 8 m.kr. til verkefnis um stofnun fyrirtækis á rafrænan hátt og breytinga á fyrirtækjaskrá. Þá er gerð tillaga um 3 m.kr. fjárveitingu til þess að gera skattyfirvöldum kleift að senda staðfest afrit skattframtala einstaklinga til fyrirfram ákveðinna móttökuaðila. Gert er ráð fyrir 9 m.kr. til þess að koma á rafrænum

samskiptum milli skjalakerfa ríkisins. Gerð er tillaga um 5 m.kr. til þess að samnýta og samhæfa miðlægar skrár, t.d. þjóðskrá, fyrirtækjaskrá og ökutækjaskrá. Þá er tillaga um 6 m.kr. fjárveitingu til þess að útbúa leiðbeiningar fyrir stofnanir um notkun rafrænna skilríkja í samskiptum, staðla og notkun þeirra innan ríkisins. Loks er farið fram á 3 m.kr. til verkefnis um að allar greiðslur ríkisins verði rafrænar. Í fimmta lagi er miðað við að tímabundnar fjárveitingar á fjárlögum 2008 að fjárhæð 36 m.kr. til annarra verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins falli niður. Loks er gert ráð fyrir að tímabundið framlag vegna samkomulags við BSRB, KÍ og BHM til eflingar mannauðsmála hjá ríkinu að upphæð 11 m.kr. falli niður.

Fjárlagaliðir með óskiptri heimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem ætlaðir eru til að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um safnliði er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
09-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar ákvarðanir, s.s. Til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.
09-212-1.01	Skatta- og tollamál. Ýmis sameiginleg útgjöld	Sameiginleg verkefni og ófyrirséð útgjöld skattstofa og tollstjóra.
09-212-1.10	Skatta- og tollamál. Skatteftirlit	Til skattembætta vegna skatteftirlits.
09-212-6.43	Hugbúnaðargerð fyrir skattkerfið	Til skattembætta vegna hugbúnaðargerðar.
09-481-601	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna notkunar á heimildagrein fjárlaga.
09-973-6.11	Tapaðar kröfur	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna tapaðra krafna.
09-973-6.15	Tjónabætur	Ófyrirséð útgjöld ýmissa ríkisaðila vegna tjónabóta.
09-989-1.90	Launa- og verðlagsmál	Ófyrirséðar eða óútfærðar launa- og verðlagsbreytingar í útgjöldum verkefna eða stofnana.
09-990-1.10	Til ráðstöfunar skv. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar	Ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um sérstök framlög til ýmissa fjárlagaliða eftir afgreiðslu fjárlaga.
09-999-1.90	Ýmis verkefni	Ófyrirséð útgjöld ýmissa stofnana ráðuneytisins.
09-999-6.11	Bifreiðar Stjórnarráðsins	Til endurnýjunar á bifreiðum ráðherra allra ráðuneytanna.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun samgönguráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	6.648,9	7.772,9	8.737,5	12	31
Neyslu- og rekstrartilfærslur	16.068,7	16.179,9	14.786,1	-9	-8
Stofnkostnaður og viðhald	15.633,6	30.956,0	33.792,6	9	116
Samtals	**38.351,2**	**54.908,8**	**57.316,2**	**4**	**49**
Greitt úr ríkissjóði	-	29.694,1	24.469,2	-18	-
Innheimt af ríkistekjum	-	25.202,9	32.772,0	30	-
Viðskiptahreyfingar	-	11,8	75,0	536	-
Samtals	-	**54.908,8**	**57.316,2**	**4**	-

Heildargjöld samgönguráðuneytis árið 2009 eru áætluð 63.527 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 6.211 m.kr. en þær nema 9,8% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 57.316 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 24.469 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 32.772 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 75 m.kr., færist til hækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.


Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 8.737,5 m.kr. og hækka um 964,6 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana að fjárhæð 932,1 m.kr. munar þar mest um að lögð er til 18,6 m.kr. hækkun á fjárheimild til að greiða ríkissjóði þóknun fyrir innheimtu markaðra tekna Vegagerðarinnar. Gert er ráð fyrir að ýmis framlög samgönguráðuneytis hækki um 17 m.kr. en á móti kemur 32 m.kr. lækkun til samgönguverkefna. Aðrar breytingar eru minni og nema samtals 28,9 m.kr. til hækkunar.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 1.393,8 m.kr. og verða 14.786,1 m.kr. en eru 16.179,9 m.kr. í fjárlögum ársins 2008. Þyngst vegur 1.700 m.kr. lækkun sérstakra viðbótarframlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem skýrist að mestu af niðurfellingu tímabundinna framlaga. Á móti kemur 432 m.kr framlag til sjóðsins vegna hlutdeildar ríkissins í hækkun húsaleigubóta hjá sveitarfélögum. Auk þess er gert ráð fyrir 161 m.kr. lækkun á lögbundnum framlögum til sjóðsins vegna endurskoðaðrar áætlunar. Gert er ráð fyrir að framlag til Keflavíkurflugvallar lækki um 315,8 m.kr. en þar munar mest um að niður fellur 290 m.kr. framlag vegna stofnkostnaðar Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli. Á móti kemur að gert er ráð fyrir að framlag til Jöfnunarjóðs alþjónustu hækki um 208 m.kr. og vegur þar þyngst 182 m.kr. hækkun á framlagi vegna endurskoðaðrar áætlunar um ríkistekjur af jöfnunargjaldi. Að lokum er gert ráð fyrir 88,2 m.kr. framlagi vegna styrkja til ferju og sérleyfishafa. Aðrar breytingar eru minni og nema samtals 54,8 m.kr. til hækkunar.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 33.792,6 m.kr. og er það 2.836,6 m.kr. hækkun milli ára að meðtöldum verðlagsbreytingum. Munar þar mest um að gert er ráð fyrir að framkvæmdaliður flugvalla og flugleiðsöguþjónustu lækki um 1.550,5 m.kr. en þar vegur þyngst niðurfelling tímabundinna 1.430 m.kr. framlaga. Lagt er til að viðhaldsliður Flugvalla- og flugleiðsöguþjónustu lækki um 349 m.kr. en þar munar mest um að niður fellur tímabundið 280 m.kr. framlag vegna flýtingar framkvæmda á samgönguáætlun. Gert er ráð fyrir 217,1 m.kr. lækkun til Hafnabótasjóðs vegna breytinga á umfangi liðarins og að framlag til Tollaðstöðu á Seyðisfirði lækki um 72,3. Á móti er gert ráð fyrir framkvæmdaliður vegamála hækki um 2.775,5 og viðhaldsliður vegamála hækki um 1.564,2 m.kr. sem auk launa- og verðlagshækkana eru vegna breytinga á umfangi liðarins. Gert er ráð fyrir að framlög til Vestmannaeyjaferju hækki um 496,2 m.kr. og verði samtals 600 m.kr. Auk þess er gert ráð fyrir að framlag til Landeyjahafnar hækki um 181,2 m.kr. vegna endurskoðaðrar kostnaðaráætlunar. Aðrar breytingar eru minni og nema samtals 8,4 m.kr. til hækkunar.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með frestun á fyrirhuguðum framkvæmdum eða öðrum stofnkostnaði sem nemur 3.700 m.kr. Gert er ráð fyrir að aðhald í vexti rekstrargjalda ráðuneytisins nemi samtals 136 m.kr. og tilfærsluframlaga um 64 m.kr. Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2009 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér fyrir neðan.



Skuldbindandi samningar

Samgönguráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 3.221,3 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að

undanskildu árinu 2008, eru á áætluðu verðlagi ársins 2009 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 5% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2009.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2008	2009	2010	2011	2012
Samningar um áætlunarflug innanlands	B	281,4	317,0	-	-	-
Slysavarnaskóli sjómanna	B	59,6	65,1	-	-	-
Flugvalla- og flugleiðsöguþjónustu	B	1.746,3	1.821,3	-	-	-
Samningar við sérleyfishafa	C	206,6	60,0	60,0	-	-
Rekstur Hríseyjarferjunnar Sævars	C	64,3	66,9	66,9	66,9	-
Rekstur Grímseyjarferjunnar Sæfara	C	65,4	-	-	-	-
Rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs	C	348,6	396,3	396,3	-	-
Rekstur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs	C	130,2	102,2	25,6	-	-
Samningur um Mjóafjarðarferjuna Anný	C	11,2	12,5	12,5	8,3	-
Flutningar til og frá Vigur í Ísafjarðardjúpi	C	9,6	10,5	2,6	-	-
Samningur um rekstur Flugskóla Íslands	C	23,6	26,7	26,7	26,7	-
Flug milli Íslands og Narssarssuaq	C	7,5	6,5	6,5	-	-
Samningur um Vaktstöð siglinga	C	267,0	313,2	313,2	313,2	313,2
Samtals		**3.221,3**	**3.198,2**	**910,3**	**415,1**	**313,2**

Samningar sem bæði samgönguráðuneytið og fjármálaráðuneytið standa að eru merktir með bókstafnum B og er kostnaður vegna þeirra áætlaðar 2.203,4 m.kr. á árinu 2009. Samningar sem samgönguráðuneytið stendur eitt að eru merktir með bókstafnum C og er kostnaður vegna þeirra áætlaður 994,8 m.kr. á næsta ári. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að jafnaði verði um 3 milljarðar króna. bundnir árlega vegna framangreindra verkefna.

Í kjölfar breyttrar verkaskiptingar ráðuneyta Stjórnaráðsins við aðra umræðu fjárlagafrumvarps 2008 færðust þrír samningar frá samgönguráðuneyti yfir til iðnaðarráðuneytis jafnframt því sem fjárveitingar til ferðamála færðust á milli ráðuneytanna. Þetta voru samningar um markaðssetningu Íslands í N-Ameríku, samningur við Grænland og Færeyjar og samningur við sveitarfélög á sviði menningarmála.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir samgönguráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	299,9	319,5	364,7	14,1	21,6
Ýmis verkefni	156,8	160,6	200,7	25,0	28,0
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**456,7**	**485,1**	**570,4**	**17,6**	**24,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 38,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 46,5 m.kr. Helstu breytingar eru þær að á viðfangsefni *1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytisins* eru tvö tímabundin framlög vegna verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins. Annars vegar er lagt til að veitt verði 10 m.kr. framlag til verkefnisins Rafræn eyðublöð stofnana samgönguráðuneytis og hins vegar er lagt til að veitt verði 7 m.kr. framlag til verkefnisins Tilraun með rafrænar sveitarstjórnarkosningar í tveimur sveitarfélögum 2010. Auk þess er gerð tillaga um að veitt verði 10 m.kr. framlag til að sameina þjónustustöðvar Langanesbyggðar, Vegagerðarinnar á Þórshöfn og Flugstoða á Þórshafnarflugvelli en tillagan er hluti af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Þá er gert ráð fyrir 8 m.kr. til aðalskrifstofu ráðuneytisins til að mæta nýjum eða auknum verkefnum.

101 Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 364,7 m.kr. og jafngildir það 12,8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það af tveimur tilefnum. Annars vegar er gert ráð fyrir að veitt verði 8 m.kr. framlag til að mæta nýjum eða auknum verkefnum á aðalskrifstofu. Hins vegar er lagt til að tímabundin 4,8 m.kr. hagræðingarkrafa sem gerð var við aðra umræðu fjárlagafrumvarps 2008 gangi til baka.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 200,7 m.kr. og jafngildir það 26 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Á *1.52 Samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq á Grænlandi* er gerð tillaga um 1 m.kr. lækkun í fjárlögum 2008 var veitt 7,5 m.kr. tímabundið framlag til tveggja ára. Samningur um flugið rennur út í árslok 2009 en samkvæmt honum á ríkið að greiða 6,5 m.kr. árið 2009. Breytingar til hækkunar á framlögum til liðarins eru þessar: Á *190 Ýmis framlög samgönguráðuneytisins* eru tvö tímabundin framlög vegna Íslenska upplýsingasamfélagsins. Annars vegar er gert ráð fyrir 10 m.kr. til verkefnisins Rafræn eyðublöð stofnana samgönguráðuneytis sem hefur að markmiði að auka rafræna þjónustu stofnana ráðuneytisins við borgarana. Verkefnið felur í sér að gera eyðublöð stofnana ráðuneytisins rafræn. Hins vegar er gert ráð fyrir 7 m.kr. framlagi til verkefnisins Tilraun með rafrænar sveitarstjórnarkosningar í tveimur sveitarfélögum 2010. Verkefnið felur í sér að gera kjósendum mögulegt að kjósa með rafrænum hætti á kjörstað.

Þá er gerð tillaga um 10 m.kr. framlag til að sameina þjónustustöðvar Langanesbyggðar, Vegagerðarinnar á Þórshöfn og Flugstoða á Þórshafnarflugvelli í eina þjónustustofnun. Gert er ráð fyrir að hún verði rekin á ábyrgð sveitarfélagsins með samningi við Vegagerðina og Flugstoðir. Áætlað er að störfum fjölgi við þetta um eitt. Tillagan er hluti af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Eftirfarandi tvær töflur gefa yfirlit yfir ýmis verkefni og ýmis framlög samgönguráðuneytisins.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fastanefndir	13,4	9,5	10,3	8,4	-23,1
Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	3,9	1,9	1,9	0,0	-51,3
Slysavarnaskóli sjómanna	51,1	59,6	65,1	9,2	27,4
Flugskóli Íslands	25,6	23,6	26,7	13,1	4,3
Átak í umferðaröryggismálum	0,2	50,0	50,0	0,0	-
Samgöngumiðstöð í Vatnsmýri og RVKflugvelli	7,5	0,0	0,0	-	-100,0
Samn. milli Íslands og Narssarssuaq á Grænl.	12,5	7,5	6,5	-13,3	-48,0
Ýmis framlög samgönguráðuneytis	21,6	8,5	40,2	372,9	86,1
Ferðamannaaðstaða við ferjuhafnir	21,0	0,0	0,0	-	-100,0
Samtals	**156,8**	**160,6**	**200,7**	**25,0**	**28,0**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
10-190-1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis		
Þjónustumiðstöð á Þórshöfn	0,0	11,3
Tilraun með rafrænar sveitarstjórnarkosningar árið 2010	0,0	7,9
Rafræn eyðublöð stofnana samgönguráðuneytis	0,0	11,3
Vegna sameiningar sveitarfélaga og annarra verkefna á sviði sveitarstjórnarmála	0,0	5,1
Óskipt	8,5	4,6
Samtals	**8,5**	**40,2**

Vegamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 211 Rekstur Vegagerðarinnar; 212 Samgönguverkefni; 251 Umferðarstofa og 281 Rannsóknanefnd umferðarslysa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstur Vegagerðarinnar	4.726,7	592,2	685,6	15,8	-85,5
Samgönguverkefni	13.709,7	30.547,7	35.470,3	16,1	158,7
Umferðarstofa	373,1	449,5	458,1	1,9	22,8
Rannsóknanefnd umferðarslysa	29,9	27,1	32,4	19,6	8,4
Samtals	**18.839,4**	**31.616,5**	**36.646,4**	**15,9**	**94,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins að frádregnum sértekjum nemur 36.646,4 m.kr. sem jafngildir 1.013,8 m.kr. hækkun frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 4.016,1 m.kr. Skýring á hækkuninni er aðallega sú að útgjöld Vegagerðarinnar eru áætluð 36.155,9 m.kr. og er það 1.002,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum 2008. Í eftirfarandi undirkafla er gerð nánari grein fyrir breytingum á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokksins.

211 Rekstur Vegagerðarinnar. Gert er ráð fyrir að framlög til liðarins verði 685,6 m.kr. sem er hækkun um 93,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Breytingar á framlögum snerta eftirfarandi viðfangsefni: Gert er ráð fyrir að *1.01* Almennur rekstur hækki um 4,2 m.kr. frá fjárlögum 2008 þegar frá eru taldar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 70,6 m.kr. Á *1.02 Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna* er lögð til 18,6 m.kr. hækkun á fjárheimild til að greiða ríkissjóði þóknun fyrir innheimtu markaðra tekna Vegagerðarinnar. Samkvæmt lögum nemur þóknun 0,5% af tekjunum. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir útgjöld til vegamála.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Almennur rekstur	519,4	529,9	604,7	14,1	16,4
Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna	58,7	62,3	80,9	29,9	37,8
Umdæmi og rekstrardeildir	302,2	0,0	0,0	-	-100,0
Þjónusta	2.711,0	3.349,9	3.756,5	12,1	38,6
Styrkir til ferja og sérleyfishafa	813,1	905,9	1.030,3	13,7	26,7
Styrkir til innanlandsflugs	238,4	281,4	317,0	12,7	33,0
Rannsóknir	83,9	123,5	139,8	13,2	66,6
Viðhald	3.103,5	3.349,6	4.913,8	46,7	58,3
Framkvæmdir	10.606,2	22.537,4	25.312,9	12,3	138,7
Samtals	**18.436,4**	**31.139,9**	**36.155,9**	**16,1**	**96,1**

212 Samgönguverkefni. Gert er ráð fyrir að framlög til liðarins verði 35.470,3 m.kr. Helstu breytingar á framlögum eru þær að á viðfangsefni *1.07 Þjónusta* er gert ráð fyrir 32 m.kr. lækkun fjárveitingar en þar vegast á aukin útgjöld og áform um aðhald í rekstrar-

gjöldum ráðuneytisins. Á *5.10 Viðhald* er lögð til 990,5 m.kr. hækkun en því til viðbótar eru launa- og verðlagshækkanir að fjárhæð 573,7 m.kr. Á *6.10 Framkvæmdir* er gert ráð fyrir 979,8 m.kr. hækkun á framlögum en því til viðbótar eru launa- og verðlagshækkanir að fjárhæð 2.756,9 m.kr. Gert er ráð fyrir að framlög vegna ráðstöfunar á hluta af söluandvirði Landssíma Íslands verði 1.700 m.kr. Lögð er til 1.700 hækkun á fjárheimildum til framkvæmda sem fjármagnaðar eru með sérstakri fjáröflun þannig að þær verði 4.700 m.kr. árið 2009. Þá er gert ráð fyrir 743,6 m.kr. hækkun fjárheimildar sem fjármögnuð er með mörkuðum tekjum. Inn í heildarframlaginu til liðarins er 3.700 m.kr. lækkun fjárveitingar sem hluti af ráðstöfun söluandvirðis Landssíma Íslands til að mæta útgjaldamarkmiðum fjárlagafrumvarpsins.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Heildarfjárveiting til Vegagerðarinnar	31.139,9	36.155,9
Beinar greiðslur úr ríkissjóði		
Jarðgangaátak	3.344,4	4.623,9
Annað ríkisframlag	7.200,0	1.700,0
Styrkir til innanlandsflugs	281,4	317,0
Samtals	**10.825,8**	**6.640,9**
Skil á mörkuðum tekjustofnum	20.314,1	29.440,0
Viðskiptahreyfing á gjaldahlið A-hluta	0,0	75,0
Ráðstöfun markaðra tekna		
Innheimtar tekjur	14.740,0	15.866,0
Afborganir af ferjulánum, v. Hvalfjarðarganga og vegna skuldar frá 1999	-188,2	-306,2
Viðskiptahreyfing (inneign, skuld)	5.762,3	13.880,2
Greitt úr ríkissjóði	20.314,1	29.440,0

Gert er ráð fyrir að heildarfjárveiting til Vegagerðarinnar verði 36.155,9 m.kr. árið 2009. Hún er fjármögnuð í fyrsta lagi með 6.640,9 m.kr. greiðslu úr ríkissjóði sem skiptist þannig að 4.623,9 m.kr. eru vegna jarðgangaátaks, 1.700 m.kr. eru í samræmi við það sem gert er ráð fyrir að ráðstafa til vegaframkvæmda af söluandvirði Landssíma Íslands og að lokum eru 317 m.kr. vegna styrkja til innanlandsflugs. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að fjárveiting Vegagerðarinnar verði fjármögnuð með mörkuðum tekjustofnum að fjárhæð 29.440 m.kr. Reiknað er með að innheimtar markaðar tekjur verði 15.866 m.kr. og að frádregnum 306,2 m.kr., vegna afborgana af lánum, þá stendur eftir viðskiptahreyfing að fjárhæð 13.574 m.kr. sem færist á tekjuhlið ríkissjóðs. Þessi viðskiptahreyfing er í raun tekjur Vegagerðarinnar í framtíðinni sem greiddar eru úr ríkissjóði á árinu 2009 til að uppfylla skil á mörkuðum tekjustofnum gagnvart heildarfjárveitingu Vegagerðarinnar fyrir árið 2009. Frá árinu 2006 hafa slíkar greiðslur úr ríkissjóði vegna tekna Vegagerðarinnar í framtíðinni vaxið úr því að vera engar í það að vera rúmlega 13.574 m.kr. á næsta ári. Í þriðja lagi er

síðan gert ráð fyrir 75 m.kr. í afskriftir markaðra tekna. Í töflunni hér á undan má sjá hvernig heildarfjárveiting til Vegagerðarinnar er fjármögnuð en einnig er hægt að sjá yfirlit yfir markaðar tekjur í séryfirliti 3 í fjárlagafrumvarpinu.

251 Umferðarstofa. Gert er ráð fyrir að framlög til liðarins verði 458,1 m.kr. og jafngildir það 8,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun Umferðastofu er gert ráð fyrir að heildartekjurnar verði 458,1 m.kr. eða 117,5 m.kr. lægri en í fjárlögum 2008. Í ljósi þess er svigrúm til að auka útgjöldin um 8,6 m.kr. frá því í fjárlögum 2008.

281 Rannsóknanefnd umferðarslysa. Gert er ráð fyrir að framlög til liðarins verði 32,4 m.kr. og jafngildir það 2,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Er sú hækkun vegna fjölgunar starfsfólks og aukins skrifstofukostnaðar. Framlagið er millifært frá viðfangsefni *10-481-1.01 Rannsóknarnefnd flugslysa*

Siglingamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 335 Siglingastofnun Íslands; 336 Hafnarframkvæmdir og 381 Rannsóknanefnd sjóslysa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Siglingastofnun Íslands	795,1	915,8	1.051,7	14,8	32,3
Hafnarframkvæmdir	858,3	2.109,4	2.501,5	18,6	191,4
Rannsóknanefnd sjóslysa	30,4	38,2	42,5	11,3	39,8
Samtals	**1.683,8**	**3.063,4**	**3.595,7**	**17,4**	**113,5**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 307,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 224,9 m.kr. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 600 m.kr. fjárveitingu til smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju en verkefnið mun verða á hendi ríkisins en ekki í einkaframkvæmd eins og gert er ráð fyrir í viðauka við samgönguáætlun 2007-2010. Áætlað er fyrir 181,2 m.kr. hækkun fjárveitingar til Landeyjahafnar en á móti koma 315,5 m.kr. lækkun fjárveitingar til Hafnarbótarsjóðs og 72,3 m.kr. lækkun til tollaðstöðu á Seyðisfirði.

335 Siglingastofnun Íslands. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 1.051,7 m.kr. og jafngildir það 17,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs þegar frá eru taldar launa- og verðlagshækkanir að fjárhæð 118,4 m.kr. Breytingar á framlögum til liðarins eru þessar. Á *1.01 Almennur rekstur* er gert ráð fyrir 1,9 m.kr. lækkun fjárveitingar. Breytingin skýrist með 3,6 m.kr. hækkun á framlagi vegna breyt-

inga á umfangi liðarins og 1 m.kr. framlagi til kennslu á frístundaskip og skemmtibáta. Á móti er gert ráð fyrir að niður falli 6,5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var vegna verkefnisins, Surtsey á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Á *6.60 Vitabyggingar* er lögð til 7,6 m.kr. hækkun á fjárveitingu til að hraða uppbyggingu AIS-kerfisins sem væntanlega mun taka við af sjálfvirku tilkynningaskyldunni í framtíðinni. Á *6.80 Sjóvarnargarðar* er lögð til 11,8 m.kr. hækkun en úttektir Siglingastofnunar hafa sýnt að ekki má slá slöku við í vörnum gegn landbroti af völdum ágangs sjávar.

336 ***Hafnarframkvæmdir.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 2.501,5 m.kr. og jafngildir það 289,9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs þegar frá eru taldar launa- og verðlagshækkanir að fjárhæð 102,2 m.kr. Breytingar til hækkunar á framlögum til liðarins eru þessar: Á viðfangi *6.81 Vestmannaeyjaferja* er lögð til 496,2 m.kr. hækkun framlags en á árinu 2009 er gert ráð fyrir 600 m.kr. fjárveitingu til smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju. Fyrirhugað var að ný Vestmannaeyjaferja yrði boðin út í einkaframkvæmd en þar sem viðunandi tilboð bárust ekki var hætt við það. Þess í stað hefur verið ákveðið að ferjan verði í eigu ríkisins og er smíði hennar boðin út í ár en reksturinn síðar. Áætlaður kostnaður við smíði ferjunnar er um 3 milljarðar króna og er gert ráð fyrir smíðakostnaðurinn verði um 1.100 m.kr. á árinu 2008, 600 m.kr. á árinu 2009 og 1.300 m.kr. á árinu 2010. Á *6.72 Landeyjahöfn* er lögð til 181,2 m.kr. hækkun fjárveitingar. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að heildarkostnaðurinn verði 2.900 m.kr. sem mun skiptast þannig: 1.145 m.kr. árin 2007 og 2008, 1.016,2 m.kr. árið 2009 og 739 m.kr. árið 2010. Í fjárlögum 2008 var 835 m.kr. veitt til verkefnisins. Á *6.73 Tollaðstaða á Seyðisfirði* er lögð til 7,7 m.kr. tímabundin hækkun framlags vegna 264 m^2 stækkunar húsnæðis. Á *6.76 Ferjubryggjur* er að lokum gert ráð fyrir 0,6 m.kr. hækkun fjárveitingar. Breytingar til lækkunar á framlögum til liðarins eru þessar: Á *6.70 Hafnarbótarsjóður* er gert ráð fyrir 315,5 m.kr. lækkun fjárveitingar. Þar af gengur til baka tímabundin 200 m.kr. frestun stofnkostnaðar sem ákveðin var í fjárlögum 2008. Undir þennan lið falla bæði A- og B-deild Hafnabótasjóðs þ.e.a.s. Hafnamannvirki og Hafnabótasjóður. Heildarframlög til þessara verkefna í fjárlögum 2008 voru 1.059,8 m.kr. en verða 744,3 m.kr. árið 2009 samkvæmt frumvarpinu. Á *6.73 Tollaðstaða á Seyðisfirði* er lagt til að tímabundin framlög að fjárhæð 60 m.kr. og 20 m.kr. sem veitt voru í fjárlögum 2008 falli niður. Á *6.74 Lendingabætur* er lögð til 0,3 m.kr. lækkun framlags.

Flugmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 471 Flugmálastjórn Íslands; 475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta og 481 Rannsóknanefnd flugslysa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Flugmálastjórn Íslands	519,1	403,4	479,2	18,8	-7,7
Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	4.379,5	6.383,6	4.316,5	-32,4	-1,4
Rannsóknanefnd flugslysa	38,5	42,1	43,7	3,8	13,5
Samtals	**4.937,1**	**6.829,1**	**4.839,4**	**-29,1**	**-2,0**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins lækkar um 2.467,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 477,9 m.kr. Helstu breytingar eru allar til lækkunar á framlögum en á lið Flugvalla og flugleiðsöguþjónustu er gert ráð fyrir að tímabundið 661 m.kr. framlag vegna flýtingar framkvæmda á Akureyrarflugvelli og tímabundið 456,7 m.kr. framlag vegna flughlaða við fyrirhugaða samgöngumiðstöð í Reykjavík falli niður. Sömuleiðis er ráðgert að tímabundið 290 m.kr. tilfærsluframlag fjárlaga 2008, vegna stofnkostnaðar Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli, falli niður. Lagt er til að tímabundið 280 m.kr. framlag til viðhaldsliðar Flugvalla- og flugleiðsöguþjónustu, vegna flýtingar framkvæmda á samgönguáætlun sem mótvægisaðgerð vegna niðurskurðar á þorskkvóta, falli einnig niður. Gert er ráð fyrir að niður falli tímabundið 250 m.kr. framlag sem veitt var á fjárlögum 2008 á lið Flugvalla og flugleiðsöguþjónustu vegna framkvæmda við NA/SV brautar á Keflavíkurflugvelli. Þá er lögð til 219.6 m.kr. lækkun fjárveitingar til Keflavíkurflugvallar en samkvæmt endurskoðaðri ríkistekjuáætlun er gert ráð fyrir að markaðar tekjur Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli lækki um 219,6 m.kr. og verði 1.006,6 m.kr. Að lokum er gert ráð fyrir 169,8 m.kr. lækkun fjárveitingar til framkvæmdaliðar Flugvalla og flugleiðsöguþjónustu. Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir breytingum á fjárveitingum til einstakra fjárlagaliða málefnaflokksins.

471 ***Flugmálastjórn Íslands.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 479,2 m.kr. og jafngildir það 25,9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs þegar frá eru taldar launa- og verðlagshækkanir að fjárhæð 49,9 m.kr. Hækkunin skýrist af 23 m.kr. millifærslu á liðinn af *10-475-1.11 Keflavíkurflugvöllur* vegna tilfærslu verkefna milli Flugmálastjórnar Íslands og Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli á sviðum flugverndar og flugleiðsögu. Jafnframt er lögð til 4,1 m.kr. hækkun á framlagi vegna breytinga á umfangi liðarins. Á móti þessu er gert ráð fyrir 1,2 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna markmiðs um aðhald í vexti rekstrargjalda ráðuneytisins.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Heildarfjárveiting til flugvallaliða 10-471 og 10-475	6.787,0	4.795,7
Beinar greiðslur úr ríkissjóði	2.772,0	2.557,5
Skil á mörkuðum tekjustofnum	4.015,0	2.238,2
Viðskiptahreyfing á gjaldahlið A-hluta	0,0	0,0
Ráðstöfun markaðra tekna		
Innheimtar tekjur	2.653,2	2.478,6
Afborganir lána	-115,0	-480,0
Viðskiptahreyfing (inneign, skuld)	1.476,8	239,6
Greitt úr ríkissjóði	4.015,0	2.238,2

Gert er ráð fyrir að heildarfjárveiting til flugvallaliða *10-471 Flugmálastjórn Íslands* og *10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta* verði 4.795,7 m.kr. á árinu 2009. Fjárveitingin er fjármögnuð annars vegar með 2.557,5 m.kr. greiðslu úr ríkissjóði og hins vegar með mörkuðum tekjum að fjárhæð 2.238,2 m.kr. Reiknað er með að innheimtar markaðar tekjur verði 2.478,6 m.kr. Að frádregnum 480 m.kr., vegna afborgana af lánum, stendur eftir viðskiptahreyfing að fjárhæð 239,6 m.kr. sem færist á tekjuhlið ríkissjóðs.

*475 **Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 4.316,5 m.kr. og jafngildir það 2.490,9 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs þegar frá eru taldar launa- og verðlagshækkanir að fjárhæð 423,8 m.kr. Á *1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta* er tillaga um 5,3 m.kr. hækkun auk 142,9 m.kr. til launa- og verðlagshækkana. Skýrist það af því að gert er ráð fyrir 5,3 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna breytinga á umfangi liðarins. Aðrar breytingar á framlögum til liðarins eru til lækkunar en þær eru þessar: Á *6.41 Framkvæmdir* er lögð til 1.599,8 m.kr. lækkun en á móti koma 49,3 m.kr. til launa- og verðlagshækkana. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að tímabundið 661 m.kr. framlag vegna flýtingar framkvæmda á Akureyrarflugvelli falli niður. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að tímabundið 456,7 m.kr. framlag sem veitt var vegna flughlaða við fyrirhugaða samgöngumiðstöð í Reykjavík falli niður. Í þriðja lagi er miðað við að niður falli tímabundið 250 m.kr. framlag vegna norðaustur/suðvestur brautar á Keflavíkurflugvelli. Í fjórða lagi er lögð til 169,8 m.kr. lækkun í samræmi við viðauka við samgönguáætlun og í fimmta lagi er gert ráð fyrir að niður falli tímabundið 62,3 m.kr. framlag til að bæta aðstöðu innanlandsflugs. Á *1.11 Keflavíkurflugvöllur* er gert ráð fyrir 540,4 m.kr. lækkun fjárveitingar og eru launa- og verðlagshækkanir að fjárhæð 224,6 m.kr. þá ótaldar. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að tímabundið tilfærsluframlag að fjárhæð 290 m.kr. vegna stofnkostnaðar Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli í B-hluta falli niður. Í öðru lagi er lögð til 219.6 m.kr. lækkun á fjárveitingu í samræmi við áætlun um minni tekjur sam-

kvæmt endurskoðaðri áætlun um að ríkistekjur verði alls 1.006,6 m.kr. árið 2009. Í þriðja lagi er tillaga um að 23 m.kr. verði millifærðar yfir á *10-471 Flugmálastjórn Íslands* vegna tilfærslu verkefna milli Flugmálastjórnar Íslands og Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli. Að lokum er gert ráð fyrir 7,8 m.kr. lækkun framlaga vegna breytinga á umfangi viðfangsefnisins og aðhaldsmarkmiða. Á *5.41 Viðhald* er gert ráð fyrir 356 m.kr. lækkun fjárveitingar en á móti koma 7 m.kr. til launa- og verðlagshækkana. Skýringin er annars vegar sú að 280 m.kr. tímabundið framlag, vegna flýtingar framkvæmda á samgönguáætlun sem mótvægisaðgerð vegna niðurskurðar á þorskkvóta á árinu 2008, fellur niður. Hins vegar er lögð til 76 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna breytinga á umfangi liðarins.

481 Rannsóknanefnd flugslysa. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 43,7 m.kr. og jafngildir það 2,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Lækkunin skýrist af því að gert ráð fyrir að samtals færist 2,6 m.kr. framlag yfir á lið *10-281-1.01 Rannsóknanefnd umferðaslysa* vegna breyttra áherslna ráðuneytisins.

Póst- og fjarskiptamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 512 Póst- og fjarskiptastofnunin; 513 Jöfnunarsjóður alþjónustu og 521 Fjarskiptasjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Póst- og fjarskiptastofnunin	254,5	288,7	289,3	0,2	13,7
Jöfnunarsjóður alþjónustu	0,0	0,0	208,0	-	-
Fjarskiptasjóður	339,5	440,0	410,0	-6,8	20,8
Samtals	**594,0**	**728,7**	**907,3**	**24,5**	**52,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 152 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 26,6 m.kr. Helstu breytingar er þær að gert er ráð fyrir að fjárlagagrunnur Jöfnunarsjóðs alþjónustu, að fjárhæð 26 m.kr., verði millifærður frá Póst- og fjarskiptastofnun á nýjan fjárlagalið *10-513 Jöfnunarsjóður alþjónustu.* Jafnframt gert ráð fyrir 182 m.kr. fjárveitingu til sjóðsins en í endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur af jöfnunargjaldi vegna alþjónustu er gert ráð fyrir að tekjurnar hækki um 182 m.kr.

512 Póst- og fjarskiptastofnunin. Lagt er til að framlög til þessa liðar verði 289,3 m.kr. sem er 26 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Hún skýrist af millifærslu á 26 m.kr. fjárlagagrunni Jöfnunarsjóðs alþjónustu frá Póst- og fjarskiptastofnun á nýjan fjárlagalið *10-513 Jöfnunarsjóður alþjónustu.* Sjóðurinn hefur verið í vörslu

Póst- og fjarskiptastofnunarinnar og fé úr honum verið greitt til fjarskiptafélaga sem hafa kostnað af því að veita alþjónustu á sviði fjarskiptamála.

513 Jöfnunarsjóður alþjónustu. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa nýja fjárlagaliðar verði 208 m.kr. Breytingar á framlögum til liðarins skýrast af tveimur tilefnum. Annars vegar er gert ráð fyrir því að 26 m.kr. fjárlagagrunnur Jöfnunarsjóðs alþjónustu verði millifærður frá Póst- og fjarskiptastofnun á þennan nýjan lið. Hins vegar er gert ráð fyrir 182 m.kr. viðbótar fjárveitingu til liðarins en í endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur af jöfnunargjaldi vegna alþjónustu fjarskiptafyrirtækja er gert ráð fyrir að tekjur af gjaldinu hækki um 182 m.kr. frá fjárlögum 2008.

521 Fjarskiptasjóður. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 410 m.kr. og jafngildir það 30 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það af því að áætlað er að Fjarskiptasjóður hafi 90 m.kr. vaxtatekjur af inneign hjá ríkissjóði en það eru 30 m.kr. hærri tekjur en reiknað er með í fjárlögum 2008. Beint framlag ríkissjóðs til verkefna og reksturs sjóðsins lækkar sem því nemur.

Sveitarstjórnarmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og 811 Bjargráðasjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	11.830,2	12.176,0	10.747,0	-11,7	-9,2
Bjargráðasjóður	10,0	10,0	10,0	0,0	0,0
Samtals	**11.840,2**	**12.186,0**	**10.757,0**	**-11,7**	**-9,1**

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 10.747 m.kr. og lækki um 1.429 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Breytingar til lækkunar á framlögum til liðarins eru þessar: Á viðfangsefni *1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög* er gert ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 161 m.kr. á milli ára að meðtöldum launa- og verðlagshækkunum að fjárhæð 556,3 m.kr. Sú áætlun miðast við spá um að skatttekjur verði 387.953 m.kr. á verðlagi næsta árs og að álagningarstofn útsvars verði 791.982 m.kr., en þá er reiknað með 9% hækkun álagningarstofnsins milli tekjuáranna 2007 og 2008. Lögbundin framlög ríkisins til Jöfnunarsjóðs eru ákvörðuð með tvennum hætti samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Annars vegar er það með framlagi úr ríkissjóði sem er 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs og hins vegar með framlagi sem er 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs. Á viðfangi *1.11 Jöfnunarsjóður sveitar-*

félaga, sérstök viðbótarframlög er í fyrsta lagi miðað við að fella niður tímabundið viðbótarframlag að fjárhæð 700 m.kr. sem veitt var árin 2007-2008 til að hækka framlög sjóðsins til sveitarfélaga sem orðið hafa fyrir fólksfækkun. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að niður falli 700 m.kr. tímabundið viðbótarframlag sem veitt var að tillögu tekjustofnanefndar árin 2006-2008. Í þriðja og síðasta lagi er áætlað að fella niður 300 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga sbr. viljayfirlýsingu félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2004. Á móti þessum lækkunum er gerð tillaga um 432 m.kr. framlag til sjóðsins vegna hlutdeildar ríkisins í hækkun húsaleigubóta hjá sveitarfélögum í samræmi við samkomulag við Samband íslenskra sveitarfélaga um ýmsar aðgerðir í húsnæðismálum. Þar á meðal er gert ráð fyrir að húsaleigubætur sveitarfélaganna hækki frá 1. apríl þannig að hámarksbætur hækki úr 31 þús. kr. á mánuði í 46 þús. kr. Því til viðbótar hækka sérstakar húsaleigubætur og geta að húsaleigubótunum meðtöldum orðið að hámarki 70 þús. kr. á mánuði í stað 50 þús. kr. Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði 60% af viðbótarkostnaðinum og sveitarfélögin 40%.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
10-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

11 Iðnaðarráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun iðnaðarráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:


Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.320,9	1.558,5	1.857,1	19	41
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3.686,5	3.939,9	4.623,1	17	25
Stofnkostnaður og viðhald	2,9			-	-
Samtals	**5.010,3**	**5.498,4**	**6.480,2**	**18**	**29**
Greitt úr ríkissjóði	-	5.182,6	6.120,8	18	-
Innheimt af ríkistekjum	-	315,8	359,4	14	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**5.498,4**	**6.480,2**	**18**	-

Heildargjöld iðnaðarráðuneytis árið 2009 eru áætluð um 7.460 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 980 m.kr. en þær nema 13,1% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 6.480 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 6.121 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 360 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.857,1 m.kr. og hækka um 298,6 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana að fjárhæð 198,9 m.kr. munar þar mest um að gert er ráð fyrir 157 m.kr. tímabundnu framlagi til að kosta hluta af vísindaþætti djúpborunarverkefnis og 58,8 m.kr. tímabundnu framlagi vegna undirbúnings greinargerðar til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna um mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna. Þá er lögð til 40,7 m.kr. fjárveiting til Samtaka iðnaðarins þar sem endurskoðuð tekjuáætlun af iðnaðarmálagjaldi gerir ráð fyrir 40,7 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2008. Á móti falla niður nokkur tímabundin framlög til Orkustofnunar en þar ber helst að nefna 60 m.kr. vegna vinnu við rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða, 46,2 m.kr. til undirbúnings olíuleitar á Drekasvæði við Jan Mayen hrygg og 30 m.kr. vegna undirbúnings greinargerðar til landgrunnsnefndar S.Þ. Aðrar breytingar eru minni og nema samtals 20,6 m.kr. til lækkunar.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 683,2 m.kr. og verða 4.623,1 m.kr. en eru 3.939,9 m.kr. í fjárlögum ársins 2008. Auk launa- og verðlagshækkana að fjárhæð 306,9 m.kr. munar þar mest um 100 m.kr. tímabundna fjárveitingu til eflingar atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni og 90 m.kr. til Tækniþróunarsjóðs í samræmi við ákvörðun stjórnvalda um eflingu samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni. Þá er gert ráð fyrir 75 m.kr. fjárveitingu til markaðssóknar í íslenskri ferðaþjónustu og eflingar hennar og 50 m.kr. vegna endurgreiðslna til kvikmyndagerðar á Íslandi. Aðrar breytingar eru minni og nema samtals 61,3 m.kr. til hækkunar.

Vikið er nánar að helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2009 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Iðnaðarráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 474,2 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2008, eru á áætluðu verðlagi ársins 2009 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 6,4% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2009.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2008	2009	2010	2011	2012
Markaðssetning Íslands í N-Ameríku	C	47,1	-	-	-	-
Markaðssetning Íslands í Evrópu	C	78,6	-	-	-	-
Samningar við Grænland og Færeyjar	C	14,5	20,1	20,1	-	-
Menningarsamningar við samtök sveitarfélaga	C	68,0	68,0	-	-	-
Samn. um framl. til Hönnunarmiðst. Íslands	C	10,0	10,0	10,0	-	-
Vaxtarsamningar	C	170,0	130,0	90,0	-	-
Háskólasetur Vestfjarða	C	18,0	18,0	18,0	-	-
Fræðslunet Austurlands	C	18,0	18,0	18,0	-	-
Norrænt samstarf NPP/NORA	C	50,0	50,0	50,0	-	-
Samtals		**474,2**	**314,1**	**206,1**	**0,0**	**0,0**

Áætlað er að kostnaður vegna samninga sem iðnaðarráðuneytið stendur eitt að verði 314,1 m.kr. en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni. Gera má ráð fyrir að þeir

samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur, þannig að til jafnaðar verði nálægt 300 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir iðnaðarráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Iðnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	149,8	211,3	239,4	13,3	59,8
Ráðstöfunarfé	129,1	8,0	8,0	0,0	-93,8
Samtals	**278,9**	**219,3**	**247,4**	**12,8**	**-11,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 8,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 20 m.kr. Munar þar mest um að gert er ráð fyrir að veita aðalskrifstofu ráðuneytisins tímabundið 5 m.kr. framlag vegna verkefna ráðuneytisins tengdum formennsku Íslands í norrænu ráðherranefndinni.

101 Iðnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 239,4 m.kr. og jafngildir það 8,1 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist það af tveimur tilefnum. Annars vegar er lagt til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár vegna verkefna ráðuneytisins tengdum formennsku Íslands í norrænu ráðherranefndinni árið 2009. Hins vegar gengur til baka tímabundin 3,1 m.kr. hagræðingarkrafa.

Iðnaðarmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands; 240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja; 242 Tækniþróunarsjóður; 245 Samtök iðnaðarins; 251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi og 299 Iðja og iðnaður, framlög.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	160,3	382,6	458,2	19,8	185,8
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	6,8	17,0	10,1	-40,6	48,5
Tækniþróunarsjóður	427,5	600,0	690,0	15,0	61,4
Samtök iðnaðarins	370,7	259,3	300,0	15,7	-19,1
Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi	187,1	75,0	125,0	66,7	-33,2
Iðja og iðnaður, framlög	193,4	257,7	317,9	23,4	64,4
Samtals	**1.345,8**	**1.591,6**	**1.901,2**	**19,5**	**41,3**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 232,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 77,3 m.kr. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að fjárveiting til Tækniþróunarsjóðs hækki um 90 m.kr. vegna ákvörðunar stjórnvalda að efla samkeppnissjóði- og sviði vísinda og tækni. Gert er ráð fyrir 50 m.kr. tímabundinni hækkun á framlagi til endurgreiðslna á hluta af framleiðslukostnaði vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Lögð er til 40,7 m.kr. hækkun til Samtaka iðnaðarins þar sem endurskoðuð tekjuáætlun gerir ráð fyrir að tekjur af iðnaðarmálagjaldi hækki um 40,7 m.kr. frá fjárlögum 2008. Þá er lagt til að veitt verði 35 m.kr. framlag til ýmissa framlaga iðnaðarráðuneytisins vegna nýsköpunar og markaðsmála á Austurlandi. Að lokum er gert ráð fyrir 22 m.kr. framlagi til að koma á fót starfsstöð Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Sauðárkróki. Í eftirfarandi undirkafla er gerð nánari grein fyrir breytingum.

205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 458,2 m.kr. og jafngildir það 9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar til hækkunar er þessar: Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 22 m.kr. framlagi í því skyni að koma á fót starfstöð Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Sauðárkróki. Framlaginu er ætlað að kosta þrjá sérfræðinga og starf framkvæmdastjóra þannig að störfum fjölgar um fjögur vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 10 m.kr. framlag í því skyni að koma á fót starfsstöð Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands fyrir Þingeyjasýslur á Húsavík. Gert er ráð fyrir að stöðin, í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og fleiri aðila, vinni að myndun klasasamstarfs þeirra aðila á svæðinu sem vinna að málefnum nýsköpunar og þróunar í þágu atvinnulífsins á Norðausturlandi. Áætlað er að störfum fjölgi við þetta um tvö. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 3 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til verkefnisins Gagnvirk þjónustumiðstöð fyrir einstaklinga og fyrirtæki um stofnun og rekstur fyrirtækja. Um er að ræða úthlutun af framlagi Íslenska upplýsingasamfélagsins árið 2009. Í árslok 2003 var opnuð ný heimasíða Impru þar sem unnið

út frá hugmyndum um gagnvirka handleiðslu. Hér er um að ræða áframhaldandi þróun og endurnýjun þjónustunnar. Breytingar til lækkunar á framlögum til liðarins eru þær að annars vegar er gert ráð fyrir að tímabundið 20 m.kr. framlag til Impru vegna námskeiðahalds fyrir athafnakonur á árinu 2008 falli niður og hins vegar að tímabundið 6 m.kr. framlag í fjárlögum 2008 til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins falli niður.

*240 **Iðnaðarrannsóknir og stóriðja.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 10,1 m.kr. og jafngildir það 7 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs sem er til komin vegna hagræðingarkröfu.

*242 **Tækniþróunarsjóður.*** Lagt er til að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 690 m.kr. og jafngildir það 90 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum 2008. Það felur í sér að fjárveiting sjóðsins hækki um 90 m.kr. í samræmi við tillögur stjórnvalda um eflingu samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni árin 2008-2011. Gert er ráð fyrir að fjárframlög til fjárlagaliðarins verði samtals 690 m.kr. árið 2009, 800 m.kr. árið 2010 og 874 m.kr. árið 2011.

*245 **Samtök iðnaðarins.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 300 m.kr. og jafngildir það 40,7 m.kr. raunhækkun. Skýrist hún af endurskoðaðri tekjuáætlun vegna iðnaðarmálagjalds um að tekjur af gjaldinu verði 300 m.kr. á árinu 2009 í stað 259,3 m.kr. eins og gert var ráð fyrir í fjárlögum 2008.

*251 **Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.*** Lagt er til að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 125 m.kr. og jafngildir það 50 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Um er að ræða tímabundna hækkun til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi en heimilt er að endurgreiða úr ríkissjóði 14% af framleiðslukostnaði sem til fellur við framleiðslu kvikmynda eða sjónvarpsefnis hér á landi. Ljóst er að samkvæmt samþykktum umsóknum um endurgreiðslu kvikmynda sem nú eru í framleiðslu og umsókna sem nú eru í umsóknaferli munu endurgreiðslur á árinu 2009 nema allt að 125 m.kr. eða 50 m.kr. umfram fjárveitingu í fjárlögum 2008.

*299 **Iðja og iðnaður, framlög.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 317,9 m.kr. og jafngildir það 49,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar til hækkunar á framlögum til liðarins eru þessar: Á *1.48 Átak til atvinnusköpunar* er lögð til 5 m.kr. hækkun í samræmi við tillögur stjórnvalda um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni fyrir árin 2008-2011. Gert er ráð fyrir að fjárframlög til viðfangsefnisins verði samtals 80 m.kr. árið 2009. Á *1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis* er tillaga um 45 m.kr.

hækkun og verði þeim 94,7 m.kr. sem verða þá til ráðstöfunar á viðfangsefnaliðnum skipt eins og fram kemur í næstu töflu. Hækkunin skiptist þannig að annars vegar er lagt til að veitt verði 35 m.kr. framlag í því skyni að ýta undir nýsköpun í atvinnulífi í fámennum byggðum á Austurlandi og að aðstoða ferðaþjónustufyrirtæki á svæðinu við að þróa hugmyndir sínar um nýsköpun í ferðaþjónustu. Áætlað er að störfum fjölgi um þrjú vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Hins vegar er lagt til að veitt verði 10 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár vegna þjónustusamnings um reksturs Hönnunarmiðstöðvar Íslands. Tilgangur hennar er að vera kynningar- og upplýsingamiðstöð fyrir hönnun og arkitektúr og að örva og styðja samstarf milli hönnuða, arkitekta og atvinnulífs. Á móti er gert ráð fyrir 0,4 m.kr. lækkun á framlagi á viðfangsefni *1.19 Staðlaráð* í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af tryggingagjaldi.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
11-299-1.98 Ýmis framlög iðnaðarráðuneytis		
Íslandskynning í Brussel	5,0	0,0
Verkefni á sviði hönnunarmála	10,0	0,0
Verkefni á sviði atvinnuþróunarmála	8,5	20,0
Verkefni á sviðið nýsköpunarmála	20,0	23,0
Kynningarmál	2,2	2,7
Jafnréttismál	3,0	3,2
Hönnunarmiðstöð Íslands	0,0	10,0
Nýsköpun og markaðsmál á Austurlandi	0,0	35,0
Hátæknivettvangur	0,0	3,5
Samtals	**48,7**	**97,4**

Orkumál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Orkustofnun; 371 Orkusjóður; 373 Niðurgreiðslur á húshitun; 375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu við raforku og 399 Ýmis orkumál.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Orkustofnun	519,8	579,9	736,7	27,0	41,7
Orkusjóður	33,0	34,1	36,0	5,6	9,1
Niðurgreiðslur á húshitun	1.055,3	1.135,0	1.285,0	13,2	21,8
Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	249,6	245,0	245,0	0,0	-1,8
Ýmis orkumál	53,8	197,7	174,6	-11,7	224,5
Samtals	**1.911,5**	**2.191,7**	**2.477,3**	**13,0**	**29,6**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 64,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 221 m.kr. Helstu raunbreytingar eru þær að gert er ráð fyrir 157 m.kr. tímabundnu framlagi til Orkustofnunar til að kosta hluta af vísindaþætti djúpborunarverkefnis. Þá er gert ráð fyrir að Orkustofnun verði veitt 58,8 m.kr. tímabundið framlag til undirbúnings greinargerðar til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna um mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna. Auk þess er gert ráð fyrir að niður falli 60 m.kr. tímabundin fjárveiting til Orkustofnunar vegna vinnu við rammaáætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða, 46,2 m.kr. fjárveiting vegna undirbúnings olíuleitar á Drekasvæði og 30 m.kr. framlag vegna undirbúnings greinargerðar til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna. Í eftirfarandi undirkafla er gerð nánari grein fyrir breytingum.

*301 **Orkustofnun.*** Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 736,7 m.kr. og jafngildir það 89,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Á liðnum eru þrjár tillögur til hækkunar. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 157 m.kr. tímabundið framlag til að kosta hluta af vísindaþætti djúpborunarverkefnis í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar. Markmiðið er að kanna hugsanlega nýtingu varma úr rótum háhitakerfa á allt að 5 km. dýpi og virkja með því móti mun meiri orku úr háhitanum en áður hefur verið gert. Samkvæmt kostnaðaráætlun verður hlutdeild ríkissjóðs 157 m.kr. á árinu 2009 og 162 m.kr. árið 2010 sem er síðasta ár verkefnisins. Í öðru lagi er óskað eftir 58,8 m.kr. tímabundnu framlagi til undirbúnings greinargerðar til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna um mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna. Fjárþörf verkefnisins er talin nema 132,3 m.kr. og dreifist þannig: 2007 14,7 m.kr., 2008 58,8 m.kr. og 2009 58,8 m.kr. Farið er fram á veitt verði 58,8 m.kr. til verkefnisins á árinu 2009 auk þess sem sótt verður um 58,8 m.kr. fjárheimild í fjáraukalögum 2008 þar sem það láðist að sækja um heimildina í fjárlögum. Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 10 m.kr. til nýrra verkefna Orkustofnunar. Á lið Orkustofnunar eru þrjár tillögur til lækkunar framlaga. Í fyrsta lagi að 60 m.kr. tímabundin fjárveiting í fjárlögum 2008, vegna vinnu við rammaáætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða, falli niður enda gert ráð fyrir að verkefninu ljúki árið 2009. Það ár á verkefnisstjórn að skila skýrslu til iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra um heildarmat og flokkun á þeim kostum sem teknir hafa verið fyrir við 1. og 2. áfanga rammaáætlunarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Í öðru lagi er lagt til að framlag vegna undirbúnings olíuleitar á Drekasvæðinu við Jan Mayen hrygg lækki um 46,2 m.kr. í samræmi við kostnaðaráætlun verkefnisins og verði 55 m.kr. Framlag til Orkustofnunar vegna olíuleitar var á fjárlögum ársins 2008 101,4 m.kr. Ríkisstjórnin samþykkti á árinu 2005 að hefja undirbúning olíuleitar á Drekasvæðinu og verja til þess 55 m.kr. árið 2009 vegna stjórnsýslu og kaupa á ráðgjöf við undirbúning á úthlutun leyfa til rannsóknar- og vinnslu kolvetnis á Drekasvæðinu. Í þriðja lagi er lagt til að tímabundið framlag að fjárhæð 30

m.kr. vegna undirbúnings greinagerðar til landgrunnsnefndar S.Þ. um mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna lækki um 30 m.kr. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til verkefnisins árið 2009 verði 28,8 m.kr. í stað 58,8 m.kr.

*399 **Ýmis orkumál.*** Lagt er til að þessi liður fái 174,6 m.kr. fjárheimild og felur það í sér 25 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist lækkunin af tveimur tilefnum. Annars vegar að 15 m.kr. framlag á *1.13 Hafsbotnsrannsóknir* falli niður í samræmi við kostnaðaráætlun vegna vinnu við greinagerð til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna um mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna. Hins vegar er að *1.22 Vistvænir orkugjafar* lækki um 10 m.kr. vegna aðhaldskröfu og breyttra áherslna ráðuneytisins. Fyrirhugað er að ráðstafa safnliðnum *1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis verkefni iðnaðarráðuneytisins* eins og fram kemur í töflunni á eftir.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
11-399-1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis		
Kynningar- og útgáfukostnaður	1,0	0,0
Loftslagsmál	3,0	0,0
Hitaveitulög	2,0	0,0
Úrskurðar- og samráðsnefnd um framkvæmd raforkulaga	3,5	3,7
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	3,0	7,0
Olíumál	5,8	2,5
Alþjóðlegt samstarf	0,0	4,3
Erlendir orkusamningar	7,0	5,0
Norræn verkefni	2,0	5,0
Samtals	**27,3**	**27,5**

Byggðamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Byggðaáætlun og 411 Byggðastofnun.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Byggðaáætlun	330,5	439,9	475,4	8,1	43,8
Byggðastofnun	466,3	386,3	528,0	36,7	13,2
Samtals	**796,8**	**826,2**	**1.003,4**	**21,4**	**25,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 80 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 97,2 m.kr. Munar þar mest um 100 m.kr. tímabundna fjárveitingu til eflingar atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni.

401 Byggðaáætlun. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 475,4 m.kr. Jafngildir það 20 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum þessa árs og er í samræmi við áætlun frá árinu 2005.

411 Byggðastofnun. Sótt er um að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 528 m.kr. Felur það í sér tímabundna 100 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum þessa árs á *1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni.* Framlaginu verður varið í að efla starfsemi atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni með það að markmiði að auka stuðning við nýsköpun og þróun nýrra atvinnutækifæra og starfsemi. Tillagan er hluti af mótvægisaðgerðum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks.

Ferðamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 501 Ferðamálastofa og 599 Ýmis ferðamál.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ferðamálastofa	471,8	377,5	444,1	17,6	-5,9
Ýmis ferðamál	149,7	292,1	406,8	39,3	171,7
Samtals	**621,5**	**669,6**	**850,9**	**27,1**	**36,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 91 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 90,3 m.kr. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir 75 m.kr. til markaðssóknar í íslenskri ferðaþjónustu og eflingar hennar. Þá er gert ráð fyrir 20 m.kr. fjárveitingu til að efla Ferðamálastofu.

501 Ferðamálastofa. Gert er ráð fyrir 444,1 m.kr. framlagi á liðnum og jafngildir það 10 m.kr. raun hækkun frá fjárlögum þessa árs. Til hækkunar koma 20 m.kr. til að efla starfssemi Ferðamálastofu vegna aukinna verkefna. Einnig er lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag til að kosta hálft starf ferða- og menningarmálafulltrúa á Djúpavogi. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Á móti er gert ráð fyrir að niður falli á tímabundið 10 m.kr. framlag til að sinna verkefnum í markaðri ferðamálaáætlun og tímabundið 5 m.kr. framlag vegna verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins.

599 Ýmis ferðamál. Lagt er til að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 406,8 m.kr. og felur það í sér 81 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Annars vegar er um að ræða 75 m.kr. framlag á *1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu.* Í fjár-

lögum 2005 og 2006 voru framlög á liðnum 150 m.kr. á ári en hafa verið 30 m.kr. frá árinu 2007. Hins vegar er gert ráð fyrir 6 m.kr. tímabundinni hækkun til *1.98 Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis* og er miðað við að skipta þeim 81,4 m.kr. sem þá verða til ráðstöfunar á viðfangsefninu eins og fram kemur í töflunni hér á eftir.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
11-599-1.98 Ýmis framlög iðnaðarráðuneytis		
Menningartengd ferðaþjónusta	10,0	0,0
Óskipt	5,5	10,8
Samstarf ríkis og sveitarfélaga um menningarmál	58,0	68,0
Til markaðsstarfs og gestastofa	7,4	13,4
Samtals	**80,9**	**92,2**

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
11-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun viðskiptaráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:


Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	1.496,2	1.796,7	2.204,4	23	47
Neyslu- og rekstrartilfærslur	399,7	526,5	524,9	0	31
Stofnkostnaður og viðhald	19,1			-	-
Samtals	**1.915,0**	**2.323,2**	**2.729,3**	**17**	**43**
Greitt úr ríkissjóði	-	755,1	715,7	-5	-
Innheimt af ríkistekjum	-	1.551,0	2.013,6	30	-
Viðskiptahreyfingar	-	17,1	0,0	-100	-
Samtals	-	**2.323,2**	**2.729,3**	**17**	-

Heildargjöld viðskiptaráðuneytis árið 2009 eru áætluð um 2.768,9 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 40 m.kr. en þær nema 1,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 2.729 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 716 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.014 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.204,4 m.kr. og hækka um 407,7 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana að fjárhæð 100,2 m.kr. munar þar mest um 180,3 m.kr. hækkun fjárheimildar Fjármálaeftirlitsins vegna hækkunar á eftirlitsgjöldum. Gert er ráð fyrir 58,9 m.kr. hækkun til Einkaleyfastofu og 35,8 m.kr. til Neytendastofu sem að mestu verður fjármögnuð með innheimtu ríkistekna. Að lokum er gert ráð fyrir 29 m.kr. fjárveitingu til aðalskrifstofu ráðuneytisins sem að mestu leyti skýrist af 23 m.kr. auknum kostnaði eftir skiptingu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins í tvö ráðuneyti. Aðrar breytingar eru minni og nema samtals 3,5 m.kr. til hækkunar.

Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 1,6 m.kr. og verða 524,9 m.kr. en eru 526,5 m.kr. í fjárlögum ársins 2008. Auk launa- og verðlagshækkana að fjárhæð 0,5 m.kr. skýrist hækkunin annars vegar að framlag til ýmissa viðskipta- og bankamála lækkar um 2 m.kr. Þar af munar mest um 6 m.kr. fjárveitingu vegna verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins og niðurfellingu tímabundinna framlaga að fjárhæð 6,5 m.kr. Hins vegar er gert ráð fyrir að framlög til Icepro-nefndar lækki um 0,1 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar tekjuáætlunar af tryggingagjaldi.

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2009 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér að neðan.



Skuldbindandi samningar

Viðskiptaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um verkefni sem áætlað er að nemi samtals um 17 m.kr. á yfirstandandi ári. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér á eftir. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2008, eru á áætluðu verðlagi ársins 2009 og miðast við hámarksskuldbindingu en geta orðið lægri ef t.d. forsendur, sem kveðið er á um í sumum samningum, taka breytingum. Samtals nema samningarnir 0,5% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2009. Áætlað er að kostnaður vegna samninga sem viðskiptaráðuneytið stendur eitt að verði 13,5 m.kr. en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C í töflunni.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2008	2009	2010	2011	2012
Þjónustusamningur við Neytendasamtökin	C	12,0	8,5	8,5	8,5	8,5
Samn. við Rannsóknarsetur Verslunarinnar	C	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0
Samtals		**17,0**	**13,5**	**13,5**	**13,5**	**13,5**

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka ráðuneytisins.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	161,8	170,2	218,5	28,4	35,0
Ýmis verkefni	49,7	87,0	88,6	1,8	78,3
Ráðstöfunarfé	0,0	3,0	5,0	66,7	-
Samtals	**211,5**	**260,2**	**312,1**	**19,9**	**47,6**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 30,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 21,5 m.kr. Helsta breytingin felst í 29 m.kr. hækkun fjárveitingar til aðalskrifstofu ráðuneytisins.

101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 218,5 m.kr. og jafngildir það 29 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum þessa árs. Annars vegar er gert ráð fyrir 23,5 m.kr. framlagi vegna aukins kostnaðar ráðuneytisins eftir skiptingu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins í tvö ráðuneyti. Felst sú hækkun í auknum húsnæðiskostnaði og nýjum störfum rekstrarstjóra, bókara, skjalavarðar og ritara. Hins vegar er gert ráð fyrir 5,5 m.kr. hækkun fjárveitingar og gengur við það til baka 2,5 m.kr. lækkun í fjárlögum 2008 vegna aðhalds í rekstri.

190 Ýmis verkefni. Lagt er til að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 88,6 m.kr. og jafngildir það 0,6 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Breytingar til hækkunar eru tvær og tengjast báðar verkefnum Íslenska upplýsingasamfélagsins. Annars vegar er gert ráð fyrir 3 m.kr. vegna verkefnisins Þarfagreining á umhverfi rafrænna viðskipta á Íslandi. Markmið þess er að greina nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja samræmt og skilvirkt umhverfi rafrænna viðskipta á Íslandi. Hins vegar 3 m.kr. til verkefnisins Aðlögun íslensks viðskiptaumhverfis að alþjóðlegum stöðlum og reglum. Markmið þess er að skjóta styrkari stoðum undir staðlaumhverfi fyrir rafræna reikninga og aðlaga það að þeim breytingum sem eru að gerast á innri markaði ESB. Á móti kemur að lagt er til að 4,5 m.kr. tímabundið framlag til reksturs Tryggingadeildar útflutningslána falli niður. Einnig er miðað við að niður falli tímabundið 2 m.kr. framlag til Tækniþróunarsjóðs EBRD í fjárlögum 2008 og að lokum er gert ráð fyrir að framlag til Icepro-nefndar lækki um 0,1 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar ríkistekjuáætlunar af tryggingagjaldi.

199 Ráðstöfunarfé. Farið er fram á að framlög til þessa fjárlagaliðar verði 5 m.kr. og jafngildir það 2 m.kr. hækkun. Skýringin er aðskilnaðar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis í tvö ráðuneyti og aukið umfang málaflokka.

Viðskiptamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 402 Fjármálaeftirlitið; 411 Samkeppniseftirlitið; 421 Neytendastofa; 425 Talsmaður neytenda og 431 Einkaleyfastofa.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fjármálaeftirlitið	563,8	935,7	1.116,0	19,3	97,9
Samkeppniseftirlitið	257,8	277,0	304,1	9,8	18,0
Neytendastofa	287,4	251,1	320,1	27,5	11,4
Talsmaður neytenda	20,8	15,7	17,0	8,3	-18,3
Einkaleyfastofan	200,2	133,5	210,0	57,3	4,9
Samtals	**1.330,0**	**1.613,0**	**1.967,2**	**22,0**	**47,9**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 275 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar að fjárhæð 79,2 m.kr. Helstu breytingar eru þær að gert er ráð fyrir að fjárheimild Fjármálaeftirlitsins hækki um 180,3 m.kr. vegna aukinna verkefna og fjölgunar starfsmanna. Lagt er til að framlag til Einkaleyfastofu hækki um 53,9 m.kr. og Neytendastofu um 40,8 m.kr. með hliðsjón af endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur.

402 Fjármálaeftirlitið. Gert er ráð fyrir að framlög til liðarins verði 1.116 m.kr. og jafngildir það 180,3 m.kr. hækkun að raungildi vegna aukinna verkefna og fjölgunar starfsmanna hjá stofnuninni. Útgjöldin eru fjármögnuð með hækkun á eftirlitsgjaldi sem skilar auknum tekjum og færast þær á tekjuhlið ríkissjóðs. Tillagan er í samræmi við frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

421 Neytendastofa. Áætlað er að framlög til liðarins verði 320,1 m.kr. og jafngildir það 35,8 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum þessa árs. Annars vegar er gert ráð fyrir 40,8 m.kr. hækkun í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur sem gerir ráð fyrir að tekjurnar hækki um 40,8 m.kr. og verði 221 m.kr. Hins vegar er lagt til að niður falli 5 m.kr. tímabundið framlag vegna verkefnis Íslenska upplýsingasamfélagsins.

431 Einkaleyfastofa. Gert er ráð fyrir að framlög til liðarins verði 210 m.kr. og jafngildir það 58,9 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Annars vegar er gert ráð fyrir 53,9 m.kr. hækkun á rekstrarfjárveitingu í samræmi við samsvarandi hækkun ríkistekna samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun. Hins vegar er lagt til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag til verkefnisins Umsóknir um vörumerki, hönnun, einkaleyfi og greiðslur. Markmið þess er að bjóða upp á öfluga gagnvirka vefsíðu til að bæta þjónustu við viðskiptavini og auka skilvirkni. Um er að ræða úthlutun vegna verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins.

Flutningsjöfnun

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 811 Flutningssjóður olíuvara og 831 Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Flutningssjóður olíuvara	373,5	300,0	450,0	50,0	20,5
Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga	0,0	150,0	0,0	-100,0	0,0
Samtals	**373,5**	**450,0**	**450,0**	**0,0**	**20,5**

811 Flutningssjóður olíuvara. Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 150 m.kr. og nemi 450 m.kr. þar sem ekki er gert ráð fyrir að Flutningssjóður olíuvara verði felldur niður eins og reiknað hafði verið með í fjárlögum 2008. Flutningssjóður olíuvara byggir á lögum um jöfnun á flutningssjóði olíuvara sem tóku gildi árið 1994. Sjóðurinn er fjármagnaður með flutningsjöfnunargjaldi sem lagt er á allar olíuvörur sem fluttar eru til landsins og hefur því hækkunin ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.

831 Jöfnun kostnaðar við vöruflutninga. Farið er fram á að 150 m.kr. framlag á liðnum í fjárlögum 2008 falli niður og að fallið verði frá hugmyndum um jöfnun vöruflutningskostnaðar. Ljóst er að ef fara á í slíkar aðgerðir þyrfti að koma til verulega meira fjármagn til þess að þær hefðu marktæk áhrif.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagaliði innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.2 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
12-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

14 Umhverfisráðuneyti

Útgjöld og fjármögnun umhverfisráðuneytis breytist milli ára sem hér segir:

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rekstrargjöld	3.859,3	3.724,2	4.467,6	20	16
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.883,2	1.655,4	2.031,5	23	8
Stofnkostnaður og viðhald	362,6	787,2	717,9	-9	98
Samtals	**6.105,1**	**6.166,8**	**7.217,0**	**17**	**18**
Greitt úr ríkissjóði	-	3.853,6	4.574,9	19	-
Innheimt af ríkistekjum	-	2.313,2	2.642,1	14	-
Viðskiptahreyfingar	-	0,0	0,0	-	-
Samtals	-	**6.166,8**	**7.217,0**	**17**	-

Heildargjöld umhverfisráðuneytis árið 2009 eru áætluð um 9.412 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.195 m.kr. en þær nema 23% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 7.217 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 4.575 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.642 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 4.468 m.kr. og hækka um 743 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar mest um 73 m.kr. hækkun hjá Landgræðslu ríkisins, þar af 68 m.kr. vegna umsjónar með fyrirhleðslum sem nú flyst frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis í samræmi


við breytta verkaskiptingu ráðuneyta Stjórnarráðsins. Í öðru lagi 72 m.kr. hækkun hjá Náttúrufræðistofnun Íslands en þar af eru 47 m.kr. tengdar flutningi stofnunarinnar í nýtt húsnæði. Í þriðja lagi 69 m.kr. hækkun vegna ýmissa mála hjá Umhverfisstofnun og í fjórða lagi 50 m.kr. hækkun hjá Úrvinnslusjóði á móti samsvarandi hækkun tekna af úrvinnslugjaldi. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundina verkefna en þau nema alls 62 m.kr. Einnig hafa rekstrarfjárveitingar ýmissa stofnana sem heyra undir ráðuneytið verið lækkaðar alls um 10 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstri.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 376 m.kr. og verða 2.031 m.kr. en eru 1.655 m.kr. í fjárlögum ársins 2008. Þyngst vegur 315 m.kr. hækkun á framlagi til Endurvinnslunnar hf. á móti hærri tekjum af skilagjaldi og umsýsluþóknun. Því næst 80 m.kr. hækkun hjá Umhverfisstofnun en þar af eru 74 m.kr. tengdar útgjöldum vegna hreindýraveiða sem til þessa verið vantalin á fjárlögum og loks 15 m.kr. hækkun til Skógræktarfélags Íslands samkvæmt nýjum samningi við félagið. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna en þau nema alls 63 m.kr. Einnig hafa framlög verið lækkuð alls um 4 m.kr. vegna aðhaldskröfu.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 718 m.kr. og er það 69 m.kr. lækkun milli ára. Stærstu breytingarnar eru 153 m.kr. lækkun á framlagi til Ofanflóðasjóðs, á móti samsvarandi hækkun vaxtatekna af inneign hjá ríkissjóði, og 85 m.kr. hækkun á framlagi til uppbyggingar í Vatnajökulsþjóðgarði.

Í útgjaldaramma ráðuneytisins hefur verið gert ráð fyrir lækkun útgjalda frá horfum og fyrri áformum með aðhaldi í útgjöldum sem nemur 14 m.kr. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna ráðuneytisins sem alls nema 688 m.kr. Vikið er nánar að þessum áformum um aðhald og forgangsröð útgjalda og helstu útgjaldabreytingum í greinargerð um viðkomandi fjárlagaliði hér á eftir

Skipting áætlaðra útgjalda ráðuneytisins árið 2009 eftir helstu málefnaflokkum er sýnd í myndinni hér á eftir.



Skuldbindandi samningar

Í tengslum við breytta verkaskiptingu ráðuneyta Stjórnarráðsins fluttust samningsskyldur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis samkvæmt tveimur samningum til umhverfisráðuneytis. Það eru samningur við Skógræktarfélag Íslands vegna verkefnis um Landgræðsluskóga og samstarfssamningur um Hekluskóga. Samningurinn við Skógræktarfélag Íslands kveður á um 35 m.kr. árlegt framlag og gildir út árið 2013 en samningurinn um Hekluskóga kveður á um 50 m.kr. árlegt framlag og gildir út árið 2016. Þessir samningar eru tilgreindir í töflunni hér fyrir neðan. Fjárhæðir í töflunni, að undanskildu árinu 2008, eru á áætluðu verðlagi ársins 2009 og miðast við hámarksskuldbindingu. Samtals nema samningarnir 0,9% af heildargjöldum ráðuneytisins á árinu 2009.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Teg.	2008	2009	2010	2011	2012
Skógræktarfélag Íslands	A	20,0	35,0	35,0	35,0	35,0
Hekluskógar	B	50,0	50,0	50,0	50,0	50,0
Samtals		**70,0**	**85,0**	**85,0**	**85,0**	**85,0**

Skuldbindandi samningum ráðuneyta er skipað í þrjá flokka í frumvarpinu: A, B og C. Samningar sem umhverfisráðuneytið stendur að ásamt fjármálaráðuneytinu skv. heimild í 30. gr. fjárreiðulaga eru merktir með bókstafnum A í töflunni og eru skuldbindingar vegna þeirra 35 m.kr. á ári. Aðrir samningar sem bæði ráðuneytin standa að eru merktir með bókstafnum B og eru þær skuldbindingar 50 m.kr. á ári. Að lokum eru samningar sem umhverfisráðuneytið sendur eitt að en þeir eru auðkenndir með bókstafnum C, en ekki er um neina slíka samninga að ræða hjá umhverfisráðuneytinu. Samtals eru því 85 m.kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna.

Hér á eftir er fjallað um helstu breytingar í fjármálum málaflokka og stofnana sem heyra undir umhverfisráðuneytið.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	271,0	291,8	324,8	11,3	19,9
Ýmis verkefni	298,1	293,0	328,4	12,1	10,2
Ráðstöfunarfé	0,0	5,0	5,0	0,0	-
Samtals	**569,1**	**589,8**	**658,2**	**11,6**	**15,7**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 11,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Mest munar um 15 m.kr. hækkun á framlagi til Skógræktarfélags Íslands samkvæmt nýjum samningi við félagið en á móti kemur að niður fellur 7 m.kr. tímabundið framlag sem félaginu var veitt á fjárlögum 2008 til að opna ný skógræktarsvæði við þjóðleiðir landsins. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gert er ráð fyrir 324,8 m.kr. fjárveitingu til skrifstofunnar sem er 2,9 m.kr. hækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Fjárveiting hækkar um 4,3 m.kr. þar sem tímabundin hagræðingarkrafa í fjárlögum 2008 gengur til baka en á móti kemur krafa um 1,4 m.kr. hagræðingu í rekstri.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir 328,4 m.kr. fjárveitingu til þessa fjárlagaliðar og jafngildir það 9 m.kr. raunhækkun frá fjárlögum. Framlag á viðfangi *1.44 Skógræktarfélag Íslands* hækkar um 7 m.kr. Þar er í fyrsta lagi um að ræða 15 m.kr. hækkun á samningsbundnu framlag til félagsins sem verður 35 m.kr. á ári samkvæmt nýjum samningi um framlög ríkisins vegna verkefnis um landgræðsluskóga á árunum 2009 - 2013. Í öðru lagi fellur niður 7 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið á fjárlögum 2008 til að opna ný skógræktarsvæði við þjóðleiðir landsins og í þriðja lagi lækka önnur framlög til félagsins um 1 m.kr. vegna kröfu um útgjaldaaðhald. Á *viðfangi 1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis* eru tvær tillögur. Annars vegar um 5 m.kr. tímabundið framlag í fjögur ár til fræðslustarfsemi í Sesseljuhúsi, umhverfissetri Sólheima í Grímsnesi, og hins vegar tillaga um 3 m.kr. lækkun framlags á viðfangið vegna kröfu um útgjaldaaðhald. Aðrar breytingar á fjárveitingum liðarins skýrast af launa- og verðlagsbótum. Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir gjöld og fjárveitingar liðarins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir áformuð framlög af óskiptri fjárheimild á viðfangsefninu ýmis framlög umhverfisráðuneytis undir þessum fjárlagalið.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Sundurliðun á óskiptu viðfangsefni:		
14-190-1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis		
Skráningar- og viðskiptakerfi yfir útstreymisheimildir	15,0	15,0
Frjáls félagasamtök	10,0	10,0
Prófessorsstaða við líffræðiskor Háskóla Íslands	9,0	9,5
Staðardagskrá 21	5,0	7,5
Umhverfisfræðsluráð	1,5	1,7
Byggingastaðlar	0,7	0,8
Samstarf við Kína á sviði umhverfismála og jarðskjálftavöktunar	4,0	4,0
Vistvæn innkaup	3,0	4,0
Ýmis umhverfisverkefni	6,8	6,8
Loftslagsbreytingar - ný verkefni	15,0	15,0
Sesseljuhús að Sólheimum í Grímsnesi	0,0	5,0
Byggingastaðlar - úttekt	0,0	3,0
ICLAI ráðstefna	0,0	3,0
Óskipt	11,5	7,6
Samtals	**81,5**	**92,9**

Umhverfisvernd

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn; 211 Umhverfisstofnun; 212 Vatnajökulsþjóðgarður; 231 Landgræðsla ríkisins; 241 Skógrækt ríkisins; 243 Hekluskógar; 281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga; 287 Úrvinnslusjóður og 289 Endurvinnslan hf.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	14,4	14,8	24,6	66,2	70,8
Umhverfisstofnun	763,6	651,5	864,1	32,6	13,2
Vatnajökulsþjóðgarður	64,5	233,4	342,5	46,7	431,0
Landgræðsla ríkisins	511,2	432,9	622,8	43,9	21,8
Skógrækt ríkisins	272,4	262,3	283,8	8,2	4,2
Hekluskógar	17,1	50,0	49,8	-0,4	191,2
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	174,3	200,0	200,0	0,0	14,7
Úrvinnslusjóður	744,5	700,0	750,0	7,1	0,7
Endurvinnslan hf.	1.163,2	985,0	1.300,0	32,0	11,8
Samtals	**3.725,2**	**3.529,9**	**4.437,6**	**25,7**	**19,1**

Heildarfjárveiting til málefnaflokksins hækkar um 660,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Munar þar mest um 315 m.kr. hækkun á framlagi til Endurvinnslunnar hf., 127,4 m.kr. hækkun á fjárveitingum Umhverfisstofnunar, 99,3 m.kr. hækkun til Vatnajökulsþjóðgarðs, 66,5 m.kr. hækkun til Landgræðslu ríkisins og 50 m.kr. hækkun á framlagi til Úrvinnslusjóðs. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn. Gert er ráð fyrir 24,6 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir það 8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Sótt er um 8 m.kr. fjárveitingu til að víkka út starfsemi stöðvarinnar með það fyrir augum og hún verði gerð að rannsókna- og vísindasetri sem yrði miðstöð rannsókna á svæðinu. Áætlað er að störfum fjölgi um 1 í byrjun en möguleiki er á flutningi sérfræðistarfa að miðstöðinni síðar meir. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi.

211 Umhverfisstofnun. Gert er ráð fyrir 864,1 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar. Það jafngildir 127,4 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs og skýrist hækkunin af átta tilefnum. Í fyrsta lagi er lögð til 6 m.kr. fjárveiting vegna aðildargjalda að Efnastofnun Evrópu í kjölfar innleiðingar á svokallaðri REACH-reglugerð Evrópusambandsins með lögum nr. 45/2008, um efni og efnablöndur, en nauðsynlegt er fyrir Ísland að eiga aðild að stofnuninni. Í öðru lagi er tillaga um 6 m.kr. fjárveitingu vegna vinnu við móttöku, utanumhald og úrvinnslu gagna vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs, sbr. lög nr. 73/2008 um breytingu á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Í þriðja lagi er farið fram á 12,5 m.kr. tímabundið framlag til að halda áfram að undirbúa stjórnsýslu stofnunarinnar og starf í vinnuhópum OSPAR samningsins, um verndun norðaustur Atlantshafsins, vegna undirbúnings olíuleitar og vinnslu á Drekasvæðinu við Jan Mayen. Tillagan er hluti af sameiginlegu verkefni iðnaðarráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis og er heildarkostnaður Umhverfisstofnunar af verkefninu er áætlaður 22,5 m.kr. Stofnunin fékk 5 m.kr. tímabundið framlag til verkefnisins í fjárlögum 2008 sem nú fellur niður og gert er ráð fyrir 5 m.kr. lokaframlagi vegna verkefnisins í fjárlögum 2010. Í fjórða lagi er sótt um 15 m.kr. fjárveitingu til reksturs gestastofu á Látrabjargi. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2008 er jafnframt tillaga um 20 m.kr. fjárveitingu sem að stærstum hluta er ætluð til að mæta stofnkostnaði. Í fjárlögum 2008 var 15 m.kr. veitt til að setja á stofn og reka gestastofu á Ísafirði sem tengist friðlandinu á Hornströndum. Með þessari tillögu bætist við framlag vegna annarrar gestastofu á Látrabjargi. Í fimmta lagi er óskað eftir 10 m. kr. fjár-

veitingu til bæta framkvæmdir á friðlýstum svæðum. Á Íslandi eru nú 98 friðlýst svæði en fæst þeirra njóta landvörslu eða lágmarks framkvæmda til varnar spjöllum vegna vaxandi aðsóknar á svæðin. Í sjötta lagi er lögð til 99,8 m.kr. hækkun fjárveitingar í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur stofnunarinnar. Munar þar mest um 74 m.kr. hækkun tekna af veiðileyfum hreindýraráðs og 20,8 m.kr. hækkun tekna af gjaldi fyrir veiðikort. Tekjurnar hafa til þessa verið vantaldar í áætlunum stofnunarinnar við undirbúning fjárlaga auk þess sem Alþingi samþykkti í vor breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum sem m.a. fól í sér hækkun á gjaldi fyrir veiðikort og er áætlað að sú hækkun gjaldsins skili 11 m.kr. tekjuauka á heilu ári. Samkvæmt lögunum skal tekjum af gjaldi fyrir veiðikort varið til rannsókna, vöktunar og stýringar á stofnum villtra dýra, auk þess að kosta útgáfu kortanna. Umhverfistofnun ver ríflega 85% tekna af sölu hreindýraveiðileyfa til greiðslu á arði til landeigenda og ábúenda og er gert ráð fyrir að stofnuninni verði heimilað að ráðstafa tekjunum til þeirra og annarra lögboðinna verkefna. Á móti kemur í sjöunda lagi að niður fellur 15 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2005 vegna náttúruverndaráætlunar 2004 - 2008 og í áttunda lagi lækkar fjárveiting um 1,9 m.kr. vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.

212 Vatnajökulsþjóðgarður. Lagt er til að fjárveiting til Vatnajökulsþjóðgarðs verði 342,5 m.kr. og jafngildir það 99,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Rekstrarframlag hækkar um 14,3 m.kr. og verður 97 m.kr. en framlag til stofnkostnaðar hækkar um 85 m.kr. og verður 245,5 m.kr. Er það í samræmi við endurskoðaða framkvæmdaáætlun þar sem gert er ráð fyrir að uppbyggingu í þjóðgarðinum verði lokið árið 2013. Í áætluninni er gert ráð fyrir 245 m.kr. árlegum framkvæmdakostnaði til ársins 2012 og 100 m.kr. árið 2013. Stofnunin hafði 50 m.kr. fjárveitingu til stofnkostnaðar á fjárlögum 2007 og hefur 160,5 m.kr. á fjárlögum 2008. Gangi þessi áform eftir verður kostnaður við uppbyggingu í þjóðgarðinum samtals um 1.300 m.kr.

231 Landgræðsla ríkisins. Gert er ráð fyrir 622,8 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og er það 189,9 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Launa- og verðlagsbætur eru 123,4 m.kr. en þar af eru 60 m.kr. sérstakt tímabundið framlag til að mæta hækkun áburðaverðs. Vegna óvenjulegra aðstæðna á heimsmarkaði og gengislækkunar íslensku krónunnar hefur áburður sem notaður er til uppgræðslu nánast tvöfaldast í verði frá 2007. Ef miðað er við að heimsmarkaðsverðið haldist óbreytt á næsta ári en að gengi krónunnar styrkist um 15% frá miðju þessu ári fram á mitt næsta ár má reikna með að útgjöld vegna innkaupa á áburði aukist um 60 m.kr. Gert er ráð fyrir að þessi fjárheimild verði endurskoðuð á næsta ári með hliðsjón af þróun innkaupsverðsins og geti þá lækkað reynist það verða hagstæðara. Raunhækkun fjárveitinga, að frádregnum launa- og verðlagsbótum, nemur 66,5 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Breytingar

eru þær að á viðfangi *1.01* fellur niður 5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2008 til að minnast aldarafmælis landgræðslustarfs á Íslandi en á móti kemur tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til að efla þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á sviði loftslagsbreytinga og tryggja virka þátttöku í þingstörfum alþjóðasáttmálans um varnir gegn eyðimerkurmyndun. Íslendingar hafa miklu að miðla öðrum þjóðum af þekkingu og reynslu sinni á þessu sviði eftir 100 ára landgræðslustarf á vegum stjórnvalda og er mikilvægt að efla tengsl við þær stofnanir sem lengst eru komnar í vörnum gegn eyðimerkurmyndun. Þá lækkar fjárveiting um 1,3 m.kr. vegna aðhaldskröfu. Umsjón með fyrirhleðslum flyst nú frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis og því er 67,8 m.kr. fjárheimild verkefnisins millifærð hingað á viðfang *1.90 Fyrirhleðslur* af fjárlagaviðfangi *04-483-1.13*. Að síðustu er lagt til að 15 m.kr. framlag verið millifært tímabundið í eitt ár af stofnkostnaðarviðfangi *6.01 Tæki og búnaður* á viðfang *5.01 Viðhald fasteigna*. Í tengslum við landgræðsluáætlun 2003-2014 var ákveðið að verja árlega 30 m.kr. til viðhalds fasteigna. Það hefur að mestu gengið eftir og á fjárlögum 2002 var 33 m.kr. fjárheimild millifærð af rekstri á stofnkostnað í því skyni og hefur fjármagninu verið varið til lagningar hitaveitu, malbikunar á plönum og endurbóta á húsnæði til að mæta nýjum þörfum. Á fjárlögum 2007 gekk sú millifærsla til baka á þeim forsendum að verkefninu væri lokið. Svo er þó ekki og því er þessi millifærsla lögð til.

241 ***Skógrækt ríkisins.*** Gert er ráð fyrir 283,8 m.kr. fjárveitingu til liðarins og jafngildir það 5,8 m.kr. lækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Niður fellur 10 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2008 til rannsókna á kolefnisbindingu en á móti kemur að gerð er tillaga um 5 m.kr. fjárveitingu til rannsóknarstöðvar Skógræktar ríkisins að Mógilsá til að efla rannsóknir og skráningu á bindingu kolefnis með skógrækt. Er það í samræmi við langtímasýn í loftslagsstefnu íslenskra stjórnvalda um að minnka nettólosun gróðurhúsalofttegunda um 50-75% fram til 2050. Rannsóknir og skráning á bindingu kolefnis með skógrækt hafa farið fram á Mógilsá frá árinu 1998 og viðskipti með losunarheimildir sem bundnar eru í skógum munu krefjast öruggra og staðreynanlegra upplýsinga sem aðeins fást með rannsóknum. Gert er ráð fyrir 0,8 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna kröfu um aðhald í rekstri.

243 ***Hekluskógar.*** Gert er ráð fyrir að fjárveiting liðarins lækki um 0,2 m.kr. vegna kröfu um lækkun rekstrarútgjalda og verði 49,8 m.kr.

287 ***Úrvinnslusjóður.*** Gert er ráð fyrir 50 m.kr. hækkun á fjárveitingu til Úrvinnslusjóðs. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur af úrvinnslugjaldi er reiknað með 50 m.kr. hækkun tekna af gjaldinu og að þær verði samtals 750 m.kr. Eins og jafnan áður er gert ráð fyrir að tekjunum verði öllum veitt í formi fjárheimildar til Úrvinnslusjóðs.

Áætlað er að sjóðurinn hafi 120 m.kr. sértekjur í formi vaxta af inneign sinni hjá ríkissjóði og að tekjunum verði varið til að standa undir útgjöldum. Áætluð gjöld Úrvinnslusjóðs á árinu 2009 eru 935 m.kr. og verður að það sem uppá vantar til að tekjur standi undir gjöldum fjármagnað með uppsöfnuðu eigin fé sjóðsins. Loks er lagt til að 15 m.kr. fjárheimild verði millifærð af viðfangi *1.10 Úrvinnslusjóður* yfir á almennan rekstur sjóðsins í samræmi við bókun útgjalda.

289 Endurvinnslan hf. Framlag ríkissjóðs til Endurvinnslunnar hf. er alfarið fjármagnað með tekjum af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjarvöruumbúðir í samræmi við lög nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Áætlað er að á árinu 2009 muni þessi gjöld skila 1.300 m.kr. tekjum en það er 315 m.kr. hækkun frá áætlun fjárlaga ársins í ár. Gert er ráð fyrir að tekjurnar renni allar til Endurvinnslunnar hf. Samkvæmt lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, skulu umbúðir sem lög nr. 52/1989 taka til, falla undir fyrrnefndu lögin frá og með 1. janúar 2010 jafnframt því sem síðarnefndu lögin falla þá úr gildi.

Skipulagsmál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301 Skipulagsstofnun; 303 Skipulagsmál sveitarfélaga; 310 Landmælingar Íslands; 321 Brunamálastofnun og 381 Ofanflóðasjóður.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Skipulagsstofnun	159,8	157,9	182,3	15,5	14,1
Skipulagsmál sveitarfélaga	159,9	155,0	150,0	-3,2	-6,2
Landmælingar Íslands	240,6	221,0	255,8	15,7	6,3
Brunamálastofnun ríkisins	207,2	124,1	146,2	17,8	-29,4
Ofanflóðasjóður	71,9	288,9	135,9	-53,0	89,0
Samtals	**839,4**	**946,9**	**870,2**	**-8,1**	**3,7**

Heildarframlag til málefnaflokksins lækkar um 131,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar hækkanir vegna launa- og verðlagsbóta. Munar þar mest um 153 m.kr. lækkun ríkisframlags til Ofanflóðasjóðs. Framkvæmdafé sjóðsins lækkar þó ekki því vaxtatekjur sjóðsins af inneign hjá ríkissjóði hækka að sama skapi. Framlög til Landmælinga Íslands hækka um 10,3 m.kr. og framlög til Skipulagsstofnunar og Brunamálastofnunar hækka um 8 m.kr. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

301 ***Skipulagsstofnun.*** Gert er ráð fyrir 182,3 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar. Það jafngildir 8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs og er sótt um þá fjárveitingu svo bæta megi við einu stöðugildi hjá stofnuninni. Afgreiðslumálum hennar hefur stöðugt fjölgað, einkum þeim sem tengjast deiliskipulagi sveitarfélaga.

303 ***Skipulagsmál sveitarfélaga.*** Á þennan lið er veitt fé til að standa straum af hlut Skipulagssjóðs í kostnaði sveitarfélaga við gerð skipulagsáætlana. Gert er ráð fyrir 150 m.kr. fjárveitingu á liðinn og lækkar hún um 5 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Lækkunin stafar af áætlaðri lækkun tekna af skipulagsgjaldi. Samkvæmt 3. tl. 34. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, skal helmingur innheimtra skipulagsgjalda, í þeim sveitarfélögum þar sem sveitarstjórn annast reglulega gerð aðalskipulags og endurskoðun þess án sérstaks samnings, yfirfærður árlega til sveitarsjóðs úr Skipulagssjóði.

310 ***Landmælingar Íslands.*** Gert er ráð fyrir 255,8 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar en það er 10,3 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum 2008 og skýrist af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er óskað eftir 6 m.kr. tímabundnu framlagi í 5 ár til að byggja upp og reka net GPS staðsetningarstöðva sem verða dreifðar um allt land. Stefnt er að því að stöðvarnar verði 20 talsins og hlutverk þeirra verður að vakta landshnitakerfi landsins og viðhalda áreiðanleika þess. Þeir sem þurfa á staðsetningu að halda, hvort sem er í legu eða hæð, munu geta tengst stöðvunum í gegnum fjarskipti og fengið mjög nákvæma staðsetningu. Einnig opnar þetta mikil tækifæri fyrir rannsóknargeirann t.d. við rannsóknir á jarðskorpuhreyfingum, vöktun á hækkun sjávar og vöktun á hættusvæðum. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 5 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til verkefnisins: Samræma og samnýta skrár sem innihalda landupplýsingar. Um er að ræða úthlutun 2009 vegna framkvæmdar stefnu um upplýsingasamfélagið, 2008-2012. Markmið verkefnisins er að staðla skráningu, aðgengi og framsetningu opinberra landupplýsingagagna og rannsókargagna. Gögnum þessum verði miðlað undir merkjum Náttúruvefsjár bæði til almennings og sérfræðinga. Gert ráð fyrir jafn háu framlagi til verkefnisins frá stofnuninni eða úr útgjaldaramma ráðuneytis hennar. Í þriðja lagi er lögð til 0,7 m.kr. almenn lækkun fjárveitingar vegna kröfu um aðhald í rekstri.

321 ***Brunamálastofnun.*** Gert er ráð fyrir 146,2 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og jafngildir þar 8 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Gerð er tillaga um 8 m.kr. fjárveitingu til að styrkja rekstrargrunn stofnunarinnar. Á síðustu árum hafa útgjöld stofnunarinnar verið töluvert umfram þá fjárveitingu sem hún hefur haft á fjárlögum. Mjög hefur því gengið á höfuðstól stofnunarinnar að um síðustu áramót var hann svo til uppurinn.

381 Ofanflóðasjóður. Gert er ráð fyrir 135,9 m.kr. fjárveitingu til sjóðsins en það er 153 m.kr. lækkun ríkisframlags frá fjárlögum ársins í ár. Framkvæmdafé sjóðsins skerðist þó ekki því reiknað er með að sértekjur hans í formi vaxta af inneign hjá ríkissjóði hækki um 170 m.kr. og verði 550 m.kr. Áætlað er að heildargjöld sjóðsins verði 685,9 m.kr. og hækka þau um 17 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Gert er ráð fyrir að ljúka framkvæmdum í Fjallabyggð, Snæfellsbæ og Bíldudal, halda áfram framkvæmdum í Bolungarvík og byrja á framkvæmdum í Fjarðabyggð.

Rannsóknir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 401 Náttúrufræðistofn Íslands; 403 Náttúrustofur; 407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og 412 Veðurstofa Íslands.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Náttúrufræðistofnun Íslands	273,7	308,1	400,5	30,0	46,3
Náttúrustofur	110,6	128,6	89,3	-30,6	-19,3
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	29,2	33,4	32,8	-1,8	12,3
Veðurstofa Íslands	557,9	630,1	728,4	15,6	30,6
Samtals	**971,4**	**1.100,2**	**1.251,0**	**13,7**	**28,8**

Heildarframlag til málefnaflokksins hækkar um 7,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum þegar frá eru taldar hækkanir vegna launa- og verðlagsbóta. Mest munar um 71 m.kr. ný framlög til Náttúrufræðistofnunar Íslands, þar af 47 m.kr. tengdar flutningi í nýtt húsnæði. Niður falla nokkur tímabundin framlög, samtals 78,8 m.kr. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum á fjárveitingum til málefnaflokksins.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands. Gert er ráð fyrir 400,5 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar en það jafngildir 53,5 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Í fyrsta lagi er um að ræða 47 m.kr. hækkun tengda fyrirhuguðum flutningi Náttúrufræðistofnunar næsta haust í nýtt húsnæði sem nú er í byggingu í Urriðaholti en stofnunin hefur gert samning til 25 ára um leigu þess. Hækkunin skiptist í 30 m.kr. tímabundið framlag til kaupa á húsbúnaði og vegna kostnaðar við flutning og 17 m.kr. fjárveitingu vegna húsaleigu og annars kostnaðar í hinu nýja húsnæði frá 1. september 2009. Í öðru lagi er tillaga um 15 m.kr. fjárveitingu til styrkingar kjölfestuverkefnum stofnunarinnar, þ.e. rekstur vísindasafna, kerfisbundin skráning á tilvist og útbreiðslu dýra, plantna, bergs og steinda og rannsóknir á þeim, ásamt því að vinna að undirbúningi náttúruverndaráætlana. Í þriðja lagi er farið fram á 10 m.kr. tímabundið framlag í fjögur ár til að gera náttúrufarskort af landinu þar sem áhersla verður lögð á að skrá, flokka og meta náttúru landsins með samræmdum og alþjóðlega viðurkenndum

aðferðum. Með náttúrufarskortum er átt við mismunandi þekjur af upplýsingum svo sem gróður-, gróðurlenda- og vistgerðakort, kort yfir útbreiðslu tegunda og sérstæðar jarðmyndanir og náttúruvætti. Náttúrufarskort ná einnig til berg- og jarðgrunnskorta. Áhersla verður lögð á að ljúka gerð gróðurkorta af landinu og skilgreina og flokka helstu vistgerðir og jarðmyndanir. Gert er ráð fyrir að ljúka gerð vistgerðakorta af öllu landinu árið 2015 með því að nýta fjarkönnun og ýmis afleidd gögn. Niður fellur 12,5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2008 til að ljúka rannsóknum á áhrifum sinueldanna á Mýrum vorið 2006 á náttúru og lífríki svæðisins. Einnig fellur niður 5 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2008 til verkefnis íslenska upplýsingasamfélagsins um Náttúruvefsjá. Loks lækkar fjárveiting um 1 m.kr. vegna kröfu um rekstraraðhald.

403 ***Náttúrustofur.*** Framlag til reksturs náttúrustofa sveitarfélaga er veitt á þennan fjárlagalið og nemur það 89,3 m.kr. en það jafngildir 48 m.kr. raunlækkun frá fjárlögum 2008. Lækkunin skýrist af því að niður fellur 8 m.kr. framlag sem veitt var tímabundið til hverrar stofu á fjárlögum 2008. Lagt er til að veitt verði sérstakt 8 m.kr. framlag til Náttúrustofunnar á Húsavík til að efla vinnu við vöktun fuglalífs í Þingeyjasýslum. Áætlað er að störfum fjölgi um 1 vegna þessa verkefnis og er tillagan hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi.

407 ***Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.*** Gert er ráð fyrir 32,8 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar og lækkar hún að raungildi um 4 m.kr. þar sem niður fellur tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2008 til að mæta auknu rekstrarumfangi hjá stofnuninni.

412 ***Veðurstofa Íslands.*** Þessi fjárlagaliður er nýr og kemur í stað liða *410 Veðurstofa Íslands* og *411 Vatnamælingar* og flyst fjárlagagrunnur þeirra á þennan nýja lið. Við breytta verkaskiptingu ráðuneyta Stjórnarráðsins um síðustu áramót færðist starfsemi vatnamælinga Orkustofnunar til umhverfisráðuneytis og sameinaðist Veðurstofu Íslands í nýrri stofnun sem formlega tekur til starfa 1. janúar 2009 samkvæmt lögum nr. 70/2008, um Veðurstofu Íslands. Gert er ráð fyrir að fjárveiting Veðurstofunnar verði 728,4 m.kr. en það jafngildir 5,6 m.kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum 2008. Sótt er um 6,5 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á veðurfari á Drekasvæðinu við Jan Mayen vegna undirbúnings olíuleitar á svæðinu. Gert er ráð fyrir að framlagið lækki í 3 m.kr. árið 2010 og falli síðan niður. Tillagan er hluti af sameiginlegu verkefni iðnaðarráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis. Farið er fram á 8 m.kr. fjárveitingu vegna vinnu við gerð tölvureiknaðra veðurspáa og samræmds hættumats á náttúruvá. Fram kemur í nýrri áfangaskýrslu milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, IPCC, að gert er ráð fyrir auknum öfgum

í veðurfari og tíðari hamförum af veður- og vatnafræðilegum toga á næstu árum. Meginmarkmið hættumats á náttúruvá er að auka öryggi landsmanna og minnka fjárhagslegt tjón af völdum náttúruhamfara. Tímabundið framlag til kortlagningar flóða á Íslandi sem veitt var á fjárlögum 2008 lækkar um 5,6 m.kr. í samræmi við kostnaðaráætlun og verður 20,8 m.kr. Gert er ráð fyrir að framlagið lækki um 0,8 m.kr. á fjárlögum 2010 og verði 20 m.kr. en falli svo að fullu niður á fjárlögum 2011. Niður fellur 1,3 m.kr. tímabundið framlag sem veitt var á fjárlögum 2008 þegar til baka gekk 5% frestun stofnkostnaðar af 25 m.kr. tímabundnu framlagi sem veitt var á fjárlögum 2007. Og að lokum er lögð til 2 m.kr. almenn lækkun fjárveitingar vegna kröfu um aðhald í rekstri.

Fjárlagaliðir með óskiptri fjárheimild

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárlagaliði með óskiptum fjárheimildum ráðuneytisins sem heimilt er að millifæra fjárheimildir af á aðra fjárlagalið innan fjárlagaársins í samræmi við forsendur og tilgang fjárveitinganna. Nánari umfjöllun um þessa safnliði fjárheimilda er að finna í kafla 3.4 að framan.

Viðfang	Heiti	Ráðstöfun
14-199-1.10	Til ráðstöfunar skv. ákvörðun ráðherra	Ýmsar úthlutanir, s.s. til samtaka og einkaaðila en einnig til ríkisaðila.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Rekstrargrunnur	Reikningur 2007 m.kr.	Fjárlög 2008 m.kr.	Frumvarp 2009 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Erlend lán	6.918,0	6.180,0	11.920,0	92,9	72,3
Spariskírteini	882,0	780,0	870,0	11,5	-1,4
Ríkisbréf	7.886,0	8.900,0	17.030,0	91,3	116,0
Ríkisvíxlar	1.624,0	1.600,0	0,0	-100,0	-100,0
Önnur innlend lán	1.445,0	1.380,0	1.300,0	-5,8	-10,0
Annar vaxtakostnaður	3.301,0	2.744,0	3.480,0	26,8	5,4
Lántökukostnaður	164,0	180,0	70,0	-61,1	-57,3
Samtals	**22.220,0**	**21.764,0**	**34.670,0**	**59,3**	**56,0**

Áætlað er að vaxtagjöld ríkissjóðs nemi tæpum 34,7 milljörðum króna á árinu 2009 og hækki um 12,9 milljarða króna frá fjárlögum 2008 en um 3,3 milljarða frá endurmati 2008. Hækkunin skýrist að mestu af aukinni útgáfu ríkisbréfa og auknum lántökum erlendis í kjölfar sértækra aðgerða sem ákveðið var að fara í síðast liðið vor til að styðja við vaxtamyndun á innlendum fjármagnsmarkaði og til að styrkja gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans.

Vaxtakostnaður ríkisbréfa og víxla hækkar um 6,5 milljarða króna frá áætlun í fjárlögum 2008. Hækkunin skýrist af auknum útgáfum ríkisbréfa á árinu sem lið í því að auka virkni skuldabréfa- og gjaldeyrismarkaðar. Nú er gert ráð fyrir að sérstök útgáfa ríkisbréfa innanlands á þessu ári muni nema um 100 milljörðum króna. Vaxtakostnaður erlendra lána eykst um 5,7 milljarða króna frá fjárlögum sem skýrist af þróun gengis og vaxta en þó aðallega af aukinni útgáfu erlendra lána til styrkingar gjaldeyrisvaraforða. Til viðbótar er gert ráð fyrir að jafnviði 100 milljarða króna verði á þessu ári aflað með erlendri lántöku, ýmist með beinum lántökum eða með útgáfu víxla í erlendri mynt. Auknum vaxtakostnaði vegna þessara sértæku aðgerða er mætt að langmestu leyti með auknum vaxtatekjum af innistæðum í Seðlabanka, endurlánum og innlendum gjaldeyrisreikningum. Í vaxtaáætlun 2009 er gert ráð fyrir að afborgunum eldri lána verði mætt með nýjum lántökum.

Annar vaxtakostnaður hækkar einnig aðallega vegna inneigna Atvinnuleysistryggingasjóðs, Ofanflóðasjóðs, Úrvinnslusjóðs og annarra sem eiga kröfur á markaða tekjustofna hjá ríkissjóði. Hækkunin skýrist af auknum inneignum þessara sjóða og hærra vaxtastigi. Aðrir liðir vaxtagjalda breytast óverulega milli fjárlaga 2008 og frumvarps 2009. Greiddir vextir eru áætlaðir 28,5 milljarðar króna 2009 sem er 5,9 milljörðum króna meira en er áætlað 2008. Mismunur gjaldfærðra og greiddra vaxta eru tæpir 6,2 milljarðar króna sem kemur fram sem viðskiptahreyfing.

4 Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta

Til B-hluta teljast ríkisfyrirtæki, enda séu þau hvorki sameignar- né hlutafélög, sem starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja.

Framsetning áætlana í B-hluta er byggð á reikningsskilum fyrirtækja. Með rekstrartekjum er átt við heildartekjur af reglulegri starfsemi og til rekstrargjalda telst allur kostnaður sem efnt er til á árinu vegna öflunar teknanna. Þetta er óháð því hvort tekjur verða innheimtar eða gjöld greidd á árinu. Þannig eru áunnar lífeyrisskuldbindingar starfsfólks færðar til gjalda á viðkomandi ári óháð því hve stór hluti verður greiddur á árinu. Það sama á við um afskriftir. Í yfirliti um sjóðstreymi kemur fram uppruni fjármagns og ráðstöfun þess.

Í vor samþykkti Alþingi lög um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Í framhaldinu var í sumar stofnað félagið Keflavíkurflugvöllur ohf. og tekur félagið yfir rekstur Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar frá og með 1. janúar 2009. Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar fellur því úr B-hluta um næstu áramót.

Heildarrekstrartekjur fyrirtækja í B-hluta eru áætlaðar 26.542 m.kr. á árinu 2009 og rekstrargjöld 25.534 m.kr. Miðað við fjárlög 2008 hækka tekjurnar um 2.916 m.kr. en gjöldin aðeins um 307 m.kr. Helsta ástæða fyrir svo lítilli aukningu gjalda samanborið við tekjur er að Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar fellur úr B-hluta um næstu áramótum en á fjárlögum 2008 eru rekstrartekjur hennar 61,5 m.kr. og rekstrargjöld 2.724 m.kr. Frá ríkisreikningi 2007 hækka tekjur B-hlutans um 1.333 m.kr. og gjöld um 1.647 m.kr. Áætlað er að fjármunatekjur verði 170 m.kr. umfram fjármagnsgjöld og er það hækkun um 103 m.kr. frá fjárlögum en lækkun um 158 m.kr. frá reikningi 2007. Ekki er gert ráð fyrir neinu rekstrarframlagi frá A-hluta ríkissjóðs til B-hlutans á árinu 2009 en í fjárlögum 2008 nam framlagið 2.811 m.kr. og rann til Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar. Miðað við framangreindar forsendur er gert ráð fyrir 1.178 m.kr. hagnaði á B-hluta ríkisjóðs á næsta ári og lækkar hann um 100 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2008 en um 392 m.kr. frá reikningi 2007.

Fjárfestingar eru áætlaðar 875 m.kr., þar af 380 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum en 499 m.kr. í áhættufjármunum. Sala varanlegra rekstrarfjármuna er áætluð 4 m.kr. Fjárfestingar aukast um 18 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2008 en um 665 miðað við reikning 2007. Munar þar mest um 659 m.kr. viðsnúning í áhættufjármunum hjá Happdrætti Háskóla Íslands þar sem gert er ráð fyrir 500 m.kr. fjárfestingum á næsta ári en í fyrra skilaði verðbréfasafn fyrirtækisins 599 m.kr. innstreymi fjár á móti 440 m.kr. kaupum á eignarhaldsfélagi um fasteign þá sem m.a. hýsir starfsemi fyrirtækisins.

Engar lántökur eru áformaðar hjá B-hluta fyrirtækjum á árinu 2009 frekar en í ár.

Arðgreiðsla B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð á árinu 2009 er áætluð 210 m.kr. en er 182,5 m.kr. í fjárlögum 2008. Á árinu 2007 nam arðgreiðslan 152 m.kr. Einungis Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins greiðir arð í ríkissjóð en Happdrætti Háskóla Íslands greiðir hluta af hagnaði sínum beint til Háskóla Íslands og áætlað er að á árinu 2009 nemi það framlag 415 m.kr. samanborið við 215 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs.

Gangi framangreindar forsendur eftir er áætlað að handbært fé B-hluta fyrirtækja verði 1.682 m.kr. í árslok 2009.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Rekstrartekjur	23.625,7	26.541,6
Rekstrargjöld	-25.226,7	-25.534,1
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld	67,0	170,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-1.534,0**	**1.177,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	2.811,0	0,0
Önnur framlög og óreglulegar tekjur/gjöld	0,0	0,0
Hagnaður (-tap)	**1.277,0**	**1.177,5**
Sjóðstreymi:		
Hagnaður (-tap)	1.277,0	1.177,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	326,5	255,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	5,0	0,0
Handbært fé frá rekstri	**1.608,5**	**1.432,5**
Varanlegir rekstrarfjármunir	-510,0	-380,0
Áhættufjármunir	-348,5	-498,5
Sala varanlegra rekstrarfjármuna og annað	2,0	4,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-856,5**	**-874,5**
Tekin löng lán	0,0	0,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-31,5	0,0
Arðgreiðsla í ríkissjóð	-182,5	-210,0
Annað	-215,0	-415,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-429,0**	**-625,0**
Breyting á handbæru fé	323,0	-67,0
Handbært fé í ársbyrjun	1.515,2	1.748,5
Handbært fé í árslok	1.838,2	1.681,5

22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti

201 Happdrætti Háskóla Íslands. Áætlað er að á árinu 2009 verði 900 m.kr. hagnaður af rekstri happdrættisins. Það er 80 m.kr. lakari afkoma en gert er ráð fyrir í fjárlögum 2008 og 32 m.kr. lakari afkoma en í reikningi ársins 2007. Tekjur og markaðshlutdeild happdrættisins ráðast af samkeppnisaðstæðum á happdrættismarkaði. Tekjuþróun og

markaðshlutdeild happdrættisins hefur verið hagstæð undanfarin ár og á síðasta ári fóru tekjur fram úr væntingum. Áætlun um tekjur og gjöld happdrættisins byggir á þeirri forsendu að starfsheimildir á happdrættismarkaði taki ekki stórstígum breytingum.

Samkvæmt lögum um happdrættið skal það greiða leyfisgjald í ríkissjóð sem svarar 20% af nettóársarði, þó ekki hærri fjárhæð en 150 m.kr. Tekjur af leyfisgjaldinu renna til Tækjasjóðs, samkvæmt lögum nr. 3/2003, um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, og í fjárlögum er framlagið veitt á lið *02-238 Tækjasjóður*. Eins og áður sagði er áætlað að á árinu 2009 skili rekstur happdrættisins 900 m.kr. hagnaði og 20% af þeirri fjárhæð eru 180 m.kr. Gert er ráð fyrir að 35 m.kr. af tekjum leyfisgjaldsins verði haldið eftir á viðskiptareikningi með sama hætti og í fjárlögum 2008. Framlag í Tækjasjóð á árinu 2009 verður því 115 m.kr.

Samkvæmt lögum um happdrættið skal verja ágóða af rekstri þess til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Ennfremur er heimilt að verja ágóðanum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabygginga, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstofur við hinar ýmsu deildir skólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja sem Háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. Gert er ráð fyrir að framlag til framkvæmda og viðhalds fasteigna Háskóla Íslands verði 415 m.kr. á árinu 2009 og hækkar það um 200 m.kr. frá fjárlögum 2008. Framlagið verður eingöngu fólgið í peningalegu framlagi þar sem lán vegna fyrri byggingaframkvæmda eru uppgreidd og því er ekki lengur um að ræða neinar greiðslur vaxta og afborgana. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að fjárheimildir Háskóla Íslands til framkvæmda verði 415 m.kr. á árinu 2009. Peningalegt framlag Happdrættis Háskóla Íslands til Háskóla Íslands á árinu 2009 takmarkast við þá fjárhæð.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

101 ***Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.*** Rekstrartekjur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins eru áætlaðar um 21 milljarðar króna á næsta ári en það er tæplega 2,6 milljarða króna hækkun tekna frá fjárlögum ársins 2008. Sala áfengis er miðuð við tekjuþróun ársins 2008 og er gert ráð fyrir 5% tekjuaukningu milli áranna 2008 og 2009. Hins vegar er gert ráð fyrir óbreyttum tekjum af sölu tóbaks milli áranna 2008 og 2009. Rekstrargjöld ársins 2009 eru áætluð 20,9 milljarðar króna og hækka sömuleiðis um 2,6 milljarða króna frá fjárlögum yfirstandandi árs. Vörunotkun er í samræmi við áætlaða sölu og er byggð á þeim álagningarreglum sem í gildi eru. Gert er ráð fyrir 7,8% hækkun launagjalda frá fyrra ári en mikil óvissa ríkir um þennan kostnaðarlið vegna lausra kjarasamninga á næsta ári. Einnig er hér gert ráð fyrir kostnaði vegna fræðslu starfsmanna og öðrum starfsmannatengdum kostnaði. Eftirlaunaskuldbindingar

vegna starfsmanna í B-hluta LSR eru áætlaðar 20 m.kr. Áætlað er að húsnæðiskostnaður vaxi í samræmi við fjölgun verslana og aukin umsvif sem og bifreiðakostnaður. Að öðru leyti byggir áætlun næsta árs á rekstraráætlun ársins 2008 að viðbættum áhrifum af verðlagsbreytingum og auknum umsvifum. Fjármunatekjur eru áætlaðar 70 m.kr. og hagnaður ársins 177,5 m.kr. Gert er ráð fyrir að fyrirtækið greiði 210 m.kr. í arð til ríkissjóðs og að handbært fé í árslok verði um 760 m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

301 Íslenskar orkurannsóknir. Gert er ráð fyrir að umfang í starfsemi fyrirtækisins vaxi töluvert á árinu 2009 og að ársvelta þess verði 1.300 m.kr. samanborið við 800 m.kr. áætlun fjárlaga 2008. Búast má við talsverðum sveiflum í rekstrartekjum þess frá ári til árs eftir markaðsaðstæðum. Horfur eru nú góðar vegna mikilla framkvæmda í orkumálum, einkum á sviði jarðhita. Áætlað er að rekstrargjöld nemi 1.200 m.kr. og að fyrirtækið skili 100 m.kr. hagnaði á næsta ári. Gert er ráð fyrir að fjárfest verði í tækjum og búnaði fyrir 150 m.kr. en fyrirtækið er jafnt og þétt að byggja upp tækjakost sinn til orku- og jarðrannsókna og er gert ráð fyrir að fjárfesta að jafnaði í slíkum búnaði fyrir um 100 m.kr. árlega. Afskriftir af tækjum og búnaði eru taldar nema 90 m.kr. Áætlað er að handbært fé aukist um 40 m.kr. á árinu 2009 og verði um 140 m.kr. í árslok.

5 Fjárreiður lánastofnana í C-hluta

Í C-hluta fjárlaga eru lánastofnanir í eigu ríkisins enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög. Fjárreiður C-hluta eru byggðar á reikningsskilum fyrirtækja í sambærilegum rekstri. Vísað er til umfjöllunar í upphafi 4. kafla um skýringar við reikningsskilin.

Áætlað er að á árinu 2009 verði fjármunatekjur lánastofnana í C-hluta 69,7 milljarðar króna, samanborið við 47,1 milljarð króna í fjárlögum yfirstandandi árs og 69,8 milljarða í ríkisreikningi 2007. Hækkun frá fjárlögum 2008 er 22,6 milljarðar króna, eða um 48%. Vöxtur fjármunatekna er mestur hjá Íbúðalánasjóði eða 21,2 milljarðar króna og næst mest hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna þar sem þær hækka um 1,6 milljarða. Heildarfjármagnsgjöld eru áætluð 64,1 milljarður króna en eru tæpir 44 milljarðar í fjárlögum 2008 og 64,2 milljarðar í ríkisreikningi 2007. Hækkun frá fjárlögum 2008 er 20,2 milljarðar króna, eða tæp 46%. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru þannig nánast óbreytt frá uppgjöri ársins 2007 en hækka mikið frá fjárlögum yfirstandandi árs. Sú hækkun skýrist að mestu leyti af því að í forsendum frumvarpsins er gert ráð fyrir að verðbólga á árinu 2009 verði meiri en reiknað var með á árinu 2008 við afgreiðslu fjárlaga þess árs. Þannig er í forsendum frumvarpsins reiknað með að vísitala neysluverðs hækki um 5,7% milli áranna 2008 og 2009 en verðlagsforsendur fjárlaga 2008 miðuðust við 3,3% hækkun vísitölunnar milli áranna 2007 og 2008. Þar sem veitt og tekin lán sjóðanna eru yfirleitt verðtryggð, eins og t.d. í tilviki Íbúðalánasjóðs, geta frávik verðlagsbreytinga frá forsendum fjárlaga og breytingar á verðlagi á milli ára valdið miklum sveiflum, bæði í fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum.

Framlög í afskriftasjóð útlána verða tæpir 3,2 milljarðar króna, eða um 3,1% af áætluðum heildarútlánum á árinu 2009, en í fjárlögum yfirstandandi árs nemur framlagið 2,5% af áætluðum útlánum ársins. Framlög úr A-hluta ríkissjóðs til rekstrar C-hluta sjóða eru áætluð tæpir 8,8 milljarðar króna samanborið við rúma 6,6 milljarða í fjárlögum 2008 og 5,2 milljarða í ríkisreikningi 2007. Munar þar mest um 7,7 milljarða króna framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna en framlag til sjóðsins hækkar um 1.785 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Framlag til Íbúðalánasjóðs hækkar um 180 m.kr. og framlag til Byggðastofnunar hækkar um tæpar 142 m.kr. Aðrar rekstrartekjur næsta árs eru áætlaðar 236 m.kr. sem er 805 m.kr. lækkun frá fjárlögum 2008 og önnur rekstrargjöld eru áætluð 2.222 m.kr. sem er 181 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Varðandi lækkun rekstrartekna munar mest um 810 m.kr. lækkun hjá Íbúðalánasjóði vegna breyttra uppgjörsreglna og lægri seðilgjalda.

Áætlað er að C-hluta sjóðir verði reknir með um 9,2 milljarða króna hagnaði á árinu 2009, samanborið við 6,3 milljarða hagnað samkvæmt áætlun fjárlaga 2008 og 6,8 milljarða í ríkisreikningi 2007. Þyngst vegur 6,6 milljarða króna hagnaður Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem gengur til að viðhalda eiginfjárstöðu sjóðsins og standa undir framtíðarskuldbindingum hans. Hagnaður Íbúðalánasjóðs er áætlaður 2,4 milljarðar króna. Að teknu tilliti til liða sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi og breytinga á rekstrartengdum

eignum og skuldum er áætlað að handbært fé frá rekstri C-hluta sjóða verði samtals 21,6 milljarðar króna á árinu 2009. Það er 10,3 milljarða króna hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs og 45,2 m.kr. hækkun frá reikningi 2007.

Gert er ráð fyrir að veitt löng lán C-hluta sjóða á næsta ári verði samtals 101 milljarðar króna. Það er rúmlega 1,7 milljarða króna, eða 1,8%, hærri lánveitingar en áætlaðar eru á fjárlögum 2008. Munar mest um 83,7 milljarða króna lánveitingar Íbúðalánasjóðs, þar af 50,7 milljarða almenn íbúðalán og 33 milljarða til leiguíbúða. Lánveitingar Lánasjóðs íslenskra námsmanna eru áætlaðar 14,2 milljarðar. Áætlað er að í heild lækki lánveitingar Íbúðalánasjóðs um 1,6 milljarða króna en að lánveitingar Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækki um 3,3 milljarða frá fjárlögum 2008. Þá er gert ráð fyrir að á árinu 2009 innheimti C-hluta sjóðir samtals 30,8 milljarða króna í afborganir af veittum löngum lánum en það er 5,7 milljarða króna lægri afborganir en áætlaðar eru á fjárlögum ársins í ár.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Frumvarp 2009
Fjármunatekjur	47.126,2	69.686,0
Fjármagnsgjöld	-43.956,5	-64.121,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	-2.508,3	-3.178,0
Hreinar fjármunatekjur	**661,4**	**2.387,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	6.658,4	8.767,0
Aðrar rekstrartekjur	1.041,0	236,0
Önnur rekstrargjöld	-2.040,9	-2.221,6
Hagnaður (-tap)	**6.319,9**	**9.168,4**
Sjóðsstreymi:		
Hagnaður (-tap)	6.319,9	9.168,4
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	5.389,0	12.551,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-428,0	-120,0
Handbært fé frá rekstri	**11.280,9**	**21.599,4**
Veitt löng lán	-99.238,5	-101.000,0
Afborganir af veittum löngum lánum	36.446,7	30.772,5
Varanlegir rekstrarfjármunir	-102,0	-108,0
Áhættufjármunir, nettó	914,0	475,0
Fjárfestingarhreyfingar, samtals	**-61.979,8**	**-69.860,5**
Tekin löng lán	93.336,0	84.672,0
Afborganir af teknum löngum lánum	-31.518,8	-32.086,0
Annað, nettó	-11.061,0	-2.721,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**50.756,2**	**49.865,0**
Breyting á handbæru fé	57,3	1.603,9
Handbært fé í ársbyrjun	15.625,6	37.468,0
Handbært fé í árslok	15.682,9	39.071,9

Lántökur sjóða í C-hluta eru áætlaðar samtals 84,7 milljarðar króna en það er lækkun um 8,6 milljarða króna frá áætlun fjárlaga 2008. Afborganir af teknum lánum eru áætlaðar rúmir 32 milljarðar en eru 31,5 milljarðar á fjárlögum yfirstandandi árs. Afföll af sölu verðbréfa Íbúðalánasjóðs árið 2009 eru áætluð 3,2 milljarðar en í fjárlögum yfirstandandi árs er reiknað með 11,6 milljarða króna afföllum. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins til 500 m.kr. aukið stofnfé eins og í fjárlögum 2008 og er þar um að ræða ráðstöfun á hluta af söluandvirði Landsíma Íslands.

Gangi framangreindar áætlanir eftir er gert ráð fyrir að handbært fé lánastofnana í C-hluta aukist um 1,6 milljarða króna á árinu 2009 og verði um 39 milljarðar króna í árslok.

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

*872 **Lánasjóður íslenskra námsmanna.*** Útlán sjóðsins árið 2009 eru áætluð 14.176 m.kr. og aukast um 3.304 m.kr. frá áætlun fjárlaga 2008 en um 5.427 m.kr. frá ríkisreikningi 2007. Samkvæmt því er gert ráð fyrir um 30% hækkun lánveitinga milli áranna 2008 og 2009 en auk verðlags- og gengisþróunar munar mest um 15,5% fjölgun lánþega á Íslandi og erlendis. Því til viðbótar er áætluð 320 m.kr. hækkun vegna skólagjaldalána umfram þá hækkun sem leiðir af fjölgun lánþega. Eins og á undanförnum árum er framlag A-hluta ríkissjóðs til sjóðsins veitt á fjárlagalið *02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna* og er í samræmi við það mat Ríkisendurskoðunar að framlagsþörf sé 51% af útlánum eins og reiknað er með í fjárlögum 2008, auk framlags til að standa undir rekstri sjóðsins og vaxtastyrk til námsmanna. Framlag ríkissjóðs er samkvæmt þessu 7.723 m.kr. og þar af er áætlað að 294 m.kr. séu vegna rekstrar og 199 m.kr. vegna vaxtastyrks en hann er talinn með rekstrargjöldum. Í heild hækkar framlag ríkissjóðs um 1.785 m.kr. eða um 30% frá fjárlögum 2008.

Fjármunatekjur eru áætlaðar 6.200 m.kr., fjármagnsgjöld 4.890 m.kr. og framlög í afskriftasjóð útlána 2.000 m.kr. eða 14% af áætluðum útlánum ársins. Hreinar fjármunatekjur eru samkvæmt þessu áætlaðar neikvæðar um 690 m.kr. en voru neikvæðar um 813,1 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs og jákvæðar um 202 m.kr. í ríkisreikningi 2007. Miðað við framangreindar forsendur er áætlað að hagnaður sjóðsins verði 6.560 m.kr. sem er hækkun um 1.853 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Útlán sjóðsins eru verðtryggð og námu, að frádregnum afskriftareikningi, 83.784 m.kr. í árslok 2007. Námslán eru vaxtalaus á námstíma en fylgja neysluverðsvísitölu og bera að auki 1% vexti frá námslokum. Í árslok 2007 nam bókfært eigið fé sjóðsins 43.060 m.kr. en þar sem núvirði útlána var þá 21.836 m.kr. lægra en bókfært verðmæti þeirra nam núvirði eigin fjár 21.224 m.kr.

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn innheimti 5.420 m.kr. í afborganir af veittum löngum lánum og er það 577 m.kr. hækkun frá fjárlögum 2008. Áætlað er að verja 79

m.kr. til kaupa á varanlegum rekstrarfjármunum. Þá er áætlað að sjóðurinn taki 8.800 m.kr. að láni til langs tíma og greiði 5.125 m.kr. í afborganir af teknum lánum. Gangi framagreindar forsendur eftir er áætlað að handbært fé sjóðsins hækki um 20 m.kr. á árinu og verði 575 m.kr. í árslok.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

Íbúðalánasjóður

Útlán sjóðsins á árinu 2009 eru áætluð 83,7 milljarðar króna en eru 85,3 milljarðar króna í fjárlögum yfirstandandi árs og nemur lækkun milli ára tæpum 2%. Lántökur sjóðsins eru áætlaðar 72,9 milljarða króna en eru 82,3 milljarða króna í fjárlögum.

Fjármunatekjur næsta árs eru áætlaðar 61,9 milljarðar króna og hækka um 21,2 milljarða eða 52% frá fjárlögum yfirstandandi árs. Fjármagnsgjöld eru áætluð 58,5 milljarðar króna og aukast um 19,8 milljarða króna eða 51% frá fjárlögum. Valda þar mestu aukin verðbólga og hærri vextir en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Áætlað er að leggja 625 m.kr. í afskriftarsjóð útlána en það svarar til 0,74% af áætluðum útlánum á árinu. Hreinar fjármunatekjur eru áætlaðar tæpir 2,8 milljarðar króna og hagnaður ársins 2,4 milljarðar.

Gert er ráð fyrir að innheimtar afborganir af veittum löngum lánum og uppgreiðsla eldri lána nemi 23,8 milljörðum króna en það er lækkun um 6,8 milljarða króna eða 22% frá fjárlögum yfirstandandi árs. Afborganir sjóðsins af teknum lögnum lánum eru áætlaðar 25,3 milljarðar króna og eru nánast óbreyttar frá áætlun fjárlaga.

Áætlað er að á árinu 2009 verði rekstrartekjur sjóðsins 191 m.kr. en það er 810 m.kr. eða 81% lækkun frá áætlun fjárlaga 2008. Í áætlun næsta árs er tekið mið af því að uppgjörsreglum Íbúðalánasjóðs var breytt á síðasta ári. Breytingin felst í því að uppgjörið er nú sett fram samkvæmt alþjóðlegum staðli sem nefnist IFRS. Samkvæmt IFRS reglum er gerð sú breyting á framsetningu tekna af lántökugjöldum að tekjunum er dreift á lánstíma lánanna og tekjufærðar með vaxtatekjum í rekstrarreikningi sjóðsins. Lántökugjöldin færast því ekki lengur að fullu til tekna á lánveitingaári undir tekjuliðnum aðrar rekstrartekjur eins og verið hefur til þessa. Þessi breyting veldur því að rekstrartekjur sjóðsins verða 686 m.kr. lægri en verið hefði eftir fyrri uppgjörsreglum. Auk þessa er gert ráð fyrir nokkurri lækkun á öðrum tekjum sjóðsins vegna breytingu sem gerð var á innheimtu gjalds af greiðsluseðlum, en gjaldið var lækkað úr 195 krónum í 75 krónur fyrir hvern seðil.

Rekstrargjöld næsta árs eru áætluð 1.051 m.kr. og er það 1,5% hækkun frá áætlun ársins 2008. Tekið er mið af því að kjarasamningar verða lausir á næsta ári og því er óvissa um þróun launkostnaðar. Við áætlunina er gert ráð fyrir því að starfsemi sjóðsins verði með svipuðum hætti og verið hefur.

201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild.
Fjármunatekjur húsbréfadeildar á árinu 2009 eru áætlaðar 19,2 milljarðar króna og fjármagnsgjöld 16,5 milljarðar. Framlag í afskriftasjóð útlána er 140 m.kr. og hreinar fjármunatekjur 2,6 milljarðar. Rekstrartekjur deildarinnar eru áætlaðar 42 m.kr., rekstrargjöldin 51 m.kr. og hagnaður ársins 2,6 milljarðar króna. Innheimtar afborganir veittra lána eru áætlaðar 11,9 milljarðar króna og afborganir sjóðsins af útgefnum húsbréfum eru áætlaðar 6,7 milljarðar. Reiknað er með að handbært fé deildarinnar aukist um 13,3 milljarða króna á árinu og verði 32 milljarðar í árslok 2009.

205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir og aðrir lánaflokkar. Heildarlánveitingar til leiguíbúða og annarra lánaflokka á næsta ári eru áætlaðar um 33 milljarðar króna. Gert er ráð fyrir fjölgun leiguíbúða og aukningu niðurgreiðslna vegna leiguíbúða fyrir fólk með tekjur og eignir undir ákveðnum viðmiðunarmörkun í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga á fyrri hluta árs 2008. Íbúðum verður fjölgað úr 400 í 750 á ári og jafnframt verður meðallán út á hverja íbúð hækkað úr 16,3 m.kr. í 18,5 m.kr. Áætluð heildarútlán vegna þessara aðgerða á árinu 2009 eru 13,9 milljarðar króna. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að lána allt að 15 milljarða króna til almennra leiguíbúða á vöxtum sem taka mið af fjármögnunarkostnaði Íbúðalánasjóðs hverju sinni. Á árinu 2008 hefur orðið nokkur aukning í eftirspurn eftir lánum til leiguíbúða. Gera má ráð fyrir að eftirspurnin aukist frekar miðað við þann samdrátt sem orðið hefur í sölu nýrra íbúða. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 700 milljónum króna í greiðsluerfiðleikalán. Loks er gert ráð fyrir að lána allt að 3,5 milljarða króna til byggingar á þjónustumiðstöðvum og íbúðum sem eru sérhannaðar fyrir þarfir aldraðra. Ennfremur til byggingar eða kaupa á sambýlum fyrir fatlaða, meiriháttar utanhússviðgerða á þeim félagslegu íbúðum sem sveitarfélög hafa innleyst og til lána til einstaklinga með sérþarfir, til lána og styrkja til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði og vistheimila fyrir börn og unglinga sem rekin eru af einkaaðilum, sjálfseignarstofnunum og félagasamtökum. Reiknað er með að niðurgreiðsla vaxta vegna leiguíbúða nemi 480 m.kr. á árinu 2009. Lántökur deildarinnar á næsta ári eru áætlaðar 30,4 milljarðar en það er 4,9 milljörðum meira en áætlaðar lántökur á fjárlögum 2008. Reiknað er með að sjóðsstaða deildarinnar versni um ríflega 6 milljarða króna á árinu og verði neikvæð um 2,6 milljarða króna í árslok 2009.

211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán. Með breytingum, sem gerð voru á lögum um húsnæðismál í desember 2004 var veitingu viðbótarlána hætt. Í frumvarpinu er því hvorki gert ráð fyrir nýjum lánveitingum eða lántökum í tengslum við lánaflokkinn. Sjóðsstaða er áætluð jákvæð um 1.437 m.kr. í árslok 2009 og er það 290 m.kr. hækkun frá áætlaðri sjóðsstöðu í árslok 2008.

215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóður ríkisins og verkamanna. Áætlað er að á árinu 2009 verði 968 m.kr. tap af rekstri sjóðanna en áætlað tap þeirra í fjárlögum yfirstandandi árs er 1.112 m.kr. Sjóðirnir hafa ekki stundað útlánastarfsemi síðan Íbúðalánasjóður tók til starfa. Því er hvorki gert ráð fyrir nýjum lánveitingum eða lántökum vegna þeirra. Sjóðstaða er áætluð 8.658 m.kr. í árslok 2009 og er það 2.814 m.kr. hækkun frá áætlaðri sjóðstöðu í árlok 2008.

219 Almenn íbúðalán. Áætlað er að á árinu 2009 muni fjármunatekjur deildarinnar nema um 25,6 milljörðum króna og nemur vöxtur þeirra um 59% frá fjárlögum yfirstandandi árs. Fjármagnsgjöldin eru áætluð 23,8 milljarðar og hækka um rúm 73% frá fjárlögum. Eins og áður hefur komið fram veldur hér mestu um horfur á hærri verðbólgu á árinu 2009 en reiknað var með að yrði á árinu 2008 við afgreiðslu fjárlaga þess árs. Áætlað er að leggja 302 m.kr. í afskriftasjóð útlána sem er 0,6% af áætluðum útlánum. Hreinar fjármunatekjur eru áætlaðar 1.480 m.kr. og hagnaður ársins 855 m.kr. Gert ráð fyrir að á næsta ári verði heildarútlán deildarinnar 50,7 milljarðar króna en það er samdráttur um 13,6 milljarða frá fjárlögum 2008. Lántökur deildarinnar á næsta ári eru áætlaðar 42,5 milljarða króna og lækka um 14,3 milljarða frá fjárlögum 2008. Í áætlunum deildarinnar er reiknað með svipuðu vaxtastigi á verðbréfamarkaði á árinu 2009 og á yfirstandandi ári.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Hann fjárfestir í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum og tekur því mun meiri áhættu en aðrar lánastofnanir ríkisins. Innan sjóðsins er rekin Tryggingardeild útflutnings sem veitir tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning. Í árslok 2005 ákvað Alþingi að leggja sjóðnum til 1.500 m.kr. af söluandvirði Landssíma Íslands og verður 500 m.kr. lokagreiðsla þess innt af hendi á árinu 2009. Nýverið náðist samkomulag um stofnun Frumtaks, samlagssjóðs Nýsköpunarsjóðs, stóru bankanna þriggja og stærstu lífeyrissjóða landsins. Gert er ráð fyrir að á næstu árum muni Frumtak hafa 4,6 milljarða króna til fjárfestinga í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum sem þykja vænleg til vaxtar og útrásar. Nýsköpunarsjóður leggur fram 1,5 milljarða króna, bankarnir jafn háa fjárhæð og lífeyrissjóðirnir 1,6 milljarða. Áætlað er að reka sjóðinn með 187 m.kr. hagnaði árið 2009 eins og gert er ráð fyrir í fjárlögum 2008 en árið 2007 var 201 m.kr. tap á rekstri sjóðsins. Bætt afkoma skýrist af auknum fjármagnstekjum. Að öðru leyti er gert ráð fyrir litlum breytingum í rekstri sjóðsins milli áranna 2008 og 2009 og áætlað er að í árslok 2009 verði handbært fé sjóðsins 2,3 milljarðar króna.

371 ***Orkusjóður.*** Meginhlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins með styrkjum eða lánum, einkum til aðgerða er miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Sjóðurinn veitir lán til jarðhitaleitar, þar sem hagkvæmt þykir, til að draga úr kostnaði við upphitun húsnæðis. Einnig veitir hann styrki til þróunarverkefna, rannsókna og fræðslu sem stuðlar að minni notkun á jarðefnaeldsneyti. Gert er ráð fyrir að á árinu 2009 fái sjóðurinn 36 m.kr. rekstrarframlag frá A-hluta ríkissjóðs og er gert ráð fyrir fjárveitingu til þess á fjárlagalið *11-371 Orkusjóður*. Miðað er við að framlagið og hreinar fjármunatekjur að fjárhæð 15 m.kr. standi undir rekstrarútgjöldum sjóðsins. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn auki útlán sín verulega og að þau verði 122 m.kr. á næsta ári samanborið við 20 m.kr. áætlun á fjárlögum 2008. Aukin útlán skýrast af því að Orkuráð hefur lagt til við iðnaðarráðherra að veitt verði 102 m.kr. jarðhitaleitarlán úr Orkusjóði til Orkubús Vestfjarða. Rannsóknarstyrkir munu aukast vegna þátttöku Íslands í Northern European Innovative Energy Research en hlutur Íslands í því samstarfi nemur 200 þús. evrum. Samstarfsverkefninu er ætlað að hvetja til rannsókna á endurnýjanlegum og vistvænum orkugjöfum og aukinni notkun þeirra á norðurslóðum. Rekstrarstaða sjóðsins veikist verulega því gert ráð fyrir 51 m.kr. framlagi í afskriftarsjóð útlána og er áætlað tap sjóðsins á komandi ári 40,6 m.kr. Áætlað er að handbært fé sjóðsins verði 90 m.kr. í árslok 2009.

411 ***Byggðastofnun.*** Gert er ráð fyrir að stofnunin verði rekin með 63 m.kr. hagnaði á árinu 2009 en á fjárlögum 2008 var áætlaður 30 m.kr. halli á rekstri stofnunarinnar og 179 m.kr. halli var á rekstrinum samkvæmt reikningi ársins 2007. Stærsti hluti af tekjum stofnunarinnar kemur af fjármagnstekjum en þær eru áætlaðar 1.200 m.kr. árið 2009. Á móti koma 750 m.kr. fjármagnsgjöld og 400 m.kr. framlög í afskriftasjóð útlána en það er um 13% af áætluðum útlánum stofnunarinnar á árinu. Samkvæmt ársreikningi 2007 voru 361 m.kr. settar á afskriftareikning eða um 18% af útlánum þess árs. Næst stærsti tekjuliður stofnunarinnar er 528 m.kr. rekstrarframlag frá A-hluta ríkissjóðs og er gert ráð fyrir fjárveitingu til þess á fjárlagalið *11-411 Byggðastofnun*. Af því framlagi eru 243,8 m.kr. ætlaðar til almenns rekstrar stofnunarinnar en 284,2 m.kr. til atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni. Sú fjárhæð hækkar um 100 m.kr. í samræmi við mótvægisaðgerðir sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks. Rekstrargjöld stofnunarinnar á næsta ári eru áætluð 540 m.kr. og hagnaður ársins 63 m.kr. Gert er ráð fyrir að veita 3.000 m.kr. í ný lán. Það er jafn mikið og í gildandi fjárlögum en 990 m.kr. aukning frá árinu 2007. Áætlað er að innheimta 1.500 m.kr. í afborganir af veittum lánum og greiða 1.700 m.kr. í afborganir af teknum lánum. Gangi framgreint eftir er áætlað að handbært fé stofnunarinnar verði 1.118 m.kr. í árslok 2009.

6 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér verður gerð grein fyrir lánsfjárþörf, lántökum og afborgunum hjá A-hluta ríkissjóðs, ríkisfyrirtækjum í B-hluta, sjóðum í C-hluta og aðilum sem taka lán á grundvelli sérlaga. Vísað er til 2. og 5. gr. frumvarpsins.

6.1 Horfur árið 2008

Horfur eru á að á árinu 2008 verði hreinn lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs neikvæður um 18,3 milljarða króna en í fjárlögum ársins er áætlað að hann verði jákvæður um 41,8 milljarða króna. Breytingin frá fjárlögum er 60,1 milljarðar króna til lækkunar og í stórum dráttum skýrist hún af fjórum tilefnum. Í fyrsta lagi eru nú horfur á að handbært fé frá rekstri verði 23,7 milljörðum króna minna en það var áætlað í fjárlögum. Munar þar langsamlega mest um 23,2 milljarða króna hækkun rekstrargjalda á greiðslugrunni samhliða 890 m.kr. minni innheimtu rekstrartekna. Í öðru lagi af 300 milljón evra, jafngildi um 37 milljarða króna, láni til Seðlabanka Íslands til styrkja gjaldeyrisvarasjóð hans. Í þriðja lagi af 1 milljarðs króna minni lánveitingu til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og í fjórða lagi af 200 m.kr. aukningu eiginfjárframlaga. Á móti neikvæðum lánsfjárjöfnuði ríkissjóðs koma auknar lántökur og reiknað er með að langtímalántökur A- hluta ríkissjóðs á árinu 2008 verði samtals 240 milljarðar króna, en það er 210 milljörðum króna umfram áætlun fjárlaga. Undir lok vorþings heimilaði Alþingi fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, að taka á árinu 2008 lán fyrir allt að 500 milljörðum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána Seðlabanka Íslands þann hluta sem tekinn verður að láni í erlendri mynt. Þegar hefur verið ákveðið að nýta 200 milljarða króna af þessari heimild og skiptist hún jafnt milli lántöku í íslenskum krónum og erlendri mynt. Ákvarðanir um frekari nýtingu heimildarinnar hafa ekki verið teknar en þær munu m.a. ráðast af markaðsaðstæðum og annarri framvindu í efnahags- og peningamálum. Til viðbótar hefur ríkissjóður selt ríkisbréf fyrir 40 milljarða króna, eða 10 milljörðum króna umfram áætlun fjárlaga, og varið fénu til afborgana af lánum. Gert er ráð fyrir að í ár greiði ríkissjóður samtals 98 milljarða króna í afborganir af teknum lánum, eða 53,5 milljörðum króna meira en áformað var í fjárlögum. Lántökur umfram afborganir eru því áætlaðar 142 milljarðar króna. Gert er ráð fyrir að 4 milljarðar króna verði greiddir inn á skuldbindingar ríkisins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Samkvæmt þessu er reiknað með að handbært fé aukist um 119,7 milljarða króna á árinu og batnar staða ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands sem því nemur.

Lántökur árið 2008. Eins og fyrr segir er gert er ráð fyrir að heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs á árinu 2008 verði 240 milljarðar króna eða 210 milljörðum króna meiri en áætlað var á fjárlögum. Gert er ráð fyrir að afborganir tekinna lána verði 98 milljarðar og

samkvæmt því eru horfur á að nettó skuldaaukning ríkissjóðs verði 142 milljarðar króna. Það er 156,5 milljarða króna frávik frá áætlun fjárlaga sem gerði ráð fyrir að ríkissjóður myndi á árinu greiða niður skuldir um 14,5 milljarða. Og eins og áður hefur komið fram stafar frávik frá fjárlögum í nettó skuldaaukningu ríkissjóðs annars vegar af 210 milljarða króna aukinni lántöku á móti 53,5 milljarða króna auknum afborgunum af teknum lánum.

Horfur eru á að lántökur ríkisfyrirtækja í B-hluta, sjóða í C-hluta og Landsvirkjunar verði 130,9 milljarðar króna og að afborganir þeirra af teknum lánum verði 49,6 milljarðar. Nettólántökur þessara aðila verða samkvæmt því 81,3 milljarðar króna og hækka um 7,2 milljarða frá áætlun fjárlaga. Mest munar um 5,5 milljarða króna meiri lántökur Íbúðalánasjóðs á móti 6,4 milljarða króna auknum afborgunum sjóðsins af teknum lánum og 8 milljarða króna hærri lántökur Landsvirkjunar. Auknar lántökur Íbúðalánasjóðs frá áætlun fjárlaga stafa af 9,1 milljarðs króna viðbótar lántökum vegna leiguíbúða en lántökur vegna almennra íbúðalána verða 3,6 milljörðum minni en var áætlað. Hækkun á afborgunum Íbúðalánasjóðs af teknum lánum stafar að stærstum hluta af 9,6 milljarða króna afborgunum umfram áætlun fjárlaga af skuldum sjóðsins vegna húsbréfalána en á móti eru horfur á að afborganir af skuldum vegna almennra íbúðalána verði 2,8 milljörðum króna undir áætlun fjárlaga. Horfur eru á að heildarfjárfestingar Landsvirkjunar verði 2 milljörðum króna meiri en reiknað er með á fjárlögum. Auknar lántökur fyrirtækisins myndu að öðru leyti ganga til hækkunar á handbæru fé og eru háðar því að fyrirtækinu bjóðist áfram lán á hagstæðum kjörum.

6.2 Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða árið 2009

Áætlað er að heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs, fyrirtækja í B-hluta, sjóða í C-hluta og Landsvirkjunar muni nema 155,9 milljörðum króna á árinu 2009. Afborganir af teknum lánum eru áætlaðar 95,5 milljarðar. Hrein lánsfjárþörf þessara aðila á næsta ári er því áætluð 60,4 milljarðar króna. Reiknað er með að ríkissjóður taki 55 milljarða króna að láni og greiði 56,5 milljarða í afborganir af teknum lánum.

Lántökur fyrirtækja í B-hluta, sjóða í C-hluta og Landsvirkjunar eru áætlaðar samtals 100,9 milljarðar króna en afborganir tekinna lána 39 milljarðar. Nettólántaka þessara aðila er því áætluð 61,9 milljarðar króna, eða 19,4 milljörðum króna minni en horfur eru á að hún verði í ár. Mest munar um 10 milljarða króna minni nettólántökur Landsvirkjunar, 8,3 milljarða króna minni nettólántökur Íbúðalánasjóðs og 1 milljarðs króna minni nettólántökur Byggðastofnunar. Nánari grein er gerð fyrir lántökuáformun einstakra fyrirtækja og sjóða aftast í þessum kafla.

Í milljörðum króna	Horfur 2008			Frumvarp 2009		
	Innlent	Erlent	Samtals	Innlent	Erlent	Samtals
Lántökur	**227,9**	**143,0**	**370,9**	-	-	**155,9**
Ríki	227,9	103,0	**330,9**	-	-	**130,9**
A-hluti	140,0	100,0	**240,0**	-	-	**55,0**
B- og C-hluti	87,9	3,0	**90,9**	-	-	**75,9**
Landsvirkjun	0,0	40,0	**40,0**	-	-	**25,0**
Afborganir	**114,9**	**32,7**	**147,6**	-	-	**95,5**
Ríki	114,5	16,0	**130,5**	-	-	**83,5**
A-hluti	82,4	15,6	**98,0**	-	-	**56,5**
B- og C-hluti	32,1	0,4	**32,5**	-	-	**27,0**
Landsvirkjun	0,4	16,7	**17,1**	-	-	**12,0**
Hrein lánsfjárþörf	**113,0**	**110,3**	**223,3**	-	-	**60,4**
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	**7,7%**	**7,5%**	**15,2%**	-	-	**3,9%**

6.3 Sjóðstreymi og lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs

Áætlað er að á árinu 2009 verði tekjujöfnuður A-hluta ríkissjóðs neikvæður um 56,9 milljarða króna en horfur eru á að í ár verði tekjujöfnuðurinn jákvæður um 2,9 milljarða. Tekjujöfnuður versnar samkvæmt þessu um 59,8 milljarða króna milli ára og eru það veruleg umskipti til hins verra í afkomu. Áætlað er að á næsta ári verði handbært fé frá rekstri neikvætt um rúma 53 milljarða króna en horfur eru á að í ár verði handbært fé frá rekstri jákvætt um 10,6 milljarða. Breyting milli áranna er 63,6 milljarðar króna til lækkunar. Þessar miklu lækkanir endurspegla báðar mikinn vöxt ríkisútgjalda samfara lækkun tekna. Á rekstrargrunni er reiknað með að heildargjöld ríkissjóðs aukist um tæpa 47 milljarða króna frá því sem horfur eru á að þau verði í ár en að heildartekjur dragist saman um tæpa 13 milljarða. Á greiðslugrunni nemur hækkun gjalda 47,5 milljörðum króna og lækkun tekna 16,1 milljarði króna. Gert er ráð fyrir að fjármunahreyfingar næsta árs verði í heild jákvæðar um 5,5 milljarða króna samanborið við horfur um 28,9 milljarðs króna neikvæða stöðu í ár. Munar þar mest um 300 milljón evra, jafngildi um 37 milljarða króna, lánveitingu ríkissjóðs til Seðlabanka Íslands á þessu ári til að styrkja gjaldeyrisvaraforða bankans. Ákvarðanir um frekari lánveitingar af sama tagi hafa ekki verið teknar en í 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimild til 500 milljarða króna lántöku verði þess talin þörf til að efla gjaldeyrisvaraforðann eða styrkja viðskipti á innlendum fjármálamarkaði. Aðrar helstu breytingar í fjármunahreyfingum til næsta árs eru 1,8 milljarðs króna meiri lánveiting til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og 1,8 milljarðs króna minni innheimta afborgana af veittum lánum ríkissjóðs. Samkvæmt þessu eru horfur á að hreinn lánsfjárjöfnuður verði neikvæður um 18,3 milljarða króna í ár og neikvæður um 47,6 milljarða á árinu 2009. Áætlað er að á næsta ári taki ríkissjóður 55 milljarða króna ný lán og greiði 56,5 milljarða í afborganir af teknum lánum. Áformað er að greiða 4 milljarða króna á ári inn á skuldbindingar ríkisins við B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Gangi þetta eftir minnkar

handbært fé ríkissjóðs um rúma 53 milljarða króna á næsta ári og versnar staða ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands sem því nemur.

M.kr.	Horfur 2008	Frumvarp 2009
Handbært fé frá rekstri	**10.567**	**-53.062**
Fjármunahreyfingar:		
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar	0	0
Veitt löng lán	-44.763	-8.800
Afborganir veittra lána	16.900	15.100
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-1.200	-1.000
Sala hlutabréfa og eignarhluta	200	200
Fjármunahreyfingar samtals	**-28.863**	**5.500**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-18.296**	**-47.562**
Fjármögnun:		
Skammtímalán	0	0
Tekin löng lán	240.000	55.000
Afborganir	-98.000	-56.500
Fjármögnun samtals	**142.000**	**-1.500**
Framlag til LSR	-4.000	-4.000
Breyting á handbæru fé	**119.704**	**-53.062**

Handbært fé frá rekstri. Handbært fé frá rekstri er það fé sem regluleg starfsemi ríkisins skilar þegar frá eru taldar rekstrarfærðar tekjur og gjöld sem ekki koma til innheimtu eða útgreiðslu á árinu. Horfur eru á að í ár verði handbært fé frá rekstri tæpir 10,6 milljarðar króna en að á árinu 2009 verði það neikvætt um rúma 53 milljarða króna. Lækkun milli ára er um 63,6 milljarðar og skýrist eins og áður hefur verið vikið að af útgjaldavexti samfara minnkun tekna.

Veitt löng lán. Í 2. tl. 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimildir til lánveitinga í lengri tíma en til eins árs. Sótt er um eina endurlánaheimild í frumvarpinu sem er 8.800 m.kr. vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Reiknað er með að sjóðurinn taki 7.000 m.kr. að láni í ár og nemur hækkun milli ára því 1.800 m.kr.

Afborganir veittra lána. Horfur eru á að í ár nemi innheimtar afborganir veittra lána 16,9 milljörðum króna en áætlað er að árið 2009 verði þær 15,1 milljarður. Lækkun milli ára er 1,8 milljarða króna. Munar þar mest um 0,8 m.kr. minni afborgun Seðlabanka Íslands af 32 milljarða króna láni sem bankinn fékk hjá ríkissjóði á árinu 2005 þegar hluti af söluandvirði Landssíma Íslands hf. var ávaxtaður hjá bankanum í skuldabréfum sem endurgreiðast á árunum 2007-2010. Þannig komu 6,1 milljarður króna til endurgreiðslu á árinu

2007, 10,1 milljarður kemur til endurgreiðslu í ár, 9,3 milljarðar árið 2009 og 6,5 milljarðar króna árið 2010.

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög. Undir þennan lið falla stofnfjárframlög og kaup á eignarhlutum í félögum sem færð eru í efnahagsreikning ríkissjóðs. Smávægilegar breytingar hafa orðið í þessum lið frá því sem áætlað var á fjárlögum 2008 og hefur liðurinn hækkað frá 1.000 m.kr. áætlun fjárlaga í 1.200 m.kr. horfur fyrir árið í ár. Munar þar mest um 138 m.kr. framlag til Farice, 150 m.kr. framlag til Vísindagarða, 48 m.kr. hækkun á framlagi til Norræna þróunarsjóðsins og 10 m.kr. stofnframlag til Keflavíkurflugvallar ohf. en á móti kemur 146 m.kr. lækkun til annarra aðila frá því sem áætlað er í fjárlögum 2008. Í frumvarpinu er áætlað fyrir 1.000 m.kr. hlutafjárkaupum og stofnfjárframlögum á næsta ári og er það óbreytt áætlun frá fjárlögum 2008. Ber þar hæst 500 m.kr. stofnfjárframlag til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í samræmi við lög um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands, 250 m.kr. framlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar og 100 m.kr. hlutafjárframlag til Vistorku hf.

M.kr.	Áætlun 2008	Frumvarp 2009
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	500,0	500,0
Vistorka hf.	100,0	100,0
Eignarhaldsfélagið Farice ehf.	138,0	0,0
Vísindagarðar Háskóla Íslands ehf.	150,0	0,0
Keflavíkurflugvöllur ohf.	10,0	0,0
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	205,0	250,0
Þróunarbanki Evrópu (EBRD)	0,0	10,0
Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)	83,0	40,0
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)	3,0	4,0
Önnur hluta- og stofnfjárframlög	11,0	96,0
Samtals	**1.200,0**	**1.000,0**

Sala hlutabréfa og eignarhluta. Í frumvarpinu er ekki reiknað með sölu á tilteknum eignarhlutum ríkissjóðs í félögum. Eingöngu er gert ráð fyrir 200 m.kr. tekjum af sölu smærri eignarhluta.

Hreinn lánsfjárjöfnuður. Reiknað er með að hreinn lánsfjárjöfnuður verði neikvæður um 18,3 milljarð króna í ár og neikvæður um tæpa 47,6 milljarða króna á næsta ári. Breyting milli áranna er 29,3 milljarðar króna til lækkunar og stafar af 63,6 milljarða króna lækkun á handbæru fé frá rekstri á móti 34,4 m.kr. hækkun fjármunahreyfinga.

Lántökur A-hluta ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir 55 milljarða króna lántökum ríkissjóðs á árinu 2009 og í 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimild fyrir fjármálaráðherra til að taka þá

fjárhæð að láni fyrir hönd ríkissjóðs. Því til viðbótar er sótt um heimild fyrir allt að 500 milljarða króna lántöku, eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, verði þess talin þörf til að efla gjaldeyrisvaraforða Seðlabanka Íslands eða styrkja viðskipti á innlendum fjármálamarkaði með útgáfu ríkisverðbréfa. Ríkisstjórnin og Seðlabanki Íslands hafa um nokkurt skeið undirbúið aðgerðir til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans og auka aðgang bankans að erlendu lausafé. Sú stefna var mörkuð af hálfu stjórnvalda fyrri hluta árs 2006 að gjaldeyrisforðinn skyldi efldur. Veigamikið skref í þá átt var stigið í árslok 2006 með lántöku ríkissjóðs að fjárhæð einn milljarður evra sem endurlánað var Seðlabankanum. Í vor heimilaði Alþingi fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, að taka á árinu 2008 lán fyrir allt að 500 milljörðum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána Seðlabanka Íslands þann hluta sem tekinn verður að láni í erlendri mynt. Þegar hefur verið ákveðið að nýta sem svarar 200 milljörðum króna af þeirri heimild. Fyrr á þessu ári gerði Seðlabankinn tvíhliða gjaldeyrisskiptasamninga við seðlabanka Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur, sem veita Seðlabankanum aðgang að samtals 1.500 milljónum evra gegn íslenskum krónum, og auka þannig verulega aðgang Seðlabankans að erlendu lausafé. Erlend lántaka ríkissjóðs í því skyni að efla gjaldeyrisforðann enn frekar er til athugunar. Jafnframt þykir æskilegt að svigrúm ríkissjóðs verði aukið til útgáfu ríkisverðbréfa á innlendum markaði ef þess er talin þörf í því skyni að efla innlent fjármálakerfi og stuðla að stöðugleika á gjaldeyrismarkaði.

Afborganir af teknum lánum. Áætlað er að á árinu 2009 greiði ríkissjóður 56,5 milljarða króna í afborganir af teknum lánum. Miðað við það er áætlað að á næsta ári greiði ríkissjóður niður skuldir um 1,5 milljarða króna.

6.4 Lántökur ríkisfyrirtækja og sjóða - ríkisábyrgðir

Í 3. tl. 5. gr. frumvarpsins er sett hámark á nýtingu lántökuheimilda sem kveðið er á um í hlutaðeigandi sérlögum. Horfur eru á árinu 2008 verði lántökur ríkisfyrirtækja og sjóða 130,9 milljarðar og áætlað er að þær verði 100,9 milljarðar króna árið 2009. Útlit er því fyrir að lántökur þessara aðila verði 30 milljörðun króna lægri á næsta ári en í ár. Stærstu breytingarnar eru 15 milljarða króna lækkun á lántökum Landsvirkjunar og 15 milljarða króna minnkun á lántökum Íbúðalánsjóðs. Reiknað er með að í ár greiði ríkisfyrirtæki og sjóðir samtals 49,6 milljarða króna í afborganir af teknum lánum en 39 milljarða árið 2009. Útlit er því fyrir að í ár hækki nettóskuldir þessara aðila um 81,3 milljarða króna og um 61,9 milljarða árið 2009, eða um samtals 143,2 milljarða á þessum tveimur árum.

Hér á eftir eru raktar lántökuheimildir sem lagt er til að verði veittar skv. 3. tl. 5. gr. Nánari greinargerðir um stofnanir í B- og C-hluta eru í 4. og 5. kafla frumvarpsins.

1. Landsvirkjun. Lagt er til að Landsvirkjun verði heimiluð allt að 25 milljarða króna lántaka á árinu 2009 í samræmi við rekstrar- og fjárfestingaráætlanir ársins, en áætlað er að á næsta ári nemi fjárfestingar félagsins um 14 milljörðum króna. Helstu verkefni á því sviði eru: Undirbúningsframkvæmdir vegna fyrirhugaðs álvers Alcoa á Bakka við Húsavík. Þær framkvæmdir felast meðal annars í tilraunaborunum á háhitasvæðum Þingeyjasýslu og er gert ráð fyrir að fram til ársloka 2009 verði boraðar þar tíu tilraunaholur til að kanna orkugetu svæðanna. Þá má nefna að nýverið undirritaði Landsvirkjun, fyrir hönd Íslenska djúpborunarverkefnisins (IDDP), verksamning við Jarðboranir hf. um borframkvæmdir á Kröflusvæðinu. Gert er ráð fyrir að hafnar verði framkvæmdir við Búðarhálsvirkjun vegna aukinnar orkusölu til álversins í Straumsvík og orkusölu til gagnavers Verne Holdings á gamla varnarliðssvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Reiknað er með að framkvæmdum við Kárahnjúka ljúki á árinu 2009 en unnið er að lúkningu Hraunaveitu til að tryggja nægilegt vatnsmagn í þurrum árum. Til viðbótar því sem hér hefur verið nefnt er gert ráð fyrir framkvæmdum á vegum Landsnets hf. fyrir um 8 milljarða. Helstu verkefnin þar, auk almennrar styrkingar og endurnýjunar í flutningskerfinu, eru bygging tengi- og flutningsmannvirkja vegna fyrirhugaðs álvers Norðuráls í Helguvík og styrking flutningskerfisins á Norðurlandi vegna aflþynnuverksmiðju Becromal á Akureyri. Áætlað er að Landsvirkjun greiði 12 milljarða í afborganir af teknum lánum og samkvæmt því er hrein lánsfjárþörf félagsins á næsta ári 13 milljarðar króna.

2. Íbúðalánasjóður. Gert er ráð fyrir 72,9 milljarða króna lánsfjárheimild til handa Íbúðalánasjóði á árinu 2009. Lántökur íbúðalánadeildar eru áætlaðar 42,5 milljarðar króna, sem er lækkun um 10,7 milljarða frá endurmetnum horfum fyrir árið í ár, og lántökur vegna leiguíbúða eru áætlaðar 30,4 milljarðar, sem er minnkun um 4,2 milljarða króna miðað við endurmetnar horfur fyrir árið í ár. Afborganir sjóðsins af teknum lánum eru áætlaðar 25,3 milljarða króna. Hrein lánsfjárþörf sjóðsins á árinu því áætluð 47,6 milljarðar króna. Reiknað er með að í ár verði lántökur sjóðsins tæpir 87,9 milljarðar króna og afborganir af teknum lánum 32 milljarðar. Hrein lánsfjárþörf sjóðsins í ár nemur því 55,9 milljörðum króna. Samkvæmt því lækka nettólántökur sjóðsins um 8,3 milljarða króna milli áranna 2008 og 2009. Lántökur minnka um 15 milljarða og afborganir af teknum lánum lækka um 6,7 milljarða.

3. Byggðastofnun. Lagt er til að Byggðastofnun fái 3 milljarða króna lántökuheimild á árinu 2009 og er það óbreytt heimild frá því sem stofnunin hefur á fjárlögum yfirstandandi árs. Lánveitingar eru sömuleiðis áætlaðar 3 milljarðar króna bæði árin.

7 Heimildir

Í 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, segir að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Enn fremur segir í 29 gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, að ríkisaðilar í A-hluta skuli hverju sinni afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, eignarhluta í félögum, skip og flugvélar, söfn og safnhluta – sem hafa að geyma menningarverðmæti og aðrar eignir sem verulegt verðgildi hafa. Lagaheimilda til þessara aðgerða er aflað í 6. gr. fjárlaga. Heimildum fjármálaráðherra er skipt í sjö flokka og eru þær samtals 111 talsins. Heimildirnar skiptast þannig að heimild til eftirgjafar gjalda er 1, til sölu húsnæðis eru 22, til sölu eignarhluta í húsnæði eru 13, til sölu lóða og jarða eru 31, til sölu hlutabréfa eru 3, til kaupa og leigu á fasteignum eru 30 og ýmsar heimildir eru 11. Í frumvarpinu er lagt til að fjárveiting til útgjalda vegna heimildagreinar sé 350 m.kr. Ef nýta á allar eða flestar heimildanna er þó ljóst að fjárveitingin dugir skammt.

Í fyrsta flokki er heimild til handa fjármálaráðherra til að fella niður virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar um heilbrigði öldrunar. Heimildin er óbreytt frá fyrra ári en hún er komin til vegna umfangsmikillar rannsóknar sem Hjartavernd stendur fyrir í samvinnu við erlenda aðila.

Í öðrum og þriðja flokki eru heimildir til sölu húsnæðis og eignarhluta í húsnæði. Flestar heimildirnar eru til sölu fasteigna sem eru óhentugar eða nýtast ekki lengur í ríkisrekstrinum. Sem dæmi um þessar heimildir má nefna 2.22 sem er heimild til að selja húsnæði sem nýtt hefur verið undir sambýli. Í heimildinni er gert ráð fyrir að söluandvirðið renni í Framkvæmdasjóð fatlaðra sem á sínum tíma fjármagnaði húsnæðið. Heimild 3.8 er vegna geymsluhúsnæðis Námsgagnastofnunar en gert er ráð fyrir að stofnunin flytji í annað húsnæði á næstunni. Heimild 3.9 er til að selja eignarhlut ríkisins í húsnæði sem nýtt var sem hjúkrunardeild á Selfossi og að andvirðið gangi til uppbyggingar þeirri eign sem tekið hefur við því hlutverki. Heimild 3.10 er til sölu á læknisbústað á Þingeyri þar sem ekki er talið að húsnæðið nýtist rekstri heilbrigðisstofnunarinnar á komandi árum. Heimild 3.11 er til sölu á heilsugæsluseli við Mývatn og er ætlunin að leysa húsnæðismál þess með öðrum hætti. Heimild 3.13 er til sölu á eignarhlut ríkisins í húsnæði Skógræktar ríkisins á Egilsstöðum en gert er ráð fyrir að húsnæðismál stofnunarinnar verði leyst með öðrum hætti.

Fjórði flokkurinn er heimildir til sölu lóða og jarða. Flestar eru þessar heimildir til komnar vegna almennrar umsýslu landbúnaðarráðuneytisins og Jarðasjóðs. Rétt er hins vegar að minnast á heimild 4.30 sem er til komin vegna áhuga sveitarfélagsins á kaupum á landsspildu ríkisins við flugvöllinn á Hellu og heimild 4.31 sem er til sölu á landspildu við Þorlákshöfn sem hefur verið uppgrædd af Landgræðslu ríkisins.

Í fimmta flokki er fjallað um heimildir til sölu hlutabréfa og eru þessar heimildir óbreyttar frá fyrra ári.

Í sjötta flokki eru heimildir til kaupa og leigu fasteigna. Þar er helst að nefna heimild 6.17 sem er til komin vegna áforma leigusala sendiherrabústaðarins í Pretoríu að selja fasteignina. Heimild 6.18 er til kaupa á tilteknum eignum núverandi ábúenda á Möðrudal á Fjöllum til að stuðla að ábúðarskiptum og að þessi afskekkta jörð haldist í byggð. Heimild 6.19 er vegna hagræðingar í húsnæðismálum lögreglu og sýslumanns á Neskaupstað. Heimild 6.20 og 6.21 er vegna endurskoðunar húsnæðismála Héraðsdóms Reykjavíkur og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Heimild 6.24 er vegna ákvörðunar stjórnvalda um fjölgun hjúkrunarrýma. Heimild 6.25 er vegna endurskipulagningar á húsnæðismálum Tryggingastofnunar ríkisins og nýrrar stofnunar sjúkratrygginga og innkaupa á heilbrigðissviði. Heimild 6.27 er vegna óska Reykjavíkurborgar um að fá afnot af rými í húsnæði ríkisins á Skólavörðustíg 37 vegna stjórnstöðvar veitukerfa. Heimild 6.28 er vegna kaupa á leigulandi undir flugvellinum á Stóra Kroppi. Heimild 6.30 er vegna sameiningar Veðurstofu Íslands og Vatnamælinga.

Í sjöunda flokki eru ýmsar heimildir sem flestar eru óbreyttar frá fyrra ári og skýra sig sjálfar. Rétt er þó að nefna heimildir 7.9 og 7.11 en þær eru um heimildir til byggingar og reksturs tiltekinna vegamannvirkja í einkaframkvæmd í samræmi við áform samgönguáætlunar.

8 Yfirlit yfir lagabreytingar

Lagðar verða til eftirfarandi breytingar á lögum til að áform í fjárlagafrumvarpinu nái fram að ganga:

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins:
Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Lögð verður til breyting á gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra í samræmi við hækkun byggingarvísitölu.

Lög nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki. Lögð verður til hækkun á áfengisgjaldi og tóbaksgjaldi í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps.

Lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald. Lögð verður til hækkun á olíugjaldi og kílómetragjaldi í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps.

Lög nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Lögð verður til hækkun á almennu og sérstöku bensíngjaldi í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps.

Lög nr. 39/1998, um bifreiðagjald. Lögð verður á hækkun á bifreiðagjaldi í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins.

Lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Lögð verður til breyting á eftirlitsgjaldi miðað við áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins:
Lög nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands. Lögð verður til breyting á lögunum í samræmi við áform um hvenær verkefni komi til framkvæmda.

Lög nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Gerð verður sú breyting að lögbundið verðmiðlunargjald samkvæmt. 19 gr. laganna og lögbundið verðtilfærslugjald samkvæmt 22. gr. verði afnumið.

Lög nr. 93/1995 um matvæli, lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lög nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og ýmis tengd lög. Gerðar verði breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt. Lagðar verða til breytingar á ýmsum viðmiðunarfjárhæðum laganna, einkum varðandi barnabætur og vaxtabætur.

Lög nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl. Lagðar verða til breytingar til að draga úr hækkun á lögbundnum framlögum vegna sóknargjalda til trúfélaga. Einnig verði lögð fram breyting á lögunum um að afnema ákvæði um lögboðið framlag til Háskóla Íslands vegna einstaklinga sem standa utan trúfélaga.

Lög nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Lögð verður fram breyting um að álagningarhlutfall fasteignagjalda lækki úr 1,32% og verði aftur 0,88% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum fyrir sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavistir, leikskóla, íþróttahús og bókasöfn.

Atriðisorðaskrá

A bls.

Aðrar rekstrartekjur ... 191
Afborganir lána ríkissjóðs ... 4
Afborganir veittra lána ríkissjóðs ... 4
Afnotagjöld RÚV ... 193
Afskriftir skattkrafna ... 185, 340
Alþingi ... 230
Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF ... 273
Alþjóðastofnanir ... 272, 273
Alþjóðleg samskipti vegna rammaáætlana ESB ... 250
Atvinnuleysistryggingasjóður ... 185, 187, 306
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni ... 370

Á

Ábyrgðargjald vegna launa ... 187
Ábyrgðasjóður launa ... 187, 194, 306
Áfengis- og fíkniefnamál ... 290
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins ... 5, 392
Áfengisgjald ... 213
Átak í lækkun skulda þróunarríkja ... 273
Átak til atvinnusköpunar ... 366

B

Bandalag íslenskra skáta ... 265
Barnabætur ... 185, 221, 340
Barnaverndarstofa ... 302
Beinar greiðslur til bænda ... 281
Bifreiðagjöld ... 213
Bjargráðasjóður ... 360
Blindrabókasafn Íslands ... 260
Borgarholtsskóli ... 193
Brunamálastofnun ríkisins ... 190
Búnaðarsjóður ... 186, 281
Byggða- og minjasöfn ... 260
Byggðaáætlun ... 370
Byggðastofnun ... 6, 7, 370, 400, 407
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins ... 283
Bændasamtök Íslands ... 282
Bændur græða landið ... 285
Bætur brotaþola ... 289
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð ... 185, 308

D

Dagvistun aldraðra, aðrar ... 320
Dómkröfur ... 346
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti ... 3, 286
Dvalarrými aldraðra, önnur ... 320

E

Eftirlaunasjóður aldraðra ... 310
Einkaleyfastofan ... 195
Embætti forseta Íslands ... 230
Endurhæfingarsjóður ... 339
Endurvinnslan hf. ... 190, 384

F

Fangelsisbyggingar ... 295
Farskóli Norðurlands vestra ... 256
Fasteignaskrá Íslands ... 188, 194, 343
Fasteignir forsætisráðuneytis ... 237
Fasteignir framhaldsskóla ... 251
Fasteignir ríkissjóðs ... 323, 344
Fasteignir Stjórnarráðsins ... 237
Ferðamálastofa ... 189, 370
Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands ... 266
Ferjubryggjur ... 356
Félags- og tryggingamálaráðuneyti ... 3, 297
Félagsmál, ýmis starfsemi ... 311
Félagsmálaráðuneyti, C-hluti ... 397
Félagsmálaskóli alþýðu ... 305
Félagsþjónusta við nýbúa ... 312
Fiskistofa ... 186, 193, 279
Fiskræktarsjóður ... 186, 283
Fjárlagavefur ... 202
Fjármagnstekjuskattur ... 211, 340
Fjármálaeftirlitið ... 195, 375
Fjármálaráðuneyti ... 3, 333
Fjármálaráðuneyti, B-hluti ... 392
Fjárreiður lánastofnana í C-hluta ... 6
Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta ... 5
Fjársýsla ríkisins ... 343
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra ... 192
Fjölbrautaskóli Snæfellinga ... 193
Fjölbrautaskóli Suðurlands ... 192
Fjölbrautaskóli Suðurnesja ... 192
Fjölbrautaskóli Vesturlands ... 192

Fjölbrautaskólinn Ármúla ... 192
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti ... 192
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ ... 192
Flensborgarskóli ... 192
Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta ... 189, 195, 358
Flutningssjóður olíuvara ... 189, 375
Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna ... 306
Fornleifavernd ríkisins ... 260
Forsætisráðuneyti ... 3, 232
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa ... 235
Fóðursjóður ... 186, 282
Framhaldsskólar, stofnkostnaður ... 254
Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð ... 251
Framhaldsskólinn á Húsavík ... 193
Framhaldsskólinn á Laugum ... 193
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu ... 192
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ ... 251
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum ... 192
Framkvæmdasjóður aldraðra ... 187, 311
Framkvæmdasjóður fatlaðra ... 302
Framkvæmdasýsla ríkisins ... 343
Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands ... 191
Framleiðnisjóður landbúnaðarins ... 281
Fræða- og þekkingarsetur ... 257
Fullorðinsfræðsla fatlaðra ... 256
Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef ... 186
Fyrirhleðslur ... 383
Fæðingarorlof ... 187, 307

G

Garðávaxtasjóður ... 281
Geislavarnir ríkisins ... 194, 330
Gjald af eftirlitsskyldum rafföngum ... 189
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra ... 187
Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða ... 188
Gljúfrasteinn - Hús skáldsins ... 238
Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu ... 281
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu ... 280
Greiðslur vegna riðuveiki ... 281
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu ... 280
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins ... 302
Gripagreiðslur ... 280

H

Hafnabótasjóður ... 356
Hafnarframkvæmdir ... 185, 356
Hafrannsóknastofnunin ... 284
Hagræn skipting gjalda í A-hluta ... 185
Hagstofa Íslands ... 236
Hagþjónusta landbúnaðarins ... 283
Handbært fé frá rekstri A-hluta ríkissjóðs ... 4
Happdrætti Háskóla Íslands ... 5, 247, 391
Háskóla- og rannsóknastarfsemi ... 244, 250
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður ... 249
Háskólasetur Vestfjarða ... 257
Háskólasjóður ... 247
Háskóli Íslands ... 191, 246
Háskólinn á Akureyri ... 191, 247
Háskólinn á Bifröst ... 248
Háskólinn í Reykjavík ... 248
Heilbrigðisráðuneyti ... 3, 315
Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa ... 315
Heilbrigðisstofnun Austurlands ... 327
Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands ... 328
Heilbrigðisstofnun Suðurlands ... 328
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja ... 328
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða ... 326
Heilbrigðisstofnun Vesturlands ... 326
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga ... 327
Heilbrigðisstofnunin Akranesi ... 326
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki ... 327
Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð ... 327
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík ... 327
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga ... 327
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði ... 326
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði ... 325
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum ... 328
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu ... 323
Heilsugæslustöðin í Salahverfi í Kópavogi ... 324
Heilsugæslustöðvar, almennt ... 323
Heimildir ... 9
Heimili fyrir börn og unglinga ... 302
Hekluskógar ... 383
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands ... 330
Héraðs- og Austurlandsskógar ... 280
Héraðsdómstólar ... 289
Héraðssaksóknari ... 290
Hólaskóli - Háskólinn á Hólum ... 191

Húsafriðunarnefnd ... 263
Hæstiréttur ... 289
Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir ... 186
Höfundarréttargjöld ... 186
Hönnunarmiðstöð Íslands ... 261
Hönnunarsafn Íslands ... 262

I

Icepro-nefnd ... 374
Iðnaðarmálagjald ... 189
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja ... 366
Iðnaðarráðuneyti ... 3, 362
Iðnaðarráðuneyti, B-hluti ... 393
Iðnaðarráðuneyti, C-hluti ... 399
Iðnskólinn í Hafnarfirði ... 193
Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna ... 311
Innheimtukostnaður ... 338

Í

Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild ... 6, 398
Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild ... 6
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir ... 6, 398
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán ... 6, 398
Íslensk friðargæsla ... 273
Íslensk ættleiðing ... 289
Íslenskar orkurannsóknir ... 5, 393
Íslenski dansflokkurinn ... 258
Íslenskukennsla fyrir útlendinga ... 257
Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands ... 266

J

Jafnréttisstofa ... 301, 312
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins ... 193, 282
Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna ... 273
Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða ... 188
Jöfnunarsjóður alþjónustu ... 189, 360
Jöfnunarsjóður sókna ... 197, 296
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ... 185, 197, 360

K

Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög ... 4
Keflavíkurflugvöllur ... 357, 358,
Kennaraháskóli Íslands ... 246

Kirkjugarðar ... 296
Kirkjumálasjóður ... 197, 296
Kosningar ... 289
Kristnisjóður ... 295
Kvennaskólinn í Reykjavík ... 192
Kvikmyndamiðstöð Íslands ... 263
Kvikmyndasafn Íslands ... 261
Kynbóta- og þróunarstarfsemi ... 280

L

Lagasafn ... 288
Landbúnaðarháskóli Íslands ... 191
Landeyjahöfn ... 356
Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar ... 285
Landgræðsla ríkisins ... 195, 382
Landhelgisgæsla Íslands ... 291
Landhelgissjóður Íslands ... 292
Landlæknir ... 194, 329
Landmælingar Íslands ... 190, 385
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn ... 261
Landspítali ... 194, 319
Landsskrifstofa menntaáætlana ESB ... 250
Launa- og verðlagsmál ... 214, 341
Launasjóður höfunda fræðirita ... 265
Lánasjóður íslenskra námsmanna ... 6, 185, 396
Lánaumsýsla ríkissjóðs ... 344
Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs ... 4
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir ... 7
Leiguíbúðir ... 301
Lendingabætur ... 356
Listaháskóli Íslands ... 248
Listamannalaun ... 197
Listasafn Einars Jónssonar ... 260
Listasafn Íslands ... 261
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar ... 261
Listasjóðir ... 197, 258
Listir ... 264
Listir, framlög ... 264
Listskreytingasjóður ... 258
Lífeyrissjóður bænda ... 346
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun ... 338
Lífeyristryggingar ... 185, 187, 309
Lyfjastofnun ... 188, 194, 330
Lýðheilsustöð ... 187, 197, 329
Læknavaktin ... 324

Lækningaminjasafn Íslands 241, 262
Lögregluskóli ríkisins 290
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu 291
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum 194, 290

M

Mannúðarmál og neyðaraðstoð 273
Markaðar tekjur 186
Markaðsgjald 186
Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu 370
Markáætlun á sviði vísinda og tækni 249
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO 273
Matvælarannsóknir 285
Matvælastofnun 186, 193, 279
Málefni fatlaðra 302
Málefni fatlaðra, Austurlandi 304
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 304
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra 304
Málefni fatlaðra, Reykjanesi 304
Málefni fatlaðra, Reykjavík 303
Málefni fatlaðra, Suðurlandi 305
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum 304
Málefni fatlaðra, Vesturlandi 304
Málskostnaður í opinberum málum 289
Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO 250
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður 262
Menntamálaráðuneyti 3, 240
Menntamálaráðuneyti, B-hluti 391
Menntamálaráðuneyti, C-hluti 396
Menntaskólinn að Laugarvatni 191
Menntaskólinn á Akureyri 191
Menntaskólinn á Egilsstöðum 192
Menntaskólinn á Ísafirði 191
Menntaskólinn á Laugarvatni 191
Menntaskólinn í Kópavogi 192
Menntaskólinn í Reykjavík 191
Menntaskólinn við Hamrahlíð 191
Menntaskólinn við Sund 191
Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna 250

N

Námsgagnastofnun 257
Námsmatsstofnun 244
Náttúrufræðistofnun Íslands 386

Náttúruminjasafn Íslands ... 260
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn ... 381
Náttúrustofur ... 387
Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðaheimila fyrir börn ... 235
Nefnd um þróun Evrópumála ... 235
Neytendastofa ... 189, 195, 375
Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt ... 281
Niðurgreiðslur á húshitun ... 367
Norðurlandsskógar ... 280
Norræn samvinna ... 264
Norræna ráðherranefndin ... 237
Nýlistasafn ... 261
Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis ... 366
Nýsköpunarmiðstöð Íslands ... 365
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins ... 6, 399

O

Ofanflóðasjóður ... 190, 386
Olíugjald ... 188, 212
Opinber réttaraðstoð ... 289
Orkusjóður ... 6, 367, 400
Orkustofnun ... 368

Ó

Óbyggðanefnd ... 236

P

Persónuvernd ... 289
Póst- og fjarskiptastofnunin ... 189, 195, 359

R

Rafræn þjónustuveita hins opinbera ... 239
Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun ... 250
Rannsóknamiðstöð Íslands ... 223
Rannsóknanefnd flugslysa ... 359
Rannsóknanefnd sjóslysa ... 355
Rannsóknanefnd umferðarslysa ... 355
Rannsóknarnámssjóður ... 249
Rannsóknasjóður ... 249
Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs ... 283
Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar ... 283
Raungreina- og nýsköpunarkeppnir ... 255
Raunvísindastofnun Háskólans ... 246

Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól ... 344
Rekstraryfirlit A-hluta ríkissjóðs ... 3
Reykjavíkurakademían ... 249
Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora ... 244
Ríkisábyrgðir ... 7
Ríkisendurskoðun ... 231
Ríkiskaup ... 344
Ríkislögmaður ... 236
Ríkislögreglustjóri ... 290
Ríkissaksóknari ... 290
Ríkissáttasemjari ... 301
Ríkisskattstjóri ... 194, 337
Ríkisstjórn ... 198
Ríkisstjórnarákvarðanir ... 345
Ríkisútvarpið ... 185, 193, 263
Rjóður, hvíldarheimili fyrir börn ... 318

S

Safnasjóður ... 260
Sala hlutabréfa og eignarhluta ... 4
Samgönguráðuneyti ... 3
Samkeppniseftirlitið ... 374
Samningur um sjúkraþjálfun fyrir fatlaða ... 331
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra ... 264
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið ... 318
Samtök iðnaðarins ... 189, 366
Schengen-samstarf ... 290
Sendiráð Íslands ... 271
Siglingastofnun Íslands ... 188, 195, 355
Sinfóníuhljómsveit Íslands ... 193, 263
Símenntun og fjarkennsla ... 256
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti ... 3, 274
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa ... 277
Sjóðstreymi A-hluta ríkissjóðs ... 4
Sjóður til síldarrannsókna ... 283
Sjónstöð Íslands ... 330
Sjóvarnargarðar ... 356
Sjúklingatrygging ... 318
Sjúkraflutningar ... 323
Sjúkrahótel ... 318
Sjúkrahúsið á Akureyri ... 319
Sjúkratryggingar ... 185, 316
Sjúkratryggingastofnun ... 316
Skammtímalán ríkissjóðs ... 4
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld ... 336

Skattrannsóknarstjóri ríkisins ... 336
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ ... 305
Skipulagsmál sveitarfélaga ... 190, 385
Skipulagsstofnun ... 385
Skjólskógar á Vestfjörðum ... 280
Skógrækt ríkisins ... 196, 223, 383
Skógræktarfélag Íslands ... 379
Skriðuklaustur ... 265
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna ... 283
Slysatryggingar ... 187, 317
Snorrastofa ... 265
Sóknargjöld ... 197, 296
Sólheimar í Grímsnesi ... 305
Sprotasjóður ... 258
Staðlaráð ... 367
Starfsemi áhugaleikfélaga ... 264
Stjórnartíðindi ... 288
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ... 247
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar ... 387
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga ... 380
Styrktarfélag vangefinna ... 305
Suðurlandsskógar ... 280
Sýslumaður Snæfellinga ... 293
Sýslumaðurinn á Hólmavík ... 294
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli ... 294
Sýslumaðurinn á Ísafirði ... 294
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki ... 294
Sýslumaðurinn í Búðardal ... 293
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði ... 294
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal ... 194, 294

T

Talsmaður neytenda ... 374
Tannverndarsjóður ... 197
Tapaðar kröfur og tjónabætur ... 340
Tekjujöfnuður ... 3
Tilraunastöð Háskólans að Keldum ... 191
Tollstjórinn í Reykjavík ... 338
Tóbaksvarnir ... 197
Tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík ... 262
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga ... 187, 307
Tryggingastofnun ríkisins ... 308
Tækjasjóður ... 191, 392
Tækniskólinn ... 251
Tækniþróunarsjóður ... 366

U

Umboðsmaður Alþingis ... 231
Umboðsmaður barna ... 236
Umferðarstofa ... 188, 195, 355
Umhverfisráðuneyti ... 3, 379
Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa ... 379
Umhverfisstofnun ... 190, 195, 381
Ungmennafélag Íslands ... 265
Utanríkisráðuneyti ... 3, 268

Ú

Úrvinnslusjóður ... 190, 383
Útflutningsráð Íslands ... 186, 273
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum ... 345
Útlendingastofnun ... 290

V

Varasjóður húsnæðismála ... 300
Varnarmálastofnun ... 270
Vatnajökulsþjóðgarður ... 382
Vaxtabætur ... 185, 340
Vaxtagjöld ríkissjóðs ... 3, 388
Veðurstofa Íslands ... 387
Veiðimálastofnun ... 284
Vefsetur fjárlaga ... 202
Veitt löng lán ríkissjóðs ... 4
Veitt stutt lán ríkissjóðs ... 4
Verðlagsstofa skiptaverðs ... 278
Verkefnasjóður sjávarútvegsins ... 193, 283
Verkefni á vegum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO ... 266
Verkmenntaskóli Austurlands ... 192
Verkmenntaskólinn á Akureyri ... 192
Vestmannaeyjaferja ... 356
Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn ... 238
Vesturfarasetrið á Hofsósi ... 233
Vesturlandsskógar ... 280
Vetraríþróttamiðstöð Íslands á Akureyri ... 266
Viðskiptaráðuneyti ... 3, 200, 371
Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa ... 373
Vinnueftirlit ríkisins ... 187, 301
Vinnumál ... 305
Vinnumálastofnun ... 11, 306
Virðisaukaskattur ... 3, 212
Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu ... 346

Vistun ósakhæfra afbrotamanna ... 318
Vistvænir orkugjafar ... 369
Vitabyggingar ... 356

Y

Yfirskattanefnd ... 336

Þ

Þekkingarnet Austurlands ... 257
Þekkingarsetur Þingeyinga ... 257
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum ... 238
Þjóðkirkjan ... 296
Þjóðleikhúsið ... 263
Þjóðmenningarhúsið ... 238
Þjóðminjasafn Íslands ... 260
Þjóðskjalasafn Íslands ... 261
Þjóðskrá ... 193, 288
Þjónusta við blinda og sjónskerta ... 311
Þróunaraðstoð ... 273
Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP ... 273
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi ... 273
Þróunarsamvinnustofnun Íslands ... 273
Þungaskattur ... 188

Æ

Æðsta stjórn ríkisins ... 3, 229
Æskulýðsmál ... 265

Ö

Öldrunarstofnanir, almennt ... 320

2. Þjóðhagsáætlun [2. mál]

fyrir árið 2009.

(Lögð fram af forsætisráðherra 2. október 2008.)


Inngangur.

Erfiðar ytri aðstæður þrengja nú að íslensku efnahagslífi. Alþjóðleg lánsfjárkreppa veldur því að bankar víða um lönd hafa horfið af sjónarsviðinu, þar á meðal ýmsir af stærstu bönkum heims. Erlendir og innlendir bankar halda að sér höndum og fyrirtæki fá takmarkað lánsfé. Þótt enn sé fullsnemmt að kveða upp endanlegan dóm virðist öflug viðspyrna stjórnvalda víða um heim og kröftugt inngrip á fjármálamörkuðum, fyrst og fremst í Bandaríkjunum, hafa forðað heiminum frá mjög alvarlegum efnahagshamförum. Hins vegar er ljóst að það mun taka alþjóðlega fjármálastarfsemi og heimsbúskapinn langan tíma að jafna sig.

Helstu niðurstöður þjóðhagsspár.

Í forsendum fjárlagafrumvarps er gert ráð fyrir að hagvöxtur í ár verði 1,7%. Fjármunamyndun atvinnuvega hefur haldið áfram að dragast saman á þessu ári og verulega hefur dregið úr íbúðabyggingum. Einkaneysla, sem hélt áfram að aukast fyrri part árs, tók að dragast saman síðastliðið vor í kjölfar kaupmáttarrýrnunar sem fylgdi gengislækkun og verðbólgu. Reiknað er með að þjóðarútgjöld dragist saman um 3,1% en á móti vegur að útflutningur áls hefur aukist og dregið hefur úr innflutningi.


Hagvöxtur.



Árið 2009 er spáð 1,6% samdrætti í hagkerfinu. Reiknað er með frekari samdrætti í einkaneyslu, eða sem nemur 4,7% á árinu. Þessi mikli samdráttur í einkaneyslu skýrist einkum af því að gert er ráð fyrir að gengi krónunnar verði áfram veikt, kaupmáttur ráðstöfunartekna dragist saman annað árið í röð og fasteignaverð haldi áfram að lækka að raunvirði. Spáð er 3% samdrætti í fjármunamyndun árið 2009 en það sem dregur úr samdrættinum eru fjárfestingar vegna álversins í Helguvík. Íbúðafjárfesting mun halda áfram að dragast saman en þó ekki nema um 1,2% þar sem mesti samdrátturinn verður þegar kominn fram á þessu ári. Líklegt þykir að það hægi á vexti útflutnings þar sem aukning framleiðslugetu í áliðnaði


verður að mestu gengin um garð og þrátt fyrir innflutning vegna álversframkvæmda í Helguvík er reiknað með að innflutningur í heild dragist saman um 1,6%, einkum vegna þess að innflutningur vara til einkaneyslu mun minnka. Það stefnir því í að viðskiptajöfnuðurinn nái meira jafnvægi en verið hefur en áætlað er að viðskiptahalli muni nema 8,2% af landsframleiðslu árið 2009.

Vísitala neysluverðs.




Áætlað er að hækkun vísitölu neysluverðs muni nema 11,5% á milli áranna 2007 og 2008 og 5,7% á milli áranna 2008 og 2009. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af gengislækkun íslensku krónunnar en gert er ráð fyrir að lækkunin muni nema 26% á milli áranna 2007 og 2008. Erfitt er að spá fyrir um gengi krónunnar þar sem gengisþróun tengist stöðunni á alþjóðlegum fjármálamörkuðum en samkvæmt spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er gert ráð fyrir að horfur í alþjóðlegum efnahagsmálum batni upp úr miðju ári 2009 og því er reiknað með að aðstæður hér á landi taki í kjölfarið að glæðast á ný og gengið að styrkjast hægum skrefum. Reiknað er með að vaxtamunur milli Íslands og annarra landa haldist nokkur þrátt fyrir að Seðlabanki taki að lækka stýrivexti á árinu en einnig má búast við auknu innstreymi gjaldeyris, m.a. vegna framkvæmda í Helguvík. Í heildina er því spáð að gengið styrkist um 3% frá ársmeðaltali þessa árs.

Gengisvísitala íslensku krónunnar.




Þar sem verðlag hefur hækkað meira en laun á þessu ári mun kaupmáttur launa minnka en það er í fyrsta sinn í sjö ár sem það gerist. Áætlað er að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann muni einnig rýrna á þessu ári, um 4,9%. Á næsta ári er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann haldi áfram að rýrna en þó minna en á þessu ári þar sem hækkun persónuafsláttar í byrjun árs 2009 mun milda rýrnunina sem áætlað er að verði um 1,4%.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna.



Atvinnuleysi hefur verið lítið á Íslandi undanfarin ár en nú þykir ljóst að spenna á vinnumarkaði hafi náð hámarki og að meira jafnvægi muni einkenna markaðinn á næstu árum. Reiknað er með að atvinnuleysi verði að meðaltali 1,2% af vinnuafli árið 2008 en aukist í 2,7% árið 2009. Horfur varðandi atvinnuleysi eru þó óvenju óljósar sökum þess að ekki liggur fyrir hve stór hluti vinnumarkaðarins er erlent vinnuafl. Gera má ráð fyrir að það dragi úr aðflutningi erlends vinnuafls hingað til lands og hluti þess flytji af landi brott eftir að kaupmáttur innlendra launa erlendis hefur minnkað og dregið hefur úr eftirspurn vinnuafls á innlendum vinnumarkaði.

Atvinnuleysi.



Ríkissjóður gegnir mikilvægu hlutverki í fjármálastjórn hins opinbera með því að hafa sveiflujafnandi áhrif á efnahagsframvinduna. Áætlað er að ríkissjóður verði rekinn með

töluvert minni afgangi á þessu ári en gert var ráð fyrir í fjárlögum, eða 0,2% af VLF, og á næsta ári er gert ráð fyrir verulegum halla á rekstri ríkissjóðs, eða sem nemur tæpum 57 milljörðum króna, um 3,7% af VLF. Þessi mikli viðsnúningur í afkomu ríkissjóðs frá árinu 2007 endurspeglar sem fyrr segir hagsveiflujafnandi eiginleika ríkisfjármála. Þegar hægir á í efnahagsstarfseminni taka tekjur ríkissjóðs að dragast saman og útgjöld að aukast, að mestu á sjálfvirkan hátt en einnig vegna meiri framkvæmda sem milda áhrif niðursveiflunnar með því að sporna við samdrætti í innlendri eftirspurn og hægja á aukningu atvinnuleysis. Hallinn mun þó ekki verða til þess að auka skuldir ríkissjóðs þar sem hann stendur það vel að vígi að unnt verður að fjármagna tekjuhalla næstu ára með innstæðum ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands.

3. Frumvarp til laga [3. mál]

um breytingu á lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, nr. 121/2008.

Frá utanríkismálanefnd.

1. gr.

1. málsl. 3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Alþingi kýs sjö fulltrúa til setu í Þróunarsamvinnunefnd til fjögurra ára í senn og sjö fulltrúa til vara, sbr. 4. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram í því skyni að samræmi verði milli ákvæða um kosningu í Þróunarsamvinnunefnd og skipun í samstarfsráð um þróunarsamvinnu skv. 2. og 4. gr. laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Þannig verði tekinn af allur vafi um að kosning Alþingis á fulltrúum í Þróunarsamvinnunefnd verði til fjögurra ára í senn og að sjö fulltrúar verði einnig kosnir sem varamenn, rétt eins og gert er ráð fyrir að fulltrúar í samstarfsráð um þróunarsamvinnu verði skipaðir til fjögurra ára í senn og einnig að varamenn verði skipaðir fyrir þá. Eðlilegt er að varamenn fulltrúa þingflokkanna í samstarfsráðinu verði einnig kosnir af Alþingi.

4. Frumvarp til laga [4. mál]

um Efnahagsstofnun.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir,
Árni Þór Sigurðsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir,
Katrín Jakobsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Efnahagsstofnun starfar á vegum Alþingis. Hún skal fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, vinna að hagrannsóknum, vera Alþingi og ríkisstjórn til ráðuneytis og sveitarfélögum, aðilum vinnumarkaðarins, fræðimönnum, fag- og fræðastofnunum og öðrum aðilum til aðstoðar eftir því sem efni standa til.

Efnahagsstofnun er engum háð í störfum sínum.

2. gr.

Verkefni Efnahagsstofnunar eru:

1. Að færa þjóðhagsreikninga.
2. Að semja þjóðhagsspár og -áætlanir.
3. Að semja og birta opinberlega tvisvar á ári, vor og haust, yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum, þar á meðal um framleiðslu, neyslu, fjárfestingu, viðskipta- og greiðslujöfnuð, verðlag og kaupgjald, atvinnu og tekjur almennings, afkomu atvinnuvega og fjármál hins opinbera. Auk þess skal stofnunin koma niðurstöðum athugana sinna á einstökum þáttum efnahagsmála og þeirra rannsókna sem hún að eigin frumkvæði kýs að ráðast í fyrir almenningssjónir, eftir því sem kostur er.
4. Þá skal stofnunin annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð fyrir Alþingi og ríkisstjórn og eiga samskipti við alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála eftir því sem nánar verður um samið.
5. Enn fremur skal Efnahagsstofnun láta alþingismönnum, nefndum Alþingis og þingflokkum í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál og vera Alþingi sem fjárveitinga- og fjárstjórnarvaldi almennt til ráðuneytis.
6. Einnig skal Efnahagsstofnun veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir, eftir því sem um semst.
7. Þá skal stofnunin sinna þeim verkefnum sem henni kunna að vera falin í öðrum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

3. gr.

Efnahagsstofnun er heimilt að krefja stjórnvöld, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri um gögn og upplýsingar sem hún þarfnast vegna starfsemi sinnar. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands og sömu viðurlög liggja við ef út af er brugðið, sbr. lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, nr. 163/2007. Efnahagsstofnun skal hafa samráð við Hagstofu Íslands og aðra aðila, sem hliðstæðum upplýsingum safna, í því skyni að komast hjá tvíverknaði.

4. gr.

Kostnaður af starfsemi Efnahagsstofnunar greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Forsætisnefnd Alþingis ræður forstöðumann Efnahagsstofnunar að undangenginni auglýsingu til fimm ára í senn. Forstöðumaður Efnahagsstofnunar skal hafa lokið háskólaprófi í þjóðhagfræði eða hliðstæðu námi. Hann ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Forsætisnefnd Alþingis getur, að fengnu samþykki Alþingis, vikið forstöðumanni Efnahagsstofnunar úr starfi.

Laun forstöðumanns Efnahagsstofnunar skulu ákveðin af kjararáði.

6. gr.

Þagnarskylda ríkir um allar upplýsingar sem Efnahagsstofnun safnar og snerta tilgreinda einstaklinga eða lögaðila. Slíkar upplýsingar skulu teljast trúnaðargögn og skulu einvörðungu notaðar til þess að sinna verkefnum stofnunarinnar.

Starfsfólki Efnahagsstofnunar er skylt að halda trúnað og gæta fyllstu þagmælsku um öll trúnaðargögn, trúnaðarupplýsingar og trúnaðarmál sem það verður áskynja í starfi sínu og leynt skulu fara, sbr. 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Þagnarskylda helst þótt hlutaðeigandi láti af störfum.

7. gr.

Forsætisnefnd Alþingis setur nánari reglur um starfsemi Efnahagsstofnunar að undangengnu samráði við forstöðumann og fulltrúa starfsmanna stofnunarinnar.

8. gr.

Í framhaldi af setningu laga þessara skal endurskoða lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, nr. 163/2007, og eftir atvikum ákvæði annarra laga sem tilefni er til.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þegar í framhaldi af setningu laga þessara skal ráðinn forstöðumaður Efnahagsstofnunar. Hann hefur heimildir til að ráða stofnuninni starfsfólk og útvega henni húsnæði og skal kostnaður sem til fellur af þessum sökum innan ársins 2008 greiðast úr ríkissjóði af fjáraukalögum. Reglubundin starfsemi stofnunarinnar skal hefjast 1. janúar 2009, í samræmi við heimildir í fjárlögum þess árs.

II.

Frá gildistöku laga þessara til ársloka 2010 skal starfa stjórnvöldum til ráðuneytis sérstakt þjóðhagsráð, skipað af forsætisráðherra með einum fulltrúa frá hverjum þingflokki á Alþingi, einum fulltrúa frá hverjum eftirfarandi aðila: Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Sambandi lífeyrissjóða. Ráðið skal vera undir forustu formanns sem bankastjórn Seðlabanka Íslands skipar. Tilnefna skal til setu í ráðinu í hverju tilviki bæði karl og konu og skal forsætisráðherra hlutast til um að fullt kynjajafnvægi ríki við val á endanlegri samsetningu ráðsins.

Meðal verkefna þjóðhagsráðs skal vera að veita stjórnvöldum ráðgjöf, meta framvindu og horfur í þjóðarbúskapnum og gefa mánaðarlega álit um stöðu mála. Einnig skal ráðið skoða

hvernig styrkur lífeyrissjóðanna megi best nýtast innan hagkerfisins, t.d. í samhengi við framtíðarskipan húsnæðismála og til að virkja innlendan skuldabréfamarkað, en þó þannig að lífeyrissparnaður landsmanna sé ætíð tryggður eins og best er mögulegt.

Þjóðhagsráði er heimilt að ráða sér starfsmenn og kaupa sérfræðiþjónustu eftir þörfum og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði. Þá skal Efnahagsstofnun vera þjóðhagsráði sérstaklega til aðstoðar og veita starfi þess stuðning.

Greinargerð.

Grundvöllur að góðri hagstjórn hlýtur að felast í hlutlausum og greinargóðum upplýsingum til stjórnvalda, embættismanna og annarra sem fara með efnahagsmál hér á landi. Í þeim efnahagsþrengingum sem því miður sér hvergi fyrir endann á verður sífellt mikilvægara að hagstjórn byggist á traustum undirstöðum. Enginn neitar því nú lengur að alvarleg mistök hafi verið gerð á undanförnum árum í hagstjórn landsins sem þjóðin geldur nú fyrir, m.a. með himinhárri verðbólgu, óstöðugu gengi og okurvöxtum. Þá er gríðarleg aukning erlendra skulda þjóðarbúsins að undanförnu mikið áhyggjuefni. Án þess að fullyrt sé að hvaða marki skortur á hlutlægum og greinargóðum upplýsingum hafi átt sinn þátt í áðurnefndum hagstjórnarmistökum er augljóst að við úrlausn vandans verður slík upplýsingagjöf seint ofmetin.

Þegar Þjóðhagsstofnun var skyndilega lögð niður árið 2002 var það gert undir því yfirskini að hún væri óþörf og að verkefnum hennar væri betur komið annars staðar. Talað var um að fjármálaráðuneytið, Hagstofan, Seðlabanki Íslands, aðilar vinnumarkaðarins og jafnvel greiningardeildir banka gætu sinnt þessum verkefnum betur og á hagkvæmari hátt. Annað hefur komið á daginn. Í fyrsta lagi var ekki að sjá að neinn sparnaður væri í flutningi verkefna frá Þjóðhagsstofnun. Í fjárlögum ársins 2002 var 132 millj. kr. varið til Þjóðhagsstofnunar en 144 millj. kr. var varið ári seinna til þeirra verkefna sem fluttust frá stofnuninni.

Í öðru lagi setur það ýmsa aðila, ekki síst stjórnarandstöðuna, í óþægilega aðstöðu að þurfa að reiða sig á upplýsingagjöf og þjóðhagsspár fjármálaráðuneytisins. Þótt þau verkefni séu unnin af sjálfstæðri einingu innan fjármálaráðuneytisins og án efa á faglegum forsendum er það engu að síður gert á vegum framkvæmdarvaldsins og heyrir undir pólitískan ráðherra. Vegna lokunar Þjóðhagsstofnunar fengu greiningardeildir bankanna auk þess aukið vægi, en þótt starf þeirra sé að sjálfsögðu gagnlegt verður ekki framhjá því litið að þær starfa innan bankanna og eru því í allt annarri aðstöðu en sjálfstæð stofnun. Í frumvarpi þessu er hins vegar lagt til að Efnahagsstofnun starfi í skjóli Alþingis, verði engum háð í störfum sínum og þar með eins sjálfstæð og kostur er.

Í þriðja lagi hefur verið gagnrýnt að aðgengilegar upplýsingar um tekjudreifingu og ójöfnuð er ekki lengur til að dreifa í opinberum skýrslum og skjölum. Slíkar tölur skorti tilfinnanlega þegar umræða um ójöfnuð var sem mest og einu tölurnar sem almenningur og fræðimenn höfðu aðgengi að voru tölur frá fjármálaráðuneytinu, því sama ráðuneyti og verið var að gagnrýna fyrir að hafa stuðlað að ójafnri tekjuskiptingu með skattalækkunum. Áhöld eru einnig um hvort nægilega góðar upplýsingar komi frá þeim aðilum sem ætlað var að taka við hlutverki Þjóðhagsstofnunar og hvort slík upplýsingagjöf þyrfti ekki að vera á einni hendi til að veita nægilega góða heildarmynd. Hagstjórn þarf eðli málsins samkvæmt að taka mið af mörgum ólíkum en samverkandi þáttum og því þarf hagstjórnarráðgjöf einnig að vera heildstæð fremur en sundurleit og tilviljanakennd.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir stofnun Efnahagsstofnunar sem vera skal óháð stofnun sem heyrir undir Alþingi. Hlutverk hennar er að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins,

vinna við hagrannsóknir og útgáfu þjóðhagsspár og -áætlana. Efnahagsstofnunin skal vera Alþingi, ríkisstjórn, sveitarfélögum, aðilum vinnumarkaðarins, fræðimönnum og fag- og fræðastofnunum til ráðgjafar og aðstoðar um efnahags- og þjóðhagsmál.

Slík stofnun mun meðal annars tryggja jafnt aðgengi þingmanna allra flokka, óháð því hverjir þeirra eiga aðild að ríkisstjórn, og styður þannig við fjárlaga- og fjárstjórnarvald Alþingis, um leið og það leggur betri grunn að starfi nefnda og þingflokka. Stuðningur við stofnun af því tagi sem hér er lagt til hefur komið úr mörgum og ólíkum áttum. Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, tók núverið undir mikilvægi stofnunar af þessu tagi (DV mánudaginn 9. apríl 2008). Hið sama gildir um Jónas Haralz, fyrrverandi bankastjóra Seðlabanka Íslands sem sagði í Fréttablaðinu mánudaginn 8. september 2008: „Það vantar góða ráðleggjandi stofnun til að starfa með stjórnmálamönnum og aðstoða þá við að ná utan um heildarmyndina. Þjóðhagsstofnun gegndi því hlutverki.“ Þorvaldur Gylfason, prófessor í hagfræði, hefur margoft gagnrýnt að Þjóðhagsstofnun var lögð niður og hefur hvatt til að hún verði endurreist (sjá t.d. Fréttablaðið fimmtudaginn 7. ágúst 2008). Fjölmargir þingmenn ríkisstjórnarflokkanna hafa nýverið lýst því yfir að endurreisa eigi Þjóðhagsstofnun, þeirra á meðal eru Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, og Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, hefur auk þess sagt að mistök hafi verið að leggja Þjóðhagsstofnun niður (Morgunblaðið, 22. september 2008). Þá er rétt að taka fram að þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður á sínum tíma með frumvarpi til laga um brottfall laga nr. 54/1974 (þskj. 1153, 709. mál 127. löggjafarþings) greiddu allir viðstaddir þingmenn stjórnarandstöðunnar – þ.e. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins – atkvæði gegn frumvarpinu. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mótmæltu því harðlega á sínum tíma að Þjóðhagsstofnun skyldi lögð niður og hafa talað fyrir því að hún yrði endurreist, m.a. í 9. gr. í frumvarpi til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum á sl. vori (þskj. 774, 486. mál 135. löggjafarþings).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að Efnahagsstofnun verði sjálfstæð stofnun sem starfi í skjóli Alþingis. Stjórnsýsluleg staða stofnunarinnar verði því svipuð og staða umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar samkvæmt lögum þar um.

Um 2. gr.

Verkefni Efnahagsstofnunar eru að mestu leyti til þau verkefni sem Þjóðhagsstofnun sinnti áður. Þó er nýmæli að Efnahagsstofnun getur sjálf haft frumkvæði að rannsóknum og upplýsingagjöf til almennings sbr. 3.tölul. Þá er gert ráð fyrir að hlutverk Efnahagsstofnunar verði víðtækara en hlutverk Þjóðhagsstofnunarinnar gömlu og að hún þjónusti fleiri aðila, t.d. óháð félagasamtök af ýmsu tagi, sbr. ákvæði 1. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að Efnahagsstofnun hafi ákveðnar heimildir til þess að krefja aðila um gögn og upplýsingar svo stofnunin geti rækt hlutverk sitt. Eru heimildir stofnunarinnar í samræmi við heimildir Hagstofu Íslands í lögum nr. 163/2007 og þær heimildir sem Þjóðhagsstofnun hafði. Þá er í ákvæðinu lagt til að Efnahagsstofnun hafi samráð við Hagstofu Íslands og aðra aðila sem safna hliðstæðum upplýsingum. Eðlilegt er slíkt sé gert til

þess að koma í veg fyrir tvíverknað. Ákvæði þetta er að mestu í samræmi við 3. gr. laga nr. 54 frá 1974 um Þjóðhagsstofnun.

Um 4. gr.

Erfitt er að meta kostnað af rekstri Efnahagsstofnunar á þessu stigi en ljóst er að starfsemi stofnunarinnar gæti fljótlega orðið svipuð að umfangi og starfsemi Þjóðhagsstofnunar var áður. Eins og fram kemur í greinargerðinni hér að ofan var kostnaður við Þjóðhagsstofnun 132 millj. kr. í fjárlögum ársins 2002 þegar hún var lögð niður og búast mætti við sambærilegum kostnaði miðað við núverandi verðlag. Að sjálfsögðu er reiknað með að eftir því sem verkefni færast til Efnahagsstofnunar dragi úr útgjöldum annarra stofnana sem sinna starfi hennar nú, einkum Hagstofunnar, og því ætti viðbótarkostnaður ríkissjóðs ekki að verða umtalsverður.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að forsætisnefnd Alþingis ráði forstöðumann Efnahagsstofnunar og að hann skuli hafa háskólapróf í þjóðhagfræði eða hliðstæðri grein. Þá er einnig gert ráð fyrir að forsætisnefnd geti vikið forstöðumanni frá störfum en að fengnu samþykki Alþingis þó.

Um 6. gr.

Ákvæðið gerir ráð fyrir því að þagnarskylda ríki um upplýsingar sem Efnahagsstofnun safnar og snerta einstaklinga og lögaðila. Þá er einnig tiltekið í ákvæðinu að starfsmönnum nýrrar Efnahagsstofnunar beri að halda trúnað og gæta þagmælsku í samræmi við 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Er hér áréttuð nauðsyn þess að gæta trúnaðar og þagnarskyldu um viðkvæmar upplýsingar sem veittar eru Efnahagsstofnun og er ákvæðið í samræmi við lög um Hagstofu Íslands og skyldur þeirrar stofnunar.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu felst að reglur frá forsætisnefnd komi í stað reglugerðar frá ráðuneyti enda mun slík reglugerð ekki verða sett þar sem Efnahagsstofnun heyrir beint undir Alþingi en ekki undir ráðherra. Eðlilegt er því að haft sé samráð við forstöðumann og starfsmenn til að tryggja áhrif þeirra á málefni sem snúa að starfsemi þeirra.

Um 8. gr.

Stofnun Efnahagsstofnunar kallar óhjákvæmilega á könnun á stöðu og verkefnum Hagstofu Íslands meðal annars. Þá getur einnig verið þörf á fleiri lagabreytingum og er kveðið á um slíkt í ákvæði þessu.

Um 9. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Brýn nauðsyn er á að starf nýrrar Efnahagsstofnunar hefjist sem fyrst og því er kveðið á um að undirbúningur geti hafist strax við samþykkt laganna en gert er ráð fyrir að reglubundin starfsemi hefjist í ársbyrjun 2009.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ákvæðið er að mestu leyti samhljóða 9. gr. í frumvarpi til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum (þskj. 774, 486. mál 135. löggjafarþings). Greininni fylgdi eftirfarandi athugasemd:

„Þörf er á víðtæku samstarfi allra helstu burðarása íslensks þjóðarbúskapar til að glíma við þau viðfangsefni sem við blasa í efnahagslífinu. Til að slíkt þjóðarsáttarandrúmsloft skapist og samræmdur taktur náist í hagstjórn þarf víðtækt samráð og samvinnu allra stjórnmálaflokka og helstu hagsmunaaðila á vinnumarkaði, í atvinnulífi og á fjármálamarkaði. Því er lagt til að skapa, næstu tvö árin a.m.k., slíkan samráðsvettvang, þjóðhagsráð, þar sem fulltrúar stærstu hagsmunaaðila landsins vinni með stjórnvöldum, veiti ráðgjöf og fylgist með framvindu aðgerða sem miði að því að endurheimta efnahagslegan stöðugleika.“

5. Tillaga til þingsályktunar [5. mál]

um að stofna samvinnu- og efnahagsráð Íslands.

Flm.: Guðni Ágústsson, Valgerður Sverrisdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Magnús Stefánsson, Birkir J. Jónsson, Bjarni Harðarson, Höskuldur Þórhallsson.

Alþingi beinir því til forsætisráðherra að koma á fót samvinnu- og efnahagsráði um efnahagsmál sem vettvangi stjórnmálaflokka og helstu hagsmunaaðila til að ræða og leita leiða til að styrkja íslenska atvinnuvegi og efnahag þjóðarinnar til frambúðar. Í ráðinu skulu sitja forystumenn allra þingflokka, þ.e. formenn og varaformenn, ásamt fulltrúum atvinnulífs, launþega, sveitarfélaga, fjármálafyrirtækja og Bændasamtaka Íslands.

Greinargerð.

Íslenskt efnahagslíf glímir nú við mjög mikla erfiðleika. Þessir erfiðleikar stafa að talsverðu leyti af áföllum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Margt bendir hins vegar til þess að þeir stafi einnig að hluta til af sérstökum aðstæðum í íslensku efnahagslífi og efnahagsstjórn sem ekki hefur tekið nægilegt tillit til þessara aðstæðna.

Afar brýnt er að tekið verði á þessum efnahagsvandkvæðum af festu og ákveðni. Jafnframt eru vandkvæðin svo djúptæk og víðfeðm að á þeim verður ekki fundin viðunandi lausn nema þjóðin í heild taki höndum saman. Takist það ekki munu afleiðingarnar verða dýpri efnahagskreppa, meiri kjaraskerðing og stærri áföll heimila og atvinnulífs en ásættanlegt er.

Í ljósi þessara alvarlegu aðstæðna leggja flutningsmenn fram þingsályktunartillögu um að þegar í stað verði myndaður sérstakur samráðsvettvangur sem hafi það verkefni að leita hagfelldustu leiða út úr þeim efnahagskröggum sem þjóðin hefur ratað í. Þann hóp skipi:

1. Forystumenn stjórnmálaflokkanna á Alþingi (formenn og varaformenn).
2. Fulltrúar atvinnulífsins.
3. Fulltrúar launþega.
4. Fulltrúar sveitarfélaga.
5. Fulltrúar fjármálafyrirtækja.
6. Fulltrúar Bændasamtaka Íslands.
7. Fulltrúar sjávarútvegsfyrirtækja.

Þessum hópi til fulltingis verði:

1. Sérfræðingar á sviði efnhagsmála frá Seðlabanka Íslands.
2. Sérfræðingar á sviði efnhagsmála frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.
3. Aðrir innlendir og erlendir sérfræðingar eftir þörfum hverju sinni.

Ráðinu verði falið að samræma leiðir út úr efnahagsvandanum og leggja grunn að styrku íslensku efnahagslífi til frambúðar með það að leiðarljósi að styrkja útflutning og framleiðslu atvinnulífsins og þjóðarsparnað. Hlutverk hópsins er fagleg úrlausn þess að ná jafnvægi í þjóðarbúskap Íslendinga og hefja það brýna úrlausnarefni yfir pólitíska togstreitu.

Ísland er ekki lengur eyland í efnahagslegum skilningi. Með auknu frelsi í flæði fjármagns og vinnuafls milli Íslands og annarra landa eru Íslendingar orðnir virkir þátttakendur í hinu alþjóðlega efnahagslífi. Jákvæðar afleiðingar þessa eru miklar, enda hefur íslenskt efnahagslíf tekið miklum stakkaskiptum á síðustu áratugum, til hins betra, með auknum viðskiptum, hærri kaupmætti, meiri velmegun og fleiri tækifærum til verðmætasköpunar. Á móti kemur að Íslendingar eru næmari fyrir ástandi og sveiflum á alþjóðlegum mörkuðum en nokkru sinni fyrr. Þessa sjást glöggt merki nú þegar hvert áfallið á fætur öðru dynur á hinu alþjóðlega fjármálakerfi.

Í því sem hér fer á eftir verður fyrst gerð grein fyrir helstu atburðum sem átt hafa sér stað á erlendum mörkuðum en síðan litið hingað heim og skoðuð áhrif þessara hræringa fyrir íslenskt efnahags- og atvinnulíf.

Alþjóðleg fjármálakreppa.

Síðustu ár og áratugir hafa einkennst af gríðarlegum vexti í fjármálakerfi heimsins. Ástæður þessa eru margar og ólíkar. Falli Sovétríkjanna fylgdu miklar hræringar í Evrópu þar sem margar þjóðir tóku upp markaðshagkerfi að vestrænum hætti, auk þess sem efnahagsveldi ýmissa ríkja í Asíu jókst einnig með aukinni markaðsvæðingu. Þá hafa ýmsar tæknibreytingar, svo sem í fjarskiptum og upplýsingatækni, gert það að verkum að framleiðni hefur aukist. Sökum alls þessa hefur mikið fjármagn verið í umferð og vaxtastig verið mjög lágt á sama tíma og verðbólga í Evrópu og Bandaríkjunum hefur verið lítil.

Almennt má segja að vandræðin með undirmálslán í Bandaríkjunum marki upphafið að þeim vandræðum sem einkennt hafa fjármálalíf heimsins undanfarið eitt og hálft ár en vandinn virðist reyndar miklu djúpstæðari. Í ljós hefur komið að óvissa varðandi virði margra annara fjármálalegra eigna og -gjörninga var stórum meiri en markaðsaðilar höfðu reiknað með og virði þeirra því minna en talið var, sérstaklega á tímum veikleika í fjármálakerfinu. Þetta olli og veldur enn miklum vandkvæðum í hinu alþjóðlega fjármálakerfi, sem ekki er enn séð fyrir endann á.

Þegar fjármálastofnanir héldu að sér höndum með lánveitingar brugðust flestir helstu seðlabankar heimsins við með því að auka sjálfir lánsfé í umferð, bæði með því að lána fjármálastofnunum beint og með því að víkka út skilgreiningar á veðhæfni þeirra eigna sem notaðar eru við lánveitingar seðlabankanna til fjármálastofnana. Sumir hinna veigamestu í þeirra hópi, svo sem seðlabankar Bandaríkjanna og Bretlands, lækkuðu jafnframt vexti sína svo um munaði.

Þrátt fyrir þetta hafa ýmsar meiri háttar alþjóðlegar fjármálastofnanir hins vestræna heims lagt upp laupana. Þeirra á meðal má nefna Northern Rock, Bear Stearns, Lehman Brothers og Merril Lynch. Þegar harðnaði enn á dalnum á íbúðamarkaði í Bandaríkjunum varð ljóst að fasteignalánasjóðirnir Freddy Mac og Fannie Mae gætu ekki staðið við skuldbindingar sína. Þessi fasteignalánasjóðir voru í einkaeigu en nutu ríkisábyrgðar. Bandaríska ríkið tók

þessa sjóði að lokum yfir. Einnig greip ríkissjóður í taumana þegar ljóst var að tryggingarisinn AIG riðaði á barmi gjaldþrots. Ríkið lagði 85 milljarða bandaríkjadala til fyrirtækisins og tók yfir tæplega 80% hlutafjársins. Svo stórtækar aðgerðir hafa ekki sést á fjármálamörkuðum í langan tíma. Ástæður þeirra eru þær að þau fyrirtæki og sjóðir sem hér um ræðir eru stærri en svo að hægt sé að láta þau stefna í gjaldþrot. Slíkt hefur alvarlegar afleiðingar fyrir fjármálastöðugleika heimsins. Fjárfestingarbankarnir stóru Morgan Stanley og Goldman Sachs hafa endurskipulagt starfsemi sína og nú fengið leyfi til að starfa sem viðskiptabankar, fyrst og fremst til að geta þannig notið verndar seðlabanka Bandaríkjanna í ríkari mæli.

Nú liggur fyrir Bandaríkjaþingi frumvarp um 700 milljarða dala stuðning við fjármálakerfið en óvíst er hvernig endanleg útfærsla muni líta út. Á sama tíma hafa seðlabankar í Evrópu, Bandaríkjunum, Japan og víðar reynt að taka höndum saman til að auka lánsfé í umferð og eyða óvissu á mörkuðum.

Horfur í efnahagsmálum Íslendinga.

Íslendingar hafa ekki farið varhluta af þeim umbrotum sem átt hafa sér stað á hinum alþjóðlegu mörkuðum. Hér á landi hafa hlutabréfavísitölur fallið um 50–60%, sem er miklu meira en í nágrannaríkjunum, þar sem helstu hlutabréfavísitölur hafa fallið um 10–20%. Aðgangur íslenskra fyrirtækja, banka og ríkisins að lánsfé hefur versnað mjög síðustu missiri sem hefur aftur haft í för með sér að flest fyrirtæki hafa þurft að fjármagna starfsemi sína hér innanlands. Vextir eru hér hins vegar gríðarháir og standa atvinnulífi mjög fyrir þrifum. Þá hefur gengi íslensku krónunnar hríðfallið undanfarin missiri og ekki síst síðustu vikur, sem dregur úr eftirspurn heimilanna og ýtir undir verðhækkanir á aðfluttum neysluvörum. Traust á gjaldmiðli landsmanna er lítið og fer dvínandi. Það eykur enn á rekstrarerfiðleika fyrirtækja. Kaupmáttur heimila hefur þegar minnkað mjög mikið og alls ekki útlit fyrir að það ástand fari batnandi á næstu missirum. Veruleg hætta er á stórauknu atvinnuleysi.

Samkvæmt nýútkomnum spám greiningadeilda tveggja viðskiptabanka (Landsbanka og Glitnis) má gera ráð fyrir stöðnun á þessu ári og nokkrum samdrætti á hinu næsta. Óvissa í þessum spám er þó mikil. Margt bendir til þess að þjóðin sé nú að sigla inn í djúpa kreppu þar sem ekki er ólíklegt að landsframleiðsla minnki um 5%, kaupmáttur heimila um 5–10% og atvinnuleysi verði verulegt.

Við þessar aðstæður er hætta á hruni í fjármálakerfinu (áföllin eru þegar hafin með gjaldþroti eða þroti ýmissa fjármálafyrirtækja og -sjóða). Sérstakur áhættuþáttur sem lítið hefur verið ræddur er húsnæðismarkaðurinn. Nú á sér stað verðlækkun á húsnæði sem dregur niður verðbólgutölur. Frekari verðlækkun á húsnæði gæti haft geigvænlegar afleiðingar í för með sér, bæði fyrir heimilin í landinu og fjármálakerfið. Ef verð húsnæðis lækkar umtalsvert verða veð ófullnægjandi. Það kallar þegar á samdrátt í útlánum bankanna. Verði þeir að leysa til sín húsnæði verða þeir fyrir tapi. Það tap bætist ofan á tap eigenda húsanna sem oft á tíðum missa allt sitt. Afleiðingin er keðjuverkun samdráttar í útlánum og kaupmætti og eftirspurn sem getur rekið hagkerfið niður í enn dýpri myrkur.

Sjaldan hefur verið brýnna að leggja pólitískar þrætur til hliðar og er tillaga þessi til þess fallin að ná þverpólitískri sátt með mikilsverðu framlagi helstu fjármálasérfræðinga um þá ábyrgð sem fylgir því að skipa forystusveit íslensku þjóðarinnar á Alþingi.

6. Tillaga til þingsályktunar [6. mál]

um breytta stjórn fiskveiða í samræmi við úrskurð mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.

Flm.: Jón Magnússon, Guðjón A. Kristjánsson, Grétar Mar Jónsson, Atli Gíslason, Jón Bjarnason, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að hlíta beri niðurstöðu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá 24. október 2007 í máli nefndarinnar nr. 1306/2004 þess efnis að fiskveiðistjórnarkerfi Íslendinga, sbr. lög nr. 116/2006, áður lög nr. 38/1990, brjóti í bága við alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem Ísland staðfesti með auglýsingu utanríkisráðherra nr. 10 frá 28. ágúst 1979 í samræmi við þingsályktun hinn 8. maí 1979. Enn fremur að breyta verður lögum um stjórn fiskveiða í samræmi við fyrrgreindan úrskurð til að tryggja jafnræði borgaranna, sanngirni og mannréttindi.

Greinargerð.

Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna tók afstöðu til máls nefndarinnar nr. 1306/2004: Erlingur Sveinn Haraldsson og Örn Snævar Sveinsson gegn Íslandi, hinn. 24. október 2007, en fregnir af niðurstöðu nefndarinnar urðu ekki kunnar fyrr en í upphafi ársins þótt niðurstaðan hafi borist ríkisstjórninni 12. desember 2007.

Málið sem lagt var fyrir nefndina snerist um hvort landsmönnum væri mismunað á ólögmætan hátt og komst aukinn meiri hluti nefndarinnar að þeirri niðurstöðu að brot hefði verið framið gegn 26. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

26. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi er svohljóðandi:

„Allir eru jafnir fyrir lögunum og eiga rétt á sömu lagavernd án nokkurrar mismununar. Lögin skulu því í þessu skyni banna hvers konar mismunun og ábyrgjast öllum mönnum jafna og raunhæfa vernd gegn mismunun svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.“

Í niðurstöðu meiri hluta nefndarinnar segir að meginálitaefnið sé hvort kærendur verði að lögum skyldaðir til að greiða samborgurum sínum fé til að afla sér fiskveiðiheimilda sem séu nauðsynlegar til að eiga kost á að veiða í atvinnuskyni kvótasettar fisktegundir í eigu íslensku þjóðarinnar.

Tekið er fram í áliti nefndarinnar að hópum fiskveiðimanna á Íslandi sé mismunað. Einn hópur fiskveiðimanna hafi fengið ókeypis fiskveiðiheimildir af því að hann stundaði fiskveiðar á þar tilgreindum fisktegundum á tímabilinu 1. nóvember 1980 til 31. október 1983. Sérstaklega er tekið fram að þeir sem þannig háttar til um þurfi ekki að nota fiskveiðiheimildir sínar en geti selt þær eða leigt til annarra. Annar hópur fiskveiðimanna þurfi að kaupa eða leigja kvóta af fyrri hópnum eða öðrum sem hafa keypt kvóta af honum ef þeir vilja stunda veiðar á kvótasettum fisktegundum, af þeirri einföldu ástæðu að þeir áttu ekki eða ráku fiskiskip á fyrrgreindu tímabili. Meiri hluti nefndarinnar telur að slík mismunun sé grundvölluð á ástæðum sem samsvari eignarstöðu.

Þá telur nefndin að markmið þessarar aðgreiningar, þ.e. að vernda fiskstofna sem eru takmörkuð auðlind, séu lögmæt en engu að síður þurfi nefndin að skera úr um hvort mismununin sé byggð á sanngjörnum og hlutlægum viðmiðum. Nefndin bendir á að sérhvert kvóta-

kerfi sem innleitt er til að stjórna aðgangi að takmörkuðum auðlindum veitir að einhverju leyti forréttindi þeim sem fá slíkum kvótum úthlutað og séu öðrum til óhagræðis, án þess nauðsynlega að mismuna mönnum. Um leið bendir nefndin á þá sérstöðu málsins að 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, nú lög nr. 116/2006, segi að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Aftur á móti hafi mismununin byggst á aðgerðum innan viðmiðunartímans 1. nóvember 1980 til 31. október 1983, upphaflega sem tímabundnar aðgerðir sem kunni að hafa byggst á sanngjörnum og réttlátum viðmiðum en urðu ekki aðeins varanlegar með setningu laganna heldur breyttu þær í einkaeign hinum upphaflega rétti til að hagnýta almannaeign. Kvóta sem hefur verið úthlutað og er ekki lengur notaður af upphaflegum handhafa má selja eða leigja á markaðsverði í stað þess að skila honum aftur til úthlutunar til nýrra handhafa samkvæmt sanngjörnum og réttlátum viðmiðum. Segir nefndin ríkið ekki hafa sýnt fram á að þetta fyrirkomulag og háttur við innleiðingu og síðari breytingar kvótakerfisins standist sanngirniskröfu. Þá er bent á að þó að nefndinni sé ekki skylt að ákvarða hvernig kvótakerfi á takmörkuðum auðlindum verði samrýmd alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem slíkum, þá ályktu hún að við þessar sérstöku aðstæður og í því tilviki sem til umfjöllunar var að þau eignarsérréttindi sem upphaflegum kvótaeigendum voru veitt varanlega, kærendum til tjóns, séu ekki byggð á sanngjörnum sjónarmiðum. Telur nefndin því að brotið hafi verið gegn 26. gr. samningsins.

Leggur nefndin þá skyldu á herðar íslenska ríkinu að greiða málskotsaðilum fullnægjandi bætur og endurskoða fiskveiðistjórnarkerfið. Tekið er sérstaklega fram í niðurstöðu meiri hluta nefndarinnar að íslenska ríkið hafi viðurkennt vald nefndarinnar til að skera úr um hvort brotið hafi verið gegn samningnum og bendir einnig á að Ísland hafi skuldbundið sig til að tryggja öllum mönnum, innan landamæra þess og undir lagavaldi þess, þann rétt sem viðurkenndur er í samningnum og til að gera viðeigandi ráðstafanir sé talið að brot hafi verið framið. Þá óskar nefndin þess að íslenska ríkið skýri henni innan 180 daga frá því hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til að fylgja niðurstöðu hennar eftir.

Flutningsmenn þingsályktunartillögu þessarar telja að núverandi fiskveiðistjórnarkerfi sé ósanngjarnt og brjóti gegn jafnrétti manna, samanber einnig jafnræðisreglur íslensku stjórnarskrárinnar. Þá telja flutningsmenn verulegan vafa leika á því að lög nr. 116/2006 samrýmist ákvæðum 75. gr. stjórnarskrár um atvinnufrelsi. Af þeim sökum og í framhaldi af því áliti sem rakið er að hluta í þessari greinargerð leggja flutningsmenn fram þingsályktunartillögu þessa.

Því hefur verið haldið fram að Ísland sé ekki lagalega bundið af niðurstöðum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Af því tilefni benda flutningsmenn á að hinn 8. maí 1979 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu sem heimilaði fullgildingu tveggja alþjóðasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Annars vegar alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og hins vegar alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Sáttmálar þessir voru samþykktir á 21. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og komu fyrst til undirritunar 19. desember 1966. Þeir voru undirritaðir af Íslands hálfu 30. desember 1968 en auglýsing um afhendingu tilheyrandi fullgildingarskjala var birt í C-deild Stjórnartíðinda, 28. ágúst 1979, bls. 33 og bls. 73 í sama hefti um valfrjálsa bókun við þann alþjóðasamning sem hér um ræðir.

Ísland hefur þannig samþykkt, undirritað og fullgilt alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi í samræmi við fyrrgreinda ályktun Alþingis og skuldbundið sig að þjóðarrétti til að virða úrskurðarvald mannréttindanefndarinnar í kærumálum um meint brot á honum og skuldbundið sig að þjóðarrétti til að fylgja niðurstöðum hennar eftir. Ef Alþingi

leiðir þessar staðreyndir hjá sér er mannréttindum Íslendinga í sínu eigin landi alvarlega ógnað, auk þess sem trúverðugleika Íslands á sviði alþjóðlegra mannréttinda er stefnt í stórfellda hættu. Þeim hagsmunum má ekki fórna.

Flutningsmönnum finnst miklu skipta að jafnræði borgaranna sé virt, að aðgerðir handhafa ríkisvalds brjóti ekki gegn réttlætiskennd manna og að réttur manna til að stunda atvinnu með sömu skilyrðum og um aðra gilda sé viðurkenndur. Af þeim sökum telja flutningsmenn nauðsynlegt að taka lög um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, til heildarendurskoðunar. Mikilvægt er að Alþingi lýsi sem allra fyrst yfir vilja sínum til að farið verði að þeim meginatriðum sem niðurstaða mannréttindanefndarinnar byggist á og breyti lögum um stjórn fiskveiða í samræmi við það.

Þingsályktunartillaga þessi var borin fram á síðasta þingi en fékk þá ekki afgreiðslu og er nú endurflutt af sömu flutningsmönnum og fluttu hana þá.

7. Frumvarp til laga [7. mál]

um breytingu á lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987.

Flm.: Ásta Möller, Gunnar Svavarsson.

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Auk gjalds skv. 2. gr. ber ríkissjóði að skila af tekjuskatti gjaldi er nemur 18,5% af gjöldum er renna til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga skv. 2. og 3. gr. í sjóð er nefnist Jöfnunarsjóður sókna. Gjald þetta greiðist mánaðarlega.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Núgildandi lög um sóknargjöld voru sett árið 1987 á 110. löggjafarþingi og tóku þau gildi í ársbyrjun 1988. Fram til þess tíma voru sóknargjöld innheimt af hverjum einstaklingi yfir 16 ára aldri sem nefskattur, sem ríkið stóð skil á gagnvart þjóðkirkjunni, trúfélögum og Háskólasjóði og þáði ríkið þóknun fyrir með innheimtugjaldi. Sóknargjald hafði viðmiðun í útsvari og var 0,2–0,4% en sóknir höfðu heimild til að hækka viðmiðunina í allt að 0,8% með samþykki dóms- og kirkjumálaráðherra við sérstakar aðstæður, t.d. þegar sóknir stóðu í fjárfrekum framkvæmdum.

Breytingin sem varð með gildistöku laganna í ársbyrjun 1988 fól í sér að sóknargjaldið var fellt inn í tekjuskattinn, ásamt ýmsum öðrum sköttum eins og t.d. sjúkratryggingagjaldi, kirkjugarðsgjaldi og fleiri álíka sköttum. Meginbreytingin varð því sú að í stað þess að gjaldendur greiddu beint til sinna sókna var ákveðið að þjóðkirkjusöfnuðir, trúfélög og Háskóli Íslands, vegna þeirra manna sem standa utan trúfélaga, fengju hlutdeild í hinum nýja sameinaða tekjuskatti. Þessi hlutdeild var útreiknuð og ákveðin með hliðsjón af upphæð álagðra sóknargjalda á árinu 1987. Var upphæðin miðuð við hinar venjulegu álagningarheimildir þágildandi laga um sóknargjöld, þegar búið var að draga frá þá fjárhæð sem sóknir gátu nýtt

sér gegnum sérstaka álagningarheimild, sem gat farið í allt að 0,8% samkvæmt sérstöku leyfi dóms- og kirkjumálaráðherra. Var þar fundin ákveðin grunntala sem notuð var til þess að ákveða hlutdeild sókna, trúfélaga og Háskólasjóðs í tekjuskattinum til frambúðar. Gjaldið skyldi síðan fylgja sjálfkrafa breytingum sem kynnu að verða á fjölda þeirra manna sem náð hafa 16 ára aldri og tilheyra hverjum söfnuði. Auk þess var gert ráð fyrir að gjaldið fylgdi þeim breytingum sem yrðu á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga tveggja síðustu ára á undan gjaldári. Í þessu fyrirkomulagi fólst ákveðinn jöfnuður, þar sem söfnuðir sem höfðu lægri meðaltekjur á mann fengu hærri tekjur en samkvæmt eldra fyrirkomulagi og öfugt. Hið nýja fyrirkomulag hafði í för með sér að í stað þess að hver og einn einstaklingur greiddi ákveðinn nefskatt til safnaðar síns er sóknargjaldið greitt úr ríkissjóði í samræmi við fjölda þeirra sem skráðir eru í viðkomandi sókn eða trúfélag. Sóknargjaldið er því í raun fjármagnað af almennum skatttekjum, þar sem það kemur úr ríkissjóði, en upphæðin tekur breytingum eftir launavísitölu. Því til áréttingar má benda á að ríkissjóður tekur ekki lengur gjald vegna innheimtu sóknargjalda eins og gert var við fyrra fyrirkomulag.

Samhliða breytingum á ákvæðum um sóknargjöld var tekin ákvörðun um að setja á laggirnar Jöfnunarsjóð sókna. Í greinargerð með frumvarpi til laga um sóknargjöld frá árinu 1987 segir m.a. um hlutverk sjóðsins að honum sé „ætlað að mæta fjárþörf þeirra sókna er annars mundu nota núverandi heimildir skv. 3. gr. laga um sóknargjöld um sérstaka hækkun sóknargjaldsins“. Var þar vísað til heimildagreinar um hækkun sóknargjalds „fyrir hvert ár allt að helmingi og miða það við 0,80% af útsvarsstofni“. Jafnframt var gert ráð fyrir að sjóðurinn skyldi styrkja fámennar og fátækar sóknir, að auðvelda stofnun sóknar þar sem byggð er að breytast og að styrkja kirkjulega, félagslega og menningarlega starfsemi á vegum safnaðanna, svo og ýmis kirkjuleg verkefni sem höfðu áður fengið fjárframlög úr ríkissjóði. Þá var hinum nýja Jöfnunarsjóði sókna ætlað að standa að hluta til undir rekstri og viðhaldi kirkna sem kallaðar hafa verið landskirkjur, þótt ekki hafi verið ætlast til að felldur yrði niður stuðningur ríkissjóðs við sérstaklega fjárfrekar framkvæmdir og nefndar til sögunnar Hallgrímskirkja og Hóladómkirkja. Tekið var fram í greinargerð með frumvarpinu að fjárhæðir sem lagðar voru til grundvallar viðmiðunarhlutfalli í Jöfnunarsjóð sókna með hliðsjón af sóknargjaldi væru eingöngu vegna þjóðkirkjuverkefna. Stjórn Jöfnunarsjóðs sókna er samkvæmt lögum um sóknargjöld falin kirkjuráði, en reikningshald er hjá biskupsstofu.

Rekstur þjóðkirkjunnar er fjármagnaður í fyrsta lagi af fjárlögum samkvæmt samningi sem gerður hefur verið við þjóðkirkjuna. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir 1,6 milljörðum kr. til þjóðkirkjunnar. Þetta fjármagn stendur m.a. undir launum presta þjóðkirkjunnar, vígslubiskupa, biskups og starfsmanna á biskupsstofu og rekstri biskupsstofu, embættiskostnaði presta, ýmsum sérverkefnum þjóðkirkjunnar, rekstri prestssetra og söngmálastjóra þjóðkirkjunnar auk annars. Í öðru lagi er reksturinn fjármagnaður með sóknargjaldi, sem samkvæmt frumvarpi til fjárlaga nemur um 2,5 milljörðum kr., þar sem um 80% þess falla til þjóðkirkjunnar eða um 2 milljarðar kr. Sóknargjald dreifist á kirkjur landsins eftir fjölda þeirra sem skráðir eru í söfnuð og stendur undir rekstrarkostnaði, svo sem launum annarra starfsmanna kirkjunnar, kirkjustarfi og rekstri og byggingu sjálfrar sóknarkirkjunnar. Í þriðja lagi hefur þjóðkirkjan aðgang að Jöfnunarsjóði sókna, en til hans munu renna á árinu 2009 samkvæmt frumvarpi til fjárlaga um 417 millj. kr. Gjald í þann sjóð er 18,5% álag ofan á sóknargjöld, framlag ríkisins vegna þeirra sem eru í þjóðkirkjunni. Jöfnunarsjóðurinn er notaður til að veita styrki m.a. til bygginga og viðhalds kirkna, auk þess til að jafna aðstöðu milli safnaða innan þjóðkirkjunnar. Að lokum ber ríkissjóði að skila kirkjumálasjóði árlega af tekjuskatti sem nemur 11,3% af gjöldum er renna til þjóðkirkju-

safnaða samkvæmt lögum um sóknargjöld, sbr. lög um kirkjumálasjóð, nr. 138/1993, og samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009 falla um 324 millj. kr. þar til. Kirkjumálasjóður er notaður til að fjármagna prestssetrasjóð, auk þess að standa straum af kostnaði við kirkjuþing, kirkjuráð og prestastefnu, biskupsgarð, ráðgjöf í fjölskyldumálum (fjölskyldu-þjónustu kirkjunnar), söngmálastjórn og tónlistarfræðslu á vegum þjóðkirkjunnar, starfsþjálfun guðfræðikandídata og önnur verkefni samkvæmt ákvörðun kirkjuráðs. Þannig leggur ríkið í raun til aukaframlög til þjóðkirkjusafnaða umfram sóknargjöld sem nema 29,8% í heild.

Rekstur annarra skráðra trúfélaga er hins vegar eingöngu fjármagnaður af sóknargjöldum, nema í þeim tilvikum sem safnaðarmeðlimir sjálfir leggja til fjármagn eða með öðrum utanaðkomandi stuðningi.

Sóknargjöld annarra trúfélaga utan þjóðkirkjunnar standa þannig undir launum presta og annarra starfsmanna trúfélags, annarri safnaðarstarfsemi, viðhaldi og endurbyggingu kirkju og aðstöðu fyrir söfnuðinn, t.d. safnaðarheimilis. Mikið fjárhagslegt ójafnræði er því milli stöðu safnaða innan þjóðkirkjunnar annars vegar og skráðra trúfélaga hins vegar. Má þar m.a. nefna stöðu fríkirkna hér á landi, en það eru fjölmennar sóknir sem byggja á sömu evangelísku trúarsetningu og þjóðkirkjan, prestar þeirra stunda nám sitt við guðfræðideildir t.d. hér á landi og eru vígðir til starfa af biskupi Íslands.

Að öllu samanlögðu nemur fjármagn sem ríkissjóður greiðir vegna hvers einstaklings sem skráður er utan þjóðkirkjunnar um það bil helmingi þeirrar upphæðar sem ríkissjóður leggur til vegna hvers einstaklings sem skráður er í þjóðkirkjuna.

Hér á landi ríkir trúfrelsi. Þjóðkirkjan hefur sérstöðu meðal trúfélaga hér á landi, m.a. í ljósi sögunnar. Samkomulag er í gildi milli ríkisins og þjóðkirkjunnar um fjárhagsleg málefni sem byggist á sterkum grunni. Þessu frumvarpi er ekki ætlað að hrófla við þessu fyrirkomulagi. Hins vegar er með frumvarpi þessu lagt til að styðja frekar við önnur skráð trúfélög hér á landi með því að gefa þeim hlutdeild í Jöfnunarsjóði sókna með sama hætti og gildir um söfnuði þjóðkirkjunnar til að styðja við kirkjulegt starf og ekki síður til að veita styrki til uppbyggingar og endurbóta í aðstöðu trúfélaga. Óumdeilt er að trúarlegir söfnuðir, burtséð frá trúarhugmyndum, eru ákveðin kjölfesta í samfélaginu og veita stuðning og styrk til einstaklinga og fjölskyldna óháð samfélagslegri stöðu, langt umfram það trúarstarf sem er grundvöllur starfsemi þeirra. Í flestum tilvikum eru gerðar sambærilegar kröfur til skráðra safnaða og til safnaða þjóðkirkjunnar um þjónustu. Í því sambandi er nærtækt að benda á fríkirkjusöfnuðina sem byggja á sömu evangelísku trúarsetningu og þjóðkirkjan, en fjárhagsleg staða er gjörólík, eins og bent hefur verið á.

Hlutfall þeirra sem eru skráðir í þjóðkirkjuna hefur farið lækkandi á síðustu árum. Árið 1987 voru um 93,5% þeirra sem álögð sóknargjöld náðu til skráðir í þjóðkirkjuna, en árið 2007 hafði þetta hlutfall lækkað í 80,7%. Milli áranna 1990 og 2007 er mesta fjölgunin í hópi þeirra sem eru skráðir í önnur trúfélög eða ótilgreindir, en þeir fóru úr 0,6% í 6,2% á þessu tímabili, og hlutfall þeirra sem eru utan trúfélaga fór úr 1,32% í 2,8%. Skráðum trúfélögum hefur fjölgað mjög mikið á tímabilinu 1990–2007 eða úr 14 í 30. Mikil fjölgun hefur verið í kaþólska söfnuðinum, Fríkirkjunni í Hafnarfirði og Reykjavík og Óháða söfnuðinum. Má benda á í þessu sambandi að í núverandi skipulagi felst að hver einstaklingur sem skráir sig úr þjóðkirkjunni felur í sér sparnað fyrir ríkissjóð sem nemur framlagi í Jöfnunarsjóð sókna, sem er 18,5% af sóknargjaldi, og kirkjumálasjóð, sem nemur um 11,8% af sóknargjaldi.

8. Tillaga til þingsályktunar [8. mál]

um hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Þuríður Backman, Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
Siv Friðleifsdóttir, Árni Páll Árnason, Kristinn H. Gunnarsson,
Ellert B. Schram, Pétur H. Blöndal.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd til að undibúa að hreyfing geti orðið valkostur í heilbrigðisþjónustu, sem lækning og í fyrirbyggjandi tilgangi, þannig að læknar geti vísað á hreyfingu sem meðferð við sjúkdómum á sama hátt og vísað er á lyf eða læknisaðgerðir. Nefndin kanni kostnað og ávinning af fyrirkomulaginu. Hún meti hvort gera þurfi breytingar á lögum til að ná þessu markmiði og hvort setja þurfi á laggirnar nám eða endurmenntun fyrir þá sem hafa umsjón með hreyfingar-, lífsstíls- eða þjálfunaráætlunum.

Nefndin verði skipuð sjö manns. Ráðherra skipi formann án tilnefningar og landlæknir, Læknafélag Íslands, Samtök sjúkraþjálfara, heilsugæslan, Íþróttasamband Íslands og Lýðheilsustofnun tilnefni einn hver. Nefndin skili tillögum sínum í júní 2009.

Greinargerð.

Þessi tillaga er nú flutt í fimmta sinn, í þriðja sinn undir heitinu tillaga til þingsályktunar um hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu, en hún hét áður tillaga til þingsályktunar um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu.

Þar sem hreyfiseðlar hafa verið teknir upp í tilraunaskyni í a.m.k. einni heilsugæslustöð síðan málið var fyrst flutt á Alþingi telja flutningsmenn mikilvægt að farið verði í þá vinnu sem hér er lögð til. Í nefndarvinnu sem farið hefur fram á vegum heilbrigðisráðuneytisins hefur verið tekið undir þessar hugmyndir.

Á tímum síhækkandi útgjalda til heilbrigðiskerfisins, þar sem lyfjanotkun eykst stöðugt og aðgerðum á sjúkrahúsum fjölgar ár frá ári, hefur vægi hreyfingar og leiðbeininga um mataræði í meðferð sjúklinga í grannlöndum okkar aukist. Í stað þess að læknir skrifi lyfseðil eða sendi sjúkling í aðgerð á sjúkrahúsi skrifar hann upp á ráðgjafar- og hreyfingaráætlun, svokallaða „hreyfiseðla“. Þannig getur sjúklingurinn tekist á við heilsuleysið með eigin atorku.

Útgjöld heilbrigðiskerfisins aukast stöðugt hér á landi. Ný, dýrari og fullkomnari lyf koma á markað sem kalla á notkun og launakostnaður heilbrigðisstofnana verður sífellt meiri. Eftir því sem tækninni fleygir fram verða aðgerðir sífellt dýrari og heilbrigðisstofnunum reynist erfitt að halda sig innan fjárlaga. Leita þarf leiða til að breyta þeirri hugsun að eina lækningin við kvillum sé lyf eða læknisaðgerð því að sjúklingar geta oft breytt heilsufari sínu sjálfir með breyttu líferni, mataræði og hreyfingu.

Ýmsir menningarsjúkdómar sem orsakast af óheilbrigðu líferni kosta samfélagið sífellt hærri fjárhæðir og það er ekki aðeins vandamál einstaklinga heldur samfélagsins alls. Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) er rúmlega 1 milljarður manna of þungur, þar af þjást 300 milljónir þeirra af offitu (BMI > 30) og telur stofnunin offitu vera annað stærsta heilbrigðisvandamálið í heiminum, næst á eftir reykingum.

Hér á landi hefur offita meðal fullorðinna tvöfaldast á 20 árum og er komin yfir 20% og hjá 9 ára börnum fjórfaldaðist hún á tímabilinu 1978–2002. Ofþyngd hefur líka aukist, en 65% fullorðinna hér á landi eru yfir æskilegri þyngd og fylgir því fjöldi sjúkdóma.

Verkefni nefndarinnar.

Nefndin, sem hér er lagt til að verði skipuð, þyrfti að leita eftir upplýsingum um hvernig hreyfimeðferð var komið á í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og hver reynslan hefur verið af þessu fyrirkomulagi þar. Þá þarf nefndin að meta hvort almannatryggingarnar eigi að taka þátt í hreyfingaráætlun sem læknar vísa á og hvernig eftirliti og eftirfylgni skuli háttað. Einnig þarf að athuga hvort mennta þurfi sérstaka hreyfingarráðgjafa og þá hvernig þeirri menntun skuli háttað. Hún gæti verið viðbótarmenntun við ýmsa aðra menntun, svo sem sjúkraþjálfun, líkamsræktar- og íþróttanám, félagsráðgjöf, næringarfræði og hjúkrun, svo að dæmi séu tekin. Annars staðar á Norðurlöndunum er farið að bjóða nám fyrir þá sem vilja starfa við stuðning, eftirfylgni og ráðgjöf þeirra sjúklinga sem fara þessa leið. Að auki þarf nefndin að koma með tillögur um það hvernig auðvelda skuli læknum að vísa á hreyfingu í stað lyfja, svo sem með stöðluðum formum eða rafrænum lausnum. Þá gætu stofnanir eins og landlæknisembættið, Lýðheilsustöð eða heilsugæslan gefið út handbók með leiðbeiningum.

Nefndin meti hvort sú leið sem hér er lögð til er ákjósanleg eða hvort aðrar leiðir skuli farnar til að koma á hreyfingu sem valkosti í heilbrigðisþjónustunni. Þá meti nefndin hvort gera þurfi breytingar á lögum til að ná þessu markmiði og hvort setja þurfi á laggirnar nám eða endurmenntun fyrir þá sem sinna umsjón með hreyfingar-, lífsstíls- eða þjálfunaráætlunum.

Afleiðingar samfélagsbreytinga.

Miklar samfélagslegar breytingar á síðustu áratugum, tækninýjungar og líkamlega léttari störf hafa leitt til minni hreyfingar og orkuþarfar fólks. Þessi þróun hefur síðan leitt til þess að ofþyngd og offita hefur aukist. Í heimsókn heilbrigðisnefndar Alþingis á Reykjalund í nóvember 2005, þar sem árangursrík meðferð við offitu býðst, bentu forsvarsmenn stofnunarinnar á alvarlegar afleiðingar þessa ástands. Dánartíðni vegna offitu hefur tvöfaldast, kæfisvefn og sykursýki tífaldast, hjarta- og æðasjúkdómar þrefaldast, og sama á við um stoðkerfisverki og slitgigt. Ýmsar gerðir krabbameins eru nú allt að tvöfalt algengari en áður og ófrjósemi hefur aukist. Algengir andlegir fylgikvillar eru síðan þunglyndi, vanmetakennd, kvíði og félagsfælni.

Offita hefur einnig ýmsar félagslegar afleiðingar, svo sem einelti, einangrun og fordóma sem síðan leiða til minni möguleika til náms, atvinnu og til að stofna fjölskyldu. Oftar en ekki er félagsleg staða þessa fólks slæm og líkleg til að leiða til örorku.

Offita veldur miklum kostnaði í heilbrigðiskerfinu. Marga algengustu sjúkdómana má rekja til óheilbrigðra lífshátta, svo sem hjarta- og æðasjúkdóma, háan blóðþrýsting, sykursýki eldra fólks og áunna sykursýki sem hefur aukist hjá börnum. Offita er ekki aðeins vandi fullorðinna heldur fer tíðni hennar vaxandi hjá börnum þannig að sá vandi er raunverulegt heilbrigðisvandamál sem á eftir að verða baggi á velferðarkerfinu í heild ef ekkert verður að gert. Hreyfing og hollusta er leið til að sporna við þeirri þróun.

Reynsla annarra þjóða.

Svíar, Danir og Norðmenn hafa í nokkur ár gert tilraunir með að vísa á hreyfingu sem úrræði í stað þess að vísa á lyf. Í leiðbeiningabók sem nefnd um aukna upplýsingagjöf um heilbrigðismál gaf út í Danmörku kemur fram að þessi leið gagnist best sem meðferð við æða-, stoðkerfis-, efnaskipta-, lungna- og geðsjúkdómum. Rannsóknir sýna að þetta er raunhæfur kostur en læknar verða að meta í hverju tilfelli hvort þessi leið gagnist viðkomandi sjúklingi

þar sem ekki er hægt að alhæfa að hreyfing henti öllum. Bandarísk rannsókn þar sem eldra fólki með stoðkerfisvandamál var boðið upp á vatnsleikfimi í stað liðskiptaaðgerðar sýndi að helmingur þeirra sem völdu þá leið fengu bót meina sinna og þurfti ekki að fara í skurðaðgerð sem kemur sér vel fyrir sjúkling þar sem skurðaðgerðir hafa alltaf einhverja hættu í för með sér, auk þess sem það sparar samfélaginu mikla fjármuni þegar unnt er að ná heilsu á þennan hátt. Þessi leið hefur einhvern kostnað í för með sér, en þó mun minni en dýr lyf og skurðaðgerðir.

Frá árinu 2002 hafa dönsku ömtin hvert af öðru boðið íbúum sínum, sem hafa átt við heilsuleysi að stríða, að takast á við sjúkdóm sinn með því að læknir ávísi á hreyfingu („motion på recept“). Tilboðið hefur yfirleitt verið til hópa með lífsstílssjúkdóma, svo sem sykursýki eldra fólks, lungnasjúkdóma vegna reykinga, háan blóðþrýsting og þunglyndi. Vísað var á fjögurra mánaða þjálfun hjá sjúkraþjálfara. Í tengslum við þetta átak tóku íþrótta- og líkamsræktarfyrirtæki upp samstarf og svo fyrirtæki og stofnanir sem buðu starfsmönnum sínum að taka þátt í átakinu. Mest hefur þetta verið líkamsrækt innan dyra en einnig hefur verið boðið upp á stafgöngu í þessu átaki.

Í upplýsingariti frá því í ágúst 2004 um stöðu átaksins segir að árangurinn hafi verið mjög góður. Þeir sem hafa boðið þessa leið hvað lengst eru í samstarfi við heilbrigðisstarfsmenn, íþróttahreyfinguna og líkamsræktarstöðvar til að tryggja framboð við hæfi sem flestra. Einnig hafa þeir verið í samstarfi við stéttarfélög og fyrirtæki sem styðja félaga og starfsmenn sína til að fara þessa leið. Hreyfingaráætlanirnar eru misvíðtækar eftir ömtum, en víða eru þær boðnar í nokkra mánuði og síðan halda menn áfram á eigin vegum.

Sumir hafa tekið upp hreyfingaráætlun fyrir almenning í forvarnaskyni, bæði fyrir börn og fullorðna, eins og Árhus-amtið sem er með þriggja ára átak undir heitinu „Líkami, matur og hreyfing“. Einnig eru læknar hvattir til að láta fólk í áhættuhópum hreyfa sig.

Árið 2003 tóku gildi í Noregi lög um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu þannig að læknar gætu vísað á hreyfingu ásamt matarleiðbeiningum ef þeir teldu ástæðu til, á sama hátt og lyfja- eða læknismeðferð. Þessi lagabreyting hefur gengið undir heitinu „græn ávísun“ þar í landi. Náði heimildin þar í fyrstu til sjúklinga með hjarta- og æðasjúkdóma. Tilgangurinn var að minnka lyfjanotkun og auka áherslu á að hvetja sjúklinga til að bera ábyrgð á eigin heilbrigði og ýta undir getu þeirra til að hafa áhrif á hana með eigin atorku þar sem það var talið forsvaranlegt út frá læknisfræðilegu mati. Heimilaðar voru greiðslur til lækna fyrir grænar ávísanir sambærilegar við greiðslur fyrir lyfseðla eða aðrar tilvísanir. Nú hefur sjúklingum með áunna sykursýki, sykursýki 2, verið bætt við þann hóp sem getur fengið ávísun á hreyfingu. Fyrsta árið, þ.e. 2003, voru gefnar út 24.000 grænar ávísanir í Noregi.

Svíar hófu að beita þessu úrræði 2001 og hefur það gefist vel.

Kjöraðstæður á Íslandi.

Hér á landi eru kjöraðstæður til að bjóða þennan valkost. Hvergi eru fleiri sundlaugar en hérlendis og íþróttaaðstaða góð og ekki fullnýtt alls staðar. Hér er vel menntað fagfólk sem getur tekið að sér að veita þá fjölbreyttu þjónustu sem þyrfti að standa til boða auk þess sem hér eru margar vel búnar líkamsræktarstöðvar.

Hreyfiseðill – ávísun á hreyfingu.

Þingmál þetta kom fyrst fram á 131. löggjafarþingi, svo á 132. þingi og 133. þingi og nú síðast á 135. þingi. Nú þegar þingmálið er flutt í fimmta sinn þykir flutningsmönnum ástæða

að vekja athygli á vinnu sem hefur farið fram í því að gera hreyfingu að valkosti í heilbrigðisþjónustunni frá því að málið kom fyrst fram.

Veturinn 2004–2005 gerðu nemendur í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun við Endurmenntun Háskóla Íslands lokaverkefni um hreyfingu sem meðferð í heilbrigðisþjónustunni. Verkefnið nefndu þau „Hreyfiseðill“ – ávísun á hreyfingu, og lauk því með skýrslu um hvernig unnt væri að koma á tilraunaverkefni á þessu sviði.

Hugmyndir nemendanna gengu út á að hefjast handa hið fyrsta við undirbúning og öflun fjármagns til að setja tilraunaverkefnið af stað hjá fjórum heilsugæslustöðvum, tveimur í dreifbýli og tveimur í þéttbýli. Í viðauka við skýrsluna er áætlun fyrir verkefnið sem sett hefur verið upp fyrir Heilsugæsluna í Garðabæ en hvaða heilsugæslustöð sem er getur í raun tekið þá áætlun og aðlagað hana að sínu starfsumhverfi.

Stutt samantekt höfunda á verkefninu er í fylgiskjali með tillögunni. Vinnan sem að baki þessu verkefni liggur ætti að auðvelda til muna vinnuna sem tillaga þessi um hreyfingu sem valkost í heilbrigðiskerfinu gerir ráð fyrir og leggja flutningsmenn til að nefnd ráðherra nýti sér skýrsluna við vinnu sína. Að síðustu ber að geta þess að heilsugæslan í Garðabæ hefur undirbúið notkun hreyfiseðla þar. Stefnt er að því að læknar byrji á að gefa út hreyfiseðla nú í vetur. Búið er að kortleggja úrræði sem til staðar eru í bænum og undirbúningur að fleiri úrræðum er í burðarliðnum en íþróttafulltrúi bæjarins heldur utan um málið. Læknar þar munu skrifa út hreyfiseðlana og vísa á sjúkraþjálfara sem meta í samráði við læknana hvaða úrræði hentar hverjum og einum best. Þeir munu síðan sinna eftirfylgd. Tilvalið er að nefndin sem lagt er til að undirbúi það að hreyfing verði raunverulegur valkostur í heilbrigðisþjónustunni með útgáfu „hreyfiseðla“ horfi til reynslunnar í Garðabæ við vinnu sína.

Með tillögunni var fylgiskjal: „Hreyfiseðill“ – ávísun á hreyfingu. (Reykjavík, 20. september 2005.) Sjá fylgiskjal með þskj. 32 á 135. löggjafarþingi í A-deild Alþt. 2007–2008, bls. 573.

9. Frumvarp til laga [9. mál]

um breytingu á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir,
Árni Þór Sigurðsson, Jón Bjarnason, Katrín Jakobsdóttir,
Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Orðskýringin „Almenn lán“ í 2. gr. laganna orðast svo: *Almenn lán* eru lán sem Íbúðalánasjóður veitir til kaupa, byggingar eða endurbóta á íbúðarhúsnæði gegn afhendingu ÍSL-veðbréfs sem og lán til endurfjármögnunar lána frá viðskiptabönkum eða sparisjóðum með veði í íbúðarhúsnæði.

2. gr.

1. tölul. 15. gr. laganna orðast svo: *Almenn lán* skv. VI. kafla laga þessara til endurbóta, byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði og til endurfjármögnunar lána frá viðskiptabönkum eða sparisjóðum með veði í íbúðarhúsnæði.

3. gr.

Við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Félagsmálaráðherra skal setja nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd endurfjármögnunarlána sbr. 1. tölul. 1. mgr. 15. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er einfalt í sniðum. Það gerir Íbúðalánasjóði kleift að veita einstaklingum fyrirgreiðslu sem hafa að hluta eða öllu leyti fjármagnað íbúðakaup eða byggingu íbúðarhúsnæðis undanfarin ár með lánum frá viðskiptabönkum gegn veði í húsnæðinu. Að óbreyttum lögum getur Íbúðalánasjóður einvörðungu lánað þegar verið er að byggja húsnæði, þegar kaup eiga sér stað eða ef eigandi ræðst í endurbætur á húsi sínu. Á nokkru tímabili á undanförnum árum gerðust viðskiptabankarnir stórtækir í útlánum til eigenda íbúðarhúsnæðis og kepptust þeir við að auglýsa hagstæð lánskjör. Þótt lánin gengju undir nafninu húsnæðislán var í reynd eina skilyrði bankanna að til tryggingar endurgreiðslu lánsins stæði veð í íbúðarhúsnæði lántakandans. Að öðru leyti gat lánið verið ótengt því hvort lántakandinn hafði staðið í húsnæðiskaupum eða verið að byggja og hvort þörf viðkomandi fyrir lán spratt af fjárþörf vegna húsnæðisöflunar einnar saman eða hvort hluta lánsins var varið til annara þarfa.

Þótt viðskiptabankarnir hafi nú að mestu leyti dregið sig út af húsnæðislánamarkaði stendur eftir að fjöldi fólks er nú með lán hvílandi á húsum sínum í gegnum bankakerfið. Í lánaskilmálum voru ákvæði um endurskoðun vaxta innan tiltekinna tímamarka, yfirleitt fimm ára, og allt útlit er nú fyrir verulega hækkun vaxta. Flutningsmenn frumvarps þessa telja einsýnt að fjöldi fólks geti lent í umtalsverðum erfiðleikum á næstunni ef við mikla hækkun greiðslubyrði á erlendum lánum vegna gengisfalls krónunnar og verðtryggðum innlendum lánum vegna óðaverðbólgu bætist umtalsverð hækkun vaxta hjá viðskiptabönkunum. Með frumvarpinu er opnuð leið fyrir Íbúðalánasjóð til að endurfjármagna, eftir því sem reglur um hámarksveðsetningu og upphæðir hámarkslána á hverjum tíma leyfa, lán af ofangreindu tagi sem húsnæðiseigendur eru með frá viðskiptabönkunum. Slík endurfjármögnunarlán yrðu sérstakur aðgreindur lánaflokkur innan hóps almennra húsnæðislána og um þau sett frekari ákvæði í reglugerð. Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að sjaldan hafi verið mikilvægara en nú að standa öflugan vörð um félagslegan Íbúðalánasjóð.

10. Tillaga til þingsályktunar [10. mál]

um aukna hlutdeild sveitarfélaga í innheimtum skatttekjum.

Flm.: Magnús Stefánsson, Birkir J. Jónsson, Guðni Ágústsson, Bjarni Harðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka hið fyrsta upp viðræður við Samband íslenskra sveitarfélaga um aukna hlutdeild sveitarfélaganna í innheimtum skatttekjum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 135. löggjafarþingi (9. mál).

Mörg sveitarfélög búa við erfiða fjárhagsstöðu af ýmsum ástæðum og mörgum þeirra hefur reynst erfiðara og erfiðara að standa undir lögbundnum verkefnum sínum vegna erfiðrar fjárhagsstöðu. Hins vegar er fjárhagsstaða sveitarfélaganna í landinu misjöfn, m.a. eftir landsvæðum. Tekjur sumra hafa minnkað eða nánast staðið í stað samanborið við aukinn rekstrarkostnað undanfarin ár. Þetta á fyrst og fremst við um sveitarfélög á landsbyggðinni.

Ekki er útlit fyrir að hagur margra þeirra muni batna á næstunni, frekar er útlit fyrir að erfiðleikar þeirra verði enn meiri vegna fyrirsjáanlegrar þróunar í sjávarútvegi. Sveitarfélög sem byggja afkomu sína að miklu leyti á útsvarstekjum frá sjávarútvegi og þjónustu við hann sjá nú fram á erfiða tíma vegna samdráttar í þorskveiðum. Því er brýnt að leita leiða til þess meðal annars að koma til móts við þau og mikilvægt að tryggja að tekjuskattur ríkis og sveitarfélaga sé í samræmi við verkaskiptingu þessara stjórnvalda. Eðlilegt er að kannað verði hvort vænlegra sé að fjármagna sveitarfélög að hluta til með öðrum tekjustofnum en þau hafa nú, svo sem með hlutdeild í fjármagnstekjuskatti. Í því sambandi má nefna að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ítrekað ályktað um það að sveitarfélögin fái hlutdeild í fjármagnstekjuskatti. Eftir að byrjað var að innheimta fjármagnstekjuskatt hafa tekjur ríkissjóðs af honum vaxið mikið ár frá ári. Það er því eðlilegt að stjórnvöld, ríkisvaldið og sveitarfélögin, taki upp viðræður um málið og komist að niðurstöðu um það, svo og um eðlilega leið til að deila fjármunum með þeim hætti að illa stödd sveitarfélög geti betur staðið undir lögbundnum hlutverkum sínu. Í þeim viðræðum verði jafnframt hugað að jöfnun fjárhagslegs aðstöðumunar milli sveitarfélaga með því að styrkja Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sérstaklega til þess verkefnis.

11. Tillaga til þingsályktunar [11. mál]

um aukinn þorskafla á fiskveiðiárinu 2008–2009.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Grétar Mar Jónsson, Jón Magnússon.

Alþingi ályktar að leyfilegur þorskafli fiskveiðiársins 2008–2009 verði aukinn um 90.000 tonn og að heildarafli þorsks verði alls 220.000 tonn á yfirstandandi fiskveiðiári. Úthlutað aflamark þorsks og þorskaflamark krókabáta verði hækkað sem nemur hlutdeild þeirra í 40.000 tonna viðbót við þann leyfða þorskafla sem úthlutað var til fiskiskipa í lok ágúst sl.

Greinargerð.

Margar ástæður eru fyrir því að þingmenn Frjálslynda flokksins leggja til að þorskaflinn á fiskveiðiárinu 2008–2009, 1. september 2008 til 31. ágúst 2009, verði aukinn alls um 90 þúsund tonn. Nú hagar svo til í þjóðmálum að höfuðnauðsyn er að auka tekjur og atvinnu í landinu. Útflutningsverðmæti þess þorskafla sem hér er lagður til gæti verið um 40–50 milljarðar kr. í nýjum tekjum fyrir þjóðina. Þingmenn Frjálslynda flokksins telja að það sé ábyrg afstaða að leggja til auknar þorskveiðar og að árferði í lífríki sjávar við landið sé nú með þeim hætti að ávinningurinn sé vís en líffræðileg áhætta sé engin. Þeim 50 þúsund tonnum af þorski sem umfram er þau 170 þúsund sem við leggjum til að varið sé í aflahlutdeildarkerfið verði ráðstafað til leigu um viðskiptamarkað. Nauðsynlegt er að sett verði löggjöf um sölu og leigu á aflaheimildum. Leiga og sala aflaheimilda fari aðeins um þann farveg sem markaður er um slík viðskipti. Megininntakið verði að útgerðum beri að nýta aflaheimildir til veiða. Við sölu eða leigu á aflaheimild verði hún skilgreind sem afnotaréttur í takmarkaðan tíma gegn leigugjaldi. Tekjum ríkissjóðs af viðskiptum með aflaheimildir verði skipt að jöfnu milli ríkis og sveitarfélaga. Ákveðnum þúsundum tonna af þorski verði markaður farvegur til leigu, sérstaklega frá þeim svæðum þar sem verulegur samdráttur hefur orðið í aflaheimildum og hagvöxtur síðustu ára hefur verið hvað minnstur og jafnvel neikvæður. Þær heimildir verði leigðar með þeim skilyrðum að gert verði út frá viðkomandi landsvæði og aflinn seldur þar á markaði og unninn. Leigutekjum ríkisins af þessum sérúthlutuðu veiðiheimildum verði ráðstafað til atvinnuuppbyggingar á sömu landsvæðum. Engin sérlög eru til um leigu eða sölu aflaheimilda eða lög sem marka ríki og sveitarfélögum tekjur af þeim viðskiptum. Þess vegna er sérstaklega á það bent í þessari greinargerð að setja þurfi slík lög ef vilji er til þess á Alþingi að ráðstafa aflaheimildum og tekjum með sérstökum hætti eins og hér er lagt til. Umræður á Alþingi um aðalefni þessarar tillögu um aukinn þorskafla um 90 þúsund tonn munu leiða það í ljós.

12. Frumvarp til laga [12. mál]

um breytingu á lögum nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Birgir Ármannsson, Jón Gunnarsson, Ólöf Nordal, Pétur H. Blöndal, Ásta Möller, Illugi Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Jón Magnússon, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir.

1. gr.

98. gr. laganna orðast svo:

Þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skulu þeir senda hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m.a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið. Skattstjóri skal senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 131., 132., 133. og 135. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að opinber birting og framlagning álagningar- og skattskráa landsmanna verði lögð af. Ákvæði um birtingu slíkra skráa er að finna í 98. gr. núgildandi laga um tekjuskatt, nr. 90 7. maí 2003. Þar segir í 1. mgr.:

„Þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skulu þeir semja og leggja fram til sýnis eigi síðar en 15 dögum fyrir lok kærufrests skv. 99. gr. álagningarskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina þá skatta sem á hvern gjaldanda hafa verið lagðir samkvæmt lögum þessum. Senda skal hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m.a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið svo og hvar og hvenær álagningarskrár liggi frammi. Hafi skattaðili annað reikningsár en almanaksárið skal skattstjóri í stað auglýsingar skv. 3. málsl. senda honum tilkynningu um álagninguna með ábyrgðarbréfi og birta álagninguna í næstu útgáfu á álagningar- og skattskrá. Þá skal skattstjóri senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila, sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.“

Í 2. mgr. 98. gr. núgildandi laga segir síðan:

„Þegar lokið er álagningu skatta og kærumeðferð, sbr. 99. gr., skulu skattstjórar semja og leggja fram skattskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu en í henni skal tilgreina álagðan tekjuskatt hvers gjaldanda og aðra skatta eftir ákvörðun ríkisskattstjóra. Skattskrá skal liggja frammi til sýnis í tvær vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð hvar skattskrá liggur frammi. Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta.“

Eins og sjá má af framangreindum lagaákvæðum leggur núgildandi löggjöf þá skyldu á skattstjóra landsins að leggja álagningar- og skattskrár fram til birtingar og er þeim jafnframt gert að auglýsa rækilega hvar og hvenær skrárnar liggi frammi. Jafnframt heimila núgildandi lög opinbera birtingu á upplýsingum úr skránum auk þess sem útgáfa þeirra upplýsinga sem fram koma í skattskrám í heild eða að hluta er heimil.

Forsaga birtingar álagningar- og skattskráa.

Skattyfirvöldum hefur um áratugaskeið verið skylt að lögum að leggja skattskrár einstaklinga fram til birtingar og að auglýsa framlagningu þeirra sérstaklega. Af orðalagi eldri laga um tekjuskatt og eignarskatt er ljóst að tilgangurinn með framlagningu skattskrár hefur verið sá að upplýsa gjaldendur um álagðan skatt á tekjur og eignir hvers og eins, en jafnframt að tryggja gjaldendum heimild til að fá upplýst hjá skattyfirvöldum um grundvöll viðmiðunar tekna og eigna til myndunar skattstofns og kæruheimildir vegna slíkra ákvarðana. Enn fremur tryggðu ákvæði eldri laga sérhverjum gjaldanda kæruheimild vegna ákvörðunar skattyfirvalda um skattstofn þriðja manns til tekjuskatts og eignarskatts. Með öðrum orðum var tilgangur laganna í öndverðu sá að gefa almenningi tækifæri til að kynna sér álagningu á samborgara sína enda var slíkt talið nauðsynlegt til að tryggja að mögulegt væri að ganga úr skugga um að allir skattborgarar landsins greiddu þá skatta sem þeim bæri í samræmi við greiðslugetu og að skattálagning annarra gengi ekki gegn hagsmunum almennings. Voru almenningi því heimilaðar svokallaðar samanburðarkærur ef grunsemdir voru um að tekjur og

eignir tiltekinna einstaklinga væru of lágt taldar eða ótaldar. Þannig segir í 35. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 74 27. júní 1921:

„Innan marzmánaðarloka skal skattanefnd hafa lokið við ákvörðun tekna og eigna og samið skrá um alla þá, sem tekjuskatt eða eignaskatt eiga að greiða í hreppnum eða kaupstaðnum.

Skattskráin skal framlögð 1. dag aprílmánaðar á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og í kaupstöðum á bæjarþingstofunni eða skrifstofu bæjarfógeta, og liggja þar til sýnis til 15. dags sama mánaðar.

Sjerhver gjaldandi getur snúið sjer til skattanefndar og fengið hjá henni vitneskju um, eftir hverju hún hefir farið við ákvörðun tekna hans og eigna.“

Í 36. gr. laganna er síðan að finna þær kæruheimildir sem gerð er grein fyrir hér að framan, en þar segir:

„Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni skattanefndar fyrir 15. dag aprílmánaðar. Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sé slept eða tekjur og eign einhvers sje of lágt ákveðin, svo og að bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir og skal úrskurður feldur um kæruna fyrir lok sama mánaðar og hlutaðeigendum gert viðvart um úrslitin.

Skattanefnd leiðrjettir skattskrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem feldir eru, og sendir hana síðan ásamt framtalsskýrslum tafarlaust til formanns yfirskattanefndar.“

Sambærileg ákvæði var síðan að finna í 36. gr. og 37. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 6 9. janúar 1935, og í 37. gr. og 38. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 46 14. apríl 1954.

Með setningu laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 70 28. apríl 1962, var gerð veigamikil breyting á fyrrgreindum ákvæðum. Samkvæmt ákvæðum 39. gr. og 40. gr. laganna var skattstjórum eftir sem áður gert að leggja skattskrár fram í umdæmum sínum. Hins vegar var felld niður sú kæruheimild sem gjaldendur höfðu vegna ákvörðunar skatta á tekjur og eignir þriðja manns. Í greinargerð með frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem varð að lögum nr. 70 28. apríl 1962, kemur fram rökstuðningur fyrir breytingunni, en þar segir:

„Fellt er niður ákvæði 2. málsl. 38. gr. núgildandi laga um heimild gjaldenda til þess að kæra út af því, að tekjur og eign annarra gjaldenda sé of lágt ákveðin o.s.frv. Þessu ákvæði mun sjaldan eða aldrei hafa verið beitt, og verður því að teljast óþarft. Auðvitað getur hver gjaldþegn eftir sem áður komið á framfæri við skattstjóra eða umboðsmann hans hverjum þeim upplýsingum og ábendingum, sem hann telur ástæðu til.“

Fram til ársins 1979 lögðu skattyfirvöld einungis fram skattskrár, m.a. samkvæmt þeim ákvæðum sem vikið er að hér að framan. Fram að þeim tíma var ekki gerður lagalegur munur á skattskrám annars vegar og álagningarskrám hins vegar. Með setningu laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75 14. september 1981, var slíkur greinarmunur gerður og skattstjórum gert skylt að leggja bæði álagningar- og skattskrár fram árlega, samkvæmt ákvæðum 98. gr. laganna. Með 8. gr. laga nr. 7/1984 var opinber birting og útgáfa álagningar- og skattskráa síðan heimiluð og hefur verið það síðan. Í nefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis sem fylgdi lagabreytingunni árið 1984 kom fram það álit meiri hluta nefndarinnar að ótvírætt væri að birting upplýsinga úr skattskrá og útgáfa hennar væri í heild til þess fallin að skapa bæði gjaldendum og skattyfirvöldum virkt aðhald og að slík birting gegndi að mörgu leyti sama tilgangi og framlagning skattskráa. Framlagning álagningar- og

skattskráa væri þannig hugsuð sem þáttur í virku skatteftirliti og ætlað að koma í veg fyrir undanskot frá skatti.

Frá því að síðastnefndu breytingarnar á skattalögum voru gerðar hefur framkvæmd laganna verið sú að skattstjórar hafa árlega lagt fram álagningar- og skattskrár í hverju umdæmi og jafnframt hefur efni þeirra verið gerð ítarleg skil í fjölmiðlum. Með frumvarpi þessu er lagt til að breyting verði gerð þar á.

Löggjöf á Norðurlöndum.

Reglur um birtingu upplýsinga um skattgreiðslur einstaklinga eru ekki samræmdar á Norðurlöndum. Ákvæði norskra laga munu vera sambærileg núgildandi ákvæðum íslenskra laga hvað varðar birtingu upplýsinga úr skattskrám. Samkvæmt sænskum lögum hafa þarlend skattyfirvöld víðtækar heimildir til að birta upplýsingar um skattgreiðslur einstaklinga. Í dönskum lögum er hins vegar kveðið á um algera leynd um skattgreiðslur einstaklinga.

Annmarkar á núgildandi löggjöf.

Ýmsa annmarka má nefna á núgildandi löggjöf hvað varðar álagningar- og skattskrár einstaklinga. Tölvutæknin gerir það að verkum að álagningar- og skattskrár eru unnar á tölvutæku formi. Með afhendingu skránna kunna að rísa fjölmörg álitamál. Þannig má nefna að með samtengingu slíkra skráa við aðrar skrár er hægt að kalla fram nákvæmar persónuupplýsingar um alla landsmenn. Slíkar upplýsingar má nota í ýmsu skyni og sú hætta er fyrir hendi að þær kunni að verða notaðar í annarlegum tilgangi.

Núgildandi löggjöf leysir þennan vanda ekki að öllu leyti. Samkvæmt lögum ber að leggja álagningarskrár fram síðsumars en endanleg skattskrá er ekki lögð fram fyrr en í janúarmánuði. Ólík ákvæði gilda reyndar um birtingu skránna. Þannig er ótvírætt tekið fram að skattskrá megi birta og gefa út í heild eða að hluta. Um álagningarskrána segir hins vegar einvörðungu að hún skuli liggja frammi til sýnis í tiltekinn tíma. Ekki er hins vegar kveðið á um í núgildandi skattalögum hvort afhenda megi skrárnar á tölvutæku formi eða hvort vinna megi úr þeim líkt og tíðkast í fjölmiðlum, þó að vera kunni að lög um meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000, kunni að setja slíkri meðferð einhverjar skorður.

Helstu rök fyrir frumvarpinu.

Eins og áður segir er ljóst að tilgangurinn með því að skylda skattyfirvöld að lögum til að leggja fram skattskrár einstaklinga var í fyrsta lagi sá að upplýsa gjaldendur um álagðan skatt á tekjur og eignir hvers og eins og grundvöll viðmiðunar tekna og eigna til myndunar skattstofns og kæruheimild vegna slíkra ákvarðana. Í öðru lagi var tilgangurinn sá að tryggja almenningi kæruheimild vegna ákvörðunar skattyfirvalda um skattstofn þriðja manns til tekjuskatts og eignarskatt. Af orðalagi eldri lagaákvæða má ljóst vera að forsenda þess að gjaldendur gætu neytt kæruheimildar sinnar gagnvart þriðja manni var sú að skattskrárnar lægju frammi. Að öðrum kosti hefði almenningi verið ómögulegt að beita kæruheimild sinni. Þegar lögfest var breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt með lögum nr. 70 28. apríl 1962 og áðurnefnd kæruheimild gjaldenda vegna skattákvörðunar þriðja manns var felld niður, brustu þær forsendur sem lágu að baki framlagningu skattskráa einstaklinga.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum 98. gr. laga nr. 90 7. maí 2003 hvílir á skattstjórum sú skylda að senda hverjum gjaldanda sérstaka tilkynningu eða álagningarseðla með upplýsingum um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir á viðkomandi skattári. Í slíkum tilkynningum koma fram sömu upplýsingar og birtar eru í framlögðum álagningar- og skattskrám. Frum-

varp þetta gerir ekki ráð fyrir að breyting verði gerð á þeirri framkvæmd. Í ljósi hennar verður hins vegar ekki séð að framlagning álagningar- og skattskráa samkvæmt núgildandi löggjöf feli í sér annan tilgang en að gefa almenningi kost á að kynna sér fjárhagsleg málefni náungans.

Veigamestu rökin að baki frumvarpinu eru þau að telja verði að birting álagningar- og skattskráa samkvæmt ákvæðum núgildandi laga brjóti gegn rétti einstaklinga til friðhelgi einkalífs. Fjárhagsmálefni einstaklinga eru meðal viðkvæmustu persónuupplýsinga í nútímasamfélagi sem eðlilegt og sanngjarnt er að fari leynt. Ljóst má vera að með framlagningu álagningar- og skattskráa fer fram birting á upplýsingum sem gefa glögga mynd af tekjum nafngreindra einstaklinga. Færa má rök fyrir því að notkun upplýsinganna hafi breyst verulega frá því að tryggja kærurétt gjaldenda gagnvart samborgurum sínum til þess að vera orðnar að þaulskipulagðri markaðsvöru. Í framkvæmd hefur þróunin orðið sú á síðustu árum að framlagning álagningar- og skattskránna hefur orðið uppspretta frétta um fjárhagsleg málefni einstaklinga. Það er orðinn árlegur viðburður að fjölmiðlar vinni upplýsingar upp úr álagningar- og skattskrám um tekjur manna. Birtir eru listar yfir tekjuhæstu einstaklingana í hverri starfsgrein, gjarnan með samanburði frá ári til árs. Leiða má líkur að því að fjölmiðlaumræða af slíku tagi feli í sér hættu á að einstaklingar verði fyrir óverðskuldaðri áreitni vegna tekna sinna, ýmist vegna þess að þær þyki of háar eða of lágar.

Framlagning álagningar- og skattskráa getur haft fleiri ókosti í för með sér. Birting upplýsinga um tekjur einstaklinga er til þess fallin að grafa undan því trúnaðarsambandi sem viðgengist hefur á vinnumarkaði um launakjör í frjálsum vinnusamningum. Á flestum vinnustöðum eru launakjör starfsmanna trúnaðarmál launþega og vinnuveitanda. Með því að skylda skattstjóra til að leggja álagningar- og skattskrár fram gerir ríkisvaldið þennan trúnað að engu.

Allt frá því að lögfest voru lagaákvæði um framlagningu álagningar- og skattskráa fyrir áratugum síðan hafa gríðarlegar umbætur átt sér stað hvað varðar réttarstöðu einstaklinga gagnvart ríkisvaldinu og réttur einstaklinga til friðhelgi einkalífs hefur verið bættur verulega. Má í því sambandi nefna setningu laga nr. 92 1. júní 1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, laga nr. 121 28. desember 1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, stjórnsýslulaga, nr. 37 30. apríl 1993, og upplýsingalaga, nr. 50 24. maí 1996. Þá hefur í íslenskri löggjöf verið lögð aukin áhersla á vernd mannréttinda meðal annars með lögfestingu mannréttindasáttmála Evrópu með lögum nr. 62 19. maí 1994 og með endurskoðun á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar 1995 og 1997. Á sama tíma hefur réttarvitund almennings tekið breytingum og ætla má að almennir borgarar geri sér betur grein fyrir réttindum sínum en áður og þeim takmörkunum sem ríkisvaldinu eru sett gagnvart þeim, þar á meðal hvað varðar meðferð ríkisvaldsins og annarra aðila á viðkvæmum persónuupplýsingum. Nægir þar að nefna þær umræður sem sköpuðust um meðferð heilsufarsupplýsinga einstaklinga í aðdraganda setningar laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði, nr. 139 22. desember 1998.

Víða í íslenskri löggjöf er réttur einstaklinga til friðhelgi einkalífs tryggður og hömlur settar við meðferð, birtingu eða opinberun á viðkvæmum persónuupplýsingum einstaklinga. Í 71. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33 17. júní 1944, er friðhelgi einkalífs einstaklinga vernduð. Sambærilega reglu er að finna í 8. gr. laga nr. 62 19. maí 1994, um mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig má nefna að í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000, er kveðið á um friðhelgi einkalífs en skv. 1. gr. laganna er þeim meðal

annars ætlað að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Þá er víða í löggjöfinni kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna um einkahagi einstaklinga, svo sem um fjárhagsmálefni þeirra. Þannig er skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og yfirskattanefnd bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því sem þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag skattaðila, samkvæmt 1. mgr. 117. gr. laga nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt. Hið sama gildir um þá sem veita áðurnefndum aðilum aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um skattframtöl.

Í 22. gr. lögreglulaga, nr. 90 13. júní 1996, er lögð þagnarskylda á lögreglumenn og annað starfslið lögreglu um atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Tekur þagnarskyldan meðal annars til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari.

Í 1. mgr. 58. gr. laga nr. 161 20. desember 2002, um fjármálafyrirtæki, er ákvæði um bankaleynd fjármálafyrirtækja. Þar er mælt fyrir um að stjórnarmenn fjármálafyrirtækja, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu slíkra fyrirtækja séu bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og varða viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þeirra, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Skv. 2. mgr. 58. gr. laganna gildir þagnarskyldan jafnframt um hvern þann sem veitir viðtöku upplýsingum sem getið er um í 1. mgr. 58. gr. Sambærileg ákvæði um þagnarskyldu um persónuleg málefni einstaklinga, þar á meðal fjárhagsleg málefni þeirra, gilda samkvæmt lögum um endurskoðendur, nr. 18 17. apríl 1997, og lögum um lögmenn, nr. 77 15. júní 1998.

Telja verður að núgildandi ákvæði 98. gr. laga nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt, um framlagningu álagningar- og skattskráa séu í verulegu ósamræmi við framangreind ákvæði og þær meginreglur sem lögfestar hafa verið í sérlögum um þagnarskyldu um upplýsingar sem varða fjárhagsleg málefni einstaklinga. Auk þess verður að telja að framlagningin brjóti í bága við meginreglur 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. laga nr. 62 19. maí 1994, um mannréttindasáttmála Evrópu, um friðhelgi einkalífs.

Gildar ástæður þurfa að liggja til grundvallar löggjöf sem mælir fyrir um svo yfirgripsmikla röskun á friðhelgi einkalífs einstaklinga sem núgildandi löggjöf kveður á um. Með vísan til þess sem að framan greinir verður ekki talið að slíkar ástæður séu fyrir hendi og því sé nauðsynlegt að gera þær breytingar á núgildandi ákvæði 98. gr. laga nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt, sem frumvarp þetta kveður á um.

Að lokum er rétt að geta þess að frumvarp þetta felur það ekki í sér að neinu leyti að dregið verði úr þeim úrræðum sem skattyfirvöldum er veitt í núgildandi löggjöf til að sinna virku skatteftirliti, bregðast við undanskotum frá skatti eða til að beita öðrum þeim heimildum sem núgildandi löggjöf kveður á um. Gerir frumvarpið því ráð fyrir að núverandi eftirlit verði eftir sem áður í höndum skattyfirvalda. Verði frumvarpið að lögum lýkur einkaskattrannsóknum borgaranna á hverjum öðrum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að núgildandi ákvæði 98. gr. laga nr. 90 7. maí 2003, um tekjuskatt, verði breytt þannig að opinber birting álagningar- og skattskráa landsmanna verði lögð af. Núgildandi ákvæði 98. gr. leggur þá skyldu á skattstjóra landsins að leggja álagn-

ingar- og skattskrár fram til birtingar og er þeim jafnframt gert að auglýsa rækilega hvar og hvenær skrárnar muni liggja frammi. Jafnframt heimilar núgildandi ákvæði 98. gr. opinbera birtingu á upplýsingum úr skránum auk þess sem útgáfa og birting upplýsinga úr skattskrám er heimiluð hvort sem er í heild eða að hluta. Gerir breytingin á ákvæðinu sem frumvarp þetta kveður á um ráð fyrir að framlagning álagningar- og skattskráa verði lögð af. Af því leiðir að útgáfa þeirra í heild eða að hluta verður ekki lengur heimiluð. Verði frumvarpið að lögum verður einungis lögð sú skylda á skattstjóra landsins að senda hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila. Jafnframt verði lögð sú skylda á skattstjóra að auglýsa rækilega, m.a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið. Verður skattstjórum síðan gert skylt að senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

13. Tillaga til þingsályktunar [13. mál]

um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 18 2. nóvember 1992.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Einar Már Sigurðarson, Katrín Júlíusdóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðbjartur Hannesson, Árni Páll Árnason, Karl V. Matthíasson, Helgi Hjörvar, Gunnar Svavarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Skal frumvarp sem felur í sér lögfestingu samningsins og aðlögun íslenskra laga að sáttmálanum vera lokið 20. nóvember 2009.

Greinargerð.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem í daglegu tali er nefndur barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 1989. Ísland undirritaði sáttmálann í New York 26. janúar 1990 með fyrirvara um fullgildingu. Ísland fullgilti síðan samninginn 27. nóvember 1992.

Samningurinn öðlaðist gildi 2. september 1990 þegar 20 ríki höfðu fullgilt hann en flest ríki Sameinuðu þjóðanna eru nú aðilar að honum. Til fróðleiks má nefna að það var ríkisstjórn Póllands sem átti frumkvæði að gerð samningsins árið 1978 þótt rekja megi tilurð hans allt til ársins 1924 þegar Þjóðabandalagið gaf Genfaryfirlýsinguna út.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna felur í sér skuldbindandi samkomulag þjóða heims um sérstök réttindi börnum til handa, óháð réttindum hinna fullorðnu. Þótt aðildarríkin að samningnum séu skuldbundin til að tryggja börnum þau réttindi sem samningurinn veitir þeim er sú skuldbinding aðeins samkvæmt þjóðarétti. Vegna tvíeðliskenningarinnar sem lögð er til grundvallar í lagatúlkun hér á landi þarf að lögfesta alþjóðlega samninga ef þeir eiga að hafa

bein réttaráhrif hér á landi. Því er ekki hægt að beita barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með beinum hætti fyrir íslenskum dómstólum.

Flutningsmenn telja hins vegar rétt að slíkur grundvallarsáttmáli verði lögfestur hér á landi með sama hætti og gert var með mannréttindasáttmála Evrópu. Vægi barnasáttmálans yrði þá meira hér á landi þar sem stjórnvöld og dómstólar landsins yrðu að taka mið af honum við úrlausnir mála sem varða börn.

Noregur lögfesti barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna 1. október árið 2003, en sá dagur er alþjóðlegur barnadagur.

Á 121. löggjafarþingi lagði Rannveig Guðmundsdóttir fram þingsályktunartillögu um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Sú tillaga gekk m.a. út á að skipuð yrði nefnd til að gera úttekt á lögum sem varða réttarstöðu barna með það að markmiði að uppfylla skilyrði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þessi nefnd átti einnig að meta hvort rétt væri að lögleiða sáttmálann í heild sinni. Þessi framsýna tillaga var hins vegar ekki samþykkt á Alþingi.

Flutningsmenn fagna sérstaklega nýsamþykktri aðgerðaráætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Þar segir m.a. að aðgerðirnar skuli byggjast á rétti barna eins og hann er skilgreindur í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og að sérstakur samráðshópur skuli yfirfara tilmæli barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna varðandi framkvæmd barnasáttmálans á Íslandi.

Hér er hins vegar lagt til að gengið verði skrefinu lengra og ályktað um lögfestingu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna fyrir 20. nóvember á næsta ári, en þá verða 20 ár liðin frá því að sáttmálinn var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Stutt yfirlit yfir efni barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Barnasáttmálinn felur í sér viðurkenningu á að börn hafi sjálfstæð réttindi óháð vilja foreldra eða forráðamanna. Samningurinn tryggir ekki einungis borgaraleg réttindi heldur einnig félagsleg, menningarleg og efnahagsleg réttindi. Með samningnum skuldbinda aðildarríki hans sig til að tryggja börnum ákveðin lágmarksréttindi.

Samningurinn nær til barna undir 18 ára aldri nema lögræðisaldur sé lægri samkvæmt lögum viðkomandi lands (1. gr.). Aðildarríkjum ber að tryggja börnum þau réttindi sem samningurinn kveður á um án mismununar (2. gr.). Þegar tekin er ákvörðun sem varðar barn skal fyrst og fremst haft í huga hvað barninu er fyrir bestu (3. gr.).

Aðildarríki eiga að grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að réttindi þau sem samningurinn kveður á um verði virk (4. gr.). Varðandi fjárhagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi er gerður sá fyrirvari að aðildarríki skuli grípa til þeirra ráðstafana sem þau hafa bolmagn til. Aðildarríki eru hvött til alþjóðlegrar samvinnu til að tryggja þau réttindi sem samningurinn kveður á um. Aðildarríki eiga að virða réttindi og skyldur foreldra til þess að leiðbeina börnum sínum þannig að þau megi njóta þeirra réttinda sem samningurinn kveður á um (5. gr.). Kveðið er á um rétt barna til þess að lifa og ná þroska (6. gr.), til þess að fá nafn og ríkisfang, vera skráð strax eftir fæðingu (7. gr.) og til að halda persónulegum auðkennum sínum (8. gr.).

Fjallað er um rétt barna sem skilin hafa verið frá foreldri sínu eða foreldrum gegn vilja þeirra (9. gr.). Aðildarríkjum ber að greiða fyrir sameiningu fjölskyldna sem ekki búa í sama landi og stuðla að því að barn geti viðhaldið sambandi við foreldri sem ekki býr í sama landi og það (10. gr.). Þau skulu gera ráðstafanir gegn því að börn séu flutt ólöglega úr landi og þeim haldið erlendis (11. gr.).

Börn eiga að hafa rétt til að tjá sig í málum sem varða þau sjálf (12. gr.). Í samningnum eru almenn ákvæði um tjáningarfrelsi barna (13. gr.), trúfrelsi (14. gr.), félagafrelsi og friðhelgi einkalífs (15.–16. gr.). Kveðið er á um rétt barna til aðgangs að upplýsingum og hlutverk fjölmiðla í því sambandi (17. gr.).

Ekki er langt síðan farið var að tala af alvöru um þann möguleika að stytta leiðina milli Norður- og Suðurlands með bættum hálendisvegum. Á síðustu árum hefur hins vegar mikið verið um þetta rætt af fullri alvöru með það að markmiði að tengja saman fjölmennustu byggðir landsins. Árið 2003 tók Vegagerðin saman stutta samantekt um styttingu leiða en í henni var m.a. velt upp þeim möguleika að fara um Kjöl og virkja aftur þessa fornu samgönguleið sem Íslendingar hafa nýtt sér um aldir. Sívaxandi þungi ferðamannaumferðar er nú á gamla Kjalvegi með tilheyrandi skemmdum á bifreiðum og rykmengun.

Undirbúningsvinna og stuðningur við framkvæmdina.

Félagið Norðurvegur ehf. hefur látið vinna úttektir á samfélags- og byggðaáhrifum sem framkvæmdin kynni að valda. Enn fremur hefur félagið látið vinna fyrstu athugun varðandi rekstrarkostnað, stofnkostnað, umferðarspá og hagkvæmni framkvæmdarinnar. Loks hefur verið gerð skoðanakönnun sem sýnir að 52,6% landsmanna eru mjög hlynnt eða frekar hlynnt lagningu heilsársvegar yfir Kjöl. Enn meiri stuðningur er við framkvæmd sem þessa á Akureyri, 66,1%, og 64,7% í Árborg. Þessi gögn munu nýtast við frekari athuganir og undirbúningsvinnu. Vegagerðin hefur enn fremur skoðað veðurfar á hálendinu með vegarlagningu í huga.

Að tengja saman fjölmennustu byggðir landsins.

Allar líkur benda til þess að hægt sé að leggja nýjan Kjalveg frá þjóðvegi 1 við Silfrastaði í Skagafirði yfir að Gullfossi. Slíkur vegur lægi upp Goðdalafjall að norðan og svo áfram sem leið liggur milli jökla, lægi síðan austan við Bláfell og mundi enda við umferðarmiðstöðina við Gullfoss. Það mun þýða 47 km styttingu milli Reykjavíkur og Akureyrar (farið um Hellisheiði). Vegalengd fer úr 388 km niður í 341 km. Stytting milli Selfoss og Akureyrar verður 141 km, úr 430 km niður í 289 km. Fyrstu athuganir benda til þess að vetraraðstæður á Kili verði ekki að ráði verri en á fjallvegum á Norður- og Austurlandi.

Ekki þarf að fjölyrða um gífurleg jákvæð byggða- og samfélagsleg áhrif framkvæmdarinnar með tengingu búsvæða. Gera má ráð fyrir því að samkeppni aukist með minni fjarlægðarvernd fyrirtækja bæði fyrir sunnan og norðan, þó sérstaklega fyrir norðan. Flutningskostnaður fyrirtækja mun einnig líklega lækka.

Aukið öryggi og umhverfismál.

Framkvæmdin sem slík styttir vegalengdir milli tveggja fjölmennustu svæða landsins frá 50–150 km eftir því við hvaða staði er miðað. Þessi stytting á leiðinni þýðir mun minni olíueyðslu og minni mengun og þar með minna útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Norðurvegur hefur látið reikna út fyrir sig að með vegstyttingu mun losun gróðurhúsalofttegunda minnka um 1.500 tonn á ári. Með færri eknum kílómetrum vegna styttingar fækkar slysum að sama skapi. Einnig er líklegt að gert yrði ráð fyrir að vegurinn yrði breiðari en þjóðvegur 1 sem nær ekki nema 6,5 m breidd víða. Breiðari vegur eykur öryggistilfinningu ökumanna. Öryggi eykst jafnframt með því að umferð dreifist á fleiri en eina leið.

Ferðaþjónusta.

Nýr Kjalvegur mun hafa gríðarleg áhrif á ferðaþjónustu og dreifa sívaxandi fjölda ferðamanna erlendra og innlendra betur um landið en nú er gert. Framkvæmdin mun auka tekjur í ferðaþjónustu og gera landsmönnum kleift að bregðast betur við vaxandi ferðamannastraumi. Vegurinn mun tengja saman helstu ferðamannasvæði landsins og ekki verður nema rúmlega 200 km leið milli Gullfoss og Akureyrar svo dæmi sé tekið. Nýr ferðamannaöxull verður til milli Gullfoss og Mývatns sem gefa mun mikla möguleika. Kjalvegur mun lengja ferðamannatímabilið á Norðurlandi en þar er minnst fjölgun gistinátta á landinu og styrking ferðaþjónustu þar því mjög mikilvæg. Nýr Kjalvegur getur einnig haft mikil áhrif á innlenda ferðamenn sem m.a. gætu skipt um veðursvæði með því að fara milli landshluta á rúmum 2 klst.

Byggðastefna stjórnvalda og samgönguáætlun.

Framkvæmd sem þessi, ef hagkvæm reynist, fellur vel að byggðastefnu stjórnvalda og öllum meginmarkmiðum í samgönguáætlun um að stytta leiðir og tengja byggðir betur saman. Þess má geta að markmið Evrópusambandsins í vegagerð er einfalt, en það er að tengja stærri byggðarlög, stytta leiðir og draga þar með úr samgöngukostnaði. Fjölmörg dæmi er hægt að nefna þar sem slík verkefni eru í gangi hjá sambandinu í gegnum Trans-European Networks áætlunina (TEN). Sama má segja um frændur okkar Norðmenn sem hafa eitt meginmarkmið í vegasamgöngum en það er að stytta leiðir og tengja þéttbýlustu svæðin á vesturströndinni við Óslóarsvæðið. Norðmenn fara í gegnum sitt hálendi á fimm stöðum með hálendisvegi sem eru allt að 600 km langir og ná upp í allt að 1.100 m hæð.

18. Tillaga til þingsályktunar [18. mál]

um málsvara fyrir aldraða.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Katrín Júlíusdóttir, Guðbjartur Hannesson, Árni Páll Árnason, Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að fela félags- og tryggingamálaráðherra að beita sér fyrir því að komið verði á þjónustu sem sinni gæslu hagsmuna og réttinda aldraðra. Það verði metið hvort sett verði á laggirnar sérstakt embætti umboðsmanns aldraðra eða hvort sveitarfélög annist verkefnið. Samráð verði haft við hagsmunasamtök aldraðra við vinnuna.

Greinargerð.

Á liðnum árum hefur á Alþingi og í almennri þjóðfélagsumræðu verið rætt um þörfina á að stofna sérstakt embætti umboðsmanns aldraðra sem hefði það hlutverk að annast hagsmunagæslu fyrir aldraða og fylgjast með því að stjórnvöld og einkaaðilar tækju fullt tillit til réttinda þeirra og þarfa.

Hér er miðað við þann hóp sem kominn er á eftirlaunaaldur. Hópurinn er stór og fjölbreyttur og eðli málsins samkvæmt er hann misjafnlega fær um að gæta réttar síns og hagsmuna sjálfur. Ábyrgð á þjónustu við aldraða dreifist á hendur ríkis, sveitarfélaga, félagasamtaka og einkaaðila. Lögin um málaflokkinn eru flókin, ekki síst á sviði skatta, almannatrygginga og

heilbrigðismála. Því er brýnt að aldraðir geti á einum stað nálgast upplýsingar um lögvarin réttindi sín og hvernig þeim verður best fylgt eftir, m.a. í því skyni að styrkja stöðu þeirra með tilliti til fjárhags, heilsu, búsetu og umönnunar. Þetta er hópur sem fer ört stækkandi. Árið 2007 voru Íslendingar 67 ára og eldri tæplega 32 þúsund og samkvæmt spá Hagstofunnar verða þeir orðnir um 46 þúsund árið 2020.

Þegar embætti umboðsmanns barna var stofnað með sérstökum lögum var útskýrt hvað almennt fælist í störfum umboðsmanna sérhópa í almennum athugasemdum með frumvarpinu (377. mál 117. löggjafarþings): „Í umræðu um umboðsmenn sérhópa í þjóðfélaginu er yfirleitt átt við óháða embættismenn sem hafa það hlutverk að taka við kvörtunum vegna tiltekinna málefna sem heyra undir verksvið þeirra jafnframt því að vera talsmenn þeirra hópa gagnvart stjórnvöldum, gefa út álitsgerðir, þrýsta á stjórnvöld um úrbætur, hafa frumkvæði að ábendingum til stjórnvalda um það sem betur mætti fara í löggjöf eða á viðkomandi sviðum framkvæmdarvaldsins og almennt að móta viðhorf í þjóðfélaginu og hafa stefnumarkandi áhrif fyrir þá þegna þjóðfélagsins sem þeir eru talsmenn fyrir.“

Flytjendur telja eðlilegt að metið verði hvort sett verði á laggirnar sérstakt embætti umboðsmanns aldraðra eða hvort sveitarfélögum verði falið að annast hagsmunagæsluna. Málefni aldraðra heyra undir félags- og tryggingamálaráðherra og því rétt að hann kanni kosti þessa. Verði niðurstaðan á þá leið að fela sveitarfélögum verkefnið bæri ráðherranum að viðhafa samráð við samgönguráðherra sem er yfirmaður sveitarstjórnarmála. Einnig er mikilvægt að haft verði samráð við samtök aldraðra á öllum stigum málsins. Félag eldri borgara í Reykjavík hefur á undanförnum árum reynt eftir bestu getu að annast hagsmunagæslu fyrir aldraða en nú er svo komið að samtökin eiga erfitt með að sinna því vel vegna mikils umfangs. Félagið hefur bent á að fordæmi séu fyrir réttindagæslu af hendi opinberra aðila í lögum um málefni fatlaðra sem hafa mætti til hliðsjónar.

Það er í samræmi við tíðarandann að þjónusta við aldraða sé nærþjónusta og þannig að miklu leyti á hendi sveitarfélaga. Sveitarfélög gætu í ljósi þess aðstoðað eldri borgara innan sinna umdæma við að gæta réttar síns í málefnum sem þá varða. Þar sem sveitarfélög eru misstór er eðlilegt að smærri sveitarfélög sameinuðust um aðstoðina.

Á Norðurlöndum er ýmis háttur hafður á við að gæta hagsmuna og réttinda aldraðra og leggja flytjendur áherslu á að reynslan þaðan verði höfð til hliðsjónar. Dæmi eru um óháð embætti á vegum yfirvalda, borgar- eða sveitarstjórna sem búa yfir sérþekkingu á málefnum aldraðra. Hlutverk þeirra er að aðstoða eldri borgara við að fá rétta úrlausn sinna mála. Nefna má sem dæmi að umboðsmaður aldraðra í Stokkhólmi aðstoðar eldri borgara við það sem snýr að málefnum aldraðra og þjónustu við þá. Þeir geta komið beint til hans með skoðanir á málefnum sínum, kvartanir og spurningar og hann vísar þeim síðan áfram rétta leið í kerfinu. Borgaryfirvöld í Stokkhólmi telja mikilvægt að efla tengsl sín við aldraða sem njóta þjónustu borgarinnar á þennan hátt. Áhrif eldri borgara á þá þjónustu sem þeir fá er þar talin mikilvæg og jafnframt að þeir hafi val um þá þjónustu. Hlutverk umboðsmannsins er einnig að safna saman athugasemdum og nýta þær til að bæta þjónustu við aldraða.

Flytjendur telja ástæðu til að aldraðir hér á landi eignist málsvara sem sinni réttindamálum þeirra og í sama streng hafa félög eldri borgara tekið, sbr. fylgiskjal. Með tillögunni er það lagt í hendur félags- og tryggingamálaráðherra að ákveða leið til að ná því markmiði.

Mál af svipuðum toga hafa verið lögð fram á Alþingi, sbr. 475. mál 122. löggjafarþings og 117. mál 126. löggjafarþings, en ekki náð fram að ganga.

Með tillögunni var fylgiskjal: Umboðsmaður aldraða. Margrét Margeirsdóttir. (Morgunblaðið, 21. apríl 2007.)

19. Frumvarp til laga [19. mál]

um breytingu á barnaverndarlögum og barnalögum.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir,
Árni Þór Sigurðsson, Jón Bjarnason, Katrín Jakobsdóttir,
Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

I. KAFLI

Breyting á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Börn eiga rétt á vernd og umönnun og skulu ekki þurfa að þola líkamlegar eða andlegar refsingar eða annars konar illa meðferð. Þau skulu njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska.

2. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Með óviðunandi aðstæðum, uppeldisaðstæðum eða uppeldisskilyrðum í lögum þessum er að jafnaði átt við að barn búi við og sé misboðið með vanrækslu, ofbeldi eða annars konar illri meðferð, þ.m.t. heimilisofbeldi.

3. gr.

1. og 2. mgr. 99. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum. Hver sem beitir barn slíkum refsingum skal sæta sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum eða fangelsi allt að einu ári ef háttsemin er sérstaklega vítaverð. Hver sem beitir barn hótunum eða ógnunum sem ætla má að skaði barnið andlega eða líkamlega skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

Ef maður hvetur barn til lögbrota, áfengis- eða fíkniefnaneyslu, til að stunda vændi eða leiðir það með öðrum hætti á glapstigu þá varðar það sektum eða fangelsi allt að fjórum árum.

II. KAFLI

Breyting á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum.

4. gr.

Við 2. mgr. 28. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Foreldrum eða forsjáraðilum er óheimilt að beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum, þ.m.t. refsingum í uppeldisskyni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpi þessu er ætlað að breyta bæði barnaverndarlögum og barnalögum í þeim tilgangi að tryggja stöðu barna gagnvart foreldrum og forsjáraðilum og til þess að tryggja ýmis réttindi barna sem nánar er fjallað um í greinargerð þessari.

Breytingarnar snúa að þremur þáttum aðallega. Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar á barnaverndarlögum og barnalögum sem tiltaka með skýrum hætti að líkamlegar og andlegar refsingar gagnvart börnum eru óheimilar og refsivert athæfi. Tekur frumvarpið bæði til ofbeldis af hálfu foreldra eða forsjármanna og einnig af hálfu annarra umsjáraðila. Í annan stað er um að ræða viðbót við barnaverndarlögin þar sem hugtökin óviðunandi aðstæður, uppeldisaðstæður og uppeldisskilyrði eru skilgreind sérstaklega. Í þriðja lagi er um að ræða breytingu á ákvæði 99. gr. barnaverndarlaga þar sem hugtakið lauslæti er fellt brott og notað í staðinn hugtakið vændi.

Líkamlegar og andlegar refsingar.

Í 19. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er tekið sérstaklega fram að börn skuli njóta verndar gegn öllu ofbeldi, líkamlegu, andlegu og kynferðislegu. Þá er einnig í 39. gr. tekið fram að börn megi ekki beita ómannúðlegri eða niðurlægjandi meðferð eða refsingu. Ísland hefur undirritað barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og er þannig bundið að þjóðarétti til að virða reglur þær sem hann mælir fyrir um.

Í ágústmánuði sl. féll dómur í Héraðsdómi Norðurlands eystra í máli karlmanns sem hafði beitt tvo drengi unnustu sinnar líkamlegum refsingum, nánar tiltekið flengingum. Maðurinn var ákærður annars vegar fyrir líkamsárás á grundvelli 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og hins vegar á grundvelli 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Í báðum tilfellum var maðurinn sýknaður með þeim rökum „að hugsanlega tíðkast eitthvað, eða hefur tíðkast, að flengja börn“. Þá var vísað til þess í dómnum að barnaverndarlögin kveði ekki með skýrum hætti á um algert bann við því að börn séu beitt refsingum, þar á meðal líkamlegum refsingum.

Þessi niðurstaða héraðsdóms hlýtur að teljast verulega óeðlileg, sérstaklega í ljósi barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og almennrar afstöðu íslensku þjóðarinnar til líkamlegra refsinga gegn börnum. Þá má benda á að nú er í gangi átak Evrópuráðsins til að stöðva líkamlegar refsingar gegn börnum. Einkunnarorð átaksins eru: *Your hands should not punish. Raise your hands against smacking.* Frumvarpi þessu er þannig ætlað að taka af allan vafa um að líkamlegar eða andlegar refsingar gegn börnum séu undir engum kringumstæðum heimilar.

Hugtökin óviðunandi aðstæður, uppeldisaðstæður og uppeldisskilyrði.

Samkvæmt núgildandi barnaverndarlögum, nr. 80/2002, eiga börn tilkall til þess að búa við viðunandi aðstæður, eftir atvikum fyrir tilstilli barnaverndaryfirvalda.

Hugtökin óviðunandi aðstæður, uppeldisaðstæður og uppeldisskilyrði koma víða fyrir í barnaverndarlögunum en hvergi er skilgreint hvað í þeim felst. Frumvarp þetta er meðal annars lagt fram í því augnamiði að skýra hvað felst í hugtökunum og draga sérstaklega fram þá afstöðu löggjafans að heimilisofbeldi sé ástand af því tagi sem jafnað verður til óviðunandi aðstæðna í skilningi laganna. Með heimilisofbeldi er ekki einvörðungu átt við að barn sé sjálft beitt ofbeldi heldur einnig að því sé misboðið með ofbeldi gegn öðrum á heimili eða þar sem það dvelst.

Samkvæmt skilgreiningu sem birt er á heimasíðu Barnaverndarstofu er misfellum á umönnunar- og uppeldisskilyrðum barna skipt í tvo meginflokka, ofbeldi og vanrækslu. Birtingarmyndir ofbeldis og vanrækslu geta verið margvíslegar en þó er ekki útilokað að annars konar misfellur foreldra eða annarra umsjáraðila geti fallið utan þessarar flokkunar. Í frumvarpinu er þess vegna gert ráð fyrir að nota hugtakið „ill meðferð“ sem almennt heiti yfir misfellur þessara aðila hvort sem þær eru fólgnar í ofbeldi, vanrækslu eða öðru framferði.

Samkvæmt frumvarpi þessu má slá því föstu að orðalagið óviðunandi aðstæður í lögunum vísi til vanrækslu, ofbeldis eða annars konar illrar meðferðar af hendi þess sem fer með umsjá barns eða annarra sem hafa afskipti af því. Á það skal bent að skilgreiningin á óviðunandi aðstæðum sem hér er mælt fyrir um gerir ráð fyrir að barni þurfi að vera misboðið. Með því er átt við að atvik séu með þeim hætti að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin.

Hugtakið lauslæti.

Í 2. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga segir að ef maður hvetur barn til lögbrota, lauslætis, áfengis- eða fíkniefnaneyslu eða leiði það með öðrum hætti á glapstigu þá varði það sektum eða fangelsi allt að þremur árum. Í frumvarpi þessu er lagt til að orðalagi í 2. mgr. 99. gr. verði breytt þannig að hugtakið lauslæti verði tekið út og notast við hugtakið vændi í staðinn. Ekki þykir ástæða til þess að halda í hið gamla hugtak lauslæti auk þess sem erfitt er að skilgreina það með tilliti til barna. Því er hér farin sú leið að notast við orðið vændi og talið að það hugtak nái yfir markmið ákvæðisins og tryggi nægilega vernd barna. Þessi leið er í samræmi við breytingar sem gerðar voru á almennum hegningarlögum á 133. löggjafarþingi, sbr. lög nr. 61/2007.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein felst breyting á ákvæði um réttindi barna og skyldur foreldra þannig að tekið er fram með skýrum hætti að það sé réttur barna að þau skuli ekki þurfa að þola líkamlegar eða andlegar refsingar.

Um 2. gr.

Breyting sú sem felst í greininni tekur til þess að skilgreina hugtakið óviðunandi aðstæður, uppeldisaðstæður eða uppeldisskilyrði en það eru hugtök sem koma fram á nokkrum stöðum í núverandi lögum en eru hvergi skilgreind sérstaklega. Ákvæðið felur það í sér að óviðunandi aðstæður, uppeldisaðstæður eða uppeldisskilyrði taki til vanrækslu og ofbeldis gegn barni en að einnig falli þar undir önnur ill meðferð, þ.m.t. heimilisofbeldi hvort sem barn verður fyrir slíku ofbeldi eða þarf að horfa upp á ofbeldi gegn öðrum á heimilinu.

Um 3. gr.

Ákvæðið gerir það beinlínis refsivert að beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum. Gert er ráð fyrir að háttsemin varði við sömu refsingu og brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og að túlka skuli ákvæðin á sama hátt. Þá er einnig, í b-lið, gert ráð fyrir að skipta út hugtakinu lauslæti í lögunum fyrir hugtakið vændi, enda ekki skýrt hvað felst í hugtakinu lauslæti, sérstaklega þegar um er að ræða börn. Þykir því mun eðlilegra og skýrara að notast við hugtakið vændi auk þess sem það er í samræmi við breytingar sem gerðar voru á 206. gr. almennra hegningarlaga á 133. löggjafarþingi.

Um 4. gr.

Ákvæði þetta breytir barnalögum, nr. 76/2003, á þann hátt að beinlínis er tekið fram að foreldrar eða aðrir forsjáraðilar skuli ekki beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum. Með þessari breytingu fela lögin þannig í sér að foreldrum og öðrum forsjáraðilum sé bæði skylt að vernda barn sitt gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi af hálfu annarra og einnig að þeim sé óheimilt að beita sitt eigið barn slíku ofbeldi. Sérstaklega er tiltekið að refsingar í uppeldisskyni séu óheimilar, þar á meðal flengingar.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

20. Tillaga til þingsályktunar [20. mál]

um rannsóknarstofnun um utanríkis- og öryggismál.

Flm.: Valgerður Sverrisdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Magnús Stefánsson, Birkir J. Jónsson, Höskuldur Þórhallsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórn Íslands að setja á stofn rannsóknarstofnun um utanríkis- og öryggismál.

Greinargerð.

Á undanförnum tveimur áratugum hafa orðið miklar breytingar á alþjóðlegu umhverfi Íslands. Áhrif þeirra á Ísland eru óumdeilanleg, allt frá hruni Sovétríkjanna fram að brotthvarfi varnarliðsins. Fyrrverandi kommúnistaríki hafa mörg hver gerst aðilar að Evrópusambandinu og NATO. Þá hefur aðild Íslands að Schengen-svæðinu og sú staðreynd að Evrópa er að verulegu leyti án landamæra haft miklar breytingar í för með sér.

Hröð bráðnun íss á heimsskautasvæðum sem kann að valda hækkun sjávarborðs og gjörbreyta siglingaleiðum á norðurslóðum mun hafa veruleg áhrif á Íslandi. Þessi þróun kann að valda nýrri spennu í alþjóðamálum og hafa þannig bein áhrif á íslensk öryggis- og varnarmál.

Þróun mála í Asíu, einkum í Kína sem er á hraðri leið í átt að verða efnahagslegt stórveldi, auk vaxandi viðleitni Rússlands til að endurheimta fyrri áhrif í alþjóðamálum, mun hafa víðtæk áhrif á þróun heimsmála. Þá mun mótun utanríkis- og varnarmálastefnu Bandaríkjanna í kjölfar þess að nýr forseti tekur við völdum í janúar næstkomandi hafa veruleg áhrif á alþjóðlegt samstarf, m.a. innan Atlantshafsbandalagsins og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Vaxandi fólksflutningar milli landa, sérstaklega frá Norður-Afríku og Asíu til Evrópu og frá Austur-Evrópu til Vestur-Evrópu, eru mikil áskorun og hafa Norðurlöndin ekki farið varhluta af þeirri þróun. Neikvæðir fylgifiskar alþjóðavæðingarinnar, svo sem mansal og smygl á fólki eru vaxandi vandamál. Alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi er viðvarandi vandi sem ekki sér fyrir endann á. Hætta á útbreiðslu gereyðingavopna er einnig fyrir hendi og má í því sambandi minna á yfirstandandi deilu alþjóðasamfélagsins við Íran vegna áætlana Írans um auðgun úrans. Atlaga netþrjóta á tölvukerfi, í sumum tilfellum að áeggjan stjórnvalda ákveðinna ríkja, er ný ógn sem þjóðir heims standa frammi fyrir.

Víða erlendis, þ.m.t. annars staðar á Norðurlöndunum, starfa rannsóknarstofnanir sem sérhæfa sig í alþjóðamálum og þróun þeirra. Við Háskóla Íslands starfar Alþjóðamálastofnun sem sett var á laggirnar árið 1990 og hefur hún unnið ágætt starf. Hún er hins vegar ekki rannsóknarstofnun eins og hér er gerð tillaga um. Vel má hugsa sér að sú stofnun sameinaðist rannsóknarstofnuninni sem hér um ræðir ef það þætti henta.

Mikilvægt er að við uppbyggingu rannsóknarstofnunar um utanríkis- og öryggismál sé lögð áhersla á faglegt og stjórnunarlegt sjálfstæði. Þá er samstarf við alþjóðlegar stofnanir augljóslega mikilvægt.

Íslendingar búa yfir mikilli þekkingu á sviði utanríkis- og öryggismála. Þeirri þekkingu má koma á framfæri og nýta á skipulegan hátt með stofnun rannsóknarstofnunar um utanríkis- og öryggismál. Stofnunin gæti auk þess þjónað stuðningshlutverki við þann samstarfsvettvang stjórnmálaflokkanna sem boðaður var í yfirlýsingu þáverandi ríkisstjórnar í kjölfar samkomulags ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna um varnarmál frá 26. september 2006.

21. Frumvarp til laga [21. mál]

um skipun rannsóknarnefndar til að gera úttekt á umfangi brota á lögum og reglum sem varða fiskveiðiheimildir íslensks sjávarútvegs.

Flm.: Grétar Mar Jónsson, Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Alþingi skal kjósa sjö manna rannsóknarnefnd til að gera úttekt á umfangi brota á lögum og reglum sem varða fiskveiðiheimildir. Nefndin skal í störfum sínum greina hvaða aðferðir hafa verið notaðar við brotin, leggja mat sitt á ástæður þeirra og hverjar afleiðingar þau geta eða hafa haft fyrir þjóðarbúið í heild, sem og nytjastofna sjávar. Rannsókn nefndarinnar skal ná aftur til ársins 1991.

Nefndinni er ekki ætlað að fjalla um sekt eða sakleysi þeirra sem á fund hennar koma eða koma á framfæri við ákæruvaldið grunsemdum um refsivert athæfi.

2. gr.

Nefndin skal skipuð fulltrúum allra flokka á Alþingi. Nefndin kýs formann úr hópi nefndarmanna og ræður afl atkvæða.

Nefndin skal setja sér verklagsreglur.

3. gr.

Skrifstofa Alþingis skal sjá nefndinni fyrir starfsaðstöðu. Nefndinni skal heimilt að kalla eftir aðstoð óháðra sérfræðinga til að láta skoða einstök atriði sem að gagni koma í störfum hennar.

4. gr.

Nefndinni er heimilt að kalla á sinn fund hvern þann sem starfar eða starfað hefur við sjávarútveg, þ.m.t. sjómenn, skipstjórnarmenn, útgerðarmenn, fiskverkendur og flutningsaðila.

Upplýsingar sem þeir sem koma fyrir nefndina veita má ekki nota til sakfellingar í opinberu máli.

5. gr.

Nefndin skal hafa óheftan aðgang að öllum gögnum í vörslu stjórnvalda sem snerta starfssvið hennar og skulu starfsmenn láta henni í té alla nauðsynlega aðstoð af því tilefni. Þá getur nefndin krafið einstök fyrirtæki sem starfa við sjávarútveg eða samtök þeirra um upplýsingar sem að hennar mati eru nauðsynlegar til að hún geti sinnt hlutverki sínu.

Starfsmönnum stjórnvalda er skylt þrátt fyrir þagnarskyldu að svara spurningum nefndarinnar varðandi atriði sem eru á málefnasviði hennar. Hið sama gildir um fyrrverandi opinbera starfsmenn.

Komi upp ágreiningur vegna ákvæða 1. og 2. mgr. er nefndinni heimilt að leita úrlausnar dómstóla.

6. gr.

Nefndarmenn og aðrir sem inna af hendi störf í þágu nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um viðkvæm einkamálefni, þ.m.t. upplýsingar sem varða einstaka refsiverða verknaði. Þagnarskylda helst eftir að störfum lýkur.

Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda ekki um störf nefndarinnar. Nöfn þeirra sem koma fyrir nefndina skulu ekki birt.

7. gr.

Nefndin skal gera Alþingi grein fyrir rannsókn sinni og niðurstöðu í sérstakri skýrslu eigi síðar en 1. nóvember 2009. Skulu þar gerðar tillögur um úrbætur eða aðrar lyktir eftir því sem tilefni þykir til.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta var lagt fram á síðasta þingi og er nú lagt fram öðru sinni lítið breytt.

Allt frá því að svokallað kvótakerfi var tekið upp í íslenskum sjávarútvegi hafa komið fram alvarlegar ásakanir um að reglum þess hafi ekki verið réttilega fylgt. Flytjendur telja rétt að fá skorið úr um sannleiksgildi þessa og leggja til að komið verði á fót rannsóknarnefnd til að fjalla um umfang brota á lagareglum sem varða fiskveiðiheimildir hvar sem þær er að finna í fiskveiðistjórnarlöggjöfinni. Mætti í því sambandi helst nefna lög um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997, lög um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996, og lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996, og reglur settar á grundvelli þeirra.

Um fátt hefur verið meira deilt í þjóðfélaginu á liðnum árum en íslenska kvótakerfið. Vegna þeirra takmarkana sem kvótakerfið setur hefur því verið haldið fram að útgerðarmenn og sjómenn hafi sniðgengið reglurnar til að auka möguleika til tekjuöflunar og betri afkomu. Ekki aðeins hefur því verið haldið fram að þeir sem stunda fiskveiðar hafi gerst sekir um slíka hegðun heldur einnig þeir sem fylgjast eiga með að reglunum sé eða hafi verið fylgt. Nefna má í þessu sambandi ásakanir um brottkast á fiski, löndun fram hjá vigt, rangar nýt-

ingarprufur, rangar upplýsingar um tegundir, misnotkun á leyfi til heimavigtunar, ranga úrtaksvigtun og annað.

Sumir hafa ekki viljað gera mikið úr sögusögnum um þess háttar brot á kvótareglum. Hafrannsóknastofnunin hefur til að mynda látið hafa eftir sér að lítið sé um brottkast á fiski og ekki fallist á staðhæfingar sumra sjómanna um annað. Flytjendur telja að mat Hafrannsóknastofnunarinnar um ástand fiskstofna geti ekki talist áreiðanlegt nema leitt verði í ljós hvor aðilinn hafi rétt fyrir sér.

Flytjendur þessa frumvarps telja að rétt sé og nauðsynlegt að komast sem næst sannleikanum í þessu máli og vilja að Alþingi kjósi sjö manna nefnd sem í sé hið minnsta einn fulltrúi frá hverjum þingflokkanna.

Forsenda þess að nefndin geti rækt hlutverk sitt er að hún fái víðtækar heimildir til gagnaöflunar og er lagt til í frumvarpinu að hún skuli hafa ótakmarkaðan aðgang að gögnum í vörslu stjórnvalda sem snerta starfsvið hennar, auk þess að geta krafið einstök fyrirtæki sem starfa við sjávarútveg eða samtök þeirra um upplýsingar sem nefndin telur að séu í þágu starfs síns.

Gert er ráð fyrir að einstaklingar, t.d. sjómenn, útgerðarmenn, skipstjórnarmenn, fiskverkendur og flutningsaðilar, geti komið á fund nefndarinnar af fúsum og frjálsum vilja til að láta henni í té vitneskju. Nefndinni er alls ekki ætlað að skera úr um sekt eða sakleysi þeirra sem veita upplýsingar eða koma á framfæri grunsemdum við ákæruvaldið um refsivert athæfi sem nýtast munu til sakfellingar í opinberu máli.

Kvótakerfið er af mörgum talið ranglátt og hefur tilvist þess frá upphafi vakið miklar deilur í þjóðfélaginu. Nú síðast upphófust umræður í ársbyrjun eftir að mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna gaf út álit í máli Erlings Sveins Haraldssonar og Arnars Snævars Sveinssonar gegn íslenska ríkinu um að kvótakerfið samrýmdist ekki jafnræðisreglu alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

22. Tillaga til þingsályktunar [22. mál]

um undirbúning að hönnun og stækkun Þorlákshafnar.

Flm.: Árni Johnsen, Lúðvík Bergvinsson, Guðni Ágústsson, Kjartan Ólafsson, Björk Guðjónsdóttir, Grétar Mar Jónsson, Bjarni Harðarson.

Alþingi ályktar að skora á samgönguráðherra að fela Siglingastofnun að hefja nú þegar undirbúning að hönnun og stækkun Þorlákshafnar þannig að höfnin geti þjónustað 60–80 þús. tonna skip, allt að 225 metra löng.

Greinargerð.

Fyrirhuguð er mikil uppbygging í Þorlákshöfn á næstu árum á sviði iðnaðar, stóriðju og matvælaiðnaðar. Því er mikilvægt að íslensk stjórnvöld hafi á takteinum hugmyndir að stærð og gerð hafnar á næstu missirum. Þorlákshöfn er eina þjónustuhöfnin fyrir allt Suðurlandsundirlendið þar sem mjög mikil uppbygging atvinnurekstrar á sér nú stað.

Árnessýsla og Rangárvallasýsla eru mjög ört vaxandi athafnasvæði og ein hin mesta uppbygging á landinu er í Árnessýslu. Erlend stórfyrirtæki í ýmsum greinum stóriðju standa nú

í viðræðum við bæjaryfirvöld í Ölfusi um uppbyggingu þar. Slík uppbygging mun hafa mikla og jákvæða þýðingu fyrir Suðurland og landið allt. Því skiptir miklu máli að geta brugðist við eftirspurninni með stuttum fyrirvara. Nær 100 stór flutningaskip og farþegaskip koma nú þegar árlega til Þorlákshafnar og mikil aukning er fyrirsjáanleg auk alls fiskiskipaflotans sem Þorlákshöfn þjónustar, bæði lítil og stór skip.

23. Frumvarp til laga [23. mál]

um breytingu á vatnalögum, nr. 20/2006, og endurskoðun þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2010.

b. Í stað ártalsins „2009“ í lokamálslið 4. mgr. kemur: 2011.

2. gr.

Iðnaðarráðherra skal í samráði við umhverfisráðherra og forsætisráðherra skipa nefnd sem falið verði að endurskoða ákvæði laganna. Skal nefndin hafa til hliðsjónar tillögur vatnalaganefndar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum nr. 31/2007, um breytingu á lögum nr. 91/2002, um varnir gegn landbroti: Í stað „1. nóvember 2008“ í 1. mgr. 2. gr. kemur: 1. júlí 2010.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á 132. löggjafarþingi var frumvarp til nýrra vatnalaga samþykkt sem lög frá Alþingi, sbr. lög nr. 20/2006. Lögunum er ætlað að leysa af hólmi eldri vatnalög, nr. 15/1923, með síðari breytingum. Markmiðið með setningu nýrra vatnalaga var að tryggja skýrt eignarhald á vatni og skynsamlega vatnsnýtingu og að samræma ákvæði vatnalaga annarri löggjöf, sem sett hafði verið á þeim tíma sem liðinn var frá gildistöku laganna, auk þess sem einstakir kaflar og einstök ákvæði laganna töldust úrelt eða væri betur fyrir komið annars staðar í lögum. Þá var talið nauðsynlegt að taka stjórnsýslu vatnamála til endurskoðunar.

Við umfjöllun Alþingis á 132. löggjafarþingi kom upp ágreiningur um þá tilhögun frumvarpsins að taka upp neikvæða skilgreiningu eignarréttar á eignarhaldi á vatni í stað jákvæðrar skilgreiningar vatnalaga, nr. 15/1923, á rétti sem fylgir landareign til hagnýtingar og umráða á vatni. Við aðra umræðu um frumvarpið náðu þingflokkar samkomulagi um með-

ferð frumvarpsins sem þáverandi iðnaðarráðherra gerði grein fyrir á Alþingi 15. mars 2006. Fól samkomulagið í sér að gildistöku vatnalaga yrði frestað til 1. nóvember 2007 og jafnframt að iðnaðarráðherra mundi, þegar frumvarpið hefði verið samþykkt, skipa nefnd sem taka skyldi til skoðunar samræmi laganna við önnur þau lagaákvæði íslensks réttar sem vatn og vatnsréttindi varða, þar á meðal fyrirhugað frumvarp umhverfisráðherra til vatnsverndarlaga, sem byggjast mun að stofni til á tilskipun Evrópusambandsins frá árinu 2000, nr. 60, og fyrirhugað frumvarp iðnaðarráðherra til laga um jarðrænar auðlindir. Skyldi nefndin skipuð fulltrúum allra þingflokka, auk eins fulltrúa sem tilnefndur skyldi af umhverfisráðherra og formanns sem skipaður skyldi án tilnefningar. Gert var ráð fyrir að nefndin skilaði áliti sínu eigi síðar en 1. október 2006.

Af ýmsum ástæðum varð dráttur á skipun nefndarinnar og lagði iðnaðarráðherra fram frumvarp á 135. löggjafarþingi sem fól í sér að gildistöku vatnalaga, nr. 20/2006, yrði frestað á ný. Varð frumvarpið að lögum nr. 133/2007. Í athugasemdum við frumvarpið sagði að í ljósi samkomulags þingflokka á 132. löggjafarþingi og yfirvofandi breytinga á fyrirkomulagi vatnamála í tengslum við vatnatilskipun Evrópusambandsins væri í frumvarpinu lagt til að gildistöku nýrra vatnalaga yrði frestað til 1. nóvember 2008. Með þeirri frestun mundu skapast skilyrði til að uppfylla efni þess samkomulags sem náðst hefði á 132. löggjafarþingi og vinna úr niðurstöðum nefndarinnar áður en ný vatnalög öðluðust gildi.

Vatnalaganefnd var skipuð í janúar 2008 og var Lúðvík Bergvinsson formaður hennar. Auk hans sátu í nefndinni Bryndís Hlöðversdóttir, Katrín Júlíusdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Stefán Bogi Sveinsson og Tryggvi Agnarsson. Eins og áður segir var nefndinni falið að skoða samræmi vatnalaga, nr. 20/2006, við önnur þau lagaákvæði íslensks réttar sem vatn og vatnsréttindi varða en samkvæmt skipunarbréfi var ekki gert ráð fyrir að nefndin útfærði nákvæmar tillögur um hugsanlegar breytingar á gildandi eða verðandi vatnalögum. Vatnalaganefnd skilaði niðurstöðum sínum og tillögum til iðnaðarráðherra 15. september 2008 ásamt ítarlegri skýrslu um vatnsréttindi og vatnalöggjöf. Einróma samstaða var í nefndinni um að leggja til að umfangsmikil endurskoðun fari fram á vatnalögum, nr. 20/2006. Lagði nefndin jafnframt til að gildistöku laganna yrði frestað tímabundið meðan nefnd sem skipuð yrði á vegum iðnaðarráðherra, og í samráði við umhverfisráðherra og forsætisráðherra, ynni að endurskoðun þeirra í samræmi við tillögur nefndarinnar. Niðurstaða nefndarinnar og tillögur fylgja með frumvarpi þessu, sjá fylgiskjal I.

Í tillögum vatnalaganefndar er m.a. gert ráð fyrir að réttindaákvæði og markmiðsákvæði vatnalaga, nr. 20/2006, verði endurskoðuð en einnig leggur nefndin til heildarendurskoðun á stjórnsýsluþætti laganna. Telur nefndin rétt að sú endurskoðun haldist í hendur við innleiðingu vatnatilskipunar ESB (2000/60/EB) í íslenskan rétt. Innleiðingin er í verkahring umhverfisráðuneytis og skal henni vera lokið fyrir árslok 2009. Vinna við undirbúning frumvarps til innleiðingar tilskipunarinnar er hafin í umhverfisráðuneyti en ljóst er að um umfangsmikið verkefni er að ræða. Í fylgiskjali II með frumvarpi þessu er birt greinargerð umhverfisráðuneytis um vatnatilskipunina og innleiðingu hennar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að gildistöku vatnalaga, nr. 20/2006, verði frestað til 1. júlí 2010. Er gert ráð fyrir að endurskoðun laganna verði lokið í árslok 2009 og að frumvarp til laga um breytingar á þeim verði lagt fyrir Alþingi á vorþingi 2010. Um nánari skýringar vísast til almennra athugasemda með frumvarpi þessu.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um að iðnaðarráðherra skipi nefnd sem falið verði það verkefni að endurskoða vatnalög, nr. 20/2006, með hliðsjón af tillögum vatnalaganefndar. Vegna mikilvægrar aðkomu umhverfisráðuneytisins að vatnamálum og hlutverks forsætisráðherra samkvæmt lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, er gert ráð fyrir að samráð verði haft við umhverfisráðherra og forsætisráðherra um skipun nefndarinnar.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Greinin kveður á um að gildistöku laga nr. 31/2007, um breytingu á lögum nr. 91/2002, um varnir gegn landbroti, verði frestað til samræmis við frestun gildistöku vatnalaga. Lögin gera ráð fyrir að tiltekin ákvæði vatnalaga, nr. 20/2006, verði færð í lög nr. 91/2002.

Fylgiskjal I.

Niðurstöður og tillögur Vatnalaganefndar.[1]

1. Niðurstöður Vatnalaganefndar

1.1. Inngangur

Vatn er að mörgu leyti sérstakt viðfangsefni lagasetningar ekki síst vegna eðlis þess og þýðingar sem undirstaða alls lífs á jörðinni og forsenda fyrir lífsafkomu mannsins. Af því leiðir að samfélagsleg þýðing vatnsins er mikil og við vatnsauðlindina eru bundnir margir ólíkir hagsmunir sem löggjöfin þarf að taka tillit til. Vegna þessa er afar brýnt, að mati Vatnalaganefndar, að sátt ríki í samfélaginu um löggjöf sem varðar þessa mikilvægu auðlind.

Skipun Vatnalaganefndar á rætur að rekja til samkomulags sem gert var á Alþingi vorið 2006 í tengslum við afgreiðslu frumvarps til nýrra vatnalaga. Var það gert til að freista þess að binda enda á miklar deilur sem uppi höfðu verið um efni frumvarpsins. Samkomulagið fól í sér að gildistöku vatnalaga nr. 20/2006 var frestað og jafnframt að skipa skyldi nefnd til að fara yfir lögin og kanna samræmi þeirra við önnur þau lagaákvæði íslensks réttar sem vatn og vatnsréttindi varða. Í inngangi skýrslu þessarar er gerð grein fyrir því að sá ágreiningur sem uppi var meðal þingmanna um breytta skilgreiningu eignarráða landeigenda á vatni var meginástæðan fyrir samkomulaginu. Með hliðsjón af því taldi Vatnalaganefnd það eitt meginviðfangsefni sitt að fara í saumana á þessum ágreiningi og kanna samræmi ákvæðis 4. gr. vatnalaga nr. 20/2006 við gildandi rétt. Í nefndinni var hins vegar einnig einhugur um að freista þess að færa umræðu um lögin og vatnamálin upp úr þeim farvegi deilna og ágreinings sem hún hafði fest í, og sem einskorðaðist að miklu leyti við spurninguna um skilgreiningu vatnsréttindanna. Leit nefndin svo á að verkefni hennar væri að líta á vatnalöggjöfina

---

[1] Hér eru birtir 9. og 10. kafli skýrslu Vatnalaganefndar. Skýrsla Vatnalaganefndar ásamt ritgerðum, álitum og öðru efni sem nefndin hefur aflað. Reykjavík 2008, bls. 153–169.

í stærra samhengi, að dýpka umræðuna og varpa ljósi á fleiri þætti vatnamálanna. Taldi nefndin þannig ástæðu til að huga að heildarsamhengi vatnalöggjafar og þeim grundvallarforsendum sem liggja henni að baki. Einnig áleit nefndin nauðsynlegt að svara ýmsum spurningum m.a. um áhrif þeirra breytinga sem vatnalög nr. 20/2006 hefðu í för með sér á hagsmuni og réttindi landeigenda og almennings og möguleika löggjafans og stjórnvalda til að grípa inn í þau réttindi. Meðal þess sem nefndin hafði í huga í þessu sambandi voru ákvæði um vatnstöku og um framkvæmdir og mannvirkjagerð í og við vötn. Enn fremur taldi nefndin rétt að skoða sérstaklega stjórnsýsluþátt vatnalaga nr. 20/2006 og kanna samræmi hans við ákvæði annarra laga sem fjalla um auðlindir og auðlindanýtingu.

Það var ljóst frá upphafi að starfstími nefndarinnar væri takmarkaður og að nefndin hefði ekki tök á að útfæra nákvæmar tillögur um hugsanlegar breytingar á gildandi eða verðandi vatnalögum. Enda varð ekki af skipunarbréfi nefndarinnar ráðið að það væri beinlínis í verkahring hennar. Leit nefndin svo á að markmið hennar væri að leggja fram tillögu um þann farveg sem hún teldi æskilegt að vatnamálin yrðu lögð í.

Sú stefna sem Vatnalaganefnd markaði um vinnu sína miðaði þannig að því að víkka umræðugrundvöllinn í þeirri von að með því mætti finna leið sáttar um framtíðarskipulag vatnamála. Voru nefndarmenn sammála um að vænlegasta leiðin að þessu marki væri að styrkja fræðilegan grundvöll þessa málefnasviðs og renna með því traustari stoðum undir umræðuna. Það voru einkum fimm þættir sem nefndin taldi að þyrfti að beina sjónum að. Í fyrsta lagi að fram þyrfti að fara ítarlegur samanburður á vatnalögum nr. 15/1923 og vatnalögum nr. 20/2006 í því skyni að staðreyna hvaða breytingar gildistaka þeirra síðarnefndu myndu hafa í för með sér. Í þessu skyni leitaði Vatnalaganefnd til tveggja fræðimanna, þeirra Eiríks Tómassonar og Sigurðar Líndal og lagði fyrir þá tilteknar spurningar. Í öðru lagi taldi nefndin að huga þyrfti að sögulegu samhengi íslenskrar löggjafar um vatn og vatnsréttindi og í þriðja lagi væri mikilvægt að hafa hliðsjón af norrænum rétti og réttarþróun á þessu sviði. Fól nefndin starfsmanni sínum, Aagot V. Óskarsdóttur, að vinna að þessum verkefnum og tók hún saman sögulegt yfirlit yfir íslenska löggjöf og vann samanburð á norrænni löggjöf um vatnamál. Í fjórða lagi taldi Vatnalaganefnd að nauðsynlegt væri að draga fram helstu atriði vatnatilskipunar ESB og gera grein fyrir þeim breytingum sem innleiðing hennar í íslenskan rétt myndi hafa í för með sér. Leitaði nefndin til umhverfisráðuneytisins um þennan þátt. Í fimmta og síðasta lagi áleit nefndin að fyrir þyrftu að liggja upplýsingar um þróun í íslensku vatnafari og helstu breytingar sem á því væri að vænta á næstu áratugum. Var leitað eftir því við Orkustofnun að hún léti nefndinni í té stutta greinargerð um þetta efni. Með því að safna saman skrifum ýmissa sérfræðinga um margvíslegar hliðar vatnamálanna taldi Vatnalaganefnd að leggja mætti traustari grunn að samkomulagi um grundvallarstefnu íslenskrar vatnalöggjafar og styrkja áframhaldandi vinnu við þróun hennar. Ofangreind fræðiskrif og minnisblöð eru birt í skýrslunni undir nöfnum höfunda og á ábyrgð þeirra og tekið skal fram að þau endurspegla ekki endilega viðhorf einstakra nefndarmanna.

1.2. Breytt skilgreining eignarráða landeiganda

1.2.1. Vatnsréttindi samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923

Hugtakið vatnsréttur eða vatnsréttindi felur fyrst og fremst í sér rétt manna til að nota vatn. Eignarréttur felur í lagalegum skilningi í sér einkarétt eigandans til að ráða yfir eignarandlaginu með þeim takmörkunum einum sem þeim rétti eru settar með lögum og takmörkuðum réttindum annarra yfir sama verðmæti. Í íslenskum rétti er þannig gengið út frá því að svokallaður *beinn eignarréttur* feli í sér óskoraðan rétt eigandans yfir eigninni, þ.e. að allar

þær heimildir til umráða og ráðstöfunar sem í eignarréttinum eru taldar felast séu á hendi hans nema annað sé sérstaklega tekið fram. Hugtakið *óbein eignarréttindi* (eða takmörkuð eignarréttindi) felur hins vegar í sér heimild til að hafa tiltekin ráð eða ákveðin not hlutar og er því þrengri en bein eignarréttindi.[2]

Í 2. gr. vatnalaga nr. 15/1923 er kveðið á um að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt sem lögin heimila. Ákvæðið felur í sér það sem kallað er jákvæð skilgreining eignarréttinda, þ.e. að eignarráð landeiganda eru afmörkuð í lögunum sjálfum og hann hefur ekki aðrar heimildir yfir vatninu en lögin tiltaka sérstaklega. Lögin veita landeiganda hins vegar víðtækar heimildir til nýtingar og ráðstöfunar en jafnframt kveða lögin á um það á hvern hátt réttur hans er takmarkaður vegna hagsmuna almennings og einstaklinga. Heimildir landeiganda samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 ná þannig til nýtingar til heimilis- og búsþarfa, til jarðræktar og áveitu, til iðnaðar og iðju og til orkuvinnslu. Þá er landeiganda heimilt að gera mannvirki þau sem nauðsynleg eru til notkunar vatnsins og til varnar landi og landsnytjum og hann getur látið af hendi vatnsréttindi sín til þriðja manns. Heimildirnar lúta ýmsum takmörkunum. Landeiganda eru m.a. óheimilar framkvæmdir í og við vötn ef tjón eða hætta er af því búin fyrir hagsmuni annarra nema hann hafi til þeirra sérstaka heimild. Einnig kveða vatnalög nr. 15/1923 á um takmarkanir á vatnstöku vegna hagsmuna annarra, takmarkanir á heimildum til að ráðstafa vatnsréttindum til annarra, skyldu landeiganda til að láta öðrum í té vatn á landi sínu og þola umferð annarra um vötn. Þá eru í vatnalögum ákvæði um bann við óhreinkun vatna og fleira. Í ýmsum tilvikum eru framkvæmdir og nýting leyfisskyld samkvæmt lögunum. Lögin gera greinarmun á stærri vötnum og minni og eru heimildir landeigenda rýmri gagnvart minni vötnum, svo sem lindum, tjörnum, hverum og laugum, sbr. 9. og 10. gr.

Vatnalög nr. 15/1923 afmarka með þessu móti heimildir og réttindi landeigenda gagnvart heimildum almennings og kveða á um það að hvaða marki réttindum landeigenda eru takmörk sett vegna hagsmuna annarra.

1.2.2. Breytingin með vatnalögum nr. 20/2006

Endurskoðun vatnalaga hófst árið 2001 og var markmið hennar að samræma ákvæði vatnalaga annarri löggjöf sem sett hafði verið á þeim tíma sem liðinn var frá gildistöku laganna.[3] Meðal helstu breytinga sem gerðar voru með nýjum vatnalögum nr. 20/2006 var að skilgreining vatnsréttinda landeiganda er með öðrum hætti en í vatnalögum nr. 15/1923. Felur hún í sér að landareign fylgi eignarréttur að vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur. Breytingin felur í sér að um réttindi landeigenda er notað orðið eignarréttur í stað umráða- og hagnýtingarréttar og rétturinn er skilgreindur á neikvæðan hátt, þ.e. að lagt er til grundvallar að allar eignarheimildir sem í eignarréttinum felast séu í höndum landeiganda nema þær séu með beinum hætti undanskildar eignarráðum hans. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því er varð að vatnalögum nr. 20/2006 er lögð á það áhersla að einungis sé um formbreytingu að ræða en ekki efnislega breytingu á inntaki eignarráða landeiganda yfir vatni.

Eins og fram hefur komið vakti þessi breyting á skilgreiningu vatnsréttinda landeiganda miklar deilur og hefur verið uppi ágreiningur um raunverulega þýðingu þessarar breytingar.

---

[2] Gaukur Jörundsson: Eignaréttur I. Reykjavík 1982–1983, bls. 4–5.
[3] Frumvarp til vatnalaga. 132. lþ., 268. mál, þskj. 281, alm. aths., kafli I.

Var þetta álitaefni ein meginástæða þess samkomulags sem gert var á Alþingi vorið 2006 og fól m.a. í sér að Vatnalaganefnd yrði sett á laggirnar. Við afmörkun verkefnis síns áleit nefndin óhjákvæmilegt að fara í saumana á þessu deilumáli og leitast við að meta annars vegar hvort með vatnalögum nr. 20/2006 muni í raun eiga sér stað breyting á inntaki réttar landeigenda og hins vegar hvort við gildistöku laganna og brottfall vatnalaga nr. 15/1923 verði að óbreyttu kveðið með nægilega skýrum hætti á um réttindi almennings gagnvart vatni í íslenskri löggjöf.

1.2.3. Þýðing breyttrar skilgreiningar – álit fræðimanna sem Vatnalaganefnd leitaði til

Segja má að sá ágreiningur um breytta skilgreiningu réttindaákvæðis vatnalagafrumvarpsins sem uppi var á Alþingi vorið 2006 hafi verið tvíþættur. Annars vegar var deilan lagalegs eðlis, þ.e. menn greindi á um hvað í raun fælist í vatnsréttindum landeiganda samkvæmt vatnalögum 15/1923 og hvort breytt orðalag þess réttar í 4. gr. frumvarpsins fæli í sér breytingu á inntaki hans. Hins vegar var ágreiningurinn af pólitískum toga, þ.e. varðaði eignarhald á auðlindum í stærra samhengi.

Með spurningum sem Vatnalaganefnd lagði fyrir fræðimennina Sigurð Líndal og Eirík Tómasson var leitast við að varpa ljósi á fyrri þáttinn, þ.e. hvort breytt orðalag eignarréttarákvæðis vatnalaga nr. 20/2006 frá skilgreiningu 2. gr. vatnalaga nr. 15/1923 hefði áhrif á inntak réttar landeiganda yfir vatni á landi sínu. Niðurstaða fræðimannanna er ekki alls kostar samhljóða.

Að mati Sigurðar Líndal felur breytt orðalag í sér meira en formið eitt; breytingunni fylgi að minnsta kosti breytt áhersla og hún styrki þannig rétt landeigenda. Hann bendir á að það sé meginregla að vatnið sjálft geti ekki verið andlag eignarréttar þótt frá þeirri reglu séu undantekningar og að gera verði greinarmun á straumvatni og stöðuvatni í því sambandi. Þá segir Sigurður að andlag eignarréttar til straumvatns sé bundið við hagnýtingarrétt en vatnið sjálft sé eigandalaust. Eignarréttur landeiganda geti hins vegar náð til kyrrstæðs vatns í stöðuvötnum og tjörnum á eignarlandi hans. Hann bendir hins vegar á að álitamál sé um eignarrétt að sjálfu vatninu innan netlaga stöðuvatna með því að erfitt sé að greina vatnið þar frá því sem er í almenningi stöðuvatnsins. Sigurður telur að ef eignarréttur að vatni fylgi fasteign reyni meira á löggjöf sem setji þeim rétti almenn takmörk í þágu almannahagsmuna og að jafnframt hljóti það heldur að þrengja kosti stjórnvalda til að stýra vatnsnýtingu og kveða á um ráðstafanir á vatnasvæðum í eignarlöndum t.d. í þágu umhverfisverndar.

Eiríkur Tómasson telur hins vegar engin lagarök mæla á móti því að vatn sem efni geti verið andlag eignarréttar að íslenskum rétti að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Til dæmis sjái hann ekkert því til fyrirstöðu, frá lagalegu sjónarmiði, að tiltekið rúmtak vatns í straumvatni, sem renni um land í einkaeigu, sé undirorpið eignarrétti eigandans, enda þótt það hafi ekki verið sérgreint. Eiríkur víkur að túlkun dómstóla og fræðimanna á ákvæðum vatnalaga nr. 15/1923. Vísar hann í því sambandi til dóms Hæstaréttar, H 1963:173 (Öndverðarnesdóms) og viðhorfa tveggja fræðimanna, þeirra Gauks Jörundssonar og Þorgeirs Örlygssonar. Niðurstaða Eiríks er að skynsamlegt sé að kveða á um það í nýjum vatnalögum að landeigandi hafi eignarrétt að vatni á landi sínu, eins og gert sé í 4. gr. vatnalaga nr. 20/2006. Ástæðan sé sú að sé það ekki gert, heldur haldið í orðalag 2. gr. laga nr. 15/1923 án nokkurra frekari lagabreytinga telji hann að vissar líkur séu á því að eigandi lands verði þrátt fyrir það talinn eiga rétt til hvers kyns umráða og hagnýtingar á vatni á landinu jafnvel þótt ekki sé kveðið sérstaklega á um slík umráð eða nýtingu í lögunum. Það er því niðurstaða Eiríks Tómassonar að með gildistöku 4. gr. vatnalaga nr. 20/2006 sé sennilega ekki um að ræða

breytingu á inntaki réttar landeiganda yfir vatni á landi sínu eins og sá réttur hafi verið skilgreindur fræðilega og í framkvæmd. Vegna fortakslauss orðalags greinarinnar telur Eiríkur hins vegar enn brýnna en áður að setja þessum rétti skorður í lögum, og þá með ótvíræðum hætti, áður en eða um leið og hin nýju lög taki gildi, ef vilji löggjafans standi til þess. Að öðrum kosti sé næsta víst að eignarrétturinn yrði ekki skertur frekar með síðari lagasetningu, nema með því að gjalda eigandanum bætur, ef horft sé framhjá almennum og óverulegum takmörkunum sem taldar eru heimilar skv. 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Í niðurstöðukafla álits síns tekur Eiríkur fram að það kynni óneitanlega að þrengja möguleika löggjafans til að skipa vatnamálum með lögum, t.d. með hagsmuni almennings að leiðarljósi, ef hin nýju vatnalög tækju gildi óbreytt. Hann álítur þannig að í vatnalögum nr. 20/2006 felist styrking réttar landeigenda á kostnað almennings og að hætt sé við að í ljósi laganna yrði í mörgum tilvikum litið á takmarkanir á þeim rétti sem eignarnám eða ígildi þess er leiddi til bótaskyldu fyrir ríkið, sbr. 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Eiríkur telur það affarasælast að leiða réttarreglur um vötn og vatnabúskap í lög með heildstæðum hætti þar sem litið yrði til með samræmdum hætti til hagsmuna landeigenda og almennings. Telur Eiríkur jafnframt að samhliða því þyrfti að huga að því hvernig stjórnsýslu þessa málaflokks yrði best fyrir komið til að ná þeim markmiðum sem stefnt væri að með slíkri löggjöf. Í lok álits síns setur Eiríkur fram hugmyndir um breytt orðalag 1. mgr. 1. gr. og 4. gr. vatnalaga nr. 20/2006. Hann segist jafnframt telja að ef farið yrði að tillögum sínum myndi löggjöfin endurspegla betur en nú tvíþætt markmið vatnalaga og jafnframt leggja áherslu á þá meginreglu sem gilt hafi hér á landi frá upphafi að eignarréttur landeigenda að vatni sé takmörkunum háður.

Af framangreindu er ljóst að bæði Sigurður Líndal og Eiríkur Tómasson gera nokkrar athugasemdir við breytingu vatnalaga nr. 20/2006 á skilgreiningu réttinda landeiganda. Sigurður telur breytinguna hafa í för með sér breytta áherslu og muni því frekar styrkja rétt landeigenda. Eiríkur Tómasson er ekki ósammála skilgreiningu 4. gr. nýju vatnalaganna en bendir á að fortakslaust orðalag hennar kalli á að réttindum landeiganda séu sett þau mörk sem tryggi að réttindi almennings haldist óbreytt frá gildandi rétti. Fræðimennirnir eru sammála um að tækju lögin gildi óbreytt og án þess að um leið væri kveðið skýrt á um takmarkanir á rétti landeigenda vegna réttinda almennings eða almannahagsmuna myndi það þrengja möguleika löggjafans til að setja rétti landeigenda mörk síðar án þess að það leiddi til bótaskyldu fyrir ríkið. Þeir Sigurður og Eiríkur eru hins vegar ósammála um það hvort vatn geti verið andlag beins eignarréttar, að minnsta kosti að því er varðar straumvatn.

1.3. Forsendur vatnalöggjafar

Vatnalög nr. 15/1923 eru heildarlöggjöf um vatnamál og með þeim var leitast við að safna í einn lagabálk öllum þeim ákvæðum sem lúta að vatni og réttindum yfir því. Sjónarhorn laganna er að því leyti heildrænt, lögin tóku til flestra þeirra atriða sem vörðuðu vatn og vatnsnot á þeim tíma sem þau voru sett. Lögin hafa að miklu leyti staðið óbreytt þó einstök ákvæði séu brott fallin, en einn þáttur þeirra, um veiði í vötnum, var snemma færður í sjálfstæðan lagabálk. Lögin eru sprottin úr landbúnaðarsamfélagi og bera af því sterkan keim. Vatnsréttindi landeigenda eru fyrirferðarmikil í lögunum sem og grenndarreglur sem marka heimildir og réttindi landeigenda hvers gagnvart öðrum. Þó þetta sé meginviðfangsefni laganna er jafnframt í þeim kveðið skýrt á um takmarkanir sem þessum réttindum eru settar vegna hagsmuna almennings og samfélagsins í heild. Eins og kunnugt er fól setning vatnalaga nr. 15/1923 í sér lyktir langvinnra deilna um hvernig réttindi landeigenda yrðu best skilgreind. Tókust þar á tvö andstæð sjónarmið, annars vegar sjónarmið séreignarstefnunnar

að vatnið væri undirorpið eignarrétti landeigenda og hins vegar sjónarmið allsherjarstefnunnar að vatnið væri eðlis síns vegna óhæft til eignar og að rétt væri að ríkið færi með umráð þess en landeigendum væru áskilin afmörkuð réttindi. Sú niðurstaða sem Alþingi komst að árið 1923 fól í sér að landeigendum var játaður réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni sem á landi þeirra væri en rétturinn var þó skýrt afmarkaður í lögunum og með því lögð áhersla á að hann sætti veigamiklum takmörkunum vegna réttinda annarra.

Vatnalög nr. 15/1923 eru komin til ára sinna og að mörgu leyti ætlað að þjóna samfélagi annarrar gerðar en það sem við búum við í dag. Vatnsnýting hefur breyst því auk hefðbundinna nota hafa nýir nýtingarmöguleikar komið til sögunnar og hér, eins og annars staðar í heiminum, hefur ásókn í vatnsauðlindina aukist til muna. Þó Íslendingar hafi notið þess að búa í landi með ofgnótt vatns er líklegt að stóraukin nýting skapi meiri hættu á hagsmunaárekstrum, bæði togstreitu milli ólíkra nýtingarhagsmuna og einnig milli sjónarmiða um nýtingu og vernd. Hér má einnig minna á að nokkur óvissa er um þróun vatnafars vegna fyrirsjáanlegra loftslagsbreytinga. Það er því ljóst að breyttar aðstæður kalla á þróun vatnalöggjafarinnar svo hún megi þjóna sem best því hlutverki sem henni er ætlað. Þó segja megi að vatnalög nr. 15/1923 séu í sumum atriðum orðin úrelt er mikilvægt að hafa í huga að þau hafa þjónað hlutverki sínu vel, á þeim hafa litlar breytingar verið gerðar og fá ágreiningsmál virðast hafa risið vegna ákvæða þeirra. Ljóst er því að með þeim var sköpuð almenn sátt í samfélaginu sem haldið hefur í hartnær eina öld.

Meginhvatinn að þeirri endurskoðun vatnalaga nr. 15/1923 sem hófst árið 2001 voru þær samfélagsbreytingar sem orðið hafa frá setningu laganna. Í því sambandi hefur m.a. verið nefnt að tækniframfarir hafi orðið og að vægi umhverfisverndar hafi aukist til muna.[4] Forsendur laganna eru að mörgu leyti aðrar en þær sem eldri lögin eru byggð á. Kemur það fram í frumvarpi því er varð að vatnalögum nr. 20/2006 að horfið hafi verið frá því að safna saman á einn stað heildarsafni allra reglna sem lúta að vatni og vatnsnotum. Reglur frumvarpsins eigi þess í stað öðru fremur að endurspegla þær meginreglur sem gildi um eignarhald á vatni, með tilliti til hins sérstaka eðlis þess. Jafnframt því sé þess freistað að móta reglur um skynsamlega stjórn vatnamála og hagkvæma og sjálfbæra nýtingu vatns með tilliti til grenndarhagsmuna og almannahagsmuna. Samræmdar reglur um stjórn og nýtingu auðlinda verði eftir sem áður í sérstakri löggjöf, auðlindalöggjöf, og heimild til raforkuvinnslu úr vatnsorku lúti eftir sem áður reglum raforkulaga.[5]

Vatnalög nr. 20/2006 hafa sætt gagnrýni fyrir að hafa of takmarkað sjónarhorn og fjalla fyrst og fremst um eignarhald og orkunýtingu. Við meðferð frumvarpsins á Alþingi var kallað eftir heildstæðri endurskoðun vatnamála og einkum var í því sambandi vísað til þess löggjafarstarfs sem yrði að fara fram vegna innleiðingar vatnatilskipunar ESB í íslenskan rétt.

Hjá nágrannaþjóðum okkar, Norðmönnum, Svíum og Dönum hefur á undanförum áratug farið fram endurskoðun á vatnalöggjöf. Meginhvati hennar hefur verið aukin áhersla á umhverfisvernd og breytt sjónarmið um auðlindanýtingu og hefur markmiðið um sjálfbæra þróun þar mikla þýðingu. Markmiðið kallar á heildræna stjórnun vatnamála og hefur löggjöf þessara þjóða í auknum mæli verið löguð að auðlindamiðuðu sjónarhorni, þ.e. að viðmiðið er vatnasvæðið sjálft, ástand þess og þolmörk. Innleiðing vatnatilskipunar ESB í sænskan og danskan rétt hefur haft mikla þýðingu í þessu sambandi og hefur hún leitt til breytinga á stjórnsýslu vatnamála hjá þessum þjóðum.

---

[4] Frumvarp til vatnalaga. 132. lþ., 268. mál, þskj. 281, alm. aths., kafli II.
[5] Frumvarp til vatnalaga. 132. lþ., 268. mál, þskj. 281, alm. aths., kafli II. og V.

Bent hefur verið á að sjónarhorn íslensku vatnalaganna nr. 20/2006 sé nokkuð frábrugðið því sem algengast er á Norðurlöndunum, þau séu fremur nýtingarmiðuð og taki einkum mið af hagsmunum landeigenda. Eiríkur Tómasson telur að þess hafi ekki verið gætt nægilega við setningu laganna að eignarrétti landeigenda bæri að setja skorður með tilliti til almannahagsmuna. Gengið hafi verið út frá því að það yrði gert með öðrum lögum. Eiríkur er þeirrar skoðunar að í vatnalöggjöf verði að tryggja að hagsmunum bæði landeigenda og almennings sé gaumur gefinn og telur að affarasælast sé að leiða réttarreglur um vötn og vatnabúskap í lög með heildstæðum hætti þar sem litið yrði til beggja þessara meginsjónarmiða og þau samræmd.

Fyrir dyrum stendur innleiðing vatnatilskipunar ESB í íslenskan rétt. Tilskipunin felur í sér aukna áherslu á umhverfissjónarmið og hagsmuni almennings af stjórn og verndun vatnsauðlindarinnar. Ef tekið er mið af þeim breytingum sem hún hefur haft á löggjöf nágrannaþjóðanna má ætla að innleiðing hennar hér kalli á nokkra endurskoðun á vatnalöggjöfinni, einkum á stjórnsýslu vatnamála.

2. Tillögur Vatnalaganefndar

2.1. Inngangur

Í verkefni sínu við að skoða vatnalög nr. 20/2006 og samræmi þeirra við önnur þau lagaákvæði íslensks réttar sem varða vatn og vatnsréttindi hefur Vatnalaganefnd leitast við að varpa ljósi á heildarsamhengi vatnalöggjafar og þau grundvallarsjónarmið sem hún er reist á. Í þessu skyni hefur nefndin leitað aðstoðar fræðimanna og sérfræðinga á sviði auðlinda- og vatnamála. Niðurstaða nefndarinnar er reist á vandlegri skoðun á þeim gögnum sem hún hefur aflað.

Hér að framan hefur verið vikið að því að breyttar aðstæður í samfélaginu og ný viðhorf í umhverfis- og auðlindamálum kalli á endurskoðaða og skýrari vatnalöggjöf. Þessu er Vatnalaganefnd sammála en telur að skýra kröfu verði þó að gera til þess að þróun löggjafar um vatnsauðlindina sé byggð á víðtækri sátt um þær grundvallarforsendur sem löggjöfin skuli reist á. Þó vatnalög nr. 15/1923 séu komin til ára sinna hafa þau þjónað hlutverki sínu vel, og ljóst er að með þeim var sköpuð almenn sátt í samfélaginu sem haldið hefur í hartnær eina öld. Sáttin fól í sér lyktir langvinnra deilna um skilgreiningu vatnsréttinda, réttinda landeigenda og það hvernig tryggja mætti hagsmuni almennings gagnvart vatnsauðlindinni. Að mati Vatnalaganefndar er það afar brýnt að áfram takist að ná víðtækri samstöðu um löggjöf um þessa mikilvægu auðlind. Það stuðlar að því að regluverkið geti haldist stöðugt til lengri tíma og auðveldar um leið stefnumótun um nýtingu og vernd til framtíðar. Það verður að telja óheppilegt að í samfélaginu ólgi deilur um grundvallarlöggjöf um mikilvægar auðlindir og að hætta sé á að regluverkinu verði umturnað jafnvel á fárra ára fresti í takt við breyttar áherslur þeirra stjórnmálaflokka sem með völd fara hverju sinni. Stöðugleiki í löggjöf og skýrleiki réttinda og heimilda er afar mikilvægur þegar litið er til hagsmuna af vernd og nýtingu vatnsauðlindarinnar og þeirrar margvíslegu atvinnustarfsemi sem á auðlindinni byggist.

Vatnalaganefnd telur, í ljósi þeirra sjónarmiða sem að ofan eru rakin, að rétt sé að gera nokkrar endurbætur á vatnalögum nr. 20/2006. Meginástæða þess er að ekki er tryggt að fullnægjandi tillit verði tekið til hagsmuna almennings taki lögin gildi óbreytt. Telur Vatnalaganefnd vænlegt til að skapa sátt í samfélaginu að réttarreglur um vatn og vatnsréttindi séu leiddar í lög með heildstæðum hætti þar sem litið sé til þeirra ólíku hagsmuna sem við auðlindina eru bundnir. Því álítur nefndin nauðsynlegt að vatnalög, sem grundvallarlöggjöf um

vatn og vatnsréttindi, taki með fullnægjandi og samræmdum hætti mið bæði af hagsmunum landeigenda og almennings þannig að af lögunum verði ráðið að hvaða leyti réttindi annars aðilans lúti takmörkunum vegna hagsmuna hins. Jafnframt telur nefndin að löggjöfin þurfi að endurspegla með skýrari hætti samfélagslega þýðingu vatnsins. Í starfi nefndarinnar hefur formaður hennar lagt ríka áherslu á nauðsyn þess að skapa víðtæka sátt um það hvaða reglur eigi að gilda um ráðstöfun og nýtingu vatnsauðlindarinnar. Eins og áður segir eru við hana bundnir margvíslegir hagsmunir og það er öllum afar mikilvægt að réttarreglur séu skýrar og afdráttarlausar.

Um það virðist almenn samstaða að réttarstaða landeigenda, eins og hún verður ráðin af vatnalögum nr. 15/1923 og réttarþróun, skuli haldast óbreytt og að sá víðtæki réttur gagnvart vatni sem landeigendum er játaður að íslenskum rétti verði ekki skertur. Á sama tíma er það brýnt að mati Vatnalaganefndar að löggjöfin endurspegli með skýrum hætti að þessi réttur lýtur takmörkunum vegna réttinda og hagsmuna annarra. Hér er rétt að hafa í huga það sem fram kemur í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því er varð að vatnalögum nr. 20/2006 að þrátt fyrir breytta skilgreiningu á réttindum landeigenda hafi verið gengið út frá því að inntak réttindanna héldist óbreytt. Með hliðsjón af þeim samtvinnuðu hagsmunum sem við vatnsauðlindina eru bundnir og óvissu um framtíðarhorfur í vatnamálum og þróun vatnsnýtingar er rétt að skoða hvort nauðsynlegt sé að ætla löggjafanum svigrúm til að setja frekari ákvæði um auðlindina til að tryggja hagsmuni almennings og samfélagsins í heild. Jafnframt verður að ganga út frá þeirri grundvallarforsendu að vatnsréttindi einstaklinga, að því marki sem þau njóta verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, verða ekki skert bótalaust.

Á grundvelli þeirrar vinnu sem fram hefur farið í Vatnalaganefnd hefur nefndin komið sér saman um tillögur að endurskoðun vatnalaga nr. 20/2006. Tillögurnar eru settar fram í fjórum liðum en lögð er á það áhersla að þær ber að skoða sem órofa heild. Miða þær að því að afmarka og skýra rétt almennings jafnt sem landeigenda gagnvart vatni og byggja á því sjónarmiði að það verði einungis gert með því að skoða í samhengi þá hagsmuni sem við vatnsauðlindina eru bundnir.

Fyrsta tillaga Vatnalaganefndar varðar skilgreiningu eignarráða landeiganda og afmörkun almannaréttar. Önnur tillagan lýtur að breytingu á markmiðsákvæði vatnalaga og sú þriðja að endurskoðun stjórnsýsluákvæða laganna og skipulags stjórnsýslu vatnamála. Fjórða tillagan lýtur svo að frestun gildistöku vatnalaga nr. 20/2006 til að skapa svigrúm fyrir þær endurbætur sem nefndin telur að fram þurfi að fara á lögunum. Tillögurnar beinast þannig að afmörkuðum þáttum en ekki er útilokað að einhverjar frekari breytingar á lögunum séu nauðsynlegar til að tryggja innra samræmi þeirra. Hér á eftir verður fjallað um hverja tillögu fyrir sig.

2.2. Réttindaskilgreining 4. gr. vatnalaga nr. 20/2006

Þó umboð Vatnalaganefndar standi ekki til þess að gera beinar og ítarlegar tillögur um breytingar á vatnalögum nr. 20/2006 telur nefndin rétt að leggja til að orðalag 4. gr. laganna verði endurskoðað. Ljóst er að um þessa grein hafa skapast miklar deilur sem ekki hefur reynst unnt að kveða niður þrátt fyrir að miklar og ítarlegar umræður. Ágreiningur er því enn um þau áhrif sem breytt orðalag skilgreiningar laganna á réttindum landeiganda muni hafa taki þau gildi óbreytt. Þá er umdeilt að hvaða marki vatn geti talist andlag beins eignarréttar að íslenskum rétti. Vatnalaganefnd leggur áherslu á mikilvægi þess að sátt náist um grundvallarskilgreiningu réttindanna.

Í þessu sambandi minnir nefndin á þann löggjafarvilja að baki samþykkt vatnalaga nr. 20/2006 að ekki yrði um að ræða breytingu á inntaki réttinda landeigenda frá núgildandi rétti. Eins og áður segir virðist um þetta atriði almenn samstaða. Skilgreining réttindanna verður þannig að taka mið af því að þetta markmið náist og þarf því að endurspegla samspil réttinda landeigenda og almennings þannig að ljóst sé að réttindi beggja séu takmörkuð vegna hagsmuna hins eins og skýrt má ráða af jákvæðri skilgreiningu vatnalaga nr. 15/1923 á umráða- og hagnýtingarrétti landeigenda.

Nefndin telur ekki útilokað að réttindi landeiganda megi skilgreina með neikvæðum hætti sé þess gætt að taka skýrt fram að þau lúti veigamiklum takmörkunum vegna réttinda annarra. Með því að breyta skilgreiningu réttar landeiganda úr jákvæðri í neikvæða væri unnt að móta einfaldara en jafnframt heildstætt og skýrt regluverk þar sem umráða- og hagnýtingarréttur landeigenda yrði meginregla en frá henni yrðu skýrar undantekningar til að tryggja réttindi almennings og annarra einstaklinga.

Vatnalaganefnd bendir þó á, og telur rétt að halda því til haga, að breyting skilgreiningarinnar frá jákvæðri til neikvæðrar getur leitt til þess, komi í framtíðinni fram nýir hagnýtingarmöguleikar á vatni sem nú eru óþekktir, að þeir falli landeigendum í skaut, ef ekki er annað ákveðið í lögum. Þetta atriði þyrfti að skoða sérstaklega og það hvaða möguleika löggjafinn hafi til þess að bregðast síðar við ófyrirséðum aðstæðum.

Til að skýra rétt almennings og tryggja almannahagsmuni er brýnt að mati Vatnalaganefndar annars vegar að kveða með skýrari hætti á um bein réttindi almennings til vatnsnota, bæði til neyslu vatns í eignarlöndum, til umferðar um vötn og rétt til baða sem og um þær takmarkanir sem þeim rétti verða settar með tilliti til hagsmuna landeigenda. Nefndin tekur þó ekki afstöðu til þess hvort þessi ákvæði eigi betur heima í náttúruverndarlögum en í vatnalögunum sjálfum. Hins vegar þarf að áliti nefndarinnar að endurskoða stjórnsýsluákvæði vatnalaga nr. 20/2006 í því skyni að betur verði tryggt að við töku ákvarðana og stjórn vatnsnýtingar verði tekið mið af ólíkum hagsmunum sem við vatnsauðlindina eru tengdir, þar með töldum hagsmunum almennings. Erfitt er að telja með tæmandi hætti upp alla þá hagsmuni sem felldir verða undir hugtakið almannahagsmunir. Telur Vatnalaganefnd ljóst að hugtakið verði ekki túlkað þröngt heldur verði felldir undir það allir þeir hagsmunir sem hafa umtalsverða samfélagslega þýðingu, t.d. vernd náttúru og lífríkis, aðgengi almennings að náttúrunni, umferðarréttur, verndun menningarminja, svo og hagsmunir komandi kynslóða. Er þessi skilningur í takt við skýringu hugtaksins í norrænum rétti.

Vatnalaganefnd leggur einnig til að mörk þeirra heimilda sem VII. kafli vatnalaga nr. 20/2006, um mannvirki, mælir fyrir um verði skýrð með hliðsjón af meginreglunni í 13. gr. laganna og að skýrar verði kveðið á um að hvaða leyti þær lúti takmörkunum vegna hagsmuna almennings og annarra einstaklinga.

2.3. Markmiðsákvæði vatnalaga

Eins og getið er í inngangi hér að ofan telur Vatnalaganefnd það farsælast að réttarreglur um vatn og vatnsréttindi séu leiddar í lög með heildstæðum hætti þar sem litið sé til þeirra ólíku hagsmuna sem við auðlindina eru bundnir. Nefndin álítur því nauðsynlegt að vatnalög, sem grundvallarlöggjöf um vatn og vatnsréttindi, taki með fullnægjandi og samræmdum hætti mið bæði af hagsmunum landeigenda og almennings. Hið fjölþætta hlutverk laganna þyrfti að mati nefndarinnar að koma skýrt fram í markmiðsákvæði þeirra þar sem lögð væri áhersla á samfélagslega hagsmuni tengda nýtingu og vernd vatnsauðlindarinnar. Vatnalaga-

nefnd leggur til að markmiðsákvæði vatnalaga nr. 20/2006 verði endurskoðað með tilliti til þessara sjónarmiða. Nefndin tekur þó ekki afstöðu til þess hvernig slíkt ákvæði yrði orðað.

2.4. Stjórnsýsla vatnamála

Tillaga Vatnalaganefndar varðandi stjórnsýsluþátt vatnalaga nr. 20/2006 er þríþætt.

Hún lýtur í fyrsta lagi að endurskoðun stjórnsýsluákvæða laganna til að tryggja betur að þau taki mið af ólíkum hagsmunum sem við vatnsauðlindina eru tengdir og þjóni þannig betur fjölþættu hlutverki sínu. Þar þarf m.a. að huga að því að tryggt verði að við töku ákvarðana á grundvelli laganna verði tekið tillit til sjónarmiða er varða almannahagsmuni, t.d. verndarsjónarmiða og sjónarmiða um skynsamlega nýtingu auðlindarinnar til framtíðar. Sem dæmi skulu í þessu sambandi nefnd ákvæði um vatnstöku en ljóst er að stórfelld vatnstaka getur haft áhrif á grunnvatnsstöðu og grannsvæði og skaðað ýmsa þá hagsmuni sem því tengjast. Það er nauðsynlegt að um vatnstöku gildi skýrar reglur, bæði með tilliti til hagsmuna þeirra sem ráðast í umfangsmiklar framkvæmdir og fjárfestingar til slíkrar hagnýtingar og eins til að tryggt sé að áhrif hennar á umhverfi og hagsmuni annarra verði skoðuð áður en til framkvæmda kemur.

Í öðru lagi lýtur þessi tillaga Vatnalaganefndar að því að stjórnsýsluákvæði vatnalaga verði gerð skýrari. Í þessu sambandi bendir nefndin á greinargerð Orkustofnunar til Vatnalaganefndar þar sem stofnunin gerir athugasemdir við ýmis ákvæði laganna sem lúta að stjórnsýsluhlutverki stofnunarinnar og telur þau að ýmsu leyti óskýr. Sama niðurstaða er af samanburði Aagotar V. Óskarsdóttur á stjórnsýsluákvæðum laganna við löggjöf nágrannaþjóðanna. Meðal þeirra atriða sem bent er á eru ákvæði er varða upplýsingagjöf til stjórnvalda, ákvarðanir um leyfisveitingu, heimild stjórnvalda til að setja skilyrði fyrir framkvæmdum, eftirlitshlutverk stjórnvalda og úrræði þeirra í því sambandi. Að mati Vatnalaganefndar er brýnt að stjórnsýsluákvæði vatnalaga séu skýr, bæði hvað varðar valdheimildir stjórnvalda til að grípa inn í hagsmuni og réttindi einstaklinga og eins það sem lýtur að málsmeðferð vatnamála. Óskýr og ómarkviss stjórnsýsla getur hamlað eðlilegri nýtingu auðlindarinnar og jafnframt staðið því í vegi að réttmætt tillit verði tekið til almannahagsmuna. Nefndin leggur því til að stjórnsýsluákvæði vatnalaga nr. 20/2006 verði endurskoðuð með tilliti til þessara þátta og að þá verði reynt að ná sem bestu samræmi við stjórnsýsluákvæði annarra laga á þessu sviði. Í þessu sambandi bendir Vatnalaganefnd á að í skýrslu nefndar þeirrar er skipuð var á grundvelli bráðabirgðaákvæðis við lög nr. 57/1998, sbr. lög nr. 5/2006, eru gerðar tillögur um breytingar á stjórnsýslu auðlindamála sem eðlilegt er að hafa til hliðsjónar í þessu sambandi.

Í þriðja lagi varðar tillaga Vatnalaganefndar skipulag stjórnsýslu vatnamála. Í íslenskri stjórnsýslu eru vatnamálefni á verkefnaskrá margra ráðuneyta og kann það að mati Vatnalaganefndar að hamla því að nægileg yfirsýn náist í málaflokknum. Í greinargerð Orkustofnunar til Vatnalaganefndar er lögð áhersla á þetta atriði en þar er vikið að nauðsyn þess að heildarsýn ríki um stjórnsýslu vatnsauðlinda á Íslandi bæði hvað varðar nýtingu þeirra og varðveislu. Ljóst er að innleiðing vatnatilskipunar ESB mun kalla á breytingar á stjórnsýslu vatnamála sem miða að heildstæðara skipulagi en í tilskipuninni er gert ráð fyrir að stjórnsýslan miðist við vatnasvið en ekki hefðbundin stjórnsýslumörk. Vatnalaganefnd telur mikilvægt að stjórnsýsla vatnamála sé skipulögð á heildstæðan hátt og telur því rétt að fram fari heildarendurskoðun á skipulagi hennar í tengslum við innleiðingu vatnatilskipunar ESB. Með þessu tekur nefndin þó ekki afstöðu til þess hvaða stjórnvöld eigi að fara með meginábyrgð málaflokksins.

2.5. Frestun gildistöku vatnalaga nr. 20/2006

Með vísan til þeirrar niðurstöðu Vatnalaganefndar að fram þurfi að fara ítarleg endurskoðun á ákveðnum þáttum vatnalaga nr. 20/2006 telur nefndin óhjákvæmilegt að gildistöku þeirra verði frestað svo að skapað sé svigrúm fyrir þá vinnu sem nefndin telur nauðsynlegt að ráðist verði í. Enn fremur leggur nefndin til að vinnunni verði hraðað eins og kostur er. Með hliðsjón af verkefnaskiptingu Stjórnarráðs Íslands, sbr. reglugerð nr. 3/2004, leggur Vatnalaganefnd til að á vegum iðnaðarráðherra verði skipuð nefnd sem fengið verði það hlutverk að endurskoða þá þætti sem hér er kveðið á um. Vegna mikilvægrar aðkomu umhverfisráðuneytisins að vatnamálum og hlutverks forsætisráðherra samkvæmt þjóðlendulögum telur Vatnalaganefnd eðlilegt að haft verði samráð við umhverfisráðherra og forsætisráðherra um skipun nefndarinnar.

Í samræmi við framangreint leggur Vatnalaganefnd til að gildistöku vatnalaga nr. 20/2006 verði frestað tímabundið meðan nefndin vinnur að endurskoðun laganna.

Fylgiskjal II.

Vatnatilskipun Evrópusambandsins (Directive 2000/60/EC).[1]

1. Inngangur

Vatnatilskipun Evrópusambandsins var samþykkt árið 2000 (Directive 2000/60/EC): Tilskipunin var samþykkt inn í EES-samninginn haustið 2007 og lögleiðingu hennar hér á landi þarf að ljúka fyrir haustið 2010.

Rammatilskipun um vatn tengir ýmsar tilskipanir á sviði vatnsmála, eins og t.d. tilskipun um fráveitur og skólp undir eina rammalöggjöf. Tilskipunin gerir ráð fyrir samþættingu í stjórn vatnamála og að fjallað verði um málefni vatns heilstætt innan vatnasviða. Þannig tekur tilskipunin til verndar á vatni og vistkerfum í vötnum og vistkerfum sem tengjast vötnum þ.m.t. til sjálfbærrar nýtingar á vatni með verndarsjónarmið að leiðarljósi. Vatnsgæði eru skilgreind með hliðsjón af líffræði, efnafræði og umgerð vatna (morphology).

Með tilskipuninni voru innleiddar nokkrar nýjungar við stjórn vatnsmála í Evrópu. Ein nýjungin er að vatnsstjórnun var tengd vatnasviðum í heild, sem landfræðilegum og vatnafræðilegum einingum. Önnur eru tímasett markmið að vernd vatnavistkerfa. Þriðja nýjungin er að tryggja aðgang almennings að skipulagningu vatnsmála og sú fjórða varðar samþættingu hagrænna tækja. Til viðbótar eru í tilskipuninni tilvísanir til þátta eins og þurrka, flóða, og vatnsformfræðilegra þátta (þ.m.t. framkvæmda vegna vatnsstýringar) auk tilvísunar í sjálfbæra, jafna og réttláta nýtingu vatns. Vatnsnotkun er skilgreind sem vatnsþjónusta (vatnstaka, miðlun, geymsla, hreinsun eða dreifing sem og söfnun og hreinsun skólps) auk þess öll önnur starfsemi sem hefur umtalsverð áhrif á ástand vatns og talin er upp í viðauka).

Meginástæða þess að Evrópusambandsríkin grípa til rammalöggjafar á þessu sviði er að þau hafa víða gengið nærri vatnsauðlindinni, bæði með beinni notkun og ekki síður óbeinni, á þann hátt að hluti starfseminnar hefur áhrif á vatnabúskapinn og getur með því annað hvort

---

[1] Þessi greinargerð umhverfisráðuneytisins er birt sem 8. kafli skýrslu Vatnalaganefndar. Skýrsla Vatnalaganefndar ásamt ritgerðum, álitum og öðru efni sem nefndin hefur aflað. Reykjavík 2008, bls. 147–152.

spillt fyrir notkun þess, eða valdið óæskilegum breytingum á vatnavistkerfum. Hingað til hefur meginähersla verið lögð á að verjast mengun með því að skilgreina losunarmörk.

Á Íslandi hafa á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir verið settar reglugerðir sem varða varnir gegn mengun vatns. Þær vísa í meginatriðum til samsvarandi tilskipana ESB sem nú falla undir rammatilskipunina. Lög um matvæli taka einnig til neysluvatns. Í reglugerðunum er kveðið á um m.a.: að hindra losun tiltekinna efna og draga úr losun annarra, að beita bestu fáanlegu tækni við starfsemi og jafnvel viðbótarráðstöfunum þegar ástæða er til. Tilskipunin gengur lengra en að taka þröngt til áhrifa vegna mengunar, heldur er nánast öll starfsemi undir sem haft getur áhrif á ástand vatns og lífríki vatna.

2. Helstu markmið vatnatilskipunar ESB

Meginmarkmið Vatnatilskipunar ESB er annars vegar að hindra að vatnsgæði rýrni meira en orðið er, og hins vegar að reyna að bæta ástand vatna[2] í þeim tilfellum þar sem það er mögulegt samfara nýtingu þeirra.

a) Almenn verndarsjónarmið, þ.e. að vernda vatn, t.d. gegn mengun, að vernda vistkerfi í vatni og vistkerfi háð vötnum og tryggja sjálfbæra nýtingu vatns.

b) Laga stjórnkerfi að því að taka heilstætt á vatnsmálum og koma á aðgerðum til þess að bæta úr ástandi vatns, koma á samræmdu mats- og eftirlitskerfi og söfnun og miðlægri greiningu á miklu magni upplýsinga um ástand vatnsumhverfisins til að stjórnvöld hafi nauðsynlegar upplýsingar til þess að taka ákvörðun um skynsamlega sjálfbæra stefnumörkun í vatnsmálum.

c) Koma á samráði við almenning sem byggir á gegnsæi og birtingu upplýsinga.

Umhverfismarkmið tilskipunarinnar verða lagalega bindandi og byggjast á því að hægt sé að knýja þau fram. Hins vegar er sveigjanleiki í leiðum/tækjum til þess að ná fram þessum markmiðum og hægt að fara eigin leiðir að uppfylltum vissum formskilyrðum. Markmiðin varða bæði magn og gæði vatns og gæði vatnavistkerfa eða vistkerfa sem eru háð vatninu.

3. Helstu framkvæmdaratriði við innleiðingu

Við innleiðingu tilskipunarinnar þarf að framfylgja strangri tímaáætlun. Árið 2010 á að vera lokið við að skilgreina vatnasvið (Vatnaskrá). Ennfremur að setja lög og reglur um stjórnkerfi fyrir framkvæmd tilskipunarinnar (Vatnasviðaráð). Á árinu 2011 þarf að ljúka útgáfu vatnaskráa og skýrslu um ástand vatna og vistkerfa, og greiningu á álagi sem þau verða fyrir af starfsemi manna og greiningu á því hvernig samfélagslegir og efnahagslegir þættir fléttast inn í stöðu vatnanna.

Skipta má framkvæmdinni í fjóra hluta:

- Fyrsti hluti framkvæmdarinnar felst í lögfestingu hér á landi.
- Annar hlutinn í söfnun og úrvinnslu upplýsinga og kortagerð (GIS).
- Þriðji hlutinn í gerð stjórnunaráætlunar fyrir vatnasvið og að tengja hana við stjórnsýsluuppbygginguna í landinu.
- Fjórði hlutinn í að fylgja eftir stjórnunaráætlunum og að byggja upp vöktun og eftirlitskerfi með vatni og vatnsgæðum.

---

[2] Vatn, flt. vötn er hér notað í víðtækri merkingu. Víðtæk merking er nokkuð hefðbundin í íslensku máli, sbr. kranavatn, stöðuvatn, grunnvatn, jökulvötn, bergvötn, lindavötn o.s.frv.

Aðgerðaráfangarnir eru þessir:

1. Að skilgreina vatnasvið (vatnaskrá), skipta í vatnsstjórnarsvæði, og setja á stofn vatnasviðaráð fyrir 2010 (greinar 3 og 24).
2. Lýsa ástandi vatnasvæða, greina álag á þau og gera efnahagslega greiningu á vatnsnotkun fyrir 2011 (greinar 5 og 6, viðaukar II og III).
3. Taka þátt í að gera samræmt flokkunarkerfi til að meta vistgæði fyrir 2013 (gr. 2 (22) og viðauki V).
4. Hefja vöktun samkvæmt skilgreindu vöktunarkerfi árið 2013 (grein 8).
5. Setja fram áætlun um ráðstafanir sem byggist á niðurstöðum liða 2 og 3 hér að framan árið 2016 (grein 11 og viðauki III).
6. Gefa út stjórnunaráætlun fyrir vatnasviðaumdæmi árið 2016 (greinar 13 og 4 (3)).
7. Kostnaðargreina feril vatns frá vatnsnámi til losunar (vatnsveitu og skólpfráveitu) og tryggja endurheimt kostnaðar (þ.m.t. eftirlitskostnað) í samræmi við mengunarbótareglu til að stuðla að sjálfbærri nýtingu fyrir 2017 (grein 9).
8. Aðgerðaráætlun komi til framkvæmda árið 2019 (grein 11).
9. Markmiðum náð árið 2022 (grein 4).

4. Um stjórnsýslufyrirkomulag

Hinn 21. mars 2001 skipaði umhverfisráðuneytið í samráði við iðnaðarráðuneytið starfshóp sem fengið var það hlutverk að fara yfir og meta kostnað við upplýsingaöflun vegna innleiðingar tilskipunar 2000/60/EB um aðgerðaramma EB um stefnu á sviði vatnamála (rammatilskipunar um vatn) hér á landi. Þegar drög að aðlögunartexta fyrir EES/EFTA-ríkin vegna upptöku rammatilskipunarinnar í EES-samninginn lágu fyrir, þ.e.a.s. á hvaða forsendum tilskipunin yrði tekin upp í EES-samninginn og þar með hvaða skuldbindingar væru fyrirsjáanlegar hvað Ísland varðaði skilaði starfshópurinn af sér tillögum til umhverfisráðherra þann 12. mars 2007. Tillögurnar tóku á hinu upprunalega verkefni starfshópsins sem sneri að tæknilegum og faglegum atriðum í liðum 1 (vatnaskrá), 2 (lýsing á ástandi og álagi) og 3 (flokkunarkerfið). Markmiðið með þeim verkefnum er að útbúa tæki þannig að stjórnvöld hafi nauðsynlegar upplýsingar til þess að taka ákvarðanir um skynsamlega og sjálfbæra stefnumörkun í vatnsmálum og til að koma á samræmdu mats- og eftirlitskerfi.

Augu manna beindust í fyrstu aðallega að þessum innleiðingarþætti. Ástæðan var hinn mikli kostnaður sem var fyrirsjáanlegur við þessa samantekt gagna. Til lengri tíma snúast áherslurnar um framkvæmd tilskipunarinnar væntanlega meira um markmið tilskipunarinnar, þ.e. hvernig viðhald og vernd vatnsgæða verði tryggð, en um rannsóknir.

Starfshópnum var ljóst að mikilvægur þáttur í framkvæmd tilskipunarinnar var útistandandi, en hann snýr að því með hvaða hætti stjórnsýslufyrirkomulag vegna vatnsverndar er fyrir komið í stjórnkerfinu. Einu fyrirmæli tilskipunarinnar hvað það varðar eru að vatnasvið séu minnstu stjórnunareiningarnar og þeim skuli skipa niður í vatnasviðaumdæmi. Heimilt er að skipta vatnasviðaumdæmum í undirsvæði í hagræðingarskyni vegna skýrslugerða. Starfshópurinn gerði því tillögur um að umhverfisráðherra skipaði sérstakan starfshóp til þess að gera tillögur að frumvarpi til laga um stjórnsýslufyrirkomulag eins og kveðið er á um í tilskipuninni. Stjórnun innan vatnasvæða er í dag fyrst og fremst á forræði sveitarstjórna hér á landi. Skipulagsvaldið er hjá þeim og sama er að segja um veitingu starfsleyfa og eftirlit sem er á vegum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Ýmis lög snerta þessa þætti og t.d. má benda á matvælalög hvað varðar neysluvatn, lög um lax og silungsveiði hvað varðar sjálfbæra

nýtingu og framkvæmdir í eða við veiðivötn. Vatnalög sem kveða m.a. á um rétt sveitarfélaga til vatnsnáms.

5. Hvað á að gera við innleiðingargögnin sem safnað er?

Tilskipunin gerir ráð fyrir

- að á grundvelli greiningar á eiginleikum og ástandi vatns og vatna, verði lagt mat á það hvort þörf sé á aðgerðum til úrbóta, og ef svo er að settar verði áætlanir um ráðstafanir til þess að ná fram markmiðum tilskipunarinnar.
- allt framangreint verði samantekið í stjórnunaráætlun fyrir vatnasviðaumdæmið, og að samráð verði haft við almenning um gerð þeirrar áætlunar.

Ísland þarf að gera yfirlit yfir stöðu mála og sýna fram á að gripið verði til viðeigandi ráðstafana til að ná markmiðum tilskipunarinnar, sem er gott ástand vatns og vatna. Eftir það ber að fylgjast með að ástandið versni ekki og beita til þess endurteknum (reglulegum) úttektum og eftirlitsrannsóknum og, ef þörf krefur, endurbæta eða semja nýjar áætlanir um ráðstafanir.

Við skilgreiningar og mat á vatnsgæðum á að nota líffræðilega gæðaþætti, auk þeirra efnafræðilegu og eðlisfræðilegu. Þetta þýðir að skilgreina þarf vatnsgæði m.t.t. líffræðilegra gæðaþátta og taka upp eftirlit byggt á þessum þáttum þar sem eftirlits er krafist.

Ef niðurstöður sýna að ástand vatns sé gott er ekki þörf ráðstafana (no problem – no action). Ef ástand vatns er jafn gott og við höfum haldið fram ætti kostnaður vegna ráðstafana að vera lítill sem enginn. Því gætu áætlanir um ráðstafanir verið einfaldar, en í stjórnunaráætlunum gæti verið stefna og markmið til vatnsverndar. Sama er að segja um vöktun. Hún þyrfti ekki að vera mjög íþyngjandi ef hún er vel skipulögð.

6. Hvað þýðir þetta fyrir ríki og sveitarfélög?

a) Ríkið mun sjá um lögleiðingu og innleiðingarferli tilskipunarinnar og standa undir kostnaði við vatnafræðilega flokkun, kortagerð og söfnun og úrvinnslu upplýsinga um ástand vatna.

Hins vegar ættu sveitarstjórnir (þ.m.t. heilbrigðiseftirlitið) að leggja til tiltæk gögn t.d. vegna kortlagningar vatnsverndarsvæða og fyrir mat á ástandi.

b) Ef Ísland verður allt skilgreint sem eitt vatnasviðaumdæmi mun ríkið væntanlega sjá um hinn almenna hluta stjórnunaráætlunarinnar.

Stjórnunaráætlunina þarf að vinna í samráði við sveitarstjórnir, enda kann hún að hafa áhrif á uppbyggingu og skipulag sveitarfélaga.

Framkvæmd ráðstafana til vatnsverndar er í dag að meginhluta til í höndum sveitarfélaga. Sértækar áætlanir eða aðgerðir eiga að taka til vatnasvæða í heild. Þetta hefur væntanlega í för með sér að við lagasetningu um stjórnsýslufyrirkomulag vatnsverndar þarf að tryggja samstarfsvettvang sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila t.d. Samorku um vatnsverndarmál.

c) Almenn vöktun, skv. vöktunaráætlun, mun a.m.k. að hluta til vera hlutverk ríkisins eins og nú. Bæta þarf magn og gæði umhverfisupplýsinga og tryggja gagnaflæði og úrvinnslu. Vöktun og gagnaskil verða lagalega bindandi. Verið er að setja upp gagnakerfi fyrir vatn WISE (Water Information System for Europe) sem tekur við gögnum m.a. vegna vatnatilskipunar. Einnig er verið að vinna að gerð tæknilegra skilyrða fyrir sýnatökur og greiningar. Líklegt er að staða Íslands sem sérstakt vistsvæði hvað varðar landvistir muni hafa í för með sér sérstakar rannsóknir og síðar eftirlit. Íslensk strandsvæði eru hins vegar hluti vistsvæðis sem nær til Bretlandseyja og annarra eyja á hafsvæðinu norðan þeirra ásamt Skandinavíu.

Eftirlit (eftirlitsmælingar, vöktun, rannsóknir) með áhrifum vegna starfsemi, framkvæmda og landnýtingar er aðallega hlutverk sveitarfélaga. Þetta hlutverk hvað varðar mengunarvarnaeftirlit er nú þegar skilgreint í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Líklegt er að áherslan á líffræðilega gæðaþætti feli í sér að efla þurfi eftirlitskerfið og taka upp eftirlit sem beinist meira að lífríkinu. Þetta á bæði við um núverandi eftirlit t.d. vegna losunar skólps, en einnig eftirlit vegna framkvæmda og landnýtingar.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum, nr. 20/2006.

Markmið frumvarpsins er að fresta gildistöku vatnalaga, nr. 20/2006, til 1. júlí 2010. Jafnframt er gert ráð fyrir að skipuð verði nefnd sem falið verði að endurskoða ákvæði vatnalaga, nr. 20/2006.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs vegna þess verði óveruleg og muni rúmast innan fjárheimilda iðnaðarráðuneytisins.

24. Tillaga til þingsályktunar [24. mál]

um stofnun barnamenningarhúss.

Flm.: Katrín Jakobsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Höskuldur Þórhallsson, Katrín Júlíusdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Jón Magnússon.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að setja á stofn starfshóp sem undirbúi stofnun barnamenningarhúss, móti því stefnu, finni hentugt húsnæði og geri tillögu um fjárhagsgrundvöll til fimm ára. Barnamenningarhús verði miðstöð fyrir menningarstarf fyrir börn, með börnum og skapað af börnum. Stefnt verði að því að barnamenningarhús geti hafið störf á degi barnsins í maímánuði 2010.

Greinargerð.

Hugmyndir um barnamenningarhús eða barnamenningarstofnun hér á landi eru ekki nýjar af nálinni. Samtök um barnamenningarstofnun voru stofnuð 16. nóvember 2002, á degi íslenskrar tungu, og voru stofnfélagar um 50 manns. Samtökin létu vinna skýrslu um forsendur fyrir slíkri stofnun, hugsanlegar útfærslur og kostnað við ólíkar gerðir stofnana. Talsvert af því sem fram kemur hér á eftir er tekið úr þessari skýrslu en hún var unnin af Sigurði Valgeirssyni og kom út árið 2004.

Barnamenning er oft skilgreind sem þríþætt fyrirbæri: Menning sköpuð af börnum, menning fyrir börn og menning með börnum. Ólíkum gerðum barnamenningar er víða sinnt vel hérlendis. Hér verður ekki farið út í að tíunda það góða starf sem unnið er í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum; íþróttafélögum og alls kyns listnámsskólum, tónlistar-

skólum, myndlistarskólum, dansskólum og svo mætti lengi telja. Ekki verður heldur talið upp allt það barnamenningarstarf sem er sinnt á bókasöfnum, listasöfnum og minjasöfnum, í leikhúsum og öðrum menningarstofnunum. Hins vegar hefur aldrei verið ráðist í að koma á fót sérstakri stofnun sem einbeitir sér að barnamenningu, tengir saman krafta ólíkra listgreina og stofnana og sinnir því hlutverki að hvetja börn til listsköpunar jafnframt því að miðla menningu fyrir börn.

Á Norðurlöndunum hefur verið lögð mikil áhersla á barnamenningu enda er norræn barnamenning í fremstu röð í heiminum. Íslendingar eru aðilar að norrænu samstarfi um barna- og unglingamenningu á vettvangi Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar og kallast það NORDBUK (http://www.norden.org/kultur/barn/is/index.asp?lang). Þá tekur Ísland einnig þátt í evrópsku samstarfi, Evrópa unga fólksins (http://www.euf.is/euf/). Eigi að síður er hér engin sérstök barnamenningarstofnun starfandi eins og víðast hvar annars staðar á Norðurlöndum. Á fjórum Norðurlandanna eru nú reknar barnabókastofnanir. Sænska barnabókastofnunin, Svenska barnboksinstitutet (SBI), var stofnuð 1965, finnska stofnunin, Suomen Nuorisokirjallisuuden Instituutti (SNI), var stofnsett 1978, sú norska, Norsk barnebokinstitutt (NBI) var opnuð ári síðar. Í Kaupmannahöfn var svo stofnuð miðstöð fyrir barnabækur, Center for Børnelitteratur, árið 1998. Allar stofnanirnar hafa það hlutverk að halda úti sérsafni á sviði barnabóka, auk þess að styðja á margvíslegan hátt rannsóknir á barna- og unglingabókum og fræða fólk um þær. Þetta eru mismunandi stofnanir sem eru skipulagðar á ólíkan hátt en byggjast allar fyrst og fremst á framlagi frá hinu opinbera en fá auk þess framlög úr öðrum áttum. Þessar stofnanir eru einkum ætlaðar fullorðnum.

Í skýrslu Sigurðar Valgeirssonar sem unnin var fyrir Samtök um barnamenningarstofnun kemur fram að árið 2003 voru starfandi 19 barnamenningarhús í Svíþjóð, 15 í Danmörku, eitt í Noregi og átta í Finnlandi. Þessi hús eru mjög ólík innbyrðis, með ólíkar áherslur og þar er ýmist unnið með börnum, barnamenning rannsökuð eða menning kynnt fyrir börnum. Segja má að tvenns konar áherslur séu áberandi í barnamenningarhúsum. Annars vegar er lögð mikil áhersla á upplifunina í sjálfu húsinu og listsköpun og starf innan fjögurra veggja. Hins vegar er annaðhvort eingöngu eða að minnsta kosti jafnmikil áhersla lögð á að örva hvers konar barnamenningu á því svæði sem starfið nær til. Þessi hús geta jafnvel verið litlar skrifstofur sem breiða samstarf um barnamenningu yfir stórt svæði.

Barnamenningarhús gæti orðið miðstöð fyrir það góða barnamenningarstarf sem unnið er í landinu. Ekki er ólíklegt að kjarnastarfsemi hússins snerist um bókmenntir en ekki er vanþörf á að hvetja börn og unglinga til að lesa. Þarna væri hægt að sjá fyrir sér öfluga miðstöð fyrir fræðimenn á þessu sviði, kynningarstarfsemi fyrir börn og unglinga sem gætu komið og kynnt sér einstaka höfunda og verk þeirra, uppákomur tengdar ólíkum tegundum barnamenningar og miðstöð fyrir alla þá sem vinna að menningu með börnum og fyrir börn.

Með tillögunni var fylgiskjal: Á að stofna barnamenningarhús á Íslandi? Skýrsla unnin fyrir Samtök um barnamenningarstofnun. Sigurður G. Valgeirsson. Reykjavík, 2004.

25. Frumvarp til laga [25. mál]

um breyting á lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Flm.: Bjarni Harðarson, Magnús Stefánsson, Höskuldur Þórhallsson,
Árni Johnsen, Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Land innan þinglýstra landamerkja jarðar telst allt háð beinum eignarrétti hins þinglýsta eiganda. Geri íslenska ríkið kröfu um að land jarðar eða hluti þess teljist þjóðlenda hefur það sönnunarbyrðina um að þinglýst landamerkjabréf jarðar eða önnur sönnunargögn um eignarrétt að jörð séu haldin verulegum ágöllum, þannig að draga megi gildi þeirra í efa. Komist óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að sá sem lýsir sig eiganda jarðar bresti löglega eignarheimild að jörðinni og komi ekki fram sönnunargögn frá þriðja aðila um betri rétt hans til umræddslands telst það þjóðlenda.

Eigendum jarða þar sem ekki nýtur þinglýstra landamerkja er heimilt að sýna fram á eignarrétt sinn með öðrum sönnunargögnum en þinglýstum landamerkjabréfum, þar á meðal með tilvísunum til þinglýstra landamerkjabréfa aðliggjandi fasteigna.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Hafi óbyggðanefnd eða dómstólar ákvarðað fyrir gildistöku laga þessara að land innan þinglesinna merkja jarðar sé þjóðlenda skal fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara þinglýsa að eigin frumkvæði og á kostnað ríkisins yfirlýsingu á viðkomandi fasteign þess efnis að það falli frá rétti sínum samkvæmt ákvörðuninni.

Telji íslenska ríkið að uppfyllt séu skilyrði þess að færa sönnur fyrir þeim ágalla í eignarheimild þinglýsts eiganda sem lýst er í 1. mgr. 7. gr. getur ríkið krafist þess innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara að mál viðkomandi jarðar verði tekið fyrir að nýju fyrir óbyggðanefnd. Skal óbyggðanefnd verða við kröfunni og taka málið fyrir innan þriggja mánaða frá því að krafa barst henni. Um málsmeðferðina fer eftir almennum reglum laganna.

Geri íslenska ríkið hvorki reka að því að þinglýsa athugasemd um fráfall réttinda né að krefjast fyrirtöku máls hjá óbyggðanefnd innan greindra sex mánaða fresta frá gildistöku laganna getur landeigandi krafist þess að þinglýsingarvaldsmaður afnemi þinglýsta þjóðlendulínu innan marka jarðar og skal sýslumaður gera það landeiganda að kostnaðarlausu.

3. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 58/1998 er ekki að finna sérstakar sönnunarreglur sem gildi í þjóðlendumálum, þ.e. um ágreining um hvort land teljist eignarland eða þjóðlenda. Skýrt var tekið fram í undirbúningsgögnum laganna að niðurstöður skuli ráðast af almennum sönnunarreglum. Er þetta orðað þannig í greinargerð með lagafrumvarpinu: „Ekki verði í lögum settar sérstakar

sönnunarreglur eða lagaskilyrði fyrir því að land teljist eignarland í merkingu laganna, heldur ráðist það af almennum sönnunarreglum og réttarheimildum sem færðar eru fram í hverju einstöku tilviki.“

Óumdeilt er að almennt var talið að sú sönnunarregla gilti í ágreiningsmálum um eignarrétt að fasteignum að sá sem taldi til eignarréttar yfir fasteign, sem var þinglýst eign annars, bar sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingu sinni um betri rétt. Um þetta má vísa til HR 1961:629, sbr. og Þorgeir Örlygsson: Kaflar úr eignarrétti I, Handrit til kennslu við lagadeild Háskóla Íslands, Reykjavík 1998, en ekki síður til Ólafs Lárussonar: Eignarréttur I, Reykjavík 1950. Þar segir m.a. á bls. 150: „Það myndi vera rétt að telja þann mann, sem hefur þinglýsta heimild til eignarinnar, eiga tilsvarandi rétt yfir henni, þar til annað sannaðist, með öðrum orðum, sá sem vill véfengja heimild, sem styðst við veðmálabækurnar, myndi hafa sönnunarbyrðina um það, að sú heimild væri ógild.“

Verður að ætla að þegar þjóðlendufrumvarpið var til umræðu og ákvörðunar á Alþingi, þá hafi alþingismenn við samþykkt frumvarpsins gengið út frá því að þinglýstar eignarheimildir og þar með þinglýst landamerkjabréf hefðu sama sönnunargildi sem fyrr og að eigendur jarða með þinglýst landamerki mættu treysta því að við merkjum jarða þeirra yrði ekki hnikað nema fram kæmi sönnun um heimildarbrest þeirra.

Þegar ríkið tók að gera kröfur fyrir óbyggðanefnd um það hvernig skyldi draga línur milli þjóðlendna og eignarlanda einstakra jarða kom í ljós að ríkið virti ekki eignarheimildir samkvæmt þinglýstum landamerkjabréfum, sem eigendum jarða hafði verið gert skylt að gera samkvæmt fyrirmælum í eldri landamerkjalögum, nr. 5/1882, og yngri landamerkjalögum, nr. 41/1919, undir umsjón sýslumanna. Skyldi sýslumaður á manntalsþingi grennslast eftir, hvort þessum skyldum hefði verið fullnægt að viðlögðum sektum (sbr. dóm Hæstaréttar 15. nóvember 2001 í málinu nr. 170/2001). Óvænt féllst Hæstiréttur á röksemdir ríkisins um takmarkað sönnunargildi þinglýstra eignarheimilda að fasteignum. Gerði Hæstiréttur þær kröfur til eigenda jarða, sem ríkið gerði eignartilkall til, að til viðbótar þinglýstum landamerkjabréfum samkvæmt landamerkjalögunum frá 1882 eða 1919 yrðu þeir að leggja fram frekari og eldri gögn sem styddu sannindi hinna þinglýstu landamerkjabréfa. Í þessu felst að Hæstiréttur lítur svo á að það væru eigendur jarðanna sem gerðu eignartilkall á hendur ríkinu og því bæru þeir sönnunarbyrðina um eignarrétt sinn að landi innan þinglýstra landamerkja. Hæstiréttur gerði ekki neinar sönnunarkröfur á hendur ríkinu þess efnis að það sýndi fram á að eignarheimildum þinglýstra eigenda væri áfátt. Hér var um nýja sönnunarreglu í íslenskum rétti að ræða sem mótuð var af Hæstarétti án þess að regla þessi ætti stuðning í ákvæðum þjóðlendulaga eða öðrum réttarheimildum. Ekki verður ráðið af dómum Hæstaréttar hvert er tilefni mótunar þessarar nýju sönnunarreglu og hvers vegna þörf var á nýrri og strangari sönnunarreglu þrátt fyrir þær forsendur í undirbúningsgögnum laganna að almennar sönnunarreglur íslensks réttar skyldu gilda um mat á eignarheimildum. Í sératkvæði Ólafs Barkar Þorvaldssonar hæstaréttardómara í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 27/2007, sem kveðinn var upp hinn 4. október 2007, segir m.a.: „Ég tel að í fyrrnefndum dómum Hæstaréttar hafi rétturinn á ýmsan hátt gert strangari kröfur til sönnunarfærslu um eignarréttindi að fasteignum en rétt hefði verið að gera og finna má einnig eldri fordæmi fyrir að áður hafi verið gert.“

Afstaðan í sératkvæði þessu er í samræmi við það sem þeir lögmenn sem flutt hafa þjóðlendumál fyrir Hæstarétti hafa byggt á, en Hæstiréttur hefur ekki í þjóðlendudómum sínum fallist á röksemdir þeirra, án þess þó að rökstyðja að skilyrði aukinnar sönnunarbyrði eigi sér lagastoð.

Svo sem augljóst má telja er núverandi eigendum jarða nánast gert ókleift að axla þá sönnunarbyrði sem Hæstiréttur hefur á þá lagt samkvæmt framansögðu, enda eru nú liðin fjögur kynslóðabil frá því að megnið af landamerkjabréfunum voru gerð og þeim þinglýst. Ólíklegt er að varðveist hafi þau gögn og upplýsingar sem landamerkjabréfin voru byggð á er þau voru gerð. Þá er rétt að vekja athygli á að hending ein ræður því hvort til eru eldri gögn sem styðja hinar þinglýstu landamerkjalýsingar. Helst er að gögn séu varðveitt um jarðir sem voru í eigu kirkju, klaustra eða konungs vegna reikningshalds þessara stofnana og eignaskráa. Miklu síður eru til gögn um jarðir sem ekki voru í eigu stofnana þessara. Þrátt fyrir það eru gerðar sömu kröfur um gögn um eigendasögu kotjarða sem konungsjarða.

Í frumvarpi þessu er lagt til að úr framangreindu verði bætt með því að orða í lögunum þá almennu sönnunarreglu sem talin var gilda þegar þjóðlendulögin tóku gildi og vísað er til í undirbúningsgögnum laganna. Verður hér og að hafa í huga að allt frá gildistöku fyrri landamerkjalaganna frá 1882 hefur að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni.[1] Í sumum tilvikum hefur beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hverrar skyldu ráða veiði á landi.[2] Hér má að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr.[3] Regla þessi á rætur að rekja til ákvæða í Grágás og Jónsbók.[4]

Með vísan til ofanritaðs og í ljósi tilgangs landamerkjalaga og síðari meðferðar hins opinbera á þinglýstum jarðeignum, m.a. með skattlagningu, hafa jarðeigendur lengi mátt vænta þess að jarðir með þinglýstum landamerkjum teljist beinum eignarrétti undirorpnar. Njóta þessar væntingar verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu. Núverandi þinglýstir eigendur jarðanna eru ekki höfundar hinna þinglýstu landamerkjabréfa. Þeir hafa eignast jarðirnar í flestum tilvikum fyrir kaup eða arf, en í sumum tilvikum á opinberum uppboðum, og hafa því verið í góðri trú um gildi þinglýstra landamerkja jarða sinna. Sú góða trú nýtur verndar íslensks réttar.

Að lokum er þess að geta að með samþykki frumvarps þessa sparast verulegir fjármunir þar sem kröfur ríkisins verða hér eftir með öðrum hætti en verið hefur. Fram til þessa hefur ríkið gert kröfur fyrir óbyggðanefnd inn fyrir þinglýst landamerki fjölmargra jarða og skipta þær hundruðum. Hefur kröfugerð þessi, sem í flestum tilvikum hefur verið árangurslaus fyrir ríkið, haft í för með sér stórfellda gagnaöflun um sérhverja þessara jarða allt frá landnámi til þessa dags. Hefur gagnaöflunin verið á herðum landeigenda og lögmanna þeirra, svo og óbyggðanefndar, sem hefur falið Þjóðskjalasafni Íslands framkvæmd verulegs hluta gagnaöflunarinnar fyrir sína hönd. Þessi gagnaöflun hefur kostað landeigendur verulegan tíma og fyrirhöfn sem ekki fæst bætt. Einnig hefur ríkið haft óbærilegan kostnað af kröfugerð og málarekstrinum, bæði fyrir nefndinni og dómstólum, og er ekki séð fyrir endann á þeim ágreiningsmálum. Þá ber ríkið kostnað af störfum óbyggðanefndar og þeirra lögmanna sem

---

1 Sjá t.d. *Jónsbók* 1904, s. 188–192 (56.–57. k. llb.), 1. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, 1. mgr. 121. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932, 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941, 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954, 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957, 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966, 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og 2. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

2 Sjá t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954, og 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966.

3 Sjá nú einnig 2.–3. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

4 Sjá t.d. *Grágás* 1992, s. 324–325, 350–351 (34., 35. og 52. k. lbþ.). *Jónsbók* 1904, s. 188–190 (56. k. llb.).

koma að málunum, enda er skylt að veita landeigendum gjafsókn og gjafvörn í málunum. Að lokum skal þess getið að rekin eru fáein mál landeigenda gegn ríkinu fyrir Mannréttindadómstól Evrópu og kunna dómar þar að hafa í för með sér að endurskoða verði þau úrslit sem þegar hafa fengist fyrir dómstólum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að í lögin um þjóðlendur verði tekin viðtekin sönnunarregla íslensks réttar, þannig að vefengi ríkið eignarrétt þinglýsts eiganda að jörð hefur ríkið sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingum þess efnis að hinn þinglýsti eigandi hafi ekki eignarrétt að öllu landi innan merkja jarðarinnar. Ríkið verður að sýna fram á að eignarheimild að jörð sé ógild eða sé svo áfátt að sá sem á henni byggir teljist ekki hafa sýnt fram á eignarrétt sinn. Því aðeins að svo standi á og þriðji aðili, sem gefur sig fram, geti ekki sannað eignarrétt sinn að viðkomandi landi telst landið þjóðlenda með þeim takmörkunum sem leiða kann af varanlegum afnotum, svo sem upprekstrarrétti, en slíkur afnotaréttur, sé hann fyrir hendi, telst þá hefðhelgaður.

Óhjákvæmilegt er að taka fram í lagaákvæðinu að heimilt sé að sanna eignarrétt að jörðum og landamerki jarða með öðrum hætti en með þinglýstum landamerkjum, enda er í 44. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, mælt fyrir um frjálst mat á sönnun og ekki er að finna sérreglu um að sanna skuli eignarrétt að jörðum með þinglýstum eignarheimildum eingöngu.

Um 2. gr.

Í fáeinum tilvikum hefur Hæstiréttur dæmt að hluti lands jarðar skuli teljast þjóðlenda og eru dómar þessir byggðir á fyrrnefndri strangri sönnunarreglu mótaðri af Hæstarétti í þjóðlendumálum. Þeir dómar hafa þegar haft réttaráhrif og eru bindandi milli málsaðila. Lagt er til að íslenska ríkið falli frá þeim rétti sem þannig hefur stofnast því til handa og þinglýsi yfirlýsingu þar um á viðkomandi jarðir að eigin frumkvæði og á sinn kostnað. Með þessari reglu er tryggt jafnræði milli jarðeigenda í landinu í þeim skilningi að þeir sitja allir við sama borð sem hafa fært fram sambærileg sönnunargögn fyrir eignarrétti sínum og merkjum jarða sinna.

Telji ríkið að í þeim tilvikum sem um er fjallað í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða sé um að ræða slíka ágalla á eignarheimildum landeigenda að þeim hluta landsins sem dómstólar hafa úrskurðað sem þjóðlendu að telja verði að landeiganda hefði brugðist sönnun um eignarrétt sinn og landamerki jarðar sinnar samkvæmt þeirri sönnunarreglu, sem gerð er tillaga um í 1. gr. frumvarps þessa, getur ríkið krafist þess innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara fyrir óbyggðanefnd að nefndin taki málið fyrir að nýju og fjalli um kröfur ríkisins út frá fyrrnefndri sönnunarreglu. Skal reka málið að nýju fyrir nefndinni með þeirri breytingu sem leiðir af hinni lögfestu sönnunarreglu. Heimilt verður að leggja niðurstöðu nefndarinnar fyrir dómstóla með sama hætti og önnur þjóðlendumál.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

26. Frumvarp til laga [26. mál]

um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Flm.: Jón Magnússon, Guðjón A. Kristjánsson, Grétar Mar Jónsson.

1. gr.

Við 35. gr. laganna bætast þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:

11. Skuldabréf og tryggingabréf sem tryggð eru með veði í fasteign og gefin eru út vegna kaupa á íbúðarhúsnæði.
12. Kaupsamningar sem gefnir eru út vegna kaupa á íbúðarúsnæði.
13. Afsöl sem gefin eru út vegna kaupa á íbúðarhúsnæði.

2. gr.

35. gr. a fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að skuldabréf og tryggingabréf sem tryggð eru með veði í fasteign og gefin eru út vegna kaupa á íbúðarhúsnæði skuli vera stimpilfrjáls samkvæmt lögum nr. 36/1978 og því ekki greitt stimpilgjald af slíkum skjölum. Þá er einnig lagt til að kaupsamningar og afsöl sem gefin eru út vegna kaupa á íbúðarhúsnæði skuli vera stimpilfrjáls og því ekki greitt stimpilgjald af þeim skjölum. Lagt er til að þrír nýir töluliðir bætist við 35. gr. laganna, þ.e. 11.–13. tölul., en jafnframt falli brott gr. 35 a, sbr. lög nr. 59/2008.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir „Stimpilgjald í fasteignaviðskiptum verði afnumið á kjörtímabilinu þegar aðstæður á fasteignamarkaði leyfa.“ Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 17. febrúar 2008, í tengslum við gerð kjarasamninga, kemur fram eftirfarandi: „Þá mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að stimpilgjöld falli niður vegna lána til kaupa á fyrstu fasteign.“ Í framhaldi af því var á síðasta löggjafarþingi lagt fram stjórnarfrumvarp um breytingar á lögum um stimpilgjald þar sem kveðið var á um að skuldabréf og tryggingabréf, sem tryggð eru með veði í fasteign og gefin eru út til fjármögnunar fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði einstaklings, skyldu vera stimpilfrjáls að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Frumvarpið fékk fullnaðarafgreiðslu sem lög frá Alþingi, lög nr. 59/2008. Þau kveða á um að tiltekin skjöl séu stimpilfrjáls, svo sem nánar er kveðið á um. Í stað þess að breyta 35. gr. laga um stimpilgjald, eins og hér er lagt til, var samþykkt ný grein, 35. gr. a. Með frumvarpi þessu er lagt til að breytingalögin verði í raun felld brott, sbr. 2. gr., og þess í stað bætist ný ákvæði við 35. gr. laga um stimpilgjald.

Þær breytingar sem lagt er til að verði gerðar á 35. gr. felast í nýjum töluliðum, 11., 12. og 13. tölul. Þar er í 11. tölul. kveðið á um að skuldabréf og tryggingabréf, sem tryggð eru með veði í fasteign og gefin eru út vegna kaupa á íbúðarhúsnæði, verði stimpilfrjáls. Sú meginbreyting verður þá að stimpilgjöld falla niður af öllum skuldabréfum og tryggingabréfum vegna fasteignakaupa og skiptir þá ekki máli hvort um kaup á fyrstu íbúð eða síðari íbúðum er að ræða. Þá skiptir ekki máli hvort viðkomandi aðili á íbúð og/eða íbúðir fyrir eða ekki. Eins og að framan greinir falla samkvæmt breytingunni sem hér er lögð til stimpilgjöld

niður af öllum skuldabréfum og tryggingabréfum sem tryggð eru með veði í fasteign og gefin eru út vegna kaupa á íbúðarhúsnæði.

Í 12. tölul. er kveðið á um að kaupsamningar sem gefnir eru út vegna kaupa á íbúðarhúsnæði séu stimpilfrjálsir.

Í 13. tölul. er kveðið á um að afsöl sem gefin eru út vegna kaupa á íbúðarhúnæði séu stimpilfrjáls.

Með samþykkt frumvarps þessa verða skjöl sem varða almenn fasteignaviðskipti með íbúðarhúsnæði stimpilfrjáls. Ekki verða þá greidd stimpilgjöld af skjölum vegna kaupa eða sölu íbúðarhúsnæðis eða skuldabréfa og/eða tryggingabréfa sem gefin eru út vegna kaupanna.

Á árinu hafa fasteignaviðskipti verið mjög lítil og mun minni en undanfarin ár. Einkum hefur dregið úr viðskiptum með íbúðarhúsnæði. Margt kemur til en einkum skortur á lánsfé á viðunandi kjörum. Mikilvægt er að stuðla að því að eðlileg viðskipti með fasteignir geti átt sér stað á nýjan leik og niðurfelling stimpilgjalds á löggerningum sem varða viðskipti með íbúðarhúsnæði er liður í því að glæða viðskipti með slíkar fasteignir.

Þá er lagafrumvarp þetta í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og á það bent sérstaklega í því sambandi að í stjórnarsáttmálanum er vikið að því að stimpilgjaldið skuli afnumið á kjörtímabilinu þegar aðstæður á fasteignamarkaði leyfa. Viðmiðun og áhersluatriði stjórnarsáttmálans eru að aðstæður á fasteignamarkaði leyfi. Ekki er fyllilega ljóst hvað átt er við í með orðunum „aðstæður á fasteignamarkaði leyfa“ en þau verða tæpast skýrð með öðrum hætti en þeim að átt sé við að ríkisstjórnin hafi miðað við að afnema stimpilgjaldið í fasteignaviðskiptum þegar þeirri spennu linnti sem var til staðar þegar stjórnarsáttmálinn var gerður. Að því er best verður séð eru þær aðstæður komnar fram sem miðað var við að þyrftu að vera til staðar svo að staðið yrði við fyrrgreint fyrirheit í stjórnarsáttmálanum.

Tekið skal fram sérstaklega að verði frumvarpið að lögum leiðir af sjálfu sér að ákvæði laga nr. 59/2008 falla brott en ákvæði þeirra eru óþörf þegar 35. gr. hefur verið breytt svo sem sem hér er lagt til. Með þessu frumvarpi eru lagðar til einfaldar almennar reglur fyrir fólkið í landinu sem auðvelt er að framfylgja og þarf ekki flókið eftirlit eða skoðun hjá þinglýsingardómurum þegar þær breytingar sem frumvarpið felur í sér hafa náð fram að ganga.

Með samþykkt frumvarps þessa er verður starf við þinglýsingar einfaldað og hægt er að fella niður flókið eftirlitskerfi með borgurunum. Frumvarpið felur í sér heildstæðar reglur um afnám stimpilgjalds á löggerninga sem varða íbúðakaup. Þá verða ákvæði um stimpilfrjáls skjöl mun einfaldari en nú er nái frumvarpið fram að ganga.

Um 1. gr.

Þeir þrír nýju töluliðir sem er lagt er til í 1. gr. frumvarpsins að bætist við 35. gr. laganna hafa samkvæmt orðanna hljóðan það í för með sér að skuldaskjöl, kaupsamningar og afsöl í viðskiptum með íbúðarhúsnæði verða stimpilfrjáls. Með þessum ákvæðum verður auk heldur meiri hvati fyrir fólk að þinglýsa löggerningum um íbúðakaup þegar þau hafa átt sér stað. Slíkt eykur öryggi á markaðnum. Undanfarið hefur það iðulega gerst að kaupendur fasteigna hafa dregið að þinglýsa löggerningum um fasteignakaup sín vegna hárra stimpilgjalda.

Um 2. gr.

Með því að þeir þrír töluliðir, sem lagðir eru til í 1. gr., verði samþykktir sem viðbót við núverandi ákvæði 35. gr. laga um stimpilgjald verður 35. gr. a laganna óþörf. Ákvæði 35. gr. a er sérákvæði sem samþykkt var nú í vor, sbr. lög nr. 59/2008. Ákvæði 35. gr. a fela í sér að tiltekin skjöl sem þinglýst er við kaup einstaklings á fyrstu íbúð, með frekari skilyrðum

sem kveðið er á um í lögunum, eru stimpilfrjáls. Með samþykkt frumvarps þessa er almennt kveðið á um að þau skjöl sem tilgreind eru í frumvarpinu, sbr. 1. gr., verði stimpilfrjáls og nær það þá yfir þau skjöl sem fjallað er um í lögum nr. 59/2008. Ákvæði 35. gr. a laga um stimpilgjald yrðu því óþörf þar sem ákvæði 1. gr. frumvarpsins eru mun víðtækari en núverandi 35. gr. a laganna.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

27. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]

um endurbætur björgunarskipa.

Flm.: Jón Gunnarsson, Gunnar Svavarsson, Árni Þór Sigurðsson,
Guðjón A. Kristjánsson, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að beita sér fyrir því að ráðist verði í markvissar endurbætur björgunarskipa á árunum 2009–2014. Einnig ályktar Alþingi að könnuð verði þörf og möguleikar á að fá enn öflugri skip á tiltekna staði á landinu.

Greinargerð.

Árið 2002 var markvisst byrjað á því að endurnýja og efla björgunarskipaflota Slysavarnafélagsins Landsbjargar og hefur bæst við skipaflotann síðan þá. Nú eru björgunarskip Landsbjargar 14 talsins og eru þau staðsett þar sem slysahætta er talin mest vegna sjósóknar. Útbreiðsla björgunarskipanna er því nú orðin mjög ásættanleg og lætur nærri að dekkun á A1-hafsvæðinu náist á um 5–6 tímum eftir útkall (sjá fylgiskjal).

Ljóst er að þörfin fyrir björgunarskipin er mikil en á árinu 2006 voru 96 útköll skráð á landsvísu eða tæplega sjö á hvert skip. Það eru eingöngu útköll þar sem hætta eða vá er talin vera fyrir hendi. Þar að auki sinna björgunarskipin ótal öðrum verkefnum og æfingum, m.a. með þyrlum og varðskipum Landhelgisgæslunnar. Lætur nærri að keyrslutími á hvert skip sé 200–300 stundir á ári. Árið 2005 var gerður samningur milli Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Landhelgisgæslu Íslands og dómsmálaráðuneytisins um nýtingu Landhelgisgæslunnar á björgunarskipunum til eftirlitsstarfa. Starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa þegar haldið námskeið fyrir hluta af áhöfnum björgunarskipanna til að uppfylla þau skilyrði sem Landhelgisgæslan setur.


Þau skip sem Slysavarnafélagið Landsbjörg notar nú eru svokölluð ARUN-björgunarskip sem eru talin mjög örugg og hafa reynst afar vel við íslenskar aðstæður. Þessi skip voru keypt notuð af konunglegu bresku sjóbjörgunarsamtökunum í mjög góðu ásigkomulagi. Skipin höfðu reglulega farið í skipulagt viðhald, svokallaða klössun, en nú er svo komið að þrjú til fjögur elstu skipin þurfa að fara í slíka klössun. M.a. þarf að skipta um vélar þar sem þær eru orðnar of gamlar og slitnar en erfitt er að fá varahluti í þær. Með nýjum og öflugri vélum fengist meiri ganghraði, meiri langdrægni og rekstraröryggi ásamt því að eldsneytiseyðsla, og þar með rekstrarkostnaður, mundi lækka umtalsvert.

Búast má við að öll önnur skip í skipaflotanum þurfi jafnframt slíka klössun á næstu árum. Einnig eru tæki og búnaður að einhverju leyti úrelt en gríðarleg þróun hefur orðið í siglinga- og leiðsögutækjabúnaði síðustu ár og því er nauðsynlegt að endurnýja hann. Þar sem skrokkur og yfirbygging skipanna er í mjög góðu ástandi er talið hagkvæmt að fara í slíkar aðgerðir þar sem skipin endist þá a.m.k. í 15 ár til viðbótar. Líklegt er að kostnaður sé u.þ.b. 20 millj. kr. á skip án virðisaukaskatts en líklega mundi nýsmíði á samsvarandi skipi ekki kosta undir 150 millj. kr.

Slysavarnafélagið Landsbjörg skipaði fyrir nokkru nefnd í samstarfi við Landhelgisgæsluna sem falið var að skoða staðsetningu björgunarskipanna og athuga einnig hvort ástæða væri til að fá stærri og öflugri skip, sem rekin væru á sama grunni og núverandi skip, á staði þar sem aðstæður í hafinu geta verið erfiðari. Nefndina skipuðu skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna og skipherra hjá Landhelgisgæslunni auk fyrrverandi yfirmanns tilkynningaskyldunnar. Niðurstaða þessa hóps liggur fyrir og full ástæða er til að skoða málið nánar.

Fylgiskjal.

Útbreiðsla björgunarskipa.



28. Frumvarp til laga [28. mál]

um breyting á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki skulu greiða 0,00603% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,408% af bókfærðum iðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,215% af þeim iðgjöldum sem miðlað hefur verið á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 300.000 kr.
4. Verðbréfafyrirtæki skulu greiða 0,064% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr.
5. Verðbréfamiðlanir skulu greiða 0,064% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 350.000 kr.
6. Rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf skulu greiða 0,006% af eignum rekstrarfélags og viðkomandi sjóða samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr.
7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,84% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 350.000 kr.
8. Kauphallir, skipulegir verðbréfamarkaðir og markaðstorg fjármálagerninga skulu greiða 0,61% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 350.000 kr.
9. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,00923% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 750.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 1.220.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna, 2.130.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tíu milljörðum til tuttugu og fimm milljarða króna, 3.970.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tuttugu og fimm milljörðum til eitt hundrað milljarða króna og 4.580.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við hreina eign til greiðslu lífeyris.
10. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 300.000 kr.
11. Íbúðalánasjóður skal greiða 0,0028% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
12. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 300.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Eignarhaldsfélög á fjármálasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði, blönduð eignarhaldsfélög, blönduð eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu greiða fastagjald sem nemur 1.500.000 kr.

Útgefendur hlutabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, skulu greiða fastagjald tengt fjárhæð markaðsvirðis útgefinna hlutabréfa sinna. Greiða skal 350.000 kr. fastagjald vegna hlutabréfa að markaðsvirði undir fimm milljörðum króna, 1.000.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá fimm til tuttugu og fimm milljarða króna, 3.000.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá tuttugu og fimm til eitt hundrað milljarða króna, 5.900.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá eitt hundrað til fimm hundruð milljarða króna og 8.500.000 kr. vegna hlutabréfa með markaðsvirði yfir fimm hundruð milljarða króna.

Útgefendur skuldabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, skulu greiða fastagjald tengt fjárhæð markaðsvirðis útgefinna skuldabréfa sinna. Greiða skal 100.000 kr. fastagjald vegna skuldabréfa að markaðsvirði undir einum milljarði króna, 170.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá einum til fimm milljarða króna, 380.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá fimm til tíu milljarða króna, 660.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá tíu til fimmtíu milljarða króna, 1.050.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá fimmtíu til tvö hundruð milljarða króna og 1.200.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði yfir tvö hundruð milljarða króna.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum, segir:

„Fyrir 1. júlí ár hvert skal Fjármálaeftirlitið gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila skv. 5. gr.

Skýrslu Fjármálaeftirlitsins skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því áliti. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 1. júní ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds skal viðskiptaráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi.“

Áætlað álagt eftirlitsgjald á árinu 2008 er 915 millj. kr. en frumvarpið gerir ráð fyrir 1.116 millj. kr. árið 2009 og nemur áætluð hækkun á milli ára 201 millj. kr. eða um 22%. Áætlaður rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins árið 2008 er 904 millj. kr. en áætlaður rekstrarkostnaður á árinu 2009 nemur 1.192 millj. kr. sem er hækkun um 288 millj. kr. eða tæp 32%.

Engum blandast hugur um nauðsyn öflugs eftirlits með starfsemi fyrirtækja á fjármálamarkaði. Til þess að svo megi vera verður eftirlitsaðilinn að vera vel búinn hvað búnað og aðstöðu varðar og hafa yfir að ráða nægu, vel menntuðu og hæfu starfsfólki sem er bært til

þess að leggja mat á stöðu eftirlitsskyldra aðila og framfylgni reglna á hverjum tíma. Hremmingar sem fjármálafyrirtæki um heim allan hafa lent í undanfarin missiri kalla enn fremur á öfluga eftirlitsaðila. Aukin eftirlitsverkefni erlendis, fjölþættari starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja, aukin þátttaka í samstarfi við erlenda eftirlitsaðila og ný verkefni sem löggjafinn hefur falið Fjármálaeftirlitinu gera það enn fremur nauðsynlegt að efla enn starfsemi þess. Að auki er stefnt að því að Fjármálaeftirlitið flytji í nýtt og hentugra húsnæði á árinu 2009.

Í fylgiskjali I, skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2009, er að finna sundurliðun einstakra kostnaðarliða. Til frekari glöggvunar er hér gerð grein fyrir helstu kostnaðarliðum í rekstri Fjármálaeftirlitsins, samkvæmt áætlun fyrir árið 2009:

Launakostnaður.

Laun og launatengd gjöld eru áætluð 882,7 millj. kr. árið 2009 samanborið við 675,7 millj. kr. samkvæmt áætlun 2008. Hækkun launakostnaðar milli ára er því 207 millj. kr. eða 30,6%. Viðskiptaráðherra ákvarðar laun stjórnarmanna og verða þau 10,8 millj. kr. á árinu 2009 samanborið við 10,4 millj. kr. árið 2008. Nánari sundurliðun á hækkun launakostnaðar er að finna í skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2009 og rök fyrir þörf á viðbótarstarfsmönnum er að finna í fylgiskjali skýrslunnar (Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár).

Húsaleiga og rekstur á húsnæði.

Stefnt er að flutningi Fjármálaeftirlitsins í hentugra húsnæði í byrjun júní 2009. Leiguverð hækkar þá töluvert frá endurskoðaðri áætlun 2008 þar sem nýtt húsnæði verður stærra enda rúmar núverandi húsnæði Fjármálaeftirlitsins ekki starfsemi þess. Samtals er kostnaður vegna húsaleigu og reksturs húsnæðis áætlaður 57,5 millj. kr. á árinu 2009 samanborið við 34,5 millj. kr. á árinu 2008 sem er hækkun um 66,7%.

Rekstur tölvubúnaðar.

Gert er ráð fyrir að rekstur tölvubúnaðar og sérfræðiþjónusta vegna tölvumála hækki um 12,5 millj. kr., eða um 17,9%, úr 70 millj. kr. áætlun fyrir árið 2008 í 82,5 millj. kr. á árinu 2009. Hækkunin stafar fyrst og fremst af verðhækkunum á vélbúnaði, notendahugbúnaði og rekstrarvörum vegna gengisbreytinga og fjölgunar starfsmanna.

Ferðakostnaður erlendis.

Gert er ráð fyrir að ferðakostnaður erlendis hækki um 17,9% milli ára og verði 33,0 millj. kr. Gert er ráð fyrir 200 ferðum á næsta ári á móti rúmum 180 árið 2008. Fjölgunin skýrist af auknum umsvifum viðskiptabanka og vátryggingafélaga erlendis og auknu samstarfi eftirlita á Evrópska efnahagssvæðinu.

Rekstrarkostnaður samtals.

Samtala gjaldaliða án úrskurðarnefnda er áætluð 1.192,2 millj. kr. á árinu 2009 samanborið við 904,3 millj. kr. samkvæmt endurskoðaðri áætlun ársins 2008 eða 31,8% hækkun milli ára.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að álagt eftirlitsgjald verði 1.116 millj. kr. árið 2009 og er skipting þess milli flokka eftirlitsskyldra aðila byggð á mati sem grundvallast á tímaskráningu Fjármálaeftirlitsins.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir óbreyttum lágmarksgjöldum á fjármálafyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir, rekstrarfélög, kauphallir og aðra skipulega verðbréfamarkaði, verðbréfamiðstöðvar vátryggingafélög, vátryggingamiðlara, og Íbúðalánasjóð. Sama á við um fastagjöld á innlánsdeildir samvinnufélaga, Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóði samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir

fjárfesta. Breytingar eru hins vegar gerðar á þrepaskiptum fastagjöldum lífeyrissjóða samkvæmt frumvarpinu en miðað er við að hlutur þessara gjalda verði hverju sinni um 60% af heildarálagningu eftirlitsgjalds á lífeyrissjóðina í samræmi við óskir Landssamtaka lífeyrissjóða. Þá er samkvæmt frumvarpinu gert ráð fyrir breytingu á þrepaskiptum fastagjöldum á útgefendur hluta- og skuldabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi. Gert er ráð fyrir að þessir aðilar beri um 9% af álögðu eftirlitsgjaldi á árinu 2009 og er öll álagningin samkvæmt þrepaskiptu gjaldi.

Með innheimtulögum, nr. 95/2008, sem taka gildi í ársbyrjun 2009, og samþykkt voru á Alþingi þann 29. maí 2008, er Fjármálaeftirlitinu falið að fara með leyfisveitingar og eftirlit vegna innheimtustarfsemi. Skulu þeir aðilar sem eftirlitið nær til taka þátt í greiðslu rekstrarkostnaðar Fjármálaeftirlitsins með greiðslu eftirlitsgjalds. Eftirlit þetta tekur til tilgreindrar starfsemi viðskiptabanka, sparisjóða, annarra lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. Þessir aðilar þurfa þó ekki sérstakt starfsleyfi vegna innheimtustarfseminnar. Umsóknir um innheimtuleyfi liggja ekki enn fyrir hjá Fjármálaeftirlitinu og ekki er enn ljóst hve margir aðilar eða hverjir munu sækjast eftir slíku leyfi. Forsendur til álagningar eftirlitsgjalds með tilvísun til innheimtulaganna eru því óljósar og er slík álagning því ekki lögð til í frumvarpinu. Nefna ber hins vegar að samkvæmt rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir tveimur nýjum stöðugildum vegna eftirlits samkvæmt innheimtulögum á árinu 2009.

Með frumvarpi þessu eru birt sem fylgiskjöl gögn sem tilheyra rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2009. Þau eru eftirfarandi:

I. Skýrsla til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2009, skv. 2. gr. l. nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
II. Sérstök skýrsla, „Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár.“ Fylgiskjal með skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2009.
III. Umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila „Um rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2009.“

Í þessum gögnum er að finna nánari sundurgreiningu á einstökum kostnaðarliðum, umfram það sem að framan greinir, auk margvíslegra upplýsinga er varða verkefni og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins og varpa nánara ljósi á rekstrartölurnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingar skv. 1. mgr. á álagningarhlutföllum frá gildandi lögum skýrast af lögbundnu endurmati á kostnaðarskiptingu við rekstur Fjármálaeftirlitsins, þróun álagningarstofna eftirlitsskyldra aðila og mati á kostnaðardreifingu, sbr. fylgiskjal I með frumvarpinu. Þannig er gert ráð fyrir að álagningarhlutföll viðskiptabanka, sparisjóða, lánafyrirtækja og rekstrarfélaga lækki, álagningarhlutföll vátryggingamiðlara, kauphalla og verðbréfamiðstöðva haldist óbreytt en álagningarhlutföll annarra aðila, þ.e. vátryggingafélaga, verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana, lífeyrissjóða og Íbúðalánasjóðs hækki. Til einföldunar gerir frumvarpið ráð fyrir að 4. tölul. verði skipt upp til þess að samkynja aðilar falli undir sjálfstæða töluliði. Breyting þessi leiðir af sér breytt númer þeirra töluliða sem á eftir koma. Ekki er um efnisbreytingu að ræða.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. er gert ráð fyrir að felld verði brott tvískipting álagningarhlutfalls samkvæmt töluliðnum og sama álagningarhlutfall verði á viðskiptabanka, sparisjóði, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki. Með breytingu á lögum nr. 99/1999 sem tóku gildi í ársbyrjun 2008 var gerð sú breyting að greint var á milli viðskiptabanka og annarra lánastofnana í álagningu eftirlitsgjalds með mismunandi álagningarhlutföllum. Forsendur, studdar niðurstöðum úr tímaskráningu Fjármálaeftirlitsins, gefa ekki tilefni til áframhalds slíkrar skiptingar. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að allar lánastofnanir beri sama álagningarhlutfall.

Samkvæmt 9. tölul. 1. mgr. (6. tölul. 1. mgr. í gildandi lögum) er gert ráð fyrir hækkunum á fastagjöldum lífeyrissjóða sem eru eins og fyrr í fimm þrepum og er lægsta þrepið samkvæmt frumvarpinu nú 750.000 kr. en það hæsta 4.580.000 kr. Breytingar eru miðaðar við að hlutur fastagjaldanna verði um 60% af heildarálagningu eftirlitsgjalds á lífeyrissjóðina í samræmi við óskir Landssamtaka lífeyrissjóða.

Ákvæði 2. mgr. eru óbreytt frá gildandi lögum.

Frumvarpið leggur til að felld verði brott 3. mgr. laganna sem kveður á um lægra eftirlitsgjald á dótturfélag eftirlitsskylds aðila í sömu starfsemi. Reynsla Fjármálaeftirlitsins sýnir að eignarhald starfsleyfisskyldra aðila er hverfandi þáttur varðandi eftirlitsframkvæmd og sanngjarna skiptingu eftirlitskostnaðar. Samlegðaráhrif eða sparnaður í eftirliti sem tengist eignarhaldi er því takmarkaður. Einnig er rétt að nefna að „afsláttur“ af eftirlitsgjaldi samkvæmt gildandi ákvæði deilist í raun alltaf á önnur fjármálafyrirtæki við hverja álagningu eftirlitsgjalds. Við álagningu eftirlitsgjalds á árinu 2008 snerti ákvæðið aðeins eitt lánafyrirtæki.

Ákvæði 3. mgr. (4. mgr. samkvæmt gildandi lögum) er óbreytt frá gildandi lögum.

Í 4. mgr. (5. mgr. samkvæmt gildandi lögum) er kveðið á um fastagjald í fimm þrepum á útgefendur hlutabréfa þar sem lægsta þrepið er 350.000 kr. og það hæsta 8.500.000 kr. Í öllum tilvikum er um að ræða nokkra hækkun frá gildandi ákvæði, sem skýrist bæði af hækkun á eftirlitskostnaði og því að eftirlitskostnaður tengdur útgefendum hlutabréfa deilist á færri aðila en áður.

Í 5. mgr. (6. mgr. samkvæmt gildandi lögum) er kveðið á um fastagjald á útgefendur skuldabréfa í sex þrepum þar sem lægsta þrepið er 100.000 kr. en það hæsta 1.200.000 kr. Í öllum tilvikum, nema hvað varðar lægst þrepið, er um að ræða nokkra hækkun frá gildandi ákvæði, sem skýrist fyrst og fremst af hækkun á eftirlitskostnaði.

Ákvæði 6. mgr. (7. mgr. í gildandi lögum) er óbreytt frá gildandi lögum.

Að öðru leyti en greint er frá hér á undan eru ekki lagðar til efnislegar breytingar á 5. gr. laganna.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Skýrsla til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2009, skv. 2. gr. l. nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

(3. júlí 2008.)

Í samræmi við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með áorðnum breytingum, er viðskiptaráðherra hér með send rekstraráætlun fyrir Fjármálaeftirlitið vegna ársins 2009. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 1. júlí ár hvert gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Umrót og erfiðleikar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum frá hausti 2007 hafa haft töluverð áhrif á starfsemi Fjármálaeftirlitsins og má búast við að svo verði áfram, en í kjölfar þessa má ætla að eftirlitsreglur og -framkvæmd á alþjóðlegum fjármálamörkuðum verði endurskoðaðar. Erfiðleikarnir og sú athygli sem beinst hefur að íslensku fjármálafyrirtækjunum staðfesta mikilvægi öflugs fjármálaeftirlits og nauðsyn þess að eftirlitið haldi áfram að eflast til að sinna sífellt vaxandi og alþjóðlegum verkefnum.

Fjármálaeftirlitið hefur, í samræmi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, leitað álits samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi stofnunarinnar á árinu 2009. Átti Fjármálaeftirlitið fundi með nefndinni þann 2. júní s.l. þar sem kynnt voru drög að rekstraráætlun fyrir stofnunina ásamt skýringum og drög að skiptingu eftirlitsgjaldsins við álagningu á árinu 2009. Samráðsnefndin skilaði drögum að skriflegu áliti til Fjármálaeftirlitsins um drögin að rekstraráætluninni þann 21. júní sl. Stjórn Fjármálaeftirlitsins fjallaði um álit nefndarinnar á stjórnarfundi þann 25. júní sl. og staðfesti meðfylgjandi rekstraráætlun. Samráðsnefndin skilaði síðan endanlegu áliti sínu á rekstraráætluninni þann 3. júlí sem fylgir hjálagt með skýrslunni.

Auk forsendna fyrir rekstraráætlun ársins 2009 og tillögum um álagningu eftirlitsgjalds á því ári er í skýrslu þessari að finna stutta greinargerð um rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2007 og umfjöllun um rekstraráætlun vegna ársins 2008. Áætlunin sýnir nokkra aukningu frá fyrra ári sem skýrist af áætluðum flutningi í nýtt og stærra húsnæði, sem gert hafði verið ráð fyrir í áætlun ársins 2008, en síðan breytt við endurskoðun nú þar sem ljóst er að ekki verður af flutningi stofnunarinnar á árinu. Ennfremur hækkar kostnaður vegna fjölgunar starfsmanna og kostnaðar sem leiðir af því. Athygli er vakin á að í áætlun fyrir árið 2009 er verið að horfa allt að 18 mánuði fram í tímann varðandi umsvif í rekstri Fjármálaeftirlitsins.

Skýrslunni fylgja einnig þrjár töflur þar sem gerð er grein fyrir rekstri Fjármálaeftirlitsins á árinu 2007 og samanburði við rekstraráætlun fyrir það ár *(tafla 1),* áætluðu rekstrarumfangi næsta árs og rekstri Fjármálaeftirlitsins á yfirstandandi ári *(tafla 2)* og áætlaðri álagningu eftirlitsgjalds miðað við áætlað rekstrarumfang 2009 *(tafla 3).* Ársreikningur Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2007 er einnig meðfylgjandi.

1. Rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2007

Tekjur af eftirlitsgjaldi á árinu 2007 námu 602,6 m.kr. Ýmsar tekjur námu 14,5 m.kr. og fjármunatekjur nettó námu 19,7 m.kr. Rekstrargjöld, að meðtöldum eignakaupum, námu 598,1 m.kr. Tekjuafgangur samkvæmt rekstrarreikningi nam 38,8 m.kr. Eignir í árslok 2007 námu samtals 97,6 m.kr. og skuldir 9,8 m.kr. þannig að eigið fé í árslok nam 87,7 m.kr.

Í rekstraráætlun fyrir árið 2007 frá árinu 2006 var gert ráð fyrir 17,7 m.kr. tekjuhalla af rekstri stofnunarinnar sem jafnaði út eigin fé í árslok. Eigið fé í árslok 2006 varð hins vegar 49,0 m.kr. og er sú breyting skýrð í skýrslu til viðskiptaráðherra með rekstraráætlun ársins 2008. Rekstraráætlunin ársins 2007 var endurskoðuð á miðju ári 2007 við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2008 og var þá gert ráð fyrir 1,7 m.kr. tekjuafgangi á árinu og 50,7 m.kr. eigin fé í árslok. Endanlegur tekjuafgangur ársins 2007 varð 38,8 m.kr. og eigið fé í árslok 87,7 m.kr. Í yfirlitinu hér á eftir er greint hvernig frávik rekstraráætlunar frá rauntölum skiptast á helstu liði rekstraráætlunar. Þar sést að tekjur á árinu 2007 urðu 21,6 m.kr. hærri en áætlað var þar og munar þar mestu um vaxtatekjur og aðrar tekjur sem fjármálaeftirlitið hafði vegna vinnu samkvæmt gjaldskrá. Þá var launakostnaður á árinu 34,9 m.kr. lægri en áætlað var sem skýrist fyrst og fremst af tímatöf við ráðningu starfsmanna, starfsmannaveltu og lægri tímabundnum launakostnaði vegna nýráðninga. Lækkun á öðrum gjöldum, alls 15,5 m.kr., skýrist að stórum hluta af því að húsaleiga og útgjöld vegna húsbúnaðar urðu lægri en áætlað var þar sem ekki tókst að finna stofnuninni viðunandi húsnæði á árinu eins og áætlað hafði verið.

Yfirlit 1.

Rekstraráætlun vegna 2007 m.kr.	Upphafleg áætlun (ágúst 2006)	Endursk. áætlun (maí 2007)	Rauntölur 2007	Frávik frá upphafl. áætlun	Frávik frá endurskoð. áætlun
Tekjur					
Eftirlitsgjald	599,9	601,9	602,6	2,7	0,7
Úrskurðarnefndir	6,0	6,0	5,9	-0,1	-0,1
Aðrar tekjur	0,4	4,4	8,7	8,3	4,3
Vaxtatekjur nettó	3,0	3,0	19,7	16,7	16,7
	609,3	615,3	636,9	27,6	21,6
Gjöld					
Launakostnaður	454,8	457,8	422,9	-31,9	-34,9
Úrskurðarnefndir	6,0	6,0	5,9	-0,1	-0,1
Önnur gjöld samtals	166,3	149,8	169,3	3,0	19,5
	627,1	613,6	598,1	-29,0	-15,5
Tekjuafgangur	-17,8	1,7	38,8	56,6	37,1
Yfirfært frá fyrra ári	0,0	49,0	49,0	49,0	0,0
Eigið fé í árslok	**0,0**	**50,7**	**87,7**	**87,7**	**37,0**

Með lögum nr. 168/2006 var Fjármálaeftirlitinu heimilað að mynda varasjóð samsvarandi rekstrarafgangi umfram áætlun sem skerðist ekki þótt síðar verði rekstrartap af starfseminni.

Hámark slíks varasjóðs er 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs[1] og er heimilt að nýta viðkomandi sjóð til að fjármagna útgjöld umfram áætlanir vegna ófyrirséðra atvika. Varasjóðurinn stóð í 30 m.kr. eftir uppgjör ársins 2006. Rekstrarafgangur á árinu 2007 umfram upphaflega áætlun telst vera 56,6 m.kr. samanber framangreint yfirlit. Á árinu 2008 hækkar því umræddur varasjóður úr 30 m.kr. í 45,7 m.kr. Afgangur sem ekki verður lagður í varasjóð dregst frá álagningu eftirlitsgjalds næsta árs á eftir.

Um rekstur og efnahag Fjármálaeftirlitsins á árinu 2007 er að öðru leyti vísað til ársreiknings Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2007.

2. Rekstraráætlun vegna ársins 2008

Í tengslum við gerð rekstraráætlunar næsta árs hefur Fjármálaeftirlitið á hverju ári skoðað hvort ástæða sé til að endurskoða upphaflega rekstraráætlun yfirstandandi árs í því skyni að áætla eins og kostur er stöðu í lok árs sem yfirfærist til næsta árs og hefur áhrif á ákvörðun um álagningarhlutföll þess árs. Með hliðsjón af bráðabirgða rekstraruppgjöri fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins telur Fjármálaeftirlitið ástæðu til að endurskoða upphaflega áætlun um rekstrarkostnað fyrir árið 2008 vegna: a) húsaleigu og húsfélags, sem lækkar um 24 m.kr. frá upphaflegri áætlun vegna dráttar á flutningi í nýtt húsnæði. Ríkiskaup auglýstu á árinu 2007 í tvígang eftir nýju leiguhúsnæði fyrir Fjármálaeftirlitið til afhendingar á árinu 2008 en þær auglýsingar skiluðu ekki árangri. Gert hafði verið ráð fyrir að flytja í nýtt og stærra húsnæði með dýrari leigu í byrjun mars en ljóst er nú að sú áætlun gengur ekki eftir á árinu 2008. Hins vegar er nú gert ráð fyrir tímabundinni leigu viðbótarhúsnæðis í sömu byggingu frá miðju ári 2008. Enn er leitað að hentugu húsnæði fyrir stofnunina í samvinnu við Framkvæmdasýslu ríkisins, b) rafmagn lækkar um 1.9 m.kr. frá áætlun þar sem ekki varð af stækkun húsnæðisins og c) eignakaup lækka um 17 m.kr. þar sem ekki verða keypt þau húsgögn og búnaður á árinu 2008 sem áætlað hafði verið vegna áðurnefnds flutnings. Alls lækka því rekstrargjöld ársins um 42.9 m.kr. við þessa endurskoðun áætlunarinnar.

Samtals breytist tekjuafgangur frá upphaflegu áætluninni úr -20,7 m.kr. í 21,2 m.kr. eða 41,9 m.kr. hærri tekjuafgangur. Þá reyndist eigið fé í ársbyrjun 2008 vera 87,7 m.kr. í stað 50,7 m.kr. eða 37 m.kr. hærra. Eigið fé í árslok 2008 verður því samtals 108,9 m.kr. (87,7+21,2) í stað 30 m.kr. eins og upphafleg áætlun gerði ráð fyrir. Í eftirfarandi yfirliti er gerð grein fyrir helstu rekstrarstærðum vegna rekstraráætlunar 2008.

Yfirlit 2.

Rekstraráætlun vegna 2008 m.kr.	**Rekstrar-áætlun (maí 2007)**	**Endursk. áætlun (maí 2008)**	**Frávik frá upphafl. áætlun (des´07)**
Tekjur			
Eftirlitsgjald	915,0	915,0	0,0
Úrskurðarnefndir	6,0	6,0	0,0
Aðrar tekjur	0,5	0,5	0,0
Vaxtatekjur nettó	10,0	10,0	0,0
	931,5	**931,5**	**0,0**

[1] Samsvarar 30 m.kr. vegna eftirlitsgjalds ársins 2007 og 45,7 m.kr. vegna ársins 2008.

Rekstraráætlun vegna 2008 m.kr.	Rekstrar-áætlun (maí 2007)	Endursk. áætlun (maí 2008)	Frávik frá upphafl. áætlun (des´07)
Gjöld			
Launakostnaður	691,1	692,1	0,0
Úrskurðarnefndir	6,0	6,0	0,0
Önnur gjöld samt.	255,1	212,1	-43,0
	952,2	**910,2**	**-42,0**
Tekjuafgangur	**-20,7**	**21,2**	**41,9**
Yfirfært frá fyrra ári	50,7	87,7	37,0
Eigið fé í árslok	**30,0**	**108,9**	**78,9**

3. Rekstraráætlun fyrir árið 2009

Til að efla starfsemi Fjármálaeftirlitsins og gera því betur kleift að sinna auknum verkefnum og eftirliti með alþjóðlegri starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja er nauðsynlegt að kostnaður við rekstur þess aukist nokkuð. Stafar slíkt einkum af fjölgun starfsmanna vegna nýrra verkefna sem löggjafinn hefur falið Fjármálaeftirlitinu, frekari eftirlitsverkefnum erlendis vegna fjölþættrar starfsemi íslensku fyrirtækjanna og vaxandi nauðsyn á skyldubundinni þátttöku og auknu frumkvæði í samstarfi við erlenda eftirlitsaðila. Að auki er stefnt að því að Fjármálaeftirlitið flytji í nýtt húsnæði á árinu 2009.

Launakostnaður

Fjöldi starfsmanna ræður mestu um helstu rekstrarstærðir Fjármálaeftirlitsins, þ.e. laun og launatengd gjöld, húsnæðisþörf og umfang tölvubúnaðar. Gert er ráð fyrir 7,8 nýjum stöðugildum á árinu 2009. Áætlað er að fjöldi stöðugilda í árslok 2008 verði 56,4 og 64,2 í lok árs 2009. Gert er ráð fyrir að aukning á árinu 2009 reiknist frá byrjun ársins. Í framangreindum tölum eru ekki meðtaldir lausráðnir starfsmenn, að jafnaði 5 á árinu 2009. Nánar er fjallað um rökin fyrir þörf á aukningu nýrra starfsmanna í fylgiskjali (*Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár*).

Í töflu 2 kemur fram að laun og launatengd gjöld eru áætluð 882,7 m.kr. árið 2009 samanborið við 675,7 m.kr. samkvæmt áætlun 2008. Hækkun launakostnaðar milli ára er því 207 m.kr. eða 30,6%. Nánari sundurgreining á hækkuninni er eftirfarandi: 1) fyrirséðar samningsbundnar launahækkanir m.v. 1. janúar 2009 (u.þ.b. 4,5%) og áhrif launahækkana í samræmi við heimildir rekstraráætlunar 2008 reiknast vera 116 m.kr. Rétt er að benda á að kjarasamningar eru lausir á árinu 2008 og því erfitt að áætla þessa fjárhæð, 2) 74 m.kr. vegna fjölgunar starfsmanna á árinu 2009 eins og gerð er grein fyrir hér að ofan, 3) 17,0 m.kr., sem áætlað svigrúm til að bregðast við óvæntum útgjöldum og minnka líkur á hreyfingum góðra starfskrafta.

Gert er ráð fyrir að íþrótta- og gististyrkur hækki um 1,4 m.kr. eða um 23,3% og er þar haft til hliðsjónar kostnaður vegna árskorts í líkamsræktarstöð og vikudvalar í sumarhúsi og ennfremur fjölgun starfsmanna og áætluð nýting á styrknum.

Viðskiptaráherra ákvarðar laun stjórnarmanna og verða þau 10,8 m.kr. á árinu 2009 samanborið við 10,4 m.kr. árið 2008.

Húsaleiga og rekstur á húsnæði

Húsaleiga í núverandi húsnæði byggir á föstum samningum sem bundnir eru vísitölu neysluverðs. Áætlunin gerir ráð fyrir að flutt verði í nýtt húsnæði í byrjun júní 2009. Leigu-

verð hækkar þá töluvert frá endurskoðari áætlun 2008 þar sem nýtt húsnæði verður stærra og leiguverð hærra. Gerð var ítarleg grein fyrir húsnæðismálum stofnunarinnar í fylgiskjali með rekstraráætlun fyrir árið 2008 „Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár.“

Áætluð stærð nýs húsnæðis byggir á fyrirliggjandi húsrýmisáætlun með hliðsjón af tilboði í leiguhúsnæði. Áætlun vegna rafmagns, hita og húsfélagskostnað er byggð á reynslu og er tengd áætlaðri stærð nýs húsnæðis eftir flutning. Samtals er kostnaður vegna þessara liða áætlaður 57,5 m.kr. samanborið við 34,5 m.kr. á árinu 2008 sem er hækkun um 60%.

Rekstur tölvubúnaðar

Gert er ráð fyrir að rekstur tölvubúnaðar og sérfræðiþjónusta vegna tölvumála hækki um 12,5 m.kr., eða um 17,9% úr 70 m.kr. áætlun fyrir árið 2008 í 82,5 m.kr. á árinu 2009. Hækkunin stafar fyrst og fremst af hækkunum á vélbúnaði, notendahugbúnaði og rekstrarvörum vegna fjölgunar starfsmanna og gengisbreytinga. Haldið er áfram uppbyggingu á upplýsingakerfum og rafvæðingu ferla. Sjá nánar kafla um nýtingu upplýsingatækni í fylgiskjali (Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár).

Sérfræðikostnaður

Áætlað er að sérfræðikostnaður hækki úr 8 m.kr. árið 2008 í 10 m.kr. árið 2009 eða um 25%. Ástæður aukningarinnar eru fyrst og fremst aukning í útvistun verkefna.

Ferðakostnaður erlendis

Gert er ráð fyrir að ferðakostnaður erlendis hækki um 17,9% milli ára og verði 33,0 m.kr. Gert er ráð fyrir 200 ferðum á næsta ári á móti rúmum 185 árið 2008. Aukningin skýrist af auknum umsvifum íslenskra viðskiptabanka erlendis og auknu samstarfi eftirlita á evrópska efnahagssvæðinu. Ítarlega umfjöllun um þetta efni er að finna í fylgiskjali (Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár).

Þátttökugjöld vegna erlends samstarfs

Fjármálaeftirlitinu ber í nokkrum tilvikum að greiða þátttökugjöld í erlendu samstarfi. Hæstu þátttökugjöldin eru vegna þriggja samevrópskra nefnda þ.e. reksturs Samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlita (*e. Committee of European Securities Regulators – CESR*), Samstarfsnefndar Evrópskra vátryggingaeftirlita og lífeyrissjóðaeftirlita (*e. Committee of European Insurance and Occupational Pension Supervisors – CEIOPS*) og Samstarfsnefndar evrópskra bankaeftirlita (*e. Committee of European Banking Supervisiors – CEBS*). Starfsemi þessara nefnda er kostuð af þátttakendum í tilteknum stærðarhlutföllum. Þátttökugjöld vegna þessara þriggja nefnda eru áætluð 5,0 m.kr. Þá má nefna þátttökugjald í Alþjóðasamtökum vátryggingaeftirlita (*e. International Association of Insurance Supervisors – IAIS*) 1,2 m.kr. og þátttökugjald í Alþjóðasamtökum verðbréfaeftirlita (*e. International Oraganization of Securities Commissions – IOSCO*) 1,2 m.kr. Samtals þátttökugjöld samkvæmt framangreindu eru 7,4 m.kr. Á árinu 2008 var sambærilegur kostnaður samtals 5,0 m.kr. Ástæður fyrir hækkuninni eru óhagstæð gengisþróun og að Fjármálaeftirlitið hefur til þessa ekki verið aðili að IOSCO.

Kostnaður vegna flutninga/eignakaupa

Húsbúnaður stofnunarinnar er að stærstum hluta orðinn 10 ára gamall og þarfnast endurnýjunar samkvæmt mati verkfræðistofu. Er áætlaður kostnaður vegna þessa 27,5 m.kr. á árinu 2009, en búnaðurinn yrði endurnýjaður í tengslum við flutninga í nýtt húsnæði. Einnig er þar innifalinn 2 m.kr. kostnaður vegna endurnýjunar símabúnaðar. Þá áætlar Fjármálaeftirlitið 2,5 m.kr. í kostnað vegna húsnæðisöflunar og flutninga á árinu 2009.

Annar kostnaður

Samtala kostnaðarliða sem ekki hefur verið gerð grein fyrir hér á undan er áætluð 70,9 m.kr. á árinu 2009 samanborið við 60,7 m.kr. fyrir árið 2008 og nemur hækkunin 10,2 m.kr. eða 16,9%. Að hluta til stafar hækkunin milli ára á þessum kostnaðarliðum af áhrifum af fjölgun starfsmanna og fyrirhugaðri stækkun á húsnæði Fjármálaeftirlitsins. Í þessu sambandi má nefna að samkvæmt símenntunarstefnu Fjármálaeftirlitsins er stefnt að því að kostnaður vegna símenntunar nemi 3,5% af launum og launatengdum gjöldum. Innifalið í áætluðum endurmenntunarkostnaði er kostnaður vegna starfaskipta. Ekki er gert ráð fyrir sérgreindum lið vegna þessa heldur fellur þessi kostnaður undir liði 6, 7, 12, 18, 19 og 21.

Rekstrarkostnaður samtals

Samtala gjaldaliða án úrskurðarnefnda er áætluð 1.192,2 m.kr. á árinu 2009 samanborið við 904,3 m.kr. samkvæmt endurskoðaðri áætlun ársins 2008 eða 31,8% hækkun milli ára.

Aðrar tekjur, vaxtatekjur

Fjármálaeftirlitið fær vexti af innstæðum á reikningum sínum í Seðlabanka Íslands. Vaxtatekjurnar eru byggðar á áætlaðri meðalstöðu innstæðu m.v. álagningu sem miðast við drög að rekstraráætlun. Aðrar tekjur eru óverulegar eða um 1 m.kr. vegna yfirlestrar á útboðslýsingum félaga sem ekki eru skráð á Kauphöll Íslands hf. en um er að ræða tilfallandi tekjur sem óvarlegt er að reikna með í áætlun fyrir næsta ár. Fjármálaeftirlitið áskilur sér jafnframt rétt til að nýta heimildir í 7. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með áorðnum breytingum, og 3. m.gr. 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með áorðnum breytingum, til að innheimta sérstaklega útlagðan kostnað vegna umframeftirlits eða aðkeyptrar sérfræðiþjónustu vegna ákveðinna aðila.

4. Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2009

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, skal Fjármálaeftirlitið í skýrslu þessari leggja mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila. Þannig skal hliðsjón höfð af tímaskiptingunni á tilgreindu tímabili samhliða mati á þróun þessarar skiptingar fyrir líðandi ár og næsta fjárhagsár.

Í töflu 3 sem er fylgiskjal með skýrslunni er sýnd tillaga (áætlun) Fjármálaeftirlitsins um skipting eftirlitsgjalds á árinu 2009 milli flokka eftirlitsskyldra aðila, sem gerð er með hliðsjón af framagreindu lagaákvæði. Í töflunni er einnig sýnd sambærileg skipting álagðs eftirlitsgjalds á árinu 2008, álagningarstofnar vegna áætlaðs eftirlitsgjalds á árinu 2009, áætluð álagningarhlutföll á árinu 2009 og upplýsingar um lágmarks- og fastagjöld.

Tímaskráning Fjármálaeftirlitsins er tengd málaskráningarkerfi stofnunarinnar. Þessi skráning verður þó ekki nema að hluta tengd ákveðnum eftirlitsskyldum aðilum eða flokkum

þeirra. Fjölmörg mál og eftirlitsverkefni eru almenns eðlis (e. *cross-sectoral)* og varða fleiri en einn flokk eftirlitsskyldra aðila eða markaði í heild. Sama á við um verkefni í innri starfsemi eftirlitsins.

Með breytingu á lögum nr. 99/1999 sem tóku gildi í ársbyrjun 2008 var gerð sú breyting að greint var á milli viðskiptabanka og annarra lánastofnana í álagningu eftirlitsgjalds með mismunandi álagningarhlutföllum. Fjármálaeftirlitið hafði í rekstraráætlun sinni fyrir árið 2008 lagt fram tillögu um sama álagningarhlutfall fyrir allar lánastofnanir byggða á tímaskráningu, samanber einnig gildandi lög á þeim tíma. Þessu var hins vegar breytt við afgreiðslu viðkomandi frumvarps frá viðskiptanefnd, skv. tilmælum frá samtökum fjármálafyrirtækja. Breytingin fólst í því að ákveðin fjárhæð, 13,5 m.kr., var lögð á viðskiptabankana í stað vátryggingarfélaganna og breyttust álagningarhlutföll þeirra í samræmi við það.

Forsendur til slíkrar skiptingar álagningarhlutfalls á lánastofnanir liggja ekki fyrir. Þá gefur tímaskráning Fjármálaeftirlitsins ekki tilefni til slíkrar skiptingar. Í rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins nú er því gert ráð fyrir að allar lánastofnanir beri samkvæmt lögum sama álagningarhlutfall.

Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 99/1999 skal eftirlitsskyldur aðili, sem er að minnsta kosti að $^{9}/_{10}$ hlutum í eigu annars eftirlitsskylds aðila, greiða $^{1}/_{5}$ hluta eftirlitsgjalds samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr. enda hafi móðurfélagið heimild til sömu starfsemi og dótturfélagið. Ákvæði þetta á þó ekki við um lágmarksgjald skv. 1. mgr.

Reynslan hefur sýnt að þetta lagaákvæði hefur óveruleg áhrif á heildarfyrirkomulag álagningar eftirlitsgjaldsins. Þannig snertir ákvæðið aðeins eitt lánafyrirtæki í álagningu eftirlitsgjaldsins á árinu 2008, þar sem áhrif ákvæðisins nema tæplega 3 m.kr. Þá sýnir reynsla Fjármálaeftirlitsins á þeim tíma sem liðin er frá því að ákvæði tók gildi að eignarhald starfsleyfisskyldra aðila er hverfandi þáttur varðandi eftirlitsframkvæmd og sanngjarna skiptingu eftirlitkostnaðar. Samlegðaráhrif eða sparnaður í eftirliti sem tengist eignarhaldi er því mjög takmarkaður. Einnig er rétt að nefna að „afsláttur“ samkvæmt ákvæðinu, deilist í raun alltaf á önnur fjármálafyrirtæki við hverja álagningu eftirlitsgjalds. Með tilvísun til þessa leggur Fjármálaeftirlitið því til við viðskiptaráðuneytið að þetta ákvæði verði fellt úr gildi og hefur áætlun eftirlitsgjalds á árinu 2009 verið miðuð við það.

Fjármálaeftirlitið vinnur stöðugt að því að bæta tímaskráningu sína og eftir því sem kostur er að ná betri tengingu hennar við einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila eða markaði. Vegna þeirrar vinnu var við gerð rekstraráætlunar ársins 2008 í fyrsta skipti mögulegt að leggja sérstakt eftirlitsgjald á útgefendur hluta- og skuldabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, á grundvelli aðgreiningar á kostnaðarþætti þessara aðila í starfsemi eftirlitsins. Eftirlitsverkefni sem snerta þessa aðila höfðu farið vaxandi en ýmsum þeirra var þó ekki skylt að taka þátt í rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins. Í ársbyrjun 2008 tóku svo gildi ný ákvæði í lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, um sérstök eftirlitsgjöld í formi stighækkandi fastagjalda, tengd markaðsvirði skráðra hluta- eða skuldabréfa, þessara aðila.

Í áætlaðri álagninu eftirlitsgjalds á árinu 2009, sem nú er lögð fram, er gert er ráð fyrir óbreyttri skiptingu heildarálagningar eftirlitsgjaldsins á þessa aðila þannig að útgefendur hlutabréfa beri 70% heildarálagningarinnar og útgefendur skuldabréfa beri 30%. Tekið er mið af þessari skiptinu í tillögu um þrepaskiptingu fastagjalda, sbr. eftirfarandi töflu:

Útgefendur hlutabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi		**Útgefendur skuldabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi**	
Markaðsvirði m.kr.	Fastagjald í þús.kr.	Markaðsvirði m.kr.	Fastagjald í þús.kr.
0 – 4.999	350	0 – 999	100
5.000 – 24.999	1.000	1.000 – 4.499	170
25.000 – 99.999	3.000	5.000 – 9.999	380
100.000 – 499.999	5.900	10.000 – 49.999	660
500.000 og yfir	8.500	50.000 – 199.999	1.050
		200.000 og yfir	1.200

Þá leggur Fjármálaeftirlitið nú til breytingar á fastagjöldum lífeyrissjóða en miðað er við að hlutur þessara gjalda verði hverju sinni um 60% af heildarálagningu eftirlitsgjalds á lífeyrissjóðina í samræmi við óskir Landssamtaka lífeyrissjóða. Gjöld þessi verði því:

Fastagjald 750.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 1.220.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna, 2.130.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tíu milljörðum króna til tuttugu og fimm milljarða króna, 3.970.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tuttugu og fimm milljörðum króna til eitthundrað milljarða króna og 4.580.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir.

Eins og fram kemur í rekstraráætluninni fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir að eftirlitsgjald á því ári verði 1.115,9 m.kr. samanborið við 915,0 m.kr. álagt eftirlitsgjald á árinu 2008 sem er 22,0% hækkun milli ára.

Tafla 1
Rekstrarkostnaður ársins 2007

	Í þúsundum króna	Áætlun	Rauntölur		Rauntölur í hlutfalli
	GJÖLD	**2007**	**jan. – des.**	**Mismunur**	**af áætlun**
1	Laun og launatengd gjöld	412.025	376.296	35.729	91%
2	Samkomulag v. lífeyriss. bankamanna	33.400	33.400	0	100%
3	Íþrótta- og gististyrkur	3.000	3.297	-297	110%
4	Stjórnarlaun	6.400	9.880	-3.480	154%
	Laun og launagjöld samtals	*454.825*	*422.873*	*31.952*	93%
5	Starfsmannaþj., kaffi, fundir	3.800	3.922	-122	103%
6	Endurm.kostnaður og skólakostnaður	3.700	5.396	-1.696	146%
7	Húsaleiga	22.700	19.432	3.268	86%
8	Rafmagn, hiti, húsfélag	2.200	2.156	44	98%
9	Símakostnaður	2.500	2.702	-202	108%
10	Útgáfa, auglýsingar, prentun o.fl.	4.000	4.773	-773	119%
11	Bækur og ritföng	3.500	3.092	408	88%
12	Póstkostnaður	600	700	-100	117%
13	Rekstur tölvub. og sérfr. v. tölvumála, eignakaup	68.100	71.713	-3.613	105%
14	Sérfræðikostnaður	4.000	6.687	-2.687	167%
15	Ferðakostnaður erlendis	17.500	20.548	-3.048	117%
16	Ferðakostnaður innanlands	2.000	2.962	-962	148%
17	Þátttökugjöld funda erlendis	6.000	5.107	893	85%
18	Kostnaður vegna funda hér á landi	1.000	576	424	58%
19	Eignakaup	4.000	3.346	654	84%
20	Öryggisgæsla	1.000	449	551	45%
21	Ræsting, ræstingarvörur	3.500	3.853	-353	110%
22	Styrkur til starfsmannafélags	750	923	-173	123%
23	Kostnaður vegna flutnings	10.000	1.116	8.884	11%
24	Ýmis gjöld og þjónusta	5.400	9.914	-4.514	184%
25	**Gjöld alls**	**621.075**	**592.240**	**28.835**	**95%**
	TEKJUR				
26	**Ál. eftirl.gj. m.v. breytingar á lögum nr. 99/1999**	599.948	602.636		
27	**Vaxtatekjur (netto)**	3.000	19.691		
28	**Aðrar tekjur**	400	8.665		
29	**Tekjur alls**	**603.348**	**630.992**		
	Úrskurðarnefndir				
30	Launakostnaður vegna úrskurðarnefnda	6.000	5.860		
31	Aðrar tekjur úrskurðarnefnda	6.000	5.860		
32	Tekjuafgangur	-17.727	38.752		
33	Yfirfært frá fyrra ári, áætlað	17.727	48.953		
34	Eigið fé í árslok	0	87.705		
	-þar af sérstakur varasjóður	*0*	*30.000*		
	-þar af annað eigið fé	*0*	*57.705*		

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Rekstraráætlun FME

Tafla 2.

	Í þús. kr.	Áætlun vegna 2008		Endursk. áætlun 2008		Áætlun vegna 2009	Breyting %
	Rekstrarkostnaður:	**1**		**2**		**3**	**D2 til D3**
1	Laun og launatengd gjöld	**675.700**		**675.700**		**882.700**	**30,6%**
3	Íþrótta- og gististyrkur	**6.000**		**6.000**		**7.400**	**23,3%**
4	Stjórnarlaun	**9.400**		**10.400**		**10.800**	**3,8%**
5	*Laun og launatengd gjöld samtals*	***691.100***		***692.100***		***900.900***	**30,2%**
6	Starfsmannaþj., kaffi, fundir	**4.800**		**4.800**		**6.000**	**25,0%**
7	Endurm.kostnaður og skólakostnaður	**8.500**		**8.500**		**10.000**	**17,6%**
8	Húsaleiga, húsfélag	**57.000**		**33.000**		**55.500**	**68,2%**
9	Rafmagn, hiti,	**3.400**		**1.500**		**2.000**	**33,3%**
10	Símakostnaður	**6.500**		**6.500**		**7.500**	**15,4%**
11	Útgáfa, auglýsingar, prentun o.fl.	**6.000**		**6.000**		**6.500**	**8,3%**
12	Bækur og ritföng	**4.800**		**4.800**		**6.000**	**25,0%**
13	Póstkostnaður	**700**		**700**		**800**	**14,3%**
14	Rekstur tölvub.,sérfr.þj. v. tölvumála og eignk. v. tölvun	**70.000**		**70.000**		**82.500**	**17,9%**
15	Sérfræðikostnaður	**8.000**		**8.000**		**10.000**	**25,0%**
16	Málskostnaður	**6.000**		**6.000**		**6.000**	**0,0%**
17	Stjórnunar og árangursmæling	**2.500**		**2.500**		**2.500**	**0,0%**
18	Ferðakostnaður erlendis	**28.000**		**28.000**		**33.000**	**17,9%**
19	Ferðakostnaður innanlands	**2.800**		**2.800**		**3.500**	**25,0%**
20	Þátttökugj. vegna erl. samstarfs og funda erlendis	**5.000**		**5.000**		**7.400**	**48,0%**
21	Kostnaður vegna funda hér á landi	**1.200**		**1.200**		**1.800**	**50,0%**
22	Eignakaup	**21.000**		**4.000**		**27.500**	**587,5%**
23	Öryggisgæsla	**1.600**		**1.600**		**2.200**	**37,5%**
24	Ræsting, ræstingarvörur	**6.000**		**6.000**		**6.500**	**8,3%**
25	Styrkur til starfsmannafélags	**1.250**		**1.250**		**1.600**	**28,0%**
26	Kostnaður vegna flutninga	**2.000**		**2.000**		**2.500**	**25,0%**
27	Ýmis gjöld og þjónusta	**8.000**		**8.000**		**10.000**	**25,0%**
28	*Önnur gjöld samtals*	***255.050***		***212.150***		***291.300***	**37,3%**
29	**Gjöld alls án úrskurðarnefnda**	**946.150**		**904.250**		**1.192.200**	**31,8%**
	Tekjur						
30	**Álagt eftirlitsgj. m.v. breytingar á lögum nr. 99/1999**	**914.963**		**914.963**		**1.115.982**	**22,0%**
31	**Vaxtatekjur netto**	**10.000**		**10.000**		**12.000**	**20,0%**
32	**Aðrar tekjur**	**500**		**500**		**1.000**	**100,0%**
33	**Tekjur alls án úrskurðarnefnda**	**925.463**		**925.463**		**1.128.982**	**22,0%**
34	**Úrskurðarnefndir**						
35	**Launakostnaður vegna úrskurðarnefnda**	**6.000**		**6.000**		**6.000**	
36	**Tekjur úrskurðarnefnda**	**6.000**		**6.000**		**6.000**	
37	**Tekjuafgangur**	**-20.687**		**21.213**		**-63.218**	
38	**Yfirfært frá fyrra ári, áætlað**	**50.687**		**87.705**		**108.918**	
39	**Eigið fé í árslok**	**30.000**		**108.918**		**45.700**	
	- þar af sérstakur varasjóður	***30.000***		***45.700***		***45.700***	
	- þar af annað eigið fé	***0***		***63.218***		***0***	

Áætluð álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2009 tillögur um álagningarhlutföll og lágmarksgjöld

Tafla 3 Miðað er við álagningarþörf 1.115.982 þús.kr. skv. rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins vegna 2009

Í þús. kr.	Tilvís. í lög nr. 99/ 1999 5. gr. Liður nr.	Útr.- stofn *)	Álagt eftirlits- gjald 2008	Hlutfl. skipting milli flokka eftirlitsk.aðila m.v. álagn. 2008	Álagningar- stofnar samkvæmt ársreikningum ársins 2007	Áætluð lám.- og fasta- gjöld 2009	Gildandi lám.- og fasta- gjöld 2008	Áætluð álagningar hlutföll - % vegna ársins 2009	Gildandi álagningar- hlutföll - % og fastagjöld	Áætluð álagning vegna ársins 2009 [1]	Hlutfl. skipting milli flokka eftirlitsk.aðila m.v. álagn. 2009
Lánastofnanir - *töluliður 1. samtals*			*494.926*	*54,16*	*10.139.675.659*					*615.586*	*55,16*
Viðskiptabankar	*1*	e	441.963	48,37	9.094.362.934	600	600	0,00603	0,00682	548.390	49,14
Sparisjóðir	*1*	e	34.522	3,78	590.045.184	600	600	0,00603	0,00661	39.143	3,51
Lánafyrirtæki	*1*	e	18.441	2,02	455.267.541	600	600	0,00603	0,00661	28.053	2,51
Vátryggingafélög:	*2*		125.649	*13,75*	37.704.516	600	600	0,40800	0,38100	155.634	*13,95*
Vátryggingamiðlarar	*3*	i	1.817	0,20	305.357	300	300	0,21500	0,02150	1.800	0,16
Verðbréfafyrirtæki	*4*	e	9.971	1,09	19.482.613	600	600	0,06400	0,06100	15.243	1,37
Verðbréfamiðlanir	*4*	e	1.050	0,11	203.853	350	350	0,06400	0,06100	1.400	0,13
Rekstrarfélög	*4*	e	34.591	3,79	701.337.986	600	600	0,00600	0,00740	42.624	3,82
- *töluliður 4. samtals*			*45.612*	*4,99*						*59.267*	*5,31*
Kauphallir	*5*	t	4.054	0,44	841.896	350	350	0,61000	0,61000	5.136	0,46
Lífeyrissjóðir	*6*	el	133.544	14,61	1.699.015.530	750/4.580	700/4.210	0,00923	0,00891	154.050	13,80
Verðbréfamiðstöðvar	*7*	t	2.570	0,28	354.149	350	350	0,84000	0,08400	2.975	0,27
Aðrir eftirlitsskyldir aðilar:											
Innlánsdeildir samvinnufélaga	*8*	f	300	0,03		300	300		300	300	0,03
Íbúðalánasjóður	*9*	e	14.899	1,63	605.857.523	600	600	0,00280	0,00275	16.964	1,52
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárf.	*10*	f	300	0,03		300	300		300	300	0,03
Tryggingarsjóður sparisjóða	*10*	f	300	0,03		300	300		300	300	0,03
Eignarhaldsfélög skv. 4. mgr. 5. gr.		f	3.000	0,33		1.500	1500		1500	3.000	0,27
Útgefendur hlutabréfa og skuldabréfa		f	86.800	9,50		[2]				100.669	9,02
Samtals			913.771,0	100,0						**1.115.982**	100,0

**) e=eignir samtals; t=rekstrartekjur; el= hrein eign til greiðslu lífeyris; i=bókfærð iðgjöld; f=fastagjald*

1) Tekið hefur verið tillit til áhrifa lágmarksgjalda.

2) Sjá nánar um áætluð fastagjöld á útgefendur hlutabréfa og skuldabréfa í kafla 4 í skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2009.

Fylgiskjal II.

Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár.
Fylgiskjal með skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2009.
(3. júlí 2008).


1. Inngangur

Samhliða rekstraráætlun sinni og greinargerð með henni leggur Fjármálaeftirlitið fram skýrslu um rekstur og starfsumhverfi sitt næstu ár, en efnahags- og viðskiptanefnd (nú viðskiptanefnd) beindi þeim tilmælum til eftirlitsins á árinu 2001.

2. Þróun íslensks fjármálamarkaðar

Á síðustu árum hefur íslenskur fjármálamarkaður stækkað verulega og orðið sífellt alþjóðlegri. Þannig nema eignir fjármálafyrirtækjanna (samstæður) um 13.000 milljörðum króna eða rúmlega tífaldri landsframleiðslu, en eignir þeirra eru um 85% af eignum fjármálakerfisins.[1] Að mati Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu (SFF) nam hlutdeild fjármálafyrirtækja í landsframleiðslu um 10% á árinu 2006 og stuðlar þessi atvinnugrein að verulegum útflutningi þekkingar og þjónustu.

MYND 1: Hlutdeild fjármálafyrirtækja í landsframleiðslu.



Á árinu 2007 jukust eignir þriggja stærstu bankanna (samstæður) um 24% en frá árslokum 2004 hafa eignir á föstu verðlagi rúmlega þrefaldast. Hrein eign lífeyrissjóða var í árslok 2007 um 1.670 milljarðar króna og jókst um 11% á árinu 2007 og hafði aukist um rúmlega 40% á föstu verðlagi frá árslokum 2004. Eignir vátryggingafélaga rýrnuðu um 4% á árinu 2007 en hafa aukist um 32% frá árslokum 2004 á föstu verðlagi. Eignir í vörslum verðbréfasjóða námu 693 milljörðum króna í árslok 2007 og jukust um 53% á því ári og rúmlega tvöfölduðust á föstu verðlagi frá árslokum 2004. Viðskipti með hlutabréf í Kauphöll jukust um 40% á árinu 2007 frá fyrra ári og hafa 3,5 faldast á föstu verðlagi síðastliðnum þremur árum. Viðskipti með skuldabréf hafa 1,36 faldast á föstu verðlagi á síðastliðnum þremur árum.

---


[1] Fjármálafyrirtæki, Íbúðalánasjóður, lífeyrissjóðir og vátryggingafélög.

MYND 2: Vöxtur fjármálastarfsemi á Íslandi.



Vegnar eignir fjármálamarkaðarins, á móðurfélagsgrunni, á hvert stöðugildi hjá Fjármálaeftirlitinu hafa þrefaldast á föstu verðlagi á síðastliðnum þremur árum. Í þessari tölu er ekki gert ráð fyrir auknum umsvifum vegna dótturfélaga, sem þó hefur einnig áhrif á starfsemi Fjármálaeftirlitins.

MYND 3: Vegnar eignir fjármálamarkaðar á hvern starfsmann Fjármálaeftirlitsins



Starfsemi fjármálamarkaðarins er í vaxandi mæli alþjóðleg, en á árinu 2007 komu um 58% af tekjum þriggja stærstu bankanna erlendis frá og um 60% útlána voru veitt erlendum viðskiptamönnum. Íslensku fjármálafyrirtækin starfa í maílok 2008 í 21 landi í 56 starfseiningum. Starfseiningum hefur fjölgað um 30 frá árslokum 2005 og þar af 16 í formi útibúa

sem gerir ríkari kröfur til Fjármálaeftirlitsins. Á næstu misserum má búast við áframhaldandi vinnu íslensku viðskiptabankanna við öflun innlána erlendis.

Frá hausti 2007 hefur ríkt alþjóðleg lausafjárkreppa sem dregið hefur úr vexti fjármálafyrirtækja. Erfitt er að spá fyrir um þróunina framundan, en aðstæður á alþjóðlegum mörkuðum og sú athygli sem beinst hefur að Íslandi hefur haft töluverð áhrif á starfsemi Fjármálaeftirlitsins og staðfest mikilvægi öflugs eftirlits fyrir fjármálamarkaðinn.

Á undanförnum mánuðum hafa Fjármálaeftirlitinu verið falin ný og aukin verkefni, en þau eru eftirfarandi:

- Með lögum nr. 11/2008, um sértryggð skuldabréf, var Fjármálaeftirlitinu falið að veita leyfi til útgáfu slíkra bréfa, samþykkja umsjónarmann útgáfunnar og hafa viðvarandi eftirlit.
- Með lögum nr. 64/2008, um breytingu á lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa, var Fjármálaeftirlitinu falin aukin ábyrgð með eftirliti á kerfum Verðbréfaskráningar, en því er m.a. ætlað að samþykkja uppgjörskerfi þeirrar erlendu verðbréfamiðstöðvar sem Verðbréfaskráning myndi semja við um uppgjör í erlendri mynt auk þess að samþykkja reglur Verðbréfaskráningar um uppgjör verðbréfa.
- Með lögum nr. 77/2008, um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, var Fjármálaeftirlitinu falin ábyrgð á eftirliti með gjaldeyrisskiptastöðvum og peninga- og verðmætasendingarþjónustu.
- Með innheimtulögum, nr. 95/2008, var Fjármálaeftirlitinu falið að hafa eftirlit með innheimtustarfsemi, að undanskilinni starfsemi lögmanna.

3. Áherslur í starfi Fjármálaeftirlitsins

Fjármálaeftirlitið lítur á það sem meginhlutverk sitt að stuðla að traustri fjármálastarfsemi, en í því felst að undirstöður fjármálamarkaðar séu tryggar og starfsemi heilbrigð og í samræmi við lög. Unnið er að þessum markmiðum á margvíslegan hátt, en einkum má nefna:

- *Viðhalda trúverðugleika markaðarins*, s.s. tvíhliða/marghliða samskipti við erlend stjórnvöld, lánshæfismatsfyrirtæki, greiningaraðila og fjölmiðla.
- *Þátttaka í útrás*, s.s. beint eftirlit með starfsemi útibúa, samstarf um eftirlit við erlend stjórnvöld og gerð samstarfssamninga.
- *Leiðeiningar til markaðar*, s.s. leiðbeinandi tilmæli og túlkanir.
- *Fyrirbyggjandi athafnir*, s.s. hæfismat stjórnenda og mat á virkum eignarhlutum.
- *Fjárhagslegt eftirlit*, s.s. regluleg greining og söfnun upplýsinga.
- *Eftirfylgni reglna*, s.s. vettvangsathuganir, upplýsingasöfnun og rannsókn ábendinga.

Hér á eftir verður vikið að helstu áherslum í starfi Fjármálaeftirlitins að undanförnu og í náinni framtíð.

3.1 Lánamarkaður

Frá síðast liðnu hausti hafa verkefni tengd lánamarkaði einkennst af þeim samdrætti í framboði á lausu fé sem einkennt hefur fjármálamarkaði heimsins. Jafnframt hefur íslenski fjármálamarkaðurinn fundið fyrir gagnrýni á horfur í íslensku efnahagslífi og áhrifum þess á bankana.

Megináhersla í eftirliti hefur beinst að því að takmarka áhættu á áföllum með úttektum á innra eftirliti, áhættustýringu, eiginfjárstöðu og stórum áhættuskuldbindingum. Þetta hefur verið gert með söfnun og greiningu upplýsinga og vettvangsheimsóknum. Haustið 2007 var

framkvæmd vettvangsúttekt á útlánaáhættu, stýringu hennar og innra eftirliti hjá sex stærstu fjármálafyrirtækjunum sem saman ná yfir um 95% útlána í fjármálakerfinu.

Áhersla hefur einnig verið lögð á eftirlit með stöðu á lausu fé bæði til skemmri og lengri tíma og áhrifum af lækkunum á hlutabréfamörkuðum.

Verkefni vegna starfsemi íslensku bankanna erlendis og samskipti við erlendar systurstofnanir taka sífellt meiri tíma. Vettvangsathugun var framkvæmd í útibúum bankanna í London vorið 2007 og með vaxandi útibúavæðingu munu verkefni tengd erlendri starfsemi krefjast frekari mannafla. Nánar er vikið að þessu í kafla 6.

Mikil vinna hefur farið í að innleiða nýjar reglur í samræmi við Basel II staðal um eiginfjárhlutfall og nýjar tilskipanir Evrópusambandsins, en innleiðingin af hálfu Fjármálaeftirlitsins hefur átt sér stað með setningu reglna og leiðbeinandi tilmæla. Meðal breytinga er að öll fjármálafyrirtæki munu skila greinargerð til Fjármálaeftirlitsins um mat á áhættu og hvort útreiknuð krafa eigin fjár sé nægileg til að mæta þeirri áhættu sem fyrirtækið metur sjálft í starfsemi sinni. Það er hlutverk Fjármálaeftirlitsins að fara yfir þessa greinargerð og leggja mat á það hvort lánafyrirtækið taki tillit til allra áhættuþátta sem áhrif geta haft á framtíðarstarfssemi þess. Skýrslum þessum verður safnað í fyrsta skiptið á árinu 2008 og felur í sér breytta nálgun í eftirliti, en reynslan verður að skera úr um hvort að þessu fylgir viðbótarálag á starfsemina.

Til meðferðar eru umsóknir frá tveimur íslenskum bönkum um að beita eigin aðferðum við mat á áhættum (innramatsaðferðum, *e. Internal Ratings Based Approach – IRB)* við útreikning á eiginfjárþörf, en slíkt kallar á vottun Fjármálaeftirlitsins á matsferlum viðkomandi fyrirtækja innanlands og utan. Verði leyfi veitt fyrir notkun á IRB tekur við viðvarandi eftirlit með matsferlum, viðkomandi fyrirtækis, þ.m.t. vegna annarra IRB líkana en upphaflega vottunin náði til.

Verkefni tengd virkum eignarhlutum og veiting nýrra/aukinna starfsleyfa kallar reglulega á töluverða vinnu af hálfu Fjármálaeftirlitsins, en á árinu 2007 og voru veitt 17 ný/aukin starfsleyfi og 16 mál tengd virkum eignarhlutum voru til meðferðar.

Á vormánuðum 2008 voru samþykkt lög um sértryggð skuldabréf sem kalla á aukin verkefni hjá Fjármálaeftirlitinu, en því er falið að veita leyfi til útgáfu slíkra bréfa, samþykkja umsjónarmann útgáfunnar og hafa viðvarandi eftirlit. Jafnframt hafa verið samþykktar breytingar á lögum um peningaþvætti sem fela Fjármálaeftirlitinu ábyrgð á eftirliti með gjaldeyrisskiptastöðvum og peninga- og verðmætasendingarþjónustu.

Í fyrirsjáanlegri framtíð má búast við að framangreind verkefni muni áfram vega þungt í starfsemi Fjármálaeftirlitsins, auk þess sem sinna þarf nýjum verkefnum varðandi lög um sértryggð skuldabréf og gjaldeyrisskiptastöðvar. Jafnframt er áformað að auka áherslu á upplýsingasöfnun, greiningu og veitingu upplýsinga. Eftirlit verður í auknum mæli framkvæmt á grundvelli áhættumats, í formi þemaskoðana á ákveðnum áhættum eða með viðbragðsskoðunum í framhaldi af tilteknum atburðum eða niðurstöðum upplýsingaúrvinnslu.

Að þessu sinni er talin þörf á fjórum viðbótarstöðugildum. Einu stöðugildi til að sinna verkefnum tengdum sérvörðum skuldabréfum og gjaldeyrisskiptastöðvum og þremur stöðugildum vegna aukinna umsvifa íslenskra fjármálafyrirtækja erlendis og samskipta við erlend eftirlit.

3.2 Lífeyrismarkaður

Lífeyrismarkaður hefur undanfarið einkennst af sameiningum lífeyrissjóða, yfirfærslu réttindakerfa, vaxandi lífs- og örorkulíkum og áhættusæknari fjárfestingastefnum.

Áherslur í eftirliti með lífeyrissjóðum hafa snúið að athugunum á fjárfestingum, fjárfestingarstefnum og skuldbindingum auk þess sem gerðar hafa verið heildarúttektir á starfsemi einstakra sjóða.

Á hverju ári fer töluverður tími í að veita umsagnir um tillögur til breytinga á samþykktum lífeyrissjóðanna, svo sem vegna sameininga eða breytinga á réttindakerfum, auk umsagna um breytingar á reglum og samningum vegna viðbótarlífeyrissparnaðar.

Unnið er að mótun úrvinnslukerfis, auk þess sem áfram er unnið að þróun gæða- og áhættuflokkunarkerfis fyrir lífeyrissjóðina. Hvoru tveggja mun bæta yfirsýn og eftirlit með áhættum í rekstri sjóðanna og nýtast við forgangsröðun á eftirliti með einstökum sjóðum.

Fyrri hluta árs 2008 var framkvæmd sérstök athugun á innra eftirliti allra lífeyrissjóða sem hefur ekki verið gert með sambærilegum hætti áður. Niðurstöður þessarar athugunar verða nýttar við forgangsröðun í eftirliti (ásamt öðrum upplýsingum úr gæða- og áhættuflokkunarkerfi fyrir lífeyrissjóði) ásamt almennu mati á því hvort innra eftirlit sé almennt fullnægjandi og hvort þörf er á reglulegum skýrsluskilum um framkvæmd þess.

Stækkun lífeyrissjóða vegna vaxtar og sameininga, rýmkaðar fjárfestingaheimildir, áhættusæknari fjárfestingastefnur, yfirfærsla á réttindakerfum en jafnframt óvissa vegna hækkandi lífs- og örorkulíka, leiðir til þess að ákvarðanataka í starfsemi sjóðanna verður flóknari og kallar á aukna ábyrgð stjórnenda, aukið innra eftirlit og áhættustýringu, aukna faglega þekkingu og almennt traustari umgjörð um rekstur sjóðanna. Framangreint kallar á aukið umfang eftirlits en fækkun lífeyrissjóða vegur einungis að litlu leyti á móti auknu verkefnaálagi samkvæmt ofangreindu.

Verkefni á næstu árum munu ráðast af stækkun lífeyrissjóða, fjárfestingarheimildum þeirra og áherslum í fjárfestingum. Líklegt er að á næstu árum verði lög um lífeyrissjóði endurskoðuð og jafnframt afleiddar reglur. Þessu til viðbótar er enn óljóst hvort umfang eftirlits kunni að aukast vegna laga um starfstengda eftirlaunasjóði nr. 78/2007, sem innleiða tilskipun nr. 2003/41/EB og tóku gildi 1. júlí 2007.

Að svo stöddu er ekki talin þörf á fjölgun stöðugilda vegna eftirlits með lífeyrissjóðum. Slíkt kynni að breytast í framhaldi af lagabreytingum eða ef stofnað yrði til starfstengdra eftirlaunasjóða hér á landi.

3.3 Verðbréfasjóðir

Eftirlit með sjóðum rekstrarfélaga, þ.e. verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum, hefur að miklu leyti snúið að staðfestingu nýrra sjóða og breytingum á reglum eldri sjóða í samræmi við lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, auk könnunar á veittum upplýsingum um fjárfestingar og eignastöðu. Lögð hefur verið áhersla á fjölgun vettvangsathugana en æskilegt er að fjölga slíkum úttektum.

Rekstrarfélög verðbréfasjóða eru 7 og umsókn um 8 starfsleyfið er til meðferðar hjá Fjármálaeftirlitinu, en samþykki þess mun auka umfang eftirlits með rekstrarfélögum. Fjármagn í vörslum rekstrarfélaganna hefur aukist mjög á undanförnum árum vegna fjölgunar þeirra og stærri sjóða, en einnig vegna þess að rekstrarfélögin bjóða upp á eignastýringu í auknum mæli. Þá hafa fjárfestingarafurðir orðið flóknari og vænta má aukinnar markaðsetningar íslenskra verðbréfasjóða erlendis.

Unnið er áfram að rafvæðingu allra gagna sem rekstrarfélögin skila til eftirlitsins og þróun úrvinnslukerfis á þeim upplýsingum. Slíkt mun bæta yfirsýn og efla eftirlit með þessari starfsemi.

Fyrirsjáanlegar eru breytingar á löggjöf, m.a. vegna tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2007/16/EB, um skýringar á fjárfestingarheimildum verðbréfasjóða. Búið er að innleiða MiFID-tilskipunina (e. *Market in Finacial Instruments Directive),* nr. 2004/39/EB, og mun eftirlit aukast tímabundið með rekstrarfélögum vegna hennar. Fylgjast þarf með að rekstrarfélögin séu að uppfylla öll skilyrði tilskipunarinnar.

Að svo stöddu er ekki talin þörf á að fjölga stöðugildum vegna eftirlits með starfsemi verðbréfasjóða og rekstrarfélaga þeirra. Slíkt gæti breyst í kjölfar lagabreytinga eða í kjölfar aukins vinnuálags vegna fjölgunar rekstrarfélaga eða sjóða eða vegna aukningar á erlendri starfsemi þeirra.

3.4 Vátryggingamarkaður

Eftirlit á vátryggingamarkaði er sinnt með athugun á ýmsum reglubundnum gögnum sem Fjármálaeftirlitið fær send auk vettvangsheimsókna og sérstökum athugunum. Unnið er að úrvinnslukerfi varðandi þau gögn sem berast vegna vátryggingafélaga.

Við reglubundið eftirlit er lögð áhersla á athugun á fjárhagslegri stöðu aðila þ.á m. eignastöðu að teknu tilliti til starfsleyfisskilyrða þ.á m. fjárhagslegra skuldbindinga, gjaldþols og vátryggingaskuldar. Fjármálaeftirlitið hefur þróað sérstakt álagspróf og áhættumat sem nýtt er í þessum tilgangi. Í heimsóknum er m.a. áhersla lögð á athugun á áhættustýringu, innra eftirliti og verkferlum. Á þessu sviði er einnig fylgst með framkvæmd reglna um virka eignarhluti.

Solvency II verkefnið hefur verið tímafrekt en líklegt er að seinni hluta 2009 muni draga úr starfi alþjóðlegra vinnuhópa vegna þróunar Solvency II en vinnan beinist að samræmingu eftirlits. Fjármálaeftirlitið hefur tekið virkan þátt í þremur vinnuhópum á vegum Samstarfsnefndar Evrópskra vátryggingaeftirlita og lífeyrissjóðaeftirlita (e. *Committee of European Insurance and Occupational Pension Supervisors - CEIOPS)* vegna þessa. Í kjölfar þessa mun áherslan beinast að undirbúningi nýrrar íslenskrar löggjafar sem á að taka gildi 31. október 2012. Æskilegt væri að lagabreytingar væru tilbúnar á árinu 2011 til þess að nægur aðlögunartími gæfist.

Í tengslum við undirbúning Solvency II tilskipunarinnar hafa verið gerðar áhrifskannanir (e. *quantitative impact study - QIS)* og hefur Fjármálaeftirlitið hvatt vátryggingafélög til þess að taka þátt í þeim. Unnið er að QIS4 á árinu 2008 og gerir Fjármálaeftirlitið ráð fyrir því að QIS5 verði framkvæmd á árinu 2009, þó slíkt sé ekki endanlega ákveðið.

Fjármálaeftirlitið tekur þátt í nýstofnuðum vinnuhóp CEIOPS um neytendamál, en til athugunar er réttarstaða neytenda á vátryggingamarkaði og mögulegt hlutverk eftirlitsstjórnvalda í því sambandi. Gera má ráð fyrir nokkurri vinnu vegna þessa.

Unnið hefur verið að undirbúningi frumvarps til breytinga á lögum um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994, vegna lögleiðingar tilskipunar um endurtryggingar. Samhliða þeirri vinnu var unnið að heildarendurskoðun á lögunum. Verði frumvarpið samþykkt mun þurfa að huga að endurskoðun ýmissa reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli laganna, auk leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins.

Starfsemi vátryggingafélaganna verður sífellt alþjóðlegri. Þannig á TM dótturfélag erlendis, Sjóvá er hluti af erlendri fjármálasamsteypu og Exista, sem er eigandi VÍS, er jafnframt virkur eigandi í finnska tryggingafélaginu Sampo. Til viðbótar þessu hefur þjónusta íslenskra vátryggingafélaga yfir landamæri (og erlendar tekjur) aukist töluvert á síðustu árum. Þessi þróun hefur kallað á aukið samstarf við erlendar systurstofnanir og er gert ráð fyrir auknu samstarfi vegna eftirlits með samstæðum og fjármálasamsteypum. Fjármálaeftirlitið hyggst

taka meiri þátt í alþjóðlegu samstarfi vegna þessa og sækja fundi Interim Working Committee on Financial Conglomerates (IWCFC) vegna vátryggingasviðs og lánasviðs. Þátttaka í IWCFC er einnig mikilvæg með hliðsjón af væntanlegri endurskoðun tilskipunar um fjármálasamsteypur.

Ekki er talin þörf á frekari stöðugildum við eftirlit með vátryggingastarfsemi. Þetta kann þó að breytast í framhaldi af fyrirséðum lagabreytingum og aukningar erlends samstarfs vegna starfsemi íslenskra vátryggingafélaga erlendis.

3.5 Verðbréfamarkaður

Með innleiðingu Evróputilskipunar um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFID) í íslensk lög þann 1. nóvember 2007 hafa verkefni Fjármálaeftirlitsins við eftirlit á verðbréfamarkaði aukist. Nýju lögin gera ráð fyrir auknu eftirliti Fjármálaeftirlitsins með starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja erlendis, auk þess sem gerðar eru kröfur til aukins samstarfs milli evrópskra eftirlitsaðila. Einnig greiða lögin fyrir starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi, en ef erlend fyrirtæki nýta sér slíkt í auknum mæli mun starfsemi þeirra að nokkru leyti falla undir íslenskt eftirlit.

Nýju verðbréfaviðskiptalögin gera einnig ráð fyrir ákveðnum tölvukerfum varðandi upplýsingasamskipti á milli eftirlita, (e. *Transaction Reporting System - TRS)* og miðlægum rafrænum gagnagrunni á upplýsingum sem skylt er að birta (e. *Central Storage Facility System - OAM).* Frekari þróun á greiningarkerfi upplýsinga úr TRS grunninum mun verða unnin í samstarfi við önnur norðurlönd og Litháen. Vonir standa til að slíkt muni auka yfirsýn og efla eftirlit með íslenskum verðbréfamarkaði.

Með MiFID-tilskipuninni var stigið stærsta skrefið í áætlun ESB um samræmdar reglur á verðbréfamörkuðum. Áður höfðu verið innleiddar tilskipanir um markaðsmisnotkun, yfirtökutilboð og lýsingar. Ekki er gert ráð fyrir stórum breytingum á þessu sviði í náinni framtíð en mikil áhersla verður nú lögð á það á Evrópuvettvangi að eftirlit með framkvæmd tilskipana sé samræmd á EES-svæðinu. Einnig er mikil vinna lögð í það á vettvangi Evrópunefndar um Verðbréfaeftirlit (e. *Committee of European Securities Regulators – CESR)* að samræma nýlegar tilskipanir m.t.t. skörunar og endurtekninga og hefur Fjármálaeftirlitið fundið fyrir auknum þunga fyrirspurna frá CESR vegna þessa. Ætla má að það leiði til breytinga sem skýra og einfalda gildandi reglur á evrópskum verðbréfamörkuðum.

Mikil vinna hefur farið í innleiðingu áðurnefndra reglna auk þess sem nýjar reglur kalla á vinnu við að skýra og túlka reglurnar, svara fyrirspurnum, skera úr álitaefnum og veita eftirlitsskyldum aðilum og öðrum leiðbeiningar.

Fyrri hluta árs 2008 hóf Fjármálaeftirlitið *„off-site“* úttekt á framkvæmd við innleiðingu á skuldbindingum samkvæmt MiFID hjá öllum fjármálafyrirtækjum sem eiga viðskipti og veita þjónustu með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti. Ljóst er að umtalsverð vinna mun fara í það á næstu mánuðum að kanna hvort fjármálafyrirtæki uppfylli kröfur nýrra laga um verðbréfaviðskipti.

Helstu áherslur í eftirliti munu áfram snúa að eftirliti með háttsemi útgefenda verðbréfa skráðra í Kauphöll og viðskiptum fjárfesta á markaði. Fjármálaeftirlitið sinnir einnig verkefnum er snúa að lýsingum og yfirtökumálum. Auk þessa hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með starfsemi Kauphallar og Verðbréfaskráningar. Vegna breytinga á lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa mun Fjármálaeftirlitið fá aukið hlutverk varðandi starfsemi Verðbréfaskráningar eins og vikið verður að síðar.

Á þessu sviði eru erlend samskipti veigamikill þáttur og fer vaxandi. Bæði er um að ræða samstarf innan CESR auk samstarfs við einstaka eftirlitsaðila. Til viðbótar þessu hefur Fjármálaeftirlitið fengið aðild að samstarfi norrænna eftirlitsaðila vegna eftirlits með OMX og stefnir að aðild að alþjóðasamtökum verðbréfaeftirlita (e. *International Organization of Securities Commissions - IOSCO),* eins og nánar verður vikið að.

Að svo stöddu er ekki talin þörf á viðbótar stöðugildi vegna eftirlits með verðbréfamarkaði. Rétt er þó að taka fram að á þessu stigi er ekki er hægt að meta að fullu áhrif nýrra verðbréfaviðskiptalaga á starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

3.6 Almennt


Að síðustu er rétt að geta þess að ýmis verkefni ganga þvert á hina ýmsu markaði þar sem samlegðaráhrif starfseminnar koma fram. Má þar sem dæmi nefna:

- Beiting stjórnvaldssekta vegna brota á lögum um fjármálastarfsemi.
- Viðbúnaðarvinna og innlent og erlent samstarf er tengist viðbúnaði gegn hættu á áfalli í fjármálakerfinu.
- Framkvæmd á hæfismati stjórnenda eftirlitsskyldra aðila.
- Eftirlit með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Eftirlit með upplýsingatækni.
- Eftirlit með fjármálasamsteypum, en unnið hefur verið að reglum þessa efnis.

4. Stefnumótun og mælikvarðar

Árið 2006 setti Fjármálaeftirlitið sér stefnu í formi stefnumiðaðs árangursmats (Balanced Scorecard). Stefnan nýtist við mótun almennra áherslna, forgangsröðun verkefna og mælingu árangurs.

MYND 4: Stefnukort FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS.



Meginhlutverk Fjármálaeftirlitsins er að stuðla að traustri fjármálastarfsemi. Til að vinna þessu framgang hafa verið skilgreind 15 markmið og þróaðir hafa verið 21 mælikvarðar til að meta og fylgjast með árangri starfseminnar. Árið 2007 var svokallað grunnár (baseline) en þá var í fyrsta skiptið gerð mæling á öllum mælikvörðum stefnukortsins. Þessar mælingar nýtast sem grunnur að frekari markmiðssetningu, til samanburðar við mælingar í framtíðinni og við frekari þróun. Alls náðust 14 af 21 (66,7%) markmiði sem Fjármálaeftirlitið setti sér fyrir árið 2007 (sjá skyggingar á mynd 5)

Mynd 5: Niðurstaða úr 21 lykilmælikvörðum sem Fjármálaeftirlitið setti sér fyrir árið 2007.

Lykilmælikvarðar		**Niðurstaða 2007**	**Markmið 2007**	**Prufa 2006**
V 1.	***Öruggur fjármálamarkaður***			
V 1.1.	Meðaleinkunn úr áhættumati FME	**7,4**	7,5	7,8
V 2.	***Áhrifavaldur í þróun fjármálamarkaðar***			
V 2.1.	Viðhorf markaðar til FME sem áhrifavaldur	**3,28**	3,2	×
V 2.2.	Fjöldi opinbera tilmæla (túlkanir ofl.)	**22**	12	22
V 3.	***Heilbrigðir viðskiptahættir á markaði***			
V 3.1.	Fjöldi atvika og frávik frá normi	**9%**	10%	13%
V 4.	***Traust og trúverðugt fjármálaeftirlit***			
V 4.1.	Viðhorf markaðar til FME, traust og trúverðugleiki	**3,66**	3,2	×
I 1.	***Markvisst verkefnaval og verkábyrgð***			
I 1.1.	Frávik frá áætlunum	**3,8%**	10%	9,80%
I 1.2.	Hlutfall sérstakra verkefna af heildarfjölda (A-C af heild)	**38,5%**	25%	27%
I 2.	***Starfsemi í hæsta gæðaflokki***			
I 2.1.	Fjöldi verkefna rýnd varðandi gæði og málsmeðferð	**3**	4	×
I 2.2.	Fjöldi samþykktra / endurskoðaðra lykilverkferla	**6**	8	×
I 3.	***Skilvirkni í meðferð mála***			
I 3.1.	Meðallíftími verkefna	**453**	400	555
I 3.2.	Hlutfall mála eldri en eins árs	**22%**	25%	31%
I 4.	***Efla rafræna málsmeðferð***			
I 4.1.	Hlutfall rafrænnar úrvinnslu	**11,4%**	35%*	×
I 5.	***Skilvirk upplýsingamiðlun***			
I 5.1.	Upplýsingaatburðir	**2.981**	2.000	1.857
S 1.	***Öflug þekking starfsmanna***			
S 1.1.	Hlutfall starfsmanna með meira en 3ja ára starfsreynslu (frá 1.1.2001)	**28%**	45%	45%
S 1.2.	Fjöldi starfsmanna sem nýtir sér starfstengda símenntun (eigin frumkv.)	**88%**	65%	63%
S 2.	***Fyrirmyndar upplýsingarkerfi***			
S 2.1.	Staða upplýsingakerfa (úttekt skv. leiðbeiningum FME)	**8**	7	5

S 3.	***Eftirsóttur vinnustaður***			
S 3.1.	Viðhorf starfsmanna (Vinnustaðagreining)	**4,18**	3,2	×
S 3.2.	Fjöldi starfsumsókna	**48**	20	22
F 1.	***Standast fjárhagsáætlun***			
F 1.1.	Frávik frá áætlunum	**5%**	5%	5%
F 2.	***Hagkvæmni í rekstri***			
F 2.1.	Umsvif fjármálamarkaðar á hvert stöðugildi FME	**104,8**	80	89,8
F 3.	***Verkefnum fylgi tekjur***			
F 3.1.	Hlutfall nýrra verkefna sem FME kostnaðarmetur	**100%**	75%	100%

**Hlutfall skýrslna sem eru lesnar sjálfvirkt í gagnagrunn og eru með sjálfvirka grunnrýni*

5. Nýting upplýsingatækni

Fjármálaeftirlitið fylgir sérstakri upplýsingatæknistefnu sem sett var til þriggja ára. Helstu atriði þeirrar stefnu eru eftirfarandi:

- Öll samskipti við eftirlitsskylda aðila verði rafræn.
- Úrvinnslukerfi verði fyrir hendi sem vinni frumgreiningu á upplýsingum og geri viðvart um frávik (early warning).
- Gagnagrunnar og málaskráningarkerfi séu samhæfð og tryggi auðvelda geymslu, úrvinnslu og notkun upplýsinga.
- Öryggi upplýsinga sé tryggt og eftirlitið fái vottun skv. ISO 27001.
- Vefumsjónarbúnaður og heimasíða styðji við öfluga og markvissa upplýsingamiðlun, þess vegna í mismunandi víddum, þ.e. á innra-neti (innan stofnunar), á ytra neti (skilgreind vefsvæði fyrir einstaka eftirlitsskylda aðila eða systurstofnanir) og interneti (almenningur).
- Hugbúnaður og vélbúnaður uppfylli þarfir hvers tíma.
- Eftirlitið geti uppfyllt alþjóðlegar skuldbindingar um upplýsingasamskipti.

Á hverju ári safnar Fjármálaeftirlitið rúmlega 3500 skýrslueintökum frá eftirlitsskyldum aðilum um ýmsa þætti í rekstri þeirra. Markmiðið er almennt eftirlit með ýmsum reglum og greining á hugsanlegum veikleikum í starfsemi þeirra. Í ársbyrjun 2007 var tekið í notkun rafrænt skýrsluskilakerfi sem tekur við skýrslum frá eftirlitsskyldum aðilum og les gögnin beint inn í gagnagrunn þar sem þau eru aðgengileg sérfræðingum Fjármálaeftirlitsins til greininga og annarrar vinnslu. Gögnin eru villuleituð sjálfvirkt svo sem kostur er um leið og þau eru sett í gagnagrunn.

Unnið er að úrvinnslukerfi á öllum sviðum sem notar undirliggjandi gögn til að leggja mat á ástand eftirlitsskyldra aðila í samræmi við ákveðnar kennitölur og reglur um frávik. Nokkrar sjálfvirkar úrvinnslur hafa verið teknar í notkun og er meginhersla Fjármálaeftirlitsins um þessar mundir að fjölga slíkum úrvinnslum. Slíkt gerir allt eftirlit skjótvirkara og markvissara.

Verkefnið um rafræn skil er einnig mikilvægt í ljósi alþjóðavæðingar íslenskra fjármálafyrirtækja, en ýmsir aðilar, s.s. erlendar systurstofnanir Fjármálaeftirlitsins, Evrópusamtök eftirlitsstofnana, alþjóðlegar stofnanir (s.s. IMF) og matsfyrirtæki fara í auknum mæli fram á ýmsar tölfræðilegar upplýsingar og greiningar.

Fjármálaeftirlitið hefur tekið þátt í samstarfi fjármálaeftirlita á Norðurlöndum og í Litháen um smíði kerfi sem allir þessir aðilar nota til söfnunar og sendingar á upplýsingum um fjármálagerninga í samræmi við kröfur MiFID-tilskipunarinnar. Kerfið var tekið í notkun í

nóvember 2008. Unnið er að áframhaldandi þróun á kerfinu, bæði til að auðvelda skipti á upplýsingum á milli eftirlita (e. *Instrument Reference Database)* og til að geta tekið við upplýsingum um fjármálagerninga sem hafa ekki svokallaða ISIN (e. *International Securities Identifying Number)* auðkenningu. Ávinningur af samstarfinu er bæði sparnaður og samræmi, en markaðsaðilar fá sömu viðmótsskil hvar sem er á Norðurlöndunum og í Litháen en mörg íslensk og norræn fjármálafyrirtæki starfa á þessum mörkuðum.

Með kerfinu mun Fjármálaeftirlitinu gefast kostur á að útbúa öflugt rafrænt eftirlitskerfi með verðbréfamarkaðnum og er unnið að slíku. Fyrir liggja grunnskilgreiningar á vísbendingum um frávik frá eðlilegum viðskiptum og er vonast til þess að fyrsta útgáfa af slíku greiningarkerfi verði tilbúið á árinu 2008.

Gegnsæistilskipun (e. *Transparency)* tilskipun Evrópusambandsins fjallar um opinbera birtingu tilgreindra upplýsinga útgefenda verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði með Ísland sem heimaríki og flöggunarskyldu. Í samræmi við tilskipunina hefur verið sett á fót kerfi sem safnar þeim upplýsingum sem skylt er að birta opinberlega, svokallað OAM (e. *Officially Appointed Mechanism),* en það skal vera opið almenningi. Þennan grunn er að finna á vefsíðunni www.oam.is.

Stefnt er að innleiðingu nýs málaskráningarkerfis á árinu 2008 til að auðvelda aðgengi að upplýsingum en með samtengingu upplýsinga í málaskrá og öðrum gagnagrunnum Fjármálaeftirlitsins má bæta yfirsýn og auka skilvirkni í vinnu sérfræðinga. Kerfið mun verða á vefformi og tengjast jafnframt innra neti eftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið vinnur að innleiðingu stjórnkerfis upplýsingaöryggis og er stefnt að vottun skv. ISO 27001 fyrir árslok 2008.

Fjármálaeftirlitið hefur á stefnuskrá sinni að rafvæða ferli innan Fjármálaeftirlitsins og mun vinna að slíku í tengslum við verkefnið Upplýsingasamfélagið 2008–2011 á vegum Forsætisráðuneytisins. Stefnt er að því að rafvæða ferli starfleyfisumsókna og umsókna um leyfi til að eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækjum. Ekki liggur fyrir hvenær nákvæmlega verkefnið verður unnið, en ljóst er að það mun spara tíma hjá bæði Fjármálaeftirlitinu og aðilum sem þurfa að sækja um viðkomandi leyfi, auk þess sem yfirsýn yfir stöðu hvers máls verður ávallt fyrirliggjandi.

Fjármálaeftirlitið hefur byrjað þróun á rafrænu sjálfsmati eftirlitsskyldra aðila á tilteknum þáttum í starfsemi sinni. Sjálfsmat hjálpar eftirlitsskyldum aðilum og Fjármálaeftirlitinu að fá mynd af stöðu einstakra þátta í starfsemi þeirra. Fyrsta sjálfsmatið snéri að því hversu vel eftirlitsskyldir aðilar fylgja leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2005 um rekstur upplýsingakerfa. Úrvinnsla úr sjálfsmatinu er að mestu sjálfvirk og því liggur mat á viðkomandi eftirlitsþætti fyrir fljótlega eftir að svör berast. Gerðar verða samræmis- og úrtaksprófanir á svörum við sjálfsmati og þeim svörum fylgt eftir sem gefa tilefni til.

Auk innri upplýsingatæknimála ber Fjármálaeftirlitnu að fylgjast með því að greiðslu- og uppgjörskerfi eftirlitsskyldra aðila séu fullnægjandi. Slíkt þarf að gera með reglulegum könnunum á öryggi upplýsinga- og greiðslukerfa, annað hvort með vettvangsathugun eða söfnun upplýsinga svo sem með sjálfsmati. Með aukinni útrás eykst ábyrgð á þessu sviði, bæði gagnvart útibúum erlendis og kerfum fjármálafyrirtækjanna á samstæðugrunni. Jafnframt hefur Fjármálaeftirlitinu verið falin aukin ábyrgð með eftirliti á kerfum Verðbréfaskráningar með nýsamþykktum breytingum á lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa, en eftirlitinu er ætlað að samþykkja uppgjörskerfi þeirrar erlendu verðbréfamiðstöðvar sem Verðbréfaskráning myndi semja við um uppgjör í erlendri mynt auk þess að samþykkja reglur Verðbréfaskráningar um uppgjör verðbréfa.

Þrír sérfræðingar sinna upplýsingatæknimálum hjá Fjármálaeftirlitinu auk þess sem tímabundnir starfsmenn eða ráðgjafar sinna verkefnum vegna innleiðingar upplýsingatæknistefnunnar. Talin er þörf á einu stöðugildi til viðbótar til að geta betur sinnt eftirliti með upplýsinga- og greiðslukerfum, innanlands og utan, og nýjum verkefnum vegna breytinga á lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa.

6. Erlend starfsemi Fjármálaeftirlitsins

Vaxandi alþjóðleg starfsemi íslenskrar fjármálaþjónustu hefur haft töluverð áhrif á starfsemi Fjármálaeftirlitsins og ekki er að fullu séð fyrir áhrif þeirrar þróunar. Jafnframt er ljóst að hin alþjóðlega lausafjárkreppa og sú athygli sem íslenskur fjármálamarkaður hefur fengið hefur haft áhrif á starfsemi Fjármálaeftirlitsins og staðfest mikilvægi öflugs fjármálaeftirlits. Búast má við að afleiðingar erfiðleikanna verði aukin alþjóðleg samvinna eftirlitsaðila og úrbætur á þeim göllum sem taldir eru hafa komið upp varðandi eftirlitsreglur og framkvæmd með alþjóðlegum fjármálafyrirtækjum og mörkuðum.

Á árinu 2007 komu um 58% tekna bankanna erlendis frá og um 60% útlána þeirra voru til erlendra aðila. Íslenskir fjárfestar hafa keypt hluti í norrænum fjármálaþjónustufyrirtækjum auk þess sem Kauphöll og Verðbréfaskráning eru hluti af OMX samstæðunni.

Í árslok 2008 má búast við að starfsstöðvar íslensku bankanna verði í a.m.k. 28 löndum í 73 starfsstöðvum og hefur þróunin verið hröð á undanförnum árum. Rétt er að minna á að vegna útibúa er eftirlitsábyrgð að meginstefnu til hjá Fjármálaeftirlitinu. Á árinu 2007 setti Fjármálaeftirlitið fram sérstaka stefnu um eftirlit með erlendri starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja og framkvæmdi greiningu á viðvarandi vinnuálagi vegna þessa. Niðurstaða þeirrar greiningar gerir ráð fyrir að hvert útibú kalli á 0,1 starfsmann en dótturfélag á 0,07 eða 0,11 starfsmann, eftir því hvort það er innan eða utan EES.

	Lok árs 2005	**2008 (20/5)**	**Í vinnslu**
Dótturfélög	21	33	
Útibú	4	20	10
Umboðsskrifstofur	1	3	7
Erlend ríki þar sem starfsemi er stunduð	12	21	7

Aukin alþjóðavæðing íslenskra fjármálaþjónustufyrirtækja og aukið Evrópusamstarf eftirlitsaðila kallar á stöðug verkefni af hálfu starfsmanna Fjármálaeftirlitsins. Þau eru í meginatriðum þríþætt.

Í fyrsta lagi á Fjármálaeftirlitið í samskiptum við eftirlitsstofnanir í þeim löndum sem íslensku fyrirtækin eru með starfsemi. Ef starfsemin er í formi útibús ber Fjármálaeftirlitið beina eftirlitsábyrgð á flestum starfsþáttum samkvæmt reglum EES um heimaríkiseftirlit. Sé um dótturfélag að ræða er Fjármálaeftirlitið eftirlitsaðili á samstæðugrunni en gistiríkið hefur eftirlit með starfsemi dótturfélagsins sem slíkri.

Erlend eftirlitsstjórnvöld óska í vaxandi mæli eftir upplýsingum og samstarfi við Fjármálaeftirlitið um starfsemi íslensku fyrirtækjanna yfir landamæri og hefur það verið sérstaklega verið áréttað í tengslum við hina alþjóðlegu erfiðleika. Verður á næstu mánuðum skoðað hvort ástæða er til þess að formfesta regluleg samskipti við erlenda eftirlitsaðila vegna þriggja stærstu bankanna (eins konar *„supervisory college“*). Dæmi um slíkt tvíhliða samstarf er nú þegar fyrir hendi varðandi ákveðin dótturfélög bankanna.

Fjármálaeftirlitið mun einnig á næstu mánuðum framkvæma könnun á því hvort stofnun erlendrar starfsstöðvar þess væri hagkvæm. Slíkt myndi auðvelda og auka gæði eftirlits með

erlendri starfsemi íslensku fyrirtækjanna, auka reglulegt samstarf við erlend fjármálaeftirlit og draga úr ferðakostnaði.

Gerð samstarfssamninga við erlend eftirlit er sérstakur þáttur í erlendum samskiptum Fjármálaeftirlitsins, en slíkt er nauðsynlegt þegar um ríki utan EES er að ræða. Á árinu 2007 voru gerðir samningar við Kína og Dubai og unnið er að samningum við 7 erlend fjármálaeftirlit. Gerð slíkra samninga getur verið tímafrek og að eftir gerð þeirra þarf að sinna ákveðnum samskiptum.

Í öðru lagi tekur Fjármálaeftirlitið þátt í norrænu- og Evrópu samstarfi eftirlitsaðila með fjármálaþjónustu. Á þessum vettvangi er m.a. unnið að leiðbeinandi reglusetningu fyrir fjármálaþjónustufyrirtæki og samræmingu eftirlitsframkvæmdar. Með aukinni alþjóðavæðingu íslenska markaðarins er mikilvægt að sinna vel slíku samstarfi.

Fjármálaeftirlitið er í samstarfi við systurstofnanir á öðrum norðurlöndum um viðlagaáætlanir og viðbúnað vegna mögulegra erfiðleika á fjármálamörkuðum og tók þátt í samnorrænni viðlagaæfingu haustið 2007. Ennfremur hefur Fjármálaeftirlitið fylgst með umræðu á Evrópuvettvangi um viðbrögð við fjármálakreppum.

Fjármálaeftirlitið stefnir að aðild að alþjóðlegum samtökum verðbréfaeftirlita (e. *International Organization of Securities Commissions - IOSCO)* en samtökin eru vettvangur samstarfs aðildarríkja við rannsóknir á málum og upplýsingaskipta milli ríkja og grundvallast á fjölhliða samkomulagi aðildarríkja. Aðild að samtökunum er nauðsynleg þar sem verðbréfamarkaðir verða sífellt alþjóðlegri, t.d. með tilkomu NASDAQ OMX Group, og samstarf verðbréfaeftirlita við rannsókn mála fer vaxandi. Hefur Fjármálaeftirlitið verið hvatt af Evrópudeild IOSCO til að sækja um aðild.

Búast má við að aukin verkefni vegna aðildar að IOSCO muni einkum felast í beiðnum um samstarf við rannsóknir frá aðildarríkjum samtakanna auk funda erlendis. Auk ferðakostnaðar er aðildargjald að IOSCO um 10 þúsund Evrur.

Í þriðja lagi er sífellt aukin eftirspurn eftir upplýsingagjöf um íslenska fjármálamarkaðinn frá ýmsum erlendum aðilum, s.s. alþjóðastofnunum, lánshæfismatsfyrirtækjum, greiningardeildum og fjölmiðlum, en þessi þáttur jókst verulega í framhaldi af erfiðleikum hins alþjóðlega fjármálakerfis. Markmið Fjármálaeftirlitsins er að sinna þessu eftir bestu getu, bæði með fundum og aukinni upplýsingamiðlun á ensku.

Eins og kom fram í kafla um lánamarkaðinn er talin þörf á þremur stöðugildum til að sinna eftirliti með starfsemi íslenskra fyrirtækja erlendis og samstarfi við erlenda eftirlitsaðila.

7. Mannauður

Forsenda þess að Fjármálaeftirlitið geti sinnt því hlutverki sínu að stuðla að traustum fjármálamarkaði er að það búi yfir mannauði með nægа þekkingu og reynslu til að takast á við þau flóknu og margbreytilegu verkefni sem upp koma á fjármálamarkaði. Þær leiðir sem Fjármálaeftirlitið fer að þessu marki er að ráða til sín hæft fólk og viðhafa öfluga símenntun. Alls sóttu 88% starfsmanna Fjármálaeftirlitsins einhverja símenntun árið 2007 sem sýnir mikla virkni símenntunarstefnu eftirlitsins. Auk náms, námskeiða og ráðstefna innanlands og erlendis mun starfsmönnum í framtíðinni gefast tækifæri á starfaskiptum við önnur eftirlit í Evrópu.

Fjármálaeftirlitið finnur verulega fyrir því að starfsfólk þess er eftirsóknarvert af ýmsum þeim aðilum sem tengjast fjármálamarkaðnum og til viðbótar er hörð samkeppni um hæft fólk við nýráðningar. Nokkuð hefur þó hægt á þessari hörðu samkeppni með samdrætti á

markaði. Árið 2007 var um 16% starfsmannavelta hjá Fjármálaeftirlitinu sem er nokkuð meira en árið á undan. Þrátt fyrir ströng hæfnisskilyrði við nýráðningar hafa þær gengið vel það sem af er árinu 2008. Frammistaða starfsmanna er rædd í árlegum starfsmannsamtölum og unnið er að þróun sérstaks frammistöðumats og umbunar tengdri árangri samanber áform sem kynnt voru í síðustu rekstraráætlun.

Eitt af markmiðum Fjármálaeftirlitsins er að vera eftirsóknarverður vinnustaður og að starfsfólk þess búi yfir fullnægjandi reynslu og þekkingu til að geta tekist á við verkefni sín. Þó svo að hlutfall þeirra sem nýta sér símenntun sé hátt þá sýnir reynslan að meðalstarfstími starfsmanna er rúmlega tvö og hálft ár (2,7 ár hjá þeim sem ráðnir hafa verið eftir 1. janúar 1999 og látið hafa af störfum). Þessar niðurstöður benda til þess að öflug símenntun og spennandi verkefni dugi ekki ein og sér til að halda í fólk. Mikilvægt er að Fjármálaeftirlitið geti boðið samkeppnishæf laun og góðar starfsaðstæður.

Í því skyni að bregðast við óvæntum útgjöldum og minnka líkur á hreyfingum góðra starfskrafta er óskað eftir svigrúmi sem nemur 2% hækkun launaliðar ársins 2009 til viðbótar við áætlaðar hækkanir vegna kjarasamninga.

8. Verkefni, stöðugildi og hagræðing

Með auknu umfangi og alþjóðavæðingu fjármálamarkaðarins hafa verkefni Fjármálaeftirlitsins aukist verulega á skömmum tíma. Bein eftirlitsábyrgð nær til starfsemi í mörgum ríkjum og kröfur um aukið samstarf við erlenda eftirlitsaðila hafa aukist. Verkefnin eru ekki einungis fleiri heldur flóknari. Jafnframt aukast sífellt kröfur um hraða, en jafnframt vandaða, afgreiðslu mála.

Þessu til viðbótar hefur löggjafinn falið Fjármálaeftirlitinu ný verkefni, en á vorþingi 2008 hafa bæst við verkefni í lögum um sértryggð skuldabréf nr. 11/2008, lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006, sbr. lög nr. 77/2008 og lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa nr. 131/1997, sbr. lög nr. 64/2008, sem áður hefur verið vikið að. Þessu til viðbótar hefur Fjármálaeftirlitinu verið falið eftirlit með innheimtustarfsemi, skv. innheimtulögum nr. 95/2008.

Í umsögn um frumvarp til laga um innheimtustarfsemi benti Fjármálaeftirlitið á að umfang eftirlits og álag vegna ábendinga og samskipta við neytendur væri óljóst.

Um er að ræða starfsemi sem er ólík núverandi verkefnum Fjármálaeftirlitsins. Eftirlit með innheimtustarfsemi kallar á breyttar áherslur í starfsemi Fjármálaeftirlitsins og nauðsynlegt er að setja á fót sérstaka einingu innan þess til að sinna þessu sértæka eftirliti og samskiptum við neytendur vegna þessa málaflokks.


Ætla má að a.m.k. 3 stöðugildi þyrfti til að sinna verkefninu vel. Fjármálaeftirlitið vill gæta hófs við útgjöld og meta þörfina að fenginni reynslu og óskar því eftir 2 stöðugildum að svo stöddu til að sinna eftirliti samkvæmt þessum nýsamþykktu lögum.

Til viðbótar áðurnefndu er óskað eftir 0,8 viðbótarstöðugildi við almenn skrifstofustörf, en með vaxandi fjölda starfsmanna og auknu umfangi fjármálastarfsemi eykst þörf fyrir stoðþjónustu við sérfræðinga eftirlitsins.

Á síðustu árum hefur starfsmönnum Fjármálaeftirlitins fjölgað nokkuð, einkum á árinu 2008. Þrátt fyrir það hefur vart tekist að halda í við vöxt verkefna og verkefnaálag á starfsmenn Fjármálaeftirlitsins er verulegt. Hefur verið reynt að mæta því með lausráðningu starfsmanna og kaupum á sérfræðiaðstoð eftir því sem við á.


Eftirfarandi mynd sýnir þróun í fjölda starfsmanna/stöðugilda frá árinu 2005 í lok hvers árs að frádregnum lausráðnum starfsmönnum.

MYND 6: Stöðugildi.




Á mynd 7 er að finna samanburð á vexti í álagningarstofnum helstu flokka eftirlitsskyldra aðila við þróun rekstrarkostnaðar Fjármálaeftirlitsins. Það ber að athuga að álagningarstofnar miðast við tölur úr ársreikningum eftirlitsskyldra aðila tveimur árum fyrir álagningarár.

MYND 7: Vöxtur í álagningarstofnun.



Þróun álagningarstofna og rekstrarkostnaðar Fjármálaeftirlitsins sem sýnd er í mynd 7, endurspeglast síðan í álagningarhlutföllum, sbr. mynd 8. Þar kemur fram að veruleg breyting hefur orðið á álagningarhlutföllum. Þannig hafa álagningarhlutföll lánastofnana lækkað í 30% af því sem var árið 1999 en álagningarhlutföll vátryggingafélaga hafa hækkað um 30%. Álagningarhlutföll lífeyrissjóða eru áætluð svipuð og þau voru árið 1999.

MYND 8: Álagningarhlutföll.



Fjármálaeftirlitið hefur leitast við að sýna hagkvæmni í rekstri og mæta verkefnaaukningu með breytingum á innra skipulagi og hagræðingu. Þannig hefur símaþjónustu verið útvistað, störf verið endurskilgreind og upplýsingatækni hefur bætt nýtingu á tíma sérfræðinga og stoðþjónustu. Fjármálaeftirlitið mun áfram vera vakandi fyrir hagræðingarmöguleikum bæði í almennum rekstri og með reglulegu endurmati á verkefnum starfsmanna og nýtingu tímabundinna starfsmanna og utanaðkomandi sérfræðinga.

10. Lokaorð

Skilningur á nauðsyn öflugs fjármálaeftirlits hefur farið vaxandi á síðustu árum en grunnstoðir þess eru fullnægjandi valdheimildir, sjálfstæði í starfi og fjárhagslegt bolmagn til þess að sinna verkefnum á viðunandi hátt.

Sá órói sem ríkt hefur á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og athygli sú sem beinst hefur að íslenskum fjármálafyrirtækjum er óræk sönnun þess að trúverðugt fjármálaeftirlit er styrkur fyrir markaðinn og fjármálafyrirtæki sem á honum starfa í slíkum veðrabrigðum.

Aukið umfang og alþjóðavæðing íslenska fjármálamarkaðarins leggur auknar og flóknari skyldur á Fjármálaeftirlitið og teygir starfsemina til sífellt fleiri landa. Til þess að geta sinnt starfi sínu á fullnægjandi hátt þarf Fjármálaeftirlitið að hafa yfir að ráða nægum fjölda hæfs

starfsfólks. Þessu til viðbótar þarf Fjármálaeftirlitið að hafa fullnægjandi vinnuaðstöðu og búnað fyrir starfsmenn sína.

Á undanförnum árum hefur umfang í starfsemi Fjármálaeftirlitsins aukist nokkuð og starfsmönnum fjölgað, einkum á árinu 2008. Engu að síður er við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2009 talin þörf á að hækka rekstrarútgjöld til að mæta auknum kröfum til Fjármálaeftirlitsins. Skýrist það fyrst og fremst af eftirfarandi:

1. Fjölgun starfsmanna um 7,8.
   - Lánamarkaður: 4 stöðugildi, þ.e. 1 stöðugildi vegna nýrra laga um sértryggð skuldabréf og eftirlit með gjaldeyrisskiptastöðvum (peningaþvætti) og 3 stöðugildi vegna starfsemi íslenskra fyrirtækja erlendis.
   - Eftirlit með innheimtustarfsemi: 2 stöðugildi til að sinna eftirliti samkvæmt nýsamþykktum lögum.
   - Upplýsingatækni: 1 stöðugildi til að sinna nýjum verkefnum samkvæmt breytingum á lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa og eftirliti með greiðslu- og uppgjörskerfum eftirlitsskyldra aðila innanlands og utan.
   - Almenn skrifstofustörf: 0,8 stöðugildi til að sinna almennum skrifstofustörfum og stoðþjónustu við sérfræðinga.
2. Leigukostnaður mun hækka þar sem stefnt er að flutningi í nýtt húsnæði auk þess sem endurnýja verður skrifstofubúnað (einskiptiskostnaður), en hvoru tveggja hefur legið fyrir um nokkurt skeið.
3. Til að bregðast við óvæntum útgjöldum og minnka líkur á hreyfingum hæfra starfsmanna er gert ráð fyrir 2% hækkun á launalið umfram kjarasamningsbundnar hækkanir.

Ef litið er fram til ársins 2010 er erfitt að segja hvort þörf verður á fleiri starfsmönnum enda þarf að meta stöðuna eftir töluverða fjölgun starfsmanna á árinu 2008 og viðbótar vegna nýrra verkefna á árinu 2009. Rétt er þó að geta nokkurra þátta sem myndu hafa áhrif í þessa veru:

- Þróun í umsvifum íslenskra fjármálaþjónustufyrirtækja almennt, einkum erlendis.
- Áhrif nýrrar löggjafar um innheimtustarfsemi, sértryggð skuldabréf og um uppgjör verðbréfa í erlendri mynt.
- Innleiðing á Solvency II tilskipuninni.
- Möguleg starfsemi alþjóðlegs eftirlaunasjóðs.
- Breytingar á lögum eða reglum sem fela Fjármálaeftirlitinu frekari verkefni.

Til þess að Fjármálaeftirlitið geti sinnt alþjóðlegu hlutverki sínu þarf það að geta sinnt verkefnum sínum á fullnægjandi hátt. Í því skyni þarf það fjármuni til þess að búa yfir nægum fjölda hæfra starfskrafta, fullnægjandi vinnuaðstöðu og geta staðið straum af nauðsynlegum rekstrarútgjöldum vegna starfseminnar. Rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins er því mikilvæg grunnstoð öflugs eftirlits, sem eykur traust á íslenskum fjármálamarkaði og styrkir samkeppnishæfni hans.

Fylgiskjal III.


Samráðsnefnd
eftirlitsskyldra aðila:

UM REKSTRARÁÆTLUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS FYRIR ÁRIÐ 2009

Meðfylgjandi eru athugasemdir samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila við greinargerð um áætlað rekstrarumfang FME árið 2009 og fylgiskjal um rekstur og starfsumhverfi næstu þrjú ár, sem kynnt voru nefndinni í júní.

Fjárhagsáætlun 2009

Tafla um þróun rekstrarkostnaðar FME



1. Launakostnaður nemur rúmum 75 prósentum af heildarrekstrarkostnaði FME. Í rekstraráætlun fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir 30,6% hækkun launakostnaðar eða um 207 millj. kr. Heildarrekstrarkostnaður hækkar um 288 millj. kr. eða sem nemur 31,8% milli ára.
2. Í áætlun FME er gert ráð fyrir að launakostnaður hækki um 207 millj. kr. Samráðsnefnd telur rök stjórnenda FME ekki skýra nægilega svo miklar hækkanir milli ára. Að mati samráðnefndar er ekki ástæða til að gera ráð fyrir 17 millj. kr. vegna óvæntra útgjalda til

að mæta samkeppni. Þau launakjör sem FME býður og núverandi staða aðila sem greiða rekstur FME, sem eru að draga saman en ekki ráða, á að tryggja að starfsmenn FME séu ekki að leita á önnur mið vegna launakjara.

3. Í áætlun FME er heildarlaunakostnaður 2009 áætlaður kr. 882,7 millj. og stöðugildi alls 56,4 í upphafi árs og 64,2 í lok árs 2009 eða að meðaltali 60,3 á árinu. Samkvæmt því er meðallaunakostnaður á hvern starfsmann hár í öllum eðlilegum samanburði.
4. Samantekt á athugasemdum. Varlega áætlað telur samráðsnefnd FME a.m.k. ofáætla um rúmar 17 millj. kr. vegna 2009. Sú niðurstaða gæfi að hækkun á milli ára ætti að vera nær 271 millj. kr., en ekki 288 millj. kr., eða 30% hækkun. Hafa má í huga að hækkun milli rekstraráranna 2007 og 2008 nam 61,2%, sem er gríðarleg aukning. Samráðsnefnd hafði vonast eftir hóflegri hækkun í framhaldinu og því kom á óvart að sjá áætlun um 31,8% hækkun sem er næst mesta hækkun rekstrarkostnaðar FME milli ára í sögu þess.

Nýting fjármuna FME

5. Samráðsnefnd undirstrikar mikilvægi þess að hækkun til FME verði nýtt sem best til að auka enn frekar gæði í störfum eftirlitsins. Hlutverk og ábyrgð lykilstarfsmanna og skipulag starfsemi skiptir þar miklu. Gott samstarf markaðsaðila og eftirlits er lykillinn að því að þróa samkeppnishæfan fjármálamarkað. Miklu skiptir einnig að FME skynji þarfir fjármálamarkaðarins, svo sem mikilvægi þess að leiða mál fljótt og örugglega til lykta enda er mikilvægi skjótrar ákvarðanatöku meira í fjármálastarfsemi en víðast annars staðar.

Skipting eftirlitsgjalds

6. Samráðsnefnd telur afar mikilvægt að kostnaði vegna vinnu FME við framkvæmd innheimtulaga verði skipt með eðlilegum hætti milli þeirra aðila sem þau lög snúa að, en ekki dreift á eftirlitsskylda aðila almennt.
7. Samráðsnefnd ítrekar áherslur fyrri ára um að eðlilegt sé að ríkið greiði fyrir þá beinu þjónustu sem starfsfólk FME sinnir fyrir stjórnvöld, s.s. í tengslum við laga- og reglusetningu. Það er réttlætismál auk þess sem með því móti yrði kostnaðaraðhald ríkisins gagnvart eftirlitinu virkara.

Reykjavík 30. júní 2008,
f.h. samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila,

Guðjón Rúnarsson
formaður

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Tilgangurinn með frumvarpinu er að kveða á um álagningarstofna eftirlitsskyldra fjármálastofnana. Ár hvert skulu Fjármálaeftirlitið og samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila skila viðskiptaráðherra skýrslu um umfang og útgjöld eftirlitsins. Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til breytinga á eftirlitsgjaldi skal viðskiptaráðherra leggja fram frumvarp þar að lútandi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að álagningarhlutföll viðskiptabanka, sparisjóða, lánafyrirtækja og rekstrarfélaga lækki, að álagningarhlutföll vátryggingamiðlara, kauphalla og verðbréfamiðstöðva haldist óbreytt en að álagningarhlutföll annarra aðila, þ.e. vátryggingafélaga, verðbéfafyrirtækja, verðbréfamiðlana, lífeyrissjóða og Íbúðalánasjóðs hækki. Áætlað er að álagt eftirlitsgjald á árinu 2008 verði samtals 915 m.kr. en 1.116 m.kr. árið 2009 og nemur áætluð hækkun á milli ára 201 m.kr. eða 22%. Áætlaður rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins árið 2008 er 904 m.kr. en 1.192 m.kr. árið 2009 og er áætluð hækkun á milli ára 287,9 m.kr. eða 31,8%. Hækkun á rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins felst fyrst og fremst í auknum launakostnaði sem áætlað er að hækki um 207 m.kr. eða 30,6% en gert er ráð fyrir að starfsmönnum fjölgi um átta árið 2009. Áætluð hækkun annars rekstrarkostnaðar nemur 81 m.kr. eða 28,1%. Þar vegur húsnæðiskostnaðurinn þyngst eða um 23 m.kr. og rekstur tölvubúnaðar þar á eftir eða um 12,5 m.kr.

Rekstur Fjármálaeftirlitsins er alfarið fjármagnaður með eftirlitsgjaldi sem lagt er á eftirlitsskylda aðila og færist á tekjuhlið ríkissjóðs. Mismunurinn á áætluðum tekjum og gjöldum árið 2009 greiðist af uppsöfnuðum tekjuafgangi stofnunarinnar ásamt sértekjum. Verði frumvarpið óbreytt að lögum munu ríkisútgjöld aukast um 288 m.kr. en afkoma ríkissjóðs verður óbreytt eftir sem áður.

29. Tillaga til þingsályktunar [29. mál]

um takmörkun á losun brennisteinsvetnis af manna völdum í andrúmslofti.

Flm.: Álfheiður Ingadóttir, Steingrímur J. Sigfússon,
Kolbrún Halldórsdóttir, Árni Þór Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja umhverfismörk fyrir leyfilegum hámarksstyrk brennisteinsvetnis, H_2S, í andrúmslofti. Samhliða þessu er ríkisstjórninni falið að efla rannsóknir á losun H_2S, með því m.a. að tryggja að fram fari ítarlegri mælingar á magni þess í andrúmslofti og á fleiri stöðum. Ríkisstjórninni er jafnframt falið að tryggja að H_2S verði hreinsað úr útblæstri jarðgufuvirkjana og að notuð verði besta fáanleg tækni til að farga eða nýta brennisteinsvetni svo að umhverfi, lífríki og heilsa fólks hljóti engan skaða af.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður lögð fram á 135. þingi og er nú lögð fram að nýju með breytingum.

Á Íslandi losna þúsundir tonna af brennisteinsvetni, H_2S, á ári af manna völdum þegar jarðhiti er unninn úr jörðu. Ekki hafa enn verið sett umhverfismörk fyrir leyfilegum hámarksstyrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti hérlendis, en í þessari þingsályktunartillögu er því beint til ríkisstjórnarinnar að svo verði gert. Nauðsynlegt er að ákvarða þessi mörk áður en lengra er haldið við rannsóknaboranir og jarðvarmavinnslu á háhitasvæðum landsins. Nýjar upplýsingar um vaxandi loft- og lyktarmengun af völdum H_2S og umfangsmiklar gróðurskemmdir sem komið hafa í ljós umhverfis Hellisheiðarvirkjun og Svartsengi sýna hversu brýnt er að bregðast við strax. Gera verður ýtrustu kröfur til að koma í veg fyrir hugsanlega skaðsemi fyrir lífríki og umhverfi, sem og óþægindi, heilsutjón eða skerðingu á almennum lífsgæðum fólks.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, endurskoðar nú viðmið sín um skaðleysismörk brennisteinsvetnis, en þau hafa hingað til verið gríðarlega há eða 150 míkrógrömm í rúmmetra að meðaltali á sólarhring. Á vef Umhverfisstofnunar er bent á að skynsamlegt sé að nota lægri viðmið hér á landi sem miðast við að sem fæstir finni fyrir óþægindum vegna lyktar af brennisteinsvetni, en slíkt er til að mynda gert í Kaliforníu.

Losun brennisteinsvetnis hérlendis.

Í svari umhverfisráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur á 135. löggjafarþingi (þskj. 383, 193. mál) kemur fram að jarðvarmavirkjanir og borholur í blæstri losuðu 16,76 þús. tonn af H_2S á árinu 2005. Mikið hefur verið borað og blásið síðan þá og enn fleiri holur og virkjanir eru fyrirhugaðar. Þá kemur fram í svari ráðherra að ef Bitruvirkjun og Hverahlíðarvirkjun bætast við stækkun Hellisheiðarvirkjunar á Hengilssvæðinu mun losun H_2S meira en tvöfaldast og verða við svo búið 38 þús. tonn á ári.

Í umsögn sinni um Hverahlíðarvirkjun bendir Umhverfisstofnun á að þegar og ef bæði Hverahlíðarvirkjun og Bitruvirkjun verða reistar verður losun brennisteinsvetnis orðin fimm sinnum meiri en náttúruleg losun frá öllum hverasvæðum landsins. Mikil aukning mælist nú þegar á losun H_2S vegna Hellisheiðarvirkjunar, jafnvel svo að óþægindum veldur. Þá hefur verið varað við nálægð Bitruvirkjunar við Hveragerði en þar á milli eru aðeins 6 km. Skipulags- og byggingarnefnd Hveragerðis hefur lýst áhyggjum og mótmælt fyrirhuguðum framkvæmdum við virkjunina sem nefndin telur að muni hafa veruleg skaðleg áhrif á möguleika Hveragerðis og nágrennis sem íbúðar- og ferðamannasvæðis. Bæjarstjórn Hveragerðis hefur alfarið lagst gegn Bitruvirkjun af sömu ástæðum.

Þetta ítrekar enn mikilvægi þess að sett verði umhverfismörk um magn H_2S í andrúmslofti og að gerð verði krafa um að efnið verði fjarlægt úr útblæstri jarðvarmavirkjana.


Losun 2005	H_2S (þús. tonn)
Nesjavellir	8,92
Krafla	5,8
Svartsengi	0,7
Reykjanes	0,01
Hellisheiði	0,44
Hveragerði	0,04
Námafjall	0,85
Samtals	**16,76**

Eftir 2005 og fyrirhugað	
Reykjanesvirkjun	1
Hellisheiði (með stækkun)	11
Bitruvirkjun	8
Hverahlíðarvirkjun	2
Samtals	**22**

Mælingar á brennisteinsvetni.


Íbúar í nágrenni Hellisheiðar hafa orðið varir við ört vaxandi magn af brennisteinsvetni með stóraukinni lyktarmengun eftir því sem framkvæmdir hafa aukist á heiðinni. Ýmsir kalla þetta hina nýju peningalykt og eru ekki hrifnir af henni frekar en hinni eldri frá fiskmjölsverksmiðjum fyrri tíðar.

Eins og sjá má á eftirfarandi grafi má greina mikinn mun á brennisteinsvetni í andrúmslofti í Reykjavík eftir að Hellisheiðarvirkjun var gangsett (sjá www.ust.is/mengunarvarnir/loftgaedi/brennisteinsvetni/). Þar sést hvernig styrkur H_2S fer vaxandi frá byrjun september 2006 eða á þeim tíma sem virkjunin var gangsett.




Loftgæði eru mæld með reglubundnum hætti á fimm stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Ein mælistöð, þ.e. mælistöðin við Miklatorg, var lögð niður árið 2002 eftir meira en 15 ára mælingar á svifryki. Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur rekur nú þrjár loftgæðamælistöðvar samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun og fara mælingar fram við Grensásveg og í Húsdýragarðinum, auk þess sem rekin er lítil færanleg mælistöð. Einnig fara fram mælingar á Keldnaholti og á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði.

H_2S er meðal þeirra efna sem mælt er við Grensásveg og eins og grafið hér að framan og eftirfarandi graf (sem sýnir niðurstöður mælinga 20.–27. mars 2008) bera með sér eru niðurstöður þeirra mælinga sláandi. Mælst hafa háir toppar og almenn aukning á brennisteinsvetni (og svifryki). Ljóst er að það fer eftir því hvernig vindur stendur af virkjunarsvæðunum hvert mengunin berst og í hve miklu magni (sjá m.a. gröf á heimasíðu Umhverfisstofnunar: http://loft.ust.is/loftgaedi/?dataform=true&dataset=GRE_PM10&dataset=GRE_H2S&avgcodemenu=AV1H&from_day=20&from_month=3&from_year=2008&to_day=27&to_month=3&to_year=2008).



Mælingar á brennisteinsvetni hófust nýlega á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði. Á neðangreindu grafi má sjá hvernig styrkur þess rauk upp aðfaranótt 3. október 2008 og fór yfir 70 míkrógrömm á rúmmetra. Klukkutímagildið mældist 44,33 míkrógrömm á rúmmetra (grafið er fengið af vefnum www.vista.is).



Þá hefur Orkuveita Reykjavíkur fylgst með brennisteinsvetni á Hellisheiði um árabil. Þá fóru fram mælingar m.a. á Nesjavöllum á vegum Orkustofnunar og stóru raforkufyrirtækjanna á síðasta áratug 20. aldar þegar reynt var að leita svara við því hvað yrði um brennisteinsvetnið úr gufunni og einkum hvort það umbreyttist í SO_2.

Nauðsyn ber til að efla mælingar á styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti og brýnt er að setja mælistöð austar í höfuðborginni, t.d. á Norðlingaholti (eins og Umhverfisstofnun hefur gert tillögu um). Einnig er þörf fyrir aðra mælistöð á útivistarsvæði á Hellisheiði og þá þriðju í Hveragerði.

Heilsuspillandi áhrif.

Brennisteinsvetni H_2S er baneitrað efni í miklu magni en helst eru það augu, lungu og öndunarvegur sem eru viðkvæm fyrir efninu eins og öðrum brennisteinssamböndum. Í litlum styrk er efnið fyrst og fremst ertandi fyrir öndunarfæri.

Styrkur efnisins í andrúmslofti í Reykjavík samkvæmt framangreindum mælingum er ekki talinn valda bráðri heilsufarslegri áhættu en eins og bent hefur verið á skortir m.a. mælingar í byggðum nær Hellisheiði og á vinsælum útivistarsvæðum þar. Þá getur það hugsanlega orkað tvímælis að beina ferðamönnum, til að mynda fjallgöngumönnum, inn á svæðið en slæm áhrif brennisteinsvetnis á lungu aukast við áreynslu.

Litlar rannsóknir liggja fyrir á langtímaáhrifum þess á heilsu fólks að búa við stöðugan styrk brennisteinsvetnis þótt í litlum mæli sé. Sigurður Þór Sigurðarson, læknir og sérfræðingur í lungna-, umhverfis- og atvinnusjúkdómum, sagði í viðtali við Spegilinn hinn 13. nóvember 2007 að H_2S-mengun bitni fyrst og fremst á lungna- og astmasjúklingum. Hann segist einnig hafa af því áhyggjur að börn alist upp í umhverfi þar sem magn brennisteinsvetnis er ávallt til staðar. Sigurður vitnar í erlendar rannsóknir sem sýna að ýmis mengunarefni hafa mjög neikvæð áhrif á lungnaþroska í börnum, en astma- og öðrum öndunarfærasjúkdómum barna vex ásmegin víða um heim.

Sigurður telur rétt að fanga brennisteinsvetnið úr útblæstri jarðgufuvirkjana á Hellisheiði því enda þótt rannsóknir á þessu tiltekna efni sýni ekki slík tengsl hafa menn samt áhyggjur af því að þau geti verið til staðar. Það er því betra að hafa varann á en að komast að því eftir 10–20 ár að þetta hafi verið skaðlegt eins og læknirinn bendir á. Umhverfisstofnun hefur lagt til að sú leið verði tekin til athugunar og bent á að skoða þurfi vandlega kostnað við slíka hreinsun og hvaða áhrif það hefur á hagkvæmni virkjananna og raforkuverð.

Tækni til að farga H_2S er alþekkt enda eru vandamál af þess völdum mun meiri við jarðgasvinnslu en við jarðhitavinnslu og hefur hreinsun þess því verið úrlausnarefni erlendis um árabil. Mörgum aðferðum er beitt við nýtingu brennisteinsvetnis og förgun, og er það m.a. víða notað til framleiðslu á gifsplötum. Orkuveita Reykjavíkur vinnur nú að tilraun í Hellisheiðarvirkjun til að fanga brennisteinsvetnið úr jarðgufunni og veita því aftur ofan í jarðhitageyminn um borholur með skiljuvatni frá virkjuninni. Er þetta hluti af koltvísýringsverkefni fyrirtækisins, en í því er reynt að fanga CO_2 og fella út í bergi utan við jarðhitavinnslusvæðið. Þá eru hafnar tilraunir á Nesjavöllum til að framleiða hágæða prótínmjöl úr örverum sem nýta má í fóðurframleiðslu og byggir aðferðin á því að nýta vetni og brennisteinsvetni í gufunni sem orkugjafa við ræktun örveranna.

Gróðurskemmdir við jarðvarmavirkjanir.

Í september 2008 vöktu sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar Íslands athygli á umfangsmiklum gróðurskemmdum í nánd við Hellisheiðarvirkjun og jarðvarmavirkjunina við Svartsengi. Göt hafa myndast í gróðurþekjuna þar sem mosi hefur drepist og hafa háplöntur lítt numið land í eyðunum. Á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands eru þessar skemmdir raktar til loftborinnar mengunar og segir þar að hugsanlegt sé að mosadauðann megi rekja til brennisteinsvetnis frá virkjununum. Í flestum tilfellum er um að ræða mosann hraungambra *(Racomitrium lanuginosum)* sem vex á hraunbungum og hraunflákum í nágrenni virkjananna. Hraungambri er einn fyrsti landneminn í nýjum hraunum og er mjög viðkvæmur fyrir loftmengun.

Áhrif brennisteinsvetnis á gróðurfar virðist þannig vera töluvert meiri en áður var talið og nauðsyn til þess að setja umhverfismörk því mikil.

Stjórnvöld sýni frumkvæði og ábyrgð.

Að framansögðu er ljóst að það hlýtur að vera eðlileg krafa að brennisteinsvetni sé hreinsað úr útblæstri jarðvarmavirkjana á Hengilssvæðinu og á öðrum þeim stöðum þar sem losun efnisins getur hugsanlega haft neikvæð áhrif á heilsu fólks. Ekki eru allir sammála um hve mikið magn brennisteinsvetnis veldur skaða, en ýmsir benda réttilega á að hérlendis séum við enn langt undir þeim mörkum sem hingað til hafa verið talin heilsuspillandi. Gera þarf frekari rannsóknir í þessum efnum og frekari mælingar, sbr. framangreint.

Reglan hlýtur hins vegar ávallt að vera sú að fara frekar varfærnari leið heldur en áhættusamari og gera allt sem hægt er til að koma í veg fyrir hvers kyns mengun. Í þeim efnum má m.a. benda á að í Kaliforníu hafa umhverfismörk verið miðuð við næmni fólks fyrir lykt en þar er mikil vínviðarrækt sem er óvenjulega næm fyrir mengun af völdum brennisteinsvetnis. Í Kaliforníu eru mörkin því 42 míkrógrömm í rúmmetra sé miðað við klukkustundarmeðaltal, en rannsóknir sýna að við þann styrk skynja um 80% almennings lyktina. Mælingar frá því í febrúar 2006 fram í miðjan febrúar 2007 sýndu að styrkur brennisteinsvetnis í Reykjavík fór samtals 48 sinnum yfir umhverfismörk Kaliforníu á mislöngum tímabilum. Af þessum

48 skiptum urðu 45 skipti eftir 1. september 2006, daginn sem Hellisheiðarvirkjun var gangsett.

Í reglugerð um loftgæði, nr. 787/1999, er aðeins fjallað um brennisteinsdíoxíð, SO_2, en ekki brennisteinsvetni, H_2S. Með aukinni nýtingu jarðhita á háhitasvæðum gerist þörfin fyrir frekari rannsóknir og aðgerðir vegna H_2S í andrúmslofti enn brýnni en áður og mikilvægt er að ríkisvaldið sýni hér frumkvæði og ábyrgð. Tryggja þarf með öllum tiltækum ráðum að loft- og lyktarmengun sé haldið í lágmarki og þeim náttúru- og lífsgæðum sem felast í hreinu og ómenguðu lofti viðhaldið. Setja þarf skýr umhverfismörk fyrir magn H_2S í andrúmslofti og útblæstri þannig að í starfsleyfi fyrir mengandi atvinnurekstur eins og jarðgufuvirkjanir verði ávallt ákvæði um viðeigandi ráðstafanir til að hamla gegn loftmengun og að beita verði til þess bestu fáanlegu tækni, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 787/1999, um loftgæði.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Umsögn Umhverfisstofnunar, 29. október 2007.
II. Athugasemdir Hveragerðisbæjar við frummatsskýrslu um Bitruvirkjun. (Á heimasíðunni *hveragerdi.is,* 7. nóvember 2007.)
III. Umsögn skipulags- og bygginganefndar Hveragerðisbæjar um breytingu á aðalskipulagi vegna fyrirhugaðrar Bitruvirkjunar o.fl. (Úr fundargerð 76. fundar skipulags- og byggingarnefndar Hveragerðisbæjar frá 4. desember 2007.)
IV. Árétting bæjarstjórnar Hveragerðis um Bitruvirkjun. (Úr fundargerð bæjarstjórnar Hveragerðis frá 14. febrúar 2008.)
V. Hreinsun brennisteinsvetnis frá jarðgufuvirkjunum á Hengilssvæðinu. VGK – Hönnun. (Minnisblað 31. janúar 2008.)

30. Tillaga til þingsályktunar [30. mál]

um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir,
Katrín Júlíusdóttir, Guðjón A. Kristjánsson,
Valgerður Sverrisdóttir, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að félagsmálaráðherra feli Jafnréttisstofu það verkefni að hrinda af stað aðgerðum í því skyni að efla hlut kvenna í sveitarstjórnum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 135. löggjafarþingi (34. mál).

Mikilvægt er að í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga verði beitt markvissum aðgerðum til að bæta hlut kvenna í sveitarstjórnum. Ein leið að því marki væri að fela Jafnréttisstofu, sem býr yfir mikilli þekkingu á stöðu kvenna í samfélaginu, að annast slíkar aðgerðir eins

og gert er ráð fyrir í tillögu þessari. Fjárveitingar til Jafnréttisstofu þyrftu að aukast samhliða slíkum aðgerðum.

Sveitarstjórnarkosningar verða næst haldnar vorið 2010. Umræða um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum hefur eflst á undanförnum árum og missirum. Þrátt fyrir mikla umræðu og átaksverkefni er ljóst að enn vantar töluvert upp á að hlutur kvenna í sveitarstjórnum geti talist eðlilegur.

Hlutur kvenna í sveitarstjórnum eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar árið 2006 var 35,9%. Svipaðar prósentutölur má sjá þegar skoðaðar eru stjórnir, nefndir og ráð sveitarfélaganna.

Hlutur kvenna í sveitarstjórnum hefur aukist mjög hægt eins og sjá má af tölulegum upplýsingum hér á eftir.

Síðustu alþingiskosningar skiluðu ekki til baka því hlutfalli sem konur höfðu á kjörtímabilinu 1999–2003, þegar þær áttu 34,9% fulltrúa á Alþingi en við kosningarnar 2003 fóru þær niður í 30,2% og upp úr því í 31,7% við kosningarnar 2007.

Brýnt er að tryggja að ekki eigi sér stað hliðstætt bakslag varðandi hlut kvenna í næstu sveitarstjórnarkosningum, heldur náist sá árangur að hlutur kvenna aukist verulega.

Konur eru í meiri hluta sveitarstjórnarmanna í tíu sveitarfélögum á landinu en í sjö sveitarfélögum er engin kona meðal sveitarstjórnarmanna. Oddvitar í sveitarstjórnum eru 98 talsins, þ.e. 25 konur, eða 25,5%.

Áður hefur verið farið í verkefni með svipað markmið og í þingsályktunartillögu þessari, en Alþingi samþykkti þingsályktun á 122. löggjafarþingi 1997–1998 (592. mál) um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Flutningsmenn tillögunnar voru Siv Friðleifsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Arnbjörg Sveinsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Árni M. Mathiesen, Guðmundur Árni Stefánsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Hjálmar Árnason og Ólafur Örn Haraldsson.

Í kjölfar samþykktar þingsályktunarinnar var komið á fót þverpólitískri opinberri nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins sem stóð fyrir aðgerðum í um fimm ár.

Árangurinn var góður. Hlutur kvenna á þingi jókst um 10% í alþingiskosningum árið 1999 m.a. vegna aðgerða nefndarinnar og þeirrar umræðu sem þær sköpuðu innan flokkanna og í samfélaginu á þeim tíma.

Finna má skýrslu nefndarinnar á slóð félagsmálaráðuneytisins: www.felagsmalaraduneyti.is, en í henni er greint frá aðgerðum og verkefnum nefndarinnar sem og árangri af starfi hennar.

Í lokaorðum skýrslunnar kemur m.a. fram eftirfarandi: „Konur eru helmingur þjóðarinnar og það hlýtur því að vera mikið réttlætismál að fleiri konur gefi kost á sér til stjórnmálastarfa. Tilgangurinn er að bæði konur og karlar taki sameiginlega ákvarðanir í stjórnmálum og þar með aukast líkur á að ákvarðanir séu teknar með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. En hvað þarf þá að koma til svo hlutur kvenna í stjórnmálum verði aukinn?

Svörin eru í grófum dráttum þessi:

1. Fleiri konur þurfa að gefa kost á sér til stjórnmálastarfa. Til þess að svo megi verða þarf að auka fræðslu meðal almennings, í fjölmiðlum og í skólum um mikilvægi aukins jafnréttis í stjórnmálum sem annars staðar.
2. Konur þurfa meiri hvatningu en karlar, ef til vill vegna þess að þær hafa færri kvenfyrirmyndir í stjórnmálum en karlar.
3. Það þarf að vera vilji til þess innan stjórnmálaflokkanna að fjölga konum á framboðslistum og þar skipta fyrstu sætin mestu máli.“

Þar sem reynslan af markvissum opinberum aðgerðum til að auka hlut kvenna í stjórnmálum er góð eins og rakið er hér að framan er rétt að félagsmálaráðuneytið feli Jafnréttisstofu að beita slíkum aðgerðum í aðdraganda komandi sveitarstjórnarkosninga og útvegi stofunni fjármagn til aðgerðanna.

Tölulegar upplýsingar:

Sveitarstjórnarkosningar, hlutur kvenna:		**Alþingiskosningar, hlutur kvenna:**		
1950	0,60%	1979	5,00%	
1962	1,00%	1983	15,00%	
1982	12,40%	1987	20,60%	
1990	22,00%	1991	23,80%	
1994	25,00%	1995	25,40%	
1998	29,00%	1999	34,90%	(36,5% í lok tímabils)
2002	31,10%	2003	30,20%	(36,5% í lok tímabils)
2006	35,90%	2007	31,70%	

31. Frumvarp til laga [31. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Grétar Mar Jónsson, Jón Magnússon.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum undir 1.200.000 kr. á ári skulu þó ekki skerða tekjutryggingu samkvæmt þessari málsgrein.
b. Í stað fjárhæðarinnar „300.000 kr.“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: 1.200.000 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga þessara skulu greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum undir 600.000 kr. á ári ekki skerða tekjutryggingu skv. 2. mgr. 22. gr. laganna frá 1. janúar 2009 til 1. janúar 2010.

Greinargerð.

Alþingi samþykkti á 135. þingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breyting-

um, sbr. lög nr. 17/2008. Þar var kveðið á um margvíslegar breytingar á greiðslum í þágu aldraðra og öryrkja í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar félags- og tryggingamálaráðherra sem ríkisstjórnin gerði grein fyrir í yfirlýsingu 5. desember 2007. Í þeim lögum er m.a. kveðið á um að frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega á aldrinum 67–70 ára verði hækkað úr rúmlega 27.000 kr. í 100.000 kr. á mánuði frá og með 1. júlí 2008. Á sama þingi var gerð sambærileg breyting vegna atvinnutekna öryrkja. Við þessar lagabreytingar var frítekjumark vegna lífeyrissjóðsgreiðslna ekki hækkað og er frumvarpi þessu ætlað að ráða bót á því.

Með frumvarpi þessu er lagt til að bæta verulega hag ellilífeyrisþega og öryrkja með því að hækka frítekjumark lífeyrissjóðsgreiðslna lífeyrisþega í tveimur þrepum úr 25.000 kr. á mánuði í 100.000 kr. á mánuði.

32. Tillaga til þingsályktunar [32. mál]

um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga.

Flm.: Ásta Möller, Birgir Ármannsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Ólöf Nordal, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Kristján Þór Júlíusson, Björk Guðjónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að gera athugun á því hvort og á hvaða sviðum fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkis og sveitarfélaga eru í samkeppni gagnvart einkaaðilum, svo og að hve miklu leyti þessi fyrirtæki hafi eflt samkeppnisstöðu sína gagnvart einkafyrirtækjum á undanförnum árum. Viðskiptaráðherra er jafnframt falið að gera athugun á því í hversu miklum mæli stofnanir og fyrirtæki hins opinbera sinna verkefnum sem sérhæfðir aðilar í atvinnulífinu gætu leyst með hagkvæmari hætti. Athugunin skal einnig beinast að því að skoða reynslu sem þegar hefur fengist af einkarekstri og einkaframkvæmd við verklegar framkvæmdir eða veitingu lögboðinnar þjónustu ríkis og sveitarfélaga hér á landi. Viðskiptaráðherra er falið að koma með tillögur um hvernig unnt sé á markvissan og skilvirkan hátt að draga úr núverandi samkeppnisrekstri opinberra aðila.

Ráðherra skili Alþingi skýrslu um málið fyrir 1. apríl 2009.

Greinargerð.

Tillaga sambærilegs efnis var áður flutt á 131., 132. og 135. löggjafarþingi. Var hún send til umsagnar margra aðila á 132. og 135. þingi og fékk hún almennt jákvæðar viðtökur. Á 135. þingi var tillagan afgreidd af meiri hluta viðskiptanefndar til 2. umræðu, en hlaut ekki afgreiðslu í þinginu.

Á síðustu tveimur áratugum hefur ríkið markvisst dregið sig út úr samkeppnisrekstri. Fjölmörg fyrirtæki á vegum ríkisins hafa verið einkavædd og má þar m.a. nefna bankastarfsemi og fjarskiptaþjónustu.

Á hinn bóginn hefur fjölgað þeim stofnunum ríkisins sem sinna stjórnsýsluverkefnum og öðrum samfélagslegum verkefnum sem talið er eðlilegt að séu fjármögnuð af ríkinu.

Oft eru stofnanir settar á laggirnar til að sinna afmörkuðum verkefnum, sem síðan snúa upp á sig og aukast að umfangi með tilheyrandi auknum kostnaði. Til þessara stofnana eru

ráðnir vel menntaðir og metnaðarfullir starfsmenn, með víðtæka yfirsýn á þeim vettvangi sem þeir starfa. Af þeim sökum og jafnvel einnig vegna kröfu um sértekjur viðkomandi stofnana sjá þeir ákveðin tækifæri í því að útvíkka starfsemi stofnunarinnar, sem getur kallað á fleira starfsfólk, aukin umsvif og aukið fjármagn til reksturs viðkomandi stofnunar. Slík útþensla stofnana er oft kennd við „Parkinson-lögmálið“.

Rekstur á vegum ríkis og sveitarfélaga hefur sökum umfangs síns mikil áhrif á starfsumhverfi og starfsmöguleika fyrirtækja í landinu. Þegar opinber stofnun færir út starfsemi sína ýmist vegna aukinna skyldna sem sett eru á starfsemina, rúmrar skilgreiningar á þeim lögum sem hún starfar eftir eða af eigin hvötum er veruleg hætta á að hún fari að rekast í horn starfsemi sem einkaaðilar hafa markað sér bás.

Við slíkar aðstæður er opinber stofnun viljandi eða óviljandi komin í beina samkeppni við einkaaðila og farin að þrengja að starfsskilyrðum og vaxtarmöguleikum þeirra. Allmörg dæmi eru um að ríkisstofnanir undirbjóði þjónustu einkaaðila, bjóði þjónustuna ókeypis undir merkjum tilraunaverkefnis eða taki upp hugmyndir sem kynntar hafa verið fyrir þeim og hrindi þeim í framkvæmd. Ríkisstofnanirnar gera þetta í krafti þess að þær fá fjármagn til reksturs frá ríkinu og geta niðurgreitt þjónustuna eða alfarið staðið straum af viðkomandi verkefnum með ríkisfé.

Aðrar aðstæður sem blasa við í þessu sambandi er þegar ríkisstofnanir taka ákvörðun um að taka til sín verkefni sem áður voru útvistuð til einkaaðila, eða semji við aðra ríkisstofnun um framkvæmd verkefna, þótt fjölmargir aðilar á markaði séu tilbúnir til að takast á við verkefnið með samningum við viðkomandi stofnun. Slíkt er í ósamræmi við yfirlýsta stefnu ríkisins um framkvæmd innkaupa á vegum þess, eins og hún birtist í riti fjármálaráðuneytisins *Innkaupastefna ríkisins – Hagkvæmni, samkeppni, ábyrgð og gagnsæi,* frá nóvember 2002. Markmið hennar er að fela einkaaðilum tiltekin verkefni, t.d. með útboðum, til að auka hagræðingu, auka fjölbreytni í þjónustu, byggja upp þekkingu í samfélaginu og efla samkeppni á markaði. Í formála þess rits leggur fjármálaráðherra áherslu á að innkaupastefnan nái einnig til útboða á verkefnum eða rekstrarþátta sem „nú eru hluti af ríkisrekstri“.

Aukið samstarf ríkis og einkaaðila hefur þann eftirsóknarverða tilgang að auka hagkvæmni í rekstri ríkisins og efla samkeppni í einkageiranum. Þannig getur ríkið dregið sig út úr starfsemi sem unnt er að vinna á betri og hagkvæmari hátt hjá fyrirtækjum sem starfa á opnum samkeppnismarkaði. Með slíku samstarfi verður ríkið í hlutverki upplýsts og krefjandi kaupanda þar sem aukin áhersla er lögð á árangur og góða nýtingu fjármagns. Ávinningur af þessari aðferðafræði felst í því að með því að tiltekin starfsemi flytjist til einkaaðila frá opinberum stofnunum eykst samkeppni um opinber verkefni og kaupendahópur fyrirtækjanna stækkar. Þeim eru jafnframt sköpuð betri starfsskilyrði með því að færa þeim stór og krefjandi verkefni. Jafnframt verður til ný þekking innan fyrirtækjanna sem styrkir stoðir þeirra til frekari afurðasköpunar.

Hægt er að nefna mörg dæmi þar sem opinber fyrirtæki eru eða hafa verið í beinni samkeppni við einkafyrirtæki.

Landmælingar Íslands, sem er ríkisfyrirtæki, stóð um árabil fyrir umfangsmikilli kortagerð byggðri á landmælingum, í samkeppni við einkafyrirtæki. Þessi starfsemi ríkisfyrirtækisins, sem var í yfirburðastöðu á markaði, gerði einkaaðilum sem sérhæfðu sig á þessu sviði nær ókleift að starfa og þróast. Fyrir nokkrum missirum voru gerðar breytingar á lögum þar sem þessi þáttur í starfi Landmælinga ríkisins var lagður niður, sem skapaði aukið svigrúm fyrir starfsemi einkaaðila á þessu sviði, þótt gagnrýnt hafi verið að ekki hafi verið nægilega langt gengið í þeim efnum.

Á vegum ríkisins eru starfandi ýmsar rannsóknastofur í samkeppni við einkaaðila. Þannig eru rannsóknastofur Landspítalans í beinni samkeppni við einkareknar rannsóknastofur sérfræðinga um verkefni. Vorið 2004 lagði Heilsugæslan í Reykjavík niður rannsóknastarfsemi sína en samdi, án undangengins útboðs, við aðra ríkisstofnun, Landspítala, um framkvæmd rannsókna á hennar vegum. Heilsugæslan hafði um langt árabil keypt hluta af rannsóknastarfsemi sinni frá einkaaðila, sem missti því stóran hluta af viðskiptum sínum við þennan gjörning í einu vetfangi. Þessi samningur var kærður til samkeppnisráðs, en var vísað frá. Að sama skapi eru ríkisreknar rannsóknastofur á sviði örveru- og efnagreiningar í þjónustu við matvæla- og fóðuriðnað í beinni samkeppni við sambærilegar einkareknar rannsóknastofur, t.d. Rannsóknarþjónustuna Sýni ehf., sem lengi vel var eini einkarekni aðilinn á þessu sviði. Samkeppnisaðilar hennar eru flestir stofnanir í eigu ríkisins og reknar af því, s.s. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Tilraunastöð Háskólans í Keldnaholti og Umhverfisstofnun. Í þessu sambandi má geta þess að í september 2008 var íslenska ríkið dæmt í Héraðsdómi Reykjavíkur til að greiða rannsóknastofunni Sýni um 18 millj. kr. með vöxtum frá 1. janúar 2005 fyrir að of lág gjaldskrá samkeppnisaðila sem var í eigu ríkisins, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, hafi á tilteknu tímabili valdið Sýni tjóni sem íslenska ríkið bar ábyrgð á. Í niðurstöðu dómsins kemur fram að Sýni hafi byggt kröfur sínar á því að stofnanir ríkisins, sem hafi selt þjónustumælingar í samkeppni við fyrirtækið allt frá gildistöku samkeppnislaga, hafi brotið gegn góðum viðskiptaháttum með því að samkeppnisrekstur hafi ekki verið fjárhagslega aðgreindur frá öðrum rekstri og lögbundnum verkefnum þessara stofnana sem nutu fjárveitinga af fjárlögum. Þannig hafi samkeppnisreksturinn í raun verið niðurgreiddur með ólögmætum hætti.

Siglingastofnun Íslands heyrir undir samgönguráðuneyti, sbr. lög nr. 6/1996. Verkefni stofnunarinnar eru þau helst að annast framkvæmd ýmissa laga er lúta að höfnum og sæfarendum og að hafa umsjón með ríkisstyrktum sjóvarna- og hafnarframkvæmdum. Ýmsar verklegar framkvæmdir, auk þróunarvinnu, eru því á ábyrgð stofnunarinnar að ótöldum ýmsum áætlunum um öryggismál. Rekstur hennar kostar tæpar um 860 millj. kr. á ári. Mörg einkafyrirtæki geta sinnt ýmsum verkefnum Siglingastofnunar. Þannig hefur einkafyrirtæki lýst yfir áhuga á að taka að sér starfsemi hafnasviðs stofnunarinnar en sviðinu er ætlað að hafa umsjón með hafnarframkvæmdum og vinna að uppbyggingu sjóvarna og hafna.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga um Siglingastofnun er stofnuninni heimilt, með samþykki samgönguráðherra, að fela öðrum að annast tiltekin verkefni sín. Sú heimild hefur ekki verið nýtt til þessa nema að afar takmörkuðu leyti. Ávinningur væri einkum sá að minnka kostnað af þessum verkefnum því gera má ráð fyrir að samlegðaráhrif í einkarekstri yrðu einhver. Ekki síður mikilvægt markmið er þó það að með því að fela einkaaðilum svo tæknileg verkefni sem Siglingastofnun hefur með höndum er hin fjölbreytta þekking sem til er á einkamarkaði nýtt til hins ýtrasta og um leið væri það einkaaðilum hvatning til frekari þróunar á viðkomandi sviði. Ávinningur þjóðfélagsins af því er ótvíræður.

Vinnueftirliti ríkisins er með lögum gert að fylgjast með aðbúnaði á vinnustöðum og til að geta rækt þá skyldu sína er m.a. könnun á afstöðu starfsmanna til vinnustaðarins nauðsynlegur hluti rannsókna Vinnueftirlitsins. Slíkar kannanir væri hæglega hægt að fela einkaaðilum. Þá hefur Vinnueftirlit ríkisins með því að skilgreina ákveðin „tilraunaverkefni“ boðið fyrirtækjum endurgjaldslausar kannanir á tilteknum öryggisþáttum vinnustaðarins. Þetta er í beinni samkeppni við fyrirtæki á heilbrigðissviði sem bjóða fyrirtækjum og stofnunum vinnustaða- og áhættugreiningar ásamt ráðgjöf sem lýtur að heilbrigðis- og öryggisstjórnun

til að tryggja það að m.a. fyrirtækin uppfylli ákvæði laga um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum, nr. 40/1980.

Landspítalinn hefur það hlutverk að reka sérhæfða sjúkrahúsþjónustu, auk þess að hafa víðtækt hlutverk í menntun heilbrigðisstétta og rannsóknum í heilbrigðisvísindum og tengdum greinum. Fjölmargir þættir í starfsemi sjúkrahússins falla utan kjarnastarfsemi spítalans og má þar telja þjónustuþætti eins og rekstur þvottahúss, saumastofu, eldhúss, mötuneytis, apóteks, röntgen- og rannsóknaþjónustu, framleiðslu sjúkrafæðis, ræstingu, sótthreinsun og umsjón fasteignar eru reknir undir hatt sjúkrahússtarfseminnar. Á þessum sviðum eru mörg tækifæri fyrir stjórnvöld og/eða stjórnendur sjúkrahússins að gera þjónustusamninga við sérhæfða aðila um rekstur tiltekinna eininga í starfsemi sjúkrahússins og á það einnig við um sérhæfða heilbrigðisstarfsemi. Í því sambandi má benda á rekstur hvíldardeildar á Landakoti sem stofnunin samdi við einkaaðila að hafa umsjón með. Einnig er frá sjónarhóli stjórnvalda góð fagleg og fjárhagsleg reynsla af starfsemi sem áður var eingöngu veitt á vegum heilbrigðisstofnana ríkisins. Má þar meðal annars nefna Læknisfræðilega myndgreiningu, Orkuhúsið, sem veitir sérfræðilæknisþjónustu vegna sjúkdóma í stoðkerfum, og Art Medica, sem starfar á sviði tæknifrjóvgunar.

Skýrr er einkafyrirtæki á sviði upplýsingatækni. Það var áður í eigu ríkisins og Reykjavíkurborgar, en var hlutafélagavætt á árinu 1996 og síðar einkavætt þegar opinberir aðilar seldu hlut sinn í fyrirtækinu. Í viðtali sem birtist Blaðinu í nóvember 2006 við þáverandi forstjóra Skýrr, Hrein Jakobsson, talar hann m.a. um þá tilhneigingu ríkisstofnana að draga til sín verkefni sem eru í beinni samkeppni við einkaaðila. Forstjórinn bendir á að umfang ríkisstofnana á sviði upplýsingatækni hafi aukist verulega og að ríkisfyrirtækin hafi í auknum mæli tekið verkefni til sín. Hugbúnaðarverkefni fyrir ríkið séu yfirleitt boðin út, en rekstur tölvukerfa nánast aldrei, þrátt fyrir að einkafyrirtæki geti séð um rekstur þeirra með hagkvæmari hætti en ríkisfyrirtækin sjálf. Jafnframt tekur hann dæmi um að Skýrr hafi mátt sjá á bak tekjum sem fyrirtækið hafði áður eins og miðlun upplýsingar úr Ökutækjaskrá og Fasteignaskrá, varðandi rafræn veðbókarvottorð. Ekki sé ágreiningur um að ríkið eigi þessar upplýsingar, en miðlun þeirra hafi verið færð til ríkisfyrirtækja, þrátt fyrir að Skýrr hafi tekið þátt í að byggja upp markaðinn fyrir þær. Bendir hann á að Skýrr hafi kært opinberar stofnanir til Samkeppniseftirlitsins vegna útboðsmála og hafi t.d. úrskurður samkeppnisyfirvalda gagnvart Ökutækjaskrá verið á þann veg að stjórnvöldum var bent á að draga sig út úr þeim rekstri, þar sem verið var að keppa við einkaaðila á þessum markaði.

Í þessu sambandi má benda á að á árinu 2005 vörðuðu 25% ákvarðana Samkeppniseftirlitsins kærur einkaaðila gagnvart stofnunum ríkis eða sveitarfélaga.

Íslandspóstur er hlutafélag í eigu ríkisins. Það hefur nú endurskilgreint hlutverk sitt til að takast á við verkefni á samkeppnismarkaði. Í þeim tilgangi hefur fyrirtækið ráðist í byggingu tíu pósthúsa á landsbyggðinni sem eru sérhönnuð með þarfir flutningafyrirtækis í huga og miklar endurbætur verið gerðar á sex öðrum í sama tilgangi, en kostnaður hefur verið áætlaður um 1 milljarður kr. Stjórnendur fyrirtækisins hafa útskýrt þessar breytingar með því að verið sé að gera fyrirtækið hæfara til að takast á við afnám einkaréttar sem framundan er í póstþjónustu, á árinu 2010, jafnframt sem þeir telja að þessi starfsemi takist varla á við starfsemi einkaaðila sem nú eru á markaði. Jafnframt hefur Íslandspóstur hafið sölu á ritföngum í útibúum sínum í samkeppni við einkaaðila. Hagsmunaaðilar í flutningaþjónustu hafa á hinn bóginn bent á að umsvif ríkisfyrirtækisins og uppbygging í þá veru sem að framan er lýst sé langt umfram það sem eðlilegt getur talist þegar litið er til lögbundins hlutverks þess í almannaþjónustu og að með þessu sé skattfé almennings notað til að niðurgreiða samkeppni

í landinu á þessum sviðum. Viðskiptaráð hefur í yfirlýsingu mælt með því að fyrirtækið verði selt og að skilgreining fyrirtækisins á hlutverki sínu sé langt umfram þjónustuþætti sem með réttu ættu að heyra undir hið opinbera.

Ljóst má vera af upptalningu hér á undan að ríkisstofnanir hafa ekki orðið við tilmælum sem sett eru fram í Innkaupastefnu ríkisins frá árinu 2002. Fjöldi dæma um samkeppni fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga og ríkisstofnana við rekstur einkaaðila gefur vísbendingu um að til markvissra aðgerða verði að grípa til að tryggja að stefna stjórnvalda um einkavæðingu og aukið samstarf ríkis og einkaaðila um framkvæmd verkefna á vegum ríkisins nái raunverulega fram að ganga á öllum sviðum.

Tilgangur með framlagningu þessarar þingsályktunartillögu er að fá yfirsýn yfir þá starfsemi á vegum ríkis og sveitarfélaga sem er í beinni samkeppni við einkaaðila. Með slíkar upplýsingar í höndunum er markvisst hægt að stefna að því að ríkið dragi sig út úr starfsemi sem er á samkeppnismarkaði og um leið vekja ríkisstofnanir til vitundar um skaðsemi þess að hamla þróun framsækinnar starfsemi á vegum einkaaðila.

Í tillögu þessari er jafnframt lagt til að skoðað verði hvort lögbundnar skyldur stofnana kalli á sífellt meira umfang þeirra og hvort lagabreytinga sé þörf. Jafnframt þarf að skoða hvað af lögbundnum verkefnum ríkisstofnana sér hægt að fela einkaaðilum.

Á 135. löggjafarþingi afgreiddi meiri hluti viðskiptanefndar sambærilega tillögu til 2. umræðu. Í nefndaráliti meiri hlutans segir m.a. eftirfarandi:

„Nefndinni bárust á annan tug umsagna um tillöguna sem voru langflestar jákvæðar í garð hennar. Tilgangurinn með tillöguflutningnum er m.a. að fá yfirsýn yfir starfsemi á vegum hins opinbera sem er í samkeppni við einkaaðila. Nefndin telur æskilegt að fá slíka yfirsýn svo dýpka megi umræðu um hlutverk og þátttöku hins opinbera í atvinnulífinu.

Meiri hlutinn tekur undir með Alþýðusambandi Íslands sem bendir á í umsögn sinni að „mikilvægt sé að tryggja ákveðna fjölbreytni í rekstrarformum samfélagsþjónustu…“ og að mikilvægt sé að tryggja að „gæði þjónustu verði ávallt fullnægjandi og að allir hafi jafnan aðgang að henni óháð efnahag og félagslegri stöðu.“

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 50. gr. laganna, er verður 57. gr., kemur nýr málsliður er orðast svo: Þá setur ráðherra í reglugerð nánari reglur um stofnun og starfrækslu líkhúss.

29. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um kirkjugarða, grafreiti, greftrun og líkbrennslu.**

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneyti á grundvelli tillagna nefndar sem skipuð var af dóms- og kirkjumálaráðherra til að gera úttekt á lögum um kikjugarða, greftrun og líkbrennslu og leggja fram tillögur til úrbóta. Frumvarpið var lagt fram á 135. löggjafarþingi en var ekki afgreitt á því þingi. Það er nú lagt fram á ný óbreytt.

Málefni útfararþjónustufyrirtækja hafa undanfarin missiri gefið tilefni til að starfsemi þeirra og lagaumgjörð verði skoðuð nánar. Álitaefni er hvort nægilega skýrar reglur gildi um útfararþjónustuna eða hvort þörf sé á að setja skýrari og fyllri reglur um starfsemina. Þá hafa töluverðar umræður orðið um siðareglur í stéttinni og hvort ekki sé nauðsynlegt að semja siðareglur fyrir útfararstjóra og aðra sem veita þjónustu við andlát.

Til þess að kanna hverra lagabreytinga og annarra úrbóta væri þörf skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra þriggja manna nefnd undir formennsku Þórsteins Ragnarssonar forstjóra 29. júní 2005 til þess að gera úttekt og í framhaldi af því setja fram tillögur til úrbóta. Í skipunarbréfinu er verkefni nefndarinnar lýst sem hér segir:

1. Að fara yfir lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum, svo og önnur lög, með það fyrir augum að setja fram tillögu að lagabreytingum um þá þætti sem ástæða kann að vera til breyta í ljósi væntanlegra siðareglna.
2. Að endurskoða reglugerð um útfararþjónustu, nr. 233/1995, með síðari breytingum.
3. Að semja tillögur að siðareglum fyrir útfararstofur og starfsmenn þeirra, svo og aðra sem veita þjónustu við látna og aðstandendur þeirra.
4. Að leggja fram tillögur um sameiginlegan vettvang fyrir útfararstofur á Íslandi, m.a. hvort rétt sé að stofnað verði landssamband útfararstofa eða annars konar samtök.

Nefndin átti í störfum sínum að hafa samráð við útfararstofur og aðra helstu aðila sem koma að þjónustu við látna og aðstandendur þeirra.

Nefndinni var ætlað að ljúka störfum fyrir septemberlok 2005, en hún fékk frekari frest og skilaði tillögum sínum í nóvember sama ár. Að því búnu voru tillögurnar sendar þeim sem málið varðar helst, til umsagnar. Nokkrar umsagnir bárust og hefur verið tekið tillit til margra þeirra ábendinga og tillagna sem bárust.

Meginbreytingarnar, sem lagðar eru til í frumvarpi þessu, eru eftirtaldar:

1. Lagt er til að heiti laganna verði breytt þannig að orðið „grafreitur“ komi þar fyrir. Kirkjugarðar eru einungis garðar þar sem kirkju er að finna, en oft hagar þannig til að grafreitir eru fjarri sjálfri kirkjunni, í sjálfstæðum görðum.
2. Lagt er til að flytja skuli lík í líkhús eftir að læknir er búinn að úrskurða mann látinn og að tilgreina skuli hámarksdagafjölda sem megi líða frá andláti til útfarar, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Einnig verði óheimilt að greftra lík eða brenna nema það sé lagt í kistu og hjúpað líkklæðum eða öðrum klæðnaði, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

3. Bætt verði við sérstökum kafla í lögin um flutning kistu eða duftkers milli landshluta eða milli landa, sbr. 4. gr. frumvarpsins.
4. Í nýjum kirkjugörðum verði skylt að gera ráð fyrir óvígðum reit og sérstökum reitum fyrir önnur trúarbrögð en kristin, sbr. 5. og 6. gr. frumvarpsins. Auk þess verði bætt við ákvæði sérstakan minningarreit við kirkju vegna horfinna, látinna eða drukknaðra er skuli njóta sömu helgi og legstaður.
5. Sérstakur kafli verði um útför og þá sem annast útfarir og veita þjónustu við látna og aðstandendur þeirra, sbr. 7. gr. (e–h-lið) frumvarpsins. Vakin er athygli á að lagt er til að hugtakið „útför“ verði skilgreint, svo og að ákvæði verði um virkt eftirlit með útfararstofum.
6. Heimilt verði að grafa kistu ungbarns í leiði, sbr. 18. gr. frumvarpsins.
7. Heimilt verði að gera þjónustusamninga við Kirkjugarðasamband Íslands, sbr. 26. gr. frumvarpsins.

Hvað varðar önnur störf fyrrgreindrar nefndar má geta þess að nefndin lagði fram drög að reglugerð um útfararþjónustu er leyst gæti af hólmi reglugerð nr. 232/1995 og var hún nánast endursamin. Hefur reglugerðin síðan verið gefin út með nokkrum breytingum, sem gerðar voru í ráðuneytinu, sem reglugerð nr. 426 23. maí 2006, um útfararþjónustu.

Einnig hlutaðist nefndin til um að láta þýða siðareglur Evrópusambands útfararstofnana á íslensku og síðan bætti hún við frekari skýringum. Nefndin taldi ekki heppilegt að semja siðareglur fyrir aðra sem veita þjónustu við látna og aðstendur þeirra. Nefndin taldi eðlilegast að hafa sama fyrirkomulag og gildir annars staðar á Norðurlöndum, en þar undirrita útfararstjórar innan landssambandanna siðareglur EFFS (European Federation of Funeral Services) áður en þeir hefja störf. Siðareglurnar eru bindandi fyrir íslenska útfararstjóra, og voru þær gefnar út sem fylgiskjal með fyrrgreindri reglugerð í maí 2006.

Loks gerði nefndin grein fyrir því hvernig sjá mætti fyrir stofnun sameiginlegs vettvangs fyrir útfararstofur á Íslandi, nokkurs konar landssamband útfararstofa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Áður fyrr, þegar ekki voru fyrir hendi hæfilegar geymslur eða líkhús til þess að geyma lík í, var oft ekki um annað að ræða en að geyma líkin á heimili viðkomandi eða nánustu ættingja hans. Því var alsiða að lík voru látin standa uppi eins og það var kallað og þá tíðkuðust líka húskveðjur. Kistulagning er nú komin í stað þeirra. Fyrir hendi er aðstaða um allt land, aðallega á sjúkrahúsum en einnig á vegum kirkjugarða og einstaka útfararstofu til geymslu á líkum. Því er gert ráð fyrir að líkum skuli komið í geymslu svo fljótt sem auðið er eftir að úrskurðað hefur verið um andlát. Þá þykir nauðsynlegt vegna eðlis líkhúss, svo sem út frá heilbrigðissjónarmiðum, að um þau verði settar reglur og er því lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að setja reglur um stofnun og starfrækslu líkhúsa, sbr. 28. gr. frumvarpsins.

Hnykkt er á því að um tvær tegundir greftrunar sé að ræða, jarðsetningu líks í kistu eða brennslu með eftirfarandi jarðsetningu öskunnar eða dreifingu hennar yfir öræfi eða sjó.

Með sama hætti þykir eðlilegt, einkum af heilbrigðisástæðum, að ekki líði of langur tími frá andláti til greftrunar. Gert er ráð fyrir að jarðsett skuli sem fyrst eftir andlát, og ekki síðar en 21 degi eftir andlát. Algengast er að jarðsett sé u.þ.b. viku eftir andlát því að undirbúningur tekur sinn tíma, að útvega prest og útfararstofu, gera ráðstafanir í kirkjugarði o.fl. Eins þarf að gefa ættingjum, aðstandendum, vinum og kunningjum kost á að vera viðstaddir, en þeir geta komið hvaðan sem er af landinu eða frá útlöndum. Nú getur borið svo við að fyrir-

sjáanlega takist ekki að halda tímamörkin og er þá ráðgert að sækja þurfi um undanþágu til heilbrigðisyfirvalda. Þetta á að sjálfsögðu ekki við þegar um horfna menn er að ræða

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Við útför er prestur trúnaðarmaður stjórnvalda að því leyti að honum er óheimilt að gera útför nema aðstandendur framvísi dánarvottorði eða staðfestingu sýslumanns um að andlát hafi verið tilkynnt. Ef annar prestur annast útför en presturinn í prestakallinu þar sem andlát bar að lætur presturinn þar sem andlátið bar að í té staðfestingu á móttöku vottorðs eða staðfestingar sem aðstandendur koma í hendur prestinum sem á að annast útförina.

Hingað til hefur ekki verið talið nauðsynlegt að hafa í lagatexta að lík skuli jarðsett eða brennt í kistu, svo sjálfsagt hefur það verið talið. Með auknum fjölda manna sem aðhyllast önnur trúarbrögð hér á landi er nú talið nauðsynlegt að setja ákvæði hér um í lög því í sumum trúarbrögðum er talið nægjanlegt að sveipa lík klæðum áður en það er jarðsett. Engu síður er talið æskilegt að nokkur sveigjanleiki geti verið fyrir hendi þótt rétt sé að setja um leið eðlilegar skorður.

Þá er sett inn nýtt ákvæði sem heimilar að lík andvana fædds barns eða ungbarns sé lagt í kistu með öðru líki. Mörgum hefur sviðið sárt við slík andlát að geta ekki lagt börnin hjá nánum látnum skyldmennum frekar en að láta þau hvíla ein. Hér er opnuð leið til að heimila þetta, en skilyrði er að fullt samkomulag sé um það hjá þeim sem ráðstafa legstæði því sem jarðsett er í, svo og hjá foreldrum eða forsvarsmönnum barns.

Um 4. gr.

Hér lagt til að við lögin bætist nýr kafli, en heppilegt þykir að skipa þannig reglum sem fjalla einkum um flutning kistu með lík eða duftkers með ösku látins manns milli landshluta eða landa. Engar reglur eru fyrir í lögum um þetta efni og þykir rétt að lögfesta slíkar reglur.

Í a-lið er um mikla breytingu að ræða þótt textinn sé lítið breyttur. Hér er verið að afnema þær skorður sem verið hafa á því hvar maður kýs að verða jarðaður eða aðstandendur fyrir hans hönd. Engar beinar hömlur hafa verið á því hvar menn kjósa sér legstað, en þeir hafa ekki átt rétt á legstað nema í sókninni sem þeir önduðust í eða þar sem þeir voru síðast heimilisfastir. Kirkjugarðsgjald hefur runnið til sóknar þeirra, þó svo að þeir hafi verið jarðaðir annars staðar.

Með breyttu fyrirkomulagi á kirkjugarðsgjaldi skiptir ekki lengur fjárhagslegu máli hvar menn eru jarðsettir. Gjaldið sem greitt er sem kirkjugarðsgjald fyrir látinn mann rennur nú til þess kirkjugarðs þar sem viðkomandi er jarðsettur. Annars vegar er í nýlega samþykktu gjaldalíkani um að ræða kostnað við grafartöku og hins vegar viðhald á viðbótarsvæðinu vegna grafarstæðisins. Með þessu er mönnum frjálst að öðru jöfnu að velja sér kirkjugarð eða grafreit þótt reikna megi með að flestir kjósi að verða jarðaðir meðal ættingja eða vandamanna eða þar sem þeir hafa búið eða á stað sem þeir eiga ættir að rekja til.

Í b-lið er reynt að tryggja, að flutningur líks í kistu eða duftkers með ösku látins manns, fari fram samkvæmt reglum. Þannig er flutningsaðila gert skylt að afhenda sýslumanni afrit dánarvottorðs er skal fylgja líkinu til viðtakanda. Eins þurfa tiltekin skjöl að fylgja í flutningi milli landa.

Ísland gerðist árið 1975, með auglýsingu nr. 20 frá utanríkisráðuneytinu, aðili að Evrópusamningi frá 1973 um flutning líka. Samkvæmt þeim samningi er áskilnaður um að við flutning líka milli landa fylgi dánarvottorð á ensku, vottorð um að líkið beri eigi með sér smitnæman sjúkdóm er sótthætta geti stafað af, flutningsvottorð útfararstofu og vottorð frá lögreglu er heimilar flutninginn. Þessi gögn eru sett í umslag, sem fest er utan á umbúnaðinn, þannig að viðtakendur hafi aðgang að þeim strax við komu á áfangastað.

Þá skiptir einnig máli að við pökkun og umbúnað duftkera sem flytja á milli landshluta innan lands eða til útlanda sé farið eftir almennum reglur sem tíðkast í greininni. Ráðgert er að ráðuneytið setji leiðbeinandi reglur hér að lútandi.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að 1. efnismgr. verði sama efnis og 5. gr. laganna, nema hvað grafreitum er bætt við skilgreininguna á þeim svæðum sem teljast til afmarkaðra grafarsvæða. Þá eru lagðar til viðbætur á ákvæðinu sem nauðsynlegar eru í ljósi þess að íbúum landsins, sem eru annarrar trúar en kristnir, hefur fjölgað mjög á undanförnum árum. Þykir því full ástæða til að kirkjugarðsstjórnir hugi að því hvernig þær ætli sér að bregðast við þegar beiðni kann að berast frá einhverjum um að jarðsett verði í óvígðum reit eða afmörkuðum reit fyrir tiltekin trúarbrögð. Þá er tekið fram í 3. efnismgr. að við skipulagningu nýrra kirkjugarða skuli kirkjugarðsstjórn vera skylt að afmarka slík svæði innan garðsins.

Um 6. gr.

Efnislega er greinin samhljóða 6. gr. núgildandi laga, en bætt er við að minningarreitur geti ekki aðeins verið vegna horfinna manna, heldur líka vegna látinna og drukknaðra, en margir hafa saknað þess að slíkir reitir eru ekki fyrir hendi.

Um 7. gr.

Um a–d-lið (8,–11. gr.).

Lagt er til að ákvæðum 7. gr. laganna verði skipað í nýjan kafla, en þau eru efnislega nánast óbreytt. Þó er tekið fram að óheimilt sé að geyma ösku látins manns lengur en í sex mánuði. Þykir eðlilegt að nokkur frestur sé veittur til ákvörðunar á því hvar askan verði jarðsett eða henni dreift, en með sama hætti þykir óeðlilegt ef líður meira en missiri áður en ferlinu er lokið. Geymsluaðstaða í húsnæði bálstofunnar er heldur ekki með þeim hætti að unnt sé að geyma duftkerin í langan tíma.

Um e–h-lið (11.–15. gr.).

Helsta tilefni frumvarps þessa er að finna í þessum greinum sem fjalla um útfararþjónustu og útfararstjóra. Einnig þykir rétt að lögfest verði ákvæði um útfarir sem ekki eru kirkjulegar, svokallaðar borgaralegar útfarir. Þær hafa verið fátíðar. Kveðið er á um hvernig með skuli fara ef vilji hins látna var ekki ljós í þessum efnum. Þá er að finna nýtt ákvæði sem lýsir því hvernig ferill útfarar er í framkvæmd, eftir að athöfn í kirkju lýkur eða borgaralegri athöfn, annaðhvort með því að kista er jarðsett eða aska jarðsett eða henni er dreift. Loks er bætt við nýrri grein þar sem tekið er fram hvaða aðilar það eru sem annast að jafnaði útför. Enn fremur er kveðið á um að ráðherra skuli hafa virkt eftirlit með þeim sem leyfi hafa fengið til útfararþjónustu.

Í e-lið (12. gr.) er nýmæli. Gert er ráð fyrir að útför geti verið tvenns konar, kirkjuleg eða borgaraleg, og er skilgreining í greininni. Hafi sá látni lýst vilja sínum um hvora athöfnina

hann kýs skal farið að vilja hans, enda hafi hann náð 18 ára aldri. Rétt þykir að tekið verði tillit til óska aðstandenda hans ef ekki er vitað um vilja hans í þessum efnum.

Í f-lið (13. gr.) er einnig nýmæli, en eins og þar er lýst er gert ráð fyrir jarðsetningu eftir útför, þar sem kista er borin til grafar, eða bálför þar sem kista er brennd og aska hins látna sett í duftker og annaðhvort jarðsett eða öskunni er dreift samkvæmt reglum sem um dreifingu gilda. Duftker má jarðsetja í sérstakan duftreit en einnig verður heimilt samkvæmt þessu ákvæði að setja duftkerið ofan í leiði þar sem kista hvílir, enda liggi leyfi rétthafa leiðisins fyrir. Sérstaklega er tekið fram að ekki sé skylt að hafa útfararathöfn áður en lík er borið til grafar.

Greinin í g-lið (14. gr.) er samhljóða núgildandi 21. gr. laganna.

Í h-lið (15. gr.) eru taldar upp þær stéttir sem hafa með höndum verkefni er skapast við andlát. Fyrir utan heilbrigðisstéttir, presta, útfararstofur og starfsfólk kirkjugarða má nefna starfsfólk í kirkjum, tónlistarfólk o.fl. Rétt þykir að tilgreina þetta sérstaklega, ef og þegar ástæða þykir til að setja sérstakar reglur um samskipti þessara stétta, hugsanlega einhverjar siðareglur o.fl. Þá er ástæða til að árétta að ráðuneytinu er ætlað að halda uppi eftirliti með útfararþjónustunni.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir að við þann kafla laganna, sem fjallar um kirkjugarða, verði bætt ákvæðum sem lúti að því að útbúa skuli afmarkaða reiti í kirkjugörðum fyrir látna er tilheyra mismunandi trúarbrögðum eða óvígðan reit ef hlutaðeigandi kirkjugarðsstjórn samþykkir slíka tilhögun. Þá er skylt við hönnun nýrra kirkjugarða að gera ráð fyrir óvígðum reit og sérstökum reit fyrir önnur trúarbrögð. Þá er heimilað að kirkjugarðsstjórn geti látið útbúa sérstaka minningarreiti í kirkjugörðum eða við kirkju, ef því er að skipta, til þess að minnast horfinna, látinna eða drukknaðra.

Um 9.–12. gr.

Í þessum greinum er einungis um smávægilegar orðalagsbreytingar og tilfærslur ákvæða að ræða. Notað er orðið sveitarfélag í stað annarra heita yfir stjórnvöld eins og hreppa, bæjarfélög og hreppshluta.

Um 13. og 14. gr.

Í þessum greinum er einkum um lagfæringar á orðalagi að ræða. Þó er nýmæli í b-lið 13. gr. um að heimilt sé að hringja klukku þótt útför sé borgaraleg. Í handbók fyrir presta þjóðkirkjunnar segir að við útför skuli hringja klukku með tilteknum hætti stutta stund fyrir útfararathöfn og enda með bænaslögum, þrisvar sinnum þremur slögum.

Um 15. gr.

Hér er eingöngu verið að hnykkja á skilgreiningu og orðnotkun. Með útfararkirkju er átt við allar kirkjur þaðan sem jarðað er, þar á meðal sóknarkirkjur. Hins vegar er greftrunarkirkja eingöngu kirkja þaðan sem jarðað er.

Um 16. og 17. gr.

Í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði núgildandi 21. gr. laganna verði 14. gr. og er hér lögð til breyting til samræmis við það. Enn fremur er lögð til orðalagsbreyting.

Um 18. gr.

Gert er ráð fyrir nýmæli um að gengið hafi verið frá því að grafa megi í tveimur dýptum þegar grafið er í fyrra skiptið.

Þá verði heimilað að jarðsetja kistu ungbarns í leiði með samþykki rétthafa þess. Er þetta ákvæði tilkomið annars vegar af tilfinningalegum sjónarmiðum, sem rétt þykir að virða og eru ekki í andstöðu við útfararsiði, og hins vegar verður það einnig til þess að spara rými í kirkjugarðinum.

Um 19. gr.

Gert er ráð fyrir nýju ákvæði um að heimilt sé að úthluta fleiri grafarstæðum fyrir duftker. Skýring þessa er sú að þar sem duftker þarfnast aðeins um ¼ af venjulegu kistuleiði er víða unnt að koma því við að úthluta fleiri grafarstæðum en þremur til sömu fjöldskyldu. Fer það nokkuð eftir aðstæðum í hverjum kirkjugarði hvort unnt verður að úthluta fleiri grafarstæðum fyrir duftker.

Um 20. gr.

Gert er ráð fyrir breytingu á 27. gr. laganna, er verði 34. gr., sem fjallar um legstaðaskráningu, vegna framkominna athugasemda um þau atriði sem ber að að skrá í legstaðaskrá. Til að mynda hefur verið bent á að erfitt sé að tilgreina tiltekna stöðu eða starfsheiti. Vegna þessara athugasemda var farið yfir þau atriði sem ástæða þykir að skrá. Lagt er til að ekki beri að skrá starfsheiti. Hugsunin að baki skráningunni er að skrá skuli grunnatriði sem auðveldi fólki að finna legstaði látinna. Í því efni er starfsheiti eða stöðuheiti léttvægt. Sama gildir um aldur hins látna sem felldur er úr upptalningunni.

Um 21.–25. gr.

Hér er ekki er um aðrar breytingar að ræða en þær að á nokkrum stöðum er lagt til að kirkjugarðsstjórn fjalli um mál þar sem í núgildandi lögum eru tilgreindir safnaðarfundir eða sóknarnefnd. Enn fremur er lagt til að ef kirkjugarðaráð hyggst ákveða að hætt skuli að grafa í tilteknum kirkjugarði eða hann skuli lagður niður þurfi að afla samþykkis bæði frá viðkomandi sóknarnefnd og biskupi Íslands, sbr. 21. gr. frumvarpsins.

Um 26. gr.

Ekki er um neinar meiri háttar efnislegar breytingar að ræða sem þarfnast skýringa fyrir utan það að gert er ráð fyrir nýju ákvæði um að kirkjugarðaráði verði heimilt að gera þjónustusamning við Kirkjugarðasamband Íslands um að annast ýmiss konar verkefni er lúta að málefnum kirkjugarða.

Um 27. gr.

Lagt er til að bætt verði inn ákvæði þess efnis að upptöku á líki, sem heimiluð hefur verið, skuli getið í legstaðaskrá kirkjugarðsins. Þetta er nauðsynlegt svo að unnt verði að rekja ferlið, ef slík upptaka hefur átt sér stað. Með sama hætti á einnig að skrá tilfærsluna í þeim garði eða grafreit sem lík eða duftker er flutt í. Fátítt er að slíkar upptökur eigi sér stað.

Um 28. gr.

Lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að setja í reglugerð nánari reglur um stofnun og starfrækslu líkhúsa, sbr. umfjöllun um 1. gr. frumvarpsins.

Um 29. gr.

Með breytingunni á heiti laganna er verið að undirstrika að þau afmörkuðu svæði sem notuð eru til jarðsetningar látinna þurfa ekki að vera í nánd við kirkju eða umhverfis kirkju. Fyrr á öldum var hagræði að því að hafa garðinn sem næst kirkju eða umhverfis kirkju og það þótti mikil ógæfa ef ekki fékkst leg í „vígðri mold“. Með breyttum tímum þykir eðlilegt að nota ekki aðeins heitið kirkjugarður heldur einnig heitið grafreitur yfir greftrunarsvæðin, enda eru ekki lengur fyrir hendi þau nánu tengsl sem voru milli trúar, kirkju og útfarar.

Um 30. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. september 2009. Þar sem nauðsynlegt verður að setja nokkrar reglugerðir og semja ýmsar reglur verður að ætla hæfilegan tíma í því skyni að geta haft þær tilbúnar þegar lögin öðlast gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ýmsum ákvæðum gildandi laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Helstu breytingarnar lúta að reglum um útfarir og þjónustu við látna og aðstandendur þeirra, þ.m.t. um þjónustu útfararstofa. Framlög úr ríkissjóði til kirkjugarða eru ákvörðuð samkvæmt samkomulagi við kirkjugarðaráð í sérstöku reiknilíkani og mun lögfesting frumvarpsins ekki hafa áhrif á þau framlög eða útgjöld ríkissjóðs að öðru leyti.

39. Tillaga til þingsályktunar [39. mál]

um strandsiglingar.

Flm.: Jón Bjarnason, Ögmundur Jónasson, Katrín Jakobsdóttir, Árni Þór Sigurðsson, Þuríður Backman, Kolbrún Halldórsdóttir, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að undirbúa að strandsiglingar verði hluti af vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins. Ráðherra móti stefnu og aðgerðaáætlun og leggi fram lagafrumvörp í þessu skyni, ef með þarf, þannig að ríkið geti tryggt reglulegar strandsiglingar til allra landshluta með því að bjóða út siglingaleiðir. Ráðherra láti meta kostnað við að halda uppi reglulegum strandsiglingum um allt land miðað við skilgreinda þjónustu og geri tillögur um siglingaleiðir sem bjóða á út. Ráðherra skili niðurstöðum til Alþingis eigi síðar en 1. mars 2009.

Greinargerð.

Tillaga þessa efnis var lögð fram á 127., 128., 131., 132., 133. og 135. löggjafarþingi og er nú lögð fram að nýju, lítillega breytt.

Á síðustu árum hafa strandsiglingar smám saman verið að leggjast af hér á landi. Flutningsmenn telja að ekki verði við það unað, enda má fullyrða að sjóflutningar meðfram strandlengjunni séu verulega vannýttur samgöngukostur. Því leggja þeir til að samgönguráðherra verði falið að undirbúa að almennar og reglulegar strandsiglingar verði hafnar með tilstyrk hins opinbera á grundvelli útboða. Brýnt er að ráðherra grípi strax til aðgerða.

Áhrif aukinna landflutninga á kostnað sjóflutninga eru helst þau að losun gróðurhúsalofttegunda verður meiri, enda almennt talið að flutningar á sjó valdi minna útstreymi gróðurhúsalofttegunda en flutningar á landi. Þá hafa auknir landflutningar mikil áhrif á umferðaröryggi og slit á vegum og ekki síður á notkun hafna á landsbyggðinni.

Á 127. löggjafarþingi lagði flutningsmaður ásamt fleirum fyrst fram þingályktunartillögu um strandsiglingar. Þar var lagt til að samgönguráðherra yrði falið að skipa nefnd, strandsiglinganefnd, er léti gera úttekt á þjóðhagslegu gildi þess að hér við land væru öflugar strandsiglingar með sérstakri hliðsjón af umhverfis- og byggðaáhrifum, umferðaröryggi og fleiru. Tillagan var endurflutt á 128. þingi og þá lagði samgöngunefnd til að henni yrði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Í svari við fyrirspurn fyrsta flutningsmanns til samgönguráðherra á 130. löggjafarþingi um framgang þeirrar tillögu kom fram að ráðherra hefði ekki skipað strandsiglinganefnd en að ráðuneytið hefði í störfum sínum talið eðlilegt að stofnanir þess beindu athygli að strandsiglingum á grundvelli ábendinga og ágætra hugmynda í greinargerð með tillögunni. Ráðherra tók þá fram að hann teldi að tillagan frá 128. löggjafarþingi hefði verið þarft innlegg í umræðuna og að við endurskoðun á samgönguáætlun hlyti að verða litið til ákveðinna þátta sem þar voru nefndir.

Í nóvember 2004 skipaði samgönguráðherra nefnd til þess að fara yfir áhrif af niðurlagningu strandsiglinga og um framtíðarstefnu stjórnvalda varðandi sjóflutninga. Þó urðu engar hreyfingar á málinu af hálfu ríkisstjórnarinnar. Umræða um strandsiglingar hefur þó farið vaxandi síðustu ár og nýlega hóf Eimskip aftur strandsiglingar til Ísafjarðar í tilraunaskyni fram að áramótum. Flutningsmenn fagna þessari framkvæmd en telja hana hins vegar ekki ganga nægilega langt, enda eru siglingarnar tímabundnar og takmarkaðar við Ísafjörð og ná þannig ekki til allra landshluta. Því er töluvert ójafnræði milli landshluta og telja flutningsmenn nauðsynlegt að tryggja aðkomu ríkisvaldsins að strandsiglingum gegnum útboð eins og tillaga þessi kveður á um.

Tillagan sem nú er lögð fram gengur lengra en sú sem lögð var fram á 128. löggjafarþingi en er samhljóma tillögunni sem lögð var fram á 135. löggjafarþingi. Í tillögunni felst að hafinn verði beinn undirbúningur að því að ríkið bjóði út strandsiglingar og tryggi þannig öllum landshlutum þessa mikilvægu þjónustu.

Þess er vert að geta að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur fallist á að aðstoðarkerfi sem Bretar hafa komið á til að færa flutninga af vegum og yfir í siglingar og hóflegur styrkur ríkis til slíkra aðgerða brjóti ekki gegn samkeppnisreglum bandalagsins. Þá hefur Evrópusambandið nýlega hrint af stað verkefni sem ber heitið „þjóðvegir á hafi“ sem miðar að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og létta á vegakerfi álfunnar. Í verkefninu felst uppbygging strandflutninga og stefnt er að því að árið 2013 verði strandflutningar eins auðveldir og landflutningar eru nú. Með þessu átaki er markmiðið líka að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Flutningsmenn telja mikilvægt að útboð á siglingaleiðum geti hafist eigi síðar en haustið 2009. Því er hér lagt til að ráðherra skili tillögum sem allra fyrst og eigi síðar en 1. mars 2009.

Með framangreindri tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar frá 127. löggjafarþingi fylgdi ítarleg greinargerð og vísa flutningsmenn til hennar hvað varðar ýmis rök fyrir mikilvægi þess að strandsiglingar við allt landið verði tryggðar, svo sem hvað varðar umhverfissjónarmið, byggðaáhrif og samkeppnisstöðu sjóflutninga gagnvart landflutningum.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Strandflutningar. Baráttumál vinstri grænna! Jón Bjarnason. (Morgunblaðið, 6. september 2006.)
II. Strandflutningar styrktir. (24 stundir, 30. september 2008.)
III. Fjölþættur ávinningur strandsiglinga. Landvernd. (Fréttir, 3. ágúst 2004.)

40. Frumvarp til laga [40. mál]

um breytingu á lögum um olíugjald og kílómetragjald, nr. 87/2004.

Flm: Höskuldur Þórhallsson, Bjarni Harðarson,
Magnús Stefánsson, Siv Friðleifsdóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:
Endurgreiða skal 50% olíugjalds af olíu sem flutningsaðilar skv. i- og j-lið 3. gr. laga um fólksflutninga og farmflutninga á landi, nr. 73/2001, kaupa til flutnings. Reglur um endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein skulu settar af fjármálaráðherra í samráði við samgönguráðherra.
b. Í stað orðanna „endurgreiðslu skv. 1. mgr.“ í 3. mgr. kemur: endurgreiðslur skv. 1. og 3. mgr.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:
Ákvæði 3. mgr. 6. gr. laganna skal endurskoðað í upphafi árs 2011.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á síðasta löggjafarþingi (4. mál). Hér er lagt til að flutningsaðilar sem stunda farmflutninga í skilningi i- og j-liðar 3. gr. laga um fólksflutninga og farmflutninga skuli fá endurgreidd 50% olíugjalds vegna starfsemi sinnar. I-liður fjallar um

farmflutninga í atvinnuskyni sem eru skilgreindir svo: Flutningur á hvers kyns farmi gegn endurgjaldi þegar flutningsþjónusta er seld sérstaklega og flytjandi starfar við flutningsþjónustu. Sem dæmi má nefna farmflutningafyrirtæki og vörubifreiðastjóra sem starfa sem verktakar við flutning á farmi. Í j-lið er fjallað um farmflutninga í eigin þágu og þeir skilgreindir svo: Flutningur farms þegar ekki er innheimt sérstakt gjald fyrir flutninginn. Sem dæmi má nefna flutning iðnfyrirtækis á eigin hráefni og/eða aðföngum með merktum bifreiðum, svo sem flutning á gosdrykkjum og flutning með mjólkurbifreiðum. Einnig flutningur verktaka sem starfa við annars konar verktöku en flutningsþjónustu þótt flutningurinn sé hluti af verki, svo sem verktaka við byggingar.

Fram kemur í 2. mgr. 23. gr. laga um olíugjald og kílómetragjald að innheimtar tekjur af olíugjaldi, kílómetragjaldi og sérstöku kílómetragjaldi renni til Vegagerðarinnar að frádregnum 0,5% sem renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laganna. Flutningsmenn leggja áherslu á að frumvarpinu er ekki ætlað að hafa áhrif á þær tekjur sem Vegagerðin hefur á grundvelli nefndrar lagagreinar. Samkvæmt því ættu tekjustofnar stofnunarinnar ekki að dragast saman verði frumvarpið samþykkt. Eðlilegt væri að annaðhvort hækki framlög ríkissjóðs til stofnunarinnar samkvæmt fjárlögum fyrir næsta ár sem því nemur eða að nýr útgjaldaliður verði settur inn í fjárlög til að mæta þeim kostnaði sem fellur á ríkissjóð vegna endurgreiðslunnar.

41. Frumvarp til laga [41. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Grétar Mar Jónsson, Jón Magnússon.

1. gr.

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður, 2. tölul., sem orðast svo: Útgjöld vegna sannanlegs ferðakostnaðar til og frá vinnu sem er umfram 200.000 kr. á ári en þó aldrei hærri en 700.000 kr. á ári og er í samræmi við matsreglur fjármálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009 og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2010.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 130., 131., 132., 133. og 135. löggjafarþingi.

Hér er lagt til að kostnaður manna við ferðir til og frá vinnu sem er umfram 200 þús. kr. verði frádráttarbær frá tekjum áður en til skattlagningar kemur, þó að hámarki 700 þús. kr. á ári. Við framkvæmd ákvæðisins er gert ráð fyrir að sambærilegar reglur gildi um sönnun á útlögðum kostnaði og gilda um sönnun á kostnaði á móti ökutækjastyrkjum.

Hér er um sanngirnismál að ræða enda um að ræða kostnað sem til fellur við öflun atvinnutekna. Eins og frumvarpið er fram sett er markmiðið einkum að koma til móts við þá sem þurfa að sækja vinnu um langan veg og bera af því mikinn kostnað.

Frumvarp þetta samrýmist vel þeirri stefnu sem haldið hefur verið á lofti í byggðamálum og felst í því að stækka atvinnusvæði á landsbyggðinni. Mikill ferðakostnaður getur hamlað

slíkri þróun og er til þess fallinn að draga úr samkeppnishæfni byggðarlaga um vinnuafl. Mikill ferðakostnaður getur einnig verið vinnuletjandi með þeim afleiðingum að menn sjá hag sínum betur borgið með því að þiggja atvinnuleysisbætur en að sækja vinnu í næsta byggðarlag.

Þess má geta að í Noregi eru í gildi reglur um skattalega ívilnun til þeirra sem bera mikinn kostnað af ferðalögum til og frá vinnu en aðstæður þar eru að mörgu leyti svipaðar og hér á landi.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2009 og komi til framkvæmda við álagningu árið 2010.

42. Tillaga til þingsályktunar [42. mál]

um líkantilraunir vegna stórskipabryggju í Vestmannaeyjum.

Flm.: Árni Johnsen, Lúðvík Bergvinsson, Guðni Ágústsson, Kjartan Ólafsson, Björk Guðjónsdóttir, Grétar Mar Jónsson, Bjarni Harðarson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta nú þegar hefjast handa um líkantilraunir í líkanstöð Siglingastofnunar til að undirbúa gerð stórskipabryggju í Vestmannaeyjum. Kannaðir verði þrír valkostir, norðan Eiðis, innan hafnar og utan hafnar í Skansfjöru gegnt Klettsvík, en þessi þrjú svæði hafa verið til umfjöllunar hjá hafnarstjórn Vestmannaeyja. Mikilvægt er að reikna með a.m.k. tveggja skipa viðleguplássi eða um 500 m kanti.

Greinargerð.

Það liggur ljóst fyrir að á næstu árum verða þær breytingar á flutningaskipaflota Íslendinga að skipin munu stækka og ef ekki verður byggður stórskipakantur í Vestmannaeyjum mun skapast stórkostlegur vandi í stærstu verstöð Íslands þar sem skip eru á ferðinni á öllum tímum sólarhrings til og frá Eyjum. Vestmannaeyjar sem eru með um 10% af öllum afla landsins yrðu hreinlega úr leik. Auk flutningaskipanna er mjög vaxandi umferð stærstu farþegaskipa heims til Íslands og mikilvægt að þriðji mest sótti ferðamannastaður landsins hafi alla möguleika á þeim vettvangi.

Næsta kynslóð gámaskipa á Íslandi verður væntanlega byggð upp á 180–200 m löngum skipum og um 30 m breiðum og reikna þarf með a.m.k. 10 m djúpristu.

Siglingastofnun hefur að beiðni hafnarstjórnar Vestmannaeyja unnið frumathuganir á umræddum þremur valkostum, en mikilvægt er að mati flutningsmanna að öll hönnun og líkantilraunir miði a.m.k. við tveggja skipa stórskipakant. Mikilvægt er að hraða líkantilraunum eins og kostur er því vinda þarf bráðan bug að því að byggja upp stórskipakant í Vestmannaeyjum.

Stórskipakantur utan Eiðis er fýsilegasti kosturinn vegna nálægðarinnar við aðalathafnasvæði Vestmannaeyjahafnar og möguleika til landauka, en Skansfjara er einnig magnaður möguleiki þótt aðgengi inn á hafnarsvæðið sé þar ekki eins auðvelt. Stórskipakantur við Lönguna í Vestmannaeyjahöfn yrði við þröngar aðstæður og gæfi ekki mikið svigrúm til mannvirkjagerðar á landi auk þess að mikil höfuðsynd yrði að byggja að sjálfri Löngunni sem er náttúruparadís í sjálfri Vestmannaeyjahöfn og magnað útivistarsvæði framtíðarinnar.

Þar er nú eini staðurinn sem hafið kyssir rætur Heimakletts innan hafnar. Engu að síður er þetta valkostur því að skynsemin verður að ráða.

Miklir möguleikar eru á efnistöku í brimvarnar- og hafnargarða, en reikna má með að a.m.k. 500.000 rúmmetra þurfi í garða hvort sem er utan Eiðis eða til móts við Ystaklett. Möguleikarnir á efnistöku eru austur á Urðum í nýja hrauninu, vestur á Skönsum undir Klifi og svo sjálf hrauntungan sem teygir sig inn í miðjan Vestmannaeyjabæ, um 20 m þykk og þekur 93.000 fermetra, um 1,3 milljónir rúmmetrar að magni, en þessi möguleiki hefur ekki verið ræddur hingað til. Þarna liggur mikið verðmæti bundið og örstutt að flytja það hvort sem er austur á Skansfjöru eða norður fyrir Eiði.

Um 250 stór flutningaskip og farþegaskip koma til Vestmannaeyja á ári þannig að segja má að skip af stærstu gerð séu þar nær daglega. Komur fiskiskipa af öllum stærðum skipta þúsundum í Vestmannaeyjahöfn á hverju ári.

43. Tillaga til þingsályktunar [43. mál]

um úttekt á aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði.

Flm.: Ellert B. Schram, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela félags- og tryggingamálaráðherra að gera úttekt á mikilvægi þess að bæta aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði á Íslandi svo að fötluðum, öldruðum, barnafólki og öðrum sem þess þarfnast verði gert mögulegt að búa lengur í íbúðum sínum en nú er hægt eða festa kaup á hentugum íbúðum í eldra húsnæði.

Greinargerð.

Í desember 1993 var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna samþykkt samhljóða tillaga um alþjóðlegar reglur varðandi einstaklinga með hvers konar fötlun. Þessum staðalreglum er ætlað að tryggja öllum sem eiga við einhvers konar hömlun að stríða fulla þátttöku og jafnrétti í daglegu lífi.

Í reglunum er gerð skýr grein fyrir réttindum, möguleikum og ábyrgð ásamt ákveðnum tillögum um hvernig einstakar þjóðir geta rutt úr vegi ýmsum hindrunum sem verða á vegi einstaklinga sem búa við hvers konar fötlun og á þann hátt náð að skapa aðgengilegt samfélag.

Hjá nágrönnum okkar á Norðurlöndum hefur á allrasíðustu árum sprottið upp mikil og vaxandi umræða um aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði. Þegar rætt er um gamalt íbúðarhúsnæði er einkum átt við húsnæði sem byggt var áður en sett voru inn í skipulags- og byggingarlög þessara landa skýlaus ákvæði um aðgengi fyrir alla.

Lagasetningu um þessi efni var yfirleitt lokið á Norðurlöndum um eða upp úr 1970. Eftir þann tíma má segja að í flestum nýbyggingum sé tekið tillit til aðgengis fyrir alla.

Umræðan um aðgengismál nú snýst því eins og áður segir að mestu um íbúðarhúsnæði sem byggt var fyrir gildistöku framangreindra laga. Eigendur og rekstraraðilar þessa húsnæðis standa nú frammi fyrir því mikla og vandasama verkefni að gera miklu fleiri íbúðir einnig aðgengilegar fyrir gamalt fólk, hreyfihamlaða og barnafólk þannig að þeir sem þess

óska eigi þess kost að búa lengur en ella í rótgrónu og öruggu umhverfi. Fyrir þessu eru ýmis gild rök:

- Gömlu fólki fjölgar mikið. Ekki síst er fjölgunin hröð hjá þeim sem ná mjög háum aldri.
- Vilji mjög margra stendur til þess að búa áfram í íbúðum sínum ef þeim er gert það kleift.
- Þjóðhagslegur ávinningur er sannanlega mjög mikill.

Verði framangreindar hugmyndir að veruleika gefast möguleikar á að hafist verði handa við margvíslegar aðgerðir til að bæta aðgengi íbúa að íbúðum í gömlu húsnæði á Íslandi. Slíkt er ekki aðeins þjóðfélagslega hagkvæmt heldur tryggir það einnig bætt lífsskilyrði og aukin lífsgæði allra þeirra sem njóta munu góðs af slíkum aðgerðum.

44. Frumvarp til laga [44. mál]

um almenningssamgöngur.

Flm.: Árni Þór Sigurðsson, Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir,
Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman.

1. gr.

Markmið laga þessara er að stuðla að öflugum, öruggum og hagkvæmum almenningssamgöngum í lofti, á láði og legi með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Enn fremur að auka hlutdeild almenningssamgangna í samgöngum almennt, bæta skipulagningu þeirra og tryggja fjármögnun. Við skipulag almenningssamgangna skal hafa hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og markmiðum stjórnvalda og alþjóðaskuldbindingum í umhverfismálum, m.a. í því skyni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

2. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn almenningssamgangna samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Í samgönguáætlun skal landinu öllu skipt í þjónustusvæði almenningssamgangna. Jafnframt skal í áætluninni skilgreina þjónustuþörf og markmið fyrir hvert svæði er taki mið af markmiðum laga þessara skv. 1. gr., m.a. að því er varðar hlutdeild almenningssamgangna í heildarsamgöngum viðkomandi svæðis.

Samgönguráðherra skipar samstarfsráð um almenningssamgöngur einstakra þjónustusvæða með þátttöku þeirra sveitarfélaga er hlut eiga að máli. Hlutverk samstarfsráðsins er að móta stefnu um fyrirkomulag almenningssamgangna á svæðinu og tryggja að þjónustan sé veitt í samræmi við samþykkta stefnumótun og markmið laga þessara.

4. gr.

Opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög, bera ábyrgð á að veitt sé almenningssamgönguþjónusta samkvæmt lögum þessum og í samræmi við ákvæði samgönguáætlunar.

Ríkið ber ábyrgð á og skipuleggur almenningssamgöngur með flugvélum og ferjum samkvæmt ákvæðum laga um loftferðir og vegalaga. Enn fremur ber ríkið ábyrgð á fyrirkomulagi

almenningssamgangna með bifreiðum samkvæmt sérleyfum í samræmi við ákvæði laga um fólksflutninga og farmflutninga á landi.

Sveitarfélög bera ábyrgð á fyrirkomulagi almenningssamganga með bifreiðum innan sveitarfélags og milli sveitarfélaga samkvæmt einkaleyfum á grundvelli laga um fólksflutninga og farmflutninga á landi. Í sveitarfélögum með meira en 10 þúsund íbúa er skylt að skipuleggja almenningssamgöngur. Sveitarfélögum er heimilt að sameinast um rekstur almenningssamgangna, t.d. með byggðasamlögum eða í sérstökum félögum, eða með samstarfssamningum sín í milli.

Við skipulagningu almenningssamganga skulu sveitarfélög hafa hliðsjón af markmiðum laga þessara, sem og eigin stefnumótun á sviði umhverfis-, skipulags- og samgöngumála.

5. gr.

Ríkið býður út flug- og ferjusamgöngur í samræmi við ákvæði samgönguáætlunar og með heimild í lögum. Í samgönguáætlun skal enn fremur ákveða framlög ríkisins til almenningssamgangna með bifreiðum, þ.m.t. vegna starfsemi sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 4.gr.

Framlög ríkisins til almenningssamgangna á vegum sveitarfélaga skulu m.a. taka til stofnframkvæmda og innviða, svo sem vegna forgangsakreina, umferðarstýringar og búnaðar, niðurgreiðslu opinberra gjalda eða beinna rekstrarstyrkja.

6. gr.

Rekstraraðila almenningssamgangna er heimilt að taka gjald til að standa undir kostnaði af þjónustunni.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samgöngur eru af ýmsum toga og hverju samfélagi er mikilvægt að bjóða upp á fjölbreytta samgöngumáta, í lofti, láði og legi. Um leið og áhersla er lögð á góðar samgöngur þarf að draga svo sem kostur er úr neikvæðum áhrifum þeirra. Skipulagning og stjórn samgangna þarf að taka mið af markmiðum sjálfbærrar þróunar og búa þarf þannig um hnútana að við áætlanagerð í samgöngumálum sé umhverfisrask og mengun af völdum samgangna lágmörkuð. Samfara breytingum í samgönguháttum þarf auk þess að auka umferðaröryggi og aukin umhverfisvitund hvetur einnig til notkunar umhverfisvænna ökutækja. Hið sama gerir þróun eldsneytisverðs.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt ríka áherslu á eflingu almenningssamgangna, bæði á landsvísu og á sveitarstjórnarvettvangi. Undanfarin þing hefur til að mynda verið lagt til af hálfu þingmanna flokksins að ríkið komi til móts við rekstur almenningssamgangna með frekari lækkun og/eða niðurfellingu á virðisaukaskatti og olíugjaldi. Frumvarp þetta er þannig framhald af málatilbúnaði flokksins í málefnum almenningssamgangna.

Umhverfismál og þjóðhagsleg hagkvæmni.

Mikill akstur hefur óhjákvæmilega í för með sér marga neikvæða þætti, svo sem mikla auðlindanotkun í formi olíu og efnis til bílaframleiðslu, mikið land fer undir vegi og önnur samgöngumannvirki og samgöngurnar sjálfar leiða af sér mengun lofts, láðs og lagar. Þá getur val á samgöngumáta haft mikil áhrif á almenna lýðheilsu.

Aukinn hlutur almenningssamgangna er tvímælalaust mikilvægt skref til að ná almennum markmiðum um sjálfbæra þróun, bæta loftgæði og auka umferðaröryggi. Meðal helstu röksemda fyrir auknum hlut almenningssamgangna, ekki síst í þéttbýli, eru m.a.:

- mengun á hvern farþega í almenningsvagni er minni að meðaltali en á farþega í einkabíl, ekki síst ef vagnar eru knúnir með vistvænni orkugjöfum,
- kostnaður vegna umferðarmannvirkja er minni á hvern farþega í almenningsvagni en í einkabíl,
- almenningssamgöngur krefjast minna landrýmis undir umferðarmannvirki en einkabílar,
- umferðartafir eru ólíklegri í borgarumhverfi sem býður upp á almenningssamgöngur sem raunhæfan ferðamáta,
- hærra hlutfall farþega í almenningsvögnum dregur úr tíðni umferðarslysa,
- góðar almenningssamgöngur stuðla að auknu „ferðafrelsi“ þeirra félagshópa sem ekki geta ekið einkabíl eða hafa hann ekki til umráða,
- framboð á góðri þjónustu almenningssamgangna gerir fólki kleift að hvíla sig á umferðartöfum og bílastæðavandræðum,
- aukin notkun almenningsvagna og bætt þjónusta opnar ný sóknarfæri við skipulagningu byggðar, hagkvæmari nýtingu lands og veitukerfa, þéttari og skjólbetri byggð og skapar grundvöll að fjölbreyttara mannlífi,
- borgarumhverfi sem styður almenningssamgöngur veitir venjulega göngu- og hjólreiðasamgöngum einnig brautargengi,
- borg sem stefnir að vistvænni og alþjóðlegri ímynd þarf óhjákvæmilega að efla almenningssamgöngur.

Efling almenningssamgangna er tvímælalaust þjóðhagslega hagkvæm. Rannsóknir hérlendis og erlendis sýna með óyggjandi hætti fram á hagkvæmni þeirra. Þær eru jafnframt mikilvægur liður í að mæta auknum kröfum um minni losun gróðurhúsalofttegunda og heilnæmara umhverfi. Því er brýnt að setja rammalöggjöf um almenningssamgöngur, en nú er engin slík löggjöf við lýði hér á landi. Í nágrannaríkjum okkar eru hins vegar í gildi lög um almenningssamgöngur sem fela opinberum aðilum að skipuleggja og tryggja öflugar almenningssamgöngur og að þær séu raunverulegur valkostur fólks í samgöngumálum. Í fylgiskjali er birt samantekt um stöðu mála í nokkrum nágrannríkjum en hana er að finna í skýrslu starfshóps sem samgönguráðherra skipaði í maí á síðasta ári og skilaði niðurstöðum sínum til ráðherra í júlí í sumar.

Stefnumótun ríkisins.

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er lögð áhersla á að efla almenningssamgöngur og hefur sú áhersla m.a. ratað í stefnuræðu forsætisráðherra á síðasta ári. Í samgönguáætlun segir m.a.: „Almenningssamgöngur í lofti, á sjó og á landi skipulagðar þannig að þær nái til allra þéttbýlisstaða með um það bil 200 íbúum eða fleiri.“ Enn fremur segir þar: „Auk öflugrar stefnumörkunar eru mörg einstök atriði sem þjóna sem stjórntæki í samgöngumálum. Sem dæmi má nefna umhverfisskatta, viðskipti með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda í flutningum, veggjöld fyrir öll ökutæki, endurbyggingu bæja, bætta þjónustu í almenningssamgöngum, hvatningu til göngu- og hjólaferða, samnýtingu og sameign ökutækja, hraðatakmarkanir og hraðastýringu auk margs annars. Það eru augljóslega óteljandi verkefni framundan á sviði samgöngumála og skipulags á næstu áratugum.“ Loks segir einnig í samgönguáætlun: „Þá er einnig miðað við að endurskipuleggja almenningssamgöngur á landi og að þær nái til allra þéttbýlisstaða með meira en 200 íbúa. Sérleyfi vegna þessara samgangna voru

boðin út á árinu 2005 að mestu í óbreyttri mynd. Fyrir liggur að farþegum í almenningssamgöngum úti á landi hefur fjölgað lítillega á undanförnum árum. Gert er ráð fyrir að áfram verði unnið að því að finna leiðir til þess að bæta þessa þjónustu og verður m.a. skoðað hvort taka megi upp aukið samstarf við sveitarfélögin í því skyni. Með bættu skipulagi almenningssamgangna á að nást enn frekar áðurnefnt markmið um ferðatíma og bætt aðgengi. Ef orkuverð heldur enn áfram að hækka má við því búast að á áætlunartímanum þurfi að leita sérstakra leiða til þess að efla þessa samgöngugrein. Almenningssamgöngur í þéttbýli hafa verið á hendi sveitarfélaga. Ríkið hefur styrkt sveitarfélögin við þetta verkefni með því að endurgreiða þeim meiri hluta þeirra gjalda sem lögð eru á þessa samgöngugrein. Lagt er til að í samráði við sveitarfélög verði farið yfir fyrirkomulag og kostnað við almenningssamgöngur í þéttbýli.“

Í drögum að umhverfismati samgönguáætlunar er vikið að almenningssamgöngum með eftirfarandi hætti: „Samhliða því að auka afkastagetu samgöngumannvirkja er stefnt að auka hlutdeild almenningssamgangna í þéttbýli. Almenningssamgöngur hafa verið á hendi sveitarfélaga. Í SGÁ kemur m.a. fram að:

– Ríkissjóður hefur styrkt sveitarfélögin við þetta verkefni með því að endurgreiða þeim meiri hluta þeirra gjalda sem lögð eru á þessa samgöngugrein. Lagt er til að í samráði við sveitarfélög verði farið yfir fyrirkomulag og kostnað við almenningssamgöngur í þéttbýli.“

Hið opinbera hefur því með afgerandi hætti mótað þá stefnu að auka beri hlut almenningssamgangna og vinna þurfi að því að ríkið komi með beinum hætti að þeim málaflokki eins og öðrum samgöngumálum. Þeim ásetningi þarf að fylgja eftir með skýrri lagasetningu. Þessu lagafrumvarpi er ætlað að tryggja að svo verði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmiðið með setningu laga um almenningssamgöngur er skilgreint í 1. gr. Þar er lögð áhersla á að stuðla að öflugum, öruggum og hagkvæmum almenningssamgöngum í lofti, á láði og legi. Sjálfbær þróun og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar, svo sem Staðardagskrá 21 og almenn stefnumótun stjórnvalda, þ.m.t. sveitarfélaganna, í umhverfismálum á að vera leiðarljós við skipulagningu almenningssamgangna.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um að samgönguráðherra fari með yfirstjórn almenningssamgangna. Framkvæmd laganna verður á hendi þeirra stofnana sem við á samkvæmt lögum um loftferðir, vegalögum og lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi. Einstök sveitarfélög bera síðan ábyrgð á framkvæmd laganna í sínu umdæmi. Fyrir utan venjubundnar almenningssamgöngur með flugi, ferju eða bifreiðum, er ljóst að ferðaþjónusta fatlaðra sem og skólaakstur tilheyra almenningssamgöngum.

Um 3. gr.

Landinu öllu skal skipt í þjónustusvæði almenningssamgangna samkvæmt frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að þjónustusvæðin séu skilgreind í samgönguáætlun og þar sé einnig að finna markmið fyrir hvert svæði, m.a. að því er lýtur að þjónustuþörf. Þar skal miðað við markmið skv. 1. gr. frumvarpsins um að auka hlutdeild almenningssamgangna í heildarsamgöngum viðkomandi svæðis. Þá er hér lagt til að samgönguráðherra skipi samstarfsráð

almenningssamgangna fyrir hvert svæði með þátttöku þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli í hverju tilviki. Þar sem sveitarfélög reka nú þegar almenningssamgöngur, ein eða með samstarfi sín í milli, er ekkert því til fyrirstöðu að þær nefndir, ráð eða stjórnir sem fara með þau mál nú, gegni hlutverki samstarfsráðs um almenningssamgöngur, enda taki starfsemi þeirra til a.m.k. eins þjónustusvæðis eins og það er skilgreint í samgönguáætlun. Hlutverk samstarfsráðsins er að móta stefnu fyrir sitt svæði og tryggja framgang hennar. Þannig munu samstarfsráðin m.a. koma að vinnu við samgönguáætlun.

Um 4. gr.

Í þessari grein er skýrt kveðið á um ábyrgð opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, til að skipuleggja almenningssamgöngur í samræmi við markmið laganna og stefnumótun samgönguáætlunar. Tekið er fram að ríkið beri ábyrgð á fyrirkomulagi við áætlunarflug og ferjur og einnig almenningssamgöngur með bifreiðum samkvæmt sérleyfum. Er þar til frekari útskýringar vísað til ákvæða vegalaga og laga um loftferðir og fólksflutninga og farmflutninga á landi.

Sveitarfélög bera samkvæmt frumvarpinu ábyrgð á skipulagningu almenningssamgangna á landi samkvæmt ákvæðum laga um fólksflutninga og farmflutninga um einkaleyfi. Sérstaklega er kveðið á um skýra skyldu sveitarfélaga með fleiri en 10 þúsund íbúa til að skipuleggja almenningssamgöngur innan síns svæðis og hér um nýmæli að ræða. Flest ef ekki öll sveitarfélög af þessari stærð skipuleggja nú þegar almenningssamgöngur af einhverju tagi og raunar á það einnig við um allmörg minni sveitarfélög.

Kveðið er á um heimild sveitarfélaga til að stofna til byggðasamlaga eða annarra félaga um rekstur og skipulagningu almenningssamgangna eða að þau geri með sér samstarfssamninga í þessu skyni. Dæmi um slíkt er t.d. samningur Strætó bs. og Akraneskaupstaðar um strætóferðir milli Akraness og höfuðborgarsvæðisins.

Þá er lögð áhersla á að við fyrirkomulag almenningssamgangna skuli sveitarfélög hafa hliðsjón af markmiðum laganna, alþjóðaskuldbindingum, svo sem Staðardagskrá 21, og eigin stefnumótun á sviði umhverfis-, skipulags- og samgöngumála.

Um 5. gr.

Með frumvarpinu er lagt til að vefbækur, rafbækur, bækur á geisladiski og landakort færist á neðra þrep virðisaukaskatts sem verði 7% af sölu þessara vara með sama hætti og af sölu hefðbundinna bóka og hljóðbóka nú. Í a-lið 1. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um vef- og rafbækur en í b-lið bækur á geisladiski sem eru keyptar og settar í drif eða hlaðið í tölvuna í eitt skipti fyrir öll.

Vefbók er bókartexti sem lesendur kaupa sér aðgang að á vefnum eða hlaða niður af öðru vefsetri. Rafbók (e. *e-book)* er bókartexti sem hlaðið er í tölvur, síma eða „bókhlöðu“ (e.

e-paper device), sérstakt tæki svipað tónhlöðunni eða æpoddinum, og lesinn í þeim (sjá nánar t.d. á vefslóðinni *www.bookeen.com).* Til að taka af tvímæli eru í frumvarpstextanum einnig tilteknir „hliðstæðir gagnagrunnar“ þar sem útgáfuefni á vefnum eða í stafrænu formi er ekki allt jafnframt til sem prentbók.

Geisladisksbækur og vefbækur eru þegar kunnar á íslenskum bókamarkaði, einkum orðabækur, handbækur og kennslugögn af ýmsu tagi. Vænta má rafbókaútgáfu hérlendis á næstunni.

Landakort bera nú lægra hlutfall virðisaukaskatts þegar þau eru bundin inn eða gormuð saman sem bók en hærra hlutfall þegar þau eru gefin út á hefðbundinn hátt. *Kortabók Íslands,* sem margir ferðamenn og bifreiðastjórar þekkja og kom út fyrst hjá Máli og menningu árið 2000, ber 7% virðisaukaskatt en *Kortamappa* frá sama útgefanda, þar sem nokkurn veginn sömu kortum er raðað í hulstur eða öskju, ber 24,5% virðisaukaskatt.

Um breytingarnar sem í þessu frumvarpi felast eiga við öll sömu rök og um lægri virðisaukaskatt af sölu prentaðra bóka, hljóðbóka og hljómdiska, bæði menningarleg rök og rök af samkeppnistoga um staðkvæmdarvörur.

Tekjutap ríkissjóðs af þessum breytingum verður lítið og vinnst upp með aukinni sölu bóka og korta af öllu tagi.

49. Tillaga til þingsályktunar [49. mál]

um andstöðu við eldflaugavarnakerfi í Austur-Evrópu.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Katrín Jakobsdóttir, Árni Þór Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggjast eindregið gegn áformum Bandaríkjanna og eftir atvikum NATO um að koma upp eldflaugavarnakerfi í Austur-Evrópu. Skal þessari afstöðu komið skýrt til skila á vettvangi NATO og annars staðar þar sem við á í alþjóðasamstarfi. Jafnframt ályktar Alþingi að Ísland beiti sér fyrir því með virkum hætti að gildandi samningar um afvopnun eða takmörkun vígbúnaðar verði virtir. Eru þar einkum mikilvægir ABM-samningurinn um takmörkun gagneldflauga og gegn vígbúnaði í geimnum, samningurinn um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu og NPT-samningurinn um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna, sér í lagi 6. gr. samningsins sem kveður á um kjarnorkuafvopnun.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 135. löggjafarþingi en kom ekki til umræðu og er nú endurflutt óbreytt. Henni fylgdi svohljóðandi greinargerð:

„Áform bandarískra hermálayfirvalda um að koma upp eldflaugavarnakerfi – stjörnustríðsáætlunin svokallaða – eru ekki ný af nálinni. Óvinsældir áætlunarinnar eru hins vegar svo miklar að hún hefur ekki gengið undir sama nafni lengur en tíu ár í senn: Þegar Ronald Reagan setti hana fram árið 1983 kallaðist hún Strategic Defense Initiative, þegar Bill Clinton settist í forsetastólinn breyttist nafnið í Ballistic Missile Organization en í forsetatíð George W. Bush hefur hún heitið Missile Defense Agency. Nokkru fyrir síðustu nafnbreytingu ákváðu Bandaríkjamenn einhliða að segja upp ABM-samningnum um takmörkun gagn-

eldflauga, einum mikilvægasta afvopnunarsamningi í sögunni, til að geta byggt eldflaugavarnakerfið upp óáreittir.

Eldflaugavarnakerfinu er ætlað að bregðast við árás (skamm-, meðal- eða langdrægra) eldflauga, annars vegar með ratsjárbúnaði til þess að staðsetja flaugarnar og stefnu þeirra og hins vegar vígtólum til þess að granda þeim áður en þær hæfa skotmark sitt. Á heimasíðu Missile Defense Agency er að finna margvíslegar hugmyndir að slíkum vopnum: gagneldflaugar frá landi eða herskipum, flugvélar með leysigeislabyssur eða jafnvel leysigeislabyssur svífandi á braut yfir lofthjúpi jarðar. Vopnaframleiðendur hafa beitt sér ötullega fyrir því að Bandaríkin og NATO hrindi áformum um slíkt eldflaugavarnakerfi í framkvæmd enda er þeim mikill fjárhagslegur akkur í því að fá að vinna að smíði þessara reyfarakenndu vopna á næstu árum og áratugum. Ljóst er að það mun kosta gríðarlega fjármuni að byggja upp slíkt kerfi enda þótt enn sé allt á huldu um hvort þau áform séu á annað borð framkvæmanleg.

Það má heita óumdeilt að uppsetning og tilvist eldflaugavarnakerfis af þessu tagi er ekki til þess fallin að stuðla að afvopnun og friðsamlegri sambúð þjóða. Þvert á móti eru eldflaugavarnir líklegar til að stuðla að frekari vígbúnaði almennt, en einkum þó í þeim löndum sem þær beinast sérstaklega gegn, sbr. vígbúnaðarkapphlaupið á seinni hluta 20. aldarinnar. Ef árásaraðili hefur í hyggju að hæfa skotmark sitt mun hann umfram allt leggja áherslu á að framleiða sem flestar eldflaugar og yfirgnæfa þannig viðbragðsgetu slíks eldflaugavarnakerfis. Virtir sérfræðingar á sviði vígbúnaðarmála hafa einnig bent á að ef ríki eða uppreisnareða hryðjuverkahópar ætla sér að koma kjarnorkusprengjum eða öðrum gereyðingarvopnum að skotmarki í fjarlægu landi sé mun líklegra að til þess verði notaðar aðrar flutningaleiðir en háloftin með eldflaugum. Eins og ávallt hefur vígvæðing í einu ríki í för með sér að nágrannaríki þess vígvæðast að sama skapi. Raunar er fyrirsjáanleg vígvæðing í framhaldinu af eldflaugavarnakerfi Bandaríkjanna og NATO þegar hafin, því Rússar hafa svarað þessum fyrirætlunum með því að segja upp samningnum um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu og jafnvel gefið í skyn að þeir muni aftur reyna að staðsetja kjarnorkuvopn á Kúbu. Hætta er á því að sú afvopnunarstefna á sviði kjarnorkuvígbúnaðar, sem átt hefur að heita við lýði frá lokum kalda stríðsins, heyri þar með brátt sögunni til.

Eins og gefur að skilja hefur andstaðan við þessar hugmyndir verið mikil, ekki síst í þeim löndum sem eiga eftir að hýsa kerfið og verða þar af leiðandi að skotmarki ef til styrjaldar kæmi. Þótt meiri hluti heimamanna í Póllandi, þar sem Bandaríkjamenn vilja reisa eldflaugaherstöð, hafi lengi verið mótfallinn áætlununum skrifuðu stjórnvöld þar í landi nýlega undir samkomulag um að eldflaugavarnakerfið yrði hýst þar, með þeim skilyrðum að í Póllandi yrði einnig komið fyrir svokölluðum Patriot-eldflaugum. Í Tékklandi, þar sem áætlað er að koma fyrir ratsjárstöðvum, mældist andstaða heimamanna tæplega 70% í skoðanakönnun í júní á þessu ári. Ríkisstjórn Tékklands hefur fyrir sitt leyti samþykkt frumsamkomulag við Bandaríkin um málið en virðist ólíkleg til þess að leggja það til samþykktar fyrir þingið, þar sem hún hefur ekki meirihlutastuðning, fyrir kosningar 2010.

Á vettvangi NATO var sérstaklega tekið undir mikilvægi eldflaugavarnakerfisins fyrir Evrópu og lagt til að það yrði útvíkkað og að NATO tæki meiri þátt í uppbyggingu þess. Hér er lagt til að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir því að hætt verði við uppbyggingu kerfisins. Andstaða af þessu tagi er ekki óþekkt í ríkisstjórnum annarra landa. Í stjórnarsáttmála norsku ríkisstjórnarinnar segir: „Regjeringen vil at Norge skal arbeide for å skrinlegge dagens planer for rakettforsvar, og ta initiativ til et økt fokus på tidlig varsling og forebygging av konflikter.“ (Soria Moria-erklæringen, 2. kafli.) Í samræmi við sáttmálann hafa Norðmenn svo

beitt sér á vettvangi NATO fyrir því að hætt verði við uppbyggingu eldflaugavarnakerfisins í Póllandi og Tékklandi en ekki notið við það stuðnings frá Íslandi svo vitað sé.

Hér er jafnframt lagt til að Ísland stuðli að því að ýmsir alþjóðlegir afvopnunarsáttmálar verði virtir á alþjóðavettvangi. Eldflaugavarnakerfið brýtur gegn eða grefur undan öllum þessum samningum. Það á ekki síst við um afvopnunarákvæði NPT-samningsins um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna, þar sem samningsaðilar skuldbinda sig í 6. gr. „til þess að halda áfram í góðri trú samningum um raunhæfar ráðstafanir varðandi stöðvun kjarnorkuvopnakapphlaupsins innan skamms tíma og eyðingu kjarnavopna og um samning um almenna og algjöra afvopnun undir ströngu og raunhæfu alþjóðlegu eftirliti.“ Ísland er að sjálfsögðu aðili að samningnum eins og næstum öll önnur ríki heims.“

50. Frumvarp til laga [50. mál]

um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001.

Flm.: Höskuldur Þórhallsson, Guðni Ágústsson, Valgerður Sverrisdóttir, Magnús Stefánsson, Siv Friðleifsdóttir, Birkir J. Jónsson, Bjarni Harðarson.

1. gr.

Í stað 2. málsl. 2. mgr. 23. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Auglýst skal opinberlega eftir umsóknum um stöðu bankastjóra. Sé um að ræða stöðu formanns bankastjórnar skal það tekið fram. Bankastjórar skulu hafa háskólamenntun, reynslu og þekkingu á peningamálum og öðrum efnahagsmálum.

2. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fundargerðir vaxtaákvarðanafunda bankastjórnar Seðlabankans skulu birtar opinberlega í kjölfar ákvörðunar bankastjórnar um stýrivexti hverju sinni. Gerð skal grein fyrir forsendum ákvörðunarinnar og þeim markmiðum sem eiga að nást með henni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmiðið með því frumvarpi sem hér er lagt fram er að tryggja að faglega sé staðið að ráðningu seðlabankastjóra og að ákvarðanir við beitingu stjórntækja Seðlabanka Íslands í peningamálum séu teknar á faglegum forsendum. Verulegu máli skiptir fyrir trúverðugleika og ímynd bankans hvernig staðið er að skipan seðlabankastjóra. Það má engum blandast hugur um að þeir sem eru skipaðir í embætti séu ekki aðeins hæfir til að gegna því heldur séu þeir hæfastir í hópi þeirra sem völ er á. Trúverðugleiki hvers seðlabanka er honum afar mikilvægur. Því má enginn vafi leika á því að Seðlabankinn sé sjálfstæður og starfi á faglegum forsendum.

Gerð er tillaga um að stöður seðlabankastjóra verði auglýstar og að gerð verði krafa um reynslu og þekkingu á sviði peninga- og efnahagsmála. Einnig er nauðsynlegt að viðkomandi

hafi háskólapróf á þessum sviðum. Með þessu er komið til móts við harða gagnrýni um að ákvarðanir seðlabankastjóra séu teknir á öðrum forsendum en faglegum á tímum þar sem sífellt meiri krafa er gerð um markvissa og faglega stjórnun peningamála.

Eitt af markmiðum með setningu laganna um Seðlabanka Íslands var að auka sjálfstæði bankans og gera honum kleift að vinna markvisst og faglega að stjórnun peninga- og efnahagsmála landsins. Ljóst er að slíkum markmiðum verður ekki náð nema eining og samstaða ríki um bankann og að tryggt verði að bankanum verði stjórnað af faglega hæfum einstaklingum. Einnig verða ákvarðanir sem þar eru teknar að njóta trausts almennings og fjármála- og efnahagslífsins. Frumvarpið naut víðtæks stuðnings á Alþingi enda voru með því gerðar sömu kröfur um gagnsæi, fagleg vinnubrögð og sjálfstæði Seðlabankans og gerðar eru til annarra seðlabanka víðs vegar um heiminn.

Ákvarðanir í peningamálum eru að verulegu leyti orðnar faglegt viðfangsefni þar sem bankinn stefnir að ákveðnu verðbólgumarkmiði en gengi krónunnar ræðst af markaði. Það er því til samræmis við þær kröfur að gerð er tillaga um að færustu sérfræðingar í peningamálum séu við stjórn bankans. Við þessu hafa flestir seðlabankar heims brugðist enda eru flestir seðlabankastjórar heimsins menntaðir hagfræðingar.

Í 2. mgr. núgildandi 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands er fjallað um skipun seðlabankastjóra. Þar segir m.a. að forsætisráðherra skipi formann bankastjórnar Seðlabankans og aðra bankastjóra til sjö ára í senn. Ekki er skylt að auglýsa þessi embætti til umsóknar. Ljóst er að forsætisráðherra er veitt skipunarvaldið án nokkurs aðhalds frá Alþingi, ríkisstofnunum eða fjármálamarkaðinum. Ekki eru gerðar sérstakar kröfur til umsækjenda í lögunum né þarf að fara fram sérstakt mat á þeim sem ætlað er að gegni starfinu. Í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, er sérstaklega tekið fram í 5. tölul. 6. gr. að almenn skilyrði til skipunar eða ráðningar í starf á vegum ríksins er að hlutaðeigandi starfsmaður hafi almenna menntun og þar að auki þá sérmenntun sem lögum samkvæmt er krafist eða eðli málsins samkvæmt verður að heimta til óaðfinnanlegrar rækslu starfans. A.m.k. sömu kröfur hlýtur að þurfa að gera til ráðningar seðlabankastjóra en þó eru engar slíkar kröfur uppi. Gamlar venjur byggðar á gömlum sjónarmiðum og forsendum eiga ekki lengur við.

Í ályktunum síðasta flokksþings Framsóknarflokksins frá árinu 2007 er sérstakleg kveðið á um að afnema beri pólitískar ráðningar seðlabankastjóra. Þá tóku ráðherrar og þingmenn flokksins þá ákvörðun er flokkurinn sat í ríkisstjórn á síðasta kjörtímabili að óska þess að seðlabankastjóri yrði faglega ráðinn.

Við upphaf 136. löggjafarþings árið 2008 eru blikur á lofti í íslensku efnahagslífi. Þegar frumvarpið er lagt fram 3. október mælist verðbólga um 14%, stýrivextir eru 15,5% og skuldatryggingaálag ríkisins mælist um 600 punktar. Gengi íslensku krónunnar hefur aldrei verið veikara og gengisvísitalan mælist 207 stig. Má segja að gengi krónunnar hafi verið í frjálsu falli undanfarnar vikur og mánuði. Áður en löggjafarþingið var sett hafði Seðlabankinn forustu í þjóðnýtingu eins stærsta banka landsins, Glitnis. Ákvörðunin er ekki bara umdeild út frá stöðu Glitnis heldur einnig út frá því hvernig staðið var að ákvörðuninni. Það má hins vegar engum dyljast að svo stór ákvörðun sem snertir allt fjármálalíf þjóðarinnar sé eingöngu tekin út frá faglegum forsendum en ekki pólitískum. Í raun á það ekki að gerast að spurningar vakni um hvort hagfræðingar Seðlabankans hafi verið með í ráðum við ákvörðunina. Það er því enn brýnni nauðsyn nú að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Einnig er lagt til í frumvarpi þessu að birtar verði fundargerðir vaxtaákvarðanafunda bankastjórnar Seðlabankans. Í fundargerð skuli gerð grein fyrir forsendum ákvörðunarinnar og þeim markmiðum sem eiga að nást með henni. Flutningsmenn þessa frumvarps telja að

það sé nauðsynlegt fyrir fjármálalífið að það fái upplýsingar um á hvaða grunni þessar ákvarðanir séu teknar. Gagnrýnt hefur verið af hálfu fjármálafyrirtækja að forsendur og markmið stýrivaxtaákvarðana séu ekki uppi á borðinu. Sú breyting sem hér er lögð til er fyrst og fremst sett fram til að auka tiltrú á Seðlabankanum og auka gagnsæi stýrivaxtaákvarðana bankans. Um leið fengi bankinn nauðsynlegt aðhald og málefnaleg umræða mundi aukast. Það er mat flutningsmanna þessa frumvarps að trúverðugleiki bankans hvað varðar stjórn peningamála verði ekki tryggður nema jafn stórar ákvarðanir og þessar séu uppi á borðinu.

51. Frumvarp til laga [51. mál]

um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Birkir J. Jónsson.

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að greiða umönnunargreiðslur skv. 4. gr. maka elli- eða örorkulífeyrisþega, sem dvelst í heimahúsi, eða öðrum nákomnum lífeyrisþeganum sem annast lífeyrisþegann. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Núverandi lagaákvæði í 5. gr. er rýmkað nokkuð með frumvarpi þessu. Í fyrsta lagi verða heimilar umönnunargreiðslur til annarra en þeirra sem eiga sameiginlegt lögheimili með ellieða örorkulífeyrisþeganum og er þá miðað við að sá sem umönnunargreiðslur fær sé nákominn lífeyrisþeganum, ættingi eða náinn vinur. Í öðru lagi eru lagðar niður núverandi makabætur og umönnunarbætur og þess í stað lagt til að teknar verði upp umönnunargreiðslur skv. 4. gr. laganna. Við það hækka greiðslurnar úr því að vera allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga eða um 82.700 kr. í allt að 96.978 kr. á mánuði. Loks er í þriðja lagi fellt úr gildandi lögum skilyrði um að sérstakar aðstæður þurfi að vera fyrir hendi og þannig verður heimild laganna rýmri en áður.

Breytingarnar í frumvarpinu munu sérstaklega gagnast aðstandendum alzheimer-sjúklinga og öðrum þeim sem þurfa stöðuga umönnun og athygli annarra og eru auk þess í takt við sjálfsagðar kröfur sem nú eru uppi um að öldruðum verði gert kleift að búa sem lengst á eigin heimili og auka með þeim hætti lífsgæði þeirra.

Þrátt fyrir nokkra hækkun á greiðslum verður kostnaður við umönnun á hverjum mánuði einungis sem svarar einnar viku kostnaði við hjúkrunarrýmis og því má leiða að því sterkar líkur að umrædd breyting leiði til sparnaðar fyrir ríkissjóð. Á síðasta ári voru greiddar samtals 92 millj. kr. til 125 einstaklinga í makabætur og umönnunarbætur. Þær greiðslur hefðu orðið um það bil 107 millj. kr. ef gilt hefði fjárhæðin í frumvarpinu. Rýmkun á heimild laganna mun vafalaust fjölga þeim sem fá umönnunargreiðslur, enda til þess ætlast. Ekki er unnt að leggja mat á þann kostnað að svo stöddu né þann sparnað fyrir ríkissjóð sem hlýst af því

að viðkomandi mun líklega dvelja lengur í heimahúsi en ella. Þykir því rétt að hafa lagaákvæðið í formi heimildar um sinn.

Frumvarpið er endurflutt óbreytt frá síðasta þingi.

52. Frumvarp til laga [52. mál]

um breytingu á lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Flm.: Árni Johnsen, Lúðvík Bergvinsson, Guðni Ágústsson, Ólöf Nordal,
Kjartan Ólafsson, Björk Guðjónsdóttir, Grétar Mar Jónsson,
Bjarni Harðarson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
Jón Gunnarsson, Herdís Þórðardóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 5. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðanna „framkvæmd við útgáfu leyfa, skilyrði fyrir leyfum og innheimtu og ákvörðun löggæslukostnaðar“ í 7. mgr. kemur: framkvæmd við útgáfu leyfa og skilyrði fyrir leyfum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 135. löggjafarþingi (510. mál).

Samkvæmt 33. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, er meginreglan sú að allur kostnaður af starfsemi lögreglunnar greiðist úr ríkissjóði. Fjárveitingavaldinu ber því að tryggja að nægilegt fé sé veitt til löggæslumála ár hvert svo að unnt sé að halda uppi lögum og allsherjarreglu í landinu. Í 1. mgr. 34. gr. laganna var þar til í júlí 2007 að finna ákvæði sem heimilaði lögreglu að innheimta sérstakan löggæslukostnað af skemmtistöðum ef það væri metið svo að aukinnar löggæslu væri þörf.

Töluverðar deilur hafa oft sprottið af innheimtu sérstaks löggæslukostnaðar og ungmennafélög hafa m.a. verið krafin um háar fjárhæðir vegna landsmóta. Heimild lögreglustjóra til að binda skemmtanaleyfi skilyrðum um aukna löggæslu og greiðslu löggæslukostnaðar byggðist þá á hæpinni lagastoð.

Vorið 2007 voru samþykkt á Alþingi ný lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, og tóku þau gildi 1. júlí það ár. Með 28. gr. laganna var 1. mgr. 34. gr. lögreglulaga felld úr gildi. Í 17. gr. nýju laganna er nú skýrar en áður kveðið á um að leyfi þurfi fyrir skemmtunum og hátíðum og er þar talið upp í dæmaskyni að það gildi um útihátíðir, útitónleika, skóladansleiki og tjaldsamkomur. Aðeins virðist gert ráð fyrir að einkasamkomur falli utan við gildissviðið. Í samræmi við það er í 5. mgr. greinarinnar ákvæði sem heimilar að það skilyrði sé sett fyrir veitingu skemmtanaleyfis að leyfishafi greiði þann kostnað sem leiðir af aukinni löggæslu umfram venjubundna löggæslu á sama tíma. Lagastoð fyrir innheimtu löggæslukostnaðar hefur því verið treyst.

Flutningsmenn telja að meginreglan eigi að vera sú að hið opinbera greiði allan kostnað af þeirri löggæslu sem lögreglan telur nauðsynlega á hverjum tíma. Lögreglustjóri á að meta hversu mikillar löggæslu er þörf og þeir sem standa fyrir samkomum eru ekki í aðstöðu til að meta slíkt eða andmæla mati lögreglustjóra. Ljóst er að greiðsla löggæslukostnaðar kemur illa niður á starfi ungmennasambanda og íþróttafélaga sem hafa reglulega staðið fyrir útihátíðum og tjaldsamkomum á sumrin, að ekki sé minnst á skólaskemmtanir.

Mjög mikillar mismununar gætir í þessum efnum um allt land og segja má að hugdettur ráði oft hvort löggæslugjald er innheimt eða ekki. Til að mynda eru engar gjaldtökur af hálfu ríkisins á stærstu samkomum landsins eins og á stórhátíðum í Reykjavík, Akureyri og reyndar í flestum byggðarlögum landsins sem standa að útihátíðum. Aðeins örfá sýslumannsembætti landsins rukka löggæslukostnað.

Þessi mismunun er óeðlileg og ósanngjörn fyrir utan það að fremur ætti að verðlauna fólk sem vill standa fyrir útihátíðum á Íslandi en refsa því. Þetta bitnar á þeim sem minna mega sín en hinir sleppa. Árið 1998 ákvað fjárlaganefnd Alþingis að leggja til ákveðið fjármagn á ári sem átti að dekka þennan kostnað (þá alls um 7 millj. kr.). Alþingi samþykkti þetta og þannig gekk það fyrir sig í tvö ár, en þá tók dómsmálaráðuneytið til sinna ráða og úthlutaði þessum peningum að eigin geðþótta og síst til þeirra sem voru rukkaðir um löggæslugjald. Þar með hvarf þessi fjárlagaliður inn í heildarpakka ráðuneytisins og þeir sem á brann sátu óbættir hjá garði.

Niðurfelling þessarar gjaldtöku er einfalt réttlætismál. Af þeim sökum er lagt til að heimild lögreglu í 5. mgr. 17. gr. laganna til að krefjast greiðslu löggæslukostnaðar verði felld brott ásamt heimild til að kveða nánar á um framkvæmd við innheimtu og ákvörðun löggæslukostnaðar í reglugerð.

53. Frumvarp til laga [53. mál]

um breyting á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

99. gr. laganna orðast svo:

Með verðbréfum er í þessum kafla átt við verðbréf sem atkvæðisréttur fylgir, jafnvel þótt nýting atkvæðisréttarins falli niður, og fjármálagerninga sem veita rétt til að afla þegar útgefinna slíkra verðbréfa.

Ákvæði þessa kafla gilda um yfirtöku sem tekur til útgefanda með skráðar höfuðstöðvar á Íslandi hvers verðbréf hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi.

Þau ákvæði kafla þessa sem fjalla um upplýsingar sem veittar skulu starfsmönnum þess útgefanda sem yfirtökutilboð tekur til, sbr. 5. mgr. 104. gr., skulu gilda gagnvart stjórn útgefanda með skráðar höfuðstöðvar á Íslandi sem hefur fengið flokk verðbréfa tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan EES, en ekki á Íslandi. Sama á við gagnvart þessum útgefendum varðandi þau ákvæði kaflans sem tengjast félagarétti og þau ákvæði hans sem heimila stjórn að grípa til hvers kyns aðgerða sem geta komið í veg fyrir yfirtöku-

tilboðið. Ákvæði kafla þessa taka ekki til yfirtöku á útgefanda með skráðar höfuðstöðvar á Íslandi sem hefur eingöngu fengið verðbréf tekin til viðskipta á verðbréfamarkaði utan EES.

Um yfirtökutilboð sem tekur til útgefanda með skráðar höfuðstöðvar í öðru ríki innan EES og sem hefur fengið flokk verðbréfa tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi gilda eingöngu þau ákvæði kaflans sem fjalla um endurgjald þegar um er að ræða skyldubundið yfirtökutilboð og þau ákvæði sem fjalla um málsmeðferð tilboðsins. Ákvæði kaflans gilda ekki ef viðkomandi útgefandi hefur einnig fengið flokk verðbréfa tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í því ríki þar sem höfuðstöðvar þess eru skráðar.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. gilda ákvæði kaflans ekki ef útgefandi hefur fengið flokk verðbréfa tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í öðru ríki innan EES en því þar sem höfuðstöðvar hans eru skráðar, áður en verðbréf hans eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi. Ef verðbréf útgefanda eru samtímis tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi og í öðru ríki EES en því þar sem höfuðstöðvar þess eru skráðar skal útgefandi ákveða reglur hvors ríkisins skulu gilda um hann varðandi endurgjald þegar um er að ræða skyldubundið yfirtökutilboð og þau ákvæði sem fjalla um málsmeðferð tilboðsins og tilkynna það til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar og lögbærs yfirvalds áður en viðskipti hefjast.

Ákvæði þessa kafla gilda um yfirtökutilboð sem tekur til útgefanda með skráðar höfuðstöðvar í ríki utan EES sem hefur fengið flokk verðbréfa tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eingöngu á Íslandi, en ekki öðrum verðbréfamörkuðum.

Um yfirtökutilboð sem tekur til útgefanda með skráðar höfuðstöðvar í ríki utan EES sem hefur fengið flokk verðbréfa tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi og öðrum verðbréfamörkuðum gilda eingöngu þau ákvæði kaflans sem fjalla um endurgjald þegar um er að ræða skyldubundin yfirtökutilboð og þau ákvæði sem fjalla um málsmeðferð tilboðsins.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 100. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Hafi aðili beint eða óbeint náð yfirráðum í félagi þar sem flokkur verðbréfa hefur verið tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal sá aðili eigi síðar en fjórum vikum eftir að hann vissi eða mátti vita um tilboðsskyldu eða niðurstaða um hana lá fyrir gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð, þ.e. tilboð um að kaupa hluti þeirra í félaginu. Með yfirráðum er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við:

1. hafi samanlagt eignast a.m.k. 33% atkvæðisréttar í félaginu,
2. hafi á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur a.m.k. 33% atkvæða í félaginu, eða
3. hafi öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félaginu.

b. 1. tölul. 3. mgr. orðast svo: Hjón, aðilar í staðfestri samvist, aðilar í skráðri sambúð og börn hjóna eða aðila í staðfestri samvist eða skráðri sambúð.

c. Við 3. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Bein eða óbein tengsl á milli aðila innan eða utan þess félags sem í hlut á, hvort sem um er að ræða rík hagsmunatengsl eða persónuleg tengsl, reist á skyldleika, tengdum eða vináttu, eða tengsl reist á fjárhagslegum hagsmunum eða samningum, sem líkleg eru til að leiða til samstöðu aðila um að stýra málefnum félagsins í samráði hvor eða hver við annan þannig að þeir ráði yfir því.

d. 4. mgr. orðast svo:

Tilboðsskylda skv. 1. mgr. hvílir á þeim aðila samstarfs sem eykur við hlut sinn þannig að mörkum 1. mgr. sé náð. Ef sá aðili samstarfs sem eykur við hlut sinn er ekki höfuðaðili samstarfsins getur Fjármálaeftirlitið í undantekningartilfellum tekið ákvörðun um að yfirtökuskyldan færist yfir á höfuðaðila samstarfsins. Fjármálaeftirlitið getur heimilað að aðrir megi einnig standa að tilboði einir sér eða með þeim sem er tilboðsskyldur samkvæmt þessari málsgrein, enda sé um það sótt eigi síðar en tveimur vikum eftir að sá er tilboðsskyldur er vissi eða mátti vita um þá skyldu eða úrlausn um tilboðsskyldu lá fyrir. Skulu þá aðilar bera óskipta ábyrgð á tilboðinu og efndum þess.

e. Við 5. mgr. bætast tveir nýir málsliðir svohljóðandi: Sótt skal um slíka undanþágu í síðasta lagi tveimur vikum eftir að aðili vissi eða mátti vita um tilboðsskylduna og ekki síðar en tveimur vikum eftir að úrlausn um hana lá fyrir. Heimilt er að sækja sérstaklega um frest á því að selja hluti sem eru umfram þau mörk er greinir í 1. mgr. á meðan mál er til skoðunar hjá Fjármálaeftirlitinu samkvæmt þessari málsgrein.

f. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú fer aðili og þeir sem hann er í samstarfi við með yfirráð í félagi þegar verðbréf þess eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, og verður hann þá ekki tilboðsskyldur samkvæmt þessari grein, enda auki hann ekki atkvæðisrétt sinn í félaginu umfram næsta margfeldi af fimm. Þetta gildir þó ekki ef viðkomandi aðili missir yfirráðin en nær þeim að nýju.

3. gr.

Á eftir 100. gr. laganna kemur ný grein, 100. gr. a, svohljóðandi:

Nú hyggst hluthafi, eða annar aðili, kaupa hluti í félagi eða gera aðra samninga eða ráðstafanir sem leiða mundu til skyldu hans til að gera yfirtökutilboð samkvæmt lögum þessum, og getur hann þá með skriflegri og rökstuddri beiðni til Fjármálaeftirlitsins óskað eftir því að verða leystur undan tilboðsskyldu í tiltekinn tíma. Skilyrði þess að slíkt leyfi megi veita eru að markmið umsækjanda sé að forða félagi frá alvarlegum fjárhagsvanda eða taka þátt í endurskipulagningu félags vegna fjárhagsvanda þess og stjórn félagsins sé því samþykk.

Fjármálaeftirlitið skal afgreiða umsókn skv. 1. mgr. svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en tveimur vikum frá því umsóknin og gögn sem hún er reist á berast því.

Fjármálaeftirlitið getur bundið leyfi samkvæmt þessari grein skilyrðum, t.d. um hámark hluta eða um atkvæðisrétt eða um skyldu til að selja hluti fyrir tiltekin tímamörk.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 101. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Ákvæði þessa kafla gilda einnig fyrir valfrjáls tilboð. Með valfrjálsu tilboði er átt við tilboð sem beint er til allra hluthafa viðkomandi félags án þess að um tilboðsskyldu sé að ræða skv. 1. mgr. 100. gr. Í valfrjálsu tilboði er tilboðsgjafa ekki skylt að fylgja ákvæðum 2. og 4. mgr. 103. gr. um skilmála í yfirtökutilboði.

b. 3. mgr. orðast svo:

Tilboðsgjafa sem gerir valfrjálst tilboð er heimilt að takmarka tilboð sitt þannig að það taki einungis til hluta hlutafjár eða atkvæðisréttar viðkomandi félags, að því tilskildu að tilboðið hafi ekki í för með sér að tilboðsskylda stofnist skv. 100. gr. Við takmarkað tilboð samkvæmt þessari málsgrein skal gefa öllum hluthöfum eða eigendum atkvæðis-

réttar kost á að afhenda verðbréf sín eða atkvæðisrétt í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína eða atkvæðisrétt.

c. 5. mgr. orðast svo:

Ef tilboðsgjafi hefur náð yfirráðum í félagi í kjölfar valfrjáls tilboðs í alla hluti allra hluthafa í viðkomandi félagi ber viðkomandi ekki skylda til að gera yfirtökutilboð í samræmi við 100. gr. hafi hann fylgt ákvæðum 2.–4. mgr. 103. gr. um skilmála í tilboðinu. Sama gildir ef tilboðsgjafi hefur eignast meira en 9/10 hlutafjár í félagi eða ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni í kjölfar valfrjáls tilboðs.

5. gr.

Við 102. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið getur krafið þann aðila sem íhugar eða er skyldugur til að gera yfirtökutilboð um að gera innan tilgreinds frests opinberlega grein fyrir fyrirætlunum sínum ef það telur að orðrómur um yfirvofandi yfirtökutilboð hafi óeðlileg áhrif á verðmyndun verðbréfa útgefanda.

Nú er gert opinbert að aðili íhugi að gera yfirtökutilboð og skal hann þá birta lokaákvörðun um hvort hann hyggist leggja fram yfirtökutilboð innan sex vikna, í samræmi við ákvæði 1. mgr. Ef slík ákvörðun er ekki tekin innan þess frests jafngildir það opinberri yfirlýsingu um að aðili hyggist ekki gera yfirtökutilboð.

Nú lýsir aðili því yfir opinberlega að hann hyggist ekki gera yfirtökutilboð og er honum og aðilum í samstarfi við hann þá ekki heimilt að leggja fram slíkt tilboð í sex mánuði frá því yfirlýsing var birt eða að gera nokkuð það er kann að gera hann, eða aðila sem hann er í samstarfi við, tilboðsskyldan skv. 100. gr.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá tímamörkum 3. mgr. og frá 4. mgr. ef sérstakar ástæður mæla með því.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 103. gr. laganna:

a. Orðin „skv. 100. gr.“ í 2. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „skv. 2. mgr.“ í 3. mgr. kemur: samkvæmt yfirtökutilboði.
c. Við 1. málsl. 6. mgr. bætist: sbr. þó 2. mgr. 108. gr.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 104. gr. laganna:

a. 2. tölul. 2. mgr. orðast svo: kaup eða sölu eigin verðbréfa eða verðbréfa í dótturfélögum.
b. Á eftir 1. málsl. 5. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Hver stjórnarmaður skal einnig gera grein fyrir því hvort hann og aðilar honum fjárhagslega tengdir hyggjast samþykkja tilboðið, ef við á.
c. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama skylda hvílir á stjórn útgefanda með skráðar höfuðstöðvar á Íslandi sem hefur fengið flokk verðbréfa tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan EES, en ekki á Íslandi.

8. gr.

Við 106. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármáleftirlitið hefur þó heimild til að veita undanþágu frá þessari grein í þeim tilvikum sem viðurkenning stjórnvalda berst eftir að gildistíma tilboðs lýkur og sérstakar ástæður mæla með því að tilboðið eigi að haldast í gildi þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 109. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Frá upphafi tilboðstímabils og fram að því tímamarki þegar upplýsingar um niðurstöður tilboðs eru birtar gilda ekki reglur um birtingu flöggunartilkynninga, sbr. IX. kafla, reglur um rannsóknarskyldu og tilkynningarskyldu fruminnherja, sbr. 125. og 126. gr., eða reglur um birtingu upplýsinga um viðskipti stjórnenda, sbr. 127. gr. Eftir að upplýsingar um niðurstöðu tilboðs hafa verið birtar skulu tilkynningarskyldir aðilar hins vegar birta tilkynningar um flöggun fyrir lok næsta viðskiptadags eftir að niðurstöður tilboðs urðu opinberar og fruminnherjar senda regluverði tilkynningu um viðskipti sín innan eins viðskiptadags, og skal útgefandi þá samdægurs tilkynna um viðskiptin til Fjármálaeftirlitsins.
b. Í stað 2. málsl. 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ef tilboðsgjafi kýs að falla frá skilyrðum sínum skal farið með slíkt í samræmi við ákvæði 107. gr. Ekki er hægt að falla frá skilyrðum innan þriggja viðskiptadaga frá lokum tilboðstímabils.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 110. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „hlutafjár eða atkvæðisréttar“ í 1. og 3. mgr. kemur: hlutafjár og atkvæðisréttar.
b. Í stað orðsins „hluthafanum“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: tilboðsgjafa og/eða aðila í samstarfi.
c. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Skilmála fyrir innlausn og matsgrundvöll innlausnarverðs skal greina í tilkynningunni.
d. Í stað orðsins „hlutabréf“ í 2. mgr. kemur: verðbréf.

11. gr.

Á eftir 3. málsl. 1. mgr. 111. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Sama gildir ef aðili fylgir ekki skilyrðum skv. 3. mgr. 100. gr. a eða brýtur gegn 4. mgr. 102. gr.

12. gr.

Fyrirsögn X. kafla laganna verður: **Yfirtaka.**

13. gr.

Við 112. gr. laganna bætist: sem tekur til útgefanda sem hefur fengið flokk verðbréfa tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 113. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „hlutafélagsins“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: félagsins; og í stað orðsins „hlutabréf“ í 7. og 12. tölul. sömu málsgreinar kemur, í viðeigandi falli: verðbréf.

b. Á eftir 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:
Tilboðsyfirlit skal vera á íslensku. Fjármálaeftirlitið getur þó heimilað að tilboðsyfirlit sé á ensku ef sérstakar ástæður mæla með því.
Tilboðsyfirlit sem samþykkt hefur verið í einu EES-ríki og uppfyllir skilyrði 3. mgr. skal viðurkennt sem fullgilt hérlendis. Fjármálaeftirlitið getur þó farið fram á að meiri upplýsingum sé bætt inn í tilboðsyfirlitið ef um er að ræða atriði sem eiga sérstaklega við hérlendis um formsatriði sem þarf að uppfylla varðandi samþykki tilboðs og uppgjör fyrir yfirtekna hluti, sem og varðandi skattaleg atriði tengd tilboðinu.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 141. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „6. mgr. 100. gr.“ í 27. tölul. kemur: 8. mgr. 100. gr.
b. Í stað orðanna „102. gr. um tilkynningu um tilboð“ í 28. tölul. kemur: 1. mgr. 102. gr. um tilkynningu um tilboð og 4. mgr. 102. gr. um bann við að gera yfirtökutilboð.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 145. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „6. mgr. 100. gr.“ í 9. tölul. kemur: 8. mgr. 100. gr.
b. Í stað orðanna „102. gr. um tilkynningu um tilboð“ í 10. tölul. kemur: 1. mgr. 102. gr. um tilkynningu um tilboð og 4. mgr. 102. gr. um bann við að gera yfirtökutilboð.

17. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Nú átti eigandi hlutafjár meira en 33% atkvæðisréttar í félagi sem var skráð á skipulegum verðbréfamarkaði við gildistöku laga þessara og er hann þá ekki tilboðsskyldur skv. 100. gr. laganna, enda auki hann ekki við hlut sinn. Sama gildir hafi aðili á grundvelli samstarfs við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur 33% atkvæða í félaginu við gildistöku laga þessara.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru gerðar tillögur að breytingum á nokkrum þáttum laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, er varða yfirtöku. Núgildandi reglur um yfirtökur voru settar með lögum nr. 31/2005 sem m.a. innleiddu ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/25/EB um yfirtökutilboð (hér eftir nefnd yfirtökutilskipunin). Reynslan hefur leitt í ljós að reglurnar eru erfiðar í framkvæmd þar sem þær eru ekki nægilega skýrar sem og hefur það leitt til ágreinings um túlkun þeirra. Til að bregðast við þessari réttaróvissu skipaði viðskiptaráðherra nefnd í nóvember 2007 til þess að fara yfir yfirtökureglur og gera eftir atvikum tillögur að breytingum á þeim. Auk þess var nefndinni ætlað að gera tillögur að innleiðingu 11. gr. yfirtökutilskipunarinnar en hún var undanskilin við innleiðingu tilskipunarinnar 2005.

Í nefndina voru skipuð Björg Finnbogadóttir, lögfræðingur í viðskiptaráðuneytinu, formaður, Hákon Már Pétursson, lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu, Helgi Sigurðsson, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Kaupþings, fyrir hönd Samtaka fjármálafyrirtækja, og Viðar Már Matthíasson, prófessor og formaður yfirtökunefndar.

Á starfstíma sínum fór nefndin í gegnum íslenska löggjöf um yfirtökur með hliðsjón af skipunarbréfi nefndarinnar og tilskipun ESB, sem og lög og reglur í nágrannalöndum okkar. Var það niðurstaða nefndarinnar að gera þyrfti nokkrar breytingar á yfirtökukafla laganna um verðbréfaviðskipti. Þá var það niðurstaðan að ekki væri þörf á því að innleiða 11. gr. yfirtökutilskipunarinnar.

Eftir að nefndin skilaði af sér voru frumvarpsdrögin ásamt séráliti fulltrúa Fjármálaeftirlitsins send hagsmunaaðilum til umsagnar. Í frumvarpsdrögunum var ekki gert ráð fyrir að yfirtökumörkum laganna yrði breytt en í sérálitinu voru færð rök fyrir því að rétt væri að lækka yfirtökumörkin úr 40% í 33%. Að teknu tilliti til umsagna voru gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu. Helstu breytingar sem lagðar eru til á gildandi rétti eru eftirfarandi:

1. Yfirtökuskylda miðist við 33% í stað 40% nú, sbr. 2. gr. frumvarpsins.
2. Fjármálaeftirlitið geti í undantekningartilfellum fært tilboðsskyldu frá þeim er eykur við hlut sinn yfir á höfuðaðila samstarfsins, sbr. 2. gr. frumvarpsins.
3. Kveðið verði á um gildissvið laganna með tilliti til erlendra félaga í lagatexta í stað reglugerðar, sbr. 1. gr. frumvarpsins.
4. Kveðið verði á um það með nánari hætti en nú er hvenær aðilar teljast vera í samstarfi, sbr. 2. gr. frumvarpsins.
5. Lögfest verði svonefnt björgunarákvæði sem felur í sér að við sérstakar aðstæður geti aðili farið yfir yfirtökumörk án þess að verða tilboðsskyldur, sbr. 3. gr. frumvarpsins.
6. Fjármálaeftirlitið geti krafið aðila um að gera grein fyrir því hvort að hann hyggst gera yfirtökutilboð ef það telur að orðrómur um yfirvofandi yfirtökutilboð hafi óeðlileg áhrif á verðmyndun verðbréfa útgefanda, sbr. 5. gr. frumvarpsins.
7. Stjórnarmönnum verði gert að gera grein fyrir því hvort þeir og aðilar þeim fjárhagslega tengdir hyggjast taka yfirtökutilboði og að yfirlýsing þeirra verði bindandi, sbr. 7. gr. frumvarpsins.
8. Flöggunar- og innherjatilkynningar séu birtar í beinu framhaldi af birtingu upplýsinga um niðurstöður tilboðs, og samhliða ef kostur er, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Viðmið yfirtökuskyldu.

Í 100. gr. gildandi laga er mælt fyrir um að yfirtökuskylda myndist þegar aðili hafi náð yfirráðum í félagi og miðast yfirráð við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við hafi samanlagt eignast a.m.k. 40% atkvæðisréttar í félaginu. Í frumvarpinu er lögð til breyting á þessu, þannig að yfirtökuskylda miðist við 33% en ekki 40% eins og verið hefur. Breytingin byggist á tillögu minni hluta nefndarinnar en meiri hlutinn taldi ekki ástæðu til að gera breytingar á mörkum tilboðsskyldu.

Af þeim upplýsingum sem nefndin aflaði í starfi sínu má glöggt sjá að það er rík tilhneiging hjá nágrannalöndum Íslands að lækka mörk tilboðsskyldu. Má segja að Ísland sé enn eitt örfárra landa þar sem yfirtökumörk eru hærri en 33%.

Nefndin lét gera hagfræðilega úttekt sem m.a. fólst í því að kanna hver þróun á eignarhaldi hlutafjár hefði verið hér á landi og hvort sjá mætti áhrif þess að í mörgum félögum eru margir hlutir í eigu sama aðila eða tengdra aðila. Í úttektinni kemur m.a. fram að í ellefu af tuttugu stærstu félögum sem hafa hlutabréf tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi fer einstakur hluthafi (einstaklingar eða félög) með 25% atkvæðisréttar eða meira og þar af sjö með yfir ⅓ atkvæða. Þetta sýnir að samþjöppun á eignarhaldi er algengari en dreift eignarhald á hlutabréfamarkaði hér á landi. Þá er talsvert mikil samþjöppun á milli þessara 20 hlutafélaga þar sem einstakir hluthafar eigi stóra hluti eða yfir 20% í fleiri en einu félagi

og í sumum tilvikum í mörgum félögum. Því þyki ekki ólíklegt að tengsl og samstarf sé milli þessara fjárfesta og að farið sé yfir tilboðsmörk án þess að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð. Þá þykir ljóst að stórir hluthafar á Íslandi geti auðveldlega farið með yfirráð án þess að hafa öðlast 40% atkvæðaréttar. Að þessu leyti þykir skorta á minnihlutavernd og ætti að huga að lækkun hlutfalls við myndun yfirtöku. Hins vegar þykir ljóst að lægra prósentuhlutfall geti gert meiri skaða en gagn ef reglur um yfirtökur eru ekki skýrar og ef eftirlit með hlutabréfamarkaðnum er óskilvirkt þannig að hægt sé að skjóta sér undan tilboðsskyldu með því að skrá hluti á mismunandi lögaðila eða að ákveðnir stjórnendur geti haft með sér samráð um að stjórna félagi. Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar sem ætlað er að skýra þær reglur sem gilda um yfirtökur en með þeim breytingum er hægt að koma í veg fyrir þau neikvæðu áhrif sem annars gætu orðið með lækkun yfirtökumarka.

Skylda til að gera yfirtökutilboð.

Samkvæmt núgildandi lögum hvílir tilboðsskylda á þeim aðila samstarfs sem eykur við hlut sinn þannig að mörkum 1. mgr. 100. gr. er náð. Texti núgildandi ákvæðis er skýr að þessu leyti, en í greinargerð með lögunum er hins vegar tekið fram að Fjármálaeftirlitið geti heimilað að annar aðili innan eða utan samstarfshópsins geri tilboð í stað þess aðila sem er tilboðsskyldur skv. 4. mgr. 100. gr. Þótt sú regla sé einföld í framkvæmd, að miða við að eingöngu sá er eykur hlut sinn verði tilboðsskyldur, getur reglan verið ósanngjörn og stundum óheppileg og því er kveðið á um það í frumvarpinu að í undantekningartilfellum geti Fjármálaeftirlitið tekið ákvörðun um að tilboðsskylda færist frá þeim sem eykur við hlut sinn yfir á höfuðaðila samstarfsins. Með höfuðaðila samstarfsins er átt við þann aðila samstarfshópsins sem ræður yfir mestu hlutafé. Rétt þykir einnig að kveða á um það í lagatextanum að Fjármálaeftirlitið geti heimilað að aðrir en hluthafar megi einnig standa að tilboði með þeim sem er tilboðsskyldur. Nauðsynlegt er í því sambandi að taka líka af skarið um það að ábyrgð á slíku tilboði sé óskipt (in solidum).

Í núgildandi lögum er ekki kveðið á um réttarstöðu aðila er eiga yfir yfirtökumörkum við töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Rétt þykir að kveða á um að viðkomandi verði undanþeginn tilboðsskyldu í slíkum tilvikum en ef þeir missa yfirráð en ná þeim aftur síðar verða þeir tilboðsskyldir.

Gildissvið ákvæða um yfirtökur.

Samkvæmt 99. gr. laganna um verðbréfaviðskipti gilda ákvæði X. kafla þeirra um yfirtöku í hlutafélagi sem fengið hefur einn eða fleiri flokka hlutabréfa tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi. Samkvæmt núgildandi lagaákvæði er ráðherra heimilt í reglugerð að kveða á um undanþágur frá ákvæðum þessa kafla varðandi erlend hlutafélög. Nefndin leggur til að umrædd reglugerðarheimild verði felld úr gildi og kveðið verði á um gildissvið laganna með tilliti til erlendra félaga í 99. gr. laganna. Er það í samræmi við markmið með breytingum á lögunum 2003 að lögfesta yfirtökureglur í heild sinni og hverfa frá því fyrirkomulagi að hafa þær að hluta í reglugerð.

Samstarf aðila.

Í frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á 100. gr. laganna þannig að kveðið verði með víðtækari hætti en í gildandi lögum á um hvenær aðilar teljast vera í samstarfi. Rökin fyrir breytingunni eru þau að erfitt hefur reynst að fullnægja sönnunarkröfum gildandi

laga um það hvenær samstarf milli aðila telst vera með þeim hætti að það leiði til yfirtökuskyldu. Það hefur gert þeim aðilum sem sinna eftirliti á þessu sviði erfitt um vik.

Tilkynning um hugsanlegt yfirtökutilboð.

Í frumvarpinu er lagt til að aðila kunni að verða skylt að gera opinberlega grein fyrir því hvort hann sé að íhuga að gera yfirtökutilboð í félag. Er það gert með hliðsjón af einni af meginreglum yfirtökutilskipunarinnar, þ.e. að yfirtökutilboð hindri ekki rekstur félags lengur en sanngjarnt er. Ljóst er að það getur komið sér mjög illa fyrir rekstur félags ef óvissa ríkir um hvort yfirtökutilboð verði lagt fram. Slík óvissa kemur einnig í veg fyrir eðlilega verðmyndun á verðbréfum félagsins. Það verður einnig að teljast ósanngjarnt gagnvart hluthöfum félagsins og öðrum fjárfestum ef slík óvissa heldur félagi „í gíslingu“ í langan tíma. Sambærilega reglu má finna í öðrum Evrópuríkjum, svo sem Frakklandi og Bretlandi (e. put up or shut up principle). Reglan er nátengd reglum um meðferð innherjaupplýsinga og markaðsmisnotkun.

Yfirlýsing stjórnarmanna.

Kveðið er á um það í frumvarpinu að stjórnarmönnum verði gert að gera grein fyrir því hvort þeir og aðilar þeim fjárhagslega tengdir hyggjast taka yfirtökutilboði og að yfirlýsing þeirra verði bindandi. Þessar upplýsingar munu renna frekari stoðum undir álit stjórnarinnar á tilboðinu. Þá eru þetta verðmætar upplýsingar fyrir marga hluthafa, enda sýnir þetta betur en nokkuð annað hvort stjórnarmönnum finnist tilboðsverðið hagstætt eða ekki. Er þessi regla mikilvæg í ljósi ákvæða frumvarpsins um að allar innherjatilkynningar skuli birtar í lok tilboðstímabils, sbr. 1. mgr. 109. gr. laganna.

Birting flöggunar- og innherjatilkynninga.

Lagt er til að flöggunar- og innherjatilkynningar séu birtar í beinu framhaldi af birtingu upplýsinga um niðurstöður tilboðs, og samhliða ef kostur er. Núgildandi fyrirkomulag hefur þótt erfitt í framkvæmd og virðist ekki nauðsynlegt með hliðsjón af þeim verndarhagsmunum sem slíkum tilkynningum er ætlað að tryggja, enda um sérstakar aðstæður að ræða.

Lögfesting björgunarákvæðis.

Lagt er til að lögfest verði svonefnt björgunarákvæði sem felur í sér að við sérstakar aðstæður geti aðili farið yfir yfirtökumörk án þess að verða tilboðsskyldur. Þetta á við þegar aðgerðir sem leiða til aukningar hluta e.t.v. umfram yfirtökumörk eru hluti af aðgerðum til að bjarga félagi í fjárhagserfiðleikum eða hluti af endurskipulagningu félags sem á í fjárhagserfiðleikum. Eðlilegt er að slík heimild sé í lögum þannig að þess sé kostur að ráðast í slíkar aðgerðir án þess að sá sem eykur hlut sinn við slíkar aðgerðir eigi á hættu að verða tilboðsskyldur. Verðlækkun á mörkuðum hefur sýnt að slík heimild í lögum getur verið mikilvæg. Þar sem hún felur í sér veigamikla undantekningu frá meginreglum er nauðsynlegt að sótt sé um slíka undanþágu fyrir fram og Fjármálaeftirlitið hafi um það að segja hvort og hvernig þetta megi gerast. Þá er einnig mikilvægt að stjórn umrædds félags styðji björgunaraðgerðirnar, fyrir hönd annarra hluthafa.

11. gr. yfirtökutilskipunarinnar.

Eitt af hlutverkum nefndarinnar samkvæmt skipunarbréfi hennar var að meta hvort, og þá með hvaða hætti, 11. gr. yfirtökutilskipunarinnar skyldi innleidd í íslenskan rétt, sem var

undanskilin við innleiðingu tilskipunarinnar 2005. Í 11. gr. er hin svokallaða ógildingaregla en reglunni er ætlað að fella niður ýmsar takmarkanir á framsali hlutabréfa og meðferð atkvæðisréttar við tilteknar aðstæður. Samkvæmt 12. gr. sömu tilskipunar hefur hvert aðildarríki val um hvort reglan sé innleidd eða ekki. Hvert aðildarríki verður þó að tryggja að félögum innan þeirra lögsögu sé heimilt að kveða á um, að eigin frumkvæði, í samþykktum sínum að reglan gildi gagnvart því. Niðurstaða nefndarinnar var sú að ekki væri þörf á því að innleiða 11. gr. tilskipunarinnar. Er það í samræmi við framkvæmd flestra ríkja vegna innleiðingar ákvæðisins. Þá telur nefndin ekkert í íslenskum rétti því til fyrirstöðu að félög taki regluna upp í samþykktir sínar að eigin frumkvæði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er lögð til breyting á gildissviði X. kafla verðbréfaviðskiptalaga og kveðið á um lagaskil. Með ákvæðinu er gert ráð fyrir að gildissvið kaflans verði fært til samræmis við ákvæði 2. mgr. 4. gr. yfirtökutilskipunarinnar. Samkvæmt ákvæði tilskipunarinnar getur einn útgefandi í ákveðnum tilvikum fallið undir lögsögu tveggja lögbærra yfirvalda og þurft að fylgja tilteknum ákvæðum hvors ríkis um sig. Á þetta við þegar viðkomandi útgefandi hefur eingöngu tekið verðbréf til viðskipta í öðru ríki EES en því þar sem höfuðstöðvar þess eru skráðar. Lögsaga hvors lögbærs yfirvalds tekur þá til tiltekinna hluta reglnanna, þ.e. reglunum er skipt í tvo flokka.

Í fyrri flokkinn falla þau ákvæði sem fjalla um upplýsingar sem veittar skulu starfsmönnum félagsins sem tilboðið tekur til og þau ákvæði sem tengjast félagarétti, einkum hvað skuli teljast yfirráð og hvers kyns undanþágur frá skyldu til að gera yfirtökutilboð, sem og þau ákvæði sem heimila stjórn að grípa til hvers kyns aðgerða sem geta komið í veg fyrir yfirtökutilboðið (útgefanda, með skráðar höfuðstöðvar í ríki innan EES, ber ávallt að fylgja reglum heimaríkis síns sem falla undir þennan flokk).

Í seinni flokkinn falla þau ákvæði kaflans sem fjalla um endurgjald þegar um er að ræða skyldubundið yfirtökutilboð og þau ákvæði sem fjalla um málsmeðferð tilboðsins (útgefandi getur þurft að fylgja þeim ákvæðum gistiríkis sem falla í þennan flokk). Í fylgiskjali I má sjá töflu með dæmum til frekari skýringar.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 99. gr. fjalla um útgefendur með skráðar höfuðstöðvar á Íslandi, 4. og 5. mgr. fjalla um útgefendur með skráðar höfuðstöðvar í öðru ríki EES og 6. og 7. mgr. fjalla um útgefendur með skráðar höfuðstöðvar utan EES.

Í 1. mgr. 1. gr. frumvarps þessa er kveðið á um að hugtakið verðbréf í þessum kafla beri að skilja þrengra en það er skilgreint í 2. gr. laganna, að því leyti að eingöngu er átt við verðbréf sem atkvæðisréttur fylgir, jafnvel þótt nýting hans falli niður, og fjármálagerninga sem veita rétt til að afla þegar útgefinna slíkra verðbréfa. Er þetta í samræmi við hugtakanotkun yfirtökutilskipunarinnar og eðli máls. Þá er þetta í auknu samræmi við flöggunarreglur. Með orðalaginu „jafnvel þótt nýting hans falli niður“ er m.a. verið að vísa í eigin hluti félags og verðbréf sem geymd eru á safnreikningum. Fjármálagerningar sem veita rétt til að afla verðbréfa sem bera atkvæðisrétt eru t.d. heimildarskírteini og kaupréttarsamningar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ákvæði kaflans gildi um útgefendur með skráðar höfuðstöðvar á Íslandi sem hafa flokk verðbréfa tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi og er það sambærileg regla og nú gildir, nema hvað allur vafi er tekinn af því að kaflinn gildi ekki eingöngu um hlutabréf, sbr. umfjöllun hér að framan, auk þess sem kaflinn er

ekki einskorðaður við hlutafélög, heldur alla útgefendur sem hafa verðbréf sem bera atkvæðisrétt tekin til viðskipta á Íslandi, í samræmi við yfirtökutilskipunina.

Í 3. mgr. 1. gr. er fjallað um íslenska útgefendur sem eingöngu hafa tekið verðbréf til viðskipta í öðru ríki EES en Íslandi. Um slíka útgefendur gilda eingöngu þau ákvæði kaflans sem falla undir fyrri flokkinn hér að framan. Útgefandi lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins hvað þær reglur varðar. Hvað varðar þær reglur sem falla undir síðari flokkinn hér að framan skal fylgja reglum og lúta eftirliti þess ríkis þar sem verðbréfin hafa verið tekin til viðskipta. Það skal tekið fram að ef íslenskur útgefandi hefur einnig tekið verðbréf til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi, þá gilda eingöngu íslenskar yfirtökureglur um hann. Þá skal einnig bent á að ef íslenskur útgefandi hefur eingöngu verðbréf tekin til viðskipta á verðbréfamarkaði utan EES þá fellur hann utan gildissviðs þessa kafla.

Í 4. mgr. 1. gr. er fjallað um útgefendur frá öðrum ríkjum EES. Slíkur útgefandi fellur eingöngu undir gildissvið kaflans að því er varðar þær reglur sem falla undir síðari flokkinn hér að framan, og eingöngu ef hann hefur ekki verðbréf tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í heimaríki sínu.

Í 5. mgr. 1. gr. er kveðið á um hvaða reglur sem falla í síðari flokkinn hér að framan eigi að gilda þegar útgefandi frá öðru ríki EES, sem hefur ekki verðbréf tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í heimaríki sínu, hefur tekið verðbréf til viðskipta í fleiri en einu gistiríki.

Í 6. og 7. mgr. 1. gr. er fjallað um gildissvið kaflans gagnvart útgefendum með skráðar höfuðstöðvar í ríki utan EES. Þess skal sérstaklega getið að yfirtökutilskipunin tekur ekki til slíkra útgefanda og hafa reglur innan EES ekki verið samræmdar með tilliti til slíkra útgefenda. Því er hverju aðildarríki eftirlátið að ákveða hvort og að hvaða marki yfirtökureglur þess gilda um slíka útgefendur. Hér er lagt til að íslenskar yfirtökureglur gildi fullum fetum um útgefendur frá ríkjum utan EES, en aðeins ef viðkomandi útgefandi hefur eingöngu verðbréf tekin til viðskipta á verðbréfamarkaði hér á landi. Ef útgefandi hefur verðbréf tekin til viðskipta í öðru ríki skulu eingöngu þær reglur sem falla undir síðari flokkinn hér að framan gilda. Þetta þýðir að ef ekki er kveðið á um tilboðsskyldu í því ríki þar sem útgefandi hefur skráðar höfuðstöðvar og verðbréf tekin til viðskipta á verðbréfamarkaði, þá mun eingöngu reyna á ákvæði kaflans þegar um valfrjáls tilboð er að ræða, og þá eingöngu þau ákvæði sem fjalla um málsmeðferð tilboðsins.

Um 2. gr.

Með greininni eru lagðar til breytingar á 100. gr. laganna. Í 1. mgr. 100. gr. laganna er kveðið á um tilboðsskyldu og í frumvarpinu er lögð til sú breyting að tilboðsfrestur hefjist þegar aðili vissi eða mátti vita um tilboðsskyldu eða frá því að niðurstaða Fjármálaeftirlitsins um hana lá fyrir í stað þess að hann hefjist þegar yfirráðum er náð eins og kveðið er á um í núgildandi lagaákvæði.

Lagt er til að mörk tilboðsskyldu verði lækkuð úr 40% í 33%. Í hagfræðilegri úttekt sem nefndin lét gera kom í ljós að samþjöppun á eignarhaldi á íslenskum markaði var talsvert mikil og því þörf á að auka minnihlutavernd. Um breytinguna vísast að öðru leyti til umfjöllunar í almennum athugasemdum við frumvarp þetta.

Lögð til breyting á 1. tölul. 3. mgr. 100. gr. laganna en þar er orðið „ófjárráða“ fellt út þar sem það þykir þrengja ákvæðið of mikið. Lagt er til að nýr töluliður bætist við 3. mgr. 100. gr. laganna og verði 5. tölul. þannig að samstarf skuli talið vera fyrir hendi þegar um er að ræða bein eða óbein tengsl á milli aðila utan þess félags sem í hlut á, hvort sem um er að

ræða rík hagsmunatengsl eða persónuleg tengsl, reist á skyldleika, tengdum eða vináttu, eða tengsl reist á fjárhagslegum hagsmunum eða samningum sem líklegir eru til að leiða til samstöðu aðila um að stýra málefnum félagsins í samráði hvor eða hver við annan, þannig að þeir ráði yfir því. Ástæða þess að tillaga um slíka reglu er sett er sú að tengslaregla gildandi laga er ómarkviss og hefur í framkvæmd hentað illa. Alkunna er að eigna- og hagsmunatengsl eru hér afar mikil, án þess að fullnægt sé kröfum gildandi reglna. Reglan miðar við að slík tengsl, ef þau eru þess eðlis og nægilega náin til þess að líklegt sé að þau leiði til samstöðu aðila um að stýra málefnum félags, sé eðlilegt að meðhöndla eins og um samstarf um að ná yfirráðum sé að ræða. Með samningum er átt við hvers konar samninga sem leiða til þess að aðili kemst hjá yfirtökuskyldu. Má þar nefna t.d. framvirka samninga eða afleiðusamninga. Ástæða þess að þörf er talin á tilvísun þessari er að unnt er að nota slíka samninga til þess að fara á svig við meginreglur um yfirtökuskyldu, t.d. með því að semja við þriðja aðila um að hann fari tímabundið með eignarhald án þess að nýta atkvæðisrétt þann sem fylgir viðkomandi eignarhaldi. Ónýttur atkvæðisréttur kann að nýtast þeim sem er við mörk yfirtökuskyldu sem hefði hann í reynd farið með hann sjálfur.

Í 4. mgr. 100. gr. laganna er mælt fyrir um að tilboðsskylda skv. 1. mgr. hvíli á þeim aðila samstarfs sem eykur við hlut sinn þannig að mörkum 1. mgr. sé náð. Þótt sú regla sé einföld í framkvæmd, að miða við að eingöngu sá er eykur hlut sinn verði tilboðsskyldur, getur sú regla verið ósanngjörn og stundum óheppileg og því er kveðið á um það í frumvarpinu að í undantekningartilfellum geti Fjármálaeftirlitið tekið ákvörðun um að tilboðsskylda færist frá þeim sem eykur við hlut sinn yfir á höfuðaðila samstarfsins. Með höfuðaðila samstarfsins er átt við þann aðila samstarfshópsins sem ræður yfir mestu hlutafé. Þessu til viðbótar er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti heimilað að aðrir en hluthafar megi einnig standa að tilboði ásamt þeim sem tilboðsskyldur er, sé sótt um það eigi síðar en tveimur vikum eftir að úrlausn um tilboðsskyldu lá fyrir. Skulu þá tilboðsgjafar bera óskipta ábyrgð á tilboðinu og efndum þess. Samkvæmt núgildandi lögum er ekkert sem bannar að aðrir en hluthafar megi einnig standa að tilboði saman og í greinargerð með lögunum er tekið fram að Fjármálaeftirlitið geti heimilað að annar aðili innan eða utan samstarfshópsins geri tilboð í stað þess aðila sem er tilboðsskyldur. Rétt þykir að kveða á um það í lagatextanum sjálfum.

Í 5. mgr. 100. gr. laganna er kveðið á um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að veita undanþágu frá tilboðsskyldu skv. 1. mgr. ef sérstakar ástæður mæla með því. Hægt er að setja skilyrði fyrir undanþágunni, t.d. varðandi frest sem viðkomandi hefur til að selja hluti sem eru umfram leyfileg mörk og meðferð atkvæðisréttar á því tímabili. Lagt er til að til viðbótar verði því bætt við að sótt skuli um slíka undanþágu í síðasta lagi tveimur vikum eftir að aðili vissi eða mátti vita um tilboðsskylduna eða úrlausn um hana lá fyrir. Heimilt verði að sækja sérstaklega um frest á því að selja hluti sem eru umfram þau mörk er greinir í 1. mgr. á meðan mál er til úrlausnar hjá Fjármálaeftirlitinu. Í gildandi lögum er heimild til þess að leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins til þess að þurfa ekki að gera tilboð. Þessi undantekning hefur aðeins verið talin eiga við um mjög afmörkuð tilvik, t.d. þegar aðili hefur eignast hluti við arf eða skipti og það yrði ósanngjarnt að ætla honum að gera yfirtökutilboð og það yrði einnig ósanngjarnt að ætla honum að selja strax þá hluti sem eru umfram yfirtökumörk, t.d. vegna aðstæðna á mörkuðum. Í slíkum tilvikum er ekki óeðlilegt að veitt sé undanþága frá skyldu til að gera yfirtökutilboð jafnvel þótt aðili selji sig ekki niður fyrir mörkin. Gera verður á hinn bóginn þær kröfur að sótt sé um innan skamms frests eins og gerð er tillaga um. Það er jafnframt eðlilegt að slík mál séu undir stjórn Fjármálaeftirlitsins og að undanþágu frá meginreglunni um tilboðsskyldu séu sett takmörk.

Lagt er til að nýrri 7. mgr. verði bætt við 100. gr. þar sem fjallað er um þau tilvik þegar aðili á yfir yfirtökumörkum við skráningu. Rétt þykir að kveða á um að viðkomandi verði undanþeginn tilboðsskyldu í slíkum tilvikum, svo framarlega sem hann fer ekki yfir næsta margfeldi af fimm, en ef þeir fara undir yfirtökumörk og yfir þau aftur verði þeir tilboðsskyldir.

Um 3. gr.

Eins og áður segir er lagt er til að ný grein, 100. gr. a, komi inn í lögin þar sem lögfest verði svonefnt björgunarákvæði sem felur í sér að við sérstakar aðstæður geti aðilar farið yfir yfirtökumörk án þess að verða tilboðsskyldir. Þetta á við þegar aðgerðir sem leiða til aukningar hluta umfram yfirtökumörk eru hluti af aðgerðum til að bjarga félagi í fjárhagserfiðleikum eða hluti af endurskipulagningu félags sem á í fjárhagserfiðleikum. Eðlilegt er að slík heimild sé í lögum þannig að þess sé kostur að ráðast í slíkar aðgerðir án þess að sá sem eykur hlut sinn við slíkar aðgerðir eigi á hættu að verða tilboðsskyldur. Verðlækkun á mörkuðum hefur sýnt að slík heimild í lögum getur verið mikilvæg. Þar sem hún felur í sér veigamikla undantekningu frá meginreglum er nauðsynlegt að sótt sé um slíka undanþágu fyrir fram og Fjármálaeftirlitið hafi um það að segja hvort og hvernig þetta megi gerast. Þá er einnig mikilvægt að stjórn umræddsfélags styðji björgunaraðgerðirnar, fyrir hönd annarra hluthafa.

Um 4. gr.

Í núgildandi lögum segir í 1. mgr. 101. gr. að ákvæði kaflans gildi einnig fyrir valfrjáls tilboð. Í 2. mgr. 103. gr. sem fjallar um lágmarksverð í tilboði er þó eingöngu vísað til 100. gr. sem fjallar um skyldubundin yfirtökutilboð. Rétt þykir að gera réttarstöðuna skýrari að þessu leyti og kveða með afdráttarlausum hætti á um það að í valfrjálsu tilboði sé tilboðsgjafa ekki skylt að fylgja þeim ákvæðum sem snúa að verði og greiðsluformi, sbr. núgildandi 2. og 4. mgr. 103. gr. Tilboðsgjafa er þó ætíð frjálst að fylgja þessum ákvæðum.

Í 5. mgr. 101. gr. kemur fram að hafi tilboðsgjafi náð yfirráðum í félagi í kjölfar valfrjáls tilboðs í alla hluti allra hluthafa beri honum ekki að gera skyldubundið yfirtökutilboð. Eins og réttarstaðan er nú má færa rök fyrir því að unnt sé að gera valfrjálst yfirtökutilboð án þess að fylgja ákvæðum um lágmarksverð, en losna jafnframt við skyldu til að gera skyldubundið tilboð. Heppilegra er að tengja þetta lagalega hagræði við þá stöðu þegar valfrjálst yfirtökutilboð er gert í samræmi við ákvæði um lágmarksverð, sbr. til hliðsjónar réttarástand í Noregi. Hins vegar hafa tilboðsgjafar þó alltaf kost á því að setja það skilyrði í valfrjálsa tilboðinu að þeir nái að minnsta kosti 90% atkvæðisréttar, en geti að öðrum kosti fallið frá því. Nái tilboðsgjafi því marki má enn fremur gera ráð fyrir því að hluthöfum hafi þótt tilboðsverðið sanngjarnt og eðlilegt. Við það að 90% mörkunum sé náð getur tilboðsgjafi í framhaldinu beitt innlausn í samræmi við 110. gr. laganna, en sé það gert innan þriggja mánaða frá lokum tilboðstímabils skal verð sem boðið var í valfrjálsa tilboðinu teljast sanngjarnt innlausnarverð.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að í 102. gr. laganna verði kveðið á um að aðila kunni að verða skylt að gera opinberlega grein fyrir því hvort hann sé að íhuga að gera yfirtökutilboð í félag. Er ákvæðið samið með hliðsjón af einni af meginreglum yfirtökutilskipunarinnar, þ.e. að yfirtökutilboð hindri ekki rekstur félags lengur en sanngjarnt er, sbr. (f) lið 1. mgr. 3. gr.

tilskipunarinnar. Ljóst er að það getur komið sér mjög illa fyrir rekstur félags ef óvissa ríkir um hvort yfirtökutilboð verði lagt fram. Slík óvissa kemur einnig í veg fyrir eðlilega verðmyndun á verðbréfum félagsins. Það verður einnig að teljast ósanngjarnt gagnvart hluthöfum félagsins og öðrum fjárfestum ef slík óvissa heldur félagi „í gíslingu“ í langan tíma. Sambærilega reglu má finna í öðrum Evrópuríkjum, svo sem Frakklandi og Bretlandi (e. put up or shut up principle). Reglan er nátengd reglum um meðferð innherjaupplýsinga og markaðsmisnotkun.

Í 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins er fjallað um hvenær aðila ber að birta tilkynningu um fyrirætlanir sínar. Þar segir að Fjármálaeftirlitið geti krafið aðila sem það hefur ástæðu til að ætla að sé að undirbúa yfirtökutilboð um að gera opinberlega grein fyrir fyrirætlunum sínum ef það telur að orðrómur um yfirvofandi yfirtökutilboð hafi áhrif á eðlilega verðmyndun á hlutum félags. Fjármálaeftirlitið getur því einungis beitt þessari heimild ef ljóst er að orðrómur um hugsanlegt yfirtökutilboð er kominn á kreik. Heimildin virkar því einnig fyrirbyggjandi. Hún hvetur aðila sem eru að íhuga að gera yfirtökutilboð til að tryggja trúnað um slíkt og gæta þess að upplýsingar leki ekki til óviðkomandi. Hér er einnig rétt að minna á að útgefanda sem veit af undirbúningi yfirtökutilboðs ber að gæta þess að innherjalistar séu uppfærðir með tilliti til þessara upplýsinga. Þá veitir reglan Fjármálaeftirlitinu ákveðið úrræði ef grunur leikur á um að orðrómur um hugsanlega yfirtöku sé blekking til að hafa ólögmæt áhrif á verð fjármálagerninga.

Í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ef það er gert opinbert að aðili sé að íhuga að leggja fram yfirtökutilboð skuli hann taka ákvörðun um slíkt innan sex vikna. Það skal tekið fram að 2. mgr. 5. gr. er ekki einskorðuð við tilkynningar sem gerðar eru á grundvelli 1. mgr. 5. gr. Því gildir sama regla ef aðili birtir opinberlega að eigin frumkvæði að hann sé að íhuga að leggja fram yfirtökutilboð. Þá nær reglan einnig til þess þegar slík fyrirætlun hefur verið gerð opinber, jafnvel þótt það hafi ekki verið að frumkvæði málsaðila. Er þetta 1. mgr. 5. gr. til fyllingar. Þá er það lagt að jöfnu við yfirlýsingu um að aðili hyggist ekki gera yfirtökutilboð ef aðili birtir ekki lokaákvörðun sína innan sex vikna.

Í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um réttaráhrif þess þegar aðili lýsir því yfir opinberlega að hann hyggist ekki gera yfirtökutilboð í félag. Í slíkum tilvikum skal aðila vera óheimilt að skipta um skoðun og leggja fram yfirtökutilboð næstu sex mánuði. Þá skal aðila og aðilum í samstarfi með honum vera óheimilt að aðhafast nokkuð það sem kann að gera hann tilboðsskyldan skv. 100. gr. laganna. Ef aðili brýtur gegn ákvæði þessu er Fjármálaeftirlitinu heimilt að grípa til úrræða skv. 111. gr. laganna. Þá varðar brot viðurlögum skv. XV. kafla laganna.

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins er Fjármálaeftirlitinu heimilt að veita undanþágu frá tímamörkum 3. mgr. og frá 4. mgr. 102. gr. laganna ef sérstakar ástæður mæla með því. Ljóst er að sex vikur kunna stundum að vera of skammur frestur til að undirbúa yfirtökutilboð. Það verður þó að hafa í huga að það er á ábyrgð þess sem undirbýr yfirtökutilboð að tryggja að slíkar upplýsingar leki ekki út, og er undanþágan því þröng. Sem dæmi um sérstakar ástæður sem gætu gefið tilefni til að veita undanþágu skv. 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins má nefna ef stjórn þess félags sem yfirtökutilboð tekur mælir með yfirtökutilboði, ef fram hefur komið annað yfirtökutilboð og aðili hyggst leggja fram samkeppnistilboð eða ef um er að ræða björgunaraðgerð skv. 3. gr. þessa frumvarps.

Um 6. gr.

Felld er niður tilvísun til 100. gr. í 2. mgr. 103. gr. laganna en í 1. mgr. 101. gr. laganna kemur skýrt fram að ekki beri að fylgja 2. og 4. mgr. 103. gr. í valfrjálsu tilboði, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Í 3. mgr. 103. gr. laganna er gerð sú breyting að í stað tilvísunar í 103. gr. laganna er vísað til yfirtökutilboðs. Þá er lagt til að 6. mgr. 103. gr. verði breytt þannig að við bætist tilvísun í 2. mgr. 108. gr. þar sem gildistími yfirtökutilboðs getur orðið lengri en tíu vikur ef samkeppnistilboð er lagt fram.

Um 7. gr.

Í fyrsta lagi er lagt til að í 2. tölul. 2. mgr. 104. gr. laganna komi orðið verðbréf í staðinn fyrir hlutabréf þar sem réttara er að tala um verðbréf sem bera atkvæðisrétt í samræmi við e-lið 1. mgr. 2. gr. yfirtökutilskipunarinnar (e. transferable securities carrying voting rights in a company).

Í öðru lagi lögð til sú breyting á 5. mgr. 104. gr. að í greinargerð stjórnar félags sem yfirtökutilboð tekur til, þar sem fram kemur rökstutt álit stjórnarinnar á tilboðinu og skilmálum þess, skulu stjórnarmenn gera grein fyrir því hvort þeir, og aðilar fjárhagslega tengdir þeim, hyggist samþykkja tilboðið og skal sú yfirlýsing vera bindandi. Þetta á augljóslega eingöngu við ef viðkomandi stjórnarmaður eða aðilar honum tengdir eru hluthafar í félaginu. Stjórnarmönnum er heimilt að færa sérstök rök fyrir afstöðu sinni. Þessar upplýsingar munu renna frekari stoðum undir álit stjórnarinnar á tilboðinu. Þá eru þetta verðmætar upplýsingar fyrir marga hluthafa, enda sýnir þetta betur en nokkuð annað hvort stjórnarmönnum finnist tilboðsverðið hagstætt eða ekki. Er þessi regla mikilvæg í ljósi ákvæða frumvarpsins um að allar innherjatilkynningar skuli birtar í lok tilboðstímabils, sbr. 1. mgr. 109. gr. laganna.

Um 8. gr.

Lagt er til að Fjármálaeftirlitinu sé veitt svigrúm til þess að framlengja gildistíma tilboðsins þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 106. gr. ef sérstakar ástæður mæla með því . Má þar t.d. nefna ef samþykki um virkan eignarhlut berst rétt eftir að tilboðsfresti lýkur. Í slíkum tilvikum kann að vera eðlilegt að veita meira svigrúm en ákvæði 1. mgr. 106. gr. gerir ráð fyrir.

Um 9. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt er til að flöggunar- og innherjatilkynningar séu birtar í beinu framhaldi af birtingu upplýsinga um niðurstöður tilboðs, og samhliða ef kostur er. Núgildandi fyrirkomulag hefur þótt erfitt í framkvæmd og virðist ekki nauðsynlegt með hliðsjón af þeim verndarhagsmunum sem slíkum tilkynningum er ætlað að tryggja, enda um sérstakar aðstæður að ræða.

Í b-lið greinarinnar er lögð til breyting á núgildandi 2. mgr. 109. gr. laganna. Lagt er til að aðili sem hefur lagt fram skilyrt yfirtökutilboð þurfi ekki að afturkalla slíkt tilboð sérstaklega ef skilyrði þess voru ekki uppfyllt. Er þetta í samræmi við almennar reglur samningaréttar. Þetta breytir þó engu um skyldu aðila til að upplýsa um niðurstöður tilboðs. Þá er kveðið á um að aðili geti ekki fallið frá skilyrðum sem ekki voru uppfyllt eftir að niðurstöður tilboðs hafa verið gerðar opinberar (þ.e. innan þriggja viðskiptadaga). Að lokum er kveðið á um að ef aðili kýs að falla frá fyrri skilyrðum skuli farið með slíkt sem breytingu á tilboði. Ákvæði 107. gr. laganna fjallar um breytingar á tilboði. Verður að telja að það hafi ávallt í för með sér hagstæðari skilmála fyrir aðra hluthafa þegar fallið er frá skilyrðum í yfirtökutilboði. Hins vegar kunna slík skilyrði að vera ákvörðunarástæða einhverra hluthafa

og því eðlilegt að hluthöfum sé gefinn kostur á að endurskoða fyrri afstöðu sína og að tilboðstími sé því framlengdur í a.m.k. tvær vikur.

Um 10. gr.

Lagt er til að orðalag 1. og 3. mgr. 110. gr. laganna verði fært til samræmis við 15. og 16. gr. tilskipunarinnar, sem eru upphafleg fyrirmynd núverandi ákvæðis, þannig að kveðið verði á um að tilboðsgjafi og hluthafar geti krafist innlausnar eingöngu ef tilboðsgjafi hefur eignast $^{9}/_{10}$ hlutafjár og atkvæðisréttar. Við innleiðingu yfirtökutilskipunarinnar urðu þau mistök að kveðið var á um að tilboðsgjafi og hluthafar gætu krafist innlausnar ef tilboðsgjafi eignaðist $^{9}/_{10}$ hlutafjár eða atkvæðisréttar í félagi. Í frumvarpinu segir að fari tilboðsgjafi fram á innlausn innan þriggja mánaða frá lokum tilboðstímabils skuli verð sem boðið var í tilboði teljast sanngjarnt innlausnarverð nema ákvæði 3. mgr. 103. gr. eigi við en í þeirri grein segir að hafi tilboðsgjafi eða aðili sem hann er í samstarfi við greitt hærra verð en samkvæmt yfirtökutilboði á tilboðstímabili skuli hann breyta yfirtökutilboði og bjóða það verð.

Orðalagi 2. mgr. 110. gr. er breytt og lagt til að í stað orðsins hlutabréf komi orðið verðbréf þar sem réttara er að tala um verðbréf sem bera atkvæðisrétt í samræmi við e-lið 1. mgr. 2. gr. yfirtökutilskipunarinnar (e. transferable securities carrying voting rights in a company).

Í 3. mgr. 110. gr. er kveðið á um að hafi tilboðsgjafi og aðilar sem hann er i samstarfi við skv. 100. gr. laganna eignast meira en $^{9}/_{10}$ hlutafjár og atkvæðisréttar í félagi í yfirtökutilboði geti hver einstakur af minni hluta hluthafa krafist innlausnar hjá tilboðsgjafanum.

Ákvæði IV. kafla hlutafélagalaga, nr. 30/1995, gilda um innlausn í þeim tilfellum sem um getur í 110. gr. verðbréfaviðskiptalaganna, eftir því sem við á.

Um 11. gr.

Lagt er til að Fjármálaeftirlitið geti beitt þeim úrræðum sem kveðið er á um í greininni í fleiri tilvikum en þegar aðili sinnir ekki tilboðsskyldu eins og núverandi lög gera ráð fyrir. Lagt er til að Fjármálaeftirlitið geti fellt niður atkvæðisrétt aðila, þvingað niðursölu og beitt dagsektum ef aðili fylgir ekki þeim skilyrðum sem honum voru sett við veitingu undanþágu skv. 3. mgr. nýrrar 100. gr. a, eða ef aðili brýtur gegn 4. mgr. 102. gr., þ.e. ef aðili verður tilboðsskyldur þrátt fyrir að hafa lýst því yfir að hann ætlaði ekki að gera yfirtökutilboð.

Um 12. gr.

Lagt til að fyrirsögn X. kafla verðbréfaviðskiptalaganna verði „Yfirtaka“ og er það í meira samræmi við efni kaflans.

Um 13. gr.

Í 112. gr. laganna er kveðið á um að ákvæði XI. kafla gildi um tilboðsyfirlit sem skylt er að útbúa og birta opinberlega í tengslum við yfirtökutilboð. Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði við greinina að átt sé við yfirtökutilboð sem taka til útgefanda sem hefur fengið flokk verðbréfa sem bera atkvæðisrétt tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi. Er þessi breyting gerð í samræmi við þá breytingu sem gerð er á gildissviðsákvæði yfirtökukafla laganna almennt.

Um 14. gr.

Í a-lið er lagt til að í 1., 7. og 12. tölul. 1. mgr. 113. gr. laganna komi annars vegar orðið félag í staðinn fyrir hlutafélag og hins vegar orðið verðbréf í staðinn fyrir hlutabréf þar sem

réttara er að tala um verðbréf sem bera atkvæðisrétt í samræmi við e-lið 1. mgr. 2. gr. yfirtökutilskipunarinnar (e. transferable securities carrying voting rights in a company) og kafli laganna verði ekki einskorðaður við hlutafélög, heldur alla útgefendur sem hafa verðbréf sem bera atkvæðisrétt tekin til viðskipta á Íslandi, í samræmi við yfirtökutilskipunina.

Lagt er til að tvær nýjar málsgreinar bætist við á eftir 2. mgr. 113. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að kveðið verði skýrt á um þá meginreglu að tilboðsyfirlit skuli vera á íslensku. Þó er nauðsynlegt að hægt sé að veita undanþágur ef slíkt er of íþyngjandi miðað við þá verndarhagsmuni sem í húfi eru. Hér kann að skipta máli hversu margir hluthafar í félaginu hafa íslensku að móðurmáli. Þessa reglu skal því ekki skilja á þann hátt að öll tilboðsyfirlit geti verð á ensku ef Fjármálaeftirlitið hefur einu sinni samþykkt að tilboðsyfirlit megi vera á ensku. Fjármálaeftirlitið metur slíkt í hverju tilviki, en vitaskuld með hliðsjón af jafnræðisreglunni.

Í öðru lagi er lagt til að tilboðsyfirlit sem samþykkt hefur verið í einu EES-ríki og uppfyllir skilyrði 3. mgr. skuli viðurkennt sem fullgilt hérlendis. Fjármálaeftirlitið getur þó farið fram á að meiri upplýsingum sé bætt inn í tilboðsyfirlitið ef um er að ræða atriði sem eiga sérstaklega við hérlendis um formsatriði sem þarf að uppfylla varðandi samþykki tilboðs og uppgjör fyrir yfirtekna hluti, sem og varðandi skattaleg atriði tengd tilboðinu. Hér er um að ræða innleiðingu á síðari hluta 2. mgr. 6. gr. yfirtökutilskipunarinnar.

Um 15. og 16. gr.

Gerðar eru breytingar á lagatilvísunum auk þess sem bætt er við tilvísun í 4. mgr. 102. gr.

Um 17. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði á um það í bráðabirgðaákvæði að aðili sem á meira en 33% atkvæðisréttar í félagi sem var skráð á skipulegum verðbréfamarkaði við gildistöku laganna sé ekki tilboðsskyldur auki hann ekki við hlut sinn. Sama gildir hafi aðili á grundvelli samstarfs við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur 33% atkvæða í félaginu við gildistöku laganna.

Um. 18. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um gildistöku laganna.

Fylgiskjal I.

Gildissvið X. kafla laga um verðbréfaviðskipti.

Eftirfarandi tafla sýnir gildissvið kaflans gagnvart útgefendum sem hafa verðbréf sem bera atkvæðisrétt tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Félag	**Gildissvið**
Íslenskt félag eingöngu skráð á markað á Íslandi.	Fellur undir gildissvið kaflans í heild.
Íslenskt félag skráð á markað á Íslandi og í öðru ríki.	Fellur undir gildissvið kaflans í heild.

Íslenskt félag eingöngu skráð á markað í öðru EES-ríki.	Eingöngu þau ákvæði kaflans gilda sem fjalla um upplýsingar sem veittar skulu starfsmönnum félagsins sem tilboðið tekur til og þau ákvæði sem tengjast félagarétti, einkum hvað skuli teljast yfirráð og hvers kyns undanþágur frá skyldu til að gera yfirtökutilboð, sem og þau ákvæði sem heimila stjórn að grípa til hvers kyns aðgerða sem geta komið í veg fyrir yfirtökutilboðið.
Íslenskt félag eingöngu skráð á markað í ríki utan EES.	Fellur utan gildissviðs kaflans í heild.
EES-félag skráð á markað á Íslandi og í heimaríki sínu.	Fellur utan gildissviðs kaflans í heild.
EES-félag eingöngu skráð á markað á Íslandi.	Eingöngu þau ákvæði kaflans gilda sem fjalla um endurgjald þegar um er að ræða skyldubundið yfirtökutilboð og þau ákvæði sem fjalla um málsmeðferð tilboðsins.
EES-félag fyrst skráð á markað á Íslandi og síðar í öðru EES-ríki (ekki heimaríki).	Eingöngu þau ákvæði kaflans gilda sem fjalla um endurgjald þegar um er að ræða skyldubundið yfirtökutilboð og þau ákvæði sem fjalla um málsmeðferð tilboðsins.
EES-félag fyrst skráð á markað í öðru EES-ríki (ekki heimaríki) og síðar á Íslandi.	Fellur utan gildissviðs kaflans í heild.
EES-félag skráð samtímis á markað á Íslandi og í öðru EES-ríki (ekki heimaríki).	Útgefandi ákveður reglur hvors ríkis um endurgjald þegar um er að ræða skyldubundið yfirtökutilboð og þau ákvæði sem fjalla um málsmeðferð tilboðsins, skulu gilda um hann, og tilkynna það til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar og lögbærs yfirvalds áður en viðskipti hefjast.
Félag frá ríki utan EES eingöngu skráð á markað á Íslandi.	Fellur undir gildissvið kaflans í heild.
Félag frá ríki utan EES skráð á markað á Íslandi og í öðru ríki.	Eingöngu þau ákvæði kaflans gilda sem fjalla um endurgjald þegar um er að ræða skyldubundið yfirtökutilboð og þau ákvæði sem fjalla um málsmeðferð tilboðsins.

Skýringar:
Íslenskt félag: Félag með höfuðstöðvar skráðar á Íslandi.
Skráð á markað: Félag hefur verðbréf sem bera atkvæðisrétt tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.
Heimaríki: Það ríki þar sem höfuðstöðvar félagsins eru skráðar.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á nokkrum þáttum laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, er varða yfirtöku með það að markmiði að gera reglur sem að því snúa skýrari og auðveldari í framkvæmd. Helstu breytingar eru meðal annars þær að gert er ráð fyrir að yfirtökuskylda í félagi skuli miðast við 33% í stað 40% eins og verið hefur, að Fjármálaeftirlitið geti í undantekningartilfellum fært tilboðsskyldu frá þeim er eykur við hlut sinn á höfuðaðila samstarfsins en það er sá aðili samstarfshópsins sem ræður yfir mestu hlutafé, að stjórnarmenn verði að gera grein fyrir því með bindandi hætti hvort þeir og aðilar þeim fjárhagslega tengdir hyggjast taka yfirtökutilboði og að síðustu er gert ráð fyrir að lögfest verði svonefnt björgunarákvæði sem felur það í sér að við sérstakar aðstæður geti aðili farið yfir yfirtökumörk án þess að verða tilboðsskyldur.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

54. Frumvarp til laga [54. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Magnús Stefánsson, Karl V. Matthíasson, Jón Magnússon, Þuríður Backman, Gunnar Svavarsson.

1. gr.

Við síðari málslið 3. mgr. 20. gr. laganna bætist: eða hætta á ruglingi á milli áfengu framleiðslunnar og þeirrar sem verið er að auglýsa vegna nafns á vörunni, umbúða eða annarra einkenna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þingmál þetta hefur verið lagt fram á síðustu fjórum þingum en ekki fengið afgreiðslu og er því lagt fram að nýju.

Auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar hér á landi og hefur verið svo lengi. Það hefur þó aukist að framleiðendur og dreifingaraðilar áfengra drykkja reyni að koma þeim á framfæri í auglýsingum með því að nota líkar umbúðir og nöfn á óáfenga drykki sem þeir svo auglýsa.

Flutningsmenn vilja með frumvarpi þessu reyna að loka því gati sem virðist vera á löggjöfinni þannig að framleiðendur og dreifingaraðilar geti ekki farið í kringum bannið eins og að framan er lýst.

Á árinu 2001 kom út skýrsla á vegum ríkislögreglustjóra um áfengisauglýsingar. Þar kemur m.a. fram að í Noregi taki bann við áfengisauglýsingum einnig til auglýsinga á vörum með sömu merkjum eða einkennum. Í niðurstöðum nefndarinnar er að finna tillögu um að sú leið verði einnig farin hér á landi. Það er og vilji flutningsmanna að svo verði gert og löggjöfin hert eða eins og segir í skýrslunni:

„Það sem vekur sérstaka athygli við norsku löggjöfina er áherslan sem lögð er á að menn geti ekki komist fram hjá banninu með því að auglýsa vöru sem heimilt er að auglýsa, en með svo sterkri tilvísan til vöru sem ekki er heimilt að auglýsa að í raun er verið að auglýsa þá vöru. Með því að auglýsa tiltekna vöru sé í raun verið að auglýsa aðra vöru. Þá virðist löggjöfin skýr og nútímaleg.“

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Skýrsla vinnuhóps ríkislögreglustjórans um viðbrögð við áfengisauglýsingum. (Nóvember 2001.)

55. Frumvarp til laga [55. mál]

um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

33. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til felld verði brott úr lögum um fjárreiður ríkisins lagagrein sem heimilar fjármálaráðherra að greiða úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum. Greinin er svohljóðandi:

„Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga.“

Greinin var umdeild þegar frumvarpið, sem síðar varð að lögum um fjárreiður ríkisins, var rætt og afgreitt á Alþingi á 121. löggjafarþingi vorið 1997. Var á það bent að greinin færi í bága við 41. gr. stjórnarskrárinnar en hún hljóðar svo:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.“

Tvær breytingartillögur komu fram við 33. gr. sem báðar miðuðu að því að lögin gengju ekki lengra en stjórnarskráin var talin heimila, en þær voru báðar felldar. Að öðru leyti er vísað til umræðunnar sem þá fór fram um málið sem var 100. mál þingsins, þskj. 103.

Flutningsmaður flutti á 133. löggjafarþingi að nýju þá tillögu í frumvarpsformi að fella alveg brott 33. gr. og vildi með því undirstrika að löggjafarvaldinu er samkvæmt stjórnarskrá ætlað að fara með fjárveitingavaldið. Frumvarpið varð þá ekki útrætt og var endurflutt á 135. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt.

Verði frumvarpið að lögum mun það styrkja löggjafarvaldið og stefna að aðgreiningu þess og framkvæmdarvaldsins. Vissulega var full þörf á því að flytja frumvarpið á sínum tíma en síðan hafa gerst þau tíðindi sem undirstrika enn frekar nauðsyn þess að draga skýrar línur milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins og er þar vísað til Grímseyjarferjumálsins og skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í ágúst 2007. Það mál einkenndist af því að fjármálaráðherra teygði æ lengra túlkun sína á heimild til þess að stofna til útgjalda án heimildar í fjárlögum. Heimildarákvæði í fjárlögum til þess að selja ferjuna Sæfara og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á annarri ferju túlkaði ráðherrann sem sjálfstæða heimild til útgjalda án þess að sala á ferjunni hafði farið fram og taldi einnig að upphæð þeirrar heimildar takmarkaðist ekki af andvirði hinnar seldu ferju. Ríkisendurskoðun gagnrýndi þetta harðlega og sagði í skýrslu sinni: „Að mati Ríkisendurskoðunar stenst þessi aðferð á engan hátt ákvæði fjárreiðulaga og getur ekki talist til góðrar stjórnsýslu.“ Telja verður að ákvæði 33. gr. fjárreiðulaga ýti undir þessa óheillaþróun og affarasælast sé að afnema greinina og fella þar með niður allar heimildir til greiðslu fjár úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum ríkisins. Að þeirri breytingu gerðri verður það skýr og ótvíræður vilji Alþingis að virða ákvæði 41. gr. stjórnarskrár lýðveldisins.

56. Frumvarp til laga [56. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Flm.: Árni Johnsen, Jón Gunnarsson, Guðni Ágústsson, Grétar Mar Jónsson, Herdís Þórðardóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Kristján Þór Júlíusson.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ökumanni sem hyggst beygja til hægri við gatnamót á umferðarljósum er heimilt að beygja á móti rauðu ljósi nema sérstaklega sé tekið fram að það sé óheimilt. Hann skal þó ætíð stöðva ökutæki sitt eins og við stöðvunarskyldu og veita umferð sem kemur úr öðrum áttum forgang.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Áður hafa nokkur þingmál um heimild til hægri beygju á móti rauðu ljósi verið flutt á Alþingi. Á 121. og 122. löggjafarþingi voru fluttar tillögur til þingsályktunar og á 127., 128., 130., 133. og 135. löggjafarþingi hafa slík mál verið flutt í formi lagafrumvarps.

Meginmarkmið frumvarpsins er að heimila ökumönnum að taka hægri beygju á ljósastýrðum gatnamótum gegn rauðu ljósi þar sem það er óhætt, einkum með það fyrir augum að greiða fyrir umferð. Þannig má stytta nokkuð biðtíma við ljósastýrð gatnamót og jafnvel sums staðar draga úr þörf fyrir afreinar. Gert er ráð fyrir að ökumönnum beri ávallt að stöðva ökutæki sitt algerlega eins og um stöðvunarskyldu væri að ræða áður en hægri beygja er tekin gegn rauðu ljósi.

Ef frumvarp þetta verður að lögum mun gilda sú almenna regla að heimilt sé að taka hægri beygju gegn rauðu ljósi nema það sé sérstaklega bannað.

Flutningsmenn telja að þessi leið geti greitt fyrir umferð á vissum stöðum en vekja athygli á að því fylgir ábyrgð að aka gegn rauðu ljósi og að ökumenn sem nýta sér þennan rétt til hagræðis verði að gæta fyllstu varúðar, meta aðstæður og virða almennar umferðarreglur.

57. Frumvarp til laga [57. mál]

um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, með síðari breytingum.

Flm.: Jón Magnússon, Guðjón A. Kristjánsson, Birgir Ármannsson, Bjarni Harðarson, Illugi Gunnarsson, Jón Gunnarsson, Kjartan Ólafsson, Pétur H. Blöndal.

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein,7. mgr., sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu reykingar leyfðar á veitinga- og skemmtistöðum samkvæmt beiðni eiganda, í aðskildu herbergi sem sérstaklega er ætlað til reykinga, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Herbergi sem ætluð eru til reykinga eru minni hluti veitingarýmis viðkomandi veitinga- eða skemmtistaðar eða létt mannvirki utan húss sem veitir skjóli fyrir regni og vindi.
2. Herbergi eða aðstaða sem ætluð eru fyrir reykingar eru aðskilin frá veitingarými þannig að gestir þurfi ekki að ganga þar um.
3. Starfsfólk þarf ekki að dveljast í herbergi eða mannvirki utan húss meðan reykt er þar.
4. Sala veitinga og þjónustu eða ámóta starfsemi má ekki fara fram í reykherberginu.
5. Loftræsting í reykherbergi og aðstöðu utan húss verður að vera fullnægjandi, sbr. 4. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með setningu laga nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, var stigið stórt skref í þá átt að draga úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks með því að freista þess að minnka tóbaksneyslu og vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksreyks.

Flutningsmenn frumvarps þessa eru sammála þeim markmiðum sem stefnt er að í lögum um tóbaksvarnir og telja mikilvægt að notkun reyktóbaks verði sem minnst og fari þannig fram að það valdi ekki vandamálum hjá þeim sem ekki reykja tóbak.

Spurning er hversu langt á að ganga í að setja lög um hegðun og lífsvenjur fulltíða einstaklinga, til að mynda um tóbaksreykingar, þó að meiri hlutinn samfélagsins telji þær óæskilegar, en viðurkennt er að þó að neysla tóbaks sé leyfð er hún skaðleg. Talið er að um fimmti hver fulltíða Íslendingur reyki. Sem betur fer hefur hlutfall þeirra sem reykja farið minnkandi og vonandi heldur sú þróun áfram. Samt sem áður verður að virða rétt þeirra sem reykja tóbak þó að þeir séu í minni hluta og gæta þarf þess að ekki séu sett lög eða reglur sem setja reykingafólki óeðlilegar takmarkanir.

Flutningsmenn frumvarpsins telja að vel hafi tekist til með tóbaksvarnalögin að flestu leyti en þó hafi verið gengið of langt í að takmarka tóbaksreykingar á veitinga- og skemmtistöðum. Nauðsynlegt hefði verið að heimila reykingar á afmörkuðum svæðum á og/eða við veitinga- og skemmtistaði þar sem svo væri búið um hnúta að þeir sem vinna á umræddum stöðum eða eru þar gestkomandi og reykja ekki sjálfir verði ekki fyrir óþægindum vegna reykinga.

Nokkrir hnökrar hafa komið upp við framkvæmd reykingabanns á veitinga- og skemmtistöðum. Í ljósi reynslunnar er því mikilvægt að mati flutningsmanna að gera þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu svo að almenn sátt geti ríkt í þjóðfélaginu um meginmarkmið tóbaksvarnalaganna en með því er líklegra að sá árangur náist sem að var stefnt með sérstakri lagasetningu um tóbaksvarnir.

Að mati flutningsmanna eru settar reglur ónauðsynlegar og óþarflega íþyngjandi fyrir þá sem vilja neyta reyktóbaks. Í því sambandi er nauðsynlegt að gætt sé meðalhófs og ekki settar strangari reglur til að ná fram markmiðum tóbaksvarnalaganna en nauðsynlegar eru. Fortakslaust bann við því að koma upp sérstökum reykherbergjum á veitinga- og gististöðum er óþarflega ströng regla og fyrst og fremst fallið til þess að setja þeim sem vilja reykja íþyngjandi skilyrði og þeim sömuleiðis sem stunda veitingarekstur og vilja láta alla viðskiptavini sína njóta góðrar þjónustu. Skilyrði þess að heimilað verði að setja upp reykherbergi eru að þess sé gætt að gestir veitinga- og gististaða þurfi ekki að fara um eða dveljast í slíku herbergi nema þeir vilji það sjálfir. Þá er það líka skilyrði að starfsfólk þurfi ekki að vinna í reykherbergi meðan reykt er í því. Þá er vísað til ákvæða 4. mgr. 9. gr. laganna varðandi loftræstingu og ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun af tóbaksreyk.

Umburðarlynt lýðræðisþjóðfélag styðst jafnan við meðalhófsreglu í lagasetningu en á það skorti að mati flutningsmanna varðandi réttindi þeirra sem reykja við setningu tóbaksvarnalaganna og þess vegna er nauðsynlegt gera að lágmarki þær breytingar sem lagðar eru til í lagafrumvarpi þessu. Í lýðræðisþjóðfélagi umburðarlyndis verður að gæta þess að minnihlutahópar séu ekki kúgaðir eða beittir óþarfa harðræði í samræmi við skoðanir meiri hlutans.

Þess verður ávallt að gæta að farið sé varlega í að gera neysluvenjur fólks refsiverðar þó að það sé í verndarskyni, hvort heldur það á við vísindaleg rök að styðjast eða ekki. Almennt verða einstaklingarnir að fá að ráða sjálfir lífi sínu og neysluvenjum án afskipta ríkisvaldsins, svo fremi sem það skaðar ekki aðra og leiðir ekki til hegðunar sem telst samfélagslega óæskileg. Í því efni verður líka að fara varlega en það sem einum finnst óæskileg hegðun kann öðrum með gildum rökum að finnast eðlileg starfsemi í lýðræðisþjóðfélagi.

Tóbaksvarnalögin voru höfð svo ströng sem raun ber vitni m.a. með vísan til öryggis starfsfólks á veitinga- og gististöðum. Verði frumvarp þetta að lögum breytir það engu af því að öryggis starfsfólks á veitinga- og gististöðum er gætt með sama hætti og áður. Miðað er

við að engin sala fari fram í reykherbergjum og starfsfólk gangi ekki þar um meðan reykt er, nema þá í algerum undantekningartilvikum. Ljóst er því að margvísleg starfsemi sem nú er leyfð ógnar meira öryggi starfsfólks en um gæti orðið að ræða þó að þær breytingar næðu fram sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Meðan reykingar eru ekki bannaðar verður að gæta þess að þeir sem reykja geti gert það við sæmilegar aðstæður en þess gætt að tóbaksreykur trufli ekki annað fólk.

Miðað við þau vandamál sem upp hafa komið varðandi framkvæmd tóbaksvarnalaganna í þeirri mynd sem þau eru nú má ætla að víðtækari sátt mundi nást um tóbaksvarnalögin næðu þær breytingar fram að ganga sem hér eru lagðar til. Þá yrði síður hætta á því að lögin væru brotin vegna þeirra ágalla sem á þeim eru og takmarkaðra möguleika til að stöðva ólögmætt athæfi og beita refsiviðurlögum. Þá er líka ljóst að mörgum finnst réttur brotinn á sér með svo hörkulegum ákvæðum um reykingabann sem nú gildir á veitinga- og gististöðum. Mikilvægt er að ná fram víðtækri sátt um tóbaksvarnir en einungis þannig mun nást það meginmarkmið laganna að draga úr tóbaksreykingum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Miðað er við að ný undantekningarregla verði tekin upp í lögin þar sem reykingar á veitinga- og skemmtistöðum verði heimilaðar samkvæmt beiðni eigenda í aðskildu herbergi sérstaklega ætluðu til reykinga við ákveðnar aðstæður. Meginreglan verður eftir sem áður að reykingar eru ekki leyfðar nema farið sé í hvívetna eftir þeim skilyrðum sem eru sett fyrir því að heimilað verði að leyfa reykingar á veitinga- og skemmtistöðum. Skilyrðin eru eftirfarandi:

Að beiðni eiganda hafi verið sett fram um að setja upp sérstakt reykherbergi.

Reykherbergið verður að vera minni hluti veitingarýmis viðkomandi veitingastaðar. Spurning getur verið í þessu sambandi hvort miða á við tiltekið hlutfall af rýminu eða ákveðna fermetratölu en við nánari skoðun þykir sú skipan ekki heppileg, m.a. vegna þess hversu misjafnir skemmti- og veitingastaðir eru og mögulegt er að settir yrðu óþarfa tálmanir á starfsemi ákveðinna staða og samkeppni á markaðnum rugluð ef lengra er gengið í takmörkunum á stærð reykherbergis en hér er lagt til.

Reykherbergið verður að vera aðskilið frá veitingasölunni og öðru húsnæði veitinga- og/eða skemmtistaðarins. Það þarf auk þess að vera aðskilið frá veitingarýminu svo að gestir þurfi ekki að koma í reykherbergið eða ganga um það. Þetta felur í sér að þeir gestir veitinga- og skemmtistaða sem ekki vilja reykja verða aldrei fyrir ónæði af neysluvenjum þeirra gesta staðarins sem nýta sér reykherbergið.

Þá er það skilyrði sett að starfsfólk þurfi ekki að vera í herbergi sem ætluð eru til reykinga meðan reykt er. Með því móti er öryggi starfsfólks tryggt að mestu gagnvart óbeinum reykingum og miðað við ákvæði um loftræstingu og annað væri starfsfólki búin minni hætta en fylgir margvíslegri starfsemi sem nú er heimiluð.

Ekki má selja veitingar eða hafa þjónustu í reykherbergi. Með því að setja slíkt skilyrði liggur fyrir að reykherbergið er sérstakt og eingöngu ætlað fyrir þá sem það vilja nota til skemmri eða lengri dvalar meðan þeir nota reyktóbak en aðrir þurfa ekki og mundu almennt ekki vera í reykherginu, þá sérstaklega ekki starfsfólk.

Vísað er til ákvæða 4. mgr. 9. gr. laganna um loftræstingu en þar segir að loftræsting skuli fullnægja kröfum heilbrigðiseftirlits og þess gætt að reykingar mengi ekki andrúmsloftið þar sem þær eru ekki leyfðar.

Rétt er að taka fram að bygging létts mannvirkis utan húss þarf að sjálfsögðu að lúta byggingarreglum og þarfnast hefðbundins leyfis viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórnar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

58. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [58. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

28. gr. stjórnarskrárinnar fellur brott.

2. gr.

2. málsl. 51. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo: Ráðherra má ekki vera alþingismaður.

3. gr.

2. málsl. 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo: Nái tillagan samþykki skal leggja hana undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar í leynilegri atkvæðagreiðslu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 133. og 135. löggjafarþingi er varð ekki útrætt og er endurflutt óbreytt.

Í þessu frumvarpi eru lagðar til þrjár breytingar á stjórnarskránni. Í fyrsta lagi er felld brott heimild til þess að setja bráðabirgðalög og í öðru lagi er skilið milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds með því að meina ráðherrum setu á Alþingi en í þriðja lagi er gert ráð fyrir að breytingar á stjórnarskránni verði bornar undir þjóðina.

Heimild til setningar bráðabirgðalaga hefur lengi verið umdeild og var lengi beitt í umtalsverðum mæli. Frá 1874 hefur heimildinni verið beitt 448 sinnum og þar af liðlega 100 sinnum á áttunda og níunda tug síðustu aldar. Hafa ber í huga að þegar stjórnarskráin er sett 1874 voru aðstæður í íslensku þjóðfélagi allt aðrar en nú er. Þá kom Alþingi saman annað hvert ár og stóð almennt ekki lengur en átta vikur, samgönguerfiðleikar voru miklir og fjarskipti stirð. Þessi rök fyrir heimild til þess að setja bráðabirgðalög eru löngu úr gildi fallin.

Við stjórnarskrárbreytinguna fyrir sextán árum, þegar deildaskipting Alþingis var afnumin, var ákveðið að þrengja heimild ríkisstjórnarinnar til þess að setja lög með þessum hætti og var miðað við að heimildin yrði aðeins notuð í undantekningartilvikum. Ætlunin var að meginreglan yrði sú að kalla Alþingi saman og starfsreglum þess var breytt þannig að það

starfar allt árið og getur komið saman til funda hvenær sem er með litlum fyrirvara. Ekki verður séð að sú staða geti komið upp að ókleift verði að kalla Alþingi saman en á sama tíma geti einstök ráðuneyti, ríkisstjórnin og embætti forseta Íslands staðið að því að setja nauðsynlega löggjöf.

Í kjölfar breytinganna hefur dregið verulega úr lagasetningu með bráðabirgðalögum. Setning bráðabirgðalaga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði og fleiri lögum sumarið 2003 og bráðabirgðalaga í júlí sl. um notkun raflagna og raffanga í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli bendir til þess að aftur sækir í sama farið af hálfu ríkisstjórnar á hverjum tíma. Í fyrra málinu kom fram í áliti meiri hluta landbúnaðarnefndar Alþingis um frumvarpið til staðfestingar bráðabirgða lögunum að leitað hafi verið álits Ragnhildar Helgadóttur, lektors í Háskólanum í Reykjavík, og Eiríks Tómassonar prófessors. Niðurstaða Ragnhildar var að með bráðabirgðalögunum þá hafi verið gengið nær 28. gr. stjórnarskrárinnar en dæmi eru um frá stjórnarskrárbreytingunni 1991. Hún taldi hins vegar ólíklegt að dómstólar kæmust að þeirri niðurstöðu að bráðabirgðalöggjafinn teldist hafa farið út fyrir valdsvið sitt þó að sú niðurstaða væri að hennar mati ekki vafalaus. Eiríkur Tómasson taldi setningu bráðabirgðalaganna takmarkatilvik.

Það sem fyrst og fremst þótti vafasamt er hvort brýna nauðsyn hafi borið til að beita heimildinni og setja bráðabirgðalög fremur en að leggja málið fyrir Alþingi, sem fer með löggjafarvaldið samkvæmt stjórnarskránni. Reyndar gengur Ragnhildur í áliti sínu svo langt að segjast vera þeirrar skoðunar að of nærri hafi verið gengið skilyrðum 28. gr. um brýna nauðsyn, eins og greinin verði skýrð með hliðsjón af þeim ummælum sem féllu á Alþingi við breytingu stjórnarskrárinnar 1991, með því að setja bráðabirgðalög án þess að reyna að leggja málið fyrir Alþingi. Í sumar voru aðstæður þær sömu og fyrir fjórum árum og því nokkuð ljóst að skilyrði fyrir notkun bráðabirgðalagaheimildarinnar eru ekki ríkari en var fyrir fjórum árum. Það verður að telja hafið yfir allan vafa að unnt var að kveðja Alþingi saman og leggja málið fyrir það á þeim tíma sem til ráðstöfunar var og viðurkennt var af hálfu ráðherra við 1. umræðu um staðfestingarfrumvarpið nú í október að ríkisstjórninni fannst ekki ástæða til þess. Í ljósi þessara atriða þykir rétt að fella niður með öllu núverandi heimild til þess að setja bráðabirgðalög.

Seta ráðherra á Alþingi hefur lengi þótt umdeilanleg í ljósi þess sjónarmiðs að rétt sé að aðskilja framkvæmdarvald og löggjafarvald með sama hætti og dómsvald er aðgreint frá öðrum þáttum ríkisvaldsins. Nefna má að á 123. löggjafarþingi var flutt frumvarp sem kvað á um að ráðherrar sætu ekki á Alþingi þann tíma sem þeir gegndu ráðherradómi. Slíkt fyrirkomulag er talið heppilegt til að auka skilin á milli framkvæmdar- og löggjafarvalds og er í samræmi við meginregluna um þrígreiningu ríkisvaldsins.

Þríhnjúkar ehf. heitir félag áhugamanna undir forustu Árna B. Stefánssonar og hefur félagið hafið undirbúning að því að gera Þríhnjúkahelli aðgengilegan. VSÓ-ráðgjöf hefur m.a. unnið að verkefninu og er að vænta upplýsinga um næstu skref á komandi hausti, en þær hugmyndir sem nú er unnið að byggjast á því að gera 200 m löng göng inn í Þríhnjúkahellinn sem mundu opnast inn í hellishvelfinguna á 64 m dýpi að stórum svölum og síðan yrði jafnvel hringstigi niður á botn hellisins. Ef ráðist verður í verkið á annað borð verður auðvitað ekki hjá því komist að opna leið fyrir ferðamenn niður á botn hellisins. Það er hreinlega ekki hægt að gera fólki það að geta ekki stigið fæti á botn stærsta hellis í heimi, það er ekki mannlegt. Þríhnjúkar ehf. hafa gert samning við Kópavogsbæ um framgang verkefnisins, en Þríhnjúkar í Bláfjöllum eru í landi Kópavogs. Verkefnið er firnamikið og reikna má með að það kosti um milljarð króna að gera göng, svalir, hringstiga, lýsingu og annað sem þarf til þess að fulls metnaðar sé gætt og nærgætni við náttúruundrið sjálft. Aðgengi að Þríhnjúkahelli er einn af mörgum möguleikum í markaðssetningu Íslands á alþjóðavettvangi, enn ein fjólan í íslenska náttúruvöndinn.

Þríhnjúkar eru í hálendisbrúninni ofan við Heiðmörk, 5 km vestur af skíðasvæðinu í Bláfjöllum og 20 km suðaustan Reykjavíkur. Hnjúkarnir eru nánast beint fram undan sé ekið eftir Langholtsvegi eða meðfram Rauðavatni. Undir norðaustasta gígnum er þessi firnadjúpi gígur, ótrúlega stór flöskulaga gíghvelfing. Botn gígketilsins er 120 m undir yfirborði jarðar og gímaldið sjálft um 150 þúsund rúmmetrar. Botninn er 75–48 m söðullaga hraunbingur á við fótboltavöll að stærð.

Á Íslandi er enginn aðgengilegur sýningarhellir með göngustígum og raflýsingu. Tveir fegurstu hellar landsins, Jörundur og Árnahellir, hafa verið friðlýstir sérstaklega og lokaðir fyrir nánast allri umferð.

Þríhnjúkahellir er ein merkilegasta náttúrumyndun Íslands og gígurinn er með afbrigðum óaðgengilegur og hrollvekjandi, en hann er stærsti hellir í heimi og túlkar með sjálfum sér þau reginöfl sem búa í iðrum jarðar. Í ógn sinni er hann aðlaðandi, en til þess að hann verði hluti af daglegum möguleikum innlendra sem erlendra ferðamanna þurfa margir að leggja hönd á plóginn, Alþingi, ráðuneyti og margir fleiri, því hér er um svo einstæðan og metnaðarfullan möguleika að ræða að ekkert má til spara að opna þennan helli eins smekklega og kostur er.

69. Tillaga til þingsályktunar [69. mál]

um skattaívilnanir vegna rannsókna- og þróunarverkefna.

Flm.: Höskuldur Þórhallsson, Bjarni Harðarson, Birkir J. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að hefja nú þegar undirbúning þess að heimila skattaívilnanir vegna kostnaðar sem fyrirtæki leggja í vegna rannsókna og þróunar. Miðað verði við skilgreind og afmörkuð verkefni og ákveðið hámark sett á endurgreiðslufjárhæð hvers árs.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 135. löggjafarþingi (14. mál).

Skattaívilnanir til rannsókna og þróunar hafa um nokkurt skeið tíðkast í mörgum ríkjum OECD sem óbein leið til að hvetja fyrirtæki til fjárfestinga í rannsóknum og þróun. Markmiðið er m.a. að efla nýsköpun í atvinnulífinu sem leitt getur til efnahagslegra framfara og bættrar samkeppnisstöðu viðkomandi þjóða.

Í dag veita 18 af 30 OECD-ríkjum einhvers konar skattaívilnanir vegna rannsókna og þróunar en það gerðu um 12 ríki árið 1996. Meðal þeirra sem hafa farið þessa leið eru Norðmenn. Árið 2002 var skattalögum þar breytt þannig að lögaðilar sem stunda rannsóknir og þróun fengu heimild til frádráttar frá tekjuskattsstofni, allt að 20%, að uppfylltum tilteknum skilyrðum og upp að tilteknu þaki. Í lögunum er lögð áhersla á að þeir sem njóti þessara heimilda stundi vel skilgreind og afmörkuð rannsókna- og þróunarverkefni með skýrum markmiðum um árangur.

Norðmenn hafa farið þá leið að fela Rannsóknarráði Noregs (Norges forskningsråd) að meta hvort verkefnin uppfylli skilgreiningu skattyfirvalda og jafnframt að meta hvort framtaldir kostnaðarliðir teljist viðurkenndur rannsókna- og þróunarkostnaður. Skattkerfið er síðan notað til að miðla greiðslum þannig að þau fyrirtæki sem greiða tekjuskatt fá afslátt en þau sem ekki greiða skatt fá endurgreiðslu. Þetta gerir kerfið sérstaklega áhugavert fyrir lítil og vaxandi fyrirtæki sem eru ekki enn farin að greiða tekjuskatta, m.a. vegna mikils þróunarkostnaðar.

Komið hefur fram að norsk fyrirtæki eru afar ánægð með kerfið og að um helmingur samþykktra verkefna er á vegum lítilla fyrirtækja með færri en 10 starfsmenn. Kerfið hefur komið mikilli hreyfingu á nýsköpunarstarf norskra fyrirtækja og um 80% þátttakenda telja að verkefni þeirra hefðu ekki komist á legg án þessa stuðnings. Um 50% telja að verkefnin hafi aukið verðgildi fyrirtækja sinna, rúm 60% telja að kerfið hafi aukið einbeitingu þeirra í nýsköpun og þróun. Þá telja tæp 50% kerfið hafa hvatt til samstarfs við önnur fyrirtæki og stofnanir. Sérstaka athygli vekur að 25% norskra útrásarfyrirtækja virðast nýta sér kerfið.

Fjölgun vellaunaðra starfa í fyrirtækjum sem gera verðmæti úr þekkingu er háð öflugu nýsköpunarstarfi. Mikilvægt er því að fyrirtæki efli rannsóknir og nýsköpun. Til þess að svo megi verða þarf að búa atvinnulífi hér á landi hagstæð starfsskilyrði en jafnframt þurfa fyrirtækin stuðning fyrstu starfsárin til rannsókna- og þróunarstarfs. Sá stuðningur þarf að öðru jöfnu að vera sambærilegur þeim sem veittur er fyrirtækjum í samkeppnislöndunum.

70. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [70. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Pétur H. Blöndal, Jón Magnússon, Höskuldur Þórhallsson.

1. gr.

Síðari málsliður 51. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo: Sé þingmaður skipaður ráðherra skal hann víkja úr þingsæti á meðan hann gegnir ráðherradómi og tekur varamaður hans sætið á meðan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 123., 131. , 132. og 135. löggjafarþingi. Jafnframt flutti Kristinn H. Gunnarsson frumvarp á 130. löggjafarþingi 2003–2004 þar sem m.a. var lögð til sambærileg breyting.

Íslenskt réttarríki byggist á hugmyndum franskra umbótasinna á 18. öld um greiningu ríkisvaldsins í þrjá þætti, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar. Hugsunin með slíkri skiptingu var að hver valdhafi um sig takmarkaði vald hins, en hver hluti ríkisvaldsins fyrir sig átti þó að vera sem sjálfstæðastur. Þó að stjórnarskrá okkar byggist á þessum hugmyndum gerir hún samt ráð fyrir að ráðherrar geti jafnframt verið alþingismenn. Aðskilnaður löggjafarvalds og framkvæmdarvalds er því í raun ekki eins mikill og 2. gr. stjórnarskrárinnar áskilur.

Sagt er að stærsti hluti hinnar eiginlegu vinnu við þingmál fari fram í þingnefndum. Sú hefð hefur hins vegar skapast að ráðherrar eiga ekki sæti í nefndum þingsins. Núverandi fyrirkomulag leiðir því til þess að um sjötti hluti þingheims er ekki nema að litlu leyti virkur í þingstarfinu. Með þessu frumvarpi til stjórnarskipunarlaga er lagt til að ráðherrar geti ekki átt sæti á þingi þann tíma er þeir gegna ráðherradómi. Jafnhliða þeirri breytingu, sem frumvarpið mælir fyrir um, telja flutningsmenn rétt að skoða hvort ástæða sé til að fækka þingmönnum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði sú að um leið og forseti hefur skipað alþingismann ráðherra taki varamaður sæti ráðherrans á þingi. Ráðherra á hins vegar rétt á þingsæti sínu aftur jafnskjótt og hann lætur af ráðherradómi ef þing hefur ekki verið rofið og boðað til nýrra kosninga. Í dag er staðan sú að ráðherra getur sagt af sér þingmennsku og látið varamann taka sæti sitt í staðinn. Mjög ólíklegt er að ráðherra mundi gera slíkt að öllu óbreyttu, því að ef hann missti ráðherraembættið aftur ætti hann ekki afturkvæmt í þingmennskuna fyrr en að afloknum kosningum, þ.e. ef hann næði kjöri, þannig að við núverandi aðstæður hafa ráðherrar ekki um góða kosti að velja í þessu sambandi. Með þessu móti munu allir sem sæti eiga á Alþingi hverju sinni geta sinnt þeim skyldum sem á þeim hvíla. Hins vegar er áfram gert ráð fyrir að ráðherrar geti tekið þátt í umræðum á þingi og svarað fyrirspurnum samkvæmt nánari reglum sem settar yrðu þar um í þingsköpum. Sú breyting á stjórnarskránni, sem hér er lögð til, á sér hliðstæðu bæði í Noregi og Svíþjóð þar sem slíkt fyrirkomulag þykir hafa gefist mjög vel. Frumvarpið er í anda stefnu Framsóknarflokksins og á flokksþingi í mars 2007 var samþykkt ályktun í tengslum við umfjöllun um aðskilnað löggjafar- og framkvæmdarvalds þar sem segir að styrkja þurfi stöðu löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldinu og að ráðherrar gegni ekki jafnframt þingmennsku og verði gert kleift að setjast aftur á þing, ljúki þeir ráðherradómi.

Um málið hefur skapast þverpólitísk sátt meðal ungra stjórnmálamanna sem samþykktu eftirfarandi ályktun um þrískiptingu ríkisvaldsins á Þingi unga fólksins árið 2007: „ÞUF telur nauðsynlegt að skýr skil séu á milli hinna þriggja greina ríkisvaldsins. Til að styrkja stöðu löggjafarvalds gagnvart framkvæmdarvaldi er rétt að styrkja nefndasvið Alþingis og Þing unga fólksins telur að enginn skuli gegna þingmennsku og embætti ráðherra á sama tíma. Þing unga fólksins ítrekar að ráðherrar og forstjórar ríkisstofnana bera ábyrgð á ráðuneytum þeim og stofnunum sem þeir eru í forsvari fyrir. Það á ekki að líðast að ráðuneyti og ríkisstofnanir geti farið fram úr þeim fjárveitingum sem fjárlög kveða á um en þeim ber að fylgja rétt eins og öðrum lögum sem Alþingi setur.“

71. Fyrirspurn [71. mál]

til forsætisráðherra um þróun efnahagsmála í nokkrum ríkjum.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

1. Hver er þróun atvinnuleysis, hagvaxtar, verðbólgu, viðskiptahalla, stýrivaxta, gengisvísitölu og afkomu ríkissjóðs í einstökum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, Sviss, Bandaríkjunum og Japan? Óskað er eftir að þróunin undanfarin fjögur ár komi fram og spá fyrir þetta ár og hið næsta og eins hvaða gjaldmiðill er notaður í hverju einstöku landi.
2. Hvaða lærdóma telur ráðherra að megi draga af erfiðleikum þeirra hagkerfa á evrusvæðinu sem nú glíma við afleiðingar sterkrar evru og hárra stýrivaxta Seðlabanka Evrópu og birtast m.a. í minnkandi samkeppnishæfni og auknu atvinnuleysi?

Skriflegt svar óskast.

72. Fyrirspurn [72. mál]

til heilbrigðisráðherra um lyfjagagnagrunn.

Frá Ástu Möller.

1. Hvaða upplýsingar hafa Tryggingastofnun ríkisins, Lyfjastofnun og landlæknir unnið úr lyfjagagnagrunni frá því að hann tók til starfa, sbr. skilyrði 27. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994?
2. Við hvaða verklagsreglur styðst landlæknir við afgreiðslu umsókna um aðgang að upplýsingum úr gagnagrunninum?
3. Er hægt að merkja að hvaða gagni lyfjagagnagrunnur hefur komið og hvort hann hefur haft einhverjar breytingar í för með sér í lyfjamálum?
4. Hvernig er samstarfi háttað við önnur lönd varðandi vinnslu upplýsinga úr lyfjagagnagrunnum?

Skriflegt svar óskast.

73. Fyrirspurn [73. mál]

til fjármálaráðherra um afnám tóbakssölu í fríhöfnum.

Frá Ástu Möller.

Telur fjármálaráðherra koma til greina að hætta sölu tóbaks í fríhafnarverslun?

74. Fyrirspurn [74. mál]

til fjármálaráðherra um tóbakssölu í fríhöfnum.

Frá Ástu Möller.

1. Hvað mikið magn tóbaks er flutt tollfrjálst inn í landið gegnum fríhafnarverslun og hvað er það stór hluti af heildarsölu tóbaks í landinu?
2. Hvert er verð á vindlingapakka í fríhöfn í samanburði við verð út úr búð og í hverju felst verðmunurinn?
3. Hvert áætlað árlegt tekjutap ríkisins af verslun með tóbak í fríhöfnum landsins miðað við sölutölur.
4. Hvaða rök eru fyrir því að selja tóbak í fríhafnarverslun hér á landi?
5. Eru einhverjar hindranir fyrir því að hætta sölu tóbaks í fríhafnarverslun?

Skriflegt svar óskast.

75. Fyrirspurn [75. mál]

til samgönguráðherra um framkvæmdir við Vestfjarðaveg.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 26. september sl., nr. E-6490/2007, en með honum var felldur úr gildi sá hluti úrskurðar umhverfisráðherra frá 5. janúar 2007 sem varðar leið B í 2. áfanga Vestfjarðavegar milli Bjarkarlundar og Eyrar í Reykhólahreppi?

76. Fyrirspurn [76. mál]

til samgönguráðherra um framkvæmdir við Gjábakkaveg.

Frá Álfheiði Ingadóttur og Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvenær hófust framkvæmdir Vegagerðarinnar við nýjan Gjábakkaveg og hvenær er áformað að þeim ljúki?
2. Hvað verður um núverandi Gjábakkaveg þegar nýr vegur hefur verið lagður?
3. Hefur ráðherra brugðist við ósk þess efnis að framkvæmdunum verði frestað þar til niðurstaða fæst í máli sem höfðað var gegn Vegagerðinni vegna framkvæmdanna og ef svo er, þá hvernig?
4. Telur ráðherra að sú ákvörðun að ganga frá verksamningum og hefja framkvæmdir við vegarlagninguna skapi ríkinu skaðabótaskyldu falli dómur kærendum í vil?

77. Fyrirspurn [77. mál]

til umhverfisráðherra um lagningu sæstrengja í friðlandi Surtseyjar.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hver var aðkoma umhverfisráðuneytis að veitingu leyfis fyrir lagningu sæstrengja um friðland Surtseyjar í ágúst sl.?
2. Hversu langan tíma tók afgreiðsla Umhverfisstofnunar á umsókn Farice?
3. Var leitað umsagnar Surtseyjarfélagsins, sbr. 7. gr. auglýsingar um friðland í Surtsey nr. 50/2006, og ef svo er, hver var hún?
4. Var aflað umsagnar frá ráðgjafarnefnd um málefni friðlandsins, sbr. 4. gr. auglýsingarinnar, og ef svo er, hver var hún?
5. Var aflað umsagnar frá heimsminjaskrifstofu UNESCO og ef svo er, hver var hún?
6. Var aflað umsagna frá öðrum aðilum og þá hverjum?
7. Fer áðurnefnd lagning sæstrengja um friðland Surtseyjar saman við verklagsreglur, markmið friðlýsingar Surtseyjar og þá ábyrgð sem Íslendingar bera á verndun eyjarinnar með tilliti til stöðu hennar á heimsminjaskrá UNESCO?

78. Fyrirspurn [78. mál]

til umhverfisráðherra um mengunarmælingar við Þingvallavatn.

Frá Álfheiði Ingadóttur og Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hefur verið aflað bakgrunnsgilda fyrir ákomu loftaðborinnar köfnunarefnismengunar sem Vegagerðinni ber að mæla í samræmi við úrskurð umhverfisráðuneytis frá 10. maí

2007 um mótvægisaðgerðir vegna umhverfisáhrifa frá vaxandi umferð sem fylgja mun nýjum Gjábakkavegi?
2. Eru mælingar samkvæmt úrskurði ráðuneytisins hafnar og ef svo er, hvar fara þær fram og hvernig er staðið að þeim?
3. Er fyrirhugað að mæla styrk köfnunarefnissambanda í andrúmslofti í nágrenni við Ólafsdrátt eða aðra þekkta hrygningarstaði í Þingvallavatni sem eru sérlega viðkvæmir fyrir breytingum á næringarbúskap?

79. Tillaga til þingsályktunar [79. mál]

um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu um mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Flm.: Birkir J. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram leynilega atkvæðagreiðslu allra þeirra sem kosningarrétt hafa við kosningar til Alþingis um það hvort Ísland eigi að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið. Atkvæðagreiðslan fari fram eigi síðar en í maí 2009. Ísland skal óska eftir viðræðum um aðild að sambandinu ef niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er á þann veg. Náist samkomulag um inngöngu Íslands í Evrópusambandið skal aðildarsamningurinn borinn undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar.

Greinargerð.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem varpað er fram þeirri spurningu hvort Ísland eigi að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Gert er ráð fyrir að ríkisstjórnin, að höfðu samráði við fulltrúa allra þingflokka, hlutist til um að settar verði reglur um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar sem tryggi að niðurstaða hennar verði marktæk. Loks gerir tillagan ráð fyrir að ákvörðun um inngöngu í sambandið hvíli hjá þjóðinni.

Stjórnarskrá lýðveldisins byggist á því grundvallarviðhorfi að uppruni ríkisvaldsins liggi hjá þjóðinni og standa ákvæði hennar ekki í vegi fyrir því að Alþingi vísi jafn viðamiklu máli og hér um ræðir til þjóðaratkvæðis. Almenningur á að fá tækifæri til að taka afstöðu til þeirra grundvallarspurninga sem eru samfara hugsanlegri Evrópusambandsaðild.

Ríkisstjórnarflokkarnir virðast þrátt fyrir mikla umræðu ekki geta komið sér saman um hvort hagsmunum Íslands sé betur borgið innan eða utan sambandsins en miklu skiptir fyrir efnahagslega velferð þjóðarinnar að úr þessu verði skorið sem allra fyrst. Innan annarra stjórnmálaflokka á Íslandi eru jafnframt uppi ólíkar skoðanir um aðild að Evrópusambandinu. Tvöföld þjóðaratkvæðagreiðsla um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu er því leið sátta í þessu mikilvæga máli og mun jafnframt leiða til markvissari og upplýstari umræðu um kosti og galla aðildar að sambandinu.

Verði niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu á þá leið að Íslandi beri að sækja um aðild að Evrópusambandinu verður sitjandi ríkisstjórn og Alþingi að leggja mat sitt á hvort breyta þurfi stjórnarskránni meðan á aðildarviðræðunum stendur. Sumir hafa haldið því fram að þörf sé á því til að styrkja lagagrundvöll aðildarinnar og jafnvel til að tryggja einstök samningsmarkmið Íslands. Komist á samningur í framhaldi af aðildarviðræðum þarf með hliðsjón

af 21. gr. stjórnarskrár að bera hann undir Alþingi sem í samræmi við ályktun þessa yrði að taka afstöðu til fullgildingar eftir að hafa vísað málinu til þjóðarinnar til samþykktar eða synjunar.

Mikilvægt er að viðeigandi aðilar hins opinbera og aðrir sérfróðir aðilar beiti sér fyrir upplýstri umræðu um Evrópumál í aðdraganda þeirra þjóðaratkvæðagreiðslna sem tillagan mælir fyrir um.

Í því efnahagsástandi og alþjóðlega viðskiptaumhverfi sem Ísland býr við er nauðsynlegt að fá hið fyrsta, og ekki síðar en í maí 2009, úr því skorið hvort íslenska þjóðin sé reiðubúin að hefja viðræður við Evrópusambandið með aðild í huga. Ef þjóðin verður því samþykk fæst úr því skorið í eitt skipti fyrir öll, með aðildarviðræðum, hvaða markmiðum og ávinningi Ísland gæti náð með aðild að sambandi hinna 27 fullvalda Evrópuríkja. Ef þjóðin synjar slíkum viðræðum geta stjórnvöld, aðilar vinnumarkaðarins og almenningur einhent sér í það, með fullri samstöðu allra aðila, að þróa íslenskt samfélag og efnahagsumhverfi áfram út frá þeirri stöðu sem þá blasir við.

80. Frumvarp til laga [80. mál]

um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI
Heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði.

1. gr.

Við sérstakar aðstæður á fjármálamarkaði er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að reiða fram fjármagn til að stofna nýtt fjármálafyrirtæki eða yfirtaka fjármálafyrirtæki eða þrotabú þess í heild eða að hluta.

Með sérstökum aðstæðum er átt við sérstaka fjárhags- og/eða rekstrarerfiðleika hjá fjármálafyrirtæki, m.a. líkur á að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum eða kröfuhöfum, forsendur afturköllunar starfsleyfis séu líklega fyrir hendi eða líkur standi til að það geti ekki uppfyllt kröfur um lágmarks eigið fé og að úrræði Fjármálaeftirlitsins séu ekki líkleg til þess að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Þá er með sérstökum aðstæðum m.a. átt við ef fjármálafyrirtæki hefur óskað eftir eða fengið heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamninga eða óskað eftir gjaldþrotaskiptum eða verið úrskurðað gjaldþrota.

Ákvæði laga um fjármálafyrirtæki gilda ekki hvað varðar heimild ríkisins til að eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki samkvæmt þessum lögum. Ákvæði laga um verðbréfaviðskipti um yfirtökuskyldu og lýsingar gilda ekki um öflun og meðferð eignarhlutar ríkissjóðs í fjármálafyrirtækjum samkvæmt þessum lögum. Ákvæði laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum gilda ekki um yfirtöku fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta samkvæmt lögum þessum. Við stofnun hlutafélags í því skyni að taka við rekstri fjármálafyrirtækis að hluta til eða í heild sinni skal það félag undanþegið ákvæðum hlutafélagalaga um lágmarksfjölda hluthafa skv. 2. mgr. 3. gr. svo og ákvæðum 6.–8. gr. laganna

um sérfræðiskýrslu. Fyrirtæki sem stofnað er samkvæmt þessari grein hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

2. gr.

Við þær sérstöku aðstæður sem greinir í 1. gr. er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisjóðs heimilt að leggja sparisjóði til fjárhæð sem nemur allt að 20% af bókfærðu eigin fé hans. Ríkissjóður fær stofnfjárbréf eða hlutabréf í sparisjóðnum sem endurgjald í samræmi við eiginfjárframlag sem lagt er til. Fjárhæð útgefinna stofnfjárhluta til ríkissjóðs skal að nafnverði nema sömu upphæð og það fjárframlag sem innt er af hendi og skal það stofnfé njóta sömu stöðu og aðrir stofnfjárhlutir í viðkomandi sjóði. Þegar um er að ræða sparisjóð sem breytt hefur verið í hlutafélag samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki skal hið nýja hlutafé nema sama hlutfalli gagnvart öðru útgefnu hlutafé og fjárframlagið er í hlutfalli við bókfært eigin fé félagsins. Ákvæði þetta tekur jöfnum höndum til stofnfjársparisjóða og þeirra sparisjóða sem breytt hefur verið í hlutafélag samkvæmt ákvæðum laga þessara eftir því sem við á. Ef stjórn sparisjóðs samþykkir er heimilt að víkja frá ákvæðum 66. gr. laga um fjármálafyrirtæki um boðun fundar stofnfjáreigenda og forgangsrétt þeirra til aukningar stofnfjár eða hlutafjár.

II. KAFLI

Breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

3. gr.

6. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: hafi ráðstafanir sem gripið hefur verið til á grundvelli ákvæða um inngrip Fjármálaeftirlitsins í eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis skv. 100. gr. a ekki náð árangri eða hafi verið kveðinn upp úrskurður um slit fyrirtækisins skv. XII. kafla.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. 70. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: að um sé að ræða aðkomu ríkissjóðs skv. 2. gr. laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði.
b. Við 3. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þegar ríkissjóður er stofnfjáreigandi í sparisjóði fer fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs með atkvæði í samræmi við stofnfjáreign ríkisjóðs í sparisjóðnum. Sama gildir um atkvæðisrétt vegna hlutafjár í sparisjóði sem breytt hefur verið í hlutafélag.

5. gr.

Á eftir 100. gr. laganna kemur ný grein, 100. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Sérstakar ráðstafanir.

Fjármálaeftirlitið getur gripið til sérstakra ráðstafana í samræmi við ákvæði þessarar greinar telji það þörf á vegna sérstakra aðstæðna eða atvika, í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Með sérstökum aðstæðum eða atvikum er átt við sérstaka fjárhags- og/eða rekstrarerfiðleika hjá fjármálafyrirtæki, m.a. líkur á að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum eða kröfuhöfum, forsendur afturköllunar starfsleyfis séu líklega fyrir hendi eða líkur standi til að það geti ekki uppfyllt kröfur um lágmarks eigið fé og að önnur úrræði Fjármálaeftirlitsins séu ekki líkleg til þess að bera

árangur. Þá er með sérstökum aðstæðum m.a. átt við ef fjármálafyrirtæki hefur óskað eftir eða fengið heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamninga eða óskað eftir gjaldþrotaskiptum eða verið úrskurðað gjaldþrota.

Við aðstæður eða atvik sem tilgreind eru í 1. mgr. getur Fjármálaeftirlitið boðað til hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda. Fulltrúi Fjármálaeftirlitsins skal stýra fundi og hefur hann málfrelsi og tillögurétt. Fjármálaeftirlitið er við þessar aðstæður ekki bundið af ákvæðum hlutafélagalaga eða samþykkta fjármálafyrirtækis um fundarboðun, fresti til fundarboðunar eða tillögugerðar til breytinga á samþykktum.

Séu aðstæður mjög knýjandi getur Fjármálaeftirlitið tekið yfir vald hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda í því skyni að taka ákvarðanir um nauðsynlegar aðgerðir, m.a. takmarkað ákvörðunarvald stjórnar, vikið stjórn frá að hluta til eða í heild sinni, tekið yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta eða ráðstafað slíku fyrirtæki í heild eða að hluta meðal annars með samruna þess við annað fyrirtæki. Við slíka ráðstöfun gilda hvorki ákvæði laga um verðbréfaviðskipti um tilboðsskyldu né ákvæði laga um fjármálafyrirtæki um auglýsingu samruna fjármálafyrirtækja í Lögbirtingablaði. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að framselja öll réttindi að því marki sem nauðsynlegt er í slíkum tilfellum. Verði það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að samruni viðkomandi fjármálafyrirtækis við annað tryggi best þá hagsmuni sem í húfi eru gilda ákvæði samkeppnislaga og samrunaákvæði laga um fjármálafyrirtæki ekki um samrunann. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um yfirtöku á rekstri fjármálafyrirtækis skal tilkynnt stjórn þess og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynninguna opinberlega. Starfræki fyrirtækið útibú eða þjónustustarfsemi í öðru ríki skal tilkynningin send lögbærum eftirlitsaðilum í því ríki.

Ef nauðsyn krefur getur Fjármálaeftirlitið takmarkað eða bannað ráðstöfun fjármuna og eigna fjármálafyrirtækis. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka í sínar vörslur þær eignir sem mæta eiga skuldbindingum fjármálafyrirtækis og láta meta verðmæti eigna og ráðstafa þeim til greiðslu áfallinna krafna eftir því sem þörf krefur. Þá er Fjármálaeftirlitinu heimilt að rifta sölu eigna sem átt hefur sér stað allt að mánuði áður en Fjármálaeftirlitið greip til sérstakra ráðstafana samkvæmt þessari grein.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að fjármálafyrirtæki sæki um greiðslustöðvun eða leiti heimildar til nauðasamninga í samræmi við ákvæði laga um gjaldþrotaskipti, sbr. kafla XII. A, ef það er talið nauðsynlegur liður í að leysa úr fjárhags- eða rekstrarvanda fyrirtækisins. Val fyrirtækis á aðstoðarmanni við greiðslustöðvun skal staðfest af Fjármálaeftirlitinu. Fjármálaeftirlitið getur jafnframt krafist þess að fjármálafyrirtæki verði tekið til gjaldþrotaskipta í samræmi við ákvæði laga um gjaldþrotaskipti.

Grein þessi gildir óháð því hvort fjármálafyrirtæki hafi óskað eftir eða fengið heimild til greiðslustöðvunar, nauðasamninga eða óskað eftir gjaldþrotaskiptum eða verið úrskurðað gjaldþrota. Í þeim tilvikum hefur Fjármálaeftirlitið óskertar heimildir til ráðstöfunar réttindum og skyldum viðkomandi fjármálafyrirtækis eða þrotabús.

Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um málsmeðferð og ákvarðanatöku Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þessari grein.

Forstjóri, starfsmenn og stjórnarmenn Fjármálaeftirlitsins eru ekki skaðabótaskyldir vegna ákvarðana og framkvæmdar samkvæmt þessari grein.

Ríkissjóður ber ábyrgð á kostnaði af framkvæmd aðgerða Fjármálaeftirlitsins á grundvelli greinar þessarar, þar með talið skiptakostnaði ef til slíks kostnaðar stofnast.

6. gr.

Við 103. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr., svohljóðandi:

Við skipti á búi fjármálafyrirtækis njóta kröfur vegna innstæðna, samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, rétthæðar skv. 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

III. KAFLI
Breyting á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, með síðari breytingum.

7. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr., svohljóðandi:

Lendi eftirlitsskyldur aðili, annar en fjármálafyrirtæki, í sérstökum fjárhags- og/eða rekstrarerfiðleikum þannig að Fjármálaeftirlitið telur þörf á að grípa til sérstakra ráðstafana í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði gilda ákvæði 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki um heimildir Fjármálaeftirlitsins til inngrips í starfsemina.

IV. KAFLI
Breyting á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, með síðari breytingum.

8. gr.

Við 1. mgr. 9. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir er orðast svo: Sjóðnum er heimilt við endurgreiðslu andvirðis innstæðu úr innstæðudeild að inna greiðsluna af hendi í samræmi við skilmála er gilda um innstæðu eða verðbréf, t.d. hvað varðar binditíma, uppsögn og þess háttar. Ávallt skal heimilt að endurgreiða andvirði innstæðu, verðbréfa eða reiðufjár í íslenskum krónum, óháð því hvort það hefur í öndverðu verið í annarri mynt. Sjóðnum er heimilt að nýta sér kröfur viðkomandi fjármálafyrirtækis á hendur viðskiptamanni til skuldajafnaðar gegn kröfu viðskiptamanns á greiðslu andvirði innstæðu.

9. gr.

Við 3. mgr. 10. gr. laganna bætist nýr málsliður: Krafa sjóðsins nýtur rétthæðar í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. við gjaldþrotaskipti, en ella er hún aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.

V. KAFLI
Breyting á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

10. gr.

Á eftir 2. tölul. 9. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Að kaupa skuldabréf fjármálafyrirtækja sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Íbúðalánasjóði er heimilt að kaupa skuldabréf fjármálafyrirtækja, sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði. Ekki þarf að leita samþykkis skuldara fyrir slíkri yfirfærslu.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Lánveitingar Íbúðalánasjóðs. Kaup skuldabréfa af fjármálafyrirtækjum.*

12. gr.

Á eftir orðunum „lánveitingar Íbúðalánasjóðs“ í 29. gr. laganna kemur: kaup skuldabréfa af fjármálafyrirtækjum sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði.

VI. KAFLI
Gildistaka.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað binda lög þessi alla þegar við birtingu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að undanförnu hafa dunið yfir fjármálamarkaði hremmingar sem einkum hafa lýst sér í skorti á lausafé vegna takmarkaðs lánsframboðs. Íslensk fjármálafyrirtæki hafa ekki farið varhluta af þessum hremmingum frekar en fjármálafyrirtæki í öðrum löndum. Við þessar erfiðu aðstæður hafa stjórnvöld víða um heim neyðst til að grípa til ráðstafana er miða að því að tryggja virkni fjármálakerfisins og efla traust almennings á því.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði ákvæði sem heimila fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs við sérstakar aðstæður á fjármálamarkaði að reiða fram fjármagn til að stofna nýtt fjármálafyrirtæki eða yfirtaka fjármálafyrirtæki í heild eða að hluta. Þá er lagt til að lögfest verði heimild fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til að leggja sparisjóði til fjárhæð sem nemur allt að 20% af bókfærðu eigin fé hans. Að auki eru lagðar til breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, lögum um innstæðutryggingar fyrir fjárfesta og lögum um húsnæðismál. Eru þessar breytingar lagðar til í því skyni að gera stjórnvöldum kleift að bregðast við því ástandi sem nú er á fjármálamörkuðum.

Í fyrsta lagi er lagt til í frumvarpinu að við sérstakar aðstæður, þ.e. sérstaka fjárhags- og/eða rekstrarerfiðleika hjá fjármálafyrirtæki verði fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að leggja fram fjármagn til að stofna nýtt fjármálafyrirtæki eða yfirtaka fjármálafyrirtæki í heild eða að hluta. Í öðru lagi er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að ríkissjóður geti við vissar aðstæður lagt sparisjóðunum fjárframlag sem nemur allt að 20% af bókfærðu eigin fé.

Helstu breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki sem felast í frumvarpinu eru að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að grípa inn í starfsemi fjármálafyrirtækja með víðtækum hætti vegna sérstakra aðstæðna eða atvika, í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Meðal þess sem lagt er til er að Fjármálaeftirlitið geti gert er eftirfarandi:

– Boðað til hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda, án tillits til samþykkta félags og ákvæða hlutafélagalaga.
– Tekið yfir vald hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda í því skyni að taka ákvarðanir um nauðsynlegar aðgerðir m.a. takmarkað ákvörðunarvald stjórnar, vikið stjórn frá að hluta til eða í heild sinni, tekið yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta eða ráðstafað slíku fyrirtæki í heild eða að hluta meðal annars með samruna þess við annað fyrirtæki.
– Takmarkað eða bannað ráðstöfun fjármálafyrirtækis á fjármunum sínum og eignum. Þá er Fjármálaeftirlitinu heimilað að taka í sínar vörslur eignir sem mæta eiga skuldbindingum fjármálafyrirtækis og láta meta verðmæti eigna og ráðstafa þeim til greiðslu áfallinna krafna eftir því sem forsvaranlegt þykir.
– Krafist þess að fyrirtæki sæki um greiðslustöðvun eða leiti heimildar til nauðasamninga.

Jafnframt er lagt til að í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi verði kveðið á um að framangreindar heimildir fjármálaeftirlitsins til inngripa í fjármálafyrirtæki nái einnig til annarra eftirlitsskyldra aðila en fjármálafyrirtækja.

Helstu breytingar á lögum um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi eru:

– Lagt er til að innstæður séu forgangskröfur við gjaldþrotaskipti.
– Kveðið er á um að ávallt sé heimilt að endurgreiða innstæður í íslenskum krónum.
– Kveðið er á um heimild til að endurgreiða innstæður af bundnum reikningum í samræmi við skilmála þeirra reikninga, þannig að greiðsluskylda skapist ekki á sjóðinn fyrr en innstæðueigandi hefði getað tekið innstæðu út úr banka samkvæmt skilmálum.
– Kveðið er á um að reglur um skuldajöfnuð gildi við uppgjör milli innstæðna og skulda í sama fjármálafyrirtæki.

Loks er lagt til að lögfest verði heimild Íbúðalánasjóðs til að yfirtaka húsnæðislán.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að við sérstakar aðstæður verði fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að leggja fram fjármagn til að stofna nýtt fjármálafyrirtæki eða yfirtaka fjármálafyrirtæki eða þrotabú þess í heild eða að hluta. Með sérstökum aðstæðum er átt við sérstaka fjárhags- og/eða rekstrarerfiðleika hjá fjármálafyrirtæki, m.a. líkur á að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum eða kröfuhöfum, forsendur afturköllunar starfsleyfis séu líklega fyrir hendi eða líkur standi til að það geti ekki uppfyllt kröfur um lágmarks eigið fé og að úrræði Fjármálaeftirlitsins séu ekki líkleg til þess að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Þá er með sérstökum aðstæðum m.a. átt við ef fjármálafyrirtæki hefur óskað eftir eða fengið heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamninga eða óskað eftir gjaldþrotaskiptum eða verið úrskurðað gjaldþrota.

Traustur fjármálamarkaður er þjóðfélagslega mikilvægur. Ljóst er að fjárhags- og rekstrarvandi kerfislega mikilvægra banka getur haft mjög alvarleg keðjuverkandi áhrif á fjármálamarkaðinn og íslenskt hagkerfi og ógnað fjármálastöðugleika. Kostnaður þjóðfélagsins af gjaldþroti kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja yrði umtalsverður, ef á reyndi, og erfitt að byggja trúverðugleika upp á ný. Í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði er mikilvægt að stjórnvöld hafi heimild til að grípa til nauðsynlegra aðgerða, þar á meðal yfirtöku fjármálafyrirtækis, í heild eða að hluta, eftir atvikum með stofnun nýs fjármálafyrirtækis. Í síðastnefnda tilfellinu gæti Fjármálaeftirlitið m.a. flutt nafn viðkomandi fjármálafyrirtækis á hið nýja félag, sem sett yrði á laggirnar.

Lagt er til að ákvæði laga um fjármálafyrirtæki um virka eignarhluta gildi ekki um eignarhald ríkisins á fjármálafyrirtæki samkvæmt þessum lögum. Aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki verða samkvæmt gildandi lögum að leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram. Fjármálaeftirlitið metur hæfi umsækjanda til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fjármálafyrirtækis. Íslenska ríkið uppfyllir óumdeilanlega skilyrði laganna til slíks eignarhalds.

Lagt er til að ákvæði laga um verðbréfaviðskipti um yfirtökuskyldu gildi ekki um yfirtöku fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta samkvæmt lögum þessum. Samkvæmt gildandi lögum skal aðili sem beint eða óbeint nær yfirráðum í hlutafélagi þar sem einn eða fleiri flokkar hlutabréfa hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eigi síðar en fjórum vikum eftir að yfirráðum var náð gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð, þ.e. tilboð um að kaupa hluti þeirra í félaginu. Með yfirráðum er m.a. átt við að aðili og þeir sem hann

er í samstarfi við hafi samanlagt eignast a.m.k. 40% atkvæðisréttar í félaginu eða öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félaginu.

Lagt er til að ákvæði laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum gildi ekki um yfirtöku fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta samkvæmt lögum þessum. Ef ráðstafa þarf einstökum rekstrareiningum eða hluta af rekstri fjármálafyrirtækis er nauðsynlegt að sá sem við tekur hafi svigrúm til að hagræða í rekstri og yfirtaki ekki óhjákvæmilega sérstakar skyldur samkvæmt eldri ráðningarsamningum.

Um 2. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að ríkissjóður geti við vissar aðstæður lagt sparisjóðunum fjárframlag sem nemur allt að 20% af bókfærðu eigin fé. Nauðsynlegt þykir að heimild sé fyrir hendi til að ríkissjóður geti tryggt sparisjóðastarfsemina í landinu ef þörf reynist á styrkingu eiginfjárhlutfalls vegna sérstakra aðstæðna á fjármagnsmarkaði.

Um 3. gr.

Ef ríkissjóður kaupir stofnfé eða hlutafé í sparisjóðum samkvæmt heimild í 2. gr. frumvarpsins fer sú eignarhlutdeild að líkindum yfir þau 10% mörk sem eru á leyfilegu eignarhaldi að stofnfé í sparisjóðum. Af þeim sökum er nauðsynlegt að bæta við ákvæði 2. mgr. 70. gr. nýjum lið, c-lið, þar sem tekin eru af tvímæli um hámark á eignarhluta í sparisjóði eigi ekki við um ríkissjóð þegar umræddri heimild er beitt.

Um 4. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að við 3. mgr. 70. gr. bætist ný málsgrein sem kveður á um að fjármálaráðherra fari fyrir hönd ríkissjóðs með atkvæði í samræmi við stofnfjáreign sína í sparisjóði. Um er að ræða undantekningu frá því að stofnfjáreigendum sé aldrei heimilt, fyrir sjálfs síns hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Þykir eðlilegt að ríkissjóður fari með atkvæði í samræmi við stofnfjáreign sína, þegar aðkoma hans er með þeim hætti sem greinir í 3. gr. frumvarpsins. Vegna ákvæða 75. gr. laganna um takmörkun á atkvæðisrétti í sparisjóðum sem breytt hefur verið í hlutafélag þykir rétt að kveða skýrt á um að ríkissjóður fari með atkvæðarétt til samræmis við hlutafjáreign sína.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á VIII. kafla laga um fjármálafyrirtæki, breytingarnar fela í sér að lögfest verði heimild sem ætlað er að styrkja rekstur sparisjóðs ef sérstakar ástæður mæla með því. Lagt er til að þegar stjórn sparisjóðs telur sérstakar aðstæður mæla með því verði fjármálaráðherra heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að leggja til allt að 20% eiginfjárframlag til sparisjóðs. Í greininni er kveðið á um að ríkissjóður fái stofnfjárbréf í sparisjóðnum sem endurgjald fyrir eiginfjárframlag sitt. Um er að ræða undantekningu frá því að enginn megi fara með virkan eignarhlut í sparisjóði. Þær sérstöku aðstæður sem kunna að vera fyrir hendi gætu t.d. verið vegna þrengingar á fjármálamörkuðum.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að ný grein, 100. gr. a, bætist við lög um fjármálafyrirtæki, undir fyrirsögninni „Sérstakar ráðstafanir“.

Í 1. mgr. er að finna skilgreiningu á þeim aðstæðum og atvikum sem leitt geta til sérstakra ráðstafana af hálfu Fjármálaeftirlits samkvæmt greininni. Þó svo að Fjármálaeftirlitið hafi nú þegar tiltekin úrræði til þess að bregðast við rekstrarvanda eftirlitsskyldra aðila, lögum

samkvæmt, veita þau ekki jafnvíðtækar heimildir og frumvarp þetta gerir ráð fyrir til inngripa. Ljóst er að úrræðum þessum verður aðeins beitt við afar sérstakar aðstæður og einkum þegar hætta er á að erfiðleikar fjármálafyrirtækis kunni að hafa víðtæk áhrif á rekstur og afkomu annarra fjármálafyrirtækja (smitáhrif). Slíkar aðstæður gætu t.d. verið að fjármálafyrirtæki er ekki kleift að standa við skuldbindingar sínar þannig að greiðslufall hefði áhrif á viðskiptakjör annarra fjármálafyrirtækja, að fjármálafyrirtæki er komið niður fyrir lögbundið eiginfjárhlutfall og ekki líkur til þess að stjórnendum þess takist að auka svo eigið fé að fullnægjandi geti talist eða að viðvarandi taprekstur stefni hagsmunum innstæðueigenda eða annarra kröfuhafa í hættu. Sérstakar ráðstafanir samkvæmt nýrri 100. gr. a eru þess eðlis að stjórn Fjármálaeftirlitsins þarf að samþykkja þær, en Seðlabanki Íslands tilnefnir einn af þremur aðalstjórnarmönnum Fjármálaeftirlitsins. Er því tryggt að Seðlabanki Íslands, sem eftirlit hefur með lausafjárstöðu fjármálafyrirtækja sé vel upplýstur um stöðu hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis og þær ráðstafanir sem Fjármálaeftirlitið kann að þurfa að grípa til.

Í 2. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti boðað til hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda. Mikilvægt er að Fjármálaeftirlitið geti með skjótum hætti tekið upp viðræður við stjórnendur fjármálafyrirtækis um mögulegar ráðstafanir sem grípa þarf til. Gert er ráð fyrir að fulltrúi Fjármálaeftirlitsins stýri fundi, hafi málfrelsi og tillögurétt. Núgildandi lög heimila ekki slíkt inngrip inn í starfsemi eftirlitsskyldra aðila í neinum tilvikum, en nauðsynlegt kann að vera fyrir Fjármálaeftirlitið að geta brugðist hratt við í þeim tilvikum sem fjármálafyrirtæki glímir við rekstrarerfiðleika, t.d. með það fyrir augum að leggja fram tillögu um hlutafjáraukningu eða samruna við annað fyrirtæki. Í ákvæðinu kemur jafnframt fram að Fjármálaeftirlitið sé ekki bundið af ákvæðum hlutafélagalaga né samþykkta eftirlitsskyldra aðila hvað varðar fundarboðun eða fresti til fundarboða eða dagskrá. Fjármálaeftirlitið gæti því t.d. boðað til fundar með skemmri fyrirvara en hlutafélagalög kveða á um og boðað til fundar t.d. með birtingu auglýsingar í víðlesnu dagblaði. Eðlilegt er þó að Fjármálaeftirlitið taki mið af ákvæðum hlutafélagalaga eftir því sem unnt er hverju sinni. Í norskum lögum er kveðið á um sambærilega heimild til handa þarlendum eftirlitsaðila (Kredittilsynet). Samkvæmt þeirri heimild getur norski eftirlitsaðilinn boðað til hluthafafundar með skömmum fyrirvara ef ástæða er til að ætla að banki sé um það bil að lenda í rekstrarvandræðum og bankinn hefur ekki framkvæmt nauðsynlegar aðgerðir sem miða að því að greiða úr erfiðleikunum.

Í 3. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti tímabundið tekið yfir völd hluthafafundar eða stofnfjáreigendafundar. Mikilvægt er að Fjármálaeftirlitið geti gripið inn í starfsemi fjármálafyrirtækis með þessum hætti, ef alvarlegar aðstæður koma upp, með það að markmiði að reyna að finna grundvöll til áframhaldandi reksturs fyrirtækisins, sameina fyrirtækið eða einstakar rekstrareiningar þess öðru fyrirtæki eða vinna að öðrum nauðsynlegum aðgerðum til þess að takmarka tjón sem hlotist gæti af því að starfsemi viðkomandi fari í þrot. Með hliðsjón af því hversu nauðsynlegt það er að geta gripið til aðgerða án tafar gerir frumvarpið ráð fyrir að ekki þurfi að afla samþykkis Samkeppniseftirlitsins fyrir samrunanum. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að taka yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis skal tilkynnt stjórn þess og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynninguna opinberlega og ef fyrirtækið starfrækir útibú eða þjónustustarfsemi í öðru ríki skal tilkynningin send þarlendum lögbærum eftirlitsaðilum.

Í 4. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti takmarkað eða bannað ráðstöfun fjármálafyrirtækis á fjármunum sínum og eignum ef það er liður í aðgerðum til að koma fjárhag fyrirtækisins á réttan kjöl. Með þessu er t.d. átt við bann við útborgun innlána, veitingu útlána og greiðslu skulda til kröfuhafa. Fjármálaeftirlitið gæti jafnframt á grundvelli þessa ákvæðis lagt

bann við því að fyrirtæki auki við skuldbindingar sínar. Nauðsynlegt kann að vera fyrir Fjármálaeftirlitið að grípa til slíkra aðgerða á meðan unnið er að því að leysa úr erfiðleikum í rekstri eftirlitsskyldra aðila. Nefna má að Fjármálaeftirlitið hefur nú þegar slíka heimild í 90. gr. laga um vátryggingastarfsemi og skv. 3. mgr. 9. gr. laga um fjármálafyrirtæki er Fjármálaeftirlitinu heimilt að banna tiltekna starfsemi sem fjármálafyrirtæki er heimil skv. IV. kafla laganna. Áður en til þess kemur að banna starfsemi samkvæmt síðarnefnda ákvæðinu skal veittur hæfilegur frestur til úrbóta, sbr. 2. málsl. 3. mgr. 9. gr. Ef um alvarlegar aðstæður er að ræða kann hins vegar að vera nauðsynlegt fyrir Fjármálaeftirlitið að grípa inn með skjótari hætti. Ákvæði 4. mgr. frumvarpsins kveður jafnframt á um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að taka í sínar vörslur eignir sem mæta eiga skuldbindingum fjármálafyrirtækis, láta meta verðmæti eigna og ráðstafa þeim til greiðslu áfallinna krafna eftir því sem forsvaranlegt þykir. Þá er Fjármálaeftirlitinu heimilt að rifta sölu eigna sem átt hefur sér stað allt að mánuði áður en Fjármálaeftirlitið greip til sérstakra ráðstafana samkvæmt þessari grein.

Í 5. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti krafist þess að fjármálafyrirtæki sæki um greiðslustöðvun í samræmi við ákvæði laga um gjaldþrotaskipti. Ákvæði laga um gjaldþrotaskipti skuli gilda um greiðslustöðvun, en val aðila á aðstoðarmanni skuldara skal þó staðfest af Fjármálaeftirlitinu.

Í 6. mgr. er lagt til að grein þessi gildi óháð því hvort fjármálafyrirtæki hafi óskað eftir eða fengið heimild til greiðslustöðvunar, nauðasamninga eða óskað eftir gjaldþrotaskiptum eða verið úrskurðað gjaldþrota. Í þeim tilvikum hefur Fjármálaeftirlitið óskertar heimildir til ráðstöfunar réttindum og skyldum viðkomandi fjármálafyrirtækis eða þrotabús, burtséð frá ákvæðum laga um réttindi og skyldur umsjónarmanns, tilsjónarmanns eða skiptastjóra.

Í 7. og 8. mgr. er hnykkt á nauðsyn þess að Fjármálaeftirlitið geti brugðist hratt við ef hætta steðjar að fjármálastöðugleika á Íslandi. Gert er ráð fyrir að ákvæðum stjórnsýslulaga um andmælarétt o.fl. verði vikið til hliðar við sérstakar ráðstafanir skv. 100. gr. a, sem kalla á skjót viðbrögð, enda væri að öðrum kosti útilokað að grípa til nauðsynlegra aðgerða. Enn fremur er lagt til að starfsmenn og stjórnarmenn Fjármálaeftirlitsins verði undanþegnir skaðabótaábyrgð vegna mögulegra afleiðinga ákvarðanatöku á grundvelli 100. gr. a. Tryggja verður að starfsfólk og stjórnarmenn stofnunarinnar veigri sér ekki við að grípa til aðgerða sem nauðsynlegar teljast, en ágreiningur kann að verða um vegna skerts hags eða réttinda, svo sem hluthafa eða stofnfjáreigenda. Fjármálaeftirlitið sem stofnun kann hins vegar að baka sér skaðabótaábyrgð líkt og nú er.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um rétthæð innstæðna við gjaldþrot fjármálafyrirtækis.

Um 7. gr.

Nauðsynlegt þykir að tryggja að Fjármálaeftirlitið geti gripið til sérstakra ráðstafana vegna alvarlegra fjárhags- eða rekstrarerfiðleika annarra eftirlitsskyldra aðila en fjármálafyrirtækja. Því er lagt til að lögfest verði ný málsgrein 8. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með tilvísun til þeirra heimilda til inngrips sem 2. gr. frumvarpsins kveður á um.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er lagt til að við 1. mgr. 9. gr. laganna bætist þrír nýir málsliðir. Í fyrsta lagi er lagt til að Tryggingasjóði verði heimilt við endurgreiðslu úr sjóðnum að inna af hendi greiðslu andvirðis innstæðu úr innstæðudeild í samræmi við skilmála sem um innstæðuna og verð-

bréfin gilda, t.d. er varðar binditíma, uppsögn og þess háttar. Er þar m.a. átt við að hafi innlánsreikningur í aðildarfyrirtæki verið bundinn reikningur til tiltekins tíma þá sé Tryggingasjóði heimilt að endurgreiða innstæðu að þeim tíma liðnum. Þannig skapist greiðsluskylda Tryggingasjóðs ekki fyrr en innstæðueigandi hefði getað tekið innstæðu út úr banka samkvæmt skilmálum. Forsendur ákvæðisins eru þær að ekki sé eðlilegt að Tryggingasjóði beri skylda til að greiða andvirði innstæðu fyrr en aðildarfyrirtæki hefði borið.

Í öðru lagi er lagt til að Tryggingasjóði skuli ávallt heimilt að endurgreiða innstæður í íslenskum krónum, óháð því hvort innstæða hefur í öndverðu verið í annarri mynt. Í lögum er ekki tekin afstaða til þessa atriðis og því þykir eðlilegt að taka af öll tvímæli um það í hvaða mynd Tryggingasjóður skuli endurgreiða. Í því tilfelli sem eign viðskiptamanns er í erlendri mynt yrði krafan umreiknuð miðað við sölugengi á þeim degi er Fjármálaeftirlitið gefur út álit um að aðildarfyrirtæki sé ekki fært um að inna af hendi tafarlaust eða í nánustu framtíð greiðslu á andvirði innstæðu, verðbréfa eða reiðufjár eða þann dag sem úrskurður um töku bús aðildarfyrirtækis til gjaldþrotaskipta er kveðinn upp.

Í þriðja lagi er lagt til að réttur viðskiptamanns til greiðslu takmarkist af skuldajafnaðarheimild sem sjóðnum er ávallt heimilt að beita við uppgjör skuldbindingarinnar. Rétt þykir að skýrt sé kveðið á um það í lögum að skuldajöfnun sé heimil.

Um 9. gr.

Þá er lagt til að við 3. mgr. 10. gr. bætist nýr málsliður er kveður á um að kröfur vegna innstæðna njóti rétthæðar við gjaldþrotaskipti skv. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Um 10.–12. gr.

Gert er ráð fyrir því í þessum greinum að heimildir Íbúðalánasjóðs samkvæmt lögum um húsnæðismál verði rýmkaðar þannig að honum verði heimilt að kaupa skuldabréf fjármálafyrirtækja sem teljast til hefðbundinna íbúðalána. Slík ráðstöfun getur verið þáttur í nauðsynlegum aðgerðum við endurskipulagningu rekstrar fjármálafyrirtækja og er til þess fallin að liðka fyrir fjármögnun. Þá er lagt til að ráðherra geti sett ferkari fyrirmæli í reglugerð um þessar heimildir.

Um 13. gr.

Lagt er til að frumvarpið bindi alla við birtingu. Í lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað er kveðið á um að lög bindi alla frá og með deginum eftir útgáfudag þeirra Stjórnartíðinda þar sem fyrirmælin voru birt. Vegna eðlis ákvæða frumvarpsins er nauðsynlegt að það bindi alla þegar við birtingu þeirra.

81. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónínu S. Lárusdóttur og Áslaugu Árnadóttur frá viðskiptaráðuneyti, Jónas Fr. Jónsson og Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu, Tryggva Herbertsson frá forsætisráðuneyti, Davíð Oddsson og Sigríði Logadóttur frá Seðlabanka Íslands, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Eirík Tómasson prófessor frá Háskóla Íslands, Þórð Friðjónsson frá Kauphöll Íslands, Harald Birgisson, Frosta Ólafsson og Finn Oddsson frá Viðskiptaráði Íslands, Hrafn Magnússon og Arnar Sigurmundsson frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Gylfa Arnbjörnsson frá ASÍ, Helgu Jónsdóttur og Sonju Ýr Þorbergsdóttur frá BSRB, Guðmund Bjarnason og Ívar Ragnarsson frá Íbúðalánasjóði, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins og Ernu Guðmundsdóttur frá BHM og Kennarasambandi Íslands.

Með frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að við sérstakar aðstæður verði fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að leggja fram fjármagn til að stofna nýtt fjármálafyrirtæki eða yfirtaka fjármálafyrirtæki eða þrotabú þess í heild eða hluta. Í öðru lagi er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að ríkissjóður geti við vissar aðstæður lagt sparisjóðum til fjárframlag sem nemur allt að 20% af bókfærðu eigin fé. Sama gildi um sparisjóði sem búið er að hluta fjárvæða.

Lagt er til að Fjármálaeftirlitinu verði fengnar víðtækar heimildir til að grípa inn í starfsemi fjármálafyrirtækja og bregðast við vegna sérstakra aðstæðna eða atvika, í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði, að boða til hluthafafundar eða fundar stjórnar auk þess sem gerðar eru breytingar á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi. Loks er lagt til að Íbúðalánasjóði verði heimilað að yfirtaka húsnæðislán fjármálafyrirtækja.

Eftir umræður nefndarinnar hefur meiri hlutinn komið sér saman um eftirfarandi breytingar við frumvarp þetta. Lagt er til að 1. mgr. verði breytt á þann hátt að skýrlega sé tekið fram að ekki verði gripið til ráðstafana skv. lögunum nema við sérstakar og mjög óvenjulegar aðstæður á fjármálamarkaði. Þá er einnig lagt til að tenging milli 1. og 2. mgr. 1. gr. verði skýrari með því að vísa í 2. mgr. til hugtaksins sérstakra og óvenjulegra aðstæðna á fjármálamarkaði sem fram kemur í 1. mgr.

Nefndin ræddi um viðskipti með stofnfjárbréf í 2. gr. frumvarpsins og leggur til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að setja nánari reglur um viðskipti með stofnbréf.

Einnig er bætt við nýrri málsgrein í 5. gr. þannig að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að skipa fimm manna skilanefnd sem fari með allar heimildir stjórnar fjármálafyrirtækis sem vikið hefur verið frá.

Þá eru lagðar til breytingar sem tryggja að allur lífeyrissparnaður á innstæðuformi falli undir ákvæði laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999.

Einnig leggur meiri hlutinn til að Íbúðalánasjóði verði heimilt að kaupa eða endurfjármagna skuldabréf fjármálafyrirtækja sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði og að ráðherra verði heimilt að mæla nánar fyrir um slíka yfirfærslu lána í reglugerð. Nefndin ræddi einnig nokkuð um lagaheimildir Íbúðalánasjóðs til skuldbreytinga á lánum og telur

nauðsynlegt að kveðið verði skýrt á um að yfirtekin eða keypt lán skv. V. kafla frumvarpsins falli undir heimild til skuldbreytingar sem kveðið er á um í 48. gr. laga um húsnæðismál. Með þessu telur nefndin tryggt að heimilt verði að skuldbreyta keyptum eða yfirteknum lánum einstaklinga sem lenda í greiðsluerfiðleikum.

Að lokum ræddi nefndin um nauðsyn þess að lög þessi verði endurskoðuð og leggur til í ákvæði til bráðabirgða að þau skuli endurskoðuð fyrir 1. janúar 2010.

Nefndin leggur áherslu á að ákvæði frumvarpsins eru hugsuð sem neyðarráðstöfun og því þurfi ráðherra að leita staðfestingar þingsins. Leggur nefndin áherslu á mikilvægi þess að verði heimildin notuð skuli fjárlaganefnd Alþingis upplýst jafnharðan um ráðstafanir.

Nefndin telur að í ljósi þessara sérstöku aðstæðna sem skapast hafa á innlendum sem og alþjóðlegum mörkuðum sé heimilt að grípa til svo róttækra aðgerða sem hér eru lagðar til og koma með því í veg fyrir keðjuverkandi áhrif á fjármálamarkaðinn og íslenskt hagkerfi. Leggur nefndin áherslu á að hér er umfram allt verið að tryggja hagsmuni hins almenna borgara og skapa skilyrði fyrir stöðugleika í efnahagslífinu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Alþingi, 6. okt. 2008.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Jón Gunnarsson.
Björk Guðjónsdóttir.	Birgir Ármannsson.	Lúðvík Bergvinsson.
Birkir J. Jónsson, með fyrirvara.		Höskuldur Þórhallsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal I.

Umsögn félags- og tryggingamálanefndar.

Félags- og tryggingamálanefnd hefur borist erindi frá viðskiptanefnd þar sem óskað er álits nefndarinnar á þeim þáttum sem snúa að málefnasviði félags- og tryggingamálanefndar í 80. máli, frumvarpi til laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

Nefndin tók til umfjöllunar V. kafla frumvarpsins þar sem lagðar eru til breytingar á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, þess efnis að Íbúðalánasjóði verði heimilt að yfirtaka húsnæðislán með kaupum á skuldabréfum sem teljast til hefðbundinna íbúðalána af fjármálafyrirtækjum. Nefndin fékk á sinn fund Guðmund Bjarnason og Ívar Ragnarsson frá Íbúðalánasjóði og Áslaugu Árnadóttur og Jónínu S. Lárusdóttur frá viðskiptaráðuneyti.

Nefndin leggur áherslu á að heimildin sé hluti af nauðsynlegum aðgerðum til að tryggja stöðu lánþega íbúðalána. Nefndin leggur enn fremur áherslu á tryggt verði að Íbúðalánasjóður geti áfram sinnt hlutverki sínu samkvæmt lögum um húsnæðismál og að landsmenn geti áfram búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum. Jafnframt leggur nefndin áherslu á staða sjóðsins verði áfram tryggð og að ríkissjóður tryggi Íbúðalánasjóði nægilegt fjármagn til að sinna lögbundnu hlutverki sínu.

Fram kom í nefndinni mikilvægi þess að í reglugerð séu útfærð ýmis atriði sem varða hámarksveðsetningu, vaxtakjör og mynt íbúðalána.

Nefndin telur að gera þurfi breytingu þess efnis að 48. gr. laga um húsnæðismál eigi einnig um yfirtekin lán samkvæmt hinni nýju heimild.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Jón Bjarnason, sem sat fundinn fyrir Ögmund Jónasson, gerir fyrirvara við frumvarpið í heild sinni.

Ólöf Nordal sat fundinn fyrir Pétur H. Blöndal, Karl V. Matthíasson sat fundinn fyrir Ástu R. Jóhannesdóttur og Bjarni Harðarson sat fundinn fyrir Birki J. Jónsson.

Alþingi 6. okt. 2008.

Guðbjartur Hannesson, form.,
Ármann Kr. Ólafsson,
Karl V. Matthíasson,
Árni Johnsen,
Ólöf Nordal,
Bjarni Harðarson,
Kristinn H. Gunnarsson,
Jón Bjarnason, með fyrirvara.

Fylgiskjal II.

Umsögn efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónínu S. Lárusdóttur og Áslaugu Árnadóttur frá viðskiptaráðuneyti, Davíð Oddsson og Sigríði Logadóttur frá Seðlabanka Íslands, Jónas Jónsson, Ragnar Hafliðason og Tryggva Herbertsson f.h. Fjármálaeftirlitsins og Guðjón Rúnarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja.

Nefndin ræddi einstaka efnisþætti frumvarpsins ásamt þeim gestum sem á fund hennar komu.

Nefndin leggur til að viðskiptanefnd afgreiði frumvarpið. Ögmundur Jónasson, Katrín Jakobsdóttir og Magnús Stefánsson hafa fyrirvara við málið í heild sinni.

Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og gerir fyrirvara við málið í heild sinni.

Alþingi, 6. okt. 2008.

Pétur H. Blöndal, form.,
Ellert B. Schram,
Ögmundur Jónasson, með fyrirvara,
Bjarni Benediktsson,
Gunnar Svavarsson,
Magnús Stefánsson, með fyrirvara,
Katrín Jakobsdóttir, með fyrirvara,
Rósa Guðbjartsdóttir,
Árni Páll Árnason.

82. Breytingartillögur [80. mál]

við frv. til l. um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar (ÁÓÁ, GSB, JónG, BjörkG, BÁ, LB, BJJ, HöskÞ).

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir orðunum „Við sérstakar“ í 1. mgr. komi: og mjög óvenjulegar.
   b. Í stað orðanna „sérstökum aðstæðum“ í 2. mgr. komi: sérstökum og mjög óvenjulegum aðstæðum á fjármálamarkaði, sbr. 1. mgr.
2. Við 2. gr. Á eftir 3. málsl. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja sérstakar reglur um viðskipti með stofnbréf í slíkum tilvikum.
3. Við 5. gr. bætist ný efnismálsgrein, er verður 4. mgr., svohljóðandi:
   Fjármálaeftirlitinu er heimilt, samhliða því sem ákvörðun er tekin um að víkja stjórn fjármálafyrirtækisins frá, að skipa því fimm manna skilanefnd sem fari með allar heimildir stjórnar samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga. Skilanefnd skal fara með öll málefni fjármálafyrirtækisins, þar á meðal að hafa umsjón með allri meðferð eigna þess, svo og að annast annan rekstur þess. Skilanefnd skal fara eftir og framkvæma þær ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins sem teknar eru á grundvelli ákvæðis þessa. Ákvæði 64. og 65. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eiga ekki við meðan skilanefnd samkvæmt ákvæði þessu fer með málefni fjármálafyrirtækisins. Á sama tíma verður ekki komið fram gagnvart fjármálafyrirtækinu aðfarargerð á grundvelli laga um aðför eða kyrrsetningu á grundvelli laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl.
4. Við 8. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi:
   Við 6. mgr. 9. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þó skulu innstæður sem aðildarfyrirtæki eða móður- og dótturfyrirtæki þeirra hafa í vörslu sinni fyrir hönd viðskiptavina ekki undanskildar tryggingu skv. 1. mgr. Þá skulu innstæður verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða, fagfjárfestasjóða, lífeyrissjóða eða annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu ekki undanskildar tryggingu skv. 1. mgr., jafnvel þótt vörsluaðili eða rekstrarfélag slíkra sjóða sé aðildarfyrirtæki eða móður- eða dótturfyrirtæki aðildarfyrirtækja.
5. Við 10. gr. Á eftir orðunum „Að kaupa“ komi: eða endurfjármagna.
6. Við 11. gr. Við efnismálsgrein a-liðar bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um slíka yfirfærslu í reglugerð.
7. Á eftir 12. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Á undan orðunum „53. gr.“ í 1., 2. og 6. mgr. 48. gr. laganna kemur: 2. tölul. 9. gr. og.
8. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir 1. janúar 2010.

83. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

Frá minni hluta viðskiptanefndar.

Minni hluti viðskiptanefndar hefur kynnt sér og rannsakað efni þessa frumvarps eins og kostur er á skömmum tíma og við afar sérstakar aðstæður. Málið er borið fram af ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar þegar komið er í mikið óefni í fjármálalífi landsmanna og engir góðir kostir eru í boði. Verkefni Alþingis og ríkisstjórnar er, við þessar þröngu aðstæður, að lágmarka skaðann fyrir almenning og þjóðarbúið eins og framast er unnt. Ekki skiptir síður miklu máli að reyna að tryggja framtíðarhagsmuni landsmanna, þannig að byrðarnar verði ekki þyngri á herðum komandi kynslóða en óumflýjanlegt er. Því miður er þegar ljóst að margir verða fyrir skaða vegna ríkjandi ástands til viðbótar þeim áföllum sem þegar eru orðin.

Minni hlutinn telur miklu skipta að aðilar máls, þeir sem hér hafa um vélað, sæti viðskiptalegri og siðferðilegri, lagalegri og pólitískri ábyrgð. Ljóst er að hlutur allra helstu málsaðila hlýtur að koma til rækilegrar skoðunar. Benda má á í þessu sambandi þá opinberu rannsókn sem þegar er hafin í Bandaríkjunum vegna framferðis og hruns fjármálastofnana þar.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð, og stjórnarandstaðan öll, hefur undanfarna daga og vikur boðið ríkisstjórninni samstarf og aðstoð við að leysa úr aðsteðjandi stórvandræðum sem öllum mátti ljóst vera að væru í vændum. Sú útrétta samstarfs- og sáttahönd hefur enn ekki verið þegin og ríkisstjórnin því væntanlega talið sig einfæra um og fullfæra að ráða fram úr vandanum. Afrakstur þeirrar ráðsmennsku og verkstjórnar ríkisstjórnarinnar sér nú stað í þessum neyðarlögum.

Með því að ríkisstjórnin hefur kosið að vinna ein að undirbúningi málsins, þó að væntanlegt efni þess væri kynnt fyrir forustumönnum stjórnarandstöðunnar á síðustu stundu og á sama degi og það er afgreitt, hlýtur hún, þ.e. ríkisstjórnin og meiri hluti hennar, að bera ábyrgð á því. Það er einnig ljóst að miklu skiptir hvernig heimildir samkvæmt frumvarpinu, ef að lögum verður, verða nýttar. Framkvæmdin og hvernig þar til tekst verður því aðalatriði málsins og þar sem hún verður að óbreyttu á ábyrgð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar getur minni hlutinn eðli málsins samkvæmt ekki borið ábyrgð á slíku fyrir fram og munu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs því sitja hjá við endanlega afgreiðslu málsins.

Framsal valds til fjármálaráðherra og þá ekki síður til Fjármálaeftirlitsins er, samkvæmt frumvarpinu, gríðarlega víðtækt og það og fleiri ákvæði frumvarpsins kunna að ganga fram á ystu brún gagnvart ýmsum stjórnarskrárvörðum réttindum.

Minni hlutinn vill taka fram að hann styður heilshugar ákvæði frumvarpsins um að Íbúðalánasjóði verði heimilt að taka yfir íbúðalán viðskiptabanka og sparisjóða. Reyndar liggur slíkt frumvarp þegar fyrir þinginu flutt af þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Minni hlutinn telur að margt bendi til þess, því miður, að aðgerðir af því tagi sem frumvarpið væntanlega er fyrirboði að sé illskásti neyðarkosturinn í stöðunni og til þess fallinn að leita leiða til að lágmarka skaðann sem stórkostlegt andvaraleysi og mistök fjölmargra

innlendra ábyrgðaraðila, að viðbættri hinni alþjóðlegu fjármálakreppu, er að leiða yfir þjóðina. Af þessum sökum m.a. og með vísan til þess að óumflýjanlegt er nú orðið að bregðast hratt við studdu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs að málið yrði tekið fyrir með afbrigðum og fengi skjóta afgreiðslu, en sitja hins vegar hjá við endanlega afgreiðslu þess eins og áður sagði með vísan til ofangreinds rökstuðnings.

Jón Magnússon er áheyrnarfulltrúi í viðskiptanefnd og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 6. okt. 2008.

Steingrímur J. Sigfússon.

84. Frumvarp til laga [80. mál]

um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

(Eftir 2. umr., 6. okt.)

I. KAFLI
Heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði.

1. gr.

Við sérstakar og mjög óvenjulegar aðstæður á fjármálamarkaði er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að reiða fram fjármagn til að stofna nýtt fjármálafyrirtæki eða yfirtaka fjármálafyrirtæki eða þrotabú þess í heild eða að hluta.

Með sérstökum og mjög óvenjulegum aðstæðum á fjármálamarkaði, sbr. 1. mgr., er átt við sérstaka fjárhags- og/eða rekstrarerfiðleika hjá fjármálafyrirtæki, m.a. líkur á að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum eða kröfuhöfum, forsendur afturköllunar starfsleyfis séu líklega fyrir hendi eða líkur standi til að það geti ekki uppfyllt kröfur um lágmarks eigið fé og að úrræði Fjármálaeftirlitsins séu ekki líkleg til þess að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Þá er með sérstökum aðstæðum m.a. átt við ef fjármálafyrirtæki hefur óskað eftir eða fengið heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamninga eða óskað eftir gjaldþrotaskiptum eða verið úrskurðað gjaldþrota.

Ákvæði laga um fjármálafyrirtæki gilda ekki hvað varðar heimild ríkisins til að eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki samkvæmt þessum lögum. Ákvæði laga um verðbréfaviðskipti um yfirtökuskyldu og lýsingar gilda ekki um öflun og meðferð eignarhlutar ríkissjóðs í fjármálafyrirtækjum samkvæmt þessum lögum. Ákvæði laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum gilda ekki um yfirtöku fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta samkvæmt lögum þessum. Við stofnun hlutafélags í því skyni að taka við rekstri fjármálafyrirtækis að hluta til eða í heild sinni skal það félag undanþegið ákvæðum hlutafélagalaga um lágmarksfjölda hluthafa skv. 2. mgr. 3. gr. svo og ákvæðum 6.–8. gr. laganna um sérfræðiskýrslu. Fyrirtæki sem stofnað er samkvæmt þessari grein hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

2. gr.

Við þær sérstöku aðstæður sem greinir í 1. gr. er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að leggja sparisjóði til fjárhæð sem nemur allt að 20% af bókfærðu eigin fé hans. Ríkissjóður fær stofnfjárbréf eða hlutabréf í sparisjóðnum sem endurgjald í samræmi við eiginfjárframlag sem lagt er til. Fjárhæð útgefinna stofnfjárhluta til ríkissjóðs skal að nafnverði nema sömu upphæð og það fjárframlag sem innt er af hendi og skal það stofnfé njóta sömu stöðu og aðrir stofnfjárhlutir í viðkomandi sjóði. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja sérstakar reglur um viðskipti með stofnbréf í slíkum tilvikum. Þegar um er að ræða sparisjóð sem breytt hefur verið í hlutafélag samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki skal hið nýja hlutafé nema sama hlutfalli gagnvart öðru útgefnu hlutafé og fjárframlagið er í hlutfalli við bókfært eigið fé félagsins. Ákvæði þetta tekur jöfnum höndum til stofnfjársparisjóða og þeirra sparisjóða sem breytt hefur verið í hlutafélag samkvæmt ákvæðum laga þessara eftir því sem við á. Ef stjórn sparisjóðs samþykkir er heimilt að víkja frá ákvæðum 66. gr. laga um fjármálafyrirtæki um boðun fundar stofnfjáreigenda og forgangsrétt þeirra til aukningar stofnfjár eða hlutafjár.

II. KAFLI

Breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

3. gr.

6. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: hafi ráðstafanir sem gripið hefur verið til á grundvelli ákvæða um inngrip Fjármálaeftirlitsins í eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis skv. 100. gr. a ekki náð árangri eða hafi verið kveðinn upp úrskurður um slit fyrirtækisins skv. XII. kafla.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: að um sé að ræða aðkomu ríkissjóðs skv. 2. gr. laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.
b. Við 3. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þegar ríkissjóður er stofnfjáreigandi í sparisjóði fer fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs með atkvæði í samræmi við stofnfjáreign ríkissjóðs í sparisjóðnum. Sama gildir um atkvæðisrétt vegna hlutafjár í sparisjóði sem breytt hefur verið í hlutafélag.

5. gr.

Á eftir 100. gr. laganna kemur ný grein, 100. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Sérstakar ráðstafanir.

Fjármálaeftirlitið getur gripið til sérstakra ráðstafana í samræmi við ákvæði þessarar greinar telji það þörf á vegna sérstakra aðstæðna eða atvika, í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Með sérstökum aðstæðum eða atvikum er átt við sérstaka fjárhags- og/eða rekstrarerfiðleika hjá fjármálafyrirtæki, m.a. líkur á að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum eða kröfuhöfum, forsendur afturköllunar starfsleyfis séu líklega fyrir hendi eða líkur standi til að það geti ekki uppfyllt kröfur um lágmarks eigið fé og að önnur úrræði Fjármálaeftirlitsins séu ekki líkleg til þess að bera árangur. Þá er með sérstökum aðstæðum m.a. átt við ef fjármálafyrirtæki hefur óskað eftir eða fengið

heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamninga eða óskað eftir gjaldþrotaskiptum eða verið úrskurðað gjaldþrota.

Við aðstæður eða atvik sem tilgreind eru í 1. mgr. getur Fjármálaeftirlitið boðað til hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda. Fulltrúi Fjármálaeftirlitsins skal stýra fundi og hefur hann málfrelsi og tillögurétt. Fjármálaeftirlitið er við þessar aðstæður ekki bundið af ákvæðum hlutafélagalaga eða samþykkta fjármálafyrirtækis um fundarboðun, fresti til fundarboðunar eða tillögugerðar til breytinga á samþykktum.

Séu aðstæður mjög knýjandi getur Fjármálaeftirlitið tekið yfir vald hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda í því skyni að taka ákvarðanir um nauðsynlegar aðgerðir, m.a. takmarkað ákvörðunarvald stjórnar, vikið stjórn frá að hluta til eða í heild sinni, tekið yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta eða ráðstafað slíku fyrirtæki í heild eða að hluta m.a. með samruna þess við annað fyrirtæki. Við slíka ráðstöfun gilda hvorki ákvæði laga um verðbréfaviðskipti um tilboðsskyldu né ákvæði laga um fjármálafyrirtæki um auglýsingu samruna fjármálafyrirtækja í Lögbirtingablaði. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að framselja öll réttindi að því marki sem nauðsynlegt er í slíkum tilfellum. Verði það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að samruni viðkomandi fjármálafyrirtækis við annað tryggi best þá hagsmuni sem í húfi eru gilda ákvæði samkeppnislaga og samrunaákvæði laga um fjármálafyrirtæki ekki um samrunann. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um yfirtöku á rekstri fjármálafyrirtækis skal tilkynnt stjórn þess og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynninguna opinberlega. Starfræki fyrirtækið útibú eða þjónustustarfsemi í öðru ríki skal tilkynningin send lögbærum eftirlitsaðilum í því ríki.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt, samhliða því sem ákvörðun er tekin um að víkja stjórn fjármálafyrirtækisins frá, að skipa því fimm manna skilanefnd sem fari með allar heimildir stjórnar samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga. Skilanefnd skal fara með öll málefni fjármálafyrirtækisins, þar á meðal að hafa umsjón með allri meðferð eigna þess, svo og að annast annan rekstur þess. Skilanefnd skal fara eftir og framkvæma þær ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins sem teknar eru á grundvelli ákvæðis þessa. Ákvæði 64. og 65. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eiga ekki við meðan skilanefnd samkvæmt ákvæði þessu fer með málefni fjármálafyrirtækisins. Á sama tíma verður ekki komið fram gagnvart fjármálafyrirtækinu aðfarargerð á grundvelli laga um aðför eða kyrrsetningu á grundvelli laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

Ef nauðsyn krefur getur Fjármálaeftirlitið takmarkað eða bannað ráðstöfun fjármuna og eigna fjármálafyrirtækis. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka í sínar vörslur þær eignir sem mæta eiga skuldbindingum fjármálafyrirtækis og láta meta verðmæti eigna og ráðstafa þeim til greiðslu áfallinna krafna eftir því sem þörf krefur. Þá er Fjármálaeftirlitinu heimilt að rifta sölu eigna sem átt hefur sér stað allt að mánuði áður en Fjármálaeftirlitið greip til sérstakra ráðstafana samkvæmt þessari grein.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að fjármálafyrirtæki sæki um greiðslustöðvun eða leiti heimildar til nauðasamninga í samræmi við ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. kafla XII A, ef það er talið nauðsynlegur liður í að leysa úr fjárhags- eða rekstrarvanda fyrirtækisins. Val fyrirtækis á aðstoðarmanni við greiðslustöðvun skal staðfest af Fjármálaeftirlitinu. Fjármálaeftirlitið getur jafnframt krafist þess að fjármálafyrirtæki verði tekið til gjaldþrotaskipta í samræmi við ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Grein þessi gildir óháð því hvort fjármálafyrirtæki hafi óskað eftir eða fengið heimild til greiðslustöðvunar, nauðasamninga eða óskað eftir gjaldþrotaskiptum eða verið úrskurðað

gjaldþrota. Í þeim tilvikum hefur Fjármálaeftirlitið óskertar heimildir til ráðstöfunar réttindum og skyldum viðkomandi fjármálafyrirtækis eða þrotabús.

Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um málsmeðferð og ákvarðanatöku Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þessari grein.

Forstjóri, starfsmenn og stjórnarmenn Fjármálaeftirlitsins eru ekki skaðabótaskyldir vegna ákvarðana og framkvæmdar samkvæmt þessari grein.

Ríkissjóður ber ábyrgð á kostnaði af framkvæmd aðgerða Fjármálaeftirlitsins á grundvelli greinar þessarar, þar með talið skiptakostnaði ef til slíks kostnaðar stofnast.

6. gr.

Við 103. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr., svohljóðandi:

Við skipti á búi fjármálafyrirtækis njóta kröfur vegna innstæðna, samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, rétthæðar skv. 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

III. KAFLI
Breyting á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, með síðari breytingum.

7. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lendi eftirlitsskyldur aðili, annar en fjármálafyrirtæki, í sérstökum fjárhags- og/eða rekstrarerfiðleikum þannig að Fjármálaeftirlitið telur þörf á að grípa til sérstakra ráðstafana í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði gilda ákvæði 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki um heimildir Fjármálaeftirlitsins til inngrips í starfsemina.

IV. KAFLI
Breyting á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, með síðari breytingum.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Sjóðnum er heimilt við endurgreiðslu andvirðis innstæðu úr innstæðudeild að inna greiðsluna af hendi í samræmi við skilmála er gilda um innstæðu eða verðbréf, t.d. hvað varðar binditíma, uppsögn og þess háttar. Ávallt skal heimilt að endurgreiða andvirði innstæðu, verðbréfa eða reiðufjár í íslenskum krónum, óháð því hvort það hefur í öndverðu verið í annarri mynt. Sjóðnum er heimilt að nýta sér kröfur viðkomandi fjármálafyrirtækis á hendur viðskiptamanni til skuldajafnaðar gegn kröfu viðskiptamanns á greiðslu andvirðis innstæðu.
b. Við 6. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þó skulu innstæður sem aðildarfyrirtæki eða móður- og dótturfyrirtæki þeirra hafa í vörslu sinni fyrir hönd viðskiptavina ekki undanskildar tryggingu skv. 1. mgr. Þá skulu innstæður verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða, fagfjárfestasjóða, lífeyrissjóða eða annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu ekki undanskildar tryggingu skv. 1. mgr., jafnvel þótt vörsluaðili eða rekstrarfélag slíkra sjóða sé aðildarfyrirtæki eða móður- eða dótturfyrirtæki aðildarfyrirtækja.

9. gr.

Við 3. mgr. 10. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Krafa sjóðsins nýtur rétthæðar í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. við gjaldþrotaskipti, en ella er hún aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.

V. KAFLI

Breyting á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

10. gr.

Á eftir 2. tölul. 9. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Að kaupa eða endurfjármagna skuldabréf fjármálafyrirtækja sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Íbúðalánasjóði er heimilt að kaupa skuldabréf fjármálafyrirtækja sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði. Ekki þarf að leita samþykkis skuldara fyrir slíkri yfirfærslu. Ráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um slíka yfirfærslu í reglugerð.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Lánveitingar Íbúðalánasjóðs. Kaup skuldabréfa af fjármálafyrirtækjum.*

12. gr.

Á eftir orðunum „lánveitingar Íbúðalánasjóðs“ í 29. gr. laganna kemur: kaup skuldabréfa af fjármálafyrirtækjum sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði.

13. gr.

Á undan orðunum „53. gr.“ í 1., 2. og 6. mgr. 48. gr. laganna kemur: 2. mgr. 15. gr. og.

VI. KAFLI

Gildistaka.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað binda lög þessi alla þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir 1. janúar 2010.

85. Lög [80. mál]

um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 6. október 2008.)

Samhljóða þskj. 84.

86. Fyrirspurn [81. mál]

til félagsmálaráðherra um fæðingarorlof kvenna sem gengist hafa undir tæknifrjóvgun.

Frá Katrínu Jakobsdóttur.

Kemur til greina að endurskoða gildandi lagaákvæði um fæðingarorlof með tilliti til nýlegra breytinga á lögum um tæknifrjóvgun og lengja fæðingarorlof einhleypra kvenna sem hafa farið í tæknifrjóvgun úr sex mánuðum í níu mánuði þannig að börn þeirra fái jafnlangan tíma með foreldri í fæðingarorlofi og börn hjóna eða para?

87. Fyrirspurn [82. mál]

til fjármálaráðherra um heimild til að draga opinber gjöld af launagreiðslum.

Frá Katrínu Jakobsdóttur.

Telur ráðherra ástæðu til að endurskoða ákvæði 115. gr. laga um tekjuskatt, t.d. með tilliti til launafjárhæðar, en samkvæmt greininni getur launagreiðandi haldið eftir allt að 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á opinberum gjöldum?

88. Frumvarp til laga [83. mál]

um breytingu á lagaákvæðum um húsafriðun.

Flm.: Árni Þór Sigurðsson, Álfheiður Ingadóttir, Jón Bjarnason,
Katrín Jakobsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 104/2001, um húsafriðun.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Öll hús, sem eru 100 ára og eldri, eru friðuð, svo og allar kirkjur eldri en 75 ára.
b. Í stað orðanna „reist eru fyrir 1918“ í 2. mgr. kemur: eru 75 ára og eldri.
c. Í stað orðanna „fylgjast með því“ í 4. mgr. kemur: ganga úr skugga um.

2. gr.

Í stað orðanna „tvær vikur“ í 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: fjórar vikur.

II. KAFLI

Breyting á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997.

3. gr.

Við 6. mgr. 9. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Nú gildir ákvæði hverfisverndar, samkvæmt lögum þessum, um einstakar byggingar, mannvirki eða húsaþyrpingar og er skipulagsfulltrúum þá skylt að leita álits húsafriðunarnefndar áður en breytingar á skipulagsskilmálum eru heimilaðar. Hið sama gildir ef á skipulagssvæði eru byggingar sem ákvæði 6. gr. laga um húsafriðun taka til.

4. gr.

Í stað orðanna „V. kafla þjóðminjalaga“ í 5. mgr. 43. gr. laganna kemur: laga um húsafriðun, nr. 104/2001.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var fyrst lagt fram á síðasta löggjafarþingi en varð ekki útrætt þá. Það er nú endurflutt í óbreyttri mynd.

Frumvarpinu er ætlað að styrkja stöðu húsafriðunar og verndun sögulegs byggingararfs þjóðarinnar frá því sem er í gildandi lögum, annars vegar í lögum um húsafriðun og hins vegar í skipulags- og byggingarlögum. Á undanförnum missirum hafa ítrekað komið fram dæmi sem sýna fram á þörfina á því að efla húsafriðun og stöðu hennar í lögum. Á sama tíma hefur umræða um húsafriðun verið mikil og skilningur almennings og stjórnvalda á mikilvægi húsafriðunar fyrir menningu og sögu þjóðarinnar er tvímælalaust að aukast.

Íslensk stjórnvöld hafa nýlega mótað sér menningarstefnu í mannvirkjagerð þar sem m.a. er sérstaklega fjallað um menningararfinn, byggingarlistararfinn. Menntamálaráðherra skipaði nefnd á árinu 2005 til að vinna tillögur um stefnu stjórnvalda í manngerðu umhverfi undir forystu Halldóru Vífilsdóttur arkitekts. Menningarstefna í mannvirkjagerð er afrakstur þeirrar nefndarvinnu. Í stefnunni segir m.a. á bls. 21–23:

„Svo kann að virðast að Íslendingar eigi ekki mikinn byggingarlistararf. Íslendingar bjuggu lengi við fátækt, einangrun og harðbýli og var erfitt um vik með endingargóð byggingarefni. Á síðustu hundrað árum hefur orðið mikil breyting þar á en tilhneigingar gætir til þess að horfa einvörðungu fram á við og gá ekki að þeim fágætu verðmætum sem við eigum í mannvirkjum og byggðamynstri. Arfur liðins tíma gerir okkur kleift að þekkja rætur og grunn þeirrar sjálfsmyndar sem við tengjum okkur við í dag. Stórbrotið landslag er eitt helsta einkenni Íslands. Mikil auðæfi felast í ósnortinni náttúrunni og er þar falinn stór hluti af arfi komandi kynslóða.

Byggðaþróun veldur því að sífellt fleiri búa á færri og stærri stöðum. Þröngt skorin arðsemissjónarmið við mannvirkjagerð geta staðið í vegi fyrir gjöfulu samspili manngerðs umhverfis og náttúru.

Stjórnvöld setja fram eftirfarandi markmið er snúa að hinum íslenska byggingararfi:

2:1 Verndun, aðgæsla og virðing
Tryggja ber verndun og viðhald hins manngerða umhverfis til samræmis við menningarlegt og sjónrænt gildi þess. Stuðla skal að því að menningararfur manngerðs umhverfis njóti aðgæslu og virðingar sem hentar sögulegu hlutverki, tæknilegum vitnisburði og sjónrænum eiginleikum.

2:2 Varðveisla
Verklagsreglur um friðun húsa og byggðamynsturs, viðhald, endur- og viðbyggingar skulu stuðla að lifandi notkun. Tryggja ber varðveislu hins byggða menningararfs með tilliti til upprunalegrar verktækni og mikilvægra sérkenna.

2:3 Upplýsingar og fræðsla
Áhersla skal lögð á miðlun upplýsinga og fræðsluefnis um sögu og sjónræn einkenni stakra bygginga sem götumynda og staða með uppfærðum leiðsöguritum sem gera skil helstu gersemum hins íslenska byggingararfs. Átak verði gert til að kynna og markaðssetja byggingarlist.

2:4 Ósnortið land
Við hönnun, skipulag og byggingarframkvæmdir á viðkvæmum stöðum, svo sem í lítt snortinni náttúru eða landslagi menningarminja, skal viðhafa sérstaka aðgæslu sem tryggi að sjónrænt yfirbragð hins manngerða umhverfis rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni. Einnig skal huga að náttúrulegri strandlínu og sjávarbotni svo að tryggja megi sérstöðu og margbreytileika.

Varðveisla
Hið manngerða umhverfi geymir vitnisburð og frásagnir úr sögu okkar. Mikilvægt er að tryggja varðveislu þess samhliða eðlilegri framþróun. Hin sögulega vídd hefur ómetanlegt gildi í sjálfsmynd okkar, hún varpar ljósi á samspil tíðaranda, ríkjandi hugmyndafræði og áhrif efnahags á húsakost og skipulag.

Umsagnir fagaðila með sérþekkingu á sögulegum byggingum, friðun og endurbyggingu eiga að skipa ákveðinn sess þegar byggingarframkvæmdir og skipulag krefjast þess að tillit sé tekið til þeirra þátta sem af ýmsum ástæðum hafa gildi sem ekki verður metið til fjár.

Hið opinbera hefur ríkum skyldum að gegna við varðveislu byggingararfsins. Bjóða ber upp á fræðslu og upplýsingar um manngert umhverfi á hinum ýmsu tímabilum Íslandssögunnar og nýta til þess þá möguleika sem upplýsingatæknin býður upp á. Skilningur á framvindu sögunnar í byggðu umhverfi eykur tilfinningu fyrir því hvernig nýtt tengist gömlu og hvernig notkun húsa og opinna svæða aðlagast með tíma. Þannig myndast haldgóður grunnur til frekari umræðna um þróun og áherslur byggðar á okkar tímum.

Byggingararfur
Mikilvægt er að stjórnvöld hafi yfir að ráða faglegu verklagi sem nýtist við að leggja mat á varðveislugildi byggðar andspænis kröfum um nýja byggð eða breytingar á skipulagi. Með aukinni stærð verkefna er nauðsynlegt að leggja faglegt mat á hvenær réttlætanlegt er að fjarlægja eldri byggingar og hvenær leitast skuli við að aðlaga nýjar framkvæmdir

því sem fyrir er. Þetta á einnig við um endurbyggingar og viðhald. Jafnvel þótt gætt sé að upprunalegu útliti og hlutföllum er tækni og frágangur efna annar í dag en hann var og aðgæsla við smáatriði getur skipt miklu máli.

Setja þarf fram skýra afstöðu til varðveislu húsa þannig að þau haldist í notkun. Einnig skal huga að nýrri byggingum sem standa e.t.v. of nærri í tíma til að auðvelt sé að bera mat á gildi þeirra en spegla þann tíðaranda sem þær spruttu úr.

Áhersla skal lögð á heildarmynd og mælikvarða þegar byggt er í og við eldri byggð. Til að tryggja heildrænt og sögulegt yfirbragð húsa, götumynda og byggðamynsturs er nauðsynlegt að stjórnvöld framfylgi skýrri stefnu þar um.“

Í menningarstefnu í mannvirkjagerð kemur fram mikill metnaður til að láta söguna og arfinn njóta sín. Það er þýðingarmikið að ekki sé látið staðar numið með skýrri stefnumótun. Henni þarf að fylgja eftir á öllum sviðum. Þær breytingar á húsafriðunarlögum annars vegar og skipulags- og byggingarlögum hins vegar sem lagðar eru til í þessu frumvarpi eru til þess fallnar að styrkja húsafriðun og vernda sögulegan byggingararf.

Um I. kafla.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir að aldursákvæði 6. gr. laga um húsafriðun breytist og gerður sá áskilnaður að öll hús sem eru 100 ára og eldri verði friðuð með lögum og jafnframt allar kirkjur sem eru 75 ára og eldri. Í gildandi lögum er friðun miðuð við hús byggð fyrir 1850 og kirkjur byggðar fyrir 1918. Augljóst er að með þessari viðmiðun næst ekki að láta húsafriðun fylgja tímanum heldur er hún óhögguð í ártölum sem ákveðin voru á sínum tíma, og eru jafnvel tilviljunarkennd. Með því að miða við ákveðinn aldur húsa er tryggt að um leið og hús nær tilteknum aldri nýtur það friðunar og gilda þá ákvæði laganna um allar fyrirhugaðar breytingar, flutning eða niðurrif. Þar með skapast einnig samfella í húsafriðun. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hver fjöldi húsa er á landinu öllu sem þessi viðmiðun ætti við, en talið er að á höfuðborgarsvæðinu séu aðeins um 1,2% húsa frá því fyrir 1908, eða um 500–600 hús. Utan Reykjavíkur eru heillegar húsaþyrpingar frá upphafi 20. aldar eða eldri, einkum í Stykkishólmi, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði. Sem betur fer hafa þessi sveitarfélög borið gæfu til að varðveita og viðhalda þessum menningararfi og að hluta til með miklum myndarbrag.

Þá lagt til að eigendum húsa sem eru 75 ára og eldri sé skylt að leita umsagnar húsafriðunarnefndar ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa. Gildandi lög miða við ártalið 1918. Helstu rök fyrir þeirri tímasetningu eru væntanlega að um það leyti hefst steinsteypuöldin í íslenskri byggingarlist, en full ástæða er nú til að ákvæði húsafriðunarlaga taki til þeirra húsa sem fyrst voru byggð í samræmi við þá stefnu. Ljóst er að þau eru mikilsverður vitnisburður um byggingarsögu þjóðarinnar sem fullt tilefni er til að sýna sóma.

Í þriðja lagi er lagt til að hnykkt verði á orðalagi varðandi skyldur byggingarfulltrúa til að ganga úr skugga um að álits húsafriðunarnefndar hafi verið aflað áður en leyfi er veitt til framkvæmda við friðuð hús. Komið hefur í ljós að full þörf er á því að þær skyldur séu skýrar.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir að lengja gildistíma ákvörðunar húsafriðunarnefndar á skyndifriðun skv. 8. gr. laganna úr tveimur vikum í fjórar vikur til þess að gefa rýmri tíma til að meta ástæður og þörf á skyndifriðun. Þegar húsafriðunarnefnd ákveður skyndifriðun fer sú

ákvörðun til menntamálaráðherra sem tekur endanlega ákvörðun í málinu. Hinn skammi tími sem skyndifriðun leyfi, virkar um leið sem mikil tímapressa á ráðherra að taka ákvörðun. Eðlilegt er að gefa hæfilegt ráðrúm til að kanna forsendur skyndifriðunar og afla gagna og umsagna í anda vandaðrar stjórnsýslu, sem núverandi tímamörk bjóða ekki upp á.

Um II. kafla.

Í öðrum kafla frumvarpsins er lögð til breyting á 9. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, þess efnis að skylt verði að leita álits húsafriðunarnefndar ef ákvæði um hverfisvernd eru sett í skipulagsáætlun eða ef breyta á skipulagi þar sem þegar gilda ákvæði hverfisverndar. Skylt er samkvæmt núgildandi lögum að setja slíkt ákvæði inn ef innan marka skipulagssvæðis eru einstakar byggingar, mannvirki, húsaþyrpingar, náttúruminjar eða trjágróður sem æskilegt er talið að varðveita vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. Jafnframt er brýnt að húsafriðunarnefnd fái til umsagnar skipulagstillögur þar sem unnið er með skipulagsreiti eða svæði þar sem eru hús eða húsaþyrpingar sem ákvæði 6. gr. húsafriðunarlaga ná til.

Flutningsmenn telja að það sé sérstaklega mikilvægt til að tryggja að sjónarmið húsafriðunar og húsverndar komi fram og séu höfð til hliðsjónar strax á skipulagsstigi. Í 4. gr. gildandi húsafriðunarlaga segir: „Friða má mannvirki, hús eða húshluta, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Friðun getur náð til nánasta umhverfis friðaðs mannvirkis. Friða má samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðunar um hvert einstakt þeirra.“ Enda þótt markmið laganna sé m.a. að friða megi „samstæður húsa“ og „nánasta umhverfi“ virðist sem húsafriðunarnefnd hafi skort skýrar lagaheimildir til að hafa afskipti af málum á skipulagsstigi. Ítrekað hafa skipulagsyfirvöld í sveitarfélögum gagnrýnt húsafriðunarnefnd fyrir að kynna sín sjónarmið seint í ferli mála, iðulega þegar komið er að framkvæmdum og þá sé það „einfaldlega of seint“ eins og oft heyrist. Til að taka á þessu, og tryggja húsafriðunarnefnd þannig tæki til að ná fram markmiðum gildandi laga að þessu leyti, er lagt til að nefndin fái skipulagstillögur til umsagnar ef ákvæði hverfisverndar gildir á svæðinu og sömuleiðis ef fjallað er um skipulag þar sem eru byggingar sem ákvæði húsafriðunarlaganna ná til. Eðlilegt þykir hins vegar að þetta ákvæði sé sett inn í skipulags- og byggingarlög.

Að lokum er lögð til breyting þess efnis að lagfærð er tilvísun í 5. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga. Þar er vísað í V. kafla eldri þjóðminjalaga sem féllu úr gildi við gildistöku núgildandi þjóðminjalaga, nr. 107/2001. Ákvæði V. kafla eldri þjóðminjalaga fjölluðu um friðun húsa og annarra mannvirkja sem nú er í lögum nr. 104/2001, um húsafriðun.

89. Fyrirspurn [84. mál]

til fjármálaráðherra um greiðslur úr lífeyrissjóðum og skattlagningu þeirra.

Frá Ellerti B. Schram.

1. Hversu margir einstaklingar fá greiðslur úr lífeyrissjóðum, hversu margir fá lægri greiðslur en 100 þús. kr. á mánuði og hverjar eru mánaðarlegar meðalgreiðslur á einstakling?

2. Hverjar eru heildarskatttekjur af greiðslum úr lífeyrissjóðum og hverjar yrðu skatttekjurnar ef innheimtur yrði almennur tekjuskattur af þriðjungi hverrar greiðslu og 10% skattur af tveimur þriðju?

Skriflegt svar óskast.

90. Tillaga til þingsályktunar [85. mál]

um skipan frídaga að vori.

Flm.: Samúel Örn Erlingsson, Bjarni Harðarson, Birkir Jón Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem vinni að undirbúningi lagasetningar um breytta skipan frídaga að vori til hagræðis fyrir almenning og til að auka framleiðni í atvinnulífinu. Nefndin fjalli um eftirfarandi breytingar:

a. að flytja fimmtudagsfrídaga yfir á föstudaginn eftir,
b. að 1. maí verði haldinn hátíðlegur sem frídagur verkamanna, fyrsta mánudag í maí.

Greinargerð.

Landsmenn eiga allajafna frídag tvo fimmtudaga á hverju vori, þannig að hvorki er frídagur á undan eða eftir. Þessir frídagar tveir eru uppstigningardagur og sumardagurinn fyrsti. Sömuleiðis eiga landsmenn frídag 1. maí, sem fellur eðlilega til skiptis á daga vikunnar.

Flestir eru sammála um það að stakir frídagar eru á margan hátt óheppilegir á vinnustöðum. Þeir skapa óhagræði og draga úr framleiðni, og valda að margra mati því að vinnuvikan verður varla nema þrír dagar. Á sama hátt nýtist stakur frídagur launþegum ekki nema að nokkru leyti, með vinnudag á undan og eftir.

Í mörgum nágrannaríkjum Íslands hefur þessari skipan verið breytt og stakir frídagar verið færðir að helgum eða felldir að öðru fríi. Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til að koma svipuðu á hérlendis, m.a. með framlagningu þingsályktunartillagna á 117. og 132. þingi og þá í tengslum við breytingu á sumartíma o.fl. Aðilar vinnumarkaðar hafa einnig fjallað um þessi mál í tengslum við kjarasamninga, án þess að breytingar hafi orðið. Því er ekki að neita að hér getur verið um tilfinningamál að ræða, sumardagurinn fyrsti markar upphaf sumars samkvæmt gamalli hefð, uppstigningardagur er helgidagur þjóðkirkjunnar og 1. maí hefur bæði sögulega og táknræna þýðingu fyrir verkalýðshreyfinguna. Eðlilegt er þó að ganga beint til þessa verks, en leggja um leið áherslu á gildi þessara daga og það að almenningi sé gert auðveldara að hafa þá í heiðri. Með því er hlúð bæði að framleiðni fyrirtækja og samverustundum fjölskyldna í landinu.

Lagt er til að nefnd verði sett til að skoða möguleika á lagasetningu sem lengir helgar fyrir almenning og stuðlar jafnframt að betri nýtingu vinnuvikunnar hjá atvinnurekendum. Það væri til að mynda ákjósanlegur möguleiki að sumardagurinn fyrsti og uppstigningardagur yrðu haldnir hátíðlegir daginn eftir, á föstudegi, og lengdu þannig helgar. Á sama hátt yrði vinnuvikan þá samfelldir fjórir dagar og nýttist því betur. Viðbúið er að flutningur frídags

vegna uppstigningardags verði viðkvæmt mál þar sem hann er einn af helgidögum þjóðkirkjunnar. Í því sambandi er bent á að skv. 1. tölul. 2. gr. laga um helgidagafrið, nr. 32/1997, hefur uppstigningardagur sömu stöðu og almennir sunnudagar, annar í páskum, annar í hvítasunnu o.fl.

Hvað varðar 1. maí væri t.d. hægt að hafa þann hátt á að hann verði ævinlega haldinn hátíðlegur fyrsta mánudag í maí og lengja þannig helgi. Að sama skapi fengi almenningur aukafrídag þau ár sem 1. maí kæmi upp á laugardegi eða sunnudegi.

91. Tillaga til þingsályktunar [86. mál]

um athugun á hagkvæmni lestarsamgangna.

Flm.: Árni Þór Sigurðsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Björk Guðjónsdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Grétar Mar Jónsson, Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bjarni Harðarson, Gunnar Svavarsson, Katrín Júlíusdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna hagkvæmni lestarsamgangna milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur annars vegar og léttlestakerfis innan höfuðborgarsvæðisins hins vegar. Kannaðir verði kostir þessa samgöngumáta og gallar, sem og hugsanlegar leiðir. Sjónum verði einkum beint að kostnaði og ávinningi samfélagsins og efnahagslegum, umhverfislegum og skipulagslegum áhrifum. Í þessu skyni verði leitað til sérfræðinga innan lands og utan. Niðurstöður athugunarinnar liggi fyrir í árslok 2009.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var áður flutt á 135. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Hún fór til meðferðar í samgöngunefnd og var send fjölmörgum aðilum til umsagnar. Eru flestar umsagnir jákvæðar um málið og það er nú endurflutt.

Samfélag þjóðanna er sér nú mun meðvitaðra en áður um að vel flest í hegðun mannanna hefur áhrif á umhverfið og þar með lífsskilyrði og afkomumöguleika komandi kynslóða. Þess vegna skipa umhverfismálin í víðum skilningi æ veigameiri sess í þjóðfélagsumræðunni. Samgöngur hafa sem kunnugt er mikil áhrif á umhverfið, bæði jákvæð og neikvæð. Í þéttbýli eru samgöngurnar oft helsta umhverfisógnin sem við er að etja og hefur sú þróun átt sér stað víða um heim. Á höfuðborgarsvæðinu er nú svo komið að neikvæð áhrif bílaumferðar eru helstu umhverfisvandamál sveitarfélaganna og æ oftar mælist mengun í Reykjavík ofar hættumörkum. Útblástur koltvíoxíðs frá bílaumferð og svifryk, sem m.a. stafar af notkun nagladekkja, eru helstu orsakirnar. Það er því mikilvægt að horfa á markmið og leiðir í samgöngumálum með gleraugum umhverfismálanna.

Markmið stjórnvalda.

Íslensk stjórnvöld hafa sett sér það markmið að umhverfisáhrifum samgangna verði haldið innan ásættanlegra marka. Þannig er miðað við að losun koltvíoxíðs frá samgöngum árið 2010 verði ekki meiri en árið 1990. Jafnframt verði dregið úr hávaða frá samgöngum og loftmengun verði haldið innan viðmiðunargilda í stöðlum Evrópusambandsins. Til þess að

þessum árangri verði náð þurfa stjórnvöld að vera reiðubúin að leita nýrra leiða í samgöngumálum.

Greiðar, góðar og öruggar samgöngur eru að sjálfsögðu metnaður hvers samfélags. Um leið þarf að tryggja að samgöngurnar hafi sem minnst neikvæð umhverfisáhrif. Alþjóðasamfélagið hefur einsett sér að takast á við þau með stefnumörkun um sjálfbæra þróun. Sjálfbærar samgöngur fela í sér að samræma umhverfisleg, efnahagsleg og samfélagsleg markmið innan samgöngugeirans. Umhverfisleg markmið eru m.a. að takmarka notkun jarðefnaeldsneytis, þ.e. bensíns og olíu, að samgöngur ógni ekki vistkerfum og að mótvægisaðgerðum sé beitt til að sporna við neikvæðum umhverfisáhrifum. Umhverfisáhrif samgangna eru margs konar og má nefna loftmengun, gróðurhúsaáhrif, áhrif á heilsu, hávaða, sjónræn áhrif o.s.frv. Efnahagsleg markmið taka m.a. á kostnaði og samfélagslegri arðsemi eða hagkvæmni í samgöngum en um þá nálgun hefur lítið verið fjallað hér á landi þó að hún sé í vaxandi mæli viðfangsefni stjórnvalda í löndunum í kringum okkur og sé óaðskiljanlegur hluti stefnumótunar um sjálfbærar samgöngur. Samfélagslegu markmiðin lúta m.a. að þáttum er varða lýðheilsu, að samgöngur skaði sem minnst heilsu fólks, skipulagslegum atriðum, umferðaröryggismálum og umferðarmenningu o.fl.

Stóraukin bílaeign.

Umtalsverð breyting hefur orðið á umferð og ferðavenjum íbúa höfuðborgarsvæðisins á síðustu árum. Nú er bifreiðaeign á höfuðborgarsvæðinu með því mesta sem gerist í heiminum. Samtímis þessu hefur notkun almenningssamgangna minnkað hlutfallslega og er minni en í nágrannalöndum okkar þrátt fyrir tilraun sveitarfélaganna til að hagræða og bæta þjónustu með stofnun Strætó bs. en byggðasamlagið heldur uppi almenningssamgöngum allt frá Hafnarfirði til Akraness. Samhliða aukinni bifreiðaeign hefur íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgað umfram landsmeðaltal. Umferðin hefur því stórlega aukist og hefur sú þróun í för með sér að auknum fjármunum þarf að verja til afkastamikilla umferðarmannvirkja fyrir almenna bílaumferð, sem krefjast mikils landrýmis, ef halda á sama þjónustustigi í gatnakerfinu. Áhrif umferðar á mengun er síðan umtalsverð vegna losunar óæskilegra lofttegunda í andrúmsloftið og svifryks.

Vitaskuld á þessi þróun sér margvíslegar skýringar. Íslendingar hafa undanfarna áratugi búið við mikinn hagvöxt og stórstígar framfarir á flestum sviðum þjóðlífsins. Efnahagsleg velgengni á sinn þátt í þessari umferðarþróun. Annar veigamikill þáttur er skipulag höfuðborgarsvæðisins og það er sá þáttur sem yfirvöld geta haft hvað mest áhrif á. Höfuðborgarsvæðið er í raun afar dreifbýlt. Af skilgreindu þéttbýli borgarinnar er byggt land aðeins ríflega helmingur, eða um 54%. Til gamans má geta þess að Manhattan-eyjan í New York, þar sem búa nokkrar milljónir manna, er lítið minni að flatarmáli en byggt land Reykjavíkur. Hin strjála byggð höfuðborgarsvæðisins á ekki lítinn þátt í því að bíllinn hefur orðið þarfasti þjónninn í nútímasamfélagi okkar og að hlutur almenningssamgangna hefur farið minnkandi og rekstrargrundvöllur þeirra versnað. Í marga áratugi hefur skipulagsstefna hér á landi einkennst af landsóun. Almenningssamgöngur og aðbúnaður gangandi og hjólandi vegfarenda hefur setið á hakanum, þar sem síaukin bílaumferð hefur kallað á ný og umfangsmeiri umferðarmannvirki og framtíðarsýnin hefur byggst á framreikningi ríkjandi ástands. Í dag er svo komið að um helmingur byggðs lands höfuðborgarinnar hefur verið lagður undir umferðarmannvirki, götur og bílastæði.

Sjálfbærar samgöngur.

Nokkur atriði skipta mestu máli ef takast á að stuðla að sjálfbærum samgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Sérstaklega ber að nefna eflingu almenningssamgangna, nýja og vistvæna orkugjafa og stórbættar aðstæður fyrir gangandi og hjólandi umferð. Enn fremur mætti nefna hér markvissa umferðarstjórnun sem hefur sótt mjög í sig veðrið víða erlendis en hefur ekki náð að festa rætur hér á landi. Víða erlendis móta fyrirtæki og stórir vinnustaðir sér samgöngustefnu og sums staðar er slík stefnumótun skylda hjá vinnustöðum með fleiri en 50 starfsmenn. Hér á landi er ráðgjafar- og verkfræðistofan VGK-Hönnun gott dæmi um fyrirtæki sem hefur rutt brautina í þessu sambandi, hefur mótað og framfylgir samgöngustefnu í þágu umhverfisins.

Betri strætó – vistvænir orkugjafar.

Á höfuðborgarsvæðinu er brýnt að efla hlut almenningssamgangna eins og sveitarfélögin eru samstíga um að gera, enda fjölmörg rök sem mæla með því, m.a. að:

– mengun á hvern farþega í almenningsvagni er minni að meðaltali en á farþega í einkabíl,
– kostnaður vegna umferðarmannvirkja er minni á hvern farþega í almenningsvagni en í einkabíl,
– almenningssamgöngur krefjast minna landrýmis undir umferðarmannvirki en einkabílar,
– umferðartafir eru ólíklegri í borgarumhverfi sem býður upp á almenningssamgöngur sem raunhæfan ferðamáta,
– hærra hlutfall farþega í almenningsvögnum dregur úr tíðni umferðarslysa,
– góðar almenningssamgöngur stuðla að auknu „ferðafrelsi“ þeirra félagshópa sem ekki geta ekið einkabíl eða hafa hann ekki til umráða,
– framboð á góðri þjónustu almenningssamgangna gerir fólki kleift að hvíla sig á umferðartöfum og bílastæðavandræðum,
– aukin notkun almenningsvagna og bætt þjónusta opnar ný sóknarfæri við skipulagningu byggðar, hagkvæmari nýtingu lands og veitukerfa, þéttari og skjólbetri byggð og skapar grundvöll að fjölbreyttara mannlífi,
– þéttbýli sem styður almenningssamgöngur veitir venjulega göngu- og hjólreiðasamgöngum einnig brautargengi,
– samfélag sem stefnir að vistvænni og alþjóðlegri ímynd þarf óhjákvæmilega að efla almenningssamgöngur.

Miklir möguleikar eru á að auka hlut annarra orkugjafa en jarðefnaeldsneytis í samgöngum. Hér má nefna að Strætó bs. var þátttakandi í evrópsku tilraunaverkefni með rekstur vetnisvagna. Voru þrír vagnar í notkun í flota Strætó og gafst tilraunin vel og fyrirtækið er nú með a.m.k. tvo metanbíla í rekstri og hefur mótað þá stefnu að fjölga visthæfum vögnum enn frekar. Reykjavíkurborg hefur þegar ákveðið að veita vistvænum ökutækjum sérstök afsláttarkjör í bílastæði borgarinnar. Víða eru árangursrík dæmi um skipti frá notkun olíu yfir í metangas og etanól sem orkugjafa fyrir bíla og strætisvagna. Í Stokkhólmi eru t.d. yfir 2.500 bílar og strætisvagnar knúnir visthæfum orkugjöfum í stað olíu. Í Lille í Frakklandi eru um ⅓ strætisvagna knúnir gasi og búist er við að innan fárra ára verði eingöngu notast við slíka vagna. Íslenska vetnisverkefnið vakti verðskuldaða athygli. Hér á landi liggja miklir möguleikar í þessum efnum og er nauðsynlegt að stjórnvöld hugi sérstaklega að því hvernig auka megi hlutdeild visthæfra orkugjafa í samgöngum, ekki bara í almenningssamgöngum heldur einnig í hinum almenna bílaflota landsmanna, að ekki sé talað um skipaflotann. Það

vekur athygli að raforka hefur lítið sem ekkert verið notuð til að knýja samgöngutæki hér á landi enda þótt hún sé ódýr í framleiðslu og að mestu endurnýjanleg auðlind.

Samgöngur gegna lykilhlutverki í nútímasamfélagi.

Óþarft er að rekja hve mikilvægar samgöngur eru í nútímaþjóðfélagi. Hreyfanleikinn er jafnvel talinn vera mælikvarði á samkeppnishæfni einstakra samfélaga, borga eða héraða. Og þar vill enginn verða undir. Með vaxandi fólksfjölda og aukinni ferðaþörf, samhliða kröfum um meiri þægindi og minni mengun og alþjóðlegum skuldbindingum í umhverfis- og loftslagsmálum er brýnt að leita nýrra leiða í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Um 60% landsmanna búa og starfa í sveitarfélögunum sjö á höfuðborgarsvæðinu en sé hringurinn dreginn utar og látinn ná austur í Árborg, vestur í Borgarnes og suður í Reykjanesbæ (45–60 mín. akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu) lætur nærri að um ¾ hlutar landsmanna búi á því svæði. Það eru því ríkir samfélagslegir hagsmunir að samgöngumálum þessa svæðis sé sinnt með heildarhagsmuni og langtímasýn að leiðarljósi, bæði í efnahagslegu, samfélagslegu og umhverfislegu tilliti.

Borgarsamfélagið á suðvesturhorninu hefur tekið miklum breytingum á fáum árum. Það má í raun segja að á síðustu 10–15 árum hafi það breyst úr stórum þéttbýliskjarna á íslenskan mælikvarða í alþjóðlega borg. Í árdaga síðustu aldar var hesturinn enn þarfasti þjónninn enda, ásamt tveimur jafnfljótum, helsta samgöngutæki bæjarbúa. Síðan er mikið vatn runnið til sjávar. Kynslóðir eftirstríðsáranna hafa búið við almenna efnahagslega velmegun, ný tækni og tól hafa hafið innreið sína, ekki síður í samgöngum en á öðrum sviðum. Eins og fram kemur á undan hefur bílaeign landsmanna aukist mikið, farþegum með almenningsvögnum hefur fækkað nær samfellt í fjóra áratugi og það hefur ekki beint átt við Íslendingseðlið að fara ferða sinna gangandi eða hjólandi. En það er gömul saga og ný að tímarnir breytast og mennirnir með. Á sama hátt og tíðarandinn, almenn lífsskilyrði o.fl. hafa valdið miklum breytingum á samgönguháttum á höfuðborgarsvæðinu á liðnum áratugum, er víst að 21. öldin mun einnig hafa í för með sér margvíslegar breytingar í þessu sambandi.

Aukin umsvif á Suðurnesjum.

Eins og að framan greinir búa um 75% þjóðarinnar í um klukkustundar akstursfjarlægð frá höfuðborginni. Sveitarfélögin í nágrenni höfuðborgarsvæðisins (Ölfus, Árborg, Hveragerði, Akranes, Hvalfjarðarsveit, Borgarbyggð, Vogar, Grindavík, Sandgerði og Reykjanesbær) njóta að sjálfsögðu þessa nábýlis og sá ávinningur er gagnkvæmur. Sérstaða Suðurnesja er að sjálfsögðu sú að þar er alþjóðlegur millilandaflugvöllur með vaxandi umsvif. Bæði er að erlendum ferðamönnum sem hingað koma hefur fjölgað geysilega á undanförnum áratug og Íslendingar sjálfir ferðast mun meira nú en áður var. Lætur nærri að fjöldi erlendra ferðamanna sem fer um Leifsstöð hafi tvöfaldast sl. 10 ár og gæti enn tvöfaldast á næstu 6–8 árum. Glöggur vitnisburður um þessa þróun er að sjálfsögðu mikil stækkun flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Þá hefur brottför hersins á Miðnesheiði leitt til þróunar sem fáir sáu fyrir og líkur á að íbúafjöldinn þar muni vaxa hraðar en nokkurn óraði fyrir. Uppbygging háskólasamfélags á gamla varnarsvæðinu og öll sú þjónusta sem þau breyttu not hafa í för með sér mun leiða til mjög svo aukinna umsvifa og krafna. Allt kallar þetta því á góðar, öruggar og visthæfar samgöngur milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.

Fyrri athuganir.

Fyrir um sex árum unnu AEA Technology Rail og Ístak hf. hagkvæmniathugun á lestarsamgöngum milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur á vegum Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar. Var talið að ávinningur af lestarsamgöngum gæti orðið skemmri ferðatími fyrir flugfarþega, minni þörf á innfluttum orkugjöfum, minni umferð og þar með minni losun gróðurhúsalofttegunda og færri umferðarslys.[1] Umfang verkefnisins einskorðaðist við samgöngur milli Reykjavíkur og Keflavíkur þannig að önnur nýting brautarinnar var ekki skoðuð. Í niðurstöðu skýrslunnar[2] segir:

„Það er niðurstaða þessarar athugunar að ekki eru neinar tæknilegar hindranir fyrir því að leggja járnbraut eins og hér hefur verið lýst, en frá sjónarhóli hagkvæmni er hún ekki réttlætanleg miðað við þær forsendur sem eru notaðar.

Verkkaupi, Orkuveita Reykjavíkur og Umhverfis- og tæknisvið, þurfa nú að ákveða um framhaldið. Til greina gæti komið að kanna hverjar viðbótartekjur kynnu að fást frá notkun á járnbrautinni óháðri flugi. Einnig mætti rannsaka tækifæri til sparnaðar.

Síðast en ekki síst kemur sá kostur til álita að fella járnbrautina inn í svæðisskipulag þannig að hana megi leggja síðar, ef þróun verður með þeim hætti að lagning þessarar járnbrautar teljist hagkvæm og þá ef til vill sem hluti stærra brautarkerfis.“

Ekki varð framhald á þessari vinnu á sínum tíma. Á hitt er þó að líta að farþegafjöldi í millilandaflugi hefur aukist mikið síðan skýrslan var gerð og þróun fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli er alveg nýr flötur á þessu máli eins og rakið er hér að framan. Þá er umræðan um umhverfismál og sjálfbæra þróun komin á allt annað stig en hún var fyrir fáum árum og skilningur manna á að taka verði tillit til umhverfiskostnaðar í hagkvæmniútreikningum er einnig mun meiri.

Á svipuðum tíma og athugunin á lestarsamgöngum milli Keflavíkur og Reykjavíkur var unnin var einnig unnið að skoðun á léttlestakerfi[3] innan höfuðborgarsvæðisins. Voru þar m.a. fengnir sömu erlendu ráðgjafar og unnu við hina fyrri skýrslu. Niðurstöður þeirrar athugunar voru einnig að ekki svaraði kostnaði að koma á slíku kerfi innan höfuðborgarsvæðisins, m.a. vegna þess hve dreifbýlt það væri og að samgöngur væru nú þegar frekar greiðar.[4] Það er þó einnig galli á þessari athugun að hún mat ekki þjóðhagsleg áhrif léttlestakerfis, svo sem vegna umhverfismála, nýtingar innlendrar orku, bættrar lýðheilsu o.þ.h. Einnig koma í þessu efni til breytt viðhorf til umhverfismála, ekki síst þættir eins og loftmengun sem er vaxandi vandamál á höfuðborgarsvæðinu, nýjar og breyttar áherslur í skipulagsmálum o.s.frv.

Lokaorð.

Á málþingi samgönguráðs, sem haldið var 7. febrúar sl., var sjónum einkum beint að almenningssamgöngum í þéttbýli. Fyrirlesarar frá Þýskalandi og Noregi gerðu grein fyrir vel heppnuðum aðgerðum til að auka hlut almenningssamgangna, m.a. með áherslu á sporbundna umferð. Mörg dæmi er raunar hægt að tiltaka, víða að úr heiminum, um mikinn og góðan árangur í þessu efni. Á sumum borgarsvæðum í Evrópu þar sem sporvagnar höfðu verið

---

1 *Járnbraut milli Keflavíkur og Reykjavíkur*. Hagkvæmniúttekt. Annar áfangi. Skýrsla 2002. AEA Technology Rail & Ístak hf.

2 Sama og nr. 1.

3 Léttlest er þýðing á hugtakinu „Light Rail“ og er í raun nútímaleg útgáfa af sporvögnum, en sem jafnan ganga eftir sérstökum teinum, aðgreindar frá annarri umferð og eru rafknúnar. Þær eru hljóðlátari, öruggari, þægilegri og fljótari í ferðum en strætisvagnar.

4 *Léttlestir á höfuðborgarsvæðinu.* Skýrsla 2004. VSÓ Ráðgjöf.

lagðir niður hafa léttlestir verið teknar upp á nýjan leik og átt ríkan þátt í að fjölga farþegum í almenningssamgöngum, draga úr álagi á hinu almenna gatnakerfi og auka afköst í samgöngukerfinu í heild. Léttlestir hafa laðað til sín notendur sem ekki nýttu sér strætisvagna, ekki síst vegna jákvæðrar ímyndar og þæginda og meiri öryggis og áreiðanleika. Um leið er umhverfislegi ávinningurinn augljós.

Með tilliti til þess sem hér hefur komið fram er full ástæða til að kanna til hlítar kosti þess og galla að koma á lestarsamgöngum milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar annars vegar og léttlestakerfi innan höfuðborgarsvæðisins hins vegar. Slík athugun þarf að taka heildstætt á þjóðhagslegum ávinningi, hvort sem litið er á hann í efnahagslegu, skipulagslegu eða umhverfislegu tilliti. Eins og gefur að skilja er staðbundin þekking hér á landi á lestarsamgöngum takmörkuð og því einboðið að í þessari vinnu verði leitað til erlendra ráðgjafa, jafnvel fleiri en eins aðila. Tillagan gerir ráð fyrir að samgönguráðherra láti vinna þessa könnun og mun það þá ef að líkum lætur koma í hlut Vegagerðarinnar að hafa umsjón með verkinu en einnig hlýtur að koma til álita að leita innlendra aðalráðgjafa með útboði.

92. Tillaga til þingsályktunar [87. mál]

um bætta hljóðvist og aðgerðir til að draga úr erilshávaða í kennsluhúsnæði.

Flm.: Þuríður Backman, Guðbjartur Hannesson, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa starfshóp sem fái það verkefni að leita leiða til að tryggja að erilshávaði í skólarýmum verði innan þeirra marka að geta talist hættulaus fyrir rödd og heyrn nemenda og kennara. Í þeim tilgangi verði hópnum falið að kanna hvort ástæða sé til að semja reglugerð eða gera tillögur að lagabreytingum. Einnig skal hann setja fram tillögur um hvernig opinberu eftirliti verði fyrir komið svo að ákvæðum laga og reglugerða verði framfylgt.

Starfshópurinn verði skipaður einum fulltrúa heilbrigðisráðuneytis, einum fulltrúa félags- og tryggingamálaráðuneytis, einum fulltrúa menntamálaráðuneytis, einum fulltrúa umhverfisráðuneytis, tveimur fulltrúum tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einum fulltrúa tilnefndum af Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Niðurstöður hópsins verði kynntar Alþingi fyrir árslok 2009.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var áður lögð fram á 135. löggjafarþingi (549. mál).

Hinn 9. nóvember 2006 gaf félagsmálaráðherra út reglugerð um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum, nr. 921/2006. Í 2. gr. segir að reglugerðinni sé ætlað „að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna sem eiga á hættu eða kunna að eiga á hættu að verða fyrir álagi vegna hávaða við störf sín, einkum álagi er kann að leiða til heyrnarskaða“.

Eins þörf og setning þessarar reglugerðar var, þá tekur hún aðeins til hluta þess hóps sem á það á hættu að verða fyrir heyrnarskaða, þ.e. starfsmanna og vinnuumhverfis þeirra, en ekki til þess fjölmenna hóps sem eru börn og kennarar á öllum skólastigum. Sá hávaði sem sá hópur býr við hefur vakið athygli sérfræðinga og veldur þeim áhyggjum, sbr. fylgiskjal III en þar kemur fram að 60% sjö ára barna í Gautaborg telja sig þjást af eyrnasuði (tinnitus).

Eyrnasuð er vaxandi heyrnarsjúkdómur meðal barna en talið er að hann stafi af hávaðatengdu álagi. Einkum er um að ræða svonefndan „erilshávaða“, þ.e. hávaða sem þeir sem sækja skóla til vinnu eða náms valda sjálfir en hann hefur oft reynst fara yfir hættumörk fyrir heyrn þeirra. Ýmis úrræði eru til þess að draga úr honum eins og fram kemur í fylgiskjali II, en skoða þarf þó með heildstæðum og faglegum hætti hvernig megi bregðast við með sérstakri lagasetningu eða reglugerð. Þannig er einnig líklegra að raunverulegur árangur verði af aðgerðum gegn erilshávaða.

Önnur hlið á þessum vanda snýr að röddinni og þeim skaða sem hún getur hæglega orðið fyrir við þær aðstæður sem einkenna jafnan hljóðvist í kennsluhúsnæði. Þá hugmynd þarf að taka alvarlega að líta á röddina sem atvinnutæki kennara og að því beri að huga að henni út frá vinnuverndarsjónarmiðum. Í því felast ekki aðeins aðgerðir til þess að draga úr erilshávaða í skólabyggingum heldur þarf einnig að huga að réttri raddbeitingu sem hluta af kennaranáminu.

Enda þótt efni þessarar tillögu kunni að virðast einfalt tekur hún til ýmissa úrræða á mismunandi sviðum. Eins og fram kemur í fylgiskjali I þarf aðkomu fjögurra ráðuneyta til þess að setja fram lausnir á þessum vanda en einnig er lagt til að nefndina skipi fulltrúar úr fagfélagi talkennara og talmeinafræðinga og Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar. Þar eð aðstæður á þessu sviði eru með öllu óviðunandi hér á landi, sbr. fylgiskjöl IV og V, þarf starfshópurinn einnig að kynna sér endurbætur skólahúsnæðis og endurskoðun reglugerða með tilliti til hljóðvistar annars staðar á Norðurlöndum.

Í fylgiskjali I er grein eftir dr. Valdísi Ingibjörgu Jónsdóttur sem fjallar um nauðsyn þess að löggjafarvaldið láti sig málið varða og þar bent á hvaða aðilar þurfi einnig að koma að því. Í fylgiskjali II er lokakafli skýrslu dr. Valdísar um raddheilsu leikskólakennara, eyrnasögu leikskólabarna og hljóðvist í þremur leikskólum Hjallastefnunnar þar sem nefnd eru dæmi um úrræði sem grípa má til innan veggja leikskóla til lausnar þessa vanda. Í fylgiskjali III er frétt sem er til marks um skaðann sem hlýst af umræddum vanda. Fylgiskjal IV er bréf Vinnueftirlitsins til Skipulagsstofnunar um mikilvægi þess að „draga úr hávaðaálagi bæði fyrir starfsfólk og börn í skólum, leikskólum, við tómstundaiðkun og á öðrum stöðum þar sem brýnt er að skilja talað mál“. Fylgiskjal V er bréf Ólafs Hjálmarssonar verkfræðings til umboðsmanns barna sama efnis en umboðsmaður tók málið í kjölfarið upp í erindi til menntamálaráðherra 28. júní 2007. Fylgiskjal VI er yfirlýsing raddsérfræðinga sem beint er til löggjafarvaldsins.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Raddskaðar eru alvarlegt þjóðfélagslegt vandamál. Þörf á lagasetningu. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir. (Talfræðingurinn, 20. árgangur, 2007.)
II. Skýrsla um raddheilsu leikskólakennara, eyrnasögu leikskólabarna og hljóðvist í þremur leikskólum Hjallastefnunnar. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir. (Talmeinastofan „Það er málið“, Akureyri, 2006.)
III. Fleiri börn þjást af eyrnasuði. (Frétt á heimasíðu Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands, 16. nóvember 2005.)
IV. Bréf til Skipulagsstofnunar frá Vinnueftirliti ríkisins. (8. desember 2006.)
V. Bréf til umboðsmanns barna frá Ólafi Hjálmarssyni verkfræðingi. (Reykjavík, 30. maí 2007.)
VI. Yfirlýsing, 9. október 2008. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir o.fl.

93. Tillaga til þingsályktunar [88. mál]

um umhverfisstefnu Alþingis.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Atli Gíslason,
Guðmundur Magnússon, Katrín Jakobsdóttir.

Alþingi ályktar að fela forsætisnefnd að setja á stofn starfshóp sem fái það verkefni að gera tillögu að umhverfisstefnu fyrir Alþingi Íslendinga. Hópurinn verði skipaður fulltrúum þingflokka, yfirstjórnar þingsins og starfsmannafélags Alþingis. Hópurinn byggi vinnu sína m.a. á stefnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til 2020, stefnunni um sjálfbær Norðurlönd og Staðardagskrá 21. Í vinnu sinni taki hópurinn til skoðunar umhverfisstefnu annarra norrænna þjóðþinga og fyrirliggjandi tillögu um umhverfisstefnu fyrir Norðurlandaráð og norrænu ráðherranefndina. Starfshópurinn ráði sér starfsmann sem er sérfróður á þessu sviði. Starfshópurinn skili tillögum sínum til forsætisnefndar eigi síðar en í janúar 2009. Forseti leggi fullbúna tillögu að umhverfisstefnu fyrir Alþingi til staðfestingar á vorþingi 2009.

Greinargerð.

Í stefnu ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til 2020 er fjallað um ábyrgðina sem m.a. opinberir aðilar bera gagnvart því að efla umhverfisvernd og lífsgæði. Virkasta tækið á þeirri vegferð er meðvitund borgaranna um að hluti ábyrgðarinnar hvíli á herðum hvers og eins. Til að vekja slíka meðvitund þarf markvisst fræðslustarf, sem gerð er grein fyrir í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar, en jafnframt þarf að skapa góð fordæmi. Flestum er ljós hin sameiginlega ábyrgð sem mannkyn ber á velferð jarðarinnar, en til að axla þá ábyrgð þarf að bregðast við í nærumhverfinu. Verkefninu Staðardagskrá 21 er ætlað að marka stefnu sveitarfélaganna í þessu tilliti. Samkvæmt því þurfa stofnanir og fyrirtæki, jafnt opinber sem einkarekin, að marka sér sjálfstæða stefnu, hvert og eitt innan ramma síns atvinnuvegar. Til að auðvelda þetta hafa verið þróuð umhverfisstjórnunarkerfi fyrir mismunandi fyrirtæki og starfsemi sem markast af alþjóðlegum stöðlum, dæmi um það eru ISO-staðlarnir. En ekki hentar alls staðar að vinna samkvæmt slíkum kerfum og nægir þá að setja fram stefnu sem tekur mið af afmarkaðri starfsemi viðkomandi stofnunar, fyrirtækis eða einingar.

Á vettvangi norrænnar samvinnu hefur verið mörkuð stefna um sjálfbær Norðurlönd. Hún byggist á samþykkt forsætisráðherra Norðurlanda frá 9. nóvember 1998. Í henni segir m.a. að ráðherrarnir séu sammála um að skapa þurfi sterka vitund í samfélaginu um ráðstafanir og ferli sem leiða til sjálfbærrar þróunar. Einnig að samþætta þurfi grundvallarreglur sjálfbærrar þróunar í starfi allra geira samfélagsins. Meðal þess sem ríkisstjórnir á Norðurlöndum hafa gert til að efla almenna vitund um ábyrgð í umhverfismálum og tryggja samþættingu grundvallarreglna sjálfbærrar þróunar við líf og störf borgaranna er að útbúa stefnu fyrir hverja og eina opinbera stofnun, þ.m.t. ráðuneyti og þjóðþing. Norrænu þjóðþingin hafa öll nema hið íslenska markað sér umhverfisstefnu eða eru í þann mund að ljúka slíkri stefnumörkun og á vettvangi Norðurlandaráðs liggur nú fyrir tillaga um opinbera stefnumörkun í umhverfismálum fyrir Norðurlandaráð og norrænu ráðherranefndina. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir að þessar norrænu stofnanir marki stefnu um alla þætti starfseminnar sem hafa áhrif á umhverfið, þ.m.t. ferðamáta starfsmanna jafnt innan lands sem utan, orku- og vatns-

notkun, meðferð pappírs, sorpflokkun og meðferð úrgangs. Í þeirri tillögu til þingsályktunar sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að fyrrgreind stefnumörkun og hugmyndir verði hafðar til hliðsjónar við mörkun umhverfisstefnu fyrir Alþingi.

Þann 11. september sl. setti umhverfisráðuneytið sér formlega umhverfisstefnu, fyrst ráðuneyta. Samkvæmt henni mun ráðuneytið meðal annars halda grænt bókhald og gefa út ársskýrslur um stöðu umhverfismála í ráðuneytinu. Þá mun sérstakt umhverfisteymi fylgjast með framkvæmd stefnunnar og eftir atvikum koma með ábendingar um endurskoðun hennar. Loks er gert ráð fyrir því að komið verði á vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi og stefnt að vottun eigi síðar en í mars 2011. Allt er þetta til fyrirmyndar og verður öðrum ráðuneytum vonandi hvatning, en auðvitað hefði þurft að grípa til þessara ráðstafana miklu fyrr, slíkt hefði verið í samræmi við fyrri yfirlýsingar stjórnvalda.

Árið 1997 gaf umhverfisráðuneytið út bæklinginn Umhverfisstefna í ríkisrekstri. Hjá Ríkisendurskoðun var í byrjun árs 1999 hrint af stokkunum umhverfisendurskoðun og var eitt fyrsta verkefnið að skoða hvernig þeirri umhverfisstefnu hafði verið framfylgt. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um þá athugun, sem gefin var út í janúar árið 2000, kemur fram alvarleg gagnrýni á framfylgd stefnunnar og ljóst að víðast skorti á að stefnan hefði fengið þann forgang og áherslu af hendi stjórnenda sem hefði þurft til að tryggja árangur. Ekki hefur mikið heyrst af Umhverfisstefnu í ríkisrekstri síðan skýrsla Ríkisendurskoðunar var gefin út.

Alþingi Íslendinga er sú stofnun sem ætti að vera í fararbroddi hvað umhverfismál varðar og er því orðið löngu tímabært að þar verði samþykkt umhverfisstefna. Í október 2001 skrifaði fyrsti flutningsmaður þessarar tillögu bréf til forsætisnefndar Alþingis og spurðist fyrir um með hvaða hætti markmiðum Umhverfisstefnu í ríkisrekstri væri framfylgt á Alþingi. Spurt var um innkaupastefnu, meðferð úrgangs, ekki síst pappírs, og um kynningu stefnunnar meðal starfsfólks. Svar barst frá forsætisnefnd 11. febrúar 2002 þar sem fram kemur að ekki hafi verið talin ástæða til að gefa út sérstaka umhverfisstefnu fyrir Alþingi, þó að sé unnið samkvæmt grófu pappírsflokkunarkerfi hvað varðar meðhöndlun pappírs til förgunar. Það kerfi hafi hins vegar ekki gefist sem skyldi enda misjafn áhugi manna á slíkri flokkun. Á það er bent að skrifstofa Alþingis hafi einungis boðvald yfir starfsfólki þingsins en ekki þingmönnum og einnig að aðstaða til pappírsflokkunar sé misjöfn í húsum Alþingis, ekki sé hægt að koma fyrir pappírsflokkunargámum við öll húsin.

Síðan þetta svar var gefið eru liðin tæp sjö ár og hefur lítið breyst hvað varðar eftirfylgni Umhverfisstefnu í ríkisrekstri. Því er þessi þingsályktunartillaga flutt. Það er mikilvægt að allir leggist á eitt við að draga úr hvers konar sóun og álagi á umhverfið. Það gerum við best með því að efla meðvitund um val á vistvænum vörum og þjónustu, og með því að setja almennar reglur sem hvetja til breyttra neysluhátta. Vilji til að standa í fremstu röð í umhverfismálum þarf að endurspeglast í framgöngu opinberra stofnana. Alþingi þarf að ganga þar í fararbroddi.

94. Lög [3. mál]

um breytingu á lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, nr. 121/2008.

(Afgreidd frá Alþingi 13. október 2008.)

Samhljóða þskj. 3.

95. Fyrirspurn [89. mál]

til viðskiptaráðherra um skuldir sjávarútvegsfyrirtækja.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hve miklar eru skuldir íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja í bönkunum þremur sem ríkið hefur nú yfirtekið, Glitni, Landsbankanum og Kaupþingi, eða fyrirtækjum sem ríkið hefur stofnað til þess að yfirtaka eignir og skuldir þeirra, sundurliðað eftir bönkum?
2. Hve mikið af skuldum sjávarútvegsfyrirtækjanna er tilkomið vegna kaupa á fiskveiðiheimildum og hvað eru þær skuldir til langs tíma?
3. Hver eru helstu veð fyrir skuldum sjávarútvegsfyrirtækjanna og sérstaklega hver eru veðin fyrir skuldum vegna kaupa á fiskveiðiheimildum og hvernig er veðstaðan í ljósi verulegrar lækkunar síðastliðið ár á verði þorskveiðiheimilda?
4. Hvað þarf að afskrifa mikið af skuldum sjávarútvegsfyrirtækjanna ef núverandi úthlutun fiskveiðiheimilda verður felld niður við upphaf næsta fiskveiðiárs og hvað þyrfti að afskrifa mikið af skuldum vegna kaupa á fiskveiðiheimildum? Hver verður afskriftaþörfin á hverju ári ef niðurfellingu heimildanna verður dreift á a) 10 ár, b) 20 ár?
5. Hvað er talið að skuldir sjávarútvegsfyrirtækjanna hafi verið miklar í þeirri starfsemi bankanna þriggja sem ríkið yfirtók ekki?

Skriflegt svar óskast.

96. Frumvarp til laga [90. mál]

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161 20. desember 2002.

Flm.: Jón Bjarnason, Ögmundur Jónasson, Björn Valur Gíslason,
Guðmundur Magnússon, Kolbrún Halldórsdóttir, Atli Gíslason.

1. gr.

Við 1. mgr. 12. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Heitið „sparisjóður“ er þó óheimilt að nota með öðrum orðum eða skammstöfunum í firmaheiti.

2. gr.

4. mgr. 73. gr. laganna orðast svo:

Sparisjóði, sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, er óheimilt að nota orðið „sparisjóður“ í heiti sínu.

3. gr.

22. tölul. 1. mgr. 110. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 55/2007, fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að starfsemi þeirra sparisjóða sem áfram vilja bera nafn sparisjóða verði færð aftur til upphaflegs markmiðs við stofnun þeirra. Markmiðið var að stofnfjárhafar hefðu hvorki fjárhagslegan né persónulegan ávinning af stofnun sjóðanna heldur væri stuðningur þeirra persónulegur og endurspeglast það markmið í ábyrgð þeirra á skuldbindingum sjóðanna sem takmarkast við stofnfjárhlut. Enn fremur er lagt til að heitið sparisjóður verði lögverndað, þ.e. að einungis verði heimilt að nota heitið sparisjóður ef um raunverulegan sparisjóð er að ræða en ekki ef sparisjóðnum er breytt í hlutafélag eða hann rekinn sem fjármálastofnun eða banki. Hugtakið sparisjóður er órjúfanlega tengt starfsgrunni og hugsjónum sem réðu við stofnun þeirra. Það er því verið að beita blekkingum ef fjármálastofnun er leyft að bera heitið sparisjóður í nafni sínu þótt hún hafi horfið frá flestum grunnþáttum sem samfélagið leggur í hugtakið sparisjóður. Samkvæmt frumvarpinu verður því óheimilt að nota það með öðrum orðum eða skammstöfunum í firmaheiti fjármálastofnunar.

Frumvarpið var áður flutt á síðasta löggjafarþingi og er endurflutt nú óbreytt. Vert er að huga að því í því ástandi sem nú ríkir í íslenskum fjármálaheimi að staðbundnir sparisjóðir sem leggja kapp á að þjónusta einstaklinga og fyrirtæki í heimasveit sinni telja sig enn geta veitt þá þjónustu við þær aðstæður sem nú eru meðan óvíst er um stærri sparisjóði og hlutafjárvædda sem tóku þátt í kapphlaupi og útrás bankanna.

Almennt.

Sparisjóðir eru að grunni til félagslegar stofnanir og meginhluti eiginfjár þeirra er í sjálfseign, en í reynd í eigu almennings þess nærsamfélags sem viðkomandi sparisjóður þjónar. Sparisjóðirnir voru stofnaðir á grunni hugsjóna félagshyggju og samvinnu til að byggja upp atvinnu- og menningarlíf á heimasvæði sínu. Litið var á stofnfjárhafa sem ábyrgðarmenn og

markmiðið var ekki að hámarka arðgreiðslur heldur þjóna samfélaginu. Hlutverk sparisjóðs er að veita almenna fjármálaþjónustu á grundvelli hugsjóna um eflingu og uppbyggingu atvinnulífs og menningarstarfs á heimasvæðinu. Á þessum grunni hafa sparisjóðirnir gegnt lykilhlutverki í fjármálaþjónustu við einstaklinga og minni fyrirtæki, einkum á landsbyggðinni. Stofnfjárhafar, sem lögum samkvæmt þurfa að standa að hverjum sparisjóði, eru engan veginn eigendur sjóðanna heldur trúnaðarmenn samfélagsins á starfssvæði sjóðanna. Hlutverk stofnfjárhafanna er því að tryggja að sjóðurinn starfi á þessum hugsjónagrunni en ekki að hámarka eigin persónulegar arðgreiðslur. Í framantöldu felst ímynd og gildi heitisins „sparisjóður“. Hins vegar ber hlutafélagsbanki engar slíkar samfélagsskyldur heldur er meginmarkmið hans að hámarka ábata og arð eigenda hlutafjárins. Á því er grundvallarmunur.

Breytingar á rekstri sparisjóða.

Allmiklar breytingar hafa orðið á rekstri sparisjóða hérlendis en aðdragandi þeirra birtist með stöku fréttum um viðskipti með stofnbréf og sameiningu eða yfirtöku ákveðinna sjóða. Á síðustu missirum hefur átt sér stað býsna hljóð einkavæðing á eigum sparisjóðanna og hafa þeir átt í vök að verjast gegn aðilum sem reyna að brjótast inn í þá og komast yfir eigið fé þeirra og viðskiptavild, yfirtaka þá og leggja þar með hald á eigur samfélagsins. Bæði löggjafinn og eftirlitsstofnanir virðast meðvitað eða ómeðvitað hafa brugðist þeim skyldum sínum að standa vörð um hugsjónir sparisjóðanna og hagsmuni almennings og einstakra samfélaga sem hlut eiga að máli. Sú spurning hlýtur að verða áleitin hverjum þeim sem virðir hugsjónir sparisjóðanna eða ber rétt samfélagsins fyrir brjósti, hvernig það megi t.d. gerast að hlutur almennings í SPRON hafi lækkað hlutfallslega á örfáum árum úr tæpum 90% í 15% án þess að neinn hafi haldið uppi vörnum. Horfa má m.a. til Fjármálaeftirlitsins í þeim efnum. Þeir sem sækja hvað harðast eftir að komast yfir samfélagseigur sparisjóðanna eða breyta þeim í hlutafélag ættu að hugleiða hvaða lagalegan eða a.m.k. siðferðislegan rétt þeir hafi til að einkavæða samfélagsstofnanir eins og sparisjóðirnir eru og komast yfir samfélagslegar eigur þeirra. Þegar sparisjóði er breytt í hlutafélag er hann ekki lengur sparisjóður heldur einkavæddur banki á markaði.

Í öðrum tilvikum hafa einhverjir aðilar reynt að kaupa út stofnfjárhafa í óvissum tilgangi, eins og nú er að gerast með ýmsa sparisjóði. Þá heimilaði Samkeppniseftirlitið nýlega kaup Kaupþings á 70% stofnfjárbréfa í Sparisjóði Mýrasýslu vegna erfiðleika sparisjóðsins, bágrar stöðu hans og á grundvelli þess að sparisjóðurinn hyrfi ella af markaði vegna erfiðleika. Samruni SPRON og Kaupþings var heimilaður með sömu rökum. Loks hafa sumir sparisjóðir, í slagtogi við fjársterka aðila, keypt aðra sparisjóði í tilgangi sem er óljós. Sú virðist raunin varðandi t.d. yfirtöku Sparisjóðs Mýrasýslu og Siglufjarðar á Sparisjóði Skagafjarðar.

Enn eru til sparisjóðir sem reknir eru á grundvelli þeirrar hugsunar sem lagt var upp með við stofnun þeirra og einbeita sér að því að þjóna fólki í sínu héraði. Hafa þessir sjóðir hvorki tekið þátt í útrás bankanna sem hefur nú knésett þá hvern af öðrum né hlutabréfabraski og erlendri fjármögnun. Mikilvægt er að slá skjaldborg um þessa sparisjóði og þá grundvallarhugsun sem býr að baki starfsemi þeirra. Frumvarp þetta er fyrsta skrefið í þá átt en þó verður einnig að tryggja þeim rekstrargrundvöll og starfsskilyrði með því að binda í lög að viðskipti með stofnfjárbréf verði ekki leyfð á yfirverði sem og setja ákvæði sem tryggja að hluti stjórnarmanna sé ávallt frá almenningi og heimasamfélagi sparisjóðsins og styrkja með því yfirtökuvarnir. Þá þarf með samkeppnislögum að vera hægt að heimila nauðsynlegt samstarf milli sparisjóðanna þannig að hagsmunir hinna minni sjóða og hæfilegt sjálfstæði þeirra

sé tryggt. Hinn félagslegi grunnur sparisjóðanna verður að vera tryggður nú við endurskipulagningu fjármálakerfis landsins. En við þá endurskipulagningu gegna sparisjóðirnir lykilhlutverki enda starfi þeir þá alfarið á hinum forna félagslega grunni sem byggt var á við stofnun þeirra.

Hlutafélagavæðing sparisjóða.

Með setningu laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, átti að treysta yfirtökuvarnir sparisjóðanna, m.a. með því að kveða á um það við hvaða aðstæður sparisjóðsstjórn skuli heimila framsal á virkum eignarhlut, að tengdir stofnfjáreigendur geti ekki farið með yfir 5% heildaratkvæðamagns í sparisjóði og að sparisjóður verði að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélag áður en til samruna við aðrar tegundir fjármálafyrirtækja kemur. Það markmið laganna að treysta yfirtökuvarnir sjóðanna virðist ekki hafa náðst. Fjölmargir sparisjóðir hafa verið hlutafélagavæddir undanfarið þótt enn séu til örfáir sparisjóðir sem eru reknir á grundvelli þeirrar hugsunar sem lagt var upp með við stofnun þeirra. Sem dæmi má nefna sparisjóði Hólmavíkur, Þingeyinga, Svalbarðseyrar, Þórshafnar og Bolungarvíkur.

Hlutafjárvæðing sparisjóðanna hófst með breytingu SPRON í hlutafélag og allmargir sparisjóðir hafa, að undangengnum vafasömum viðskiptum með stofnfé, sameinast í tvær einingar, þ.e. Byr, sem hefur nú hlutafjárvæðst, og Sparisjóðinn í Keflavík sem virðist undirbúa breytingu í hlutafélagaform.

Sparisjóður sem hverfur frá markmiðum sínum og samfélagslegri umgjörð, svo sem með því að vera breytt í hlutafélag, á ekki að geta kallast sparisjóður og er því lagt til í frumvarpinu að óheimilt verði að nota nafnið sparisjóður með öðrum orðum eða skammstöfunum í firmaheiti eins og sparisjóður hf. enda eru skýr ákvæði í samþykktum sparisjóðanna um það hvernig leggja skuli sparisjóði niður ef ekki er vilji til að starfrækja þá áfram í sínu félagslega formi. Við breytingu á sparisjóði í hlutafélag skulu stofnfjáreigendur samkvæmt lögunum eingöngu fá hlutafé í hlutafélaginu sem gagngjald fyrir stofnfjárhluti sína, sbr. 74. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Skal samanlagt hlutafé sem stofnfjáreigendur fá í sparisjóðnum enn fremur nema sama hlutfalli af hlutafé hans eftir breytinguna, endurmetið skv. 67. gr. laganna, og sem nemur sama hlutfalli af áætluðu markaðsvirði sparisjóðsins. Í 74. gr. kemur einnig fram að sá hluti hlutafjár sparisjóðsins eftir breytingu hans í hlutafélag sem ekki gengur til stofnfjáreigenda samkvæmt framansögðu skal vera eign sjálfseignarstofnunar sem sett er á fót skv. 76. gr. Þess eru dæmi um að gengið hafi verið að eign sjálfseignarstofnunar við hlutafjárvæðingu, sbr. SPRON.

Staðbundnar lánastofnanir.

Einkavæðing og yfirtaka almenningseigna fer nú því miður eins og eldur um akur. Virðist þar fátt heilagt, hvort heldur eru orkuveitur, náttúruauðlindir eða sparisjóðir landsmanna sem nú standa sem varnarlaus fórnarlömb græðginnar. Ekki verður fram hjá því horft að fjármálaþjónusta við landsbyggðina hefur versnað á undanförnum árum. Víða hefur afgreiðslustöðum verið lokað og æ erfiðara hefur verið að fá lánafyrirgreiðslu í dreifbýli, sérstaklega fyrir einstaklinga og minni fyrirtæki, enda hefur hugur viðskiptabankanna einkum stefnt út fyrir landsteinana. Vegna atburða síðustu daga má allt eins búast við því að með fækkun starfsmanna í bankageiranum og sparnaðaraðgerðum versni þjónusta bankanna úti á landi enn frekar. Því er nú ekki síður þörf fyrir staðbundnar lánastofnanir en þegar sparisjóðirnir voru stofnaðir á fyrri hluta síðustu aldar. Sparisjóðirnir eiga áfram að gegna lykilhlutverki í fjármálaþjónustu hér á landi og því er mikilvægt að standa vörð um gildi þeirra og starfsgrundvöll. Því

er nauðsynlegt að leggja þetta frumvarp fram. Þess má geta að Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagði á sínum tíma fram frumvarp til laga til breytinga á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði (8. mál 128. löggjafarþings). Allt frá þeim tíma hafa þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs viljað standa vörð um hugsjónir sparisjóðanna og hlut þeirra í fjármálaþjónustunni, en því miður hefur einn af öðrum þurft að lúta í gras fyrir ásælni peningaaflanna. Frumvarp þetta er lagt fram til þess að standa vörð um grunnstoðir sparisjóðanna sem starfa á hugsjónagrunni og njóta verðmætrar ímyndar og trúnaðar meðal fólksins í landinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að heitið sparisjóður verði lögverndað, þ.e. að óheimilt verði að nota það með öðrum orðum eða skammstöfunum í firmaheiti. Hugtakið sparisjóður er órjúfanlega bundið við þær hugsjónir og starfsgrundvöll sem réðu við stofnun þeirra. Þessi breyting tengist því að með frumvarpinu er lagt til að ekki verði lengur hægt að breyta sparisjóði í hlutafélag og halda sparisjóðsheitinu heldur verði að nefna hann t.d. banka eða fjármálastofnun. Ef sparisjóði er breytt í hlutafélag er hann ekki lengur sparisjóður heldur einkavæddur banki á markaði enda byggist starfsemi hlutafélaga og banka á allt öðrum sjónarmiðum en sparisjóður gerir. Þannig verði t.d. ekki lengur unnt að nota heitið sparisjóðabanki eða sparisjóður hf. í heiti.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að sparisjóði, sem breytt er í hlutafélag samkvæmt ákvæðum 73. gr., verði óheimilt að nota orðið „sparisjóður“ í heiti sínu. Tillaga þessi helgast af því að við breytingu á sparisjóði í hlutafélag breytist eðli rekstrarins svo mikið frá upphaflegu markmiði við stofnun sparisjóðs, sem og eignaraðildin og formið á rekstrinum, að nafnið verður alls ekki lýsandi fyrir starfsemina og í raun rangnefni.

Þetta felur í sér að ef sparisjóður er sameinaður öðrum sparisjóði helst heitið óbreytt en ef stofnað er hlutafélag um rekstur sparisjóðs verður að nota orðið banki, fjárfestingarfyrirtæki eða eitthvað þess háttar í firmaheiti sem er lýsandi fyrir starfsemina.

Um 3. gr.

Í samræmi við fyrri greinar frumvarpsins er lagt til að brott falli heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja stjórnvaldssekt á sparisjóð sem breytt hefur verið í hlutafélag og notar ekki orðið hlutafélag í heiti sínu.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Að brjótast inn í sparisjóði landsmanna, Jón Bjarnason. (Morgunblaðið, 22. september 2007.)
II. Þankar um sparisjóði, Ari Teitsson, stjórnarformaður Sparisjóðs Suður-Þingeyinga. (Fréttablaðið 24. ágúst 2007.)

III. Sparisjóðurinn, Gísli Árnason. (Morgunblaðið, 17. febrúar 2008.)
IV. Þegar græðgin tekur öll völd. Guðbrandur Brynjúlfsson. (Skessuhorn, 18. september 2008.)
V. „Við erum að þjóna fólkinu í héraðinu.“ Elías Jón Guðjónsson. (24 stundir, 6. ágúst 2008.)
VI. Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum. Sjá þskj. 8, 8. mál 128. löggjafarþings, í Alþt. 2002–2003 bls. 521–523.

97. Tillaga til þingsályktunar [91. mál]

um gengisjöfnun á námslánum og námsstyrkjum til íslenskra námsmanna erlendis.

Flm.: Katrín Jakobsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Árni Þór Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að tryggja lífskjör námsmanna erlendis og sjá til þess að þeim verði tryggð gengisjöfnun á námslánum og námsstyrkjum. Í því skyni beiti ráðherra sér fyrir breytingum annars vegar á úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna og hins vegar á úthlutunarreglum styrkja úr sjóðum á vegum Rannsóknamiðstöðvar Íslands.

Greinargerð.

Við þær aðstæður sem nú eru uppi í efnahagslífi þjóðarinnar sveiflast gengi íslensku krónunnar gríðarlega og er gengið nú í sögulegu lágmarki. Veldur þetta námsmönnum erlendis miklum þrengingum, sem hægt væri að bæta úr með því að breyta úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) og rannsóknasjóða Rannsóknamiðstöðvar Íslands (RANNÍS) á þann veg að í þeim verði ákvæði um gengisjöfnun. Í tillögu þessari er lagt til að menntamálaráðherra verði falið að tryggja breytingar á úthlutunarreglum þessara sjóða með það að markmiði að kjör námsmanna erlendis verði tryggð og dregið verði úr áhrifum af gengissveiflum.

Íslenskir námsmenn geta sótt um og fengið lán fyrir framfærslu sinni og skólagjöldum meðan stundað er nám sem telst lánshæft samkvæmt lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, og reglum settum á grundvelli þeirra. Um íslenska námsmenn sem stunda nám sitt erlendis gildir það að LÍN gefur upp tölur yfir grunnframfærslu námsmanna í hverju landi fyrir sig og einnig í stærstu borgunum. Eru þær grunnframfærslutölur settar fram í mynt viðkomandi námslands á grundvelli gengis þann 1. júní ár hvert, þ.e. í júní áður en nýtt skólaár hefst.

Þegar námsmaður hefur náð tilskildum námsárangri að lokinni skólaönn greiðir LÍN námslán til viðkomandi námsmanns í íslenskum krónum. Þegar greiðslan fer fram er hinni erlendu upphæð sem grunnframfærslan miðast við umbreytt í íslenskar krónur á gengi gjaldmiðils þann dag.

Til að framfleyta sér á hverri skólaönn hefur viðkomandi námsmaður í flestum tilfellum fengið bankalán sem miðast við þá grunnframfærslu sem upphaflega var gefin upp. Þegar kemur að greiðslu eru allar líkur til þess að gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart íslensku

krónunni hafi tekið verulegum breytingum og annaðhvort gert framfærslu íslensks námsmanns auðveldari eða erfiðari. Vegna þessara sveiflna getur námsmaður staðið uppi með skuld við viðskiptabanka sinn og greiðslan sem koma á til móts við skuldina nær ekki upp í þá fjárhæð vegna breytinga á gengi. Þetta getur valdið námsmönnum miklum erfiðleikum.

Þetta fyrirkomulag á sér stoð í úthlutunarreglum sjóðsins sem eru gefnar út og endurskoðaðar árlega.* Með þessari tillögu er því beint til menntamálaráðherra að úthlutunarreglurnar verði endurskoðaðar þannig að námsmenn erlendis fái greidd námslán sín í samræmi við framfærslukostnað í námslandi á meðaltalsgengi viðkomandi gjaldmiðils miðað við íslenska krónu á því tímabili sem nám erlendis tekur til. Með þessum hætti telja flutningsmenn að hægt sé að minnka til muna þau óþægindi sem námsmenn í útlöndum verða fyrir vegna gengissveiflna.

Á það skal auk þess bent að í 3. gr. laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna segir að veita skuli framfærslulán sem nægja til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði á meðan á námi stendur. Færa má fyrir því rök að LÍN bregðist því hlutverki sínu ef útborguð lán standa ekki fyllilega undir náms- og framfærslukostnaði meðan á námi stendur vegna gengissveiflna. Á þetta hefur hins vegar reynt í úrskurði málskotsnefndar LÍN nr. L-06/2004 þar sem því var hafnað að það fyrirkomulag sjóðsins að greiða út námslán fyrir framfærslukostnaði erlendis í íslenskum krónum á gengi gjaldmiðils þann dag bryti gegn 3. gr. laganna. Er tillaga þessi sett fram til að taka af allan vafa um vilja löggjafans í þessu efni.

Hér eru einnig lagðar til hliðstæðar breytingar á úthlutun styrkja frá Rannsóknamiðstöð Íslands. RANNÍS hefur á að skipa allnokkrum sjóðum sem stofnunin hefur umsjón með að úthluta úr. Vísinda- og tækniráð, fyrir hönd RANNÍS, veitir og tekur ákvörðun um eftirtalda styrki: styrki úr Rannsóknasjóði, úr Tækniþróunarsjóði, úr Tækjasjóði og úr Rannsóknarnámssjóði. Úr þessum sjóðum eru veittir ýmsir styrkir undir margvíslegum formerkjum. Allt eru þetta styrkir sem ekki þarf að endurgreiða og lúta þeir þannig að einhverju leyti öðrum lögmálum en lán frá LÍN sem eru endurgreidd með vöxtum. Í reglum um úthlutun styrkja á vegum RANNÍS er í öllum tilfellum talað um styrki í íslenskum krónum og ekki koma fram neinar reglur um umreikning styrkja í erlenda mynt ef rannsókn eða rannsóknanám fer fram erlendis.

Styrktargreiðslur til námsmanna erlendis eru aðallega úr Rannsóknarnámssjóði en hann veitir nemum í rannsóknatengdu framhaldsnámi og nemum í doktorsnámi styrki til framfærslu. Miðar sjóðurinn við að mánaðarlaun meistaranema séu 200 þús. kr. á mánuði í allt að 12 mánuði, samtals 2,4 millj. kr., og greiðslur til doktorsnema nemi um 250 þús. kr. á mánuði í allt að þrjú ár, samtals að hámarki um 9 millj. kr. Ekki eru settar fram sérstakar reglur um greiðslur til nemenda erlendis og ekki miðað við sérstakan framfærslukostnað í erlendri mynt.

Augljóst er hins vegar að gengissveiflur geta valdið styrkþegum RANNÍS sams konar vandræðum og námsmönnum erlendis sem taka lán hjá LÍN. Því er hér beint til menntamálaráðherra að tryggja breytingar á úthlutunarreglum RANNÍS þannig að sama fyrirkomulag verði haft á greiðslum úr Rannsóknarnámssjóði til námsmanna erlendis og það fyrirkomulag sem lagt er hér til um greiðslur frá LÍN.

---

* Grein 5.2.2. hljóðar svo: „Námslán eru að jafnaði reiknuð út í mynt viðkomandi námslands. Tekjum og styrkjum er breytt í mynt námslands miðað við gengi 1. júní 2008. Þegar lán eða hlutar þess koma til útborgunar er upphæðinni sem greiða á út breytt í íslenskar krónur miðað við daggengi við útborgun.“

98. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um breyt. á vatnalögum, nr. 20/2006, og endurskoðun þeirra.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson, skrifstofustjóra í iðnaðarráðuneyti.

Á 132. löggjafarþingi var frumvarp til nýrra vatnalaga samþykkt sem lög frá Alþingi, sbr. lög nr. 20/2006. Við umfjöllun um frumvarpið í þinginu varð að samkomulagi að gildistöku laganna yrði frestað til 1. nóvember 2007 og jafnframt var iðnaðarráðherra falið að skipa nefnd sem taka skyldi til skoðunar samræmi laganna við önnur lagaákvæði íslensks réttar sem varða vatn og vatnsréttindi.

Með lögum nr. 133/2007 var gildistöku vatnalaga, nr. 20/2006, frestað á ný til 1. nóvember 2008.

Í samræmi við samkomulag þingflokka hinn 15. mars 2006 var skipuð vatnalaganefnd í janúar 2008. Sú nefnd skilaði niðurstöðum sínum og tillögum til iðnaðarráðherra 15. september sl. ásamt ýtarlegri skýrslu um vatnsréttindi og vatnalöggjöf. Einróma samstaða var í nefndinni um að leggja til að endurskoðun færi fram á vatnalögum, nr. 20/2006. Lagði vatnalaganefnd jafnframt til að gildistöku laganna yrði frestað tímabundið meðan nefnd sem skipuð yrði á vegum iðnaðarráðherra, og í samráði við umhverfisráðherra og forsætisráðherra, ynni að endurskoðun laganna í samræmi við tillögur vatnalaganefndar.

Með frumvarpinu er lagt til að fresta gildistöku vatnalaga, nr. 20/2006, til 1. júlí 2010. Jafnframt er gert ráð fyrir að skipuð verði nefnd á vegum iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra og forsætisráðherra sem muni vinna að endurskoðun laganna í samræmi við tillögur vatnalaganefndar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Guðni Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. okt. 2008.

Kristján Þór Júlíusson, varaform., frsm. | Einar Már Sigurðarson. | Guðmundur Magnússon.

Herdís Þórðardóttir. | Guðmundur Steingrímsson. | Rósa Guðbjartsdóttir.

Björk Guðjónsdóttir. | Grétar Mar Jónsson.

99. Frumvarp til laga [92. mál]

um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Við 3. mgr. 84. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þegar úrskurður um aðgerðir á grundvelli 81. gr. og a-, b- eða c-liðar 82. gr. er kveðinn upp skal dómari skipa þolendum aðgerðanna réttargæslumann.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að þolanda þeirra aðgerða sem beitt er í þágu rannsóknar sakamáls og taldar eru upp í 81. gr. og a-, b- og c-lið 82. gr. laganna verði skipaður réttargæslumaður. Þar er um að ræða símhlerun, hlustun, kvikmyndun eða ljósmyndun og notkun eftirfararbúnaðar. Þessar aðgerðir eiga það sameiginlegt að þeim er beint að aðila sem veit ekki af þeim, enda yrðu þær tilgangslausar ef svo væri. Frumvarpið hefur að geyma ákvæði, sem er nýmæli í íslenskum lögum, en sækir fyrirmynd sína til 1. mgr. 784. gr. dönsku réttarfarslaganna.

100. Frumvarp til laga [93. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Karl V. Matthíasson, Ólöf Nordal, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Árni Þór Sigurðsson, Ármann Kr. Ólafsson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný orðskýring í réttri stafrófsröð, svohljóðandi:

Forgangsakrein:

Akrein sem einungis er ætluð fyrir umferð strætisvagna og leigubifreiða.

2. gr.

Við 2. mgr. 13. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Almenn umferð ökutækja um forgangsakreinar strætisvagna og leigubifreiða er óheimil.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er liður í því að efla almenningssamgöngur. Ljóst er að á næstu árum þarf átak í eflingu almenningssamgangna og á vettvangi samgönguráðuneytisins er unnið að endurskoðun á umferðarlögum sem taka mun mið af því. Þetta skref verður vonandi til þess að fleiri forgangsakreinar í umferðinni líti dagsins ljós og að almenningssamgöngur verði raunhæfur valkostur í fyllingu tímans. Töluvert hefur borið á því að ekki hafi verið tekið tillit til nýrra forgangsakreina strætisvagna og leigubifreiða. Í frumvarpinu er því lagt til að hugtakið forgangsakrein verði skilgreint í umferðarlögum, ásamt því að kveðið verði skýrt á um að umferð annarra ökutækja en strætisvagna og leigubifreiða um slíkar forgangsakreinar sé óheimil. Í þessu sambandi er lögð áhersla á að ökumönnum strætisvagna og leigubifreiða verði einungis heimilt að nota forgangsakreinar við störf sín. Brot gegn framangreindu banni mundi varða sektum, sbr. 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Verði frumvarp þetta að lögum er lögð áhersla á að samgönguráðuráðherra skerpi á sektarheimild vegna brots á ákvæðinu í reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim, nr. 930/2006, að fengnum tillögum ríkissaksóknara, sbr. 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga.

101. Frumvarp til laga [94. mál]

um niðurlagningu úrskurðarnefnda á sviði siglingamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

Breyting á lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, með síðari breytingum.

1. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Ákvörðunum Siglingastofnunar Íslands samkvæmt lögum þessum má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

Breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003.

2. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Útgerðarmaður og skipstjóri geta kært farbann til samgönguráðherra. Telji ráðherra að sérkunnáttu þurfi til að skera úr um málið getur hann kvatt til einn eða tvo ráðgjafa sem hafa slíka sérkunnáttu. Um málsmeðferð að öðru leyti fer samkvæmt stjórnsýslulögum. Málshöfðun til ógildingar á úrskurði ráðuneytis frestar ekki réttaráhrifum hans.

3. gr.

25. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu. Í frumvarpinu er lagt til að tvær sjálfstæðar úrskurðarnefndir á sviði siglingamála verði lagðar niður en það er liður í framkvæmd þeirrar stefnu að fækkað skuli sjálfstæðum úrskurðarnefndum. Það horfir til aukinnar ráðdeildar í meðferð ríkisfjármuna auk þess sem það er í samræmi við meginreglu um að ráðherrar fari með yfirstjórn stjórnarmálefna.

Frumvarp þetta var lagt fram á 133. löggjafarþingi 2006–2007 en náði ekki fram að ganga.

Í frumvarpinu eru annars vegar lagðar til breytingar á 13. gr. laga nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, og hins vegar á 24. gr. laga nr. 47/2003, um eftirlit með skipum. Í báðum tilvikum eru breytingarnar þess efnis að kæruheimild vegna ákvarðana Siglingastofnunar Íslands er flutt frá sjálfstæðri úrskurðarnefnd til ráðuneytisins. Báðar úrskurðarnefndirnar eiga það sameiginlegt að hafa verið verkefnalausar síðan á árinu 2002 en fengið afar fá mál til úrlausnar fram að þeim tíma.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lögð er til breyting á 13. gr. laganna þess efnis að ákvarðanir Siglingastofnunar Íslands samkvæmt lögunum verði kæranlegar til samgönguráðherra í stað úrskurðarnefndar siglingamála. Í núgildandi lögum er kærufrestur fjórar vikur frá því að aðila var var tilkynnt um ákvörðunina. Með breytingu á lögunum er framangreindur kærufrestur lengdur til samræmis við ákvæði stjórnsýslulaga. Vísast að öðru leyti til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 2. og 3. gr.

Lögð er til breyting á 24. gr. laga nr. 47/2003, um eftirlit með skipum, þess efnis að ákvörðun Siglingastofnunar um farbann megi skjóta til samgönguráðherra til úrskurðar. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að nefndarmenn búi yfir sérþekkingu á sviði siglinga eða skipatækni og því er lagt til að ráðherra verði heimilað að leita til slíkra ráðgjafa við úrlausn ágreinings um farbann. Þá er talin ástæða til að halda inni reglunni um að málshöfðun til ógildingar á úrskurði um farbann fresti ekki réttaráhrifum hans.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um niðurlagningu úrskurðarnefnda á sviði siglingamála.

Með frumvarpinu er lagt til að tvær úrskurðarnefndir á sviði siglingamála verði lagðar niður. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 13. gr. laga nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, og hins vegar á 24. gr. laga nr. 47/2003, um eftirlit með skipum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum hefur það í för með sér óverulega lækkun á útgjöldum ríkissjóðs.

102. Fyrirspurn [95. mál]

til samgönguráðherra um vistakstur.

Frá Merði Árnasyni og Karli V. Matthíassyni.

1. Hvenær má búast við að starfshópur sem nú er að störfum til að efla vistakstur skili tillögum sínum?
2. Hvað líður undirbúningi breytinga á lögum og reglugerðum til að gera vistakstur að formlegum hluta ökunáms?

103. Fyrirspurn [96. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um frítekjumark örorkulífeyrisþega.

Frá Guðmundi Magnússyni.

Hefur ráðherra undirbúið breytingar á ákvæðum um frítekjumark örorkulífeyrisþega, þegar ákvæði um 100 þús. kr. frítekjumark þessa hóps á mánuði falla úr gildi? Ef svo er, hverjar eru þær breytingar?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Ríkisstjórnin stefnir á að taka upp nýtt örorkumatskerfi um næstu áramót. Öryrkjabandalag Íslands hefur lýst því yfir að það telji áætlanir ríkisstjórnarinnar óraunhæfar, í ljósi þess hversu vinnan við kerfið er skammt á veg komin, og hefur hvatt stjórnvöld til að endurskoða ákvörðun sína.

104. Fyrirspurn [97. mál]

til viðskiptaráðherra um stöðu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvernig hefur inngreiðslum í sjóðinn verið háttað frá árinu 2000, sundurliðað eftir árum til og með árinu 2007, og það sem af er þessu ári, og aðgreint fyrir innstæðudeild og verðbréfadeild?
2. Hvert hefur verið hlutfall raunverulegra inngreiðslna og hlutfall ábyrgðaryfirlýsinga, sundurliðað eftir árum á sama hátt?

3. Hvernig hafa heildareignir innstæðudeildar sjóðsins staðist viðmið um að þær nemi að lágmarki 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári á hverju ári fyrir sig á ofangreindu tímabili?
4. Hefur ákvæðum um viðbótargreiðslur sem nemur 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna verið verið beitt, sundurliðað eftir árum á þessu tímabili með sama hætti?
5. Hefur komið til vanskila á inngreiðslum, sundurliðað á þessu tímabili, og ef svo er hverjir hafa átt í hlut?
6. Hverjir hafa annast fjárvörslu fyrir sjóðinn á ofangreindu tímabili og með hvaða skilmálum?
7. Hver hefur verið fjárfestingarstefna sjóðsins, sundurliðað á ofangreindu tímabili, og hvert hefur verið hlutfall eigna sjóðsins í innlendum ríkisskuldabréfum, erlendum ríkisskuldabréfum og erlendum hlutabréfum á hverju ári um sig?
8. Hefur sjóðurinn tapað fé sem ávaxtað var í erlendum hlutabréfum, sundurliðað eftir árum, og hvernig hefur slík ávöxtun þróast?
9. Hver var heildareign deilda sjóðsins 1. september sl. og hvaða hlutfall var hún í tilviki innstæðudeildar af öllum tryggðum innstæðum aðildarfyrirtækja sjóðsins, sbr. 3. gr. laga nr. 98/1999?
10. Hvaða upplýsingum öðrum en að ofan er beðið um er varða stöðu og starfsemi sjóðsins telur ráðherra rétt að koma á framfæri við Alþingi?

Skriflegt svar óskast.

105. Tillaga til þingsályktunar [98. mál]

um innköllun íslenskra aflaheimilda.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Grétar Mar Jónsson, Jón Magnússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að innkalla allar aflaheimildir við Ísland samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum, og lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Stofnaður verði sérstakur auðlindasjóður sem hafi það hlutverk að leigja gegn eðlilegu afgjaldi allar aflaheimildir árlega. Leiga aflaheimilda til fiskveiða verði bundin við íslenska ríkisborgara, á jafnréttisgrundvelli, og miðað verði að því að eðlileg nýliðun í útgerð sé tryggð. Óheimilt verði að framleigja leigðar veiðiheimildir. Tekjur af leigu aflaheimilda renni í auðlindasjóðinn eftir nánari reglum sem Alþingi ákveður.

Greinargerð.

Hamfarir á fjármálamörkuðum hafa leitt til þess að stærstu bankastofnanir þjóðarinnar hafa komist í þrot og verið ríkisvæddar. Skuldir sjávarútvegsins eru miklar. Torséð er að greinin ráði við að greiða þær niður. Þessar skuldir eru nú að mestu við fjármálastofnanir í ríkiseigu, banka og sjóði. Þingsályktunartillaga þessi felur ríkisstjórninni að innkalla allar aflaheimildir og að stofnaður verði sérstakur auðlindasjóður sem hafi það hlutverk að leysa

til sín og leigja aflaheimildir. Miðað er við að innleysing aflaheimilda verði m.a. með þeim hætti að aflaheimildir verði innleystar á ákveðnu verði á móti skuldum sem ríkið og/eða auðlindasjóður yfirtekur. Á móti slíkri innleysingu yrðu sambærilegar skuldir vegna kvótakaupa fyrir hrun bankakerfisins afskrifaðar hjá bönkum og sjóðum. Tekjur komi á móti til ríkisins í formi leigutekna þegar þessar aflaheimildir verði boðnar út af þar til gerðum auðlindasjóði, á opnum markaði þar sem öllum sem hyggja á fiskveiðar er frjáls þátttaka eftir þar til gerðum reglum. Sett verði löggjöf um leigu á aflaheimildum. Leiga aflaheimilda fari aðeins í þann farveg sem markaður er um slík viðskipti. Útgerðum sem leigi aflaheimildir beri að nýta aflaheimildir til veiða. Leiga á aflaheimildum getur farið fram á fiskmörkuðum sem gert hafa samkomulag við auðlindasjóð. Leiga aflaheimildanna fer eftir nánari reglum auðlindasjóðs og fiskmarkaða. Við leigu á aflaheimild verði hún skilgreind sem afnotaréttur í takmarkaðan tíma gegn leigugjaldi. Tekjur af viðskiptum með aflaheimildir renna til ríkissjóðs þar til ríkissjóður hefur náð að jafna sinn kostnað vegna afskrifta skulda af kvótakaupum undanfarinna ára. Tilteknar þúsundir tonna af þorski verði ætlaðar til leigu, sérstaklega frá þeim svæðum þar sem verulegur samdráttur hefur orðið í aflaheimildum og hagvöxtur síðustu ára hefur verið hvað minnstur, jafnvel neikvæður. Þær heimildir verði leigðar með þeim skilyrðum að gert verði út frá viðkomandi landsvæði og aflinn seldur þar á markaði og unninn. Leigutekjum ríkisins af þessum sérúthlutuðu veiðiheimildum verði ráðstafað til atvinnuuppbyggingar á sömu landsvæðum. Engin sérlög eru til um leigu eða sölu aflaheimilda eða lög sem marka ríki og sveitarfélögum tekjur af þeim viðskiptum. Setja ber slík lög um ráðstöfun aflaheimilda og tekna af þeim með þeim hætti sem hér er lagt til.

Ljóst er að núverandi tilhögun á úthlutun íslenskra aflaheimilda hefur gengið sér til húðar og í raun komist í þrot með hruni íslenska bankakerfisins. Innköllun aflaheimilda og endurleiga þeirra á opnum markaði á jafnréttisgrundvelli mun hleypa nýju blóði og krafti í íslenskan sjávarútveg. Núverandi þátttakendur í útgerð sem áður höfðu aflaheimildir, sem og þeir sem voru á leigumarkaði, munu þar geta haldið starfsemi sinni áfram um leið og nýjum aðilum gefast tækifæri til að spreyta sig. Á þessari ögurstundu í sögu íslensku þjóðarinnar er lífsnauðsynlegt, eftir því sem tök eru á, að hleypa nýju blóði í grundvallaratvinnuvegi þjóðarinnar svo sækja megi fram með aukinni dirfsku og verðmætasköpun þjóðinni til heilla. Nái þessi tillaga fram að ganga mun hún einnig leiða til þess að mikilvægar tekjur, sem sárlega vantar nú, skapast fyrir ríki og sveitarfélög.

106. Tillaga til þingsályktunar [99. mál]

um að fella niður loftrýmisgæslu Breta á Íslandi.

Flm.: Árni Þór Sigurðsson, Steingrímur J. Sigfússon, Katrín Jakobsdóttir,
Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir,
Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að tilkynna breskum stjórnvöldum og yfirstjórn Atlantshafsbandalagsins að fyrirhuguð loftrýmisgæsla Breta á Íslandi í desember nk. falli

niður. Jafnframt verði utanríkismálanefnd falið að endurskoða áætlun Atlantshafsbandalagsins um loftrýmisgæslu yfir Íslandi sem samþykkt var í júlí 2007, með það að markmiði að hætta með öllu slíkum æfingum.

Greinargerð.

Eftir brottför bandaríska herliðsins á Keflavíkurflugvelli gerðu íslensk stjórnvöld samkomulag við Atlantshafsbandalagið og einstök ríki innan þess um svokallaða loftrýmisgæslu við Ísland. Hafa bæði Norðmenn og Frakkar nú þegar komið hingað til lands í samræmi við samkomulagið. Fyrirhugað er að Bretar taki að sér umrædda loftrýmisgæslu í desembermánuði nk.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur alfarið lagst gegn þeim hernaðarumsvifum sem framangreint samkomulag gerir ráð fyrir. Verður ekki séð að nú séu fyrir hendi sérstakar forsendur til að efna til slíkra æfinga né heldur að rétt sé að Bretar, sem beitt hafa hryðjuverkalöggjöf sinni gegn Íslendingum, inni slíkt eftirlit af hendi. Í Morgunblaðinu 18. október sl. birtist eftirfarandi frétt:

„Össur Skarphéðinsson, starfandi utanríkisráðherra, sagðist í samtali við mbl.is í gær ekki vilja fá Breta hingað til lands til að sinna þessari gæslu. Það myndi misbjóða íslensku þjóðarstolti. Þá sagði hann að þeim skilaboðum hefði verið komið á framfæri við NATO. Orðrétt sagði Össur: „Þessi mál hafa verið rædd af okkar hálfu við NATO svo það sé alveg ljóst og þeir vita af þessu.““

Ljóst er að íslenska ríkið ber umtalsverðan kostnað af loftrýmiseftirliti því sem fyrirhugað er. Þeim fjármunum verður betur varið til annarra þarfari verkefna á vegum ríkisins og má segja í því efni að oft var þörf en nú er nauðsyn. Margt bendir til að nú geti skapast breiðari pólitísk samstaða en áður um að fella niður hernaðaræfingar á borð við þá sem til stendur að Bretar framkvæmi, sbr. m.a. tilvitnuð ummæli starfandi utanríkisráðherra.

Því er lagt til hér að utanríkisráðherra verði falið að tilkynna breskum stjórnvöldum og yfirstjórn NATO að fyrirhugað loftrýmiseftirlit í desember nk. verði fellt niður. Jafnframt er lagt til að utanríkismálanefnd verði í framhaldinu falið að endurskoða áætlun Atlantshafsbandalagsins um loftrýmisgæslu með það að markmiði að hætta með öllu slíkum æfingum. Er það í samræmi við stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

107. Frumvarp til laga [100. mál]

um listaverk í eigu Landsbanka Íslands, Kaupþings og Glitnis.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bjarni Harðarson.

1. gr.

Öll þau listaverk eru eign ríkisins sem voru í eigu Landsbanka Íslands, Kaupþings og Glitnis við gildistöku laga nr. 125 frá 7. október 2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Sama gildir um þau listaverk sem nú kunna að vera eign þeirra nýju bankastofnana sem stofnaðar hafa verið um hluta af starfsemi bankanna þriggja.

2. gr.

Listaverkin skulu vera áfram almenningi til sýnis innan lands í viðskiptabönkunum eftir því sem unnt er. Listasafn ríkisins fer með yfirumsjón verkanna í samráði við bankana, annast skráningu þeirra og efnir til kynningar á verkunum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú óvænta staða er upp komin í kjölfar bankakreppunnar að verðmæt listaverkasöfn viðskiptabankanna eru komin í eigu íslensku þjóðarinnar á nýjan leik. Frumvarp þetta er flutt til þess að tryggja að svo verði áfram og verða listaverkin eign ríkisins ef það nær fram að ganga. Tekið er undir álit ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins, Guðmundar Árnasonar, sem lét þau orð falla í viðtali við Morgunblaðið 17. október sl. að söfnin væru hluti af menningararfi okkar Íslendinga. Þau eru mikil að vöxtum og talið er að listaverkin séu alls um 4.000. Um 1.700 verk voru í eigu Landsbankans. Í safni Kaupþings voru um 1.200 verk og tæplega 1.100 í eigu Glitnis.

108. Frumvarp til laga [101. mál]

um breytingu á lögum nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist nýr töluliður, 7. tölul., svohljóðandi: *Frístundafiskiskip* er hvert það skip, skrásett sem frístundafiskiskip samkvæmt lögum um skráningu skipa, sem í atvinnuskyni er leigt út til frístundaveiða.

2. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, 7. gr. a, svohljóðandi:

Frístundafiskiskip.

Sá sem er lögmætur handhafi skemmtibátaskírteinis til strand- eða úthafssiglinga eða handhafi annars sambærilegs erlends skírteinis að mati Siglingastofnunar Íslands hefur rétt til að annast stjórn frístundafiskiskips, enda hafi hann jafnframt fengið fullnægjandi kennslu á skipið, m.a. á björgunarbúnað þess, fjarskiptatæki, siglingakort og helstu undirstöðuatriði siglingafræði og siglingareglna.

Sá sem gerir út frístundafiskiskip ber fulla ábyrgð á að stjórnendur frístundafiskiskipa hafi fullnægjandi réttindi á frístundafiskiskip og hafi auk þess fengið fullnægjandi kennslu á skipin áður en lagt er úr höfn og séu hæfir til þess að annast stjórn skipanna á öruggan hátt, með tilliti til öryggis mannslífa, eigna og umhverfis. Skal hann jafnframt vera í stöðugu fjarskiptasambandi við stjórnendur skipanna eftir að þeim er lagt úr höfn.

Samgönguráðherra setur nánari reglur um frístundafiskiskip í reglugerð, m.a. um kennslu á skipin og þær kröfur sem gerðar eru til slíkrar kennslu og þeirra er sjá um að veita hana. Jafnframt skal ráðherra setja nánari reglur um stærð frístundafiskiskipa, afl og farsvið og um öryggiskröfur sem gerðar eru til frístundafiskiskipa, stjórnenda skipanna og þeirra er gera skipin út og fjarskiptasamband á milli þeirra og stjórnenda skipanna.

3. gr.

Við 1. mgr. 18. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt skal greiða gjald vegna kostnaðar sem til fellur vegna próftöku samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í samgönguráðuneyti í samvinnu við Siglingastofnun Íslands og hagsmunaaðila. Tilgangur frumvarpsins er að efla öryggi áhafna frístundafiskiskipa. Frumvarp þetta var lagt fram á 135. löggjafarþingi 2007–2008 en náði ekki fram að ganga. Frumvarpið er efnislega óbreytt frá því áður að því undanskildu að bráðabirgðaákvæði er var í frumvarpinu þegar það var lagt fram á 135. löggjafarþingi er ekki að finna í frumvarpi þessu.

Starfsemi frístundafiskiskipa má rekja til ársins 2005. Á þeim tíma var ekki að finna heildstæða löggjöf um starfsemina, en í ljósi eðlis hennar, þar sem skip eru leigð ferðamönnum til sjóstangveiða, var litið svo á að starfsemin sem slík væri atvinnustarfsemi. Í ljósi þess voru gerðar kröfur til skipanna eins og um fiskiskip af sömu stærð væri að ræða. Hins vegar var litið svo á að áhöfnin lyti sömu lögmálum og áhöfn skemmtibáta þar sem um frístundaiðju væri að ræða og því þyrfti engin tilskilin réttindi til þess að stjórna frístundafiskiskipi.

Frístundafiskiskip eru ekki sérstaklega skilgreind í lögum nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, er tóku gildi 1. janúar 2008. Lögin höfðu til að mynda að geyma þau nýmæli að tilteknar kröfur voru gerðar til stjórnenda skemmtibáta. Í lögunum eru ýmsar tegundir skipa sérstaklega skilgreindar og eru skilgreiningar skipanna háðar því hvernig þau eru skráð í aðalskipaskrá Siglingastofnunar Íslands. Í ljósi þess að frístundafiskiskip er skráð sem slíkt í skipaskrána rúmast það ekki innan skilgreiningarhugtaka fiskiskipa og skemmtibáta og fellur því undir flokkinn önnur skip.

Í byrjun árs 2008 skipaði samgönguráðherra starfshóp um heildarendurskoðun laga og reglugerða um frístundafiskiskip. Í skipunarbréfi til starfshópsins kom fram að markmiðið með vinnunni væri að einfalda reglugerðaumhverfi og stjórnsýslu frístundafiskiskipa og þar með að minnka skriffinnsku en um leið að treysta öryggi sæfarenda.

Í starfshópinn voru skipuð Ólafur Páll Vignisson frá samgönguráðuneyti, formaður, Heiðar Kristinsson frá Siglingastofnun Íslands, Hrefna Gísladóttir frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Eyþór Björnsson frá Fiskistofu, Finnur Jónsson frá Sumarbyggð hf. og Elías Guðmundsson frá Hvíldarkletti ehf.

Starfshópurinn er enn að störfum en ákvað í byrjun vinnu sinnar að fara yfir lög og reglur er lytu að hæfniskröfum stjórnenda frístundafiskiskipa. Í ljósi skilgreininga laganna má draga þá ályktun að frístundafiskiskip falli undir hugtakið önnur skip. Af þeim sökum verður að horfa til krafna um áhafnir slíkra skipa þannig að hægt sé að heimfæra þær kröfur yfir á áhafnir frístundafiskiskipa. Ljóst má vera að skemmtibátaskírteini á aðeins við um skemmtibáta eins og þeir eru skilgreindir í lögunum. Þær kröfur sem gerðar eru til annarra skipa eiga

einungis við um þá sem starfa um borð í slíkum skipum. Ekki er því tekin afstaða til áhafnar á öðrum skipum þegar um frístundaiðju er að ræða líkt og í tilviki frístundafiskiskipa.

Í ljósi framangreinds lagði starfshópurinn til að frístundafiskiskip yrðu sérstaklega skilgreind í lögunum auk þess sem gerðar væru ákveðnar kröfur um hæfi þeirra er mundu stjórna skipunum. Jafnframt lagði hópurinn til að ráðherra væri veitt heimild til þess að setja reglugerð um frístundafiskiskip til nánari útfærslu á fyrirmælum laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frístundafiskiskip hafa ekki verið skilgreind í lögum áður. Lagt er til að skilgreiningin taki mið af skráningu í aðalskipaskrá Siglingastofnunar Íslands í samræmi við aðrar skilgreiningar laganna. Í því sambandi er það gert að skilgreiningarhugtaki að skipið sé ætlað til útleigu í frístundaveiði svo að það lúti þeim reglum er um þau skip gilda.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er orðuð sú meginregla að lögmætur handhafi skemmtibátaskírteinis til strandeða úthafssiglinga hafi rétt til þess að stjórna frístundafiskiskipi. Hér er um að ræða lágmarkskröfur sem uppfylla þarf svo heimilt sé að stjórna þessum skipum.

Í ljósi þess að frístundafiskiskip eru sérsmíðuð og stjórnkerfi skipanna er einfalt, auk þess sem með lögum þessum er gert ráð fyrir því að ráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um eftirlit með skipunum á sjó, um takmarkað farsvið þeirra og fleira, er talið forsvaranlegt út frá öryggi að þær lágmarkskröfur sem gerðar verða til stjórnenda skipanna verði með þeim hætti sem lagt er til, enda fái stjórnendur skipanna fullnægjandi kennslu á skipin, allan búnað þeirra og helstu undirstöðuatriði siglingafræði og siglingareglna.

Í 2. mgr. er það áréttað að þeir sem gera út frístundafiskiskip beri ábyrgð á því að stjórnendur frístundafiskiskipa hafi fengið fullnægjandi kennslu á skipin og séu hæfir til þess að stjórna þeim. Þeim sem gerir út á frístundafiskiskip ber því að sjá til þess að stjórnendur hafi annars vegar fullnægjandi réttindi en jafnframt að viðkomandi fái kennslu á skipin. Í því sambandi er gert ráð fyrir því að útgerðarmaður muni sjá til þess að öllum kröfum til kennslu og náms sé fullnægt. Af þeim sökum ber útgerðarmaður ábyrgð á því að stjórnendur skipanna séu hæfir til þess að stjórna skipunum á öruggan hátt áður en lagt er úr höfn, enda telji hann að öryggi mannslífa, eigna eða umhverfis verði ekki stefnt í hættu. Hins vegar ber skipstjórinn eftir sem áður ábyrgð sem slíkur í samræmi við ákvæði siglingalaga og ákvæði þessara laga.

Í 3. mgr. er að finna reglugerðarheimild fyrir ráðherra til þess að setja nánari fyrirmæli um skipin. Í því sambandi skal ráðherra útfæra hvað teljist vera fullnægjandi kennsla á hverjum tíma, en í því sambandi getur kennsla ekki talist fullnægjandi nema hún uppfylli þær kröfur sem lög og reglugerð setja. Kennsla getur því t.a.m. ekki talist fullnægjandi nema námið og námsefnið sé samþykkt af Siglingastofnun Íslands og kennslan sé undir eftirliti stofnunarinnar eða annarra er hún tilnefnir.

Einnig ber ráðherra að setja nánari reglur um stærð, afl og farsvið skipanna, öryggiskröfur og fjarskiptasamband líkt og áskilið er í ákvæðinu, en líkt og fram kemur í 3. mgr. er ekki um tæmandi upptalningu að ræða sem ráðherra ber að setja reglur um.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að styrkja gjaldtökuheimildir Siglingastofnunar vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til með frumvarpi þessu. Í því sambandi er gert ráð fyrir því að kostnaður sem hlýst vegna próftöku samkvæmt lögunum, skuli greiddur af þeim sem skipuleggja og sjá um próf og próftöku.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

Markmið frumvarpsins er að auka öryggi sjófarenda, einkum þeirra sem stjórna svokölluðum frístundafiskiskipum, og um leið að skýra þær kröfur sem gerðar eru til stjórnenda skipanna. Í því sambandi er lagt til að stjórnendur þeirra þurfi að minnsta kosti að hafa sams konar réttindi og stjórnendur skemmtibáta. Gert er ráð fyrir að kostnaði sem til fellur vegna próftöku hjá Siglingastofnun Íslands verði mætt með gjaldtöku.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að útgjöld Siglingastofnunar Íslands aukist um allt að 1 m.kr. en að þeim útgjöldum verði mætt með þjónustugjöldum sem færast á tekjuhlið ríkissjóðs.

109. Tillaga til þingsályktunar [102. mál]

um breytingu á eignarhaldi og varðveislu listaverka ríkisbankanna.

Flm.: Álfheiður Ingadóttir, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að afhenda Listasafni Íslands til eignar og varðveislu listaverk í eigu hinna nýju ríkisbanka.

Greinargerð.

Við einkavæðingu ríkisbankanna, Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, árið 2003 rann mikill fjöldi listaverka sem verið höfðu í eigu bankanna og þar með í sameign þjóðarinnar til einkaaðila. Sætti það gagnrýni enda virtist sem hvorki væri tekið tillit til eiginlegra verðmæta né menningarsögulegs mikilvægis listaverkaeignarinnar við sölu bankanna.

Við yfirtöku ríkisins á bönkunum dagana 7.–10. október sl. bættust listaverk bankanna við eignir ríkissjóðs. Þar með er þessi verðmæta þjóðareign skyndilega komin í eigu fólksins í landinu á nýjan leik. Fram hefur komið að á þeim fimm árum sem listaverkin voru í eigu

einkaaðila hefur verið hlúð að safneigninni, hún skráð og við hana bætt nýjum og gömlum listaverkum. Ein frægasta viðbótin er málverk Jóhannesar Kjarvals „Hvítasunnudagur“, sem hann málaði í kúbískum anda á árunum 1917–1919, en málverkið var slegið þáverandi eigendum Landsbanka Íslands á 1,3 millj. dkr. á listaverkauppboði í Kaupmannahöfn í febrúar 2007.

Samkvæmt lögum um Listasafn Íslands, nr. 58/1988, og reglugerð nr. 703/2007, um sama efni, er Listasafn Íslands meginsafn íslenskrar myndlistar í eigu íslenska ríkisins og miðstöð rannsókna í myndlistarefnum, heimildarsöfnunar og kynningar á íslenskri myndlist. Með skírskotun til þessa er gerð tillaga um að ríkisstjórnin hlutist þegar í stað til um að Listasafn Íslands fái listaverk ríkisbankanna afhent til varðveislu og eignar án tafar. Slík ráðstöfun er sjálfsögð og eðlileg í ljósi sögunnar auk þess sem vandséð er að fjármálaráðherra, sem fer með eignarhald ríkisins á bönkunum, eða ráðuneyti hans, hafi þá sérfræðiþekkingu sem nauðsynleg er til að tryggja faglega varðveislu þessa menningararfs. Hvort tveggja er til staðar í Listasafni Íslands. Skv. 12. gr. laganna og 8.–10. gr. reglugerðarinnar er heimilt að lána listaverk safnsins til opinberra stofnana að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Samþykkt tillögunnar útilokar því ekki að listaverkin verðin áfram sýnd í húsakynnum bankanna og gerir 12. gr. laganna, sbr. 10. gr. reglugerðarinnar, ráð fyrir því að setja megi á fót sérstaka útlánadeild á vegum Listasafnsins til að sjá um útlán listaverka sem sérstaklega hafa verið keypt eða gefin í því skyni.

Markmið tillögunnar er að tryggja varðveislu þessa menningararfs og að listaverkin verði ekki seld eða með öðrum hætti færð úr eigu almennings á nýjan leik enda þótt eignarhald á bönkunum breytist í framtíðinni.

110. Frumvarp til laga [103. mál]

um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001.

Flm.: Jón Magnússon, Guðjón A. Kristjánsson, Grétar Mar Jónsson.

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo: Seðlabankastjóri setur starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisvarasjóðsins, að höfðu samráði við ríkisstjórn, sem bankaráð staðfestir, sbr. 28. gr.

2. gr.

Í stað orðsins „bankastjórnar“ í 2. málsl. 22. gr. laganna kemur: seðlabankastjóra.

3. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Seðlabankastjóri ber ábyrgð á rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin samkvæmt lögum þessum.

Forsætisráðherra skipar seðlabankastjóra til fimm ára í senn. Skylt er að auglýsa embættið laust til umsóknar. Aðeins er heimilt að skipa sama mann bankastjóra tvisvar sinnum. Um endurskipun gilda ekki ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Seðlabanka-

stjóri skal hafa lokið námi á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu á fjármálum og efnahagsmálum sem nýtist í starfinu.

Seðlabankastjóra til aðstoðar eru æðstu stjórnendur bankans og skal aðalhagfræðingur Seðlabankans vera daglegur staðgengill seðlabankastjóra. Forfallist seðlabankastjóri getur forsætisráðherra sett bankastjóra tímabundið í stað hans.

Undirskrift seðlabankastjóra og formanns bankaráðs Seðlabankans þarf til þess að skuldbinda bankann. Formanni bankaráðs er heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum samkvæmt reglum sem seðlabankastjóri setur og staðfestar skulu af bankaráði, sbr. 28. gr.

4. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Seðlabankastjóri er talsmaður bankans og kemur fram fyrir hönd bankans.

Seðlabankastjóri ber ábyrgð á ákvörðunum um afgreiðslu mála.

Seðlabankastjóri setur starfsreglur sem bankaráð staðfestir um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana sinna í peningamálum. Opinberlega skal gerð grein fyrir ákvörðunum seðlabankastjóra í peningamálum og forsendum þeirra.

5. gr.

Í stað orðanna „Bankastjórum Seðlabanka Íslands“, „bankastjórum“ og „bankastjórn“ í 25. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: seðlabankastjóri.

6. gr.

2. mgr. 27. gr. laganna orðast svo:

Seðlabankastjóri situr fundi bankaráðs og tekur þátt í umræðum. Seðlabankastjóri skal víkja af fundi ef bankaráð ákveður.

7. gr.

Í stað orðanna „bankastjórn“, „bankastjórnar“ og „bankastjóra“ í 28. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: seðlabankastjóri.

8. gr.

Í stað orðsins „bankastjórn“ í 2. mgr. 33. gr. laganna kemur: seðlabankastjóra.

9. gr.

Á eftir orðinu „bankastjórar“ í 1. mgr. 35. gr. laganna og orðinu „bankastjórum“ í 2. mgr. sömu greinar kemur, í viðeigandi beygingarfalli: seðlabankastjóri.

10. gr.

2. málsl. 3. mgr. 37. gr. laganna orðast svo: Bankaráð setur reglur um þessi viðurlög sem staðfestar skulu af ráðherra.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en ákvæði til bráðabirgða koma til framkvæmda innan tveggja mánaða frá gildistöku laga þessara.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Alþingi kýs sjö fulltrúa í bankaráð Seðlabanka Íslands og jafnmarga til vara. Frá sama tíma fellur niður umboð þeirra er þá sitja í bankaráðinu.

II.

Forsætisráðherra skipar nýjan seðlabankastjóra og skulu þá bankastjórar Seðlabanka Íslands hætta störfum.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til þær breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands að bankastjóri verði einn og að starfsheiti hans verði seðlabankastjóri. Þá er einnig lagt til að það verði gert að skilyrði að seðlabankastjóri hafi lokið námi á háskólastigi og búi yfir víðtækri þekkingu á fjármálum og efnahagsmálum sem nýtist í starfinu. Lagt er til að seðlabankastjóri komi í stað bankastjórnar samkvæmt gildandi lögum og að hlutverk bankaráðs og forsætisráðherra í ákveðnum tilvikum verði nokkru víðtækara en samkvæmt gildandi lögum nái lagafrumvarp þetta fram að ganga.

Flutningsmenn telja eðlilegt að það sé aðeins einn einstaklingur sem gegni starfi seðlabankastjóra sem hafi faglega þekkingu og reynslu af þeim viðfangsefnum sem Seðlabanka er ætlað að sinna. Flutningsmenn telja einnig mikilvægt að seðlabankastjóri beri ábyrgð á daglegri stjórn og ákvarðanatöku Seðlabankans. Með því ætti starfsemi Seðlabankans að verða skilvirkari. Þá hefur á það skort að mati flutningsmanna að bankastjórar Seðlabankans hafi búið yfir nægjanlega víðtækri þekkingu og reynslu af fjármálum og efnahagsmálum.

Með frumvarpinu er lagt til að seðlabankastjóri verði skipaður til fimm ára í senn í stað sjö ára og að ekki megi skipa sama einstakling oftar en tvisvar sinnum. Hámarkstími sem sami einstaklingur gæti gegnt embætti samkvæmt þessu er þá tíu ár samtals í stað fjórtán samkvæmt gildandi lögum. Þá er lagt til að forsætisráðherra geti sett bankastjóra tímabundið í starf seðlabankastjóra komi til þess að hann forfallist í lengri tíma vegna veikinda eða annarra sambærilegra forfalla. Þá er lagt til að undirskrift seðlabankastjóra og formanns bankaráðs eða þess aðila sem hann setur fyrir sig skuldbindi bankann í stað bankastjórnar samkvæmt gildandi lögum en flutningsmenn telja eðlilegt að seðlabankastjóri einn geti ekki skuldbundið bankann.

Með frumvarpinu er einnig lagt til að nýtt bankaráð Seðlabankans verði kjörið og nýr bankastjóri, seðlabankastjóri, verði skipaður í stað þeirra sem nú gegna starfinu.

Enn fremur eru lagðar til breytingar sem fela í sér meiri aðkomu ríkisstjórnar að starfsreglum um varðveislu gjaldeyrisvarasjóðsins en þær helgast af því að seðlabankastjóri er einn og því nauðsynlegt að kveða á um aðkomu ríkisstjórnar að starfsreglum um gjaldeyrisvarasjóðinn vegna ríkisfjármálanna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lögð til sú breyting á 20. gr. laganna að seðlabankastjóri í stað bankastjórnar setji starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisvarasjóðsins, að höfðu samráði við ríkisstjórn, sem bankaráð staðfestir, sbr. 28. gr. Hér er lögð til sú efnisbreyting að ríkisstjórn samþykki þær starfsreglur sem seðlabankastjóri leggur til og er því um virkari aðkomu ríkisstjórnarinnar að ræða nái frumvarpið fram að ganga. Þannig að valdið til setningar starfsreglna um gjald-

eyrisvarasjóðinn verði ekki allt á einni hendi heldur heyri það undir forsætisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar. Telja flutningsmenn það nauðsynlegt til þess að veita bankastjóranum aðhald auk þess sem reglurnar hafa svo mikil áhrif á efnahagsmál þjóðarinnar.

Um 2. gr.

Með greininni er lögð til breyting á 22. gr. laganna um að dagleg stjórn Seðlabanka Íslands verði í höndum seðlabankastjóra í stað bankastjórnar.

Um 3. gr.

Lögð er til sú breyting á 23. gr. laganna að í stað bankastjórnar beri seðlabankastjóri ábyrgð á rekstri bankans og fari með ákvörðunarvald í öllum málefnum Seðlabankans sem ekki eru öðrum falin samkvæmt lögum. Þannig muni seðlabankastjóri gegna sama hlutverki og bankastjórn gerir núna nái frumvarpið fram að ganga. Seðlabankastjóri beri ábyrgð á rekstri bankans og fari með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru sérstaklega öðrum falin.

Þá er lagt til að forsætisráðherra skipi seðlabankastjóra til fimm ára í senn í stað sjö ára og að skylt verði að auglýsa embættið laust til umsóknar en það er breyting frá gildandi lögum. Þá er lagt til að einungis verði heimilt að skipa sama einstakling bankastjóra tvisvar sinnum. Hámarkstími sem sami einstaklingur getur gegnt starfi seðlabankastjóra er því tíu ár. Flutningsmenn telja að sjö ára skipunartími samkvæmt gildandi lögum sé of langur og að áhrifaríkara sé að skipa bankastjórann til fimm ára í einu auk þess sem það veiti aukið aðhald að hafa skipunartímann ekki of langan. Þá má enn fremur nefna að algengasti skipunartími í opinber embætti er einmitt fimm ár og telja flutningsmenn eðlilegt að sama gildi um embætti seðlabankastjóra og önnur.

Hér er einnig lagt til að seðlabankastjóri skuli hafa lokið námi á háskólastigi og búi yfir víðtækri þekkingu á fjármálum og efnahagsmálum sem nýtist í starfinu. Telja flutningsmenn það mjög nauðsynlegt og í raun grundvallarskilyrði að seðlabankastjóri hafi lokið námi á háskólastigi og hlotið víðtæka faglega þekkingu á þeim málum sem falla undir Seðlabankann þannig að hann verði sá efnahagssérfræðingur þjóðarinnar sem best er treyst til að fara með þau mikilvægu mál sem heyra undir Seðlabanka Íslands samkvæmt lögum. Sambærilegar kröfur eru til dæmis gerðar til forstjóra Samkeppniseftirlitsins, sbr. ákvæði samkeppnislaga en þar segir að forstjóri skuli hafa menntun á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu og reynslu á sviði samkeppnismála.

Þá er lagt til að seðlabankastjóra til aðstoðar skuli vera æðstu stjórnendur bankans og að aðalhagfræðingur Seðlabankans verði daglegur staðgengill seðlabankastjóra. Þá er enn fremur lagt til að forsætisráðherra geti skipað bankastjóra tímabundið forfallist seðlabankastjóri. Þá er miðað við að um lengri forföll sé að ræða vegna veikinda eða annarra sambærilegra atvika.

Í gildandi lögum þarf undirskrift tveggja bankastjóra Seðlabankans til að skuldbinda bankann. Telja flutningsmenn það eðlilegt að undirskrift fleiri en eins einstaklings þurfi í slíkum tilvikum svo sem venja er með meiri háttar skuldbindingar ríkisstofnana og fyrirtækja. Leggja flutningsmenn frumvarpsins því til að formaður bankaráðs skrifi undir með seðlabankastjóra þegar um skuldbindandi gerninga er að ræða. Formanni bankaráðs verði þó heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum samkvæmt reglum sem seðlabankastjóri setur og staðfestar skulu af bankaráði, sbr. 28. gr. Í þeim tilvikum þegar formaður bankaráðs mundi fela öðrum

umboð til að skrifa undir fyrir sína hönd gilda almennar reglur um veitingu umboða og afturköllun.

Um 4. gr.

Lagðar eru til breytingar á greininni sem miða að því að fella brott ákvæði um bankastjórn og er lagt til að seðlabankastjóra verði falið hlutverk hennar, þ.e. hann verður talsmaður bankans og kemur fram fyrir hönd hans. Þá ber hann einnig ábyrgð á ákvörðunum um afgreiðslu mála sem æðsti yfirmaður.

Þá er einnig lagt til að seðlabankastjóri setji starfsreglur sem bankaráð staðfestir um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana sinna í peningamálum. Loks er lagt til að opinberlega skuli gerð grein fyrir ákvörðunum seðlabankastjóra í peningamálum og forsendum þeirra.

Um 5. gr.

Seðlabankastjóri gegnir mjög mikilvægri og ábyrgðarmikilli stöðu. Eðli málsins samkvæmt býr seðlabankastjóri yfir mikilvægum upplýsingum sem skipta almennu máli í viðskiptalífi þjóðarinnar. Meðal annars vegna þess telja flutningsmenn eðlilegt að seðlabankastjóra verði óheimilt að sitja í stjórnum stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri nema slíkt sé boðið í lögum eða um sé að ræða fyrirtæki sem Seðlabankinn á aðild að. Það er lagt í vald forsætisráðherra að skera úr komi til ágreinings. Þá gilda óbreyttar reglur samkvæmt frumvarpinu um þátttöku annarra starfsmanna bankans í stjórnum stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans, sbr. 28. gr.

Um 6.–10. gr.

Í greinunum eru lagðar til breytingar vegna þeirrar meginbreytingar sem frumvarpið felur í sér að fækka bankastjórum í einn og leggja þar með niður bankastjórnina. Í 9. gr. er lagt til að seðlabankastjóra verði bætt við þá sem taldir eru upp í greininni, m.a. bankastjóra, og bundnir eru þagnarskyldu þar sem ekki er ætlunin að fella niður þagnarskyldu þeirra, þ.e. hvorki núverandi bankastjóra né fyrrverandi bankastjóra Seðlabankans.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að nauðsynlegt er að leggja til að ákvæði til bráðabirgða taki ekki gildi strax til þess að unnt sé að ljúka m.a. kjaramálum sitjandi bankastjóra og til að gefa Alþingi tíma til að skipa nýtt bankaráð og forsætisráðherra til að skipa seðlabankastjóra.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er lagt til að nýtt bankaráð skuli kosið í stað sitjandi bankaráðs og að nýr seðlabankastjóri verði skipaður og að bankastjórar sem nú gegna embætti láti af störfum við þá skipan.

111. Lög [23. mál]

um breytingu á vatnalögum, nr. 20/2006, og endurskoðun þeirra.

(Afgreidd frá Alþingi 28. október 2008.)

Samhljóða þskj. 23.

112. Fyrirspurn [104. mál]

til iðnaðarráðherra um tæringaráhrif brennisteinsvetnis í andrúmslofti.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hefur ráðherra kynnt sér niðurstöður mælinga Umhverfisstofnunar sem sýna mikla aukningu á loftbornu brennisteinsvetni (H_2S) í Reykjavík sem rakin er til virkjunar jarðvarma á Hellisheiði og með hvaða hætti telur ráðherra að þurfi að bregðast við þessari aukningu?
2. Hefur ráðherra hug á að láta kanna hvaða áhrif tæring af völdum brennisteinsvetnis hefur á viðhaldskostnað og líftíma háspennumastra, vinnuvéla o.s.frv. í nágrenni jarðvarmavirkjana á Hellisheiði og hvaða leiðir telur ráðherra færar til slíkra kannana?

113. Fyrirspurn [105. mál]

til umhverfisráðherra um mælingar á brennisteinsvetni í andrúmslofti.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hvernig er háttað mælingum á loftbornu brennisteinsvetni (H_2S) á höfuðborgarsvæðinu og í Hveragerði?
2. Hvar eru mælistöðvar staðsettar og hvenær voru þær settar upp?
3. Eru uppi áform um að fjölga mælistöðvum í byggð umhverfis Hellisheiði og telur ráðherra forsvaranlegt að eina færanlega mælistöð heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar hafi lengst af í sumar verið óstarfhæf?

114. Fyrirspurn [106. mál]

til heilbrigðisráðherra um geðheilbrigðismál.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hve stórum hluta heilbrigðisútgjalda er nú varið til geðheilbrigðismála?
2. Hve stórum hluta útgjalda Landspítalans er varið til geðdeildar og hvernig hefur þróunin verið undanfarinn áratug?
3. Hvernig dreifast útgjöld til geðheilbrigðismála milli ólíkra þátta í þjónustunni, svo sem a) bráðaþjónustu, b) endurhæfingar, c) þjónustu við börn, unglinga og aldraða, og d) forvarna og fræðslu?
4. Hver hefur árlegur kostnaður við menntun og sérmenntun fagfólks í geðheilbrigðisstéttum verið undanfarin fimm ár?
5. Hverjar eru helstu áherslur og nýjungar í meðferð, rannsóknum, kennslu og þjónustu við geðsjúka?

Skriflegt svar óskast.

115. Fyrirspurn [107. mál]

til iðnaðarráðherra um hlut áliðju og ferðaþjónustu í þjóðarframleiðslu.

Frá Merði Árnasyni.

Hver er hlutur áliðju annars vegar og ferðaþjónustu hins vegar í þjóðarframleiðslu 1998–2007, þ.e. virðisaukinn fyrir þjóðarbúið, að teknu tilliti m.a. til kostnaðar við aðföng og uppbyggingu hérlendis (svo sem virkjana, hótelbygginga o.s.frv.), þ.m.t. kostnaðar við lántöku erlendis og hagnaðar sem flyst úr landi?

Skriflegt svar óskast.

116. Fyrirspurn [108. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um Íbúðalánasjóð.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hyggst ríkisstjórnin draga til baka áform sín um uppskiptingu og hlutafélagavæðingu Íbúðalánasjóðs?

117. Fyrirspurn [109. mál]

til fjármálaráðherra um kæru bankanna á hendur Íbúðalánasjóði.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Hyggst núverandi eigandi viðskiptabankanna, íslenska ríkið, draga til baka kæru bankanna á hendur Íbúðalánasjóði til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)?

118. Tillaga til þingsályktunar [110. mál]

um framleiðslu köfnunarefnisáburðar.

Flm.: Jón Bjarnason, Álfheiður Ingadóttir, Atli Gíslason,
Björn Valur Gíslason, Ögmundur Jónasson, Árni Þór Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar könnun á hagkvæmni og möguleikum á að hefja að nýju framleiðslu á köfnunarefnisáburði hérlendis, með það að markmiði að tryggja öryggi og hagkvæmni í íslenskum landbúnaði og nýta innlenda orkugjafa og starfskrafta til innlendrar framleiðslu á áburði.

Reynist áburðarframleiðslan hagkvæm verði jafnframt kannaðar leiðir til fjármögnunar verkefnisins og að ríkið geti komið beint að henni ef þess er þörf til að tryggja málinu öruggan framgang.

Ríkisstjórnin ljúki athugun sinni og skili greinargerð ásamt tillögum til Alþingis eigi síðar en 1. mars 2009.

Greinargerð.

Innlend framleiðsla á áburði hófst árið 1954 þegar Áburðarverksmiðjan í Gufunesi, síðar Áburðarverksmiðja ríkisins, hóf starfsemi sína, en hún var stofnuð árið 1952 og fjármögnuð með Marshallaðstoðinni. Áburðarverksmiðjan framleiddi köfnunarefnisáburð sem gekk undir nafninu Kjarni.

Áburðarverksmiðju ríkisins var breytt í hlutafélag samkvæmt lögum nr. 89/1994, um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins. Eftir hlutafélagavæðinguna var Áburðar-


verksmiðjan þó enn að fullu í eigu ríkisins sem hafði einkarétt til framleiðslu og sölu á áburði fram til 1. janúar 1995 þegar innflutningur áburðar varð frjáls í framhaldi af aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Allt hlutafé í Áburðarverksmiðjunni var síðan selt til einkaaðila árið 1999 og frá árinu 2001 var áburður ekki lengur framleiddur hér á landi heldur eingöngu fluttur inn.

Áburðarverksmiðjan í Gufunesi framleiddi um 24 þús. tonn árlega fyrst um sinn en framleiðslan fór vaxandi og var árið 1999 orðin 65 þús. tonn. Áburður var þá seldur nær eingöngu í heildsölu til kaupfélaga og verslunarfyrirtækja. Áburðarverksmiðjan notaði að meðaltali um 140 GWh af orku á ársgrundvelli meðan hún starfaði.

Köfnunarefnisáburður eða ammóníumnítratáburður er framleiddur með rafgreiningu vatns í vetni (H_2) og með hreinsun köfnunarefnis (N_2) úr andrúmsloftinu í sérstöku ferli. Þessum tveimur frumefnum er síðan blandað saman við háan þrýsting til þess að mynda ammóníak (NH_3) og framleidd saltpéturssýra (HNO_3) úr ammóníakinu. Áburðurinn sjálfur (ammóníumnítrat $NH_4NO_{3(aq)}$) er síðan framleiddur úr blöndu af saltpéturssýru og ammóníaki.

Frá því að efnaframleiðslu á köfnunarefnisáburði var hætt árið 2001 hefur áburður fyrir íslenskan markað verið innfluttur og heimsmarkaðsverð farið hratt vaxandi síðustu misseri. Mikil spenna hefur verið á áburðarmarkaði og stafar hún meðal annars af aukinni eftirspurn eftir matvælum og aukinni áherslu á lífrænt eldsneyti sem m.a. er framleitt úr repju og maís. Þannig hafa milljónir hektara akurlendis í Evrópu verið teknir til ræktunar auk þess sem Kína og Indland hafa stóraukið matvælaframleiðslu og áburðarnotkun sína. Því hefur eftirspurn eftir áburði aukist verulega en framboð ekki fylgt eftir og verð áburðar stórhækkað. Auk þess hafa gengissveiflur íslensku krónunnar haft áhrif á verðlag til bænda. Sem dæmi má nefna að áburðarverð hérlendis hefur hækkað um allt að 70–80% milli ára (sjá fylgiskjal I) og vægi áburðar í útreikningum á verðlagsgrundvelli kúabús hefur aukist verulega, sbr. myndina hér á eftir. Því er ljóst að verðhækkanir á áburði koma íslenskum bændum verulega illa og þykir því rétt að skoða hagkvæmni þess að hefja aftur innlenda framleiðslu á áburði.

Skipting breytilegs kostnaðar í verðlagsgrundvelli kúabús.



Hér er því gert að tillögu að ríkisstjórnin kanni möguleika og hagkvæmni þess að hefja framleiðslu köfnunarefnisáburðar hér á landi. Með innlendri framleiðslu á köfnunarefnisáburði er hægt að tryggja betur sjálfsforræði Íslands í landbúnaði og tryggja bændum hagstæðari kjör nú þegar innfluttur áburður hefur hækkað verulega í verði. Þá er innlend framleiðsla eftirsóknarverð þar sem hún getur leitt til aukinnar samkeppnishæfni og lægri framleiðslukostnaðar innlendrar matvælaframleiðslu og þannig m.a. stuðlað að lægra matvælaverði til neytenda. Auk þess er ljóst að flutningar á áburði milli landa og heimshluta veldur verulegri orkueyðslu og mikilli losun koltvísýrings út í andrúmsloftið. Því er ekki síður mikilvægt af umhverfisástæðum að flutningsleiðir séu sem stystar en innlend áburðarframleiðsla tryggir það einmitt.

Reynist íslensk áburðarframleiðsla hagkvæm, m.a. með tilliti til kostnaðar, orkuöflunar, umhverfisþátta og eflingar matvælaöryggis er eðlilegt að ríkið komi beint að fjármögnun verkefnisins í samstarfi við sveitarfélög, fyrirtæki og félög bænda og einstaklinga ef það er nauðsynlegt til að tryggja framgang málsins.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Hver verða áhrif áburðarkostnaðar á reksturinn? Erna Bjarnadóttir. (Bændablaðið 12. febrúar 2008.)
II. Hækkandi áburðarverð – hvað er til ráða? Tjörvi Bjarnason. (Bændablaðið 12. febrúar 2008.)
III. Áburðarverð heldur áfram að hækka. (Frétt úr Bændablaðinu, 23. ágúst 2008.)
IV. Áburður hækkar um hálfa milljón. (Frétt úr Morgunblaðinu, 25. janúar 2008.)
V. Áburður hækkar. Fosfór fór úr 563 dollum í 1.727 dollara. (Frétt úr Morgunblaðinu, 31. júlí 2008.)

119. Svar [74. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um tóbakssölu í fríhöfnum.

1. *Hvað mikið magn tóbaks er flutt tollfrjálst inn í landið gegnum fríhafnarverslun og hvað er það stór hluti af heildarsölu tóbaks í landinu?*

Samkvæmt upplýsingum frá fríhafnarverslunum á Keflavíkurflugvelli, Reykjavíkurflugvelli og Akureyrarflugvelli voru seldir u.þ.b. 1.210.000 pakkar af vindlingum samtals í verslunum þeirra á árinu 2007. Samkvæmt upplýsingum frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins var heildarsala vindlinga innan lands 13.433.698 pakkar árið 2007. Miðað við þessar upplýsingar nam heildarsala vindlinga hér á landi 14.644.698 pökkum á árinu 2007. Þar af er sala í fríhafnarverslunum um 8% af heildarsölu vindlinga innan lands. Ekki náðist að afla sambærilegra upplýsinga varðandi sölu á öðru tóbaki, en sala þess í fríhöfnum er hverfandi samanborið við vindlinga.

2. *Hvert er verð á vindlingapakka í fríhöfn í samanburði við verð út úr búð og í hverju felst verðmunurinn?*

Algengt verð á vindlingapakka með 20 vindlingum er um 299 kr. í fríhafnarverslun. Algengt verð út úr búð er um 620 kr. Munurinn á búðarverði og fríhafnarverði er samkvæmt því 321 króna á hvern pakka. Sá munur skýrist að stærstum hluta af 228,46 kr. tóbaksgjaldi sem leggst á hvern vindlingapakka skv. 9. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, auk 24,5% virðisaukaskatts.

3. *Hvert áætlað árlegt tekjutap ríkisins af verslun með tóbak í fríhöfnum landsins miðað við sölutölur?*

Sem fyrr segir voru seldir u.þ.b. 1.210 þús. pakkar af vindlingum í fríhafnarverslunum á síðasta ári. Af þeirri sölu er áætlaður tóbaksskattur 276 millj. kr. Ef miðað er við að öll sú tóbakssala sem fer fram í fríhöfnum landsins færi fram út úr búð og að pakkinn væri seldur á 620 kr. má áætla að samanlagðar tekjur ríkisins af tóbaksskatti og virðisaukaskatti vegna þessarar sölu væru um 490 millj. kr.

4. *Hvaða rök eru fyrir því að selja tóbak í fríhafnarverslun hér á landi?*

Hér þarf að horfa til þess að tóbak er dæmigerð vara í fríhafnarverslunum um allan heim. Verði skattfrjálsri tóbakssölu hætt í fríhafnarverslunum á Íslandi má gera ráð fyrir því að meginhluti þeirrar tóbakssölu sem í dag fer fram hérlendis flytjist til erlendra fríhafna. Slík ráðstöfun mundi óhjákvæmilega hafa neikvæð áhrif á tekjuöflunarmöguleika og umsvif innlendrar fríhafnarverslunar, jafnframt því að auka á útstreymi gjaldeyris. Öll rök standa því til þess að skattfrjálsri tóbakssölu verði viðhaldið í íslenskum fríhöfnum, ella væri verið að stuðla að flutningi verslunar úr landi.

5. *Eru einhverjar hindranir fyrir því að hætta sölu tóbaks í fríhafnarverslun?*

Engar lagalegar hindranir standa í vegi fyrir því að afnema heimild fríhafna til sölu tóbaks.

120. Frumvarp til laga [111. mál]

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Flm.: Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Guðbjartur Hannesson,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Ellert B. Schram.

1. gr.

Við 51. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr., svohljóðandi:

Við kjör í stjórn skal tryggt að í stjórninni sitji sem næst jafnmargar konur og karlar.

2. gr.

Við 72. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Við kosningu stjórnar skal farið eftir 2. mgr. 51. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum fjármálafyrirtækja.

Atburðir síðustu vikna hafa sýnt að þörf er á nýrri nálgun og nýrri hugsun í stjórnun fjármálafyrirtækja hér á landi. Lengi hefur verið rætt um lögfestingu á jöfnun kynjahlutfalls í stjórnun fjármálafyrirtækja og um það verið skiptar skoðanir. Aðrar þjóðir, t.d. Norðmenn, hafa farið þá leið að lögfesta hlutfallið til að tryggja jafnræði kynja í stjórnum fjármálafyrirtækja. Á undanförnum árum hefur verið unnið að því að jafna kynjahlutföll í stjórnum opinberra hlutafélaga. Í nýlegum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, kemur fram sú regla að við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Sama regla gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að. Enn fremur er í 1. mgr. 63 gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, kveðið á um að við kjör í stjórn opinbers hlutafélags skuli tryggt að í stjórninni sitji sem næst jafnmargar konur og karlar.

Nú þegar stærstu bankar landsins verða í aðaleigu ríkisins og hlutfall kynjanna í stjórn þeirra þarf að vera sem jafnast og ekki minna en 40% í samræmi við jafnréttislög er eðlilegt að þessi regla eigi við um öll fjármálafyrirtæki landsins. Með breytingum samkvæmt frumvarpinu væri tryggt að hlutur kynjanna í stjórn fjármálafyrirtækja yrði eins jafn og kostur er á, en orðalagið „sem næst jafnmargar konur og karlar“ felur í sér að þar sem fjöldi stjórnarmanna er almennt oddatala, oftast þrír, fimm eða sjö, skuli hlutfallið vera eins jafnt og verið getur á þeim forsendum. Er þetta ekki hvað síst mikilvægt nú eftir þær hræringar sem orðið hafa á fjármálamarkaði og þar sem búast má við auknu atvinnuleysi í þessum geira á næstu missirum. Ljóst er að fram til þessa hafa konur ekki átt greiðan aðgang að stjórnum banka eða fjármálafyrirtækja. Er það miður, ekki síst þar sem rannsóknir hafa sýnt fram á fjárhagslegan ávinning fyrirtækja af því að auka hlutfall kvenna í stjórnum. Hið sama á reyndar við um stjórnunarstöður og hlutdeild kvenna þar. Því er enn brýnna en áður að huga að jafnrétti á vinnumarkaði og þá ekki hvað síst með tliliti til aðgangs að stjórnunar- og ábyrgðarstöðum. Að auki er afar mikilvægt að stjórnir fjármálafyrirtækja séu þannig samsettar að gætt sé að fjölbreytileika, þar sem um er að ræða fjárvörslumenn almennings. Atburðir síðustu daga sýna að það er allur almenningur sem getur staðið og fallið með svona fyrirtækjum.

121. Fyrirspurn [112. mál]

til fjármálaráðherra um tilboð Breta um að færa reikninga Icesave yfir í breska lögsögu.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hafði ráðherra, fyrir yfirtöku íslenska ríkisins á Landsbanka Íslands, vitneskju um tilboð breska fjármálaeftirlitsins (FSA) um að gegn 200 milljóna punda fyrirgreiðslu væri FSA tilbúið að færa reikninga Icesave yfir í breska lögsögu?

2. Í hvað er ráðherra að vísa með eftirfarandi tilsvari í símtali við Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta:
   Darling: „Ég tek því þá sem svo að loforðið sem Landsbankinn gaf okkur um að hann fengi 200 milljónir punda í reiðufé sé einnig fyrir bí?“
   Ráðherra: „Já, þeir fengu ekki það fé.“?
   Óskað er eftir því að ráðherra birti í svarinu minnisblöð sem tengjast þessu tilsvari.

Skriflegt svar óskast.

122. Fyrirspurn [113. mál]

til viðskiptaráðherra um fund með fjármálaráðherra Breta.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Hvaða málefni voru rædd og hverjir voru viðstaddir fund ráðherra með fjármálaráðherra Breta 2. september sl.? Óskað er eftir því að ráðherra birti í svarinu minnisblöð sem tengjast fundinum.

Skriflegt svar óskast.

123. Frumvarp til laga [114. mál]

um breytingu á lögum nr. 116 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „20%“ í 3. mgr. kemur: 33%.
b. Í stað orðanna „og úthafsrækju“ í 4. mgr. kemur: úthafsrækju og humars.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að heimild til flutnings aflamarks í botnfiski frá einu fiskveiðiári til þess næsta á eftir verði aukin úr 20% í 33%. Enn fremur að heimilt verði að veiða 5% umfram aflamark í humri á einu fiskveiðiári sem dregst frá heimildum næsta árs á eftir.

Í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006 eru ákvæði um heimildir til þess að fresta nýtingu hluta aflamarks milli ára og í 4. mgr. sömu greinar eru tilgreindar þær heimildir sem eru til þess

að veiða umfram aflamark hvers fiskveiðiárs enda dregst umframafli frá við úthlutun á því næsta. Þessar heimildir til flutnings aflamarks milli fiskveiðiára miðast við úthlutað aflamark til hvers fiskiskips.

Heimildir til þess að flytja ákveðið hlutfall aflaheimilda milli fiskveiðiára hefur verið í lögum frá upphafi kvótakerfisins. Slík heimild hefur verið talin heppileg til þess að auka sveigjanleika fiskveiðistjórnarkerfisins og koma í veg fyrir bæði brottkast og að grípa þurfi til viðurlaga vegna umframafla. Þá er hún fallin til hagkvæmari nýtingar einstakra fiskstofna. Markaðsaðstæður og sveiflur í úthlutun einstakra tegunda geta auk þess gert það æskilegt að hafa þennan möguleika til flutnings milli fiskveiðiára. Heimild til að fresta nýtingu aflaheimilda milli ára hefur verið ríkari en heimild til veiða fyrir fram og styðst það við þá staðreynd að stofn gefur að jafnaði meira af sér þegar veiðum úr honum er frestað. Fiskifræðileg rök hníga því að auknum geymslurétti.

Í núgildandi ákvæði er heimilt að geyma þannig milli ára 20% af botnfiskheimildum en hér er lagt til að sú heimild verði aukin í 33% eins og áður segir. Beiðni um slíka breytingu hefur borist frá útgerðarmönnum smærri og stærri skipa sem m.a. hafa bent á að heppilegt gæti verið að nýta slíka heimild í ýsu þar sem líklegt megi telja að leyfilegur ýsuafli dragist saman á næsta ári. Gæti það komið sér vel að geyma meira frá þessu fiskveiðiári til þess næsta. Hið sama gildir um aðrar tegundir. Eru vandfundin rök sem mæla gegn þessari breytingu.

Í 3. mgr. 11. gr. laganna er ákvæði um heimild til að fresta nýtingu 20% aflamarks í humri milli ára en hins vegar er ekki ákvæði í 4. mgr. um að veiða megi úr þessum stofni fyrir fram eins og gildir almennt. Ástæðan fyrir þessu er trúlega sú að þegar gildandi ákvæði voru sett var ástand humarstofnsins með þeim hætti að ástæða þótti til að fara mjög gætilega í veiðum á honum. Nú er ástand þessa stofns talið gott og því ástæða til að opna þessa heimild með sama hætti og almennt gildir.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi og gætu því aðilar flutt 33% af botnfiskaflamarki frá yfirstandandi fiskveiðiári til þess næsta, eins gætu humarbátar á næstu humarvertíð nýtt heimild til umframveiði.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Markmið frumvarpsins er að auka heimild til flutnings aflamarks í botnfiski frá einu fiskveiðiári til þess næsta úr 20% í 33% og að jafnframt verði heimilt að veiða 5% umfram aflamark í humri á einu fiskveiðiári sem mun dragast frá heimildum næsta árs á eftir.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

124. Frumvarp til laga [115. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þegar atvinnuleysisbætur eru greiddar samhliða minnkuðu starfshlutfalli skv. 17. eða 22. gr. er heimilt að lengja hlutfallslega það tímabil sem heimilt er að greiða tekjutengdar atvinnuleysisbætur skv. 1. mgr. 32. gr. miðað við mismun réttar hins tryggða hefði hann misst starf sitt að öllu leyti og þess starfshlutfalls sem hann gegnir áfram. Hinn tryggði hefur áfram rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta samfellt í þrjú ár skv. 1. mgr. 29. gr.

Þegar atvinnuleysisbætur eru greiddar samhliða minnkuðu starfshlutfalli skv. 17. eða 22. gr. skulu föst laun frá vinnuveitanda fyrir hið minnkaða starfshlutfall ekki koma til skerðingar á fjárhæð atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. enda haldi hinn tryggði að lágmarki 50% starfshlutfalli. Á þetta við hvort sem hinn tryggði fær greiddar tekjutengdar atvinnuleysisbætur skv. 32. gr. eða grunnatvinnuleysisbætur skv. 33. gr. Aðrar greiðslur sem hinn tryggði kann að fá fyrir sama tímabil, hvort sem er frá vinnuveitanda eða öðrum aðila, skulu koma til frádráttar greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði skv. 36. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru bundin því skilyrði að hinn tryggði hafi misst starf sitt að hluta vegna samdráttar í starfsemi vinnuveitanda sem hann starfar hjá vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði eða hann hafi misst starf sitt að öllu leyti og ráðið sig í hlutastarf hjá öðrum vinnuveitanda í lægra starfshlutfalli enda eigi viðkomandi að mati Vinnumálastofnunar ekki kost á að ráða sig til starfa í sama starfshlutfalli og hann var í áður vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði.

Ákvæði þetta gildir til 1. maí 2009.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, með síðari breytingum.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir a-lið 5. gr. skal taka mið af vinnulaunum launamanns fyrir síðustu þrjá starfsmánuði hans í þjónustu vinnuveitanda áður en starfshlutfall launamanns var minnkað vegna samdráttar í starfsemi vinnuveitanda vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði enda hafi héraðsdómara borist krafa um gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitanda innan tólf mánaða frá því að starfshlutfall launamanns var minnkað. Skilyrði er að launamaður hafi verið samfellt í a.m.k. sex mánuði í sama starfshlutfalli hjá hinum gjaldþrota vinnuveitanda áður en kom til skerðingar á starfshlutfalli hans vegna samdráttar í starfsemi vinnuveitanda. Að öðru leyti gildir a-liður 5. gr.

Þrátt fyrir b-lið 5. gr. skal við útreikning bóta vegna launamissis í allt að þrjá mánuði vegna slita á ráðningarsamningi taka mið af vinnulaunum launamanns skv. 1. mgr. enda hafi héraðsdómara borist krafa um gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitanda innan tólf mánaða frá því að starfshlutfall launamanns var minnkað. Skilyrði er að launamaður hafi verið samfellt í a.m.k. sex mánuði í sama starfshlutfalli hjá hinum gjaldþrota vinnuveitanda áður en kom til minnkunar á starfshlutfalli hans vegna samdráttar í starfsemi vinnuveitanda. Að öðru leyti gildir b-liður 5. gr.

Ákvæði þetta gildir um kröfur launamanna sem minnka starfshlutfall sitt á tímabilinu 1. október 2008 til og með 31. desember 2009 að kröfu vinnuveitanda vegna samdráttar í starfsemi vinnuveitanda sem rekja má til sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta byggist á tillögum samráðshóps félags- og tryggingamálaráðuneytis, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins vegna breyttra aðstæðna á vinnumarkaði en ljóst er að nokkur óvissa ríkir um stöðu og þróun á innlendum vinnumarkaði á næstu vikum og jafnvel mánuðum. Er því gert ráð fyrir að þær breytingar sem lagðar eru til séu tímabundnar en miðað er við að þær verði endurskoðaðar áður en gildistíma þeirra lýkur verði talin ástæða til. Forusta atvinnulífsins hefur hvatt fyrirtæki sem eiga í tímabundnum rekstrarvanda til að skoða þann kost að lækka starfshlutfall starfsmanna sinna fremur en að grípa til uppsagna. Þeim breytingartillögum sem koma fram í frumvarpi þessu er ætlað að koma til móts við breyttar aðstæður á vinnumarkaði og þá sér í lagi þessi tilmæli atvinnulífsins. Er með þessu lögð áhersla á að fleiri geti haldið störfum en ella. Það er í samræmi við þá áherslu sem lögð hefur verið á mikilvægi þess að sem flestir geti verið virkir þátttakendur á vinnumarkaði að einhverju leyti, sjálfum sér og samfélaginu til hagsbóta. Um leið og þessar tillögur eru til þess fallnar að draga úr aukningu á atvinnuleysi er þeim jafnframt ætlað að koma betur til móts við aðstæður launafólks sem þarf að taka á sig kjaraskerðingu í formi minnkaðs starfshlutfalls vegna tímabundins rekstrarvanda fyrirtækis þess er það starfar hjá.

Ekki síður er mikilvægt að dregið verði úr þeim áhrifum sem ákvarðanir vinnuveitenda um skerðingu starfshlutfalls kunna að hafa á réttindi launafólks innan velferðarkerfisins og byggjast á atvinnuþátttöku fólks með einum eða öðrum hætti. Er því með frumvarpi þessu lagt til að í tilvikum er starfshlutfall launamanns hefur verið minnkað vegna samdráttar í rekstri vinnuveitanda innan við tólf mánuði áður en héraðsdómara berst krafa um gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitanda verði við framkvæmd a- og b-liðar 5. gr. laga nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, með síðari breytingum, tekið mið af tekjum launamannsins er hann hafði áður en kom til lækkunar á starfshlutfalli. Skilyrði er að starfsmaður hafi verið samfellt í a.m.k. sex mánuði í sama starfshlutfalli hjá hinum gjaldþrota vinnuveitanda áður en kom til lækkunar á starfshlutfalli hans vegna samdráttar í starfsemi vinnuveitanda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að það tímabil sem heimilt er að greiða tekjutengdar atvinnuleysisbætur skv. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, verði lengt hlutfallslega miðað við mismun réttar launamannsins hefði hann misst starf sitt að öllu leyti og þess starfshlut-

falls sem hann gegnir áfram. Heildartímabil sem launafólk getur fengið greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði er eftir sem áður samtals þrjú ár, sbr. 1. mgr. 29. gr. laganna.

Tillaga þessi hefur þau áhrif að launamaður sem hefur áunnið sér fullan rétt til atvinnuleysisbóta og missir starf sitt að hluta getur fengið hlutfallslegar tekjutengdar bætur í lengri tíma en áður innan þriggja ára tímabilsins. Hafi launamaður haldið til dæmis 75% starfi sækir hann um 25% atvinnuleysisbætur á móti. Hann getur þá verið samtals á 25% tekjutengdum atvinnuleysisbótum í tólf mánuði eða 260 daga samhliða 75% starfi í stað þriggja mánaða áður eða 65 daga en þó aldrei lengur en sem nemur gildistíma laganna verði frumvarp þetta samþykkt. Hefði hann einungis haldið 50% starfshlutfalli hefði hann sótt um 50% atvinnuleysisbætur og þar með átt rétt til 50% tekjutengdra atvinnuleysisbóta í samtals sex mánuði eða 130 daga en þó aldrei lengur en sem nemur gildistíma laganna, verði frumvarp þetta að lögum. Eftir þann tíma getur hann átt rétt á hlutfallslegum grunnatvinnuleysisbótum.

Enn fremur er lagt til að ekki komi til skerðingar atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. laganna um atvinnuleysistryggingar að því er varðar greiðslur frá vinnuveitanda vegna minnkaðs starfshlutfalls á gildistíma ákvæðisins. Gert er að skilyrði að launamaður haldi þá a.m.k. 50% starfshlutfalli hjá vinnuveitanda en ákvæði þessu er ætlað að stuðla að því að vinnuveitendur haldi ráðningarsambandi við starfsmenn sína eins og frekast er unnt enda þótt kunni að vera nauðsynlegt að skerða starfshlutfall þeirra að einhverju leyti. Á þetta bæði við þegar launamenn eiga rétt á grunnatvinnuleysisbótum og tekjutengdum atvinnuleysisbótum. Þannig á sá sem sækir um atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli rétt á atvinnuleysisbótum sem nemur mismun réttar launamannsins hefði hann misst starf sitt að öllu leyti og þess starfshlutfalls sem hann gegnir áfram án þess að tekjur hans fyrir það starfshlutfall er hann heldur eftir komi til skerðingar.

Dæmi um þetta er launamaður A sem hefur 250.000 kr. í mánaðarlaun fyrir fullt starf en hefur þurft að minnka við sig starfshlutfall um 25% vegna samdráttar í fyrirtæki því er hann starfar hjá vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði. Hann sækir um 25% atvinnuleysisbætur en hefði talist að fullu tryggður samkvæmt lögunum hefði hann misst starf sitt að öllu leyti. Hefði hann misst starf sitt að öllu leyti hefði hann því átt rétt á 175.000 kr. í tekjutengdar atvinnuleysisbætur og þar sem hann sækir um 25% bætur á hann rétt á 43.750 kr. á mánuði. Tekjur hans fyrir 75% starfshlutfallið er hann gegnir áfram og nema 187.500 kr. hafa því ekki áhrif á fjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta og munu þá tekjur hans og atvinnuleysisbætur nema 231.250 kr. (187.500 + 43.750) á mánuði. Annað dæmi lýtur að launamanni B sem hefur 400.000 kr. í mánaðarlaun fyrir fullt starf en hefur þurft að minnka við sig starfshlutfall um 50% vegna samdráttar í fyrirtæki því er hann starfar hjá. Hann sækir um 50% atvinnuleysisbætur en hefði talist að fullu tryggður samkvæmt lögunum hefði hann misst starf sitt að öllu leyti. Hefði hann misst starf sitt að öllu leyti hefði hann því átt rétt á 220.729 kr. á mánuði sem er hámarksútgreiðsla á tekjutengdum atvinnuleysisbótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sbr. 6. gr. 32. gr. laganna og 1. gr. reglugerðar nr. 548/2006, um fjárhæð atvinnuleysistrygginga, sbr. einnig reglugerð nr. 294/2008. Þar sem hann sækir um 50% bætur á hann rétt á 110.365 kr. á mánuði. Tekjur hans fyrir 50% starfshlutfallið er hann gegnir áfram og nema 200.000 kr. hafa því ekki áhrif á fjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta og munu tekjur hans og atvinnuleysisbætur því nema 310.365 kr. (200.000 + 110.365) á mánuði.

Svo unnt sé að beita framangreindum undanþágum er það gert að skilyrði að hinn tryggði hafi misst starf sitt að hluta vegna samdráttar í rekstri hlutaðeigandi fyrirtækis sem hann starfar hjá eða hafi misst starf sitt að öllu leyti og ráðið sig í hlutastarf hjá öðrum vinnuveitanda í lægra starfshlutfalli enda eigi viðkomandi að mati Vinnumálastofnunar ekki kost

á að ráða sig til starfa í sama starfshlutfall og hann var í áður vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði. Einnig falla þarna undir tilvik þegar launamaður gegnir tveimur hlutastörfum þannig að samanlagt séu þau 100% eða minna starfshlutfall og missir annað þeirra vegna samdráttar á vinnumarkaði. Skilyrði er að hann gegni áfram a.m.k. 50% starfshlutfalli. Þá er gert ráð fyrir að þessar undanþágur frá reglum laganna gildi tímabundið eða til 1. maí 2009.

Um 2. gr.

Ákveðin undanþága er lögð til á a-lið 5. gr. laga nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, með síðari breytingum, þannig að í tilvikum þegar starfshlutfall launamanns hefur verið lækkað að kröfu vinnuveitanda vegna samdráttar í starfsemi hans verði miðað við tekjur launamannsins eins og þær voru áður en til minnkunar á starfshlutfalli kom enda hafi héraðsdómara borist krafa um gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitanda innan tólf mánaða áður en kom til minnkaðs starfshlutfalls. Er þar með lagt til að miðað verði við svokallaðan frestdag, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., en ætla verður að sú viðmiðun kunni að vera kröfuhöfum hagstæðari en úrskurðardagur. Tilgangur þessarar undanþágu er að koma til móts við aðstæður launafólks sem hefur starfað í ákveðinn tíma hjá hinum gjaldþrota vinnuveitanda og hefur tekið á sig kjaraskerðingu í formi minnkaðs starfshlutfalls síðustu mánuðina í starfsemi rekstursins. Er jafnframt gert að skilyrði að launamaður hafi starfað samfellt í a.m.k. sex mánuði hjá hinum gjaldþrota vinnuveitanda áður en kom til skerðingar á starfshlutfalli.

Enn fremur er lagt til að sams konar undanþága gildi um bætur launamanns vegna launamissis í allt að þrjá mánuði vegna slita á ráðningarsamningi. Því er gert ráð fyrir að tekið verði mið af þeim tekjum sem launamaður hafði fyrir það starfshlutfall sem hann var í áður en til lækkunar á starfshlutfalli kom við útreikning á kröfum skv. b-lið 5. gr. laganna. Lagt er til að sömu skilyrði gildi um þessa undanþágu og gilda um þá undanþágu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Gert er ráð fyrir að önnur skilyrði b-liðar 5. gr. laganna gildi að öðru leyti.

Gert er ráð fyrir að þessar undanþágur á gildissviði a- og b-liðar 5. gr. laganna verði tímabundnar í ljósi sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði og gildi um kröfur launamanna sem minnka starfshlutfall sitt á tímabilinu 1. október 2008 til og með 31. desember 2009 að kröfu vinnuveitanda vegna samdráttar í starfsemi vinnuveitanda sem rekja má til sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði. Sökum þess að miðað er við að liðið geti allt að tólf mánuðir frá því að lækkun starfshlutfalls kom til og til þess tíma að héraðsdómara berst krafa um gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitanda getur ákvæði þetta átt við um kröfur launafólks í bú vinnuveitenda sem kröfur hafa verið gerðar um gjaldþrotaskipti á og borist hafa héraðsdómara allt til loka árs 2010.

Um 3. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, og lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar í ljósi breyttra aðstæðna á vinnumarkaði sem miða í fyrsta lagi að því að greiða hærri atvinnuleysisbætur til launþega sem ráðnir eru í lækkað starfshlutfall vegna samdráttar í starfsemi fyrirtækis eða opinbers aðila sem þeir starfa hjá. Hækkun bótanna felst í því að lengja hlutfallslega tímabilið sem heimilt er að greiða tekjutengdar atvinnuleysisbætur miðað við mismun réttar launþegans hefði hann misst starf sitt að öllu leyti og þess starfshlutfalls sem hann gegnir áfram. Með þessu móti mun sá sem missir t.d. 25% starfshlutfall af fullri vinnu eiga rétt á tekjutengdum atvinnuleysisbótum í tólf mánuði í stað þriggja. Í frumvarpinu er einnig lagt til að ekki komi til skerðingar atvinnuleysisbóta miðað við greiðslur frá vinnuveitenda vegna lækkaðs starfshlutfalls ef það fer ekki niður fyrir 50%. Þessar breytingar eiga við um lög um atvinnuleysistryggingar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þær gildi til 1. maí 2009, sem þýðir að sá sem færist í lægra starfshlutfall í byrjun nóvember á þessu ári gæti átt rétt á tekjutengdum bótum út apríl 2009 en færi þar eftir á bætur samkvæmt núgildandi lögum.

Í frumvarpinu er í öðru lagi lagt til að lögum um Ábyrgðasjóð launa verði breytt á þá leið að í þeim tilvikum þegar starfshlutfall launamanns hefur verið lækkað innan við tólf mánuðum áður en héraðsdómara berst krafa um gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitenda verði tekið mið af tekjum sem hann hafði áður en kom til lækkunar á starfshlutfallinu. Ákvæðið gildir um kröfur launamanna sem færast í lægra starfshlutfall á tímabilinu 1. október til og með 31. desember 2009 vegna samdráttar í starfsemi vinnuveitenda.

Verði frumvarpið að lögum mun það hafa talsverð áhrif til hækkunar á bótum til þeirra sem fá lækkað starfshlutfall, einkum til þeirra sem eru með laun í hærri kantinum. Eftirfarandi tafla sýnir hvernig bæturnar mundu hækka í þús. kr. á mánuði frá núgildandi lögum miðað við mismunandi mánaðartekjur og hvort viðkomandi færi í 75% eða 50% starfshlutfall.

mánaðarlaun	**250**	**350**	**450**	**550**
Úr 100% í 75%	1,3	18,6	55,2	55,2
Úr 100% í 50%	0,0	0,0	6,9	110,4

Þeir launþegar sem hafa verið með hærri tekjur hækka mest vegna afnáms skerðinga í núgildandi lögum. Sá sem var t.d. með 550 þús. kr á mánuði í laun fyrir fullt starf en færist niður í 50% starfshlutfall fengi engar bætur samkvæmt núgildandi lögum en mundi fá 110,4 þús. kr. á mánuði samkvæmt frumvarpinu.

Að mati fjármálaráðuneytisins fela breytingarnar í frumvarpinu í sér talsverðar líkur á auknum útgjöldum. Mikil óvissa er þó um hver stærðargráðan á þeirri aukningu gæti verið. Í fyrsta lagi er mikil óvissa um hvernig atvinnuleysið á eftir að þróast. Í öðru lagi er óvissa um hversu algengt það verður að starfsfólki verði sagt upp að hluta. Samkvæmt gögnum Vinnumálastofnunar hafa það verið um 8% af þeim sem skrá sig atvinnulausa. Vísbendingar

eru þó um að það sé að aukast mjög mikið. Í þriðja lagi er óvissa um hversu mikil lækkun á starfshlutfalli verður að meðaltali hjá þeim sem fá lækkað starfshlutfall. Í fjórða lagi er óvissa um hversu lengi þeir sem nú verða atvinnulausir að hluta muni þiggja bætur og fari aftur í fullt starf. Í fimmta lagi má reikna með að samsetning þeirra sem verða atvinnulausir sé að breytast þannig að t.d. viðmiðunartekjur séu að hækka. Í síðasta lagi er óvissa um hversu mikil áhrif frumvarpið muni hafa á ákvarðanir atvinnurekenda varðandi uppsagnir þar sem þær snúa einkum að afkomu fyrirtækja fremur en að bótarétti starfsmanna.

Sem eitt dæmi um hugsanlega útkomu er áætlað að hækkun bóta vegna hlutaatvinnuleysis geti aukið útgjöld ríkissjóðs um allt að 150 m.kr. miðað við að atvinnuleysi verði 5% í lok apríl á næsta ári og allt að 350 m.kr. miðað 10% atvinnuleysi. Sú útkoma miðast við að frumvarpið hafi ekki áhrif á ákvarðanir um uppsagnir, þ.e. að starfsmönnum sé ýmist sagt upp að hluta eða að fullu án tillits til bótaréttarins, og að jafnaði skerðist starfshlutfall niður í 75%. Á hinn bóginn, ef atvinnurekendur taka mið af breyttum bótarétti samkvæmt frumvarpinu og lækka starfshlutföll í stað þessa að segja starfsfólki alveg upp þá gætu útgjöld vegna atvinnuleysisbóta sem að öðrum kosti hefðu fallið til orðið talsvert lægri, t.d. sem næmi nokkrum hundruðum milljóna kr. eftir því út frá hvaða forsendum er gengið um aðra óvissuþætti. Á móti er einhver hætta á misnotkun með þeim hætti að atvinnuleysisbætur verði í raun notaðar til að greiða niður launakostnað atvinnurekenda. Mjög erfitt er að hafa eftirliti með slíku.

Ekki var gert ráð fyrir þessum breytingum á atvinnuleysisbótakerfinu og hugsanlegum kostnaðaráhrifum af því í forsendum fjárlagafrumvarps 2009.

125. Svar [89. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um skuldir sjávarútvegsfyrirtækja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve miklar eru skuldir íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja í bönkunum þremur sem ríkið hefur nú yfirtekið, Glitni, Landsbankanum og Kaupþingi, eða fyrirtækjum sem ríkið hefur stofnað til þess að yfirtaka eignir og skuldir þeirra, sundurliðað eftir bönkum?*
2. *Hve mikið af skuldum sjávarútvegsfyrirtækjanna er tilkomið vegna kaupa á fiskveiðiheimildum og hvað eru þær skuldir til langs tíma?*
3. *Hver eru helstu veð fyrir skuldum sjávarútvegsfyrirtækjanna og sérstaklega hver eru veðin fyrir skuldum vegna kaupa á fiskveiðiheimildum og hvernig er veðstaðan í ljósi verulegrar lækkunar síðastliðið ár á verði þorskveiðiheimilda?*
4. *Hvað þarf að afskrifa mikið af skuldum sjávarútvegsfyrirtækjanna ef núverandi úthlutun fiskveiðiheimilda verður felld niður við upphaf næsta fiskveiðiárs og hvað þyrfti að afskrifa mikið af skuldum vegna kaupa á fiskveiðiheimildum? Hver verður afskriftaþörfin á hverju ári ef niðurfellingu heimildanna verður dreift á a) 10 ár, b) 20 ár?*
5. *Hvað er talið að skuldir sjávarútvegsfyrirtækjanna hafi verið miklar í þeirri starfsemi bankanna þriggja sem ríkið yfirtók ekki?*

Viðskiptabankarnir Glitnir hf., Landsbanki Íslands hf. og Kaupþing banki hf. eru almenn hlutafélög og voru skráð á markaði þangað til í október sl. Þó svo að Fjármálaeftirlitið hafi

gripið inn í rekstur bankanna á grundvelli laga nr. 125/2008 eru þeir eftir sem áður viðskiptabankar á samkeppnismarkaði og lúta sömu lögum og reglum og aðrir slíkir, m.a. lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Af framangreindum ástæðum er ráðuneytinu ekki unnt að veita þær upplýsingar sem óskað er eftir í fyrirspurninni.

Nýi Glitnir hf., NBI hf. og Nýi Kaupþing banki hf. eru einnig almenn hlutafélög í eigu ríkisins og fer fjármálaráðherra með hlutinn í þeim bönkum. Viðskiptaráðuneytið hefur því ekki bein afskipti af rekstri bankanna og býr ekki yfir þeim upplýsingum sem óskað er eftir.

126. Fyrirspurn [116. mál]

til dómsmálaráðherra um sérsveit ríkislögreglustjóra.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hversu margir lögreglumenn skipa sérsveit ríkislögreglustjóra?
2. Hver eru meðallaun sérsveitarmanna og hver eru meðallaun annarra lögreglumanna?
3. Hver er meðalaldur lögreglumanna í sérsveitinni og hver er meðalaldur almennra lögreglumanna?
4. Hver hefur kostnaðurinn af rekstri sérsveitar ríkislögreglustjóra verið sl. þrjú ár, og hvernig skiptist hann á einstaka liði t.d. laun, þjálfun, búnað o.s.frv.?
5. Hversu mörgum útköllum hefur sérsveitin sinnt sl. þrjú ár, sundurliðað eftir árum, og hvers eðlis hafa þessi útköll verið?
6. Í hve mörgum þessara útkalla var um almannahættu að ræða?
7. Hvernig er ákvörðun tekin um útkall sérsveitar?
8. Hvernig er starf sérsveitarinnar skipulagt og hvernig skiptist tími sérsveitarmanna milli þjálfunar og eiginlegra lögreglustarfa?
9. Ganga sérsveitarmenn almennar vaktir og sinna þeir útköllum til jafns við aðra lögreglumenn þegar þeir eru á vakt?

Skriflegt svar óskast.

127. Fyrirspurn [117. mál]

til iðnaðarráðherra um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvernig er nú um stundir unnið að framkvæmdaáætlun um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, sbr. ályktun Alþingis 16. mars 2004 (33. mál 130. löggjafarþings)?
2. Hverju sætir að framkvæmdaáætlunin hefur ekki enn verið lögð fyrir Alþingi, sbr. niðurlag ályktunarinnar, og hvenær er þess að vænta?
3. Hvers vegna hefur Alþingi ekki heldur verið gerð grein fyrir stöðu mála með framvinduskýrslu eins og einnig er kveðið á um í ályktuninni?

128. Fyrirspurn [118. mál]

til menntamálaráðherra um hæfi við ákvarðanir er varða Kaupþing.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Telur ráðherra sig hafa fullt og óskorað hæfi til þess að koma að yfirtöku ríkisins á viðskiptabönkunum þremur og ákvörðunum er varða nýju bankana, sérstaklega Kaupþing?

129. Frumvarp til laga [119. mál]

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir afturköllun starfsleyfis skv. 6. tölul. 1. mgr. er þeim sem annast skiptastjórn þrotabús fjármálafyrirtækis heimilt, með samþykki og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, að annast áfram tiltekna leyfisbundna starfsemi að svo miklu leyti sem hún er nauðsynleg vegna bústjórnar og ráðstöfunar hagsmuna þrotabús.

2. gr.

Við 98. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Veiti héraðsdómari fjármálafyrirtæki heimild til greiðslustöðvunar skv. 12. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skal heimildin veitt til ákveðins dags og stundar innan sex vikna frá uppkvaðningu úrskurðarins. Fallist héraðsdómari á framlengingu greiðslustöðvunar skv. 17.

gr. sömu laga skal þing haldið til að taka málefnið fyrir á ný innan sex mánaða frá því að beiðni um framlengingu var lögð fram á dómþingi. Héraðsdómari getur þó aldrei heimilað greiðslustöðvun í lengri tíma en alls 12 mánuði talið frá því þinghaldi þegar heimild var veitt skv. 1. málsl. Fundarboð skv. 2. mgr. 13. gr. og tilkynning skv. 5. mgr. 17. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. telst fullnægjandi ef hún er birt í að minnsta kosti tveimur dagblöðum hér á landi og í hverju þeirra ríkja þar sem útibú hafa verið rekin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ef heimild til greiðslustöðvunar hefur verið veitt á grundvelli 3. mgr. 98. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga þessara, fyrir gildistöku laga þessara, en fundur með lánardrottnum skv. 1. mgr. 13. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. hefur enn ekki farið fram, er héraðsdómara heimilt að fenginni rökstuddri beiðni skuldara að fresta þegar ákveðinni fyrirtöku en þó ekki til lengri tíma en kveðið er á um í 1. málsl. 3. mgr. 98. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga þessara. Skal héraðsdómari fallast á beiðni um frest nema hann telji hana augljóslega tilefnislausa. Fallist héraðsdómari á beiðni skuldara skal hann framlengja greiðslustöðvunina með úrskurði skv. 3. mgr. 12. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem nauðsynlegar eru til að auðvelda það ferli sem fram undan er hjá þeim fjármálafyrirtækjum sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið yfir stjórn í, á grundvelli laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

Ákvæði frumvarpsins miða í fyrsta lagi að því að heimila skiptastjóra þrotabús fjármálafyrirtækis að annast áfram tiltekna leyfisbundna starfsemi þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi afturkallað starfsleyfi fjármálafyrirtækis. Í öðru lagi miða breytingarnar að því að lengja fresti og auðvelda tilkynningu fyrir aðstoðarmann fyrirtækis sem veitt hefur verið greiðslustöðvun. Loks er í frumvarpinu lagt til að bætt verði við lögin ákvæði til bráðabirgða sem heimilar frestun fyrirtöku þrátt fyrir að greiðslustöðvun hafi verið veitt fyrir gildistöku laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 9. gr. laga um fjármálafyrirtæki, en þar er kveðið á um afturköllun starfsleyfis fjármálafyrirtækja. Lagt er til að skiptastjóra þrotabús fjármálafyrirtækis verði heimilað, með samþykki og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, að annast áfram tiltekna leyfisbundna starfsemi fjármálafyrirtækis þrátt fyrir afturköllun starfsleyfis þess samhliða kröfu um gjaldþrotaskipti. Slík heimild er mikilvæg til að hægt sé að halda áfram ákveðinni starfsemi fjármálafyrirtækis sem miðar að því að verja eignir þeirra og hámarka virði þeirra. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði 12. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana.

Um 2. gr.

Í greininni eru lagðir til sérstakir frestir þegar fjármálafyrirtæki fær heimild til greiðslustöðvunar. Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er kveðið á um að telji héraðsdómari skilyrðum fullnægt til að verða við beiðni um heimild til greiðslustöðvunar skuli tiltekið í úrskurði að heimildin sé veitt til ákveðins dags og stundar innan þriggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðarins þegar þing verður háð til að taka málefnið fyrir á ný. Gert er ráð fyrir í greininni að samsvarandi frestur verði sex vikur ef fjármálafyrirtæki fær heimild til greiðslustöðvunar. Þá er gert ráð fyrir að greiðslustöðvun fjármálafyrirtækis geti alls verið 12 mánuðir, en í 3. mgr. 18. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er kveðið á um það að héraðsdómari geti aldrei heimilað skuldara greiðslustöðvun í lengri tíma en alls sex mánuði talið frá þinghaldi sem hann hefur ákveðið í úrskurði.

Í 2. mgr. 13. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er gert ráð fyrir að fundarboð til lánardrottna skuli vera skriflegt og sent öllum þekktum lánardrottnum skuldarans með hæfilegum fyrirvara í útbornu ábyrgðarbréfi, símskeyti eða á annan sannanlegan hátt. Þá er gert ráð fyrir í 5. mgr. 17. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. að aðstoðarmaður skuldara tilkynni öllum þekktum lánardrottnum um úrskurð héraðsdómara um áframhaldandi greiðslustöðvun, eða synjun þar að lútandi, í útbornu ábyrgðarbréfi, símskeyti eða á annan sannanlegan hátt. Í síðasta málslið ákvæðisins er gert ráð fyrir að vikið verði frá þessum ákvæðum þegar fjármálafyrirtæki á í hlut þannig að tilkynning teljist fullnægjandi ef hún er birt í að minnsta kosti tveimur dagblöðum hér á landi og í hverju þeirra ríkja þar sem útibú hafa verið rekin.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið heimilar frestun á fyrirtöku máls þrátt fyrir að greiðslustöðvun hafi verið veitt fyrir gildistöku laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Markmið frumvarpsins er að gera breytingar á núgildandi lögum er snúa að gjaldþrotaskiptum og greiðslustöðvun fjármálafyrirtækja sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið yfir stjórn á. Í frumvarpinu er meðal annars gert ráð fyrir að skiptastjóra þrotabús fjármálafyrirtækis verði heimilað að annast áfram tiltekna leyfisbundna starfsemi þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi afturkallað starfsleyfi fjármálafyrirtækis. Einnig eru lagðar til breytingar sem miða að því að lengja fresti og auðvelda tilkynningu fyrir aðstoðarmann fyrirtækis sem er í greiðslustöðvunarferli ásamt því að heimila frestun fyrirtöku þrátt fyrir að greiðslustöðvun hafi verið veitt fyrir gildistöku laganna.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

130. Frumvarp til laga [120. mál]

um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Öllum afla, sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands, skal landað innan lands og hann veginn í innlendri höfn.

Ráðherra getur með reglugerð heimilað að ísfiski sé landað í erlendum höfnum eða hann fluttur úr landi án þess að hafa verið endanlega veginn, enda sé fiskurinn seldur á opinberum fiskmarkaði sem hlotið hefur leyfi Fiskistofu. Sé fyrirhugað að flytja út óunninn afla til sölu á fiskmarkaði erlendis sem ekki hefur verið endanlega vigtaður og skráður í aflaskráningarkerfi Fiskistofu skal útgerð og skipstjóri fiskiskips tryggja að Fiskistofu séu sendar upplýsingar um aflann eigi síðar en 24 klukkustundum áður en aflinn fer um borð í flutningsfar eða skip fer af miðum, sigli fiskiskip með eigin afla. Útgerð skal einnig upplýsa hvaða lágmarksverðs er krafist fyrir afla. Upplýsingar þessar skulu birtar á opnum uppboðsvef uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla þar sem aflinn skal boðinn upp. Ráðherra skal kveða á um uppboðsskilmála og framkvæmd uppboðs í reglugerð.

Þá getur ráðherra heimilað með reglugerð að afla sem veiddur er úr íslenskum deilistofnum sé landað erlendis, enda sé eftirlit með löndun afla og vigtun hans talið fullnægjandi.

Þegar sérstaklega stendur á, t.d. vegna alvarlegrar vélarbilunar, getur Fiskistofa heimilað að skip sem vinna afla um borð landi erlendis.

Fiskistofa skal innheimta af fiskmarkaði erlendis kostnað sem til fellur við upphaflega úttekt á fiskmarkaði í kjölfar umsóknar, vegna launa eftirlitsmanna erlendis og við sérstakar eftirlitsúttektir af hálfu Fiskistofu. Enn fremur er Fiskistofu heimilt að innheimta af útgerð skips sem landar afla sínum erlendis, sbr. 3. og 4. mgr., kostnað vegna ferðar eftirlitsmanns til að fylgjast með löndun úr skipinu erlendis. Ráðherra setur nánari reglur um greiðslu kostnaðar samkvæmt ákvæði þessu.

2. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fiskistofa skal afturkalla leyfi erlends fiskmarkaðar til að móttaka afla íslenskra fiskiskipa sem ekki hefur verið endanlega veginn ef fyrirsvarsmenn fiskmarkaðar, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn ákvæðum III. kafla eða reglum settum samkvæmt þeim. Hið sama á við standi erlendur fiskmarkaður ekki í skilum með greiðslu kostnaðar skv. 5. mgr. 5. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í upphafi árs 2007 tók sjávarútvegsráðherra ákvörðun um að afnema svokallað útflutningsálag á óunninn botnfiskafla sem fluttur er úr landi. Útflutningsálag var lagt á botnfiskafla sem fluttur var óunninn á fiskmarkað erlendis án þess að hafa verið endanlega vigtaður og skráður í aflaskráningarkerfi Fiskistofu þannig að 10% álagi var bætt við niðurstöðu vigtunar þegar aflinn var reiknaður til aflamarks. Ákvörðun þessi var tekin í tengslum við samning Íslands við Evrópusambandið um bættan markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir á markaði sambandsins og tók gildi 1. september 2007. Samhliða því að taka ákvörðun um að afnema útflutningsálag skipaði sjávarútvegsráðherra starfshóp sem samkvæmt skipunarbréfi hafði það hlutverk að skila tillögum um hvernig fiskkaupendum hérlendis yrði best tryggður möguleiki á að bjóða í þennan fisk áður en hann er fluttur úr landi. Í starfshópinn voru skipaðir: Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður, sem var formaður hópsins, Stefán Friðriksson, aðstoðarframkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar hf., og Kjartan Guðmundsson fiskverkandi. Við frá fall Einars Odds Kristjánssonar var Illugi Gunnarsson alþingismaður skipaður formaður starfshópsins með bréfi dags. 7. ágúst 2007. Starfshópurinn fór ítarlega yfir viðfangsefnið og ræddu fulltrúar hans við alla helstu hagsmunaaðila ásamt því að heimsækja fiskmarkaðina í Grimsby og Hull í Bretlandi, sem í dag taka á móti mestum hluta þess afla sem fluttur er á markað erlendis. Starfshópurinn hefur nú skilað áliti sínu og koma þar fram tillögur sem lúta að vigtun afla á fiskmörkuðum erlendis, aðgerðum til að auka öryggi í viðskiptum og aðgerðum til að bæta aðgengi fiskvinnslunnar að fiski sem fluttur er á markað erlendis án þess að hafa verið endanlega veginn og skráður í aflaskráningarkerfi Fiskistofu.

Með frumvarpi þessu er tekið á þeim þáttum sem eru til þess fallnir að bæta aðgengi fiskkaupenda að afla sem fyrirhugað er að flytja úr landi. Útgerðarmönnum sem fyrirhuga að flytja afla úr landi án þess að hann hafi verið endanlega veginn verður gert skylt að senda upplýsingar um afla til Fiskistofu sem sendir upplýsingarnar áfram til birtingar á opnum uppboðsvef uppboðsmarkaðar með sjávarafla. Uppboð á afla stuðlar að því að fiskkaupendur hafi tækifæri til að kaupa aflann. Útgerðarmenn skulu gefa upp lágmarksverð fyrir afla og auðveldar það kaupendum að bjóða í hann. Mikilvægt er að hafa í huga að regla þessi á einungis við um afla sem fluttur er úr landi án þess að hafa verið endanlega veginn og skráður í aflaskráningarkerfi Fiskistofu. Útgerðir eiga þess kost að vigta aflann hér á landi og þá er þeim frjálst að ráðstafa aflanum að vild.

Enn fremur eru fyrirhugaðar breytingar á reglum er lúta að vigtun aflans hjá markaði erlendis á þann veg að auknar verði kröfur sem gerðar eru til vigtunarbúnaðar hjá fiskmörkuðum erlendis. Þá er talið mikilvægt að tryggja að eftirlit með afla sem fluttur er úr landi án þess að hafa verið skráður til aflamarks sé fullnægjandi.

Eftirlit með afla sem fluttur er úr landi án þess að hafa verið endanlega vigtaður fer annars vegar fram hér á landi og hins vegar erlendis. Gert er ráð fyrir að Fiskistofu verði heimilt að innheimta kostnað sem hlýst af eftirliti erlendis.

Þá eru gerðar breytingar á viðurlagakafla laganna þar sem kveðið er á um afturköllun leyfis erlends markaðar til að taka á móti íslenskum afla hafi ekki verið farið að ákvæðum III. kafla laganna og er það til samræmis við kröfur sem gerðar eru til vigtunarleyfishafa hér á landi. Auk þess er Fiskistofu heimilað að afturkalla leyfi erlends markaðar í þeim tilvikum sem markaður stendur ekki í skilum með greiðslu kostnaðar vegna eftirlits.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 5. gr. laganna kemur fram sú meginregla að öllum afla, sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands, skuli landað innan lands og hann veginn í innlendri höfn. Jafnframt er í ákvæðinu fjallað um undanþágur frá þessari meginreglu og þau skilyrði sem uppfylla þarf til að heimilt sé að landa og vigta afla erlendis. Meginreglan um löndun og vigtun afla og undanþágur frá þeirri reglu eru óbreyttar frá því sem verið hefur en skýrara þykir að breyta ákvæðinu í heild, skipta upp í málsgreinar og bæta við efnislegum breytingum. Efnislegar breytingar lúta að aðgengi fiskkaupenda að afla og innheimtu kostnaðar vegna eftirlits með vigtun og skráningu afla erlendis.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð sem heimilar löndun á afla erlendis og útflutning afla sem ekki hefur verið endanlega veginn hér á landi. Sú skylda er lögð á útgerð og skipstjóra að tryggja að upplýsingar um afla, sem fluttur er óunninn á markað erlendis án þess að hafa verið endanlega veginn og skráður í aflaskráningarkerfi Fiskistofu, séu sendar til Fiskistofu. Hér kemur fram það nýmæli að Fiskistofa skuli sjá til þess að upplýsingar um afla verði birtar á opnum uppboðsvef, sem rekinn er af uppboðsmarkaði með sjávarafla, þar sem afli er boðinn upp og þar komi jafnframt fram lágmarksverð sem útgerðaraðili setur.

Í 3. mgr. er talað um íslenska deilistofna í stað stofna sem halda sig að hluta í efnahagslögsögu Íslands en ekki er um efnislega breytingu að ræða.

Í 5. mgr. er kveðið á um innheimtu kostnaðar Fiskistofu af eftirliti erlendis. Annars vegar er um að ræða kostnað vegna eftirlits með ísfiski sem fer á markað erlendis án þess að hafa verið endanlega veginn og hins vegar vegna eftirlits erlendis með afla úr deilistofnum sem landað er erlendis eða þegar landað er erlendis vegna vélarbilunar. Þegar fiskmarkaður erlendis sækir um viðurkenningu til að taka á móti íslenskum afla sem ekki hefur verið endanlega veginn er nauðsynlegt að Fiskistofa heimsæki fiskmarkaðinn og geri þar úttekt ásamt því að afla nauðsynlegra upplýsinga. Talið er eðlilegt að viðkomandi markaður beri kostnað af þeirri úttekt. Jafnframt er fiskmörkuðum gert að greiða launakostnað eftirlitsmanna erlendis og að standa straum að kostnaði við sérstakar eftirlitsúttektir Fiskistofu. Með sérstökum eftirlitsúttektum er átt við hefðbundnar úttektir sem fara fram til að tryggja að farið sé að reglum auk eftirlitsferða þegar rökstuddur grunur er uppi um brot gegn lögum og reglum er lúta að vigtun sjávarafla. Gert er ráð fyrir að umfang eftirlits ráðist af aflamagni sem flutt verður til viðkomandi markaðar.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Markmið frumvarpsins er að bæta aðgengi fiskkaupenda að afla sem fyrirhugað er að flytja úr landi án þess að hann hafi verið vigtaður hér á landi. Útgerðarmönnum sem fyrirhuga að flytja afla úr landi án þess að hann hafi verið endanlega veginn verður samkvæmt frumvarpinu skylt að senda upplýsingar um afla til Fiskistofu sem sendir upplýsingarnar áfram til birtingar á opnum uppboðsvef uppboðsmarkaðs með sjávarafla.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Fiskistofu verði heimilt að innheimta af fiskmarkaði erlendis kostnað sem til fellur við upphaflega úttekt á fiskmarkaði í kjölfar umsóknar, launa eftirlitsmanns erlendis og við sérstakar eftirlitsúttektir af hálfu Fiskistofu. Þá er Fiskistofu áfram heimilt að innheimta af útgerð skips sem landar afla sínum erlendis kostnað vegna ferðar eftirlitsmanns til að fylgjast með löndun úr skipinu erlendis.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að 10–12 m.kr. kostnaður, sem Fiskistofa hefur haft af úttekt og eftirliti með erlendu fiskmörkuðunum, verði fjármagnaður með sértekjum.

131. Fyrirspurn [121. mál]

til samgönguráðherra um íbúðabyggingar.

Frá Kjartani Ólafssyni.

1. Hversu mörgum lóðum hafa sveitarfélögin úthlutað undir íbúðir árin 2004–2008?
2. Hversu margar íbúðir hafa verið fullgerðar sömu ár?
3. Hversu margar af þessum íbúðum eru tilbúnar en ekki í notkun?

Svar óskast sundurliðað eftir árum og sveitarfélögum.

Skriflegt svar óskast.

132. Fyrirspurn [122. mál]

til fjármálaráðherra um húsaleigusamninga ríkisins og ríkisstofnana.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

Hafa fyrir hönd ríkissjóðs verið gerðir húsaleigusamningar með þeim skilmálum að leigufjárhæð sé bundin erlendri mynt að hluta eða öllu leyti, og ef svo er:

a. hversu margir slíkir samningar eru í gildi nú, hver var samanlögð fjárhæð þeirra á mánuði 1. nóvember sl. og hversu stór hluti er háður gengi erlendra gjaldmiðla,
b. hversu margir slíkir samningar hafa verið gerðir frá 1. júlí 2007,
c. hver eru áhrif þessa á húsaleigukostnað ríkisins og ríkisstofnana frá 1. janúar sl.,
d. til hversu langs tíma eru samningar sem hér um ræðir og hvernig eru uppsagnarákvæði þeirra,
e. hefur ráðherra hug á að láta fara fram endurskoðun og/eða uppsögn þessara samninga?

Skriflegt svar óskast.

133. Frumvarp til laga [123. mál]

um breytingu á lögum nr. 110/2000, um lífsýnasöfn, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætast fimm nýir töluliðir sem verða 2., 3., 4., 6. og 7. tölul. og breytist númeraröð annarra töluliða í samræmi við það:

2. *Persónugreinanlegt lífsýni:* Sýni sem unnt er að rekja beint eða óbeint til lífsýnisgjafa.
3. *Vísindasýni:* Lífsýni sem aflað er í vísindalegum tilgangi.
4. *Þjónustusýni:* Lífsýni sem tekin eru vegna heilbrigðisþjónustu við einstaklinginn.
6. *Lífsýnasafn vísindasýna:* Safn vísindasýna sem varðveita skal lengur en fimm ár.
7. *Lífsýnasafn þjónustusýna:* Safn þjónustusýna sem varðveita skal lengur en fimm ár.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 5. gr. laganna:

a. Á eftir 7. tölul. kemur nýr töluliður sem orðast svo: Séu bæði vísindasýni og þjónustusýni í sama lífsýnasafni skulu þau vera skýrt aðgreind og merkt þannig að tryggt sé að varsla, meðferð og nýting þeirra sé í samræmi við ákvæði laganna og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru á grundvelli þeirra.
b. Í stað orðanna „sem Persónuvernd setur“ í 8. tölul., sem verður 9. tölul., kemur: Persónuverndar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „lífsýnasafni“ í 1. og 2. málsl. 1. mgr. kemur: lífsýnasafni vísindasýna.
b. Í stað orðsins „lífsýnasafni“ í 3. mgr. og 1. málsl. 4. mgr. kemur: lífsýnasafni þjónustusýna.
c. Í stað orðanna „4. mgr. 9. gr.“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: 5. mgr. 9. gr.
d. Á eftir orðunum „varðað öll“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: persónugreinanleg.
e. Í stað 6. málsl. 4. mgr. koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Landlæknir skal halda dulkóðaða skrá um einstaklinga sem lagt hafa bann við notkun lífsýna úr þjónusturannsóknum til vísindarannsókna og við vistun þeirra í lífsýnasafni vísindasýna. Skráin skal vera aðgengileg ábyrgðarmönnum lífsýnasafna og skulu þeir tryggja að vilji einstaklingsins sé virtur.

4. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Lífsýni skulu tryggilega geymd og merkt. Vísindasýni skulu varðveitt án persónuauðkenna og skulu tengsl lífsýna við persónuauðkenni vera í samræmi við reglur Persónuverndar.

5. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. og orðast svo:

Þegar veittur er aðgangur að þjónustusýnum til vísindarannsókna skulu þau að jafnaði afhent án persónuauðkenna. Í undantekningartilvikum er heimilt, með leyfi Persónuverndar, að afhenda lífsýni með persónuauðkennum. Tengsl lífsýna við persónuauðkenni skulu vera í samræmi við reglur Persónuverndar.

6. gr.

Orðið „og“ á eftir orðinu „Persónuverndar“ í síðari málslið 3. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Vísindasiðanefnd hefur eftirlit með starfsemi lífsýnasafna vísindasýna. Landlæknir hefur eftirlit með starfsemi lífsýnasafna þjónustusýna. Um eftirlit landlæknis fer samkvæmt lögum um landlækni.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið af nefnd á vegum heilbrigðisráðuneytisins. Auk starfsmanna ráðuneytisins, Guðrúnar W. Jensdóttur sem var formaður nefndarinnar og Áslaugar Einarsdóttur sem var starfsmaður nefndarinnar, áttu sæti í endurskoðunarnefndinni Hlíf Steingrímsdóttir læknir, tilnefnd af Landspítala, Vilmundur Guðnason yfirlæknir, tilnefndur af Hjartavernd, Halla Hauksdóttir lífeindafræðingur, tilnefnd af Félagi lífeindafræðinga, Þórir Haraldsson hdl., tilnefndur af Íslenskri erfðagreiningu, Guðrún Kr. Guðfinnsdóttir verkefnastjóri,

tilnefnd af landlækni, Magnús Karl Magnússon læknir, tilnefndur af Læknafélagi Íslands, Helga Ögmundsdóttir læknir, tilnefnd af Krabbameinsfélagi Íslands, Ólöf Ýrr Atladóttir framkvæmdastjóri, tilnefnd af vísindasiðanefnd, og Jón Gunnlaugur Jónasson, prófessor og líffærameinafræðingur, skipaður af ráðherra án tilnefningar. Í mars 2008 var Kristján Oddsson yfirlæknir skipaður í nefndina í stað Guðrúnar Kr. Guðfinnsdóttur sem fór til starfa erlendis. Guðríður Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri lögfræðiskrifstofu ráðuneytisins, kom einnig að samningu frumvarpsins á síðustu stigum.

Drög að frumvarpinu voru send sautján aðilum til umsagnar og eru þeir taldir hér á eftir:
Rannsóknastofa í meinafræði á Landspítala.
Nefnd Landspítala um rafrænar sjúkraskrár.
Vísindasiðanefnd.
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.
Læknadeild Háskóla Íslands.
Læknafélag Íslands.
Erfða- og sameindalæknisfræðideild Landspítalans.
Persónuvernd.
Krabbameinsfélag Íslands.
Rannsóknarstöð Hjartaverndar.
Siðanefnd Landspítalans.
Íslensk erfðagreining.
Veirufræðideild Landspítalans.
Landlæknisembættið.
Landspítali – lækningaforstjóri.
Vefjarannsóknastofan Álfheimum 74.
Læknafélag Íslands – siðfræðiráð.

Umsagnir bárust frá sjö aðilum. Þar komu fram ýmsar gagnlegar ábendingar sem tekið var tillit til við samningu frumvarpstextans.

Núgildandi lög tóku gildi 1. janúar 2001 og hafa reynst vel. Síðastliðin ár hafa þó komið fram ábendingar um að nauðsynlegt sé að greinarmunur sé gerður á sýnum sem safnað er vegna vísindarannsókna eingöngu og sýna sem safnað er vegna þjónustu við sjúklinga. Jafnframt er talin þörf á að skoða ákvæði um afturköllun samþykkis lífsýnisgjafa, varðveislu lífsýna, aðgang að lífsýnum til vísindarannsókna og eftirlit með lífsýnasöfnum. Vinnuhópurinn hefur við endurskoðun laganna og vinnslu frumvarpsins haft framangreindar ábendingar til hliðsjónar.

Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu eru:

a. Hugtakið persónugreinanlegt lífsýni er skilgreint, en það þykir nauðsynlegt í tengslum við afturköllun ætlaðs samþykkis lífsýnisgjafa.
b. Gerður er greinarmunur á lífsýnum sem safnað er í vísindalegum tilgangi og lífsýnum sem tekin eru vegna heilbrigðisþjónustu við einstakling og hugtökin „vísindasýni“ og „þjónustusýni“ skilgreind.
c. Lífsýnasafn vísindasýna og lífsýnasafn þjónustusýna eru skilgreind.
d. Kveðið er á um að séu vísindasýni og þjónustusýni í sama lífsýnasafni skuli þau vera skýrt aðgreind og merkt þannig að tryggt sé að varsla, meðferð og nýting þeirra sé í samræmi við ákvæði laganna.
e. Heimilt verði að varðveita þjónustusýni með persónuauðkennum. Vísindasýni verði hins vegar áfram varðveitt án persónuauðkenna.

f. Kveðið verði á um að þegar veittur er aðgangur að þjónustusýnum til vísindarannsókna skuli þau að jafnaði afhent án persónuauðkenna.
g. Ábyrgðarmaður lífsýnasafns hafi skilgreindan aðgang að úrsagnaskrá lífsýnasafna hjá landlækni í því skyni að geta gert viðeigandi merkingar á sýnum og þannig tryggt að vilji einstaklingsins sé virtur.
h. Ákvæði um eftirlit landlæknis annars vegar og vísindasiðanefndar hins vegar eru gerð skýrari.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 3. gr. laganna um skilgreiningar. Lagt er til að hugtakið persónugreinanlegt lífsýni verði skilgreint, en það þykir nauðsynlegt í tengslum við afturköllun ætlaðs samþykkis fyrir vistun sýnis í lífsýnasafni, svo og varðandi aðgang að sýnum vegna vísindarannsókna. Lífsýni telst persónugreinanlegt ef unnt er að rekja það til lífsýnisgjafa, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í kennitölu, kóða eða með öðrum hætti. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við 3. gr.

Í núgildandi lögum eru ekki skýr skil milli lífsýna sem tekin eru vegna vísindarannsókna og lífsýna sem tekin eru vegna þjónustu við sjúklinginn og hefur það valdið vandræðum við framkvæmd laganna. Eðli málsins samkvæmt er hér um að ræða algerlega óskylda hluti, annars vegar lífsýni sem tekin eru á heilbrigðisstofnunum vegna ýmissa greininga sem nýtast sjálfum lífsýnisgjafanum og hins vegar lífsýni sem tekin eru gagngert vegna vísindarannsókna. Hér er lagt til að gerður verði skýr greinarmunur á vísindasýnum og þjónustusýnum og að þau verði skilgreind í 3. gr. laganna. Jafnframt verði gerður greinarmunur á lífsýnasöfnum þjónustusýna og lífsýnasöfnum vísindasýna og þau skilgreind. Söfn þjónustusýna eru tilkomin fyrst og fremst þar sem vista þarf lífsýnin vegna mögulegra viðbótarrannsókna í þágu lífsýnisgjafans, en mögulegt er að nýta þjónustusýni í vísindarannsókn með tilskildum leyfum Persónuverndar og vísindasiðanefndar eða siðanefnda stofnana. Gert er ráð fyrir að í lífsýnasöfnum vísindasýna séu varðveitt þau vísindasýni sem fengist hefur leyfi fyrir að vista lengur en fimm ár.

Um 2. gr.

Um a-lið. Þau lífsýnasöfn sem fengið hafa leyfi ráðherra til starfrækslu samkvæmt lögum þessum eru ýmist lífsýnasöfn vísindasýna, lífsýnasöfn þjónustusýna eða lífsýnasöfn sem geyma bæði þjónustusýni og vísindasýni. Dæmi um hið síðastnefnda er stærsta lífsýnasafnið, Lífsýnasafn Landspítala – háskólasjúkrahúss í blóðmeinafræði, erfða- og sameindalæknisfræði, klínískri lífefnafræði og ónæmisfræði á rannsóknarsviði (LLR), sem varðveitir bæði þjónustusýni og sýni sem tekin eru vegna vísindarannsókna. Eins og fram kemur í umfjöllun um 1. gr. frumvarpsins er lagt til að gerður sé skýr greinarmunur á vísindasýnum og þjónustusýnum og lífsýnasafn vísindasýna annars vegar og lífsýnasafn þjónustusýna hins vegar skilgreind. Ekki þykir þó nauðsynlegt að gera kröfu til þess að slíkum söfnum verði skipt í tvö sjálfstæð lífsýnasöfn enda séu þjónustusýni annars vegar og vísindasýni hins vegar skýrt aðgreind. Því er lagt til að það verði eitt af skilyrðum fyrir stofnun og starfrækslu lífsýnasafna sem varðveita bæði þjónustusýni og vísindasýni að sýnin séu skýrt aðgreind og merkt þannig að unnt sé að tryggja að varsla, meðferð og nýting þeirra sé í samræmi við ákvæði laganna og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru á grundvelli þeirra.

Um b-lið. Lögð er til smávægileg orðalagsbreyting á 8. tölul. 5. gr. laganna til að gera ákvæðið skýrara.

Um 3. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 7. gr. laganna.

Í fyrsta lagi er lagt er til að gerður verði skýr greinarmunur á lífsýnasöfnum vísindasýna og lífsýnasöfnum þjónustusýna með því að tiltaka sérstaklega að lífsýnasafn í 1. mgr. sé lífsýnasafn vísindasýna og lífsýnasafn í 3. og 4. mgr. lífsýnasafn þjónustusýna.

Í öðru lagi er lagt til að tekið verði fram í 2. málsl. 4. mgr. að beiðni lífsýnisgjafa um afturköllun ætlaðs samþykkis til vistunar í lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr. geti varðað öll „persónugreinanleg“ lífsýni sem þegar hafa verið tekin eða kunna að verða tekin úr honum. Sé um að ræða sýni sem ekki er unnt að rekja beint eða óbeint til lífsýnisgjafa er ljóst að ekki er hægt að verða við beiðninni vegna þess að ekki er hægt að finna lífsýnisgjafann. Ekki verður heldur séð að slík notkun gæti með nokkru móti skaðað hagsmuni lífsýnisgjafa. Hér gæti t.d. verið um að ræða umbreyttar afurðir sem unnar hafa verið úr lífsýnum og einstaklingsauðkenni óafturkallanlega afmáð. Í sumum tilvikum eru þjónustusýni geymd án persónuauðkenna, en með kóða sem þriðji aðili hefur lykil að. Slík sýni teljast persónugreinanleg í skilningi laganna þar sem unnt er að afkóða þau og rekja þau til lífsýnisgjafa. Upp hafa komið tilvik þar sem ábyrgðarmaður lífsýnasafns hefur talið vafa leika á að sér væri heimilt að afhenda sýni, sem varðveitt eru án persónuauðkenna, til rannsókna þar sem hann hefur ekki getað kannað hvort einhver sýnanna stafi frá einstaklingum sem eru á úrsagnaskrá landlæknis. Það getur í sumum tilvikum skekkt niðurstöður rannsókna ef ekki er unnt að nota nein sýni sem varðveitt eru án persónuauðkenna til vísindarannsókna. Í slíkum tilvikum þarf að tryggja að ekki séu afhent lífsýni úr þeim sem eru á úrsagnaskrá, en jafnframt þarf að tryggja úrræði til að finna þá sem eru á úrsagnaskrá þannig að unnt sé að nota önnur lífsýni til vísindarannsókna. Í þessu sambandi er bent á að skv. 2. mgr. 16. gr. skuli ráðherra setja reglugerð þar sem m.a. verði ákvæði um „hvernig tryggja skuli að afturköllun á ætluðu samþykki lífsýnisgjafa skv. 4. mgr. 7. gr. verði virt“.

Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á 6. málsl. 4. mgr. 7. gr. og að bætt verði við nýjum málslið, 7. málsl., þannig að núverandi 7. málsl. verði 8. málsl. Í núgildandi ákvæðum er gert ráð fyrir að úrsagnaskrá landlæknis sé aðgengileg stjórnum lífsýnasafna. Ekki verður séð að nauðsynlegt sé að stjórn lífsýnasafns hafi aðgang að skránni. Hins vegar er nauðsynlegt að ábyrgðarmaður lífsýnasafns hafi aðgang að skránni þannig að hann viti hvaða sýni má nota til vísindarannsókna. Hér er því lagt til að ábyrgðarmaður lífsýnasafns hafi skilgreindan aðgang að úrsagnaskrá lífsýnasafna hjá landlækni svo að hann geti merkt sýni í sinni vörslu með viðeigandi hætti og þannig tryggt að vilji einstaklingsins sé virtur.

Um 4. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 1. mgr. 8. gr. laganna.

Samkvæmt núgildandi ákvæði 1. mgr. 8. gr. skulu öll lífsýni varðveitt án persónuauðkenna. Þegar um er að ræða þjónustusýni getur það hins vegar farið gegn hagsmunum sjúklings. Þjónustusýni eru í eðli sínu eins og hver önnur sjúkragögn og því getur verið nauðsynlegt að þau séu varðveitt með nafni og/eða kennitölu sjúklings til að koma í veg fyrir mistök. Því er lagt til að krafa um að lífsýni séu varðveitt án persónuauðkenna taki einungis til vísindasýna.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að bætt verði við 9. gr. laganna nýrri málsgrein þess efnis að þegar þjónustusýni eru afhent til vísindarannsókna skuli þau að jafnaði afhent án persónuauðkenna.

Gera þarf skýran greinarmun á varðveislu sýnis og afhendingu. Þegar hluti þjónustusýnis er afhentur í vísindarannsókn er sá hluti merktur að nýju án persónuauðkenna. Sé ekki mögulegt að afhenda hluta sýnis getur í undantekningartilvikum verið gefið leyfi til að sjálft grunnsýnið verði afhent í vísindarannsókn. Þar gæti til dæmis verið um að ræða grunnsýni á gleri sem ekki er unnt að skipta upp. Að lokinni vísindarannsókn yrði þessu grunnsýni þá skilað til baka. Væri upphafleg merking afmáð mundi slíkt sýni ekki nýtast framar til þjónusturannsóknar og upphaflegt hlutverk þess fyrir lífsýnisgjafann glatast. Slík afhending sýnis í vísindarannsókn yrði eftir sem áður háð leyfi og skilyrðum Persónuverndar í hvert sinn.

Um 6. gr.

Hér er um að ræða smávægilega lagfæringu á orðalagi sem þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að núgildandi ákvæði 3. mgr. 12. gr. falli niður en í stað þess komi ný málsgrein um eftirlit, annars vegar með lífsýnasöfnum vísindasýna en hins vegar með lífsýnasöfnum þjónustusýna.

Við aðgreiningu lífsýnasafna þjónustusýna og lífsýnasafna vísindasýna er nauðsynlegt að kveða á um hvernig eftirliti með þessum mismunandi söfnum skuli háttað. Lagt er til að kveðið verði á um að eftirlit með lífsýnasöfnum vísindasýna sé hjá vísindasiðanefnd. Starfsemi lífsýnasafna þjónustusýna flokkast hins vegar undir heilbrigðisþjónustu, sbr. skilgreiningu á þjónustusýni í 1. gr. frumvarps þessa. Samkvæmt lögum um landlækni, nr. 41/2007, heyrir eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum undir landlækni. Hér er því lagt til að í 4. mgr. 12. gr. laganna verði kveðið á um að landlæknir hafi eftirlit með starfsemi lífsýnasafna þjónustusýna og vísað til laga um landlækni þar sem kveðið er á um eðli og framkvæmd þess eftirlits.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 110/2000, um lífsýnasöfn.

Meginmarkmið frumvarpsins er að skilgreina nánar hugtakið þjónustusýni í lögunum svo að óumdeilanlegt verði hvaða rannsóknir falli þar undir en í lögum um lífsýnasöfn, nr. 110/2000, eru ekki skýr skil milli þjónustusýna og vísindasýna og hefur það valdið vandræðum við túlkun laganna. Í fyrra tilvikinu er um að ræða lífsýni sem tekin eru vegna heilbrigðisþjónustu við einstaklinginn og í því síðara lífsýni sem aflað er gagngert í vísinda-

legum tilgangi. Þá er m.a. lagt til að skýrar verði kveðið á um samþykki lífsýnagjafa og afturköllun, varðveislu lífsýna, aðgang að lífsýnasafni og notkun lífsýna.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

134. Frumvarp til laga [124. mál]

um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, o.fl.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson, Atli Gíslason,
Álfheiður Ingadóttir, Árni Þór Sigurðsson, Jón Bjarnason,
Katrín Jakobsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman.

1. gr.

Eftirlaunaréttur, lífeyrisiðgjald og greiðsla eftirlauna.

Forseti Íslands, ráðherrar, alþingismenn og hæstaréttardómarar skulu meðan þeir gegna störfum greiða iðgjöld í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eftir þeim reglum sem um sjóðinn gilda.

Iðgjaldagreiðslur skv. 1. mgr. skapa rétt til lífeyris úr A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í samræmi við greiðslurnar, samkvæmt almennum reglum sjóðsins og í samræmi við sérlög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Hæstaréttardómurum, sem eiga aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins við gildistöku laga þessara, er heimilt að greiða iðgjald til þeirrar deildar meðan þeir eru í starfi, enda fer þá um réttindi þeirra, maka þeirra og barna samkvæmt reglum deildarinnar.

Hæstaréttardómarar sem fá lausn skv. 61. gr. stjórnarskrárinnar eiga þó ekki rétt til lífeyrisgreiðslna og makalífeyris samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Áunnin réttindi.

Þeir sem heyra undir lög þessi en hafa áunnið sér rétt samkvæmt eldri lögum halda þeim réttindum sem þegar hafa myndast við gildistöku laga þessara.

3. gr.

Skerðing áunninna réttinda.

Nú tekur sá sem réttindi á samkvæmt eldri lögum við nýju starfi og frestast þá réttur hans til greiðslna þannig að frá eftirlaunagreiðslum fram til 65 ára aldurs dregst sama upphæð og viðkomandi hefur í föst umsamin eða ákvörðuð laun. Hið sama gildir um þann sem er í starfi þegar hann öðlast rétt til eftirlauna samkvæmt áunnum réttindum.

Skerðing greiðslna samkvæmt þessari grein fellur niður þegar látið er af starfi.

4. gr.

Breytingar á lögum um kjararáð, nr. 47/2006.

Við ákvæði til bráðabirgða við lögin bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skal sá hluti heildarlauna forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara sem er umfram 450 þús. kr. á mánuði lækka sem nemur tuttugu af hundraði frá gildandi úrskurði og standa þannig til ársloka 2009.

5. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009, nema ákvæði 4. gr. sem öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, með síðari breytingum.

Greinargerð.

Efni frumvarpsins skýrir sig að mestu sjálft. Með því eru lög nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, felld úr gildi en þar var að finna ákvæði þess efnis að menn gætu verið í fullu starfi og jafnframt tekið full eftirlaun. Frumvarpið mælir hins vegar fyrir um að ef þeir sem lögin varða eru enn starfandi við 65 ára aldur dragist fjárhæð launa þeirra frá eftirlaunagreiðslum. Að öðru leyti er gert ráð fyrir því að áunnin réttindi haldi sér.

Frumvarpið kveður einnig á um að frá og með næstu áramótum greiði forseti Íslands, ráðherrar, alþingismenn og hæstaréttardómarar iðgjöld í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og njóti eftir það réttinda samkvæmt þeim reglum sem þar gilda. Tímann fram til áramóta má nota til að undirbúa þessa breytingu eftir því sem slíks er yfirhöfuð þörf, svo einföld sem hún er.

Þá er frumvarpinu einnig ætlað að breyta launum forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara þannig að sá hluti mánaðarlauna þeirra sem er umfram 450 þús. kr. lækki um 20% fram til loka ársins 2009.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um það hverja lögin varða. Þá er kveðið á um að forseti Íslands, ráðherrar, alþingismenn og hæstaréttardómarar skuli greiða iðgjöld í A-deild LSR og fá lífeyri sinn greiddan þaðan eftir þeim reglum sem um sjóðinn gilda. Ekki kæmi til sérstakra eftirlaunagreiðslna úr ríkissjóði heldur væri einungis um að ræða greiðslur úr sjóðnum.

Er hér um að ræða þónokkra einföldun frá gildandi lögum. Ekki eru settar sérreglur um hvert starfsgildi eða áunnin réttindi þeirra heldur vísað í almennar og gildandi reglur um sjóðinn. Er því ekki þörf á sérreglu hvað varaþingmenn varðar og eiga lögin því jafnt við um alþingismenn sem tekið hafa fast sæti á Alþingi sem og varaþingmenn.

Hæstaréttardómurum sem hafa greitt iðgjöld í B-deild LSR er með 3. mgr. tryggður réttur til áframhaldandi greiðslna í þá deild, kjósi þeir það. Er það í samræmi við gildandi lög.

Í lokamálsgrein greinarinnar er tekið fram að þeir dómarar, sem fá lausn 65 ára eða eldri á grundvelli 61. gr. stjórnarskrárinnar, fái ekki lífeyri samkvæmt þessu frumvarpi. Er það í samræmi við lög nr. 141/2003. Í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga segir að þetta sé í samræmi við ákvæði í 8. mgr. 24. gr. laga um LSR, B-deild, en þar segir að þeir sem fá greidd óskert laun er þeir láta af störfum fái ekki jafnframt lífeyrisgreiðslur frá B-deildinni.

Ákvæði þetta er að stofni til frá 1973. Sambærilegt ákvæði er þó ekki um A-deild LSR en greininni er ætlað að ná einnig yfir hana.

Um 2. og 3. gr.

Ákvæðunum er ætlað að tryggja að áunnin réttindi haldi sér, þó með þeirri undantekningu að ekki verður áfram hægt að fá greidd full eftirlaun úr ríkissjóði á sama tíma og sinnt er öðru starfi. Ef sá sem lögin varðar gegnir launuðu starfi koma launagreiðslur til skerðingar á eftirlaunagreiðslum.

Um 4. gr.

Með greininni eru gerðar breytingar á skipan launamála þess hóps er lög um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara taka til. Er breytingin sú að frá og með gildistöku ákvæðisins, þ.e. frá og með næstu mánaðamótum þar á eftir, skuli sá hluti launa þessa hóps sem er umfram 450 þús. kr. á mánuði lækka um tuttugu af hundraði og haldast þannig út árið 2009. Er þetta gert til að tryggja að viðkomandi aðilar deili a.m.k. að þessu marki kjörum með þjóðinni á erfiðum tímum. Skoðun flutningsmanna er að eðlilegt sé að kjararáð hafi í framhaldinu af slíkri breytingu hliðsjón af þeim vilja Alþingis sem þannig er fram settur.

Með heildarlaunum er átt við samanlögð grunnlaun og hvers kyns álagstengdar greiðslur sem tengjast þingfararkaupi, svo sem ráðherralaun, álagstengdar greiðslur til tiltekinna þingmanna o.s.frv. Lækkun þingfararkaups samkvæmt þessari grein verður svo sjálfkrafa til þess að laun sem miðuð eru við þingfararkaup lækka til samræmis.

Um 5. gr.

Kveðið er á um gildistöku og að eldri lög um sama efni falli úr gildi. Gildistaka laganna er ákveðin 1. janúar 2009, nema 4. gr. sem öðlast gildi strax. Með því er gefið nægilegt svigrúm til að undirbúa breytingar á framkvæmd greiðslna ef þurfa þykir.

135. Frumvarp til laga [125. mál]

um ábyrgðarmenn.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Ögmundur Jónasson, Jón Magnússon, Pétur H. Blöndal, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðni Ágústsson, Ágúst Ólafur Ágústsson.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og framsal.

1. gr.

Markmið þessara laga er að setja reglur um ábyrgðir einstaklinga, draga úr vægi ábyrgða og að stuðla að því að lánveitingar verði miðaðar við greiðslugetu lántaka og hans eigin tryggingar.

2. gr.

Lög þessi gilda um stofnanir og fyrirtæki sem stunda útlánastarfsemi, þ.m.t. viðskiptabanka, sparisjóði, greiðslukortafyrirtæki, tryggingafélög, lífeyrissjóði, Íbúðalánasjóð og Lánasjóð íslenskra námsmanna, þegar veitt er lán eða önnur lánafyrirgreiðsla með því skilyrði að lántaki útvegi ábyrgðarmann til tryggingar efndum.

Með ábyrgðarmanni er átt við einstakling sem skuldbindur sig persónulega eða með veðsetningu tilgreindra eigna sinna enda sé aðaltilgangur ábyrgðar ekki í þágu hans eigin atvinnurekstrar.

Ábyrgð er annaðhvort einföld ábyrgð eða sjálfskuldarábyrgð. Sé í ábyrgðarsamningi ekkert tekið fram um hvers konar ábyrgð sé að ræða skal hún álitin einföld.

3. gr.

Lánveitandi skal tilkynna ábyrgðarmanni um framsal réttinda sem reist eru á ábyrgðinni eða láni því sem ábyrgðin stendur til tryggingar á.

Lög þessi gilda um framsalshafa eftir því sem við á.

II. KAFLI
Stofnun, efni og form ábyrgðarsamninga.

4. gr.

Lánveitanda ber skylda til að meta hæfi lántaka til að standa í skilum með það lán er ábyrgðar er krafist fyrir. Greiðslumat skal byggt á viðurkenndum viðmiðunum.

Lánveitandi skal með skriflegum hætti ráða ábyrgðarmanni frá því að gangast í ábyrgð ef greiðslumat bendir til þess að lántaki geti ekki efnt skuldbindingar sínar.

Með sama hætti skal lánveitandi ráða ábyrgðarmanni frá því að undirgangast ábyrgð ef aðstæður ábyrgðarmanns gefa tilefni til.

5. gr.

Fyrir gerð ábyrgðarsamnings skal lánveitandi upplýsa ábyrgðarmann skriflega um þá áhættu sem ábyrgð er samfara. Í því felst meðal annars að veita upplýsingar um:

a. almennar reglur sem um ábyrgðir gilda,
b. greiðslugetu lántaka,
c. lán það sem ábyrgð er ætlað að tryggja og í hvaða tilgangi það er tekið,
d. gildistíma ábyrgðar,
e. höfuðstól ábyrgðar, hlutfall eða hámarksfjárhæð sem henni er ætlað að tryggja,
f. hvort ábyrgð standi til tryggingar vanskilakostnaði og hvernig hann er reiknaður út,
g. tryggingar sem lántaki hefur útvegað hjá öðrum en ábyrgðarmanni og virði þeirra,
h. önnur lán lántaka hjá viðkomandi lánveitanda og stöðu þeirra,
i. hvort ábyrgðarmaður geti orðið sér úti um ábyrgðartryggingu í stað ábyrgðar,
j. leiðir sem ábyrgðarmanni standa til boða til að fá leyst úr ágreiningi vegna ábyrgðar,
k. önnur þau atriði sem eðlilegt er að ábyrgðarmaður sé upplýstur um.

Ábyrgðarmaður á rétt á að fá afhent eintak af ábyrgðarsamningi og lánssamningi sem ábyrgðin stendur til tryggingar á áður en hann gengst undir ábyrgð.

6. gr.

Ábyrgðarsamningur skal vera skriflegur. Í honum skal getið þeirra upplýsinga sem nefndar eru í 5. gr. og skoðast þær sem hluti samningsins.

Lánveitandi getur ekki einhliða breytt skilmálum ábyrgðarsamnings, þ.m.t. lánssamnings, ábyrgðarmanni í óhag. Ákvæði þetta gildir þó ekki um breytingar á vöxtum eða eðlilegum kostnaðarliðum sem lánveitandi hefur rétt til að breyta samkvæmt lánssamningi sem ábyrgð stendur í tengslum við.

III. KAFLI
Réttarsamband lánveitanda og ábyrgðarmanns.

7. gr.

Lánveitandi skal senda ábyrgðarmanni tilkynningu skriflega svo fljótt sem kostur er:

a. um vanefndir lántaka,
b. ef veð eða aðrar tryggingar eru ekki lengur tiltækar,
c. um lát lántaka eða að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta,
d. um önnur atvik sem breyta forsendum ábyrgðar ábyrgðarmanni í óhag,
e. eftir hver áramót með upplýsingum um stöðu láns sem ábyrgð stendur fyrir.

Ábyrgðarmaður verður ekki krafinn um greiðslur á dráttarvöxtum eða öðrum vanskilakostnaði lántaka sem fellur til eftir gjalddaga nema liðnar séu tvær vikur frá því að ábyrgðarmanni var sannanlega gefinn kostur á að greiða gjaldfallna afborgun.

Lánveitandi getur ekki þannig að gildi hafi gagnvart ábyrgðarmanni gjaldfellt lán í heild sinni nema ábyrgðarmanni hafi áður verið gefinn kostur á að greiða gjaldfallnar afborganir lánsins.

8. gr.

Ekki verður gerð aðför í fasteign þar sem ábyrgðarmaður býr eða fjölskylda hans ef krafa á rót sína að rekja til persónulegrar ábyrgðar.

Lánveitandi getur ekki krafist gjaldþrotaskipta á búi ábyrgðarmanns ef krafa hans á rót sína að rekja til persónulegrar ábyrgðar nema hann geri sennilegt að um sviksamlegt undanskot eigna ábyrgðarmanns hafi verið að ræða.

IV. KAFLI
Takmarkanir á ábyrgð.

9. gr.

Hafi lánveitandi keypt tryggingu vegna hugsanlegs greiðslufalls lántaka og greiðsluskylda fellur til samkvæmt skilmálum tryggingar takmarkar sú greiðsla ábyrgð ábyrgðarmanns sem nemur þeirri fjárhæð sem greidd er inn á lánið.

Ef lánveitandi vanrækir að lýsa kröfu í gjaldþrota- eða dánarbú lántaka lækkar krafa á hendur ábyrgðarmanni sem nemur þeirri fjárhæð sem ella hefði fengist greidd úr þrota- eða dánarbúi lántaka.

Nauðasamningur eða önnur eftirgjöf sem kveður á um lækkun kröfu á hendur lántaka hefur sömu áhrif til lækkunar kröfu á hendur ábyrgðarmanni.

V. KAFLI
Brottfall ábyrgðar eða annarra tryggingarráðstafana.

10. gr.

Ábyrgðarmaður verður ekki skuldbundinn af ábyrgðarsamningi hafi lántaki aldrei orðið skuldbundinn til að inna greiðslu af hendi samkvæmt samningi við lánveitanda.

Ef lánveitandi samþykkir að veð eða aðrar tryggingarráðstafanir sem gerðar voru til að tryggja efndir samnings skuli ekki lengur standa til tryggingar, og breytingin hefur í för með sér að staða ábyrgðarmanns er þá mun verri en hún var, er ábyrgðarmaður ekki lengur bundinn af samningi sínum.

Ef lánveitandi veitir lántaka greiðslufrest er ábyrgðarmaður ekki bundinn af samningi sínum hvað varðar ábyrgð á efndum þeirrar greiðslu nema lánveitandi geti sýnt fram á að gjaldfresturinn hafi ekki haft áhrif á greiðslugetu lántaka.

VI. KAFLI
Reglugerðarheimild.
11. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

VII. KAFLI
Gildistaka.
12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur áður verið flutt, síðast á 128. löggjafarþingi, en er nú lagt fram í nokkuð breyttri mynd. Í því er lögð áhersla á vernd ábyrgðarmanna og formfestu og fagleg vinnubrögð við gerð lánasamninga þar sem krafist er ábyrgðarmanna. Finna má þess mörg dæmi úr íslensku viðskiptalífi að forsenda þess að samningar hafi tekist með lánveitendum og lántökum er að þriðji aðili, einstaklingur, hefur endurgjaldslaust tekist á hendur ábyrgð. Afleiðingar slíkra gerninga hafa oft verið mjög íþyngjandi fyrir einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið í heild. Á þetta sérstaklega við í tilvikum þar sem ábyrgðarmenn hafa ekki getað tekið upplýsta ákvörðun um þá áhættu sem þeir takast á herðar með því að gangast í persónulega ábyrgð vegna fjárskuldbindinga þriðja manns.

Það er undirliggjandi sjónarmið í samningarétti að aðilar samnings hafi báðir hag af því að samningur sé efndur eftir efni sínu. Þetta sjónarmið byggist á þeirri forsendu að staða aðila sé jafnsterk við samningsgerð. Ef staða annars er sterkari getur hinn aðilinn haft þörf fyrir aukna vernd til að fyrirbyggja að hann undirgangist ósanngjarna samningsskilmála. Mætti nefna í því samhengi þá aðstöðu þegar einstaklingar kaupa vöru eða þjónustu til persónulegra nota og viðskiptin eru liður í atvinnustarfsemi seljanda. Eru slík viðskipti að jafnaði nefnd neytendaviðskipti og eru í lögum ýmis ákvæði sem ætlað er að treysta réttarstöðu neytandans gagnvart seljanda þegar svo ber undir, sbr. t.d. lög nr. 121/1994, um neytendalán, lög nr. 42/2000, um þjónustukaup, lög nr. 46/2000, um húsgöngu- og fjarsölusamninga, lög nr. 48/2003, um neytendakaup, og að ógleymdri 36. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Frumvarp þetta byggist öðrum þræði á sjónarmiðum um neytendavernd, auk kröfunnar um vönduð vinnubrögð fjármálafyrirtækja. Nauðsyn reglna frumvarpsins birtist m.a. í aðstöðumun sem jafnan er á stöðu ábyrgðarmanna annars vegar og lánveitenda hins vegar. Í flestum tilvikum er öll sérfræðiþekking í lánsviðskiptum hjá lánveitanda og má í því sambandi benda á að nýverið hefur Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna greint frá því að um 16% þeirra sem þangað hafa leitað á árinu 2006 vegna fjárhagsvandræða kenni um vankunnáttu í fjármálum. Þar að auki hafa ábyrgðarmenn yfirleitt engan fjárhagslegan hag af því að gangast í ábyrgð og ástæður þess að þeir gera það er oftar en ekki krafa lánveitenda um

auknar tryggingar eða þrýstingur frá fjölskyldumeðlimum, vinum og kunningjum sem erfitt getur verið að standast þar sem afkoma og afdrif lántaka geta verið undir því komin að umbeðin fyrirgreiðsla fáist.

Aðrar röksemdir fyrir framlagningu frumvarpsins eru þær að ofnotkun ábyrgða er ekki í takti við hugmyndir sem búa að baki hlutafélagaforminu um takmarkaða ábyrgð hluthafa né heldur sjónarmið um að aðili samnings beri eðlilega áhættu af viðsemjanda sínum. Einnig má halda því fram að ábyrgðarfyrirkomulagið samræmist ekki nægilega vel einni af meginreglum veðréttarins um sérgreiningu verðmæta sem leggur bann við allsherjarveðsetningu, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1997, um samningsveð. Loks má benda á að ekki nýtur við nákvæmra upplýsinga um hvort umfang vanskila sé það mikið að réttlætt geti það sérstaka fyrirkomulag um ábyrgðir sem Íslendingar búa við í dag og sem ekki á sér hliðstæðu í þeim löndum sem Ísland ber sig saman við.

Íslensk lög hafa ekki að geyma almennar reglur um ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga eða hvernig staðið skuli að slíkri samningsgerð. Bankar og aðrar fjármálastofnanir hafa því að mestu mótað eigin reglur um samskipti sín og ábyrgðarmanna. Í skýrslu nefndar frá því í nóvember 1996, sem viðskiptaráðherra skipaði til að fara yfir framkvæmd ábyrgðarveitinga, kemur fram að gera megi ráð fyrir að um 90.000 einstaklingar yfir 18 ára aldri séu í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum þriðja aðila. Það eru um 47% allra Íslendinga á þessum aldri. Í áliti nefndar um réttindi og skyldur í viðskiptum neytenda við fjármálafyrirtæki frá maí 2004 kemur fram að ábyrgðarmönnum í landinu hafi fækkað síðan og séu um 75.000. Ekki nýtur við nýrri upplýsinga um fjölda ábyrgðarmanna.

Í lok síðustu aldar tíðkuðust ábyrgðir hér á landi í mun meiri mæli en þekktist meðal nágrannaþjóða okkar og til að stemma stigu við ástandinu var fyrir atbeina stjórnvalda gert sérstakt samkomulag milli tiltekinna lánveitenda og Neytendasamtakanna um notkun ábyrgða. Samkomulagið var undirritað á árinu 1998 og var yfirlýst markmið þess að draga úr vægi ábyrgða einstaklinga og að lánveitingar yrðu miðaðar við greiðslugetu greiðanda og hans eigin tryggingar. Samkomulagið var endurskoðað árið 2001. Í áliti fyrrgreindrar nefndar frá 2004 kemur fram að samkomulagið hafi öðlast viðurkenningu sem almennar leikreglur á lánamarkaði.

Samkomulagið um notkun ábyrgða hefur eflaust átt sinn þátt í því að ábyrgðum hefur fækkað frá árinu 1996 en aðrir þættir eins og breytt viðhorf almennings, starfsemi Neytendasamtakanna og tilkoma úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki hafa einnig skipt máli. Þá hefur umræða á Alþingi haft talsvert um það að segja að lánastofnanir hafa viljað skoða þessi mál frekar. Eftir sem áður benda tölur um fjölda ábyrgðarmanna frá árinu 2004 til þess að mikið verk sé enn óunnið. Flutningsmenn telja að verulegum árangri verði ekki náð nema með setningu lagareglna um notkun ábyrgða.

Rauði þráðurinn í frumvarpinu er sá að ábyrgðarmaður skuli vera upplýstur um þá áhættu sem í ábyrgð felst áður en hann gengst undir hana. Slík vinnubrögð eru til þess fallin að styrkja virði þeirra lánasamninga sem lánveitendur gera. Í frumvarpinu er þetta gert með því að skylda lánveitanda til að viðhafa vissa formfestu við undirbúning, stofnun og framkvæmd samninga um ábyrgðir. Nægir í því sambandi að nefna ákvæði frumvarpsins sem snerta greiðslumat lántaka, skriflegan ábyrgðarsamning, tilkynningaskyldu og breytingar á skilmálum ábyrgðar. Þá hefur við samningu frumvarpsins verið tekið tillit til dómsúrlausna á sviði íslensks réttar sem gengið hafa um ábyrgðir, sbr. t.d. Hrd. nr. 163/2005, Hrd. nr. 3/2003 og Hrd. nr. 152/2002. Í Hrd. nr. 163/2005 var sjálfskuldarábyrgð ógilt með vísan til 36. gr. samningalaga þar sem lánveitandi lét undir höfuð leggjast að framkvæma greiðslumat í sam-

ræmi við 3. mgr. 3. gr. samkomulags um ábyrgðir og upplýsa að því búnu ábyrgðarmann um slæma skuldastöðu lántaka. Í Hrd. nr. 3/2003 var veðleyfi ógilt með vísan til sömu lagagreinar vegna þess að lánveitandi lét hvorki kanna hinar sérstöku aðstæður ábyrgðarmanns sem var andlega vanþroska né greiðslugetu lántaka. Í Hrd. nr. 152/2002 taldi rétturinn að ábyrgðarmaður sem gefið hafði út víxil til tryggingar á yfirdrætti hefði mátt treysta því að sú yfirdráttarheimild yrði ekki hækkuð án samþykkis hans.

Gildissviði frumvarpsins er ætlað að taka jafnt til þess þegar einstaklingar gangast persónulega í ábyrgðir og þegar þeir veita veð í tilgreindum eignum sínum til tryggingar á efndum lántaka. Helstu nýmæli frumvarpsins eru að fasteign ábyrgðarmanns, þar sem hann heldur heimili, skuli undanþegið aðför og að gjaldþrotaskipta verði ekki krafist á búi ábyrgðarmanns að greindum skilyrðum. Þess háttar vernd á sér fyrirmynd í rétti annarra þjóða og hefur verið rökstudd með vísan til þeirrar samfélagslegu upplausnar sem fylgir því þegar fjölskylda ábyrgðarmanns á sér ekki lengur samastað. Þessi nýmæli eru einskorðuð við persónulegar ábyrgðir en eiga ekki við þegar ábyrgðarmaður veitir veð í tilgreindri eign.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og fram kemur í greinargerð er markmið frumvarpsins hið sama og markmið samkomulagsins um ábyrgðir á skuldum einstaklinga sem ætlað er að draga úr vægi ábyrgða og miða lánveitingar við greiðslugetu lántaka og hans eigin tryggingar. Að öðru leyti vísast til þess sem rakið er í almenna hluta greinargerðarinnar.

Um 2. gr.

Nokkrum erfiðleikum er bundið að henda reiður á öllum þeim stofnunum og fyrirtækjum sem stunda útlánastarfsemi af einhverjum toga. Er farin sú leið að tilgreina í dæmaskyni helstu lánveitendur sem frumvarpinu er ætlað að taka til án þess þó að girða fyrir að aðrir aðilar geti fallið þar undir. Útlánastarfsemi er í sumum tilvikum aðeins stunduð til hliðar við aðra atvinnustarfsemi eins og raunin er hjá tryggingafélögum og lífeyrissjóðum eða sem þáttur í félagslegu kerfi hins opinbera. Ekki þykir þó ástæða til að gera greinarmun á þörf ábyrgðarmanns fyrir réttarvernd þegar slíkir aðilar eiga í hlut eins og þegar um almennar lánastofnanir ræðir.

Helsta afmörkun á gildissviði frumvarpsins er komin undir því í hvaða tilgangi ábyrgð er veitt. Ef ábyrgðarmaður veitir ábyrgð í þágu eigin atvinnurekstrar er litið svo á að ábyrgðarmaður hafi ekki þörf fyrir jafn ríka vernd og ákvæði frumvarpsins mæla fyrir um. Þar með er þó ekki sagt að þeir sem gangast í ábyrgð í þágu eigin atvinnurekstrar hafi ekki þörf fyrir neina vernd. Við mat á því hvort skilyrðið um atvinnurekstur er uppfyllt verður einkum að líta til þess hvort ábyrgðarmaður hafi þegið sanngjarnt endurgjald fyrir að gangast í ábyrgð.

Almennt á ekki að skipta máli hvort lántaki sem gengist er í ábyrgð fyrir er einstaklingur eða lögaðili og í hvaða tilgangi lán er tekið. Sérstök álitamál geta þó risið vegna tengsla ábyrgðarmanns við lántaka. Þegar lántakinn er félag sem ábyrgðarmaður er viðriðinn geta komið til skoðunar atriði sem varða áhrif ábyrgðarmannsins innan þess og undir merkjum hvaða félagsforms það er rekið. Sé lántaki til að mynda einkahlutafélag í eigu ábyrgðarmanns eða sameignarfélag sem hann á ásamt öðrum eru líkur á því að hann hafi undirgengist ábyrgð í þágu eigin atvinnurekstrar.

Frumvarpið tekur bæði til þess þegar einstaklingur gengst persónulega í ábyrgð og þegar hann veitir veð í eignum sínum til tryggingar á efndum. Þegar um persónulega ábyrgð ræðir

standa að meginstefnu til allar eignir viðkomandi til tryggingar efndum lánsins en þegar veitt er veð er það jafnan tilgreind eign eða eignir. Um samningsveð gilda sérstök lög, nr. 75/1997. Persónuleg ábyrgð getur ýmist verið í formi einfaldrar ábyrgðar eða sjálfskuldarábyrgðar og má um muninn á þessu tvennu vísa til almennra reglna kröfuréttarins. Frumvarpið gerir ráð fyrir að lánveitandi geri ábyrgðarmanni ljóst í hverju þessi munur er fólginn áður en hann tekst á hendur ábyrgð.

Um 3. gr.

Til að fyrirbyggja að ábyrgðarmaður glati mótbárurétti gagnvart framsalshafa ber lánveitanda að tilkynna ábyrgðarmanni um framsal ábyrgðar eða láns sem ábyrgð stendur fyrir. Ákvæði frumvarpsins taka til framsalshafa eftir því sem við á.

Um 4. gr.

Forsenda þess að lánveitandi geti rækt skyldur sínar gagnvart ábyrgðarmanni er að hann hafi lagt mat sitt á greiðslugetu lántaka. Má um þetta vísa til Hrd. nr. 163/2005. Flutningsmenn telja óþarft að slá föstum þeim viðmiðum sem leggja ber til grundvallar við greiðslumat enda getur framkvæmd í þeim efnum verið háð blæbrigðum meðal lánveitenda. Aðalatriðið er að matið sé forsvaranlegt og byggist á viðurkenndum viðmiðunum. Bendi niðurstaða greiðslumatsins til þess að lántaki geti ekki efnt skuldbindingar sínar skal lánveitandi með skriflegum hætti ráða ábyrgðarmanni frá því að gangast í ábyrgð. Lánveitandi skal einnig ráða skriflega frá ábyrgð ef aðstæður ábyrgðarmanns sjálfs gefa tilefni til. Má um þetta atriði vísa til dóms í Hrd. nr. 3/2003.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um upplýsingaskyldu lánveitanda við samningsgerð. Markmiðið með greininni er að ábyrgðarmaður geri sér grein fyrir þeirri fjárhagslegu áhættu sem hann undirgengst samfara undirritun ábyrgðarsamnings. Upptalningin er ekki tæmandi um hvaða upplýsingar þurfa að liggja fyrir við gerð ábyrgðarsamnings. Aðalatriðið við skýringu á því hvort lánveitandi hafi uppfyllt skyldu sína er komin undir því hvort upplýst hafi verið um öll þau atriði sem áhrif geta haft á áhættumat ábyrgðarmanns.

Vanræksla lánveitanda við samningsgerð getur leitt til þess að ábyrgðarmaður sé ekki bundinn við samning sinn, a.m.k. ekki ef vitneskja um atriði hefði getað haft áhrif á ákvörðun ábyrgðarmanns um að takast á hendur ábyrgð. Sönnunarbyrðin um að vanræksla hafi engin áhrif haft á ákvörðun ábyrgðarmanns um að takast á hendur ábyrgð hvílir á lánveitanda.

Um 6. gr.

Samkvæmt þessari grein er það gildisskilyrði að ábyrgðarsamningur sé skriflegur. Þar skulu koma fram þær upplýsingar sem lágu fyrir við samningsgerðina enda skoðast þær sem hluti samnings.

Í síðari málsgreininni kemur fram að lánveitandi geti ekki svo gilt sé áskilið sér rétt til einhliða breytinga á ábyrgðarsamningi ef þær breytingar eru ábyrgðarmanni í óhag. Er byggt á því að breyting á láni sem ábyrgð er ætlað að tryggja jafngildi breytingum á skilmálum ábyrgðar. Þetta á þó ekki við um breytingar á vöxtum, vísitölu eða öðrum eðlilegum kostnaðarliðum sem lánveitandi hefur gert skýran fyrirvara um í samningi sínum við lántaka.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um tilkynningaskyldu lánveitanda og afleiðingar þess að henni er ekki sinnt. Er kveðið á um að lánveitanda beri skylda til að tilkynna ábyrgðarmanni svo fljótt sem unnt er við nánar greindar aðstæður, eins og vanskil lántaka, brottfall trygginga, andlát lántaka og gjaldþrotaskipti á búi hans. Meginsjónarmiðið er að lánveitandi tilkynni ábyrgðarmanni um öll þau atvik sem áhrif geta haft á forsendur ábyrgðar ábyrgðarmanni í óhag.

Lánveitanda ber einnig að tilkynna ábyrgðarmanni um hver áramót um stöðu láns sem hann er í ábyrgðum fyrir, þ.m.t. um vanskil og hversu mikil þau séu. Eins og fram kemur telja flutningsmenn nauðsynlegt vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur hér á landi að ábyrgðarmenn fái a.m.k. einu sinni á ári yfirlit yfir ábyrgðir sem þeir hafa gengist í.

Forsenda þess að lánveitandi geti innheimt dráttarvexti og annan vanskilakostnað er að hann hafi tilkynnt ábyrgðarmanni með hæfilegum fyrirvara um vanefndir lántaka. Hugsunin er sú að ábyrgðarmaður eigi þess ávallt kost að grípa inn í og greiða gjaldfallna afborgun eins og hún stendur á gjalddaga. Sams konar hugsun kemur fram í lokamálsgrein greinarinnar en þar er mælt fyrir um réttarstöðu ábyrgðarmanns við gjaldfellingu láns.

Lánveitandi ber sönnunarbyrðina um að tilkynningarskyldu hafi verið gætt enda stendur honum það nær en ábyrgðarmanni.

Um 8. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um að ekki verði gerð aðför í fasteign ábyrgðarmanns sem hann býr í eða fjölskylda hans ef krafa á rót sína að rekja til persónulegrar ábyrgðar.

Heimili ábyrgðarmanns og fjölskyldu hans telst sá staður þar sem fjölskyldan hefur að jafnaði bækistöð. Í því felst að heimilið er sá staður þar sem viðkomandi einstaklingur geymir þá hluti sem honum eru nauðsynlegir í dagsins önn og eru til þess fallnir að halda eðlilegt heimili. Það má orða þessa skilgreiningu svo að heimili manns sé sá staður hvaðan viðkomandi gerir út sína tilveru. Við skilgreiningu á orðinu heimili þarf að sjálfsögðu að athuga hvar viðkomandi einstaklingur hefur skráð lögheimili, en það þarf þó ekki að vera úrslitaatriði. Á hinn bóginn takmarkar reglan ekki að aðför verði gerð í öðrum fasteignum eða eignum ábyrgðarmanns sem ekki eru undanskildar aðför, sbr. lög nr. 90/1989, þó svo að aðfararheimild eigi rót sína að rekja til ábyrgðarsamnings. Ef ábyrgðarmaður heldur tvö heimili skal ekki gerð aðför í þeirri fasteign sem vegur þyngra í heimilishaldi fjölskyldunnar.

Til að því markmiði verði náð að undanþiggja heimili aðför telja flutningsmenn nauðsynlegt að lögfesta reglu um að gjaldþrotaskipta verði ekki krafist á búi ábyrgðarmanns vegna kröfu sem á rót að rekja til persónulegrar ábyrgðar. Ef til gjaldþrotaskipta kemur á heimili ábyrgðarmanns vegna annarra ástæðna njóta ábyrgðarkröfur stöðu samkvæmt ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti.

Markmiðið með þessari reglu er að sporna gegn þeirri þróun að einstaklingar missi algerlega fótanna í sinni efnahagslegu tilveru vegna þess eins að þeir hafi ábyrgst skuldbindingar annarra sem síðar hafi fallið á þá. Í núgildandi aðfararlögum, nr. 90/1989, er víða að finna ákvæði sama efnis, þ.e. að tiltekin verðmæti skuli undanþegin aðför, m.a. í VI. kafla. Þar kemur m.a. fram í 43. gr. að ekki skuli gert fjárnám í hlutum sem nauðsynlegir eru til að halda látlaust heimili. Er það mat flutningsmanna að ekki sé verið að vega að meginreglunni um samningsfrelsi enda munu einstaklingar áfram sem hingað til geta veðsett tilgreindar eigur sínar eins og samningar takast um.

Um 9. gr.

Hér er skýrt kveðið á um að lánveitandi eigi ekki að geta fengið lán sitt tvígreitt vegna tilvistar ábyrgðarmanns. Hér er skírskotað til þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað annars staðar að lánveitendur geta keypt sér greiðslufallstryggingu vegna hugsanlegra vanefnda lántaka.

Ábyrgð á því að kröfu sé lýst í bú þrotamanns er alfarið á herðum lánveitanda og hann ber hallann af því vanræki hann að lýsa kröfu sinni í búið.

Geri lánveitandi samning við lántaka um að hann greiði aðeins hluta láns hefur slíkur samningur sams konar áhrif gagnvart ábyrgðarmanni. Ábyrgðarmaður ábyrgist aðeins lán lántaka eins og það stendur hverju sinni gagnvart lánveitanda þannig að ábyrgðarmaður verður ekki sóttur sérstaklega vegna greiðslna sem felldar eru niður í samningi lánveitanda og lántaka.

Um 10. gr.

Ljóst er að ábyrgðarmaður getur aldrei orðið ábyrgur hafi lántaki aldrei orðið skuldbundinn samkvæmt lánssamningi. Sem dæmi um slíkt má nefna að geti lántaki ekki skuldbundið sig vegna lögræðisskorts verður ábyrgðarmaður ekki bundinn af ábyrgð sinni.

Ef lánveitandi samþykkir einhliða breytingar á öðrum tryggingarráðstöfunum sem gera stöðu ábyrgðarmanns verri en ella er hann ekki lengur bundinn af ábyrgðarsamningi. Ef aðrar jafngóðar tryggingar eru settar í stað þeirra trygginga sem fyrir eru má ætla að staða ábyrgðarmanns verði ekki verri en ella.

Veiti lánveitandi lántaka einhliða greiðslufrest á gjalddaga og hann reynist ógjaldfær þegar kemur að nýjum gjalddaga er ábyrgðarmaður ekki bundinn af ábyrgðarsamningi vegna þeirrar greiðslu nema lánveitandi geti sýnt fram á að gjaldfresturinn hafi ekki haft áhrif á greiðslugetu lántaka á upphaflegum gjalddaga.

Um 11. og 12. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að í tengslum við síðarnefndu greinina er miðað við að frumvarpið taki til samninga um ábyrgðir sem gerðir eru frá og með gildistöku.

136. Fyrirspurn [126. mál]

til fjármálaráðherra um jafnræði kynja í ríkisbönkum.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hver ber ábyrgð á því að jafnræðis sé gætt milli kynja við skipulagsbreytingar í nýju ríkisbönkunum þremur?
2. Hvert var kynjahlutfall meðal stjórnenda bankanna þriggja fyrir yfirtöku ríkisins og hvert er það nú?
3. Hvernig hefur ráðherra beitt sér til að tryggja að jafnræðis sé gætt milli kynja í nýju bönkunum hvað varðar stöðuveitingar og launakjör?

137. Svar [96. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Magnússonar um frítekjumark örorkulífeyrisþega.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur ráðherra undirbúið breytingar á ákvæðum um frítekjumark örorkulífeyrisþega, þegar ákvæði um 100 þús. kr. frítekjumark þessa hóps á mánuði falla úr gildi? Ef svo er, hverjar eru þær breytingar?

Ákvæði þetta, sem sett var í lög um almannatryggingar til bráðabirgða, kveður á um að á tímabilinu 1. júlí 2008 til 1. janúar 2009 geti örorkulífeyrisþegi valið um að hafa 100 þús. kr. frítekjumark á mánuði vegna atvinnutekna eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar. Markmið ákvæðisins er að hvetja einstaklinga til vinnu og gera örorkulífeyrisþegum kleift að afla sér aukinna tekna af atvinnu án þess að bætur frá Tryggingastofnun ríkisins skerðist.

Í athugasemdum með frumvarpinu kom fram að í ljósi fyrirhugaðra breytinga á örorkulífeyriskerfinu með áherslu á starfshæfnismat og starfsendurhæfingu gildi hækkun frítekjumarks örorkulífeyrisþega til bráðabirgða þar til nýtt kerfi með nýjar viðmiðunarreglur hafi verið tekið upp. Framkvæmdanefnd forsætisráðherra vinnur að tillögu um endurskoðað örorkumat sem byggist m.a. á markmiðum um starfshæfnismat og eflingu starfsendurhæfingar með áherslu á að skoða frekar getu fólks til starfa en vangetu. M.a. í ljósi efnahagsástandsins og fjölmargra verkefna sem því tengjast hefur dregið úr líkum á því að vinnu framkvæmdanefndar forsætisráðherra verði lokið fyrir 1. janúar 2009. Stjórnvöld munu tryggja að lagt verði fyrir Alþingi frumvarp til laga sem tryggir að umrætt bráðabirgðaákvæði almannatryggingalaga um 100 þús. kr. frítekjumark verði framlengt þar til nýtt örorkumatskerfi liggur fyrir.

138. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot).

Flm.: Atli Gíslason, Þuríður Backman.

1. gr.

1. mgr. 194. gr. laganna orðast svo:

Hver sem gerist sekur um nauðgun skal sæta fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í XXII. kafla almennra hegningarlaga er fjallað um kynferðisbrot og er 1. mgr. 194. gr. svohljóðandi: „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.“ Eins og sjá má er lögð megináhersla á verknaðaraðferð, líkamlegt ofbeldi, líkamlega áverka og hótanir. Sú áhersla hefur endurspeglast í rannsóknum nauðgunarmála þar sem andlegum áverkum hefur verið lítill gaumur gefinn. Aukin þekking á afleiðingum nauðgana hefur hins vegar fært okkur vitneskju um að andlegir áverkar eru alvarlegustu afleiðingar nauðgana. Nauðsynlegt er að lögin endurspegli þekkinguna á málum er snerta kynbundið ofbeldi. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á 1. mgr. 194. gr. að áherslan á verknaðaraðferðina verði algjörlega felld út úr textanum enda ljóst að orðalag greinarinnar samrýmist ekki þeirri grundvallarhugsun sem býr að baki mannréttindaákvæðum um friðhelgi einkalífs eins og rækilega er fjallað um í þessari greinargerð. Í samanburði við önnur lagaákvæði er varða friðhelgi einkalífs, svo sem húsbrot og aðgengi að gögnum, sést að kynfrelsi nýtur ófullnægjandi réttarverndar. Það er refsivert að rjúfa bréfleynd eða húsfrið nema samþykki liggi fyrir en þegar kemur að broti gegn kynfrelsi skiptir verknaðaraðferðin meira máli en samþykki. Mismunun eftir ofbeldisbrotaflokkum og núgildandi nauðgunarákvæði almennra hegningarlaga standast ekki mannréttindaákvæði um friðhelgi einkalífs. Frumvarpi þessu sem er endurflutt frá 135. löggjafarþingi er ætlað að leiðrétta þessa mismunun.

1. Inngangur.

Friðhelgi einkalífs er safnheiti ýmissa mannréttinda sem varin eru af 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, 3. gr. og 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og 17. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sbr. lög nr. 10/1979. Friðhelgin nær yfir heimili, fjölskyldu og persónulega hagi manns, og umfram allt það að hver maður hefur rétt til lífs og rétt til að ráða yfir eigin líkama og sálarlífi, sem eru mikilvægustu einkalífsréttindin.

Ef þarfir manna eru hafðar að leiðarljósi þegar fjallað er um réttinn til lífs, þá felst hann ekki aðeins í réttinum til að vera ekki tekinn af lífi. Rétturinn til lífs þarf einnig að samræmast sjálfsvirðingu manna, rétti til frelsis, mannhelgi og að þurfa ekki að þola ólögmætar þvinganir.

Í friðhelgi einkalífs felst bæði friðhelgi gagnvart hinu opinbera og friðhelgi milli einstaklinga innbyrðis. Með öðrum orðum: allir menn hafa rétt til þess að njóta verndar gegn afskiptum hvort heldur annarra einstaklinga eða stjórnvalda. Í öðru lagi ber yfirvöldum skylda til að setja lög eða gera aðrar ráðstafanir til að vernda einkalíf borgaranna.

Þrátt fyrir að mannréttindin sem talin eru í mannréttindasáttmála Evrópu séu að meginstefnu réttindi sem vernda einstaklinginn fyrir óþarfa afskiptum og þvingunum af hálfu ríkisins, þá er þess krafist af ríkinu að það tryggi að mannréttindi verði virk í reynd. Hér skiptir mestu máli að ríkið og stofnanir þess verða að vernda borgarana hvern fyrir öðrum með því að setja lög og gera aðrar ráðstafanir, sbr. þó 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð. Í dæmaskyni má nefna að í máli gegn Hollandi fyrir Mannréttindadómstól Evrópu var deiluefnið að ekki var hægt að ákæra mann fyrir kynferðislega misnotkun á andlega fatlaðri stúlku þar sem hollensk refsilög höfðu ekkert ákvæði sem þessi háttsemi gæti fallið undir. Niðurstaða dómsins var sú að athafna ríkisins væri þörf til þess

að gera vernd réttinda skv. 8. gr. mannréttindasáttmálans virka. Í öðru lagi má nefna dóm Mannréttindadómstóls Evrópu þar sem búlgarska ríkið var ekki talið hafa staðið með fullnægjandi hætti að lögreglurannsókn og meðferð nauðgunarmáls og þar með ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt sáttmálanum um að gera mannréttindin virk í raun.

Friðhelgi einkalífsins má rjúfa ef það er nauðsynlegt í lýðræðisríki. Það þarf að vera mjög brýn samfélagsleg þörf til þess að hið opinbera eða einstaklingar megi skerða þessi réttindi. Skv. 2. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar er að ákveðnum þröngum skilyrðum uppfylltum hægt að takmarka þá vernd sem tilgreind er í 1. mgr. greinarinnar. Þannig er heimilt að gera líkamsleit og líkamsrannsókn, leit í húsakynnum eða munum ef fyrir liggur samþykki viðkomandi, dómsúrskurður eða sérstök lagaheimild. Það á einnig við um rannsókn á póstsendingum og öðrum fjarskiptum og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manna. Minna má á að lagaákvæði sem takmarka mannréttindi verða að vera ótvíræð. Sé ekki svo ber að túlka þau einstaklingi í hag, því mannréttindaákvæði eru sett til verndar einstaklingum en ekki stjórnvöldum. Að sama skapi verður samþykki fyrir skerðingu að vera upplýst og ótvírætt.

2. Skilgreining kynfrelsis.

Kynfrelsi tengist réttinum til frelsis, mannhelgi og réttinum til að ráða yfir eigin líkama. Kynferðisofbeldi birtist í mismunandi formi, svo sem nauðgun, sifjaspellum, kynferðisofbeldi gagnvart börnum, klámi og kynferðislegri áreitni á vinnustöðum eða annars staðar. Þessi brot eiga það sameiginlegt að kynferðislegum athöfnum er beitt gegn vilja þess sem fyrir ofbeldinu verður og þær valda skaða.

Í bók sinni „Unwanted Sex: The Culture Of Intimidation And The Failure Of Law“ leggur Stephen Schulhofer, lagaprófessor við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum, áherslu á að refsiákvæði um nauðganir ættu að snúast um hugmyndina um kynfrelsi einstaklingsins. Shulhofer skilgreinir kynfrelsi sem kynferðislegan sjálfsákvörðunarrétt, þ.e. „réttinn til að velja og hafna kynferðislegu samneyti, hvar sem er, með hverjum sem er og hvenær sem er“, eins og Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, þýðir það í kandídatsritgerð sinni „Nauðgun frá sjónarhóli kvennaréttar“. Schulhofer telur að kynferðislegt sjálfræði eða kynfrelsi eigi að vera grundvallarhugtak í lagasetningu um kynferðisofbeldi og að brotið sé gegn kynfrelsi þegar gerandinn sýnir kynferðislega hegðun án þess að tryggja að hann hafi til þess fullgilt samþykki hjá þeim sem hegðunin beinist að.

Konur hafa á grundvelli reynslu sinnar skilgreint nauðgun sem kynferðisofbeldi karla þar sem sjálfsákvörðunarréttur kvenna er virtur að vettugi og réttur þeirra til sjálfstjórnar brotinn á bak aftur. Eins og staðan er núna er áherslan fyrst og fremst lögð á verknaðaraðferð í stað þess að leggja áherslu á verndarhagsmunina og samþykkið. Á þessum skilgreiningum byggist nauðgunarhugtak frumvarpsins. Þar sem yfirgnæfandi hluti gerenda í nauðgunarmálum eru karlar og konur í flestum tilvikum þolendur, þá telst nauðgun til kynbundins ofbeldis og fjallað um hana sem slíkt á þessum vettvangi.

3. Samanburður á ýmsum lagaákvæðum sem vernda friðhelgi einkalífs.

1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga var orðuð þannig til 4. apríl 2007: „Hver sem með ofbeldi eða hótun um ofbeldi þröngvar manni til holdlegs samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.

1. mgr. 194. gr. hljóðar nú svo:

„Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.“

Samkvæmt orðalagi beggja ákvæðanna skiptir verknaðaraðferðin meira máli en verndarhagsmunirnir og samþykkið. Við rannsóknir nauðgunarmála hefur mikil áhersla jafnframt verið lögð á líkamlegt ofbeldi og líkamlega áverka en rannsókn á andlegum áverkum gefinn lítill gaumur eins og síðar verður vikið að. Orðalag 194. gr. almennra hegningarlaga samrýmist alls ekki þeirri grundvallarhugsun sem býr að baki mannréttindaákvæðum um friðhelgi einkalífs. Út frá þeirri hugsun má fullyrða að í holdlegu samræði eða öðrum kynferðismökum án samþykkis felist ofbeldi í sjálfu sér.

Í nauðgunarmáli þarf ásetningur geranda að ná til allra efnisþátta nauðgunarákvæðisins og þess virðist krafist að gerandinn hafi gert sér grein fyrir því að verknaðurinn hafi verið framinn gegn vilja brotaþola. Í málum þar sem engir líkamlegir áverkar sjást snýst því sönnunin oft um það hvort gerandi hafi gert sér grein fyrir því hvort þolandi var samþykkur samræðinu eða ekki. Hér á eftir verður til samanburðar gerð grein fyrir ýmsum ákvæðum almennra hegningarlaga sem vernda friðhelgi einkalífs.

228. gr. almennra hegningarlaga: „Ef maður hnýsist í bréf, skjöl, dagbækur eða önnur slík gögn, sem hafa að geyma upplýsingar um einkamál annars manns, og hann hefur komist yfir gögnin með brögðum, opnað bréf, farið í læsta hirslu eða beitt annarri áþekkri aðferð, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári. Sömu refsingu skal sá sæta sem á ólögmætan hátt verður sér úti um aðgang að gögnum eða forritum annarra sem geymd eru á tölvutæku formi.“

Þessi hegningarlagagrein veitir upplýsingum um einkamál í bréfum, skjölum, dagbókum og öðrum slíkum gögnum réttarvernd. Verndarhagsmunirnir eru eðlilega minni en þegar líkami og sálarlíf einstaklings eiga í hlut. Í orðalaginu hnýsast felst að spyrja, forvitnast og snuðra og ákvæðið gerir ráð fyrir að beitt sé brögðum. Hér er ekki notað orðalagið „hver sem með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung hnýsist í bréf“. Nauðgunarákvæði 194. gr. almennra hegningarlaga veitir líkömum og sálarlífi kvenna mun minni réttarvernd.

231. gr. almennra hegningarlaga: „Ef maður ryðst heimildarlaust inn í hús eða niður í skip annars manns, eða annan honum óheimilan stað, eða synjar að fara þaðan, þegar skorað er á hann að gera það, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Þó má beita fangelsi allt að 1 ári, ef miklar sakir eru, svo sem ef sá, sem brot framdi, var vopnaður eða beitti ofbeldi eða hótun um ofbeldi eða brot er framið af fleirum saman.“

Um þetta hegningarlagaákvæði gildir hið sama og um 228. gr. almennra hegningarlaga Verndarhagsmunirnir eru minni og alls ekki jafnströng skilyrði um verknaðaraðferð og 194. gr. laganna kveður á um. Hér er beinlínis höfðað til þess að samþykki þurfi til sem er í fullu samræmi við grunnhugsun 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs.

Sé gerður samanburður á ákvæðum XXIII. kafla almennra hegningarlaga um manndráp og líkamsmeiðingar annars vegar og ákvæðum XXII. kafla þeirra um kynferðisbrot hins vegar kemur fram veigamikill munur á verknaðarlýsingum og refsinæmi þessara ofbeldisbrota. Í 211. gr. almennra hegningarlaga segir að hver sem sviptir annan mann lífi skuli sæta fangelsi ekki skemur en fimm ár, eða ævilangt. Hér skiptir engu máli hvernig manndráp er framið. Líknarmorð eru einnig refsiverð. Í líkamsárásarmálum skipta afleiðingarnar einnig mestu máli varðandi sönnun en ekki verknaðaraðferðin. Þær eru refsiverðar jafnt í mann-

dráps- sem líkamsárásarmálum, sama hvernig að ofbeldinu var staðið. Og í þessum brotaflokkum er einnig refsað fyrir afleiðingar sem stafa af gáleysi gerandans. Afleiðingarnar, líkið eða líkamstjónið, ráða sönnun finnist gerandinn. Í nauðgunarmálum, brotum gegn 194. gr. almennra hegningarlaga, er höfuðáherslan aftur á móti lögð á verknaðaraðferðina, að ofbeldi hafi verið beitt, hótunum og annars konar ólögmætri nauðung. Ef ekki tekst að sanna að verknaðurinn hafi verið framinn samkvæmt þessari verknaðarlýsingu er ofbeldismanninum ekki refsað, jafnvel þótt allar tímabundnar og varanlegar andlegar afleiðingar nauðgunar samkvæmt læknisfræðilegum skilgreiningum hafi verið staðfestar og fullkomin sönnun samkvæmt sönnunarreglum í opinberum málum sé fram komin um að nauðgun hafi verið framin, eins og ítarlega er rakið síðar í greinargerð þessari. Reyndar er það svo að réttarvörslukerfið gefur þessum afleiðingum nauðgana afar lítinn gaum. Sú staðreynd er einn meginhvati þess að þetta frumvarp er flutt. Þessi mismunun eftir ofbeldisbrotaflokkum og núgildandi nauðgunarákvæði almennra hegningarlaga standast ekki mannréttindaákvæði um friðhelgi einkalífs.

Með hliðsjón af framanrituðu og þeim verndarhagsmunum líkama og sálarlífs sem eru í húfi er í frumvarpi þessu lagt til að nauðgunarákvæði hegningarlaga verði breytt. Þessi breyting á greininni og orðalag samræmist nútímamannréttindahugsun. Það gerir núgildandi nauðgunarákvæði hegningarlaga ekki. Nauðgun er þekkt og skilgreint hugtak, samanber skilgreiningar hér að framan, sem ekki mun vefjast fyrir dómstólum að taka afstöðu til út frá heildarmati á hverju broti. Gildir hér sama og um önnur þekkt hugtök úr almennum hegningarlögum, svo sem skjalafals, almannahættu, manndráp, líkamsárás, ærumeiðingar, þjófnað, gripdeild, skilasvik og gertæki, svo nokkur dæmi séu nefnd.

4. Afleiðingar nauðgana.

4.1 Inngangur.

Í mars 2005 lýsti mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna yfir áhyggjum vegna ofbeldis gegn konum á Íslandi og þá sérstaklega vegna kynferðisofbeldis. Aðallega var kvartað yfir hve ákært er í fáum nauðgunarmálum miðað við fjölda kæra sem berast. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem áhyggjur af þessu tagi eru orðaðar varðandi íslenskt réttarkerfi.

„Were all the women lying or did authorities just not care? Was the message that women should just not report the cases because they would only get into trouble?“ Þessa athugasemd gerði finnskur sérfræðingur mannréttindanefndarinnar.

Skýringarnar sem mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna fékk frá sendinefnd Íslands voru að sönnunarerfiðleikar þessara brota væri aðalhindrunin og ástæða þess hve mörg mál eru felld niður hjá lögreglu og ákæruvaldi. Það er staðreynd að í dómaframkvæmd í kynferðisbrotamálum hafa líkamlegir áverkar og líkamlegt ofbeldi mjög mikla þýðingu varðandi sönnun um ásetning. Ef hvorki vitni né ytri ummerki eru til staðar verður að byggja niðurstöðu á öðrum gögnum, svo sem trúverðugleika vitna og á andlegum afleiðingum. Andlegar afleiðingar eru mun meiri, alvarlegri og varanlegri en hinar líkamlegu. Það eru beinlínis löglíkur á því að nauðgun hafi verið framin ef fyrir liggur að áliti sérfræðinga að þolandi hafi orðið fyrir slíku áfalli við kynmök og þau andlegu einkenni sem talin eru upp hér á eftir eru til staðar.

4.2 Líkamlegir áverkar.

Í skýrslu nauðgunarmálanefndar frá 1989 kemur fram að 48% kvenna veittu enga mótspyrnu við nauðguninni, en í 26% tilvika var mótspyrnan aðallega fólgin í því að reyna að

verja sig og mótmæla verknaðinum. Aðeins fjórðungur kvenna veitti virka líkamlega mótspyrnu.

Frá því er greint í skýrslunni að rúmur helmingur kvenna hlaut nánast enga líkamlega áverka og hjá um þriðjungi var um minni háttar sýnilega áverka að ræða, svo sem marbletti, rispur og þrota á húð. Umtalsverðir líkamlegir áverkar voru aðeins í um 10% tilvika. Alvarlegustu áverkarnir voru marblettir á útlimum, brjóstkassa og mjöðmum, áverkar í andliti, sprungnar varir og blæðingar úr tannholdi.

4.3 Nauðgunarárásin.

„Öll viðbrögð kvenna við nauðgun eru eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum og þau miða að því að reyna að hafa einhverja stjórn á eigin lífi.“

Í lýsingum kvenna af nauðgun eru margir þættir sameiginlegir. Í fyrsta lagi kemur nauðgunin þeim ávallt á óvart. Gerendur eru yfirleitt karlar sem þær þekkja, ýmist fjölskyldumeðlimur, vinur eða kunningi. Í aðeins 15% af þeim málum sem bárust til Stígamóta árið 2006 var gerandinn ókunnugur. Karlar sem ætla að nauðga bera það ekki með sér, hvorki í útliti né hegðun. Flestar nauðganir eiga sér stað á heimilum. Yfirleitt er atburðarásin sú að venjulegar og hversdagslegar aðstæður breytast skyndilega í nauðgunarárás. Nauðgarinn hefur oftar en ekki skipulagt árásina fyrir fram, og nær undantekningarlaust þegar um hópnauðgun er að ræða. Þegar konur átta sig á aðstæðum kenna þær sjálfum sér oft um að hafa ekki séð aðstæðurnar fyrir og brugðist rétt við.

Það er einstaklingsbundið hvernig konur bregðast við árásinni. Margar frjósa af skelfingu og meta aðstæður þannig að besta leiðin sé að reyna að komast sem minnst skaddaðar frá árásinni. Aðrar berjast á móti. En það fyrsta sem þær gera ef þær hafa meðvitund til þess, er að reyna að átta sig á því hvernig þær geta sloppið sem best frá ofbeldinu, bæði líkamlega og andlega.

4.4 Sálrænar afleiðingar.

4.4.1 Fyrstu viðbrögð.

Samkvæmt alþjóðlegum sjúkdómsgreiningaskrám er áfallið í kjölfar nauðgunar líkt því sem einstaklingar verða fyrir við stórfelldar náttúruhamfarir, stríðsátök og stórslys. Það er sameiginlegt með þessum aðstæðum að þolandinn hefur það ekki í hendi sér hvort hann lifir eða deyr. Þessum áföllum fylgja oft mjög sterk viðbrögð sem kallast áfallastreituröskun. Almennt getur slík lífsreynsla leitt til viðvarandi ástands.

Það er einnig persónubundið hvernig konum gengur að takast á við afleiðingar nauðgana og hvernig þær leitast við að ná aftur stjórn á lífi sínu. Meðferðarúrræði eru þekkt en ríkið tryggir ekki endurhæfingu með greiðslu kostnaðar og endurhæfingarlífeyri.

Fyrstu viðbrögð þolenda nauðgana einkennast oft af doða, tómleika og óraunveruleikatilfinningu, brengluðu tímaskyni, spennu og öðrum áfallseinkennum. Erfitt er fyrir þolendur að átta sig á hvað hafi gerst í raun og veru og frásögn þeirra af atburðinum er oftar en ekki samhengislaus. Algengt er að þessi eðlilegu viðbrögð við ofbeldinu séu fyrir dómi notuð sönnunarlega gegn þolandanum. Líkamleg viðbrögð, svo sem skjálfti, hraður hjartsláttur, kviðverkir, niðurgangur, ógleði, uppköst og svimi, eru mjög oft áberandi og geta valdið hræðslu og óöryggi. Eirðarleysi, grátköst og ótti sömuleiðis. Þessi fyrstu viðbrögð vara mörg hver oftast stutt. Á þessum tíma geta tilfinningaviðbrögð verið frekar lítil og ekki í samræmi við aðstæður. Mörgum finnst þetta undarlegt og jafnvel óeðlilegt. Varast ber að draga miklar ályktanir út frá því vegna þess að doðinn er tímabundin vörn gegn hugsunum og tilfinningum

tengdum nauðguninni. Eitt er víst að þær tímabundnu afleiðingar sem hér hefur verið lýst koma ekki fram í kjölfar sjálfviljugra kynmaka.

4.4.2 Langtímaafleiðingar.

Skömm er langalgengasta afleiðingin og er einkennandi fyrir 85% þolenda kynferðisofbeldis samkvæmt ársskýrslu Stígamóta frá árinu 2006. Það útskýrir ef til vill hvers vegna kært er í svo fáum nauðgunarmálum. Til samanburðar er reiði afleiðing í aðeins um 55% tilvika. Það kann að koma á óvart. Einkennandi fyrir þolendur er að kenna sjálfum sér um og varpa ábyrgðinni ekki á gerandann. Léleg sjálfsmynd, sektarkennd og depurð eru mjög algengar afleiðingar og koma fram í rúmlega 70% tilvika.

Þunglyndi eftir nauðgun getur orðið langvarandi og endurspeglast í því að þolandanum finnst hann ekki hafa neina stjórn á eigin lífi og tilveru, en þetta getur einnig verið viðbrögð við reiði sem beinist inn á við. Þunglyndi og depurð leiða oft til kvíða, svefntruflana og einangrunar. Einnig er hætta á sjálfsvígstilraunum.

Erfiðleikar í kynlífi og svokallaðar svipmyndir eru einnig mjög algeng einkenni og koma fram í yfir 51% tilvika. Svipmyndir eru myndir og upplifanir tengdar kynferðisofbeldinu sem skjóta skyndilega upp kollinum án fyrirvara og valda miklu hugarangri.

Aðrar algengar afleiðingar eru ótti og tilfinningalegur doði sem lýsir sér stundum þannig að konur deyfa allar tilfinningar um þennan atburð til þess að komast af. Í mörgum tilvika koma fram alvarleg hegðunarvandamál, einbeitingarskortur og sjálfssköðun, til dæmis er þekkt að konur skeri sig m.a. á handleggjum og fái átröskun sem hægt er að rekja til andlegs áfalls í kjölfar nauðgunar.

Þessi einkenni segja þó ekki alla söguna. Afleiðingarnar eru öllu alvarlegri til langs tíma litið. Sumir þolendur þróa með sér varanlegan sjúkdóm sem mótar alla þeirra tilveru og fjölskyldna þeirra til frambúðar. Stöðug spenna getur fylgt í kjölfarið og ef ekkert er að gert gefur sig eitthvað, líkamlegt eða andlegt. Fram hefur komið í viðtölum við sérfræðinga að 60–70% kvenna með geðraskanir og kvenna sem missa tök á lífi sínu, lenda til að mynda í neyslu fíkniefna og afbrotum, eiga að baki sögu um kynferðislegt ofbeldi. Komi þessar varanlegu afleiðingar fram er einsýnt að um nauðgun hafi verið að ræða. Hér verður einnig að halda því til haga að afleiðingar kynferðisofbeldis eru stærsta heilbrigðisvandamál heimsins sem snýr að konum.

Í athugasemdum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna hefur komið fram að það sé áhyggjuefni hve ákært er í fáum nauðgunarmálum hér á landi en í frumvarpinu eins og það var lagt fram á 135. löggjafarþingi (þskj. 630, 420. mál) var umfjöllun um það og gerður samanburður m.a. einstökum brotum, þ.e. með tilliti til fjölda brota og réttarverndar brotaþola og hugsanlegrar skýringar á því og vísast til umfjöllunar þar. Enn frekari nauðsyn ber til þess að lögfesta frumvarpið nú en þegar það var lagt fram á fyrra þingi. Helgast það af þeirri staðreynd að kynbundið ofbeldi er talið aukast mjög verulega þegar þjóðir glíma við efnahagskreppu og reynslan sýnir að vændi eykst þá einnig.

5. Lokaorð.

Verulegar breytingar hafa orðið á afstöðu manna hér á landi til mannréttinda og þýðingar þeirra og vægis sem grundvallarréttarheimildar. Fyrstu merki þessara breytinga má rekja til ýmissa dóma Hæstaréttar uppkveðinna á níunda áratug síðustu aldar, sbr. meðal annars Hrd. 1988:1532 sem áður er getið. Íslenskir fræðimenn á sviði lögfræði, einkum Gaukur Jörundsson og Þór Vilhjálmsson, höfðu áður rutt brautina með fræðaskrifum. Í kjölfarið var mann-

réttindasáttmáli Evrópu innleiddur í íslenskan rétt með lögum nr. 62/1994 og umtalsverðar breytingar gerðar á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar árið 1995. Af mannréttindaákvæðum leiðir að allan vafa ber að túlka mannréttindum og einstaklingum í hag. Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu eru meðal dýrmætustu réttinda hvers einstaklings. Þar trónir efst rétturinn til lífsins en síðan til líkama og sálarlífs, þar með talið kynfrelsið. Þessi réttindi verða ýmist alls ekki skert eða aðeins skert að uppfylltum ströngum skilyrðum.

Orðalag áður gildandi og núgildandi ákvæða almennra hegningarlaga um kynferðisbrot endurspeglar ekki þessa réttarþróun. Sama gildir um rannsóknir, sönnunarmat, ákærur og dóma í þessum málaflokki eins og tölulegar staðreyndir staðfesta. Af 103 tilkynningum til lögreglu árið 2003 um brot gegn 194. gr., 195. gr. og 196. gr. almennra hegningarlaga leiddu aðeins fimm til sakfellinga fyrir dómi. Þessar tölur segja allt sem segja þarf um réttarvernd kynfrelsis en orðalag ákvæða almennra hegningarlaga um kynferðisbrot skýrir ekki eitt og sér þessar dapurlegu staðreyndir. Einnig má draga þá ályktun að karllæg hugsun sé ráðandi í málaflokknum og að ekki sé tekið mið af reynsluheimi kvenna, einkum þolenda. Sama gildir um verndarhagsmunina og afstöðu til samþykkis og andlegra afleiðinga, sbr. einnig dóm Mannréttindadómstóls Evrópu frá 4. desember 2003 í máli gegn Búlgaríu.

Setja má stór spurningarmerki við rannsóknir, sönnunarmat og sönnunarbyrði í kynferðisbrotamálum. Eins og staðan er nú er ákæruvaldinu gert að sanna það að samþykki til kynmaka hafi ekki verið fyrir hendi. Ella virðist gerandi ekki verða ákærður eða sakfelldur, jafnvel þótt andlegir áverkar séu til staðar sem að mati sérfræðinga eru afleiðingar nauðgunar. Það fær illa samrýmst 71. gr. stjórnarskrárinnar að unnt sé refsilaust að skerða kynfrelsi þegar upplýst samþykki til kynmaka er ekki fyrir hendi. Ástæða er til að árétta að tímabundnar og varanlegar andlegar afleiðingar nauðgunar eru augljósar og þekktar og einatt alvarlegri og síður læknanlegar en líkamlegir áverkar meiri háttar líkamsmeiðinga. Komi þessar andlegu afleiðingar fram eftir kynmök eru fram komnar fullnægjandi sannanir fyrir því að þolandanum hafi verið þröngvað til kynmaka, að ofbeldi hafi verið beitt eða hótun um ofbeldi. Kynmök án samþykkis fela í sér ofbeldi. Það blasir einnig við, eins og rökstutt er hér að framan, að líkamar manna og sálarlíf njóta minni réttarverndar en til að mynda bréf og híbýli manna. Það er refsivert að rjúfa bréfleynd eða húsfrið nema samþykki liggi fyrir.

Með frumvarpi þessu um breytingu á 194 gr. almennra hegningarlaga er lagt til að réttarvörslukerfið taki upp allt aðra hugsun og nálgun í kynferðisbrotamálum, að réttarvernd kynfrelsis verði lagalega tryggð. Það verður einnig að umbylta rannsóknaraðferðum og sönnunarmati í málum sem varða brot gegn kynfrelsi og leggja megináherslu á verndarhagsmuni, tímabundnar og varanlegar andlegar afleiðingar og samþykki, allt í samræmi við grunnhugsun mannréttindaákvæða um friðhelgi einkalífs. Ríkinu og stofnunum þess ber að tryggja að þessi brýnu einkalífsmannréttindi verði virk í reynd. Réttarvernd kynfrelsis er ekki tryggð núna og þær breytingar sem gerðar voru á 194. gr. almennra hegningarlaga á síðasta þingi breyta litlu um þau grundvallarsjónarmið sem hér hafa verið reifuð. Í frumvarpinu felast einnig skýr skilaboð til réttarvörslukerfisins um að taka nauðgunarmál sömu tökum og önnur ofbeldisbrot, eins og manndráp og líkamsárásir. Horfa þarf fyrst og síðast til afleiðinga nauðgunar þótt auðvitað þurfi að fara fram heildstæð rannsókn og mat á öllum þáttum brotsins eins og gildir þegar manndráp og líkamsárásir eiga í hlut. Hér er sjónum réttarvörslukerfisins beint að sönnunargögnum sem það hefur vanrækt að afla í nauðgunarmálum. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að slakað sé á meginreglum opinbers réttarfars um sönnun, enda engin þörf á því til að ná fram sakfellingum ef réttra aðferða er gætt við rannsókn lögreglu og öflun sönnunargagna. Frumvarpið sýnir einnig þann vilja löggjafarvaldsins að dómstólar

þyngi refsingar fyrir kynferðislegt ofbeldi með því að færa lágmarksrefsingu úr einu ári í tvö. Dómstólar virðast vera tregir til að nýta núgildandi refsiramma. Um þann þátt málsins er vísað til úttekta Blaðsins fimmtudaginn 4. október og föstudaginn 5. október 2007.

Þess skal að lokum getið að síðastliðið sumar var send kvörtun til Mannréttindadómstóls Evrópu yfir málsmeðferð lögreglu, ríkissaksóknara og dómsmálayfirvalda í nauðgunarmáli. Í því máli reynir á allar þær röksemdir og sjónarmið sem hér hafa verið reifuð, en kæran lýtur þó fyrst og fremst að því að mannréttindi kvenna hvað varðar kynfrelsi þeirra og friðhelgi einkalífs eru ekki virk í reynd. Að óbreyttum lögum og réttarframkvæmd má allt eins búast við því að áfellisdómur verði kveðinn upp gegn íslenska ríkinu, sbr. einnig áðurnefnt fordæmi Mannréttindadómstóls Evrópu frá 4. desember 2003 í máli gegn búlgarska ríkinu.

Enn frekari nauðsyn ber til þess að lögfesta frumvarpið nú en þegar það var lagt fram á fyrra þingi. Helgast það af þeirri staðreynd að kynbundið ofbeldi er talið aukast mjög verulega þegar þjóðir glíma við efnahagskreppu.

Greinargerð þessi byggist á fræðigreininni „Réttarvernd kynfrelsis“ eftir Atla Gíslason og Jóhönnu Katrínu Magnúsdóttur sem birtist í afmælisriti Guðrúnar Erlendsdóttur, fyrrverandi hæstaréttardómara, Guðrúnarbók, sem gefin var út í Reykjavík í júní 2006.

139. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónínu S. Lárusdóttur og Áslaugu Árnadóttur frá viðskiptaráðuneyti, Andra Árnason hæstaréttarlögmann og Rúnar Guðmundsson frá Fjármálaeftirlitinu, Einar Jónsson frá skilanefnd Landsbanka Íslands, Jóhannes Rúnar Jóhannsson frá skilanefnd Kaupþings og Steinunni Guðbjartsdóttur frá skilanefnd Glitnis. Auk þeirra komu á fund nefndarinnar Eva Bryndís Helgadóttir frá laganefnd Lögmannafélags Íslands, Jóna Björk Guðnadóttir frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Benedikt Bogason frá réttarfarsnefnd.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sem nauðsynlegar eru til að auðvelda ferlið sem fram undan er hjá þeim fjármálafyrirtækjum sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið yfir stjórn á, á grundvelli laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008.

Ákvæði frumvarpsins miða í fyrsta lagi að því að heimila skiptastjóra þrotabús fjármálafyrirtækis að annast áfram tiltekna leyfisbundna starfsemi þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi afturkallað starfsleyfi fjármálafyrirtækis.

Í öðru lagi miða breytingarnar að því að lengja fresti og auðvelda tilkynningu fyrir aðstoðarmann fyrirtækis sem veitt hefur verið greiðslustöðvun.

Loks er í frumvarpinu ákvæði til bráðabirgða sem heimilar frestun fyrirtöku þrátt fyrir að greiðslustöðvun hafi verið veitt fyrir gildistöku laganna.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi að tímamörk greiðslustöðvunar skv. 98. gr. laga um fjármálafyrirtæki verði lengd enn frekar og heimild til greiðslustöðvunar fjármálafyrirtækis verði veitt til tólf vikna í stað sex eins og

frumvarpið felur í sér, að héraðsdómari skuli taka greiðslustöðvun fyrir að nýju innan níu mánaða í stað sex mánaða frá því að hann féllst á framlengingu greiðslustöðvunar skv. 17. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., og auk þess að framlenging greiðslustöðvunar geti staðið lengst í 24 mánuði í stað 12 eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Nefndinni barst athugasemd frá skilanefnd Landsbanka Íslands þar sem lagðar eru til breytingar á frumvarpinu, m.a. á þann hátt að skilanefnd fjármálafyrirtækja verði falið að sinna hlutverki aðstoðarmanns skuldara sem gert er ráð fyrir í III. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Nefndin ræddi þessa tillögu skilanefndar Landsbanka Íslands. Misjöfn sjónarmið komu fram í um umræðunum, m.a. um stöðu og hlutverk aðstoðarmanns við greiðslustöðvun og eins um hlutverk, hlutlægni og starfsskilyrði skilanefndanna sem skipaðar eru af Fjármálaeftirlitinu. Niðurstaða meiri hlutans var sú að eðlilegast væri að halda í hið hefðbundna ferli við greiðslustöðvun samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., m.a. til að tryggja eins litlar breytingar á ferlinu og hægt er. Meiri hlutinn leggur þó til að aðstoðarmaður við greiðslustöðvun muni ekki bera fulla skaðabótaábyrgð á framkvæmdum fjármálafyrirtækjanna á greiðslustöðvunartíma. Þessi breyting þykir nauðsynleg til að tryggja stöðu þess einstaklings sem tekur að sér hlutverk aðstoðarmanns og eins að hæfir aðilar fáist í hlutverk aðstoðarmanns við greiðslustöðvun fjármálafyrirtækjanna en hefðbundin starfsábyrgðartrygging lögmanna og löggiltra endurskoðenda, sem hæfir eru til starfa aðstoðarmanna samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., mun tæpast nægja til tryggingar fyrir hugsanlegum skaðabótakröfum í tilfelli fjármálafyrirtækja sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið yfir stjórn á. Tillaga meiri hlutans felst þannig í því að við 2. gr. frumvarpsins bætist ákvæði sem tryggir að skaðabótaábyrgð aðstoðarmanns stofnist einungis ef viðkomandi hefur sannanlega, af ásetningi eða með stórkostlegu gáleysi, brotið af sér í starfi.

Þá leggur meiri hlutinn til breytingar á 3. mgr. 103. gr. laga um fjármálafyrirtæki þannig að miða skuli frestdag fjármálafyrirtækis við það tímamark er Fjármálaeftirlitið skipaði því skilanefnd á grundvelli 100. gr. a laganna. Ákvæði laganna mælir nú aðeins fyrir um að frestdagur skuli miðast við það tímamark þegar Fjármálaeftirlitið veitti fjármálafyrirtæki frest í samræmi við 4. mgr. 86. gr. til þess að auka eiginfjárgrunn sinn en að annars skuli miða við þann dag sem héraðsdómara barst krafa Fjármálaeftirlitsins um slit félags skv. 1. eða 2. mgr. 102. gr. laganna. Með þessari tillögu er reiknað með að réttaráhrif frestdags í tilfellum fjármálafyrirtækja þar sem skilanefnd hefur verið skipuð miðist við þann dag þegar skilanefnd er skipuð. Með þessari breytingu er tryggt að heimildir gjaldþrotaskiptalaga til riftunar gerninga tapist ekki þegar skilanefndir eru skipaðar í fjármálafyrirtækjum.

Að lokum leggur meiri hlutinn til breytingu sem felur í sér nýtt ákvæði til bráðabirgða. Í því felst að þegar Fjármálaeftirlitið leitar eftir heimild til greiðslustöðvunar eða framlengingu greiðslustöðvunar fyrir fjármálafyrirtæki skuli slík heimild veitt án tillits til 4. eða 6. tölul. 2. mgr. 12. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Með þessu er átt við að þegar dómari tekur afstöðu til þess hvort skilyrði til greiðslustöðvunar fjármálafyrirtækjanna eru uppfyllt þá skuli 4. og 6. tölul. 2. mgr. 12. gr. ekki eiga við.

Breytingartillögum meiri hlutans er ætlað að auðvelda enn frekar ferli við gjaldþrot og greiðslustöðvun fjármálafyrirtækja undir stjórn Fjármálaeftirlitsins og telur meiri hlutinn að frumvarpið og breytingarnar á því verði til þess að hámarka eins og kostur er verðmæti eigna fjármálafyrirtækjanna og að framkvæmdin verði þannig til hagsbóta fyrir kröfuhafa fjármálafyrirtækjanna ásamt því að skapa aftur traust á íslenskt fjármálalíf.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Höskuldur Þórhallsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Jón Magnússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 10. nóv. 2008.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Birgir Ármannsson.
Árni Páll Árnason.	Birkir J. Jónsson.	Jón Gunnarsson.
	Björk Guðjónsdóttir.	

140. Breytingartillögur [119. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar (ÁÓÁ, GSB, BÁ, ÁPÁ, BJJ, JónG, BjörkG).

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „innan sex vikna“ í 1. efnismálsl. komi: innan tólf vikna.
   b. Í stað orðanna „innan sex mánaða“ í 2. efnismálsl. komi: innan níu mánaða.
   c. Í stað orðanna „alls 12 mánuði“ í 3. efnismálsl. komi: alls 24 mánuði.
   d. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Lögmaður eða löggiltur endurskoðandi sem ráðinn hefur verið af fjármálafyrirtæki til að aðstoða við að koma nýrri skipan á fjármál þess, sbr. 10. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, skal ekki vera skaðabótaskyldur vegna ákvarðana og aðgerða sinna sem aðstoðarmaður nema um sé að ræða brot af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.
2. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar sem orðist svo:
   a. (3. gr.)
      3. mgr. 103. gr. laganna orðast svo:
      Þegar ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. miða réttaráhrif við frestdag skal við skipti á búi fjármálafyrirtækis frestdagur miðast við það tímamark er Fjármálaeftirlitið veitti því frest að hætti 4. mgr. 86. gr. eða skipaði því skilanefnd á grundvelli 100. gr. a, en ef hvorugt af þessu er undanfari skipta skal miðað við þann dag sem héraðsdómara berst krafa Fjármálaeftirlitsins skv. 1. eða 2. mgr. 102. gr.
   b. (4. gr.)
      Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
      Leiti fjármálafyrirtæki eftir heimild til greiðslustöðvunar eða framlengingar greiðslustöðvunar samkvæmt kröfu Fjármálaeftirlitsins á grundvelli 100. gr. a skal slík heimild veitt án tillits til ákvæða 4. og 6. tölul. 2. mgr. 12. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

3. Við ákvæði til bráðabirgða:
   a. Í stað orðanna „á grundvelli 3. mgr. 98. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga þessara“ í 1. efnismálsl. komi: á grundvelli 2. mgr. 98. gr. laganna.
   b. Í stað orðanna „3. mgr. 12. gr.“ í 3. efnismálsl. komi: 4. mgr. 17. gr.

141. Frumvarp til laga [128. mál]

um tímabundnar ráðstafanir í þágu einstaklinga vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Greiðslufrestun.

Íslenskar lánastofnanir sem stunda útlánastarfsemi hér á landi, þ.m.t. viðskiptabankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir, greiðslukortafyrirtæki, tryggingafélög, Íbúðalánasjóður og Lánasjóður íslenskra námsmanna, skulu að ósk lántaka létta greiðslubyrði lána ef skortur á greiðslugetu er kominn til vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði. Með lántaka er átt við einstakling. Lánsbyrðinni skal létt þannig að lántaki eigi raunhæfa möguleika á að efna skuldbindingu sína, eftir atvikum með frestun afborgana af höfuðstól, vöxtum eða verðbótum láns að hluta til eða öllu leyti. Veittur frestur skal hafa afmarkaðan gildistíma, þó aldrei lengri en eitt ár í senn og ekki standa lengur en fimm ár.

Til atvika sem leiða má af sérstökum aðstæðum á fjármálamarkaði falla m.a. lækkun tekna, minnkandi atvinna og umtalsverð hækkun lána umfram launaþróun.

Lántaki, sem óskar eftir léttari greiðslubyrði samkvæmt lögum þessum, skal leggja fram ítarlegar upplýsingar um tekjur, eignir, skuldir og önnur atriði er máli skipta.

Fjárhæðir afborgana, vaxta og verðbóta af láni sem greiðslum er frestað á samkvæmt þessari grein skulu færðar á sérstakan biðreikning sem ber sömu kjör og lánið. Þegar greiðslufrestun lýkur skal hinni frestuðu fjárhæð bætt við höfuðstól lánsins og lánstími lengdur sem því nemur.

2. gr.

Fjármögnun greiðslufrestunar og yfirtaka Íbúðalánasjóðs á húsnæðislánum.

Lánastofnun, sem frestar greiðslum lána, skal eiga þess kost að fjármagna frestunina með sölu skuldabréfs sem ríkissjóður kaupir.

Íbúðalánasjóður skal beita sér fyrir því að taka yfir fasteignalán sem aðrar íslenskar lánastofnanir hafa veitt hér á landi.

3. gr.

Takmörkun heimildar til nauðungarsölu.

Þrátt fyrir ákvæði laga um nauðungarsölu er ekki heimilt að framkvæma nauðungarsölu á fasteign þar sem lántaki/veðsali eða fjölskylda hans býr ef ógjaldfærni lántaka er komin til vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði.

4. gr.

Takmörkun heimildar til gjaldþrotaskipta.

Þrátt fyrir ákvæði laga um gjaldþrotaskipti er ekki heimilt að taka bú lántaka til gjaldþrotaskipta ef ógjaldfærni hans er komin til vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði.

5. gr.

Reglugerðarheimild.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja reglur um framkvæmd laga þessara og í því skyni að tryggja samræmi í vinnubrögðum einstakra lánveitenda við að létta greiðslubyrði lántaka.

6. gr.

Gildistaka og endurskoðun.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Skulu þau sæta endurskoðun að liðnum tólf mánuðum frá gildistöku.

Greinargerð.

Í frumvarpinu er lagt til að innlendir lánveitendur, sem flestir hinna stærstu eru á forræði ríkisins, létti greiðslubyrði lána einstaklinga sem ekki geta staðið í skilum vegna óvæntrar stöðu sem komin er upp í efnahagsmálum þjóðarinnar. Með sérstökum aðstæðum á fjármálamarkaði er átt við þær aðstæður sem leiddu til þess að íslenska ríkið tók yfir þrjá umsvifamestu banka landsins á grundvelli laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008. Í kjölfarið hafa skuldir einstaklinga hér á landi vaxið hratt, ekki síst þær sem eru í erlendri mynt, og eignir rýrnað mikið. Við það bætist að margir hafa orðið fyrir atvinnumissi sem gerir þeim, eins og sakir standa, erfitt með að efna skuldbindingar sínar. Brýna samfélagslega nauðsyn ber til þess að stemma stigu við yfirvofandi hættu á fjöldagjaldþrotum einstaklinga og hættu á að fólk missi samastað sinn vegna þessara sérstöku aðstæðna. Gert er ráð fyrir að lögin sæti endurskoðun enda um ráðstöfun að ræða sem í eðli sínu er tímabundin.

Frumvarpið tekur til allra skulda einstaklinga. Almennt má gera ráð fyrir að þær skuldir teljist til neytendalána, sbr. lög nr. 121/1994, en undir lögin falla m.a. fasteignalán og lán til heimilisrekstrar. Hins vegar þykir ekki ástæða til að einskorða gildissvið frumvarpsins við neytendalán enda hefur til sumra skulda verið stofnað í öðrum tilgangi eins og þegar einstaklingar hafa undirgengist persónulega ábyrgð fyrir þriðja aðila. Viðskiptaráðherra getur sett reglur um afmörkun á gildissviði laganna, verði frumvarpið að lögum. Ráðherranum er einnig veitt heimild til að setja reglur um verklag lánastofnana við að létta greiðslubyrði enda má ljóst vera að skuldasamsetning einstaklinga getur verið mismunandi. Nauðsynlegt er að hlutaðeigandi lánastofnanir eigi með sér samstarf um að koma málum lántaka í það horf að hann eigi raunhæfa möguleika á að standa við skuldbindingar sínar og að honum og fjölskyldu hans verði tryggð lágmarksframfærsla. Forsenda þessa er þó ætíð að skuldari leggi fram ítarlegar og trúverðugar upplýsingar um skulda- og eignastöðu og önnur atriði sem máli skipta.

Til greina kemur að ráðherra beiti sér fyrir því að settar séu forgangsreglur sem segja til um í hvaða röð frysta skuli greiðslur miðað við tegund lána. Ætla má að húsnæðislán leggi einna mestar byrðar á lántakendur og því getur verið eðlilegt að frysta greiðslur af þeim áður en hugað er að öðrum lánum. Gert er ráð fyrir að frestun greiðslna geti að hámarki staðið yfir í fimm ár og er þá höfð hliðsjón af tímalengd greiðsluaðlögunar í frumvarpi sem Jóhanna

Sigurðardóttir, núverandi félagsmálaráðherra, lagði fram ásamt fleirum á árunum 1998–2007.

Í frumvarpinu er lánastofnunum gefinn kostur á að fjármagna greiðslufrestun með útgáfu skuldabréfs sem ríkissjóður kaupir og einnig er lagt til að Íbúðalánasjóður beiti sér fyrir yfirtöku húsnæðislána. Þessi ákvæði eru í anda meðalhófsreglu að því leyti sem frysting lána skerðir eignarréttinn.

Loks miða ákvæði frumvarpsins að því að styrkja samningsstöðu lántaka gagnvart hluthafeigandi lánastofnunum með því að takmarka heimild til nauðungarsölu á fasteign þar sem lántaki á heimili sitt eða sá aðili sem lánað hefur honum veð og takmarka heimild til gjaldþrotaskipta á búi lántaka. Heimildir þessar verða bundnar því skilyrði að ógjaldfærni verði ekki rakin til sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði sem þýðir að þeim verður ekki viðkomið gagnvart lántaka sem flest bendir til að hefði haldið áfram að efna skuldbindingar sínar í eðlilegu árferði.

Frumvarp þetta er byggt á frumvarpi frá árinu 1992 (116. löggjafarþingi) sem flutningsmaður lagði fram ásamt Svavari Gestssyni, sbr. fylgiskjal. Fjallar það um greiðslufrest á fasteignalánum vegna fjárhagserfiðleika.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Frumvarp til laga um greiðslufrest á fasteignalánum vegna fjárhagserfiðleika, þskj. 175, 153. mál 116. löggjafarþings, sjá Alþt. 1992–93 bls. 1727–1730.

142. Fyrirspurn [129. mál]

til viðskiptaráðherra um starfsmannafjölda í viðskiptaráðuneytinu.

Frá Birki J. Jónssyni.

Hver er starfsmannafjöldi í viðskiptaráðuneytinu núna og hver var hann 12. maí 2007? Óskað er eftir upplýsingum um fjölda fastráðinna starfsmanna og tímabundið ráðinna.

Skriflegt svar óskast.

143. Fyrirspurn [130. mál]

til viðskiptaráðherra um upplýsingar á fundi með fjármálaráðherra Breta.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Um stöðu hvaða banka var rætt á fundi ráðherra með fjármálaráðherra Breta 2. september sl.?

2. Hvað átti ráðherra eða aðrir í sendinefnd hans við þegar þeir fullyrtu við breska fjármálaráðherrann að Bretar þyrftu ekki að hafa áhyggjur?
3. Gaf ráðherra til kynna að aðkoma íslenskra stjórnvalda að bankamálum væri umfangsmeiri en hann gat fullyrt umboðs síns vegna?
4. Gaf ráðherra eða einhver í sendinefnd hans einhvers konar loforð eða viljayfirlýsingu án samráðs og/eða vitundar fjármálaráðherra?

144. Fyrirspurn [131. mál]

til viðskiptaráðherra um launakjör stjórnenda Fjármálaeftirlitsins.

Frá Atla Gíslasyni.

1. Hver eru launakjör forstjóra, aðstoðarforstjóra og yfirmanna hinna fjögurra verkefnasviða Fjármálaeftirlitsins?
2. Hver eru launakjör aðalmanna og varamanna í stjórn Fjármálaeftirlitsins?

Skriflegt svar óskast.

145. Fyrirspurn [132. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um launakjör á vinnustöðum fatlaðra.

Frá Atla Gíslasyni.

1. Hvað hafa margir vinnustaðir fatlaðra gert kjarasamninga í samræmi við samkomulag Alþýðusambands Íslands og Hlutverks – samtaka um vinnu og verkþjálfun frá maí 2006 um laun og réttindi fatlaðra starfsmanna?
2. Hvaða vinnustaðir hafa gert slíka kjarasamninga og greiða starfsmönnum laun í samræmi við ákvæði þeirra?
3. Hvaða vinnustaðir hafa ekki enn lokið slíkum samningum?
4. Hvernig er launum og réttindum fatlaðra starfsmanna fyrirkomið á þeim stöðum sem ekki hafa gert kjarasamninga?

Skriflegt svar óskast.

146. Fyrirspurn [133. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um vinnustaði fatlaðra.

Frá Atla Gíslasyni.

1. Hversu margir vinnustaðir fatlaðra hafa verið færðir úr umsjá svæðisskrifstofa málefna fatlaðra til Vinnumálastofnunar síðan það var ákveðið með lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006?
2. Hvenær er áætlað að þessum tilflutningi verði lokið?

Skriflegt svar óskast.

147. Fyrirspurn [134. mál]

til forsætisráðherra um aðstoðarmenn ráðherra og tímabundnar ráðningar.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

1. Hversu marga aðstoðarmenn er ráðherrum heimilt að ráða?
2. Hversu margir aðstoðarmenn ráðherra eru starfandi í dag?
3. Hversu margir starfsmenn hvers ráðuneytis hafa fengið tímabundna ráðningu og hvenær var ráðið í viðkomandi stöður?

Skriflegt svar óskast.

148. Fyrirspurn [135. mál]

til samgönguráðherra um GSM-samband.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

1. Mun það ganga eftir sem ráðherra fullyrti 31. júlí sl. að GSM-samband verði komið um allt land um næstu áramót?
2. Hvar á landinu er ekkert GSM-samband núna?

149. Fyrirspurn [136. mál]

til utanríkisráðherra um landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna.

Frá Valgerði Sverrisdóttur.

Hvað líður stofnun landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna hér á landi?

150. Frumvarp til laga [137. mál]

um breytingu á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Á eftir 7. tölul. 9. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Að leigja eða fela öðrum með samningi að annast leigumiðlun með íbúðarhúsnæði sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið á nauðungaruppboði samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „15 ára“ í 1. mgr. kemur: 30 ára.
b. Í stað orðanna „15 ár“ í 4. mgr. kemur: 30 ár.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimilaður lánstími skuldbreytingarlána sem Íbúðalánasjóði er heimilt að veita lánþegum sínum vegna tímabundinna greiðsluerfiðleika verði lengdur úr 15 árum í 30 ár. Jafnframt er lagt til að Íbúðalánasjóði verði heimilt að lengja upphaflegan lánstíma lána sjóðsins vegna greiðsluerfiðleika um allt að 30 ár í stað 15 ára eins og nú er.

Þá er í frumvarpinu lagt til að Íbúðalánasjóði verði veitt heimild til að leigja eða fela öðrum með samningi að annast leigumiðlun með íbúðarhúsnæði sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið á nauðungaruppboði. Er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að heimildin verði nýtt til að gefa leigjendum íbúðarhúsnæðis sem Íbúðalánasjóður hefur eignast á nauðungaruppboði kost á því að leigja íbúð áfram um tiltekinn tíma með því að yfirtaka leigusamning við viðkomandi eða gera nýjan eftir atvikum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að Íbúðalánasjóður geti við sérstakar aðstæður boðið fyrrum eiganda íbúðarhúsnæðis að búa í húsnæðinu áfram í tiltekinn tíma gegn greiðslu leigu hafi hann fjárhagslegt bolmagn til þess og framboð af öðru leiguhúsnæði í byggðarlagi eða hverfi viðkomandi er takmarkað. Í þriðja lagi er heimildin hugsuð til að tryggja að Íbúðalánasjóður geti gætt hagsmuna sinna og haft arð af íbúðarhúsnæði sem kemst í eigu sjóðsins og ekki er unnt að selja á almennum markaði. Að jafnaði er ekki gert ráð fyrir

að Íbúðalánasjóður eigi og leigi íbúðarhúsnæði til lengri tíma heldur sé hér fyrst og fremst um skammtímaúrræði að ræða sem nota ber í þágu leigjenda sem búa í íbúðarhúsnæði á grundvelli leigusamnings við nauðungarsölu og við sérstakar aðstæður í þágu fyrri eiganda og loks eins og áður segir sem þátt í eðlilegri eignastýringu sjóðsins. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um þessa heimild Íbúðalánasjóðs í reglugerð.

Tillögur þessar eru þáttur í aðgerðum sem félags- og tryggingamálaráðherra hefur gripið til í samvinnu við Íbúðalánasjóð til að rýmka heimildir og fjölga úrræðum sem Íbúðalánasjóður hefur til að koma til móts við lántakendur sem lenda í greiðsluvanda en viðbúið er að þeim muni fjölga mjög sem þurfa á einhverjum slíkum úrræðum að halda á næstu mánuðum vegna þeirrar erfiðu stöðu sem komin er upp í efnahagslífi þjóðarinnar og á vinnumarkaði.

Íbúðalánasjóður hefur í þessu skyni þegar breytt verklagi sínu við innheimtu vangoldinna skulda hjá lántakendum sínum með því að bíða með sendingu greiðsluáskorunar til skuldara í fjóra og hálfan mánuð frá gjalddaga í stað tveggja og hálfs mánaðar áður. Einnig getur lántakandi nú komist hjá nauðungarsölu með greiðslu þriðjungs af vanskilum sínum en áður var miðað við greiðslu helmings vanskila. Þá hefur verið lengdur sá tími sem fólk hefur til að flytja úr íbúð sem það hefur misst á nauðungaruppboði, úr einum mánuði í þrjá.

Þá getur lántakandi nú, að skilyrðum uppfylltum, fengið frest á greiðslu afborgana lána ef hann getur ekki í kjölfar kaupa á nýju íbúðarhúsnæði selt eldra íbúðarhúsnæði sitt vegna sölutregðu á fasteignamarkaði.

Loks hefur Íbúðalánasjóði nú verið veitt heimild að bjóða viðskiptavinum sínum upp á þann möguleika að greiða eingöngu vexti af láni og verðbætur af vöxtum í tiltekinn tíma ef það þykir líklegt til að leysa úr greiðsluerfiðleikum lántakenda.

Fyrrgreindar heimildir koma til viðbótar eldri úrræðum sem geta m.a. falist í skuldbreytingu vanskila, lengingu lána og frystingu afborgana í allt að þrjú ár.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.

Meginmarkmið með frumvarpinu er að lánstími skuldbreytingalána sem Íbúðalánasjóði er heimilt að veita lánþegum sínum vegna tímabundinna greiðsluerfiðleika verði lengdur úr 15 árum í 30 ár. Jafnframt er lagt til að Íbúðalánasjóði verði heimilt að lengja upphaflegan lánstíma lána sjóðsins vegna greiðsluerfiðleika um allt að 30 ár í stað 15 ára. Í frumvarpinu er einnig lagt til að Íbúðalánasjóði verði veitt heimild til að stunda eða fela öðrum með samningi að annast leigumiðlun með íbúðarhúsnæði sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið á nauðungaruppboði. Megintilgangur þessarar heimildar er annars vegar að gefa fyrrverandi eigendum íbúðarhúsnæðis kost á því að búa áfram í húsnæðinu gegn greiðslu leigu í tiltekinn tíma og hins vegar að tryggja að Íbúðalánasjóður geti gætt hagsmuna sinna og haft arð af íbúðarhúsnæði sem kemst í eigu sjóðsins og ekki er unnt að selja á almennum markaði.

Ekki er gert ráð fyrir að breyting á lánstíma úr 15 árum í 30 ár leiði til beins kostnaðar fyrir Íbúðalánasjóð. Verði frumvarpið óbreytt að lögum má þó gera ráð fyrir að ákvæðið hafi áhrif á fjárstreymi Íbúðalánasjóðs þar sem endurgreiðslur lána munu dreifast á lengri tíma.

Íbúðalánasjóður þarf væntanlega með fjárstýringu að stilla saman lánstíma inn- og útlána að einhverju marki. Vegna óvissu sem ríkir í þjóðfélaginu í dag er mjög erfitt að meta hvaða áhrif breytingin muni hafa í för með sér á sjóðstreymi Íbúðalánasjóðs til skamms og langs tíma. Ákvæðið um heimild til Íbúðalánasjóðs til að stunda leigumiðlun eða fela það öðrum með samningi er einnig mjög erfitt að meta. Óvissuþættirnir eru margir, til að mynda umfang, hvort leiguverð fyrir íbúðirnar muni verða nægilega hátt til þess að standa undir kostnaði, vanskil leigjenda, viðhald og ýmis annar kostnaður sem getur fallið til. Verði frumvarpið óbreytt að lögum má þó gera ráð fyrir að rekstrarkostnaður Íbúðalánasjóðs aukist um rúmar 21,5 m.kr. vegna umsýslu með þeim íbúðum sem sjóðurinn eignast og útleigu þeirra ef hann annast um það sjálfur. Áætlað er að störf hjá Íbúðalánasjóði muni aukast um 2–2,5 stöðugildi vegna þessa. Gera má ráð fyrir að leigutekjur standi undir fjárskuldbindingum Íbúðalánasjóðs sem bundnar eru í íbúðunum og eftir atvikum viðhaldi þeirra.

Framangreindar breytingar snúa að fjárreiðum Íbúðalánasjóðs í C-hluta fjárlaga en ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til aukinna útgjalda fyrir A-hluta ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

151. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá minni hluta viðskiptanefndar.

Meginmarkmið þessa frumvarps er að gera breytingar á núgildandi lögum er snúa að gjaldþrotaskiptum og greiðslustöðvun fjármálafyrirtækja sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið yfir stjórn á. Frumvarpið er afsprengi laga nr. 125/2008, svonefndra neyðarlaga, sem samþykkt voru á Alþingi 6. október sl. Vinstri hreyfingin – grænt framboð studdi þá að málið yrði tekið fyrir með afbrigðum og fengi skjóta afgreiðslu í ljósi þess að frumvarpið væri illskásti neyðarkosturinn í stöðunni. Hins vegar sat Vinstri hreyfingin – grænt framboð hjá við endanlega afgreiðslu málsins með vísan til þess meðal annars að ríkisstjórnin bæri ein ábyrgð á efnahagshruninu og auk þess hefði hún ekkert samráð haft við stjórnarandstöðuna við undirbúning málsins. Þá hafi einnig verið óljóst hvernig heimildir samkvæmt frumvarpinu yrðu nýttar og hvernig framkvæmdin mundi takast til. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vildi ekki bera ábyrgð á því fyrir fram hvernig til mundi takast.

Minni hluti viðskiptanefndar hefur kynnt sér efni þessa frumvarps eins og kostur er með mjög stuttum fyrirvara og við sérstakar aðstæður. Málið er borið fram af viðskiptaráðherra án samráðs við stjórnarandstöðuna og lítið ráðrúm gefið til þessa að gaumgæfa málið í nefnd. Þá hefur þess ekki verið gætt að leita skriflegra umsagna og kalla til alla þá hagsmunaaðila sem málið varðar, svo sem réttarfarsnefnd, innlenda kröfuhafa og fjárfesta. Það skal þó tekið fram að Benedikt Bogason frá réttarfarsnefnd kom á fund viðskiptanefndar 10. nóvember sl. en tók þar fram að nefndin hefði ekki fjallað um málið. Lögð er mikil áhersla á að frumvarpið nái fram að ganga fyrir fyrirhugaðan fund skilanefnda bankanna með erlendum kröfuhöfum 12.–14. nóvember nk., allt án haldbærra skýringa. Minni hlutinn telur að það sé ólíðandi að löggjafarvaldið sé sett í þá aðstöðu að þurfa að afgreiða jafnafdrifaríkt mál frá Alþingi í flýti og óðagoti vegna meintrar pressu frá erlendum kröfuhöfum. Þá vísar minni hlutinn til þess

að neyðarlögin hafi fyrst og fremst verið sett til að vernda íslenskt hagkerfi, tryggja hagsmuni almennings á Íslandi og skapa skilyrði fyrir stöðugleika í efnahagslífinu. Því sé einkennilegt að nú eigi að víkja frá grundvallarskilyrðum í íslenskum gjaldþrotalögum sökum meintrar pressu frá erlendum kröfuhöfum og órökstuddra staðhæfinga þeirra um að það þjóni betur hagsmunum hinna gjaldþrota banka að fara í greiðslustöðvun og síðar hugsanlega nauðasamninga. Séu bankarnir í raun gjaldþrota, eins og fullvissa virðist vera um, nema hugsanlega hvað Kaupþing varðar, er þeim engu síður skylt að gefa sig upp til gjaldþrotaskipta þrátt fyrir þær breytingar sem frumvarpið boðar. Vísast þar m.a. til laga um hlutafélög og laga um fjármálafyrirtæki. Hér er vert að benda á að á fundi með viðskiptanefnd kom fram hjá fulltrúum viðskiptaráðuneytisins, Fjármálaeftirlitsins og skilanefnda bankanna að erlendir lánardrottnar vildu að farið væri í þekkt og viðurkennt ferli gagnvart þeim bönkum sem hér um ræðir. Hver eru þá rökin fyrir því að afnema nú þýðingarmikil ákvæði gjaldþrotaskiptalaga, sem er fordæmalaust hérlendis sem erlendis, og fara út í greiðslustöðvun og hugsanlega nauðasamninga sem eru óþekktar leiðir gagnvart fjármálafyrirtækjum sem eru de facto gjaldþrota? Aðspurður á nefndarfundi viðskiptanefndar þekkti fulltrúi Fjármálaeftirlitsins ekki til slíkra dæma erlendis. Einnig skal því haldið til haga að fulltrúi skilanefndar Kaupþings tjáði viðskiptanefnd á fundi 7. nóvember sl. að bankinn fullnægði núgildandi skilyrðum laga fyrir greiðslustöðvun. Boðaðar breytingar eru þar með óþarfar gagnvart þeim banka.

Minni hlutinn telur að við þær aðstæður sem nú eru uppi sé enn brýnna en ella að vandað sé til lagasetningar og breytinga og að ekki sé gripið til illa ígrundaðra úrræða sem kunni að skaða almenning, almenningsálitið og þjóðarbúið enn frekar þegar til framtíðar er litið.

Minni hlutinn telur að frumvarpið í upphaflegri mynd með ákveðnum breytingum kunni að hafa verið þarft. Sama gildir um breytingartillögur varðandi svonefndan frestdag en leggst eindregið gegn frumvarpinu að öðru leyti. Vel má vera að þörf sé á að tryggja eins og kostur er með lagabreytingum heimildir hinna gjaldþrota banka til að geta haldið starfsemi sinni áfram til að lágmarka tjón þeirra og þar með kröfuhafa. Slíkar heimildir er hins vegar þegar að finna í núgildandi lögum um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991, sem taka einnig til fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Rekstur þrotabúa bankanna sem fjármálafyrirtækja er einnig háður núgildandi lögum um fjármálafyrirtæki. Telji Fjármálaeftirlitið að lagaheimildir skorti til að veita þrotabúum bankanna starfsleyfi er unnt að bæta úr því með einfaldri lagabreytingu án þess að setja gjaldþrotalög og tengd lög í uppnám.

Á fundi viðskiptanefndar um frumvarpið 7. nóvember sl. voru kynnt til sögunnar ný og einkar umdeilanleg ákvæði til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki, aðeins um hálfum sólarhring eftir að viðskiptaráðherra mælti fyrir frumvarpinu á Alþingi. Það verða að teljast ámælisverð vinnubrögð og sýnir glöggt að hið upphaflega frumvarp var vanhugsað. Þar er boðað ákvæði þess efnis að svonefndur frestdagur við gjaldþrotaskipti miðist m.a. við það tímamark er skilanefndir voru skipaðar. Þetta er þarft ákvæði. Hins vegar eru boðaðar þær breytingar, sbr. ákvæði til bráðabirgða, að felldir verði niður 4. og 6. tölul. 2. mgr. 12. gr. gjaldþrotaskiptalaga, þegar fjármálafyrirtæki leitar eftir greiðslustöðvun samkvæmt kröfu Fjármálaeftirlitsins á grundvelli 100. gr. a laga um gjaldþrotaskipti. Með frumvarpinu er verið að víkja frá tveimur grundvallarskilyrðum sem fram koma í lögum um gjaldþrotaskipti, varðandi skyldu dómara að synja um heimild til greiðslustöðvunar. Minni hlutinn telur að með þessum breytingum sé verið að tryggja að þeir bankar sem sannanlega eru komnir í gjaldþrot fái ekki synjun dómara um greiðslustöðvun og geti því í framhaldinu leitað nauðasamninga. Vert er að benda á að íslensku gjaldþrotaskiptalögin eru byggð að norrænni fyrirmynd og frávik frá afar mikilvægum skilyrðum gjaldþrotaskiptalaga við þessar sérstöku að-

stæður, eins og stefnt er að með frumvarpinu, eru til þess fallin að valda tortryggni og grafa undan trausti okkar jafnt innan lands sem og á alþjóðavísu. Minni hlutinn áréttar þau sjónarmið sem fram komu á fundi nefndarinnar hjá Steinunni Guðbjartsdóttur, sem situr í skilanefnd Glitnis, að óeðlilegt væri að víkja frá tilgreindum skilyrðum gjaldþrotaskiptalaganna. Minni hlutinn telur nefndar breytingar vanhugsaðar og ófaglegar. Þær heimili greiðslustöðvun og hugsanlega nauðasamninga fjármálafyrirtækja sem eru gjaldþrota og séu til þess fallnar að valda tjóni og fjölda málaferla. Ríkið kann auk þess að verða skaðabótaskylt vegna þessara breytinga bæði gagnvart kröfuhöfum og ekki síður fyrirtækjum í öðrum rekstri á Íslandi sem kunna að verða gjaldþrota. Það skal ítrekað að þrátt fyrir umræddar breytingar á ákvæðum 12. gr. gjaldþrotaskiptalaga er umræddum fjármálafyrirtækjum að viðlagðri refsingu engu síður skylt að gefa sig upp til skipta á grundvelli annarra ákvæða laga og greiðslustöðvun ólögleg samkvæmt þeim.

Minni hlutinn bendir á að gjaldþrotaskiptaferlið er traustara, vandaðra og gegnsærra ferli og tryggir betur réttarstöðu kröfuhafa og er mun betri og faglegri kostur fyrir þá en greiðslustöðvun og nauðasamningar. Sú hætta er fyrir hendi að leið greiðslustöðvunar og nauðasamninga tefji ferlið sem geti leitt til frekara fjártjóns. Við þær aðstæður gæti ríkið einnig orðið skaðabótaskylt, eins og áður er rakið. Minni hlutinn fullyrðir að með gjaldþrotaskiptaferli sé hægt að ná öllum markmiðum greiðslustöðvunar og nauðasamninga og gott betur. Engin haldbær rök studd skjalfestum gögnum hafi komið fram á fundum viðskiptanefndar um frumvarpið sem mæli með greiðslustöðvunar- og nauðasamningaferli. Þá feli niðurfelling þessara skilyrða gjaldþrotaskiptalaga varðandi einstaka banka í sér brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Hvað með önnur fyrirtæki í landinu sem munu á næstu mánuðum fara í þrot? Munu sömu skilyrði gilda um þau? Við höfum búið við farsælt gjaldþrotaskiptakerfi í um eina öld og glapræði að fórna því með vanhugsuðum tillögum sem ekki hafa verið skoðaðar í víðara samhengi.

Þá telur minni hlutinn að ákvæði 2. gr. frumvarpsins um að sérstakir og lengri frestir gildi þegar fjármálafyrirtæki fær heimild til greiðslustöðvunar séu umdeilanleg og kunni einnig að fela í sér brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Af þessum sökum og með vísan til framangreinds rökstuðnings styður minni hlutinn ekki þessar breytingar og krefst þess að frumvarpið verði algjörlega umsamið frá grunni.

Benedikt Bogason frá réttarfarsnefnd tók fram á fundi viðskiptanefndar 10. nóvember að frumvarpið, með áorðnum breytingum, kæmi sér spánskt fyrir sjónir. Hann tók fram að réttarfarsnefnd hefði ekki fengið frumvarpið til skoðunar og nefndin sem slík ekki komið að málinu. Hann benti enn fremur á að greiðslustöðvun og nauðasamningar væru réttarúrræði í þágu skuldara. Hann tók skýrt fram að þrátt fyrir tillögur um að fella niður ákvæði 4. og 6. tölul. 2. mgr. 12. gr. gjaldþrotaskiptalaga væri þeim bönkum sem væru raunverulega gjaldþrota skylt að gefa sig upp til gjaldþrotaskipta. Meðal annars vísaði hann til 1. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, um skyldu Fjármálaeftirlitsins til að gera kröfu um gjaldþrotaskipti þegar óvíst sé að eignir hrökkvi fyrir skuldum. Ákvæðið kveður á um að einber vafi skyldi Fjármálaeftirlitið til að gera kröfu um gjaldþrotaskipti. Benedikt Bogason vísaði einnig til 105. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, um sömu sjónarmið. Hann varaði enn fremur við hugsanlegri bótaábyrgð ríkisins og taldi að verið væri að fara inn á einkar varhugaverðar brautir með umræddum breytingum á gjaldþrotaskiptalögum. Hann benti enn fremur á að gjaldþrotaskiptaferli gæti endað í nauðasamningum og/eða að búið yrði afhent aftur til frjálsrar ráðstöfunar. Gjaldþrotaferlið væri tryggara ferli fyrir kröfuhafa.

Minni hlutinn telur að það stefni í réttarfarslegt og þjóðhagslegt slys ef gjaldþrota bönkum verður beint í farveg greiðslustöðvunar og nauðasamninga. Með hliðsjón af framanrituðu telur minni hlutinn brýnt að frumvarpið komi til umfjöllunar viðskiptanefndar milli 2. og 3. umræðu og skriflegra umsagna verði leitað, einkum frá réttarfarsnefnd.

Minni hlutinn telur að mörgum spurningum sé ósvarað hvað frumvarp þetta varðar og þær breytingar sem lagðar hafa verið til á því. Hver eru áform ríkisstjórnarinnar varðandi framtíðarskipan fjármálafyrirtækja? Þessari spurningu og fleirum verður viðskiptaráðherra og ríkisstjórnin að svara afdráttarlaust.

Minni hlutinn leggur til þær breytingar á frumvarpinu að kjararáði verði falið að ákveða laun og starfskjör bankastjóra og annarra starfsmanna fjármálafyrirtækja sem eru í meirihlutaeigu ríkisins. Átt er við þá starfsmenn fjármálafyrirtækjanna sem ekki taka laun samkvæmt kjarasamningum vegna eðlis starfanna og samningsstöðu. Minni hlutinn telur að með slíkri lagasetningu verði alfarið snúið af braut þeirrar öfgafullu launaþróunar sem orðið hefur frá því að bankarnir voru einkavæddir. Nú séu dagar ofurlauna, bónusgreiðslna og kauprréttarsamninga liðnir. Eðlilegt sé að miða laun bankastjóranna og annarra æðstu starfsmanna við laun ráðuneytisstjóra og forstöðumanna ríkisstofnana. Brýnt er að gætt sé innbyrðis samræmis í starfskjörum ríkisstarfsmanna með tilliti til starfa og ábyrgðar. Það er ekkert sem réttlætir það að ríkisbankastjórar og aðrir yfirmenn fjármálafyrirtækja ríkisins séu á sérkjörum og ofurlaunum. Minni hlutinn gerir kröfu til þess að snúið verði þegar í stað af braut þeirra ofurlauna og græðgi sem gegnsýrt hefur þjóðfélagið undanfarin allt of mörg ár.

Minni hlutinn leggur einnig til þær breytingar, nú þegar bankarnir eru orðnir í meirihlutaeigu ríkisins, að þeir lúti ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og upplýsingalaga, nr. 50/1996. Minni hlutinn telur að slík lagasetning muni tryggja réttaröryggi og jafnræði borgaranna í samskiptum við bankana og auka gegnsæi. Sá leyndarhjúpur sem umlukt hefur starfsemi þeirra banka sem hér um ræðir hefur verið gróðrarstía misréttis og hefur, ásamt öðru, leitt til efnahagshrunsins.

Alþingi, 10. nóv. 2008.

Atli Gíslason.

152. Breytingartillögur [119. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá minni hluta viðskiptanefndar (AtlG).

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   Við 50. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Kjararáð ákveður laun og starfskjör bankastjóra fjármálafyrirtækja sem eru í meirihlutaeigu ríkisins og annarra starfsmanna þegar svo er háttað um laun þeirra og starfskjör að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, sbr. 1. gr. laga nr. 47/2006, um kjararáð.

2. Á eftir 2. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   Á eftir 116. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:
   Um fjármálafyrirtæki sem eru í meirihlutaeigu ríkisins gilda ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og upplýsingalaga, nr. 50/1996.
3. Á undan 1. gr. komi ný kaflafyrirsögn sem orðist svo: I. kafli, **Breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.**
4. Við bætist nýr kafli, II. kafli, **Breyting á lögum um kjararáð, nr. 47/2006, með síðari breytingum**, með einni grein sem orðist svo:
   Á eftir orðunum „forstöðumanna ríkisstofnana“ í 1. gr. laganna kemur: bankastjóra og annarra starfsmanna fjármálafyrirtækja sem eru í meirihlutaeigu ríkisins.
5. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og lögum um kjararáð, nr. 47/2006.

153. Tillaga til þingsályktunar [138. mál]

um meðferð trúnaðarupplýsinga innan ráðuneyta og ríkisstjórnar.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að gera úttekt á reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga innan ráðuneyta og ríkisstjórnar og meta í framhaldinu hvort gera þurfi breytingar á þeim.

Greinargerð.

Mikilvægt er að aðgengi almennings að upplýsingum sé ætíð sem best og er stjórnvöldum þannig skylt á grunni upplýsingalaga að veita almenningi aðgang að upplýsingum sem varða stjórnvöld. Þannig verður stjórnsýslan gegnsærri og aðgengilegri með tilheyrandi trausti sem af því skapast. Traust af því tagi er forsenda virks lýðræðis. Í upplýsingalögum er hins vegar að finna ákvæði um upplýsingar sem undanþegin eru upplýsingarétti og er þar að finna ýmis vinnuskjöl ráðherra, takmarkanir vegna einkahagsmuna og takmarkanir á upplýsingarétti vegna almannahagsmuna. Eðlilegt er að svo sé, enda mikilvægt að handhafar framkvæmdarvaldsins og eftir atvikum embættismenn fái svigrúm til að leiða mál til lykta og vinna að framgangi þeirra.

Á undanförnum vikum hafa trúnaðarupplýsingar um ýmis viðkvæm mál lekið út af fundum ríkisstjórnarinnar og eftir atvikum einstakra ráðherra. Svo virðist sem útskrift af símtali fjármálaráðherra, Árna M. Mathiesen, við fjármálaráðherra Breta, Alistair Darling, hafi fyrst birst í íslenskum fjölmiðlum, í Kastljósi að kvöldi þann 23. október 2008. Morguninn eftir hafði útskriftin svo borist víða. Hún hefur að geyma upplýsingar um stöðu ýmissa mála sem varða m.a. samskipti annarra ráðherra og embættismanna við breska fjármálaráðuneytið og málefni einstakra banka. Útskriftin fylgir hér með en við lestur hennar vakna áleitnar spurningar um trúverðugleika ráðherra.

Við lestur umræddrar útskriftar og eftir atvikum með hliðsjón af öllum kringumstæðum sem hér eru uppi vakna spurningar um það hvort meðferð upplýsinga sé í samræmi við lög og reglur þar að lútandi þar sem notkun á upplýsingum með þessum hætti getur skaðað orð-

spor Íslendinga í alþjóðasamfélaginu. Af þessum sökum er forsætisráðherra falið að gera úttekt á reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga innan stjórnsýslunnar, meta hvort eftir þeim sé farið og hvort breyta þurfi reglunum.

Fylgiskjal.

SÍMTAL ALISTAIR DARLING OG ÁRNA MATHIESEN,
Á ÍSLENSKU OG ENSKU.
(7. okt. 2008.)

Þýðing lesin í Kastljósi ríkissjónvarpsins.
(23. okt. 2008. Texti birtur á *eyjan.is*.)

ÁMM: Árni Mathiesen hér, fjármálaráðherra.

AD: Sæll, við hittumst fyrir fáeinum mánuðum, vikum víst.[1]

ÁM: Nei, reyndar höfum við aldrei hist. Þú hittir viðskiptamálaráðherra.

AD: Einmitt, afsakaðu.

ÁM: Ekkert að afsaka.

AD: Þakka þér fyrir að taka símann. Eins og þú veist stöndum við frammi fyrir miklum vandræðum vegna Landsbankans. Hann er með útibú hér og á innlánsreikningum þess eru fjórir milljarðar punda. Því hefur verið lokað og ég þarf að vita nákvæmlega hvað þið hyggist gera í því máli. Geturðu útskýrt það nákvæmlega fyrir mér?

ÁM: Já, þetta var útskýrt í bréfi sem við sendum í fyrrakvöld frá viðskiptaráðuneytinu. Eftir það höfum við sett ný lög um forgang innistæða og veitt FME heimild til að fara í bankana. Sambærileg löggjöf og þið hafið gert í Bretlandi. Landsbankinn er nú undir stjórn fjármálaeftirlitsins og þeir eru að vinna að því hvernig eigi að gera þessa hluti en ég held að þessi löggjöf hjálpi til við að greiða úr þessum vanda.

AD: Hvað með eigendur innistæðna hjá ykkur sem eiga innistæður í útibúum í London?

ÁM: Við höfum tryggingasjóð innlána skv. Directivinu og hvernig hann starfar er útskýrt í bréfinu og sömuleiðis loforð stjórnvalda um stuðning við sjóðinn.

AD: Svo réttindi almennings í þessu eru að ég tel sextánþúsund pund; og er það upphæðin sem fólk fær?

ÁM: Tja, ég vona að það verði tilfellið. Ég get ekki kveðið skýrt úr um það eða tryggt það núna en vissulega vinnum við í þessu því ekki viljum við hafa þetta hangandi yfir höfði okkar.

AD: Fólk spyr okkur núna hvað sé um að vera þarna. Hvenær getið þið verið búnir að greiða úr þessu?

ÁM: Eiginlega get ég ekki svarað til um það. En tel að best sé að fjármálaeftirlitið hjá ykkur sé í sambandi við FME hér á landi hvernig tímasetning á þessu verður.

AD: Skil ég það rétt að þið tryggið innistæður íslenskra sparifjáreigenda.

ÁM: Já, við tryggjum innistæður í bönkum og útibúum banka hér á Íslandi.

AD: En ekki útibúum utan Íslands?

---

[1] Fundurinn sem vísað er til fór fram í byrjun september og var á milli viðskiptaráðherra, Björgvins G. Sigurðssonar, og Alistair Darling.

ÁM: Nei, ekki utan þess sem nú þegar hefur verið tekið fram í bréfinu sem við sendum.

AD: En er það ekki í andstöðu við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið?

ÁM: Nei, það teljum við ekki og reyndar tel ég það í samræmi við það sem aðrar þjóðir hafa verið að gera undanfarna daga.

AD: Jæja, ekki lentum við í slíkum vandræðum með Northern Rock. Ekki skipti máli hvar maður hafði sparifé sitt. Við ábyrgðumst sparnað fólks.

ÁM: Nú, það var allavega í byrjun deilt um það en ég þykist vita að þið hafið greitt úr því.

AD: Vandinn – og ég hef skilning á vanda ykkar, en vandinn er að hér hafið þið fólk sem lagði fé inn í bankann hér og það kemst svo að því að þið hafið ákveðið að gæta ekki hagsmuna þess. Það spillir ákaflega mikið fyrir Íslandi síðar meir.

ÁM: Já, við gerum okkur það ljóst og reynum eftir okkar fremsta megni að það verði ekki vandamál. Við erum í afar, afar erfiðri stöðu.

AD: Já, ég átta mig á þessu.

ÁM: Og bara í þessari viku. Þar sem við getum ekki leyst úr vandanum hér innanlands þá getum við lítið gert í því sem gerist utan landsteinanna. Við þurfum fyrst að leysa úr málunum hér innanlands og þá reynum við allt í okkar valdi og ég persónulega er bjartsýnn á að lögin sem voru samþykkt í gærkvöldi styrki þann þátt í þessu. Og auðvitað gerum við okkur ljóst hvað gæti gerst og það viljum við ekki.

AD: Já

ÁM: En það er líka svo að við höfum mánuðum saman reynt að ræða við alla nálægt okkur og reynt að segja þeim að við séum í vanda og beðið um stuðning og raunin er sú að stuðningurinn hefur verið mjög lítill.

AD: Ég veit það en ég verð að segja eins og er að þegar ég hitti kollega þína og hina, þá í raun kemur í ljós að það sem okkur var sagt var ekki rétt. Ég hafði miklar áhyggjur af stöðu bankans í London og þeir héldu áfram að segja að ekkert væri að óttast. Og þú veist, í þeirri stöðu sem við erum núna, að þá er hér í þessu landi fjöldi fólks sem lagði inn og það kemur til með að tapa ansi miklum peningum og eiga erfitt með að skilja hvernig það gerðist.

ÁM: Ég vona að það verði ekki raunin. Ég var ekki á fundinum svo ég get ekki sagt neitt...

AD: Ég veit það reyndar. Geturðu sagt mér hvort tryggingasjóðurinn sem þú vísar til ráði yfir fé til útborgunar?

ÁM: Eitthvað fé er í honum en eins og háttað er um flesta þessa sjóði er það takmarkað í samanburði við aðsteðjandi kröfur.

AD: Einmitt, svo þú veist það ekki. Ég skil. Ég þarf að vita þetta svo ég viti hvað ég geti sagt fólki. Það er mögulegt að ekki sé nægilegt fé í sjóðnum; er það rétt?

ÁM: Já, reyndar er það alveg mögulegt.

AD: Það er hræðileg staða.

ÁM: Já, við erum í hræðilegri stöðu hér og lögin sem við stóðum að því að samþykkja síðastliðna nótt eru neyðarlög og eins og ég segi þá erum við að reyna að treysta ástandið hér innanlands svo við getum mætt aðstæðum annarsstaðar.

AD: Ég tek því þá sem svo að loforðið sem Landsbankinn gaf okkur um að hann fengi 200 milljónir punda í reiðufé sé fyrir bí?

ÁM: Já, þeir fengu ekki það fé.

AD: Veistu, ég skil svo sem afstöðu þína. Þú verður að gera þér ljóst að orðspor þjóðar þinnar bíður hræðilegan hnekki.

ÁM: Já, við gerum okkur það ljóst. Við gerum allt sem í okkar valdi stendur til að komast hjá því. Við þurfum að tryggja ástandið innanlands áður en ég get lofað þér einhverju öðru.

AD: Auðvitað, ég væri þér þakklátur fyrir alla þá aðstoð sem þú getur veitt.

ÁM: Sjálfsagt.

AD: Vissulega... við yrðum að útskýra fyrir fólki hér það sem hefur gerst. Það mun án efa hafa afleiðingar í för með sér fyrir aðra. Þetta er afar, afar erfið staða þar sem fólk taldi sig tryggt og kemst svo að því að tryggingasjóðurinn er innistæðulaus.

ÁM: Já, eins og ég sagði í bréfinu...

AD: Gott og vel. Ég þigg alla þá aðstoð sem þú getur veitt.

ÁM: Já, við þurfum að koma á sambandi milli fjármálaeftirlita þjóðanna út af...

AD: Já, ég veit að þau verða í sambandi. Ég veit að þú varst ekki á fundinum og tókst ekki þátt í honum. Við efuðumst um það sem okkur var sagt og ég óttast að við höfum haft rétt fyrir okkur.

ÁM: Já, það má vera.

AD: Hvað sem því líður, vertu endilega í sambandi. Allt sem þið getið gert til hjálpar yrði að miklu gagni.

ÁM: Já, ef það er eitthvað ykkar megin, verið þá í sambandi.

AD: Gott og vel. Þakka þér kærlega fyrir.

ÁM: Þakka þér sömuleiðis.

A transcript of the conservation between Alistair Darling and Icelandic Minister of Finance Arni Mathiesen.

(My finances, *http://www.myfinances.co.uk/news/savings-investments/savings/offset-savings-account/darling-mathiesen-icesave-phone-call-transcript-$1246361.htm.* Sótt 5. nóv. 2008.)

Mathiesen: Hello.

Darling: Hello.

Mathiesen: This is Árni Mathiesen, minister of finance.

Darling: Hello, we met a few months ago, weeks ago.

Mathiesen: No, we have never met. You met the minister of trade.

Darling: Alright, sorry.

Mathiesen: No problem.

Darling: Thank you for taking the call. As you know, we have a huge problem with Landsbanki, we have a branch here, which has got £4 billion worth of deposits and it has now been shut and I need to know exactly what you are doing in relation to it. Could you explain that to me?

Mathiesen: Yes, this was explained in a letter we sent the night before last from the Trade Ministry. Since then, we have set out a new legislation where we are prioritising the deposits and where we are giving the FME, the Icelandic FSA authorities, the authority to go into banks, similar legislation to what you have in England, and the Landsbanki is now under the control of the FME, and they are in the process of working out how to do these things, but I think this legislation will help in solving this problem.

Darling: What about the depositors you have got who have got deposits in London branches?

Mathiesen: We have the insurance fund according to the Directive and how that works is explained in this letter and the pledge of support from the government to the fund.

Darling: So the entitlements the people have, which I think is about £16,000, they will be paid that?

Mathiesen: Well, I hope that will be the case. I cannot visibly state that or guarantee that now, but we are certainly working to solve this issue. This is something we really don't want to have hanging over us.

Darling: People are asking us already, what is happening there? When will you work that through?

Mathiesen: Well, I really can't say. But I think it is the best thing that the FSA be in close touch with the FME about this to see how the timeline works out in this.

Darling: Do I understand that you guarantee the deposits of Icelandic depositors?

Mathiesen: Yes, we guarantee the deposits in the banks and branches here in Iceland.

Darling: But not the branches outside Iceland?

Mathiesen: No, not outside of what was already in the letter that we sent.

Darling: But is that not in breach of the EEA-treaty?

Mathiesen: No, we don't think so and think this is actually in line with what other countries have been doing over recent days.

Darling: Well, we didn't when we had the problem with Northern Rock. It didn't matter where you saved money, we guaranteed your savings.

Mathiesen: Well, yes, that was actually in the beginning at least debated. I am sure you cleared that up in the end.

Darling: The problem, I do understand your problem, the problem is that you have people who put their money into a bank here and they are finding that you have decided not to look after their interests. This would be extremely damaging to Iceland in the future.

Mathiesen: Yes, we realise that and we will be trying as we possibly can to make this not a problem. We are in a very, very difficult situation ...

Darling: I can see that ...

Mathiesen: ... and just this week, since we can't cure the domestic situation we can't really do anything about things that are abroad. So we must first deal with the domestic situation, and then we will certainly try to do what we possibly can, and I am personally optimistic that the legislation that we passed last night will strengthen this part of it. And we, of course, realize what could happen and don't want to be in ...

Darling: Yes ...

Mathiesen: but the point is also, chancellor, that we have for months been trying to talk to everybody around us and trying to tell them that we were in trouble and ask them for support and we have actually gotten very little support.

Darling: I understand that, but I have to say that when I met your colleague and these others, basically, what we were told turns out not to have been right. I was very concerned about the London banking position and the kept saying there was nothing to worry about. And you know, with the position we are now in, there will be a lot of people in this country who put money in and who stand to lose an awful lot of money and they will find it difficult to understand how that has happened.

Mathiesen: Well, I hope that won't be the case. I wasn't at the meeting, so I can't say ...

Darling: Well, I know that. Can you tell me this, if the insurance fund you refer to, does it have money to pay out?

Mathiesen: They have some money, but as is with most of these funds, it is very limited compared to the exposure.

Darling: Yeah, so you don't know. See, I need to know this, in terms of what I tell people. It is quite possible that there is not enough money in that fund. Is that right?

Mathiesen: Well, yes, that is quite possible.

Darling: Well, that is a terrible position to be in.

Mathiesen: Yes, we are in a terrible position here and the legislation we were passing through last night is an emergency legislation and, as I say, we are just trying to ensure the domestic situation so that we can then secure other situations.

Darling: What I ... I take it therefore that the promise Landsbanki gave us, that is was going to get £ 200 million of liquidity back into it, has gone as well.

Mathiesen: Yes, they didn't get that liquidity.

Darling: Well, you know, I do understand your position. You have to understand that the reputation of your country is going to be terrible.

Mathiesen: Yes, we do understand that. We will try our utmost to avoid that. We need to secure the domestic situation, before I can give you any guarantees for anything else.

Darling: Obviously, I would appreciate any help you can give.

Mathiesen: Obviously ...

Darling: Sure ... We would have to explain to people here what has happened. It will, of course, no doubt, have repercussions for others. It really is a very, very difficult situation where people thought they were covered and then they discover the insurance fund has got no money in it.

Mathiesen: Yes, as we said in the letter ...

Darling: OK, I will appreciate whatever help you can give.

Mathiesen: Yes, we will need for the FSA and FME to be in touch on the ...

Darling: Oh, I know the most certainly will. I know you were not at the meeting and weren't part of it. We doubted what we were being told then and I am afraid we were right.

Mathiesen: Yes, that can be.

Darling: Anyway, please keep in touch. Whatever you can do to help, that will be very helpful indeed.

Mathiesen: Yes: if there are any areas on your side, please be in touch.

Darling: Alright. I will do that. Thank you very much indeed.

Mathiesen: Thank you.

Darling: Goodbye.

Mathiesen: Bye.

154. Frumvarp til laga [139. mál]

um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.
Gildissvið og hlutverk.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Safnið er þekkingarveita fyrir alla landsmenn sem heldur uppi virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs og lista- og menningarmála.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir menntamálaráðherra. Safnið á jafnframt samstarf við aðra háskóla landsins.

2. gr.
Stjórn.

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Landbókasafns Íslands – Háskólabókasafns til fjögurra ára í senn. Skal einn tilnefndur af háskólaráði Háskóla Íslands, einn af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn af félagi bókasafns- og upplýsingafræðinga samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra og tveir án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.

Stjórn safnsins er forstöðumanni til ráðgjafar um stefnu safnsins og önnur málefni er varða starfsemi þess. Stjórnin veitir landsbókaverði umsagnir um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir og skipulag safnsins.

Landsbókavörður situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.
Landsbókavörður.

Ráðherra skipar landsbókavörð til fimm ára í senn, að fenginni umsögn stjórnar safnsins.

Landsbókavörður ákveður skipulag safnsins, að fenginni umsögn stjórnar, og annast daglega stjórnun á starfsemi og rekstri þess. Hann ræður starfsmenn og er í fyrirsvari fyrir safnið. Hann ber ábyrgð á rekstri safnsins og að starfsemi þess sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

4. gr.
Hlutverk og áherslur.

Hlutverk sitt rækir Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn einkum með eftirfarandi hætti:

1. Að annast alhliða upplýsinga- og þekkingarmiðlun til almennings og fræðimanna með leiðsögn og aðgengi að upplýsingalindum í hvaða formi sem er.
2. Að sinna þörfum kennslu og rannsóknarstarfsemi háskóla landsins og annarri vísinda- og fræðslustarfsemi í landinu með fjölþættri upplýsinga- og þekkingarmiðlun.
3. Að annast framkvæmd samninga um aðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum.
4. Að varðveita handritasöfn þau og einkaskjalasöfn sem stofnað hefur verið til og vinna að frekari söfnun íslenskra handrita og einkaskjala og samsvarandi efnis á nýrri miðlum.
5. Að þaulsafna íslenskum gögnum, m.a. með viðtöku skylduskila samkvæmt lögum, svo

og að afla erlendra gagna er varða íslensk málefni, skrá þau, veita aðgang að þeim og varðveita til framtíðar.
6. Að veita aðstoð við rannsóknir á sviði bókfræði og bókasafns- og upplýsingafræði og veita upplýsingar um íslenska útgáfustarfsemi.
7. Að stuðla að samstarfi og samræmingu starfshátta bókasafna og veita þeim faglega ráðgjöf.
8. Að sinna öðrum þeim verkefnum sem tengjast beint starfsemi safnsins samkvæmt nánari ákvörðun landsbókavarðar í samráði við stjórn.

5. gr.

Samstarf við Háskóla Íslands og aðra háskóla.

Samstarf Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Háskóla Íslands skal byggjast á sérstökum samstarfs- og þjónustusamningi.

Safnið veitir öðrum háskólum landsins þjónustu eftir því sem nánar er ákveðið í þjónustusamningi við einstaka háskóla.

6. gr.

Fjárhagsmálefni.

Kostnaður við rekstur Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafn greiðist úr ríkissjóði. Þá skal hluti af fjárveitingum til Háskóla Íslands renna árlega til safnsins samkvæmt sérstöku samkomulagi safnsins og háskólans.

Heimilt er safninu að gera þjónustusamninga við stofnanir og aðra aðila um samstarf eða þjónustu.

7. gr.

Samningar.

Landsbókaverði er heimilt að undangengnu útboði og að fenginni umsögn stjórnar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns að gera þjónustusamninga um afmarkaða þætti í starfsemi safnsins. Þá er landsbókaverði heimilt, að fenginni umsögn stjórnar, að semja við aðrar stofnanir um að annast ákveðna þjónustu sem safninu er að lögum falið að rækja.

Enn fremur getur Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn með samþykki menntamálaráðuneytis gert samkomulag við aðrar stofnanir um að litið sé á gagnakost þeirra sem hluta af safninu.

8. gr.

Gjaldtaka.

Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni er heimilt að innheimta gjald fyrir þjónustu sína, svo sem útlánastarfsemi, millisafnalán, fjölföldun, gerð ljósmynda, sérfræðilega heimildaþjónustu og tölvuleitir. Heimildin nær einnig til innheimtu skilagjalds eða dagsekta. Landsbókavörður setur gjaldskrá um framangreinda gjaldtöku, að fenginni umsögn stjórnar, sem birt skal með aðgengilegum hætti.

9. gr.
Grisjun.

Heimilt er að grisja efniskost safnsins og farga eða ráðstafa til annarra aðila því efni sem safnið telur sig ekki lengur þurfa á að halda. Landsbókavörður setur reglur um slíka grisjun að fengnu samþykki stjórnar bókasafnsins.

10. gr.
Reglugerð.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

11. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnfram falla úr gildi lög nr. 71/1994, um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi fela ekki í sér breytingar á stöðu og réttindum starfsmanna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 27. janúar 2006 skipaði menntamálaráðherra nefnd um endurskoðun laga um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, annars vegar, og laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, nr. 71/1994, hins vegar.

Var nefndinni falið að endurskoða framangreind lög og leggja m.a. mat á það hvernig verkaskiptingu á sviði skjalavörslu og miðlunar þekkingargagna yrði best háttað. Skyldi nefndin í þessu skyni fjalla um samstarf Þjóðskjalasafns Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns í víðu samhengi og skilgreina hlutverk þeirra m.a. með tilliti til tæknibreytinga, breytinga á starfsemi háskóla, breytinga á varðveislu og miðlun skjala og upplýsingagagna auk annarra þátta sem nefndin teldi að við ættu. Enn fremur var nefndinni ætlað að fara yfir það hvort til greina kæmi að sameina eða samþætta starfsemi stofnananna og skyldi nefndin skoða kosti þess og hvernig slíkt yrði útfært.

Í nefndinni áttu sæti Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor við verkfræðideild Háskóla Íslands, Guðbjörg Sigurðardóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu upplýsingasamfélagsins í forsætisráðuneytinu, Hörður Sigurgestsson, formaður stjórnar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Ingvar Garðarsson, formaður stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns, og Valur Árnason, skrifstofustjóri lögfræðisviðs menntamálaráðuneytisins, formaður.

Nokkrir þættir réðu því að nefndarstarfið þróaðist með öðrum hætti en lagt var upp með. Staða Landbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Þjóðskjalasafns Íslands er um margt mjög ólík þegar litið er til aðstöðu og húsakosts, sem og stefnumörkunar og þróunar á undangengnum árum. Segja má að allir þessir þættir geri það að verkum að örðugt sé að fjalla með markvissum hætti um mögulega sameiningu eða náið samstarf þessara safna fyrr en búið er að þróa frekar ákveðna grundvallarþætti í starfsemi Þjóðskjalasafnsins.

Nefndin telur þó raunhæft að skoða þann möguleika í framtíðinni að auka samstarf og jafnvel sameina þætti í starfsemi þessara safna á grundvelli þess meginhlutverks sem þau ættu bæði að sinna til framtíðar, að vera þekkingarveitur fyrir alla landsmenn. Í því felst að

halda uppi virkri, fjölþættri og nútímalegri þjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs og lista- og menningarmála auk þess að sjá um varðveislu þess hluta safnkostsins sem ætlað er að varðveita til framtíðar.

Við gerð þessa frumvarps hafði nefndin samráð við núverandi og fyrrverandi landsbókavörð og fulltrúa Háskóla Íslands. Þá tók nefndin mið af frumvarpstillögum annarrar nefndar sem menntamálaráðherra skipaði 24. júní 2003 og falið var að kanna hvort hagkvæmt væri að setja heildarlög sem tækju til allra tegunda bókasafna og skilgreina hlutverk og stöðu þeirra í safnakerfi landsins.

Þær megináherslur sem hafðar voru að leiðarljósi við samningu frumvarpsins byggjast á eftirfarandi:

1. Nauðsyn þess að endurskilgreina hlutverk Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns í samræmi við gjörbreytt hlutverk bókasafna á 21. öldinni. Gildandi lög um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, nr. 71/1994, áttu rætur í sameiningu Landbókasafnsins og bókasafns Háskóla Íslands. Tilgangur þeirra var að búa til eitt bókasafn sem mundi þjóna jafnt sem þjóðbókasafn og bókasafn þjóðarháskólans, Háskóla Íslands. Frá þessum tíma hafa verið settir á stofn nokkrir háskólar og grundvallarbreyting orðið á háskólaumhverfinu í landinu sem taka þarf mið af.
2. Frá því að núverandi lög tóku gildi hefur upplýsingatækni haft mikil áhrif á samfélagið og aukið kröfur til þjónustu opinberra aðila, m.a. með tilkomu almenns aðgengis landsmanna að internetinu. Mikilvægt er að löggjöfin taki mið af þessari þróun. Landsaðgangur að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum (www.hvar.is) veitir nú landsmönnum aðgengi að texta 14.000 erlendra vísindatímarita og 12 gagnasafna auk greiningarskýrslna og rafbóka. Landskerfi bókasafna tengir saman rafrænar skrár flestra bókasafna í landinu (www.gegnir.is) og þar er einnig hýst þjóðbókaskrá landsins. Bæði þessi verkefni renna styrkum stoðum undir vísinda- og rannsóknastarfsemi í landinu. Þróun í upplýsingatækni hefur óhjákvæmilega áhrif á starfshætti og virkni bókasafna. Reikna má með enn frekari þróun og sífellt víðtækari þjónustu með nýrri tækni.
3. Þörf á að einfalda ákvæði gildandi laga um stjórnskipulag og rekstur safnsins til að auðvelda stjórnun þess og auka viðbragðsgetu á hverjum tíma þegar ný tækifæri skapast í starfseminni.

Framangreindar áherslur birtast í einstökum ákvæðum frumvarpsins.

Frá því að nefndin lauk störfum í byrjum þessa árs hefur frumvarpið verið til skoðunar í menntamálaráðuneytinu. Frumvarpið miðar að því að uppfæra einstök ákvæði gildandi laga til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa og þar með að formgera betur hlutverk og viðfangsefni safnsins. Með frumvarpinu er þannig ekki verið að fela safninu ný viðfangsefni heldur að undirstrika ákveðnar áherslur í starfsemi þess og þróun næstu árin. Þá er í samræmi við reglur um ábyrgð forstöðumanna á rekstri og starfsemi ríkisstofnana kveðið nánar á um hlutverk stjórnar gagnvart ábyrgð landsbókavarðar á rekstri og starfsemi stofnunarinnar, sbr. 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Tekið er fram að stjórn stofnunarinnar skuli vera landsbókaverði til ráðgjafar og veita honum umsagnir í einstökum málum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að safnið haldi núverandi heiti sínu, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Vísar heitið bæði til þess hlutverks safnsins að vera þjóðbókasafn fyrir landið allt, auk þess

að vera bókasafn Háskóla Íslands eins og er samkvæmt gildandi lögum. Jafnframt er við það miðað að safnið veiti öðrum háskólum landsins þjónustu á grundvelli þjónustusamningsins, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Þá er hlutverki safnsins lýst þannig að það sé þekkingarveita fyrir alla landsmenn sem haldi uppi virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs og lista- og menningarmála. Þannig er lögð áhersla á stöðu safnsins sem bókasafns fyrir alla landsmenn, háskóla-, vísinda- og fræðasamfélagið, stjórnsýslu ríkisins og atvinnulífið, auk lista- og menningarlífs.

Tekið er fram í 2. mgr. að safnið sé háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyri undir menntamálaráðherra. Í 1. gr. gildandi laga segir að safnið sé háskólastofnun og tekið fram í athugasemdum við umrætt ákvæði í frumvarpi því sem varð að gildandi lögum að með því sé lögð áhersla á náin starfstengsl bókasafnsins við Háskóla Íslands en annað meginhlutverk safnsins sé að vera háskólabókasafn. Frumvarp þetta byggist á sömu forsendum auk þess sem áður er getið um samstarf safnsins við aðra háskóla í landinu, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Auk þess að vera þjóðbókasafn er tekið fram í 1. gr. að safnið sé bókasafn Háskóla Íslands eins og verið hefur samkvæmt gildandi lögum, en með þeim var ákveðið að allar bækur, handrit og önnur gögn Landsbókasafns Íslands og Háskólabókasafns skyldu verða eign Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns 1. desember 1994.

Um 2. gr.

Samkvæmt greininni skipar menntamálaráðherra fimm menn í stjórn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns til fjögurra ára í senn. Tekið er fram að ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna. Samkvæmt gildandi lögum tilnefnir háskólaráð Háskóla Íslands tvo í stjórn. Hér er lögð til sú breyting að samstarfsnefnd háskólastigsins skv. 26. gr. laga nr. 63/2006, um háskóla, tilnefni einn í samræmi við þá breytingu sem frumvarpið byggist á, að Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni er einnig ætlað að þjóna öðrum háskólum landsins en Háskóla Íslands. Þá er einnig lagt til að félag bókasafns- og upplýsingafræðinga tilnefni einn samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Í 3. mgr. er fjallað um hlutverk stjórnarinnar. Gert er ráð fyrir því að stjórn safnsins verði ráðgefandi fyrir landsbókavörð er það í samræmi við þau meginsjónarmið að það skuli vera forstöðumaður sem ber ábyrgð á starfsemi stofnunar, sbr. 38. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og ákvæði laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Þá er tekið fram í 4. mgr. að landsbókavörður sitji fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um skipun og hlutverk landsbókavarðar. Tekið er fram að ráðherra skipi landsbókavörð til fimm ára í senn, að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar. Um hæfisskilyrði landsbókavarðar fer eftir 6. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Landsbókavörður ákveður skipulag stofnunarinnar, að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar, og annast daglega stjórnun á starfsemi og rekstri hennar. Ákvæðið gerir þannig ráð fyrir samstarfi forstöðumanns og stjórnar safnsins um skipulag hennar, en horfið er frá því að ákveða í lögum eins og nú er, sbr. 5. gr. gildandi laga, að um deildarskiptingu safnsins svo og um safnaráð sé ákveðið í reglugerð. Í samræmi við þá áherslu frumvarpsins að einfalda ákvæði gildandi laga um stjórnskipulag og rekstur safnsins, til að auðvelda stjórnun þess og auka viðbragðsgetu á hverjum tíma þegar ný tækifæri skapast í starfseminni, er þessi breyting lögð til.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um meginverkefni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Tekið er fram að hlutverk sitt ræki Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn einkum með því að sinna eftirfarandi viðfangsefnum:

1. Að annast alhliða upplýsinga- og þekkingarmiðlun til almennings og fræðimanna með leiðsögn og aðgengi að upplýsingalindum í hvaða formi sem er. Í þessu felst að í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni verði lestraraðstaða fyrir almenning auk þess sem safnið miðli gögnum og upplýsingum um safnkostinn á internetinu. Enn fremur er hér á því byggt að til staðar sé í safninu starfsfólk sem veitir leiðsögn að þeim upplýsingalindum sem safnið hefur upp á að bjóða.
2. Að sinna þörfum kennslu og rannsóknarstarfsemi háskóla landsins og annarri vísinda- og fræðslustarfsemi í landinu með fjölþættri upplýsinga- og þekkingarmiðlun.
3. Að annast framkvæmd samninga um aðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum en það hlutverk hefur safnið haft undanfarin ár samkvæmt sérstöku samkomulagi við menntamálaráðuneytið. Þykir rétt að lögfesta þetta hlutverk í frumvarpinu.
4. Að varðveita handritasöfn þau og einkaskjalasöfn sem stofnað hefur verið til og vinna að frekari söfnun íslenskra handrita og einkaskjala og samsvarandi efnis á nýrri miðlum.
5. Að þaulsafna íslenskum gögnum, m.a. með viðtöku skylduskila samkvæmt lögum, svo og að afla erlendra gagna er varða íslensk málefni, skrá þau, veita aðgang að þeim og varðveita til framtíðar.
6. Að veita aðstoð við rannsóknir á sviði bókfræði og bókasafns- og upplýsingafræði og veita upplýsingar um íslenska útgáfustarfsemi.
7. Að stuðla að samstarfi og samræmingu starfshátta bókasafna og veita þeim faglega ráðgjöf.
8. Að sinna öðrum þeim verkefnum sem tengjast beint starfsemi safnsins samkvæmt nánari ákvörðun landsbókavarðar í samráði við stjórn. Í samræmi við eðli safns á borð við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn kemur til margvísleg önnur starfsemi sem varðar beint hlutverk þess eða tengist tengslum þess út á við. Er því talið rétt að 8. tölul. geymi almennt orðalag þess efnis að safnið sinni öðrum þeim verkefnum sem tengjast beint starfsemi safnsins samkvæmt nánari ákvörðun landsbókavarðar í samráði við stjórn. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins ákveður landsbókavörður skipulag stofnunarinnar, að fenginni umsögn stjórnar, og skv. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins er stjórn safnsins landsbókaverði til ráðgjafar um stefnu safnsins. Eðlilegt þykir að ákvörðun um nánari verkefni safnsins sem tengjast beint starfsemi þess sé á hendi landsbókavarðar í samráði við stjórn safnsins.

Í upptalningu ákvæðisins felast enn fremur megináherslur í starfsemi safnsins. Ákvæðið er ekki tæmandi og ljóst að starfræksla safnsins verður ekki nákvæmlega útfærð í lögum um safnið.

Safnið hefur haft ýmis verkefni með höndum, svo sem rekstur landsskrifstofu fyrir alþjóðabókanúmerakerfi og samsvarandi númerakerfi annarra safngagna, auk þess sem safnið er landsmiðstöð fyrir millisafnalán. Þá hefur safnið annast rekstur varaeintakasafns utan Reykjavíkur og ýmsa starfsemi sem ætlað er að tryggja sem best viðhald og varðveislu safnkostsins og afritun gagna á aðra miðla eftir því sem við á, svo eitthvað sé nefnt. Ljóst er að safnið mun í vaxandi mæli taka þátt í fjölþjóðlegu samstarfi á sviði bókasafna og upplýsingamála, m.a. með það að markmiði að auðvelda þekkingarflæði til og frá landinu. Þá mun

safnið hér eftir sem hingað til stuðla að fræðslu- og menningarstarfsemi, m.a. með því að standa að fyrirlestrahaldi, sýningum og listviðburðum.

Um 5. gr.

Hér er það áréttað að samstarf Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Háskóla Íslands skal byggjast á sérstökum samstarfs- og þjónustusamningi. Jafnframt veitir safnið öðrum háskólum landsins þjónustu eftir því sem nánar er ákveðið í þjónustusamningi við einstaka háskóla.

Um 6. gr.

Í greininni segir að kostnaður við rekstur bókasafnsins greiðist úr ríkissjóði, en jafnframt tekið fram að safninu sé heimilt að gera þjónustusamninga við aðrar háskóla- og fræðastofnanir, svo og aðra aðila. Er það í samræmi við þá áherslu sem frumvarpið byggist á að safnið veiti ekki aðeins Háskóla Íslands þjónustu heldur öðrum háskólum í landinu eftir því sem óskað er eftir. Þá er sérstaklega kveðið á um að hluti af fjárveitingum til Háskóla Íslands renni árlega til safnsins samkvæmt sérstöku samkomulagi milli safnsins og Háskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 8. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er síðan að finna almenna heimild fyrir safnið til að gera þjónustusamninga við stofnanir og aðra aðila um samstarf eða þjónustu. Er hér bæði átt við þjónustusamninga milli safnsins og háskóla landsins sem fjallað er um í 5. gr. frumvarpsins sem og mögulega aðra þjónustusamninga við vísindastofnanir eða aðra aðila. Með ákvæðinu er lögð áhersla á að rammi um slíka þjónusta eða samstarf sé í formi þjónustusamnings hvort sem er við stofnanir eða einkaaðila.

Um 7. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er landsbókaverði heimilt að undangengnu útboði og að fenginni umsögn stjórnar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns að gera þjónustusamninga um afmarkaða þætti í starfsemi safnsins. Um samninga sem gerðir eru með slíkum hætti gilda ákvæði 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins. Í gildandi lögum er kveðið á um heimild safnsins til að bjóða út vissa þætti í starfsemi þess. Hér er lagt til að heimildin verði orðuð með almennari hætti. Þá er landsbókaverði heimilt, að fenginni umsögn stjórnar, að semja við aðrar stofnanir um að annast ákveðna þjónustu sem safninu er að lögum falið að rækja og er þá einkum miðað við afmarkaða þjónustu sem ekki þykir ástæða eða skylda til að bjóða út.

Enn fremur getur bókasafnið með samþykki menntamálaráðuneytis gert samkomulag við aðrar stofnanir um að litið sé á gagnakost þeirra sem hluta af gagnakosti safnsins. Er það í samræmi við ákvæði 3. mgr. 9. gr. gildandi laga.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um gjaldtökuheimildir safnsins. Þarfnast það ekki nánari skýringar.

Um 9.–11. gr.

Greinarnar þarfnast ekki nánari skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er kveðið á um að verði frumvarp þetta að lögum muni það ekki fela í sér breytingar á stöðu og réttindum starfsmanna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Þykir rétt að hafa slíkt ákvæði til að taka af allan vafa um réttarstöðu starfsmanna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að hlutverk og verkefni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafn verði aðlagað breyttu starfsumhverfi safnsins og verkefnum þess. Í öðru lagi eru tillögur um breytingar á stjórnkerfi sem auka stjórnunarumboð og ábyrgð forstöðumanns. Í þriðja og síðasta lagi eru lagðar til rýmri gjaldtökuheimildir.

Að mati fjármálaráðuneytisins hafa tillögur um breytingar á hlutverki, verkefnum og stjórnkerfi óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Auknar gjaldtökuheimildir gætu skilað safninu meiri tekjum en þar sem ekki liggur fyrir hvernig þær verða nýttar er ekki unnt að áætla fjárhæðir.

155. Tillaga til þingsályktunar [140. mál]

um átak í viðhaldi á opinberu húsnæði.

Flm.: Þuríður Backman, Álfheiður Ingadóttir, Árni Þór Sigurðsson,
Katrín Jakobsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta meta viðhaldsþörf á öllu opinberu húsnæði og gera átak í viðhaldi þess og aðlögun að aðgengi fyrir alla.

Greinargerð.

Viðhaldi opinberra bygginga er víða ábótavant hér á landi og hafa margar þeirra fengið að grotna niður með þeim afleiðingum að viðhaldskostnaður hefur aukist stórlega þegar loks er ráðist í viðgerðir. Sem dæmi má nefna húsakynni Þjóðleikhússins og Þjóðminjasafnsins. Í þeim efnahagserfiðleikum sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir núna hníga mörg rök að því að opinberir aðilar geri átak í viðhaldi opinbers húsnæðis og aðlögun þess að aðgengi fyrir alla. Slíkt átak væri atvinnuskapandi á erfiðum tímum og með því væri stuðlað að því að uppfylla skuldbindingar okkar samkvæmt sáttmála SÞ um réttindi fatlaðra.

Aðkallandi er að leita leiða til að skapa atvinnu þar sem fjöldauppsagnir hafa átt sér stað hjá mörgum fyrirtækjum, t.d. í byggingariðnaði, auk þess sem talsmenn arkitekta, hönnuða og verkfræðinga hafa lýst yfir áhyggjum af yfirvofandi atvinnuleysi þessara stétta. Átak í

viðhaldsverkefnum opinberra bygginga getur haft áhrif á og jafnvel komið í veg fyrir landflótta þessara mikilvægu stétta.

Stjórnvöld þurfa að móta nýja atvinnustefnu til að efla byggð og tryggja að hjól atvinnulífsins stöðvist ekki. Í því skyni er nauðsynlegt að standa vörð um fjölbreytni atvinnulífsins. Falla þarf frá núverandi stóriðjustefnu og orkufrekum iðnaði þar sem áherslan hefur verið á einhæfa atvinnuuppbyggingu. Áherslan þarf að vera á fjölbreytt verkefni vítt og breitt um landið án þess að stofnað sé til óheyrilegrar lántöku eða hvatt til þenslu. Lántaka til virkjunarframkvæmda er auk þess óraunhæfur kostur vegna kreppu á fjármálamörkuðum og útflutningsverðmæti í álframleiðslu hefur minnkað undanfarna mánuði. Einnig er nauðsynlegt að rannsaka heildaráhrif stóriðjuframkvæmdanna á Austurlandi áður en ráðist er í fleiri framkvæmdir af þeirri stærðargráðu. Það átak sem hér er lagt til að ráðist verði í er atvinnuskapandi fyrir þær stéttir sem hafa orðið hvað verst úti í fjöldauppsögnum auk þess að vera þjóðþrifaverk þar sem ferlimál fatlaðra hafa löngum setið á hakanum hér á landi.

Ekki eru fyrir hendi nýlegar upplýsingar um viðhaldsþörf á opinberu húsnæði og því er nauðsynlegt að gert verði allsherjarmat á þessari þörf. Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignum ríkisins (FR) er um að ræða tvenns konar viðhald, annars vegar hefðbundið viðhald sem uppfyllir skyldur leigusala á almennum markaði og hins vegar endurbætur og breytingar sem nauðsynlegar eru fyrir starfsemi, til að halda í við tíðarandann og breyttar þarfir notenda og að auka þannig notagildi viðkomandi fasteignar og hægja á afskriftum. Fasteignir ríkisins hafa umsjón með rúmlega 40% af fasteignum hins opinbera og er viðhaldskostnaður áætlaður um 2 milljarðar kr. á árinu 2009. Fjöldi bygginga í eigu hins opinbera falla undir tiltekin ráðuneyti, t.d. Landspítalinn og Sjúkrahúsið á Akureyri. Auk þess eru fasteignir sem þurfa sérstakt framlag af fjárlögum, t.d. Þjóðleikhúsið. Það er því ljóst að mikilvægt er að gera heildstæða könnun á viðhaldsþörf á öllu opinberu húsnæði í eigu ríkisins.

Rétt er að benda á að ekki er síður nauðsynlegt að gera sambærilega úttekt á húsnæði sveitarfélaga. Í rannsókn á aðgengi fatlaðra að þátttöku og pólitísku starfi í sveitarstjórnum á Íslandi, sem gerð var fyrir fáeinum árum á vegum norrænu samstarfsnefndarinnar um málefni fatlaðra, NHR (Nordiska handikappolitiska rådet), kom fram að sveitarfélögin hafa mörg hver ekki sinnt sem skyldi aðlögun húsnæðis fyrir aðgengi fyrir alla. Annars staðar á Norðurlöndum hefur þessari skyldu samkvæmt sáttmálum SÞ um réttindi fatlaðra verið sinnt í ríkara mæli en tíðkast hefur hér. Á vettvangi Norðurlandaráðs hefur aðgerðaráætluninni „Hönnun fyrir alla“, þar sem málefni fatlaðra eru í brennidepli, verið hrundið af stað. Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum fylgist Skipulagsstofnun með og veitir upplýsingar um ferlimál fatlaðra hér á landi. Í skipulagsreglugerð og byggingarreglugerð er að finna lágmarksákvæði og kröfur varðandi hönnun mannvirkja og næsta umhverfis þannig að allir eigi sem greiðastan aðgang og möguleika á dvöl í mannvirkjunum.

Verði átak um viðhald opinbers húsnæðis og aðlögun þess að aðgengi fyrir alla að veruleika opnast möguleikar til margvíslegra atvinnuskapandi aðgerða sem einnig mundu bæta til muna aðgengi fatlaðra að opinberu húsnæði á Íslandi. Slíkt er þjóðfélagslega hagkvæmt auk þess að tryggja bætt lífsskilyrði og aukin lífsgæði þeirra sem njóta munu góðs af.

156. Frumvarp til laga [141. mál]

um embætti sérstaks saksóknara.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Sett skal á stofn embætti sérstaks saksóknara til að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda og í tengslum við þá atburði er leiddu til setningar laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008, og eftir atvikum fylgja rannsókn eftir með útgáfu ákæru og saksókn.

Rannsóknar- og ákæruheimildir embættisins taka meðal annars til efnahags-, auðgunar- og skattabrota, þar með talið brota sem rannsökuð eru af Samkeppniseftirlitinu og Fjármálaeftirlitinu og kærð eru til lögreglu.

Kærum og ábendingum vegna gruns um refsiverða háttsemi sem fellur undir lög þessi skal beina til embættisins frá og með stofnun þess.

Ríkissaksóknari getur á grundvelli heimilda sinna í 5. mgr. 27. gr. laga um meðferð opinberra mála og 3. mgr. 21. gr. laga um meðferð sakamála falið hinum sérstaka saksóknara rannsókn og eftir atvikum útgáfu ákæru og saksókn vegna sakarefna sem tengjast framangreindu hlutverki embættis hans. Jafnframt getur ríkissaksóknari falið hinum sérstaka saksóknara rannsókn og eftir atvikum útgáfu ákæru og saksókn vegna sakarefna sem berast öðrum lögregluembættum fyrir eða eftir gildistöku laga þessara.

2. gr.

Dómsmálaráðherra skipar sérstakan saksóknara skv. 1. gr. og skal hann fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara. Skal hann veita forstöðu rannsóknar- og saksóknaraembætti skv. 1. gr.

Ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um fimm ára skipunartíma og biðlaunarétt taka ekki til hins sérstaka saksóknara. Skipun hans fellur niður þegar embættið verður lagt niður eða það sameinað annarri ríkisstofnun, sbr. 6. gr. Hinn sérstaki saksóknari heldur þá óbreyttum launum í þrjá mánuði frá þeim tíma.

Hinn sérstaki saksóknari hefur stöðu og almennar heimildir lögreglustjóra samkvæmt lögreglulögum og ákæruvald sem lögreglustjóri skv. 1. mgr. 25. gr. laga um meðferð opinberra mála. Eftir gildistöku laga um meðferð sakamála skal staða hins sérstaka saksóknara vera hliðsett stöðu héraðssaksóknara skv. 18. gr. þeirra laga, en hann skal þá áfram jafnframt hafa stöðu lögreglustjóra.

Hinn sérstaki saksóknari ræður annað starfsfólk embættisins.

3. gr.

Lögreglumenn og löglærðir starfsmenn sérstaks saksóknara fara með lögregluvald skv. 1. mgr. 9. gr. lögreglulaga. Aðrir sérfræðingar embættisins hafa, samkvæmt nánari ákvörðun hins sérstaka saksóknara, heimildir til að annast skýrslutökur á rannsóknarstigi af sakborningum og vitnum.

Hinn sérstaki saksóknari getur leitað til sérfróðra aðila, innlendra sem erlendra, eftir því sem þurfa þykir.

4. gr.

Ríkissaksóknara er heimilt að ákveða, að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. og að fenginni rökstuddri tillögu frá hinum sérstaka saksóknara, að starfsmaður eða stjórnarmaður fyrirtækis, sem hefur frumkvæði að því að bjóða eða láta lögreglu eða saksóknara í té upplýsingar eða gögn sem tengjast fyrirtækinu, móður- eða dótturfyrirtæki þess eða fyrirtækjum sem það er í viðskiptum við eða stjórnendum þeirra, sæti ekki ákæru þótt upplýsingarnar eða gögnin leiði líkur að broti hans sjálfs.

Skilyrði ákvörðunar skv. 1. mgr. eru að upplýsingar eða gögn tengist broti sem fellur undir rannsóknar- og ákæruvald sérstaks saksóknara samkvæmt lögum þessum og talið sé líklegt að þessar upplýsingar eða gögn geti leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti eða séu mikilvæg viðbót við fyrirliggjandi sönnunargögn. Þá er það skilyrði fyrir beitingu þessarar heimildar að rökstuddur grunur sé um að upplýsingar eða gögn tengist alvarlegu broti, fyrirséð sé að sök þess sem lætur slíkt í té sé mun minni en sök þess eða þeirra sem gögnin eða upplýsingarnar beinast gegn og ástæða sé til að ætla að án þeirra muni reynast torvelt að færa fram fullnægjandi sönnur fyrir broti.

5. gr.

Um starfsemi embættisins gilda að öðru leyti ákvæði lögreglulaga og laga um meðferð opinberra mála en eftir brottfall þeirra ákvæði laga um meðferð sakamála að því leyti sem lög þessi kveða ekki á um annað.

6. gr.

Dómsmálaráðherra getur hvenær sem er eftir 1. janúar 2010 ákveðið að leggja embættið niður og hverfa þá verkefni þess til lögreglu eða ákærenda eftir almennum ákvæðum lögreglulaga og laga um meðferð sakamála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan dómsmálaráðherra.

Í lögum nr. 125 frá 7. október 2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., svonefndum neyðarlögum, er mælt fyrir um stjórnvaldsheimildir við aðstæður á fjármálamarkaði, sem lýst er í lögunum sem sérstökum og mjög óvenjulegum. Í upphafi athugasemda við það lagafrumvarp segir: „Að undanförnu hafa dunið yfir fjármálamarkaði hremmingar sem einkum hafa lýst sér í skorti á lausafé vegna takmarkaðs lánsframboðs. Íslensk fjármálafyrirtæki hafa ekki farið varhluta af þessum hremmingum frekar en fjármálafyrirtæki í öðrum löndum. Við þessar erfiðu aðstæður hafa stjórnvöld víða um heim neyðst til að grípa til ráðstafana er miða að því að tryggja virkni fjármálakerfisins og efla traust almennings á því.“

Til að bregðast við þessum „hremmingum“ hafa lögin meðal annars að geyma heimild fyrir fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til að leggja fram fjármagn til að stofna nýtt fjármálafyrirtæki eða yfirtaka fjármálafyrirtæki í heild eða að hluta. Þá er Fjármálaeftirlitinu hins vegar veitt heimild til að grípa inn í starfsemi fjármálafyrirtækja með víðtækum hætti vegna sérstakra aðstæðna eða atvika, í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði.

Forsætisráðherra flutti Alþingi munnlega skýrslu um stöðu bankamála hinn 15. október 2008 og sagði þá meðal annars: „Við þurfum meðal annars að ráðast í uppgjör við fortíðina. Ég greindi frá því í viðtali við *Morgunblaðið* á sunnudaginn að ég mun beita mér fyrir því að unnin verði svokölluð hvítbók á grundvelli ítarlegrar rannsóknar á starfsemi bankanna. Í þeirri rannsókn verður að gefa gaum því sem vel var gert en líka hinu sem fór á verri veg. Dómsmálaráðherra hefur hafið undirbúning að rannsókn á þeim þætti málsins og mun gera grein fyrir því í ræðu sinni á eftir. Ef minnsti grunur leikur á því að framin hafi verið lögbrot er alveg skýrt að viðkomandi aðilar verða dregnir til ábyrgðar.“

Í ræðu sinni um skýrsluna las dómsmálaráðherra bréf sem hann hafði ritað ríkissaksóknara vegna ákvörðunar hins síðarnefnda um gerð skýrslu á vegum embættis hans til að afla staðreynda um starfsemi bankanna Glitnis hf., Landsbanka Íslands hf. og Kaupþings hf., útibúa þeirra og fyrirtækja í þeirra eigu, tilfærslu eigna, einkum á síðustu mánuðum starfseminnar. Markmiðið yrði að kanna hvort sú háttsemi hefði getað átt sér stað sem gæfi tilefni til lögreglurannsóknar á grundvelli laga um meðferð opinberra mála. Þá sagði dómsmálaráðherra:

„Í þessu bréfi felst í fyrsta lagi að ég styð þá ákvörðun ríkissaksóknara að leita liðsinnis frá embætti skattrannsóknarstjóra, Fjármálaeftirliti og Ríkisendurskoðun og hef ég samhliða þessu bréfi óskað eftir því við þessar stofnanir að þær tilnefni án tafar fulltrúa sína til þessa samstarfs. Í öðru lagi segir í bréfinu að ég muni beita mér fyrir því að tryggðar séu fjárveitingar til að vinna skýrslu af þessu tagi en til þess þarf að ráða sérstaka starfsmenn. Heiti ég á stuðning Alþingis í því efni. Engum ætti að vera ljósara en okkur sem hér sitjum hve miklu skiptir fyrir allt jafnvægi og jafnræði í þjóðfélaginu að leitast sé við að gæta laga og réttar með hverjum þeim úrræðum sem nauðsynleg eru hverju sinni. Í þriðja lagi boða ég í bréfinu til ríkissaksóknara að á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sé verið að semja frumvarp að sérstakri löggjöf um að stofnað verði tímabundið rannsóknarembætti sem taki við rannsókn á kærum um meinta refsiverða verknaði sem sprottnir eru af eða tengjast falli bankanna. Ráðinn verði sérstakur forstöðumaður þessa embættis sem starfi í nánu samstarfi við hverja þá opinbera stofnun, innan lands og utan, sem getur lagt liðsinni við að upplýsa mál og greiða fyrir rannsókn þeirra. Embættið starfi undir forræði ríkissaksóknara sem gæti ásamt forstöðumanni ákvarðað hvaða rannsóknarefni féllu til þess.

Það mun að sjálfsögðu verða undir Alþingi komið hvernig lög um þetta efni verða í endanlegri mynd, en hitt er ljóst af minni hálfu að réttarvörslukerfið getur ekki brugðist við auknu álagi vegna þessara atburða án þess að gripið sé til sértækra aðgerða. Við setningu laga um þetta efni er eðlilegt að því sé velt fyrir sér hvort samhliða því sem þessi nýskipan er lögfest verði einnig ákveðið að koma á laggirnar samráðs- og eftirlitsnefnd með fulltrúum allra þingflokka sem hitti forstöðumann hins nýja embættis reglulega og geti í þeim trúnaði sem ber að virða, fylgst með framvindu mála.“

Frumvarp það sem hér liggur fyrir er í samræmi við ofangreinda yfirlýsingu dómsmálaráðherra en með því er lagt til að sett verði á stofn embætti sérstaks saksóknara til að annast rannsókn á grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda og í tengslum við hinar sérstöku og mjög óvenjulegu aðstæður á fjármálamarkaði og eftir atvikum fylgja henni eftir með útgáfu ákæru og saksókn. Markmið frumvarpsins er að vinna að því höfuðmarkmiði neyðarlaganna svonefndu að efla traust almennings á fjármálakerfinu. Við núverandi aðstæður verður það ekki gert nema með óvenjulegum úrræðum.

Frumvarpið er sniðið að þessum aðstæðum, því að gert er ráð fyrir að hið sérstaka rannsóknar- og saksóknaraembætti verði ekki varanlegt heldur starfi tímabundið og við niður-

lagningu þess hverfi verkefni embættisins til annarra saksóknara- og lögregluembætta í samræmi við almenn ákvæði lögreglulaga og laga um meðferð sakamála.

Í ræðu dómsmálaráðherra í hátíðarsal Háskóla Íslands hinn 17. október sl. í tilefni af 100 ára afmæli lagakennslu í landinu rökstuddi hann nauðsyn sérstakra laga um þetta embætti meðal annars á þennan veg: „Nú skiptir öllu, að lög og reglur séu hafðar sem leiðarljós, þegar hafist er handa við að vinna sig út úr rústunum. Til réttarvörslukerfisins eru ætíð gerðar miklar kröfur en aldrei meiri en þegar vegið er að innviðum þjóðfélaga, eins og hér hefur gerst. Um nokkurt árabil hefur markvisst verið reynt að grafa undan trausti í garð þeirra, sem unnið hafa ötullega að rannsókn og ákærum vegna efnahagsbrota. Til þessarar hörðu atlögu var stofnað vegna rannsókna og ákæru gegn einu af viðskiptaveldum landsins, sem berst nú fyrir lífi sínu. Ákæruvald og lögregla hafa að sjálfsögðu staðið þessa hrinu af sér. Þrátt fyrir það má ætla, að núverandi stofnanir á sviði rannsóknar og saksóknar og jafnvel dómstólar eigi fullt í fangi með mál, sem kunna að spretta af falli bankanna. Fyrir hafa þessar stofnanir næg verkefni á sinni könnu, auk þess ráða þær tæplega hvorki yfir nægum mannafla né nægilegri sérþekkingu á þeim atriðum, sem hér koma til álita. Rannsókn flókinna efnahagsbrota, saksókn og dómsmeðferð er tímafrek og kostnaðarsöm í samanburði við önnur sakamál. Alrangt er hins vegar, að slíkar rannsóknir auki aðeins kostnað ríkissjóðs. Uppljóstrun skatta- og efnahagsbrota leiðir oft til þess, að skatttekjur ríkissjóðs aukast mikið, auk þess sem ólöglegur ávinningur efnahagsbrota getur sætt upptöku. Skilvirk og árangursrík rannsókn og dómsmeðferð brota, sem kunna að koma í ljós við fall bankanna, ætti að sefa reiði, efla réttlætiskennd og auka trú borgaranna á réttarríkið auk þess að gegna varnaðar- og uppeldishlutverki til framtíðar. Þá er skilvirk og réttlát meðferð slíkra mála til þess fallin að efla lífsnauðsynlegt traust umheimsins í garð íslensks fjármálakerfis. Á þessari stundu er ekki unnt að fullyrða neitt um það, hvort og hvernig fall bankanna kemur inn á borð þeirra, sem gæta laga og réttar.“

Um hlutverk og valdheimildir hins sérstaka saksóknara er fjallað í athugasemdum við einstakar greinar, en í því sambandi skal undirstrikað að embættið er viðbót við stofnanir ákæruvaldsins og mun því ekki hrófla við verkaskiptingu milli ákæruvalds og lögreglu annars vegar og annarra eftirlitsstofnana hins vegar, svo sem Fjármálaeftirlits og skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Þá er hlutverk hins sérstaka saksóknara gagnvart ríkissaksóknara skýrt; sá fyrrnefndi hefur stöðu og heimildir lögreglustjóra og ákæruvald sem lögreglustjóri, eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. frumvarpsins, og eftir gildistöku laga um meðferð sakamála verður hann hliðsettur héraðssaksóknara.

Eins og að framan er getið tók ríkissaksóknari ákvörðun um að hefjast handa við gerð skýrslu til að afla staðreynda um starfsemi íslenskra peninga- og fjármálastofnana. Hefur sú vinna sem þegar hefur verið innt af hendi leitt í ljós að nauðsynlegt sé að afla aðstoðar innlendra sem erlendra sérfræðinga við athugunina, sbr. bréf ríkissaksóknara til dóms- og kirkjumálaráðuneytis, dags. 6. nóvember 2008 (sjá fylgiskjal I). Það er mat ríkissaksóknara að það sé annmörkum háð að ráðast í slíkt verk sem skýrslugerðin er án þess að hafa áður afmarkað umfang og eðli rannsóknarinnar. Það mál sé í vinnslu eins og stendur. Afla þurfi tilboða og eftir atvikum ganga til samninga vegna verksins. Ríkissaksóknari bendir í þessu sambandi á þá ráðagerð að stofna embætti sérstaks saksóknara til að sjá um rannsókn og eftir atvikum saksókn þessara mála. Þegar það embætti væri komið á laggirnar tæki það yfir alla þætti málsins. Ríkissaksóknari tekur undir þörf þess að stofna embætti sérstaks saksóknara og telur að tryggja verði fjárveitingar svo það geti kostað sérfræðiaðstoð, bæði innlenda og erlenda.

Loks ber að geta þess að við samningu frumvarpsins var hugað að aðkomu Alþingis að rannsókn á hruni stærstu fjármálafyrirtækja landsins og upplýsingagjöf til þess um framgang mögulegra sakamálarannsókna. Í ræðu forsætisráðherra í umræðum á Alþingi 4. nóvember sl. um rannsókn á hræringum á fjármálamarkaði rifjaði hann upp að nokkrum dögum eftir að þeir atburðir hafi orðið sem í daglegu tali væru kallaðir hrun bankanna hafi hann greint frá því að af hans hálfu stæði til að láta rannsaka það mál til hlítar og gera um málið það sem kalla mætti á íslensku hvítbók. Orðrétt sagði forsætisráðherra síðan:

„Við forseti Alþingis höfum síðan rætt þetta mál og það hefur einnig verið rætt í ríkisstjórninni. Ég tel eðlilegt að Alþingi hafi þar ákveðna forustu og mun beita mér fyrir því í samstarfi við forseta Alþingis og vonandi forustumenn allra flokka á Alþingi að málinu verði komið í farveg sem ekki verði deilt um. Nóg er samt um þrætur og deilur í þjóðfélaginu út af þessu máli þó að sá þáttur málsins verði hafinn yfir slíkt. Ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir slíkri niðurstöðu og það verður velt við hverjum steini þegar að því kemur í þessari athugun, vænti ég. Við þurfum að fá til verksins einstaklinga sem allir geta treyst en við gætum hugsanlega jafnframt þurft að leita til erlendra sérfræðinga um aðstoð eða ráðgjöf á þessu sviði. Það er enginn áhugi á því að draga þetta mál eða tefja það. Það þarf að vanda undirbúninginn og gera þetta vel þannig að allir þingmenn, allir þingflokkar, allir aðilar í þjóðfélaginu sjái að það rétt og eðlilega sé að málinu staðið. Ég lagði strax upp með það í Morgunblaðsviðtali 12. október sl. og hef margítrekað á Alþingi að til stendur að gera það.“

Með vísan til þessara orða forsætisráðherra er ekki óeðlilegt að þeir sem Alþingi felur þessa úttekt leiti til hins sérstaka saksóknara eftir upplýsingum og samstarfi eftir því sem lög leyfa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að stofnað verði embætti sérstaks saksóknara til að annast rannsókn á grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda og í tengslum við atburði þá sem leiddu til setningar laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008, og eftir atvikum fylgja henni eftir með útgáfu ákæru og saksókn. Um er að ræða rannsókn og saksókn í málum sem að núgildandi lögum heyra undir ríkislögreglustjóra. Um stöðu hins sérstaka saksóknara gagnvart ríkissaksóknara fari eftir lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og lögum um meðferð sakamála, 88/2008, þegar þau lög taka gildi.

Í 2. mgr. eru rannsóknar- og ákæruheimildir embættisins nánar afmarkaðar þannig að þær taki meðal annars til efnahags-, auðgunar- og skattabrota, þar með talið brota sem rannsökuð eru af Samkeppniseftirlitinu og Fjármálaeftirlitinu og kærð eru til lögreglu á grundvelli ákvæða þeirra laga sem þar um gilda. Gert er ráð fyrir sömu verkaskiptingu milli þessa embættis og skattrannsóknarstjóra ríkisins, Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins og nú er í gildi á milli þessara embætta og ríkislögreglustjóra, í samræmi við lög sem um starfsemi þessara stofnana gilda, en í samkeppnislögum, nr. 44/2005, og lögum á sviði fjármálamarkaðar, sbr. lög um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, nr. 55/2007, er kveðið á um að þau brot sem þar er fjallað um sæti aðeins opinberri rannsókn að undangengnum kærum Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins.

Í 3. og 4. mgr. er áréttað að frá stofnun embættis sérstaks saksóknara muni það taka við rannsókn þeirra mála sem heyra undir embættið skv. 1. og 2. mgr. hvort sem þau mál hafa borist lögreglu eða ákæruvaldi fyrir eða eftir gildistöku laganna. Ætla má að ríkissaksóknara,

ríkislögreglustjóra og eftir atvikum öðrum lögreglustjórum kunni að berast kærur vegna meintrar háttsemi sem fellur undir eða tengist 1. og 2. mgr. þessarar greinar áður en embættið tekur til starfa eða eftir það. Því er gert ráð fyrir að ríkissaksóknari geti, á grundvelli heimilda sinna í 5. mgr. 27. gr. laga um meðferð opinberra mála og 3. mgr. 21. gr. laga um meðferð sakamála, falið hinum sérstaka saksóknara rannsókn og eftir atvikum útgáfu ákæru og saksókn vegna sakarefna sem borist hafa öðrum lögregluembættum og tengjast framangreindu hlutverki hins sérstaka saksóknara. Með ákvæðum 3. og 4. mgr. er í engu verið að raska lögbundinni verkaskiptingu milli lögreglu og eftirlitsstofnana.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að skipað verði í embætti hins sérstaka saksóknara svo fljótt sem verða má eftir að frumvarpið verður að lögum og embættið taki þá þegar til starfa.

Þar sem gert er ráð fyrir að embættinu verði komið á fót tímabundið eru lögð til tvenns konar frávik frá skipunartíma embættismanna í 2. mgr.

Í 3. mgr. er lagt til að hinn sérstaki saksóknari hafi bæði rannsóknar- og saksóknarhlutverki að gegna. Undir stjórn hans munu starfa lögreglumenn og því er mikilvægt að hann hafi almennar heimildir lögreglustjóra samkvæmt lögreglulögum. Þar sem gert er ráð fyrir að embætti hins sérstaka saksóknara verði komið á fót fyrir gildistöku sakamálalaga er lagt til að hinn sérstaki saksóknari hafi ákæruvald sem lögreglustjóri skv. 1. mgr. 25. gr. laga um meðferð opinberra mála fram til gildistöku sakamálalaganna. Eftir gildistöku laga um meðferð sakamála er hins vegar ráðgert að staða hins sérstaka saksóknara skuli vera hliðsett stöðu héraðssaksóknara skv. 18. gr. þeirra laga, en hann skuli þá áfram jafnframt hafa stöðu lögreglustjóra.

Gert er ráð fyrir að hinn sérstaki saksóknari hafi stöðu forstöðumanns en í því felst meðal annars að hann ræður annað starfsfólk embættisins. Erfitt er að sjá fyrir hversu viðamikil verkefni embættisins verða og er því gert ráð fyrir að starfsmannafjöldi þróist í takt við umfang verkefnanna. Gert er ráð fyrir að fastir starfsmenn verði í upphafi aðeins þrír til fjórir auk héraðssaksóknara, þ.e. tveir lögreglumenn, viðskiptafræðingur með endurskoðunarréttindi og haldgóða reynslu af alþjóðlegri fjármálastarfsemi og eftir atvikum almennur skrifstofumaður. Nauðsynlegt er að starfsmenn hafi góða tungumálakunnáttu og alþjóðlega menntun eða tengsl. Gera má ráð fyrir að á árinu 2009 verði starfsmenn orðnir 10 talsins.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt þykir að kveða sérstaklega á um að löglærðir starfsmenn sérstaks saksóknara fari með lögregluvald skv. 1. mgr. 9. gr. lögreglulaga. Sérstaklega á þetta við eftir gildistöku laga um meðferð sakamála þegar forstöðumaður embættisins mun fá stöðu hliðsetta stöðu héraðssaksóknara. Gert er ráð fyrir að aðrir sérfræðingar embættisins fái takmarkað lögregluvald sem felist í heimildum til að annast skýrslutökur á rannsóknarstigi af sakborningum og vitnum samkvæmt nánari ákvörðun hins sérstaka saksóknara. Nauðsynlegt er að lögfræðingar embættisins og viðskiptamenntaðir starfsmenn hafi heimildir til að annast skýrslutökur á rannsóknarstigi einir eða með lögreglumönnum.

Enn fremur er gert ráð fyrir því að hinn sérstaki saksóknari geti leitað til erlendra sem innlendra sérfræðinga eftir þörfum. Heimild til að leita til sérfróðra aðila við rannsókn máls má reyndar þegar finna í 1. mgr. 70. gr. laga um meðferð opinberra mála, sbr. og 1. mgr. 86. gr. laga um meðferð sakamála, og er ákvæðið þessu til áréttingar.

Um 4. gr.

Lagt er til að ríkissaksóknara verði heimilt, að tillögu hins sérstaka saksóknara, að falla frá saksókn á hendur þeim starfsmanni eða stjórnarmanni fyrirtækis sem hefur frumkvæði að því að láta lögreglu eða saksóknara í té upplýsingar eða gögn vegna brota sem tengjast fyrirtækinu og tengdum fyrirtækjum, svo og æðstu stjórnendum þeirra, ef talið er líklegt að þessar upplýsingar eða gögn geti leitt til rannsóknar eða sönnunar á brotum sem falla undir rannsóknar- og ákæruvald sérstaks saksóknara samkvæmt lögum þessum eða séu mikilvæg viðbót við fyrirliggjandi sönnunargögn. Gert er ráð fyrir ströngum skilyrðum fyrir beitingu þessarar heimildar, nánar tiltekið að rökstuddur grunur liggi fyrir um að gögnin eða upplýsingarnar tengist alvarlegum brotum, fyrirséð sé að sök þess sem lætur slíkt í té sé mun minni en sök þess eða þeirra sem gögnin eða upplýsingarnar beinast gegn og ástæða sé til að ætla að án þeirra reynist torvelt að færa fram fullnægjandi sönnur fyrir brotunum.

Ákvæði þetta á sér nokkra fyrirmynd í 3. mgr. 42. gr. samkeppnislaga sem heimilar Samkeppniseftirlitinu að láta vera að kæra til lögreglu refsiverða háttsemi manna sem að eigin frumkvæði hafa látið í té upplýsingar eða gögn að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Almennar heimildir til að fella niður saksókn er nú að finna í 113. gr. laga um meðferð opinberra mála, sbr. 146. gr. sakamálalaga. Í f-lið 2. mgr. 113. gr. laga nr. 19/1991 og í d-lið 3. mgr. 146. gr. laga nr. 88/2008 er að finna heimildir til að fella niður mál ef sérstaklega stendur á og almannahagsmunir krefjast ekki málshöfðunar. Að baki því ákvæði sem hér er lagt til að verði tekið í lög býr það sjónarmið að brýnir almannahagsmunir geti krafist þess að ákveðið verði að falla frá saksókn í slíkum tilvikum í þeim tilgangi að unnt verði að afla sönnunargagna um alvarleg efnahagsbrot sem nánast útilokað væri að færa sönnur á með öðru móti.

Sönnunarbyrði í sakamálum hvílir á ákæruvaldi og í flóknum og umfangsmiklum efnahagsbrotamálum getur reynst afar erfitt að tryggja sönnur fyrir refsiverðri háttsemi. Ætla má að framburðir starfsmanna sem sjálfir liggja undir grun um þátttöku í brotum geti gegnt lykilhlutverki í að skýra og tengja saman fyrirliggjandi gögn og þar með að tryggja sönnur á refsiverðri háttsemi sem tengist flóknum viðskiptum. Dómstólar munu svo eiga síðasta orðið um mat á sönnunargildi slíkra framburða eins og annarra sönnunargagna.

Um 5. gr.

Að öðru leyti en mælt er fyrir um í frumvarpinu er lagt til að um starfsemi embættisins gildi almenn ákvæði lögreglulaga og laga um meðferð opinberra mála en eftir brottfall þeirra ákvæði laga um meðferð sakamála. Um rannsókn og eftir atvikum saksókn einstakra mála er þannig ekki gert ráð fyrir neinum öðrum frávikum frá almennum reglum um meðferð sakamála en fram koma í lögunum. Allar meginreglur sakamálaréttarfars munu því gilda um rannsókn og saksókn mála af hálfu hins sérstaka saksóknara. Staða ríkissaksóknara gagnvart hinum sérstaka saksóknara verður hin sama og gagnvart öðrum handhöfum ákæruvalds.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að embætti sérstaks saksóknara starfi aðeins tímabundið. Dómsmálaráðherra hefur þannig heimild til þess að leggja embættið niður eftir 1. janúar 2010 og flytja verkefni þess til hinna almennu rannsóknar- og saksóknaraembætta. Í lögum um meðferð sakamála er gert ráð fyrir að héraðssaksóknari fari með ákæruvald í þeim málum sem undir embætti hins sérstaka saksóknara heyra samkvæmt frumvarpi þessu. Þegar

embætti hins sérstaka saksóknara verður lagt niður færist því ákæruvald í þessum málum sjálfkrafa til héraðssaksóknara.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Bréf ríkissaksóknara til dóms- og kirkjumálaráðuneytis.
(6. nóvember 2008.)

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðherra, dagsettu 14. þ.m., til ríkissaksóknara var staðfest ákvörðun mín um að ríkissaksóknari myndi hafa forystu um gerð skýrslu um stöðu og starfsemi íslenskra peninga- og fjármálastofnana auk aðdraganda hinna miklu umskipta sem orðið hafa á rekstrinum. Markmiðið var að draga upp heildarmynd af stöðunni, þ.e. að afla staðreynda um starfsemi bankanna Glitnis hf., Landsbanka Íslands hf. og Kaupþings hf., útibúa þeirra og fyrirtækja í þeirra eigu, tilfærslu eigna, einkum á síðustu mánuðum starfseminnar í þeim tilgangi að kanna hvort einhver háttsemi hefði átt sér stað sem gæfi tilefni til lögregluransóknar. Fram kom í bréfinu að dóms- og kirkjumálaráðuneyti féllst á að ríkissaksóknari fengi til liðs við sig fulltrúa frá embætti skattrannsóknarstjóra, fjármálaeftirliti og ríkisendurskoðun. Var þess vænst að þessari vinnu yrði lokið eigi síðar en í árslok 2008.

Í bréfinu kom jafnframt fram, að á vegum ráðuneytisins væri unnið að löggjöf um stofnun sérstaks embættis sem ætlað væri að sjá um rannsóknir og eftir atvikum saksókn vegna þeirra réttarbrota, sem kynnu að koma í ljós í tengslum við þá atburði, sem orðið hafa í starfsemi fjármálstofnana.

Með bréfi ríkissaksóknara dags. 23. október sl. var Boga Nilssyni, fyrrverandi ríkissaksóknara, formlega falið að stýra verkinu í umboði ríkissaksóknara og hófst hann þegar handa við gagnaöflun og undirbúningsvinnu.

Með bréfi, dagsettu 4. þ.m., tilkynnti Bogi Nilsson að hann hefði ákveðið að hætta starfinu þar sem hann taldi sig ekki lengur njóta nægilegs almenns trausts til að sinna því. Í bréfinu kemur fram að hann telji að ákæruvaldið hafi ekki á að skipa starfsmönnum sem geti innt af hendi þá sérfræðilegu athugun sem nauðsynleg sé til verksins enda flest eða öll stærstu endurskoðunarfyrirtæki landsins með einum eða öðrum hætti tengd eftirliti og endurskoðun á íslensku bönkunum eða helstu viðskiptavinum þeirra. Þá hafi margir íslenskir hagfræðingar og aðrir sérfræðingar á sviði bankamála tjáð sig um bankahrunið í fjölmiðlum. Í raun séu örfáir ef nokkrir hér á landi sem búa yfir sérfræðiþekkingu til að sinna nákvæmri úttekt á starfsemi bankanna síðustu mánuðina og geta um leið talist óvilhallir og trúverðugir í því starfi. Eigi fullt traust og trúverðugleiki að ríkja um umrædda athugun á vegum ríkissaksóknara, verði því að leita til erlendra óháðra sérfræðinga. Greinargerðir og niðurstöður hinna erlendu sérfræðinga geta síðan orðið lyklar að sakarefnum sem lögreglunni ber að rannsaka. Kostnaður við slíka könnun yrði mjög mikill og því nauðsynlegt að afla tryggingar fyrir því hjá fjárveitingavaldi, áður en útboð færi fram, að sá kostnaður yrði greiddur.

Undir þessi orð get ég heilshugar tekið enda gerði ég allsherjarnefnd Alþingis grein fyrir því á fundi með nefndinni 23. október sl. að megin áhersla í athugun embættisins væri lögð

á að kortleggja stöðuna og afla gagna auk þess að verið væri að kanna með aðstoð erlendra sérfræðinga.

Leitað hefur verið til ríkissaksóknara á Norðurlöndunum, um reynslu þeirra á þessu sviði og vitneskju varðandi erlenda aðila, forensic autitors, til að sinna slíku verki. Þá hefur verið rætt við bæði innlenda og erlenda sérfræðinga um verkið. Þau viðtöl hafa sannfært mig enn frekar um nauðsyn slíkrar aðstoðar. Hins vegar hafa þau einnig leitt í ljós annmarka á því að ráðast í slíkt gríðarlegt verk án þess að hafa áður afmarkað umfang og eðli rannsóknarinnar. Aðeins sé unnt að leita tilboða í verkið þegar það liggur fyrir. Það mál er í vinnslu sem stendur. Þegar það liggur fyrir þarf að afla fjárheimilda til að leita tilboða og eftir atvikum til að ganga til samninga við slíka aðila.

Eins og fram kemur í upphafi bréfs míns var vinnu ríkissaksóknara á þessu stigi markaður þröngur tímarammi, þ.e. til ársloka 2008 í síðasta lagi. Ástæðan var, eins og fram hefur komið, að fyrirhugað var að setja þegar í stað á stofn sérstakt embætti til að sjá um rannsókn og eftir atvikum saksókn þessara mála. Þegar þetta embætti væri komið á laggirnar tæki það yfir alla þætti málsins. Ríkissaksóknari tekur undir að þörf sé á að stofna embættið við slíkar aðstæður sem nú eru uppi og nauðsyn þess að það taki sem fyrst til starfa. Vert er að huga sérstaklega að því að tryggja fjárveitingu svo að embættið verði í stakk búið til að sinna hlutverki sínu, s.s. til að kosta sérfræðiaðstoð erlenda sem innlenda.

Mér er ljóst eftir viðræður við Fjármálaeftirlit og fleiri aðila að sem stendur er unnið markvisst að því að afla staðreynda um bankahrunið.

Með vísan til þessa sem hér hefur verið rakið hef ég ákveðið að aðhafast ekkert frekar að sinni en bíða framvindu frumvarps um sérstakan saksóknara samkvæmt tillögu dómsmálaráðherra.

Vert er að benda á að Fjármálaeftirlitinu ber að vísa til lögreglu meiri háttar brotum á lögum og reglum sem stofnuninni hefur verið falið að framfylgja. Þá getur sérhver, sem telur að framið hafi verið refsivert brot í starfsemi bankanna, kært slíka háttsemi til lögreglu, þar með talið efnahagsbrotadeildar eða Fjármálaeftirlits.

Valtýr Sigurðsson.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun sérstaks rannsóknar- og saksóknaraembættis.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnað verði sérstakt embætti saksóknara til að annast rannsókn á grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda og í tengslum við fjárþrot fjármálafyrirtækja og eftir atvikum að fylgja henni eftir með útgáfu ákæru og saksókn. Markmiðið er að efla traust almennings á fjármálakerfinu. Með lögum nr. 125 frá 7. október 2008, svonefndum neyðarlögum, er mælt fyrir um stjórnvaldsheimildir við óvenjulegar og sérstakar aðstæður á fjármálamarkaði. Lögin veita mjög víðtækar heimildir til að bregðast við áföllum sem dunið hafa á fjármálamarkaði, bæði hérlendis og erlendis, og er ætlað að tryggja virkni fjármálakerfisins og efla traust almennings á því. Þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu

kalla á að brugðist sé við með sértækum lausnum til skamms tíma. Frumvarp þetta er sniðið að þeim aðstæðum og er ekki ætlað að vera varanleg ráðstöfun til lengri tíma, heldur að embætti sérstaks saksóknara starfi tímabundið og við niðurlagningu þess hverfi verkefni embættisins til annarra saksóknara- og lögregluembætta í samræmi við almenn ákvæði lögreglulaga og laga um meðferð sakamála.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins kemur fram að gert er ráð fyrir að sérstakur saksóknari hafi stöðu forstöðumanns og ráði meðal annars starfsfólk að embættinu. Erfitt er að sjá fyrir hversu viðamikil verkefni embættisins verða en gert er ráð fyrir að í upphafi verði fastir starfsmenn þrír til fjórir og að á árinu 2009 verði þeir orðnir samtals níu. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið gerir í rekstraráætlun um embættið ráð fyrir að kostnaður falli til smám saman og verði 50 m.kr. árið 2009 miðað við að starfsemin verði komin að fullu í gang næsta vor. Á ársgrundvelli eru útgjöld miðað við níu starfsmenn talin verða 76 m.kr. Miðast það við að launakostnaður vegna saksóknara, lögfræðings, fjögurra lögreglumanna, endurskoðanda og tveggja skrifstofumanna verði 65 m.kr., húsaleiga 4 m.kr., aðkeypt þjónusta 2 m.kr. og annar rekstrarkostnaður 5 m.kr. Bent er á að í þessari áætlunin er ekki reiknað með aðkeyptri sérfræðivinnu vegna rannsóknarinnar, til að mynda vinnu erlendra sérfræðinga, sem kann að falla til hjá nýja embættinu eða öðrum eftirlits- og rannsóknaraðilum þar sem fjöldi og umfang rannsókna liggur ekki fyrir. Þá er ekki talinn með málskostnaður sem óhjákvæmilega hlýtur að falla til verði um ákærur að ræða. Á þessu stigi er ekki unnt að segja fyrir um hvort rannsóknir muni leiða til þess að gefnar verði út ákærur og hafinn málarekstur vegna þeirra eða um kostnaðinn sem kynni að hljótast af því.

Samkvæmt 6. gr. frumvarpsins er gert sé ráð fyrir að dómsmálaráðherra hafi heimild til að leggja embættið niður eftir 1. janúar 2010 og flytja verkefni þess til hinnar almennu rannsóknar- og saksóknaraembætta ef þau verða enn þá einhver á því stigi.

157. Frumvarp til laga [142. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Flm.: Árni Þór Sigurðsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Guðbjartur Hannesson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Gunnar Svavarsson, Höskuldur Þórhallsson.

1. gr.

5. mgr. 38. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn, sem kjörin er bundinni hlutfallskosningu, skal heimila framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn en eigi nær kjöri í byggðarráð að tilnefna fulltrúa til að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 40. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Sveitarstjórn, sem kjörin er bundinni hlutfallskosningu, skal heimila framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn en eigi nær kjöri í nefndir og ráð skv. 1. mgr. að tilnefna fulltrúa til að sitja fundi þeirra nefnda og ráða með málfrelsi og tillögurétti. Sveitarstjórn getur ákveðið

í samþykktum sínum, sbr. 10. gr., að ákvæði 1. málsl. gildi um fleiri nefndir og ráð á vegum sveitarfélagsins.

3. gr.

Í stað tilvísunarinnar „2. mgr. 40. gr.“ í 4. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna kemur: 3. mgr. 40. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 135. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Flutningsmenn voru þá Árni Þór Sigurðsson og Kolbrún Halldórsdóttir. Það er nú endurflutt í óbreyttri mynd.

Með frumvarpinu er lagt til að framboðsaðili sem á fulltrúa í sveitarstjórn geti ákveðið að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í nefndum og ráðum sveitarfélagsins, þ.m.t. byggðarráði, eigi hann ekki kjörinn fulltrúa í viðkomandi nefnd eða ráði. Samkvæmt gildandi lögum er sveitarstjórn í sjálfsvald sett hvort hún heimilar slíka áheyrnarfulltrúa. Reynslan sýnir að óvíða eru áheyrnarfulltrúar heimilaðir nema í byggðarráði en það er þó ekki sjálfgefið. Í Reykjavík hefur þó verið farin sú leið sem hér er lögð til, að framboðsaðilinn sjálfur ákveði hvort hann tilnefnir áheyrnarfulltrúa en er ekki háður samþykki sveitarstjórnar. Í samþykktum um stjórn og fundarsköp borgarstjórnar kemur fram að heimildin nær til borgarráðs og fagráða, en það eru átta helstu málefnaráð borgarinnar. 48. gr. samþykkta um stjórn og fundarsköp Reykjavíkurborgar hljóðar svo: „Borgarstjórn kýs fulltrúa í borgarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir og leysir þá frá störfum ef því er að skipta samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar og öðrum samþykktum borgarráðs. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver borgarfulltrúa óskar þess. Framboðslista, sem fulltrúa á í borgarstjórn, er heimilt að tilnefna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa til að sitja fundi borgarráðs eða fagráða skv. 61. gr. með málfrelsi og tillögurétt, enda eigi hann ekki fulltrúa í viðkomandi ráði. Starfsmenn fyrirtækja og stofnana Reykjavíkurborgar eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá. Borgarstjórn getur vikið frá þessu ákvæði ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starf viðkomandi einstaklings er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum þrátt fyrir nefndarsetu.“

Tillögunni sem hér er flutt er ætlað að auka lýðræði í sveitarfélögunum. Ljóst er að sú staða getur hæglega komið upp að framboðslisti sem fær t.d. 10% atkvæða eigi engan fulltrúa í byggðarráði eða öðrum ráðum og nefndum sveitarfélagsins ef viðkomandi aðili er í minni hluta í sveitarstjórn. Á sama tíma getur framboðslisti með mun minna fylgi hæglega átt sæti í öllum nefndum í gegnum meirihlutasamstarf. Þessi staða leiðir til lýðræðishalla sem full ástæða er til að vinna gegn. Fyrir kjósendur sem í hlut eiga á ekki að skipta máli hvort listinn sem þeir kjósa er í meirihlutasamstarfi eða ekki. Þeir eiga sama rétt og kjósendur annarra lista. Þessu er auðvelt að breyta með því að tryggja öllum sem á annað borð fá fulltrúa kjörinn í sveitarstjórn, rétt til að tilnefna áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétti í byggðarráð, sbr. 1. gr. frumvarpsins, og önnur ráð og nefndir sveitarfélaga, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Til nánari skýringar er í 2. gr. frumvarpsins lögð til breyting á 40. gr. laganna en í þeirri grein er fjallað um nefndir og ráð á fremur víðum grunni. Því er lagt til að ákvæðið um áheyrnaraðild einskorðist við nefndir og ráð skv. 1. mgr. 40. gr. laganna en þó geti sveitarstjórn

ákveðið í samþykktum sínum, sbr. 10. gr. laganna, að það gildi um fleiri nefndir og ráð á vegum sveitarfélagsins. Rétt er að taka fram að ákvæðið á ekki við um stjórnir skv. 40. gr. laganna. Í 3. gr. frumvarpsins er aðeins um lagatæknilega breytingu að ræða.

158. Fyrirspurn [143. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um aðgerðaáætlun gegn mansali.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hvað líður tillögum að aðgerðaáætlun gegn mansali sem áformað var að yrði tilbúin í apríl 2008?

159. Tillaga til þingsályktunar [144. mál]

um Smáríkjastofnun Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Arnbjörg Sveinsdóttir, Árni Þór Sigurðsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Bjarni Benediktsson, Ellert B. Schram,
Guðfinna S. Bjarnadóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Guðni Ágústsson,
Kolbrún Halldórsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson,
Lúðvík Bergvinsson, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra, í samráði við utanríkismálanefnd Alþingis, að kanna grundvöll þess að Ísland bjóðist til að hafa forustu um að byggja upp og hýsa stofnun um málefni smáríkja á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var áður lögð fram á 135. löggjafarþingi en kom ekki til umræðu. Tillagan er nú endurflutt óbreytt.

Frá því að tillagan var fyrst lögð fram hefur mikil gróska átt sér stað í rannsóknum hérlendis. Þannig hefur Rannsóknasetur um smáríki við Háskóla Íslands eflt samstarf sitt við fjölda annarra háskóla og alþjóðastofnana, m.a. smáríkjasamtök Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðabankann. Útlit er fyrir að þessi samvinna muni aukast enn á komandi missirum. Sú ánægjulega þróun eykur enn möguleika Íslands á að hýsa stofnun um málefni smáríkja á vegum Sameinuðu þjóðanna. Að öðru leyti er vísað til greinargerðarinnar sem fylgdi tillögunni á 135. löggjafarþingi:

„Á undanförnum árum hefur mátt merkja ákveðna vitundarvakningu um að Ísland eigi í auknum mæli að axla ábyrgð og hafi hlutverki að gegna í alþjóðasamfélaginu. Þessu ber að sjálfsögðu að fagna og það er meira en tímabært að Íslendingar leitist við að leggja sitt af mörkum í samræmi við aukin efni í stað þess að vera þiggjandi fremur en veitandi í samfélagi þjóðanna. Til marks um þessa viðhorfsbreytingu má nefna að fjárframlög til þróunarsam-

vinnu eru nú loks tekin að aukast þó að enn þurfi að gera miklu betur í þeim efnum. Virkari þátttaka Íslendinga í margs konar alþjóðasamvinnu, svo ekki sé minnst á framboð til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, er einnig þróun af sama toga.

Þegar lagðar eru línur um stöðu og hlutverk Íslands í alþjóðasamskiptum er mikilvægt að samþætta sjálfstraust og heilbrigðan metnað fyrir hönd lands og þjóðar án þess að menn ætli sér um of. Ætíð þarf að leggja raunsætt mat á hagsmuni Íslands í samskiptum þess við önnur ríki og ríkjasambönd. Þegar hagsmunir landsins eru gaumgæfðir í samanburði við önnur ríki blasir við að staða þess er dæmigerð fyrir smáríki.

Enginn algildur mælikvarði gildir raunar um hvenær ríki teljast til smáríkja eða til stærri ríkja. Stundum er miðað við að íbúatala smáríkja liggi undir 10 milljónum og teljast þau þá alls vera 116 sem er drjúgur meiri hluti allra sjálfstæðra ríkja. Einnig er rætt um smáríki sem ríki með færri en eina milljón íbúa og nemur fjöldi þeirra þá 44. Ýmsir fræðimenn hafa viljað gera greinarmun á smáríkjum og örríkjum (micro-state) sem hafa mjög fáa íbúa og/eða yfir mjög takmörkuðu landsvæði að ráða. Enda þótt t.d. Möltubúar séu fjórðungi fjölmennari en Íslendingar mundi gjörólíkt flatarmál ríkjanna þannig skipa Möltu á bekk með örríkjum en Íslandi með smáríkjum.

Hvað sem skilgreiningaratriðum líður er ljóst að um Ísland gilda svipuð lögmál og önnur smáríki. Yfirleitt eru þau berskjölduð gagnvart efnahagslegum þvingunum, hvað þá hervaldi, sem stærri ríki, einkum nágrannaríki, geta beitt þau og þurfa á alþjóðastofnunum að halda og skuldbindingum sem þau gangast undir til þess að tryggja öryggi sitt og efnahagslega hagsmuni. Það gefur því auga leið að smáríki hafa mikinn hag af því að gæta sameiginlegra hagsmuna sinna og þurfa að eiga sér viðeigandi vettvang og geta beitt árangursríkum aðferðum til þess.

Ýmsar kenningar hafa verið uppi um almenna stöðu smáríkja í alþjóðasamskiptum. Sameiginleg einkenni smáríkja hafa þó enn sem komið er ekki verið nægilega rannsökuð. Þannig ríkir lítil sátt um hvort ein efnahagsstefna henti smáríkjum almennt séð betur en aðrar, t.d. hvort þau eigi að sérhæfa sig í fáum útflutningsafurðum. Að sama skapi hefur það verið álitamál hversu umsvifamikla utanríkisþjónustu smáríki eigi að reka. Á það hefur verið bent að styrkur smáríkja getur falist í öðru en mætti stórvelda, svo sem í því að vera vel stjórnað, vera öðrum þjóðum góð fyrirmynd í lýðræðislegum stjórnarháttum, umhverfisstefnu og fleiru.

Segja má að aðstæður smáríkja hafi að undanförnu tekið þónokkrum breytingum. Eftir lok kalda stríðsins liðuðust ýmis sambandsríki í sundur og virðist þorri þegna þeirra heldur hafa kosið að lýsa yfir sjálfstæði og stofna smáríki í staðinn, þrátt fyrir þá ókosti sem því getur fylgt. Þannig hefur smáríkjum farið fjölgandi. Að sumu leyti er nú auðveldara fyrir smáríki að standa á eigin fótum en var fyrir einhverjum áratugum síðan. Kemur þar ýmislegt til: Alþjóðastofnanir hafa að mestu leyti staðið ágætlega vörð um rétt og öryggi smáríkja, samgöngur og þar með milliríkjaviðskipti eru orðin auðveldari og smáríkjum er smæðin því minni fjötur um fót.

Nauðsynlegt er að huga vel að þessari margháttuðu þróun. Á undangengnum áratugum hafa sérfræðingar á sviði alþjóðastjórnmála sinnt smáríkjum langtum minna en samskiptum stórvelda. Þó virðast hin fyrrnefndu njóta aukins áhuga stjórnmálafræðinga eins og Rannsóknasetur um smáríki við Háskóla Íslands ber vott um. Með enn meðvitaðri hætti en áður þyrfti að huga í senn að sameiginlegum hagsmunum smáríkja sem og að auknum rannsóknum á þróun þeirra og tækifærum í breyttum heimi.

Fyrir utan að sinna hagsmunum smáríkja ætti smáríkjastofnun að vera vettvangur til að efla samstarf smáríkja sín á milli. Slíkt samstarf væri ekki aðeins æskilegt vegna þess að smáríki í svipaðri stöðu geta margt lært hvert af öðru, heldur líka vegna þess að í samskiptum smárra ríkja og stærri er hættan alltaf sú að sambandið einkennist af ójafnvægi þar sem hinn stóri nær fram vilja sínum á kostnað þess sem minni er. Samstarf smáríkja mundi á hinn bóginn einkennast af valdajafnvægi sem ekki er alltaf kostur á í öðru alþjóðasamstarfi og betur sameinuð en nú er yrðu smáríkin sterkari í samskiptum út á við.

Eitt af því sem aukið samstarf smáríkja gæti haft í för með sér er sameiginlegar rannsóknir og þekkingarmiðlun á þróun smáríkja víða um heim, ekki síst í efnahagslegu og félagslegu tilliti. Ísland er nú þegar fyrirmynd margra annarra smáríkja. Það eru ekki síst lítil og fátæk eyríki, einkum í Kyrrahafi og Karíbahafi, sem horfa til Íslands eftir ráðgjöf um það hvernig hægt sé að brjótast undan fátækt, gera einhæfan iðnað fjölbreyttari og ná áhrifum á alþjóðavettvangi. Eðli málsins samkvæmt eru mörg lítil eyríki í sömu aðstæðum og við Íslendingar vorum og erum að vissu marki enn; þau nýta fyrst og fremst auðlindir sjávar, og hafa þannig ríkra hagsmuna að gæta í alþjóðlegum hafréttarsamningum, og hafa mun færri valkosti í samgöngumálum og eru mjög háðar flugi um farþegaflutninga og skipasiglingum um þungaflutninga. Ekki þarf að velkjast í vafa um að Íslendingar hefðu margt fram að færa í því samhengi og það væri myndarleg viðbót við það þróunarstarf sem nú þegar fer fram á vegum utanríkisráðuneytisins að bæta við ráðgjöf til lítilla þróunarríkja.

Ekki má gleyma því hlutverki sem Ísland hefur að gegna í samstarfi á norðurslóðum þar sem stofnun Vilhjálms Stefánssonar og Háskólinn á Akureyri eru ásamt stofnunum Heimskautaráðsins, PAME og CAFF, í lykilhlutverki. Nú þegar er starfrækt Rannsóknarþing norðursins sem sinnir rannsóknum er tengjast ýmsum hliðstæðum þáttum og smáríkjastofnun mundi sinna. Má nefna umhverfismál, öryggismál, félagslega stefnumótun og áhrif hnattrænna breytinga á viðkomandi svæðum. Smáríkjastofnun á vegum Sameinuðu þjóðanna væri rökrétt og lofsverð útvíkkun á þessari starfsemi.

Öllum má ljóst vera að í tilviki smáríkja er það viðvarandi og krefjandi verkefni að viðhalda eigin tungumáli og menningu. Engum dylst að á undanförnum árum hefur margbreytileiki tungumála og menningar minnkað vegna yfirgnæfandi áhrifa frá stórum mál- og menningarsamfélögum. Smáríkjastofnun gæti haft það hlutverk m.a. að leita leiða til að varðveita fjölbreytileikann sem fyrirfinnst meðal hinna mörgu smáríkja heims. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, alþjóðlegt starf hennar og góður orðstír, leggur nú þegar góðan grunn að þessum þætti.

Það færi vel á því að Ísland, sem lengi vel var smæsta sjálfstæða ríkið sem var fullgildur aðili að Sameinuðu þjóðunum, skipaði sér í fremstu röð og yrði ein af miðstöðvum aukins samstarfs smáríkja. „Smáríkjastofnun Sameinuðu þjóðanna á Íslandi“ gæti t.d. vaxið út úr Rannsóknasetri um smáríki við Háskóla Íslands og orðið sjálfstæð alþjóðastofnun fyrir frumkvæði og með rausnarlegum stuðningi gistilandsins Íslands. Rétt væri að leita samstarfs við sambærilegar stofnanir í öðrum löndum, en af þeim má nefna Rannsóknarstofnunina um eyjar og smáríki (Islands and Small States Institute) við Háskólann á Möltu og Samstarfsnet smárra vanþróaðra eyríkja (Small Island Developing States Network).

Það væri myndarbragur á því ef hér sæti framkvæmdastjóri Smáríkjastofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem þess vegna gæti verið einn af aðstoðarframkvæmdastjórum Sameinuðu þjóðanna, og hér færi fram ýmis starfsemi sem tengdist smáríkjum, sjálfsstjórnarsvæðum, minnihlutahópum og réttindum þeirra og loks varðveisla tungumála og menningar smáþjóða eða lítilla mál- og menningarsvæða. Þannig gæti Ísland sannarlega lagt sitt af mörkum sem boð-

beri þeirrar friðsamlegu, lýðræðislegu og lögmætu alþjóðasamvinnu sem smáríki eiga allt undir.

Að lokum er rétt að taka fram að frumkvæði Íslands að slíkri stofnun fengi án nokkurs vafa jákvæð viðbrögð hjá mörgum þjóðum heims, ekki síst þeim fjölmörgu ríkjum sem telja sig til smáríkja. Ætti vinskapur og velvild þessara ríkja að vera markmið í sjálfu sér fremur en til dæmis liður í kosningabaráttunni í tengslum við framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Hvort sem tillaga af þessu tagi yrði samþykkt eða ekki á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, þá væri flutningur hennar sem slíkur án nokkurs vafa jákvætt innlegg í átt að auknu samstarfi smáríkja innan samtakanna og meiri samstöðu þeirra á meðal.“

160. Frumvarp til laga [119. mál]

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr.,11. nóv.)

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir afturköllun starfsleyfis skv. 6. tölul. 1. mgr. er þeim sem annast skiptastjórn þrotabús fjármálafyrirtækis heimilt, með samþykki og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, að annast áfram tiltekna leyfisbundna starfsemi að svo miklu leyti sem hún er nauðsynleg vegna bústjórnar og ráðstöfunar hagsmuna þrotabús.

2. gr.

Við 98. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Veiti héraðsdómari fjármálafyrirtæki heimild til greiðslustöðvunar skv. 12. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skal heimildin veitt til ákveðins dags og stundar innan tólf vikna frá uppkvaðningu úrskurðarins. Fallist héraðsdómari á framlengingu greiðslustöðvunar skv. 17. gr. sömu laga skal þing haldið til að taka málefnið fyrir á ný innan níu mánaða frá því að beiðni um framlengingu var lögð fram á dómþingi. Héraðsdómari getur þó aldrei heimilað greiðslustöðvun í lengri tíma en alls 24 mánuði talið frá því þinghaldi þegar heimild var veitt skv. 1. málsl. Fundarboð skv. 2. mgr. 13. gr. og tilkynning skv. 5. mgr. 17. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. telst fullnægjandi ef hún er birt í að minnsta kosti tveimur dagblöðum hér á landi og í hverju þeirra ríkja þar sem útibú hafa verið rekin.

Lögmaður eða löggiltur endurskoðandi sem ráðinn hefur verið af fjármálafyrirtæki til að aðstoða við að koma nýrri skipan á fjármál þess, sbr. 10. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, skal ekki vera skaðabótaskyldur vegna ákvarðana og aðgerða sinna sem aðstoðarmaður nema um sé að ræða brot af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

3. gr.

3. mgr. 103. gr. laganna orðast svo:

Þegar ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. miða réttaráhrif við frestdag skal við skipti á búi fjármálafyrirtækis frestdagur miðast við það tímamark er Fjármálaeftirlitið veitti því frest að hætti 4. mgr. 86. gr. eða skipaði því skilanefnd á grundvelli 100. gr. a, en ef hvorugt af

þessu er undanfari skipta skal miðað við þann dag sem héraðsdómara berst krafa Fjármálaeftirlitsins skv. 1. eða 2. mgr. 102. gr.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Leiti fjármálafyrirtæki eftir heimild til greiðslustöðvunar eða framlengingar greiðslustöðvunar samkvæmt kröfu Fjármálaeftirlitsins á grundvelli 100. gr. a skal slík heimild veitt án tillits til ákvæða 4. og 6. tölul. 2. mgr. 12. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ef heimild til greiðslustöðvunar hefur verið veitt á grundvelli 2. mgr. 98. gr. laganna fyrir gildistöku laga þessara, en fundur með lánardrottnum skv. 1. mgr. 13. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. hefur enn ekki farið fram, er héraðsdómara heimilt að fenginni rökstuddri beiðni skuldara að fresta þegar ákveðinni fyrirtöku en þó ekki til lengri tíma en kveðið er á um í 1. málsl. 3. mgr. 98. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga þessara. Skal héraðsdómari fallast á beiðni um frest nema hann telji hana augljóslega tilefnislausa. Fallist héraðsdómari á beiðni skuldara skal hann framlengja greiðslustöðvunina með úrskurði skv. 4. mgr. 17. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

161. Frumvarp til laga [145. mál]

um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun reglna við samruna og skiptingu).

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI

Lög um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 122. gr. laganna bætist ný málsgrein, 5. mgr., sem orðast svo:

Ef allir hluthafar í samrunafélögum samþykkja er þess ekki krafist að óháðir, sérfróðir matsmenn geri skýrslu um samrunaáætlunina, m.a. um endurgjald fyrir hluti, sbr. 1.–3. mgr.

2. gr.

5. tölul. 5. mgr. 124. gr. laganna orðast svo: Skýrsla matsmanna og yfirlýsing skv. 122. gr. nema neytt sé undanþágu skv. 5. mgr. þeirrar greinar.

3. gr.

Í stað orðanna „1.–3. mgr. 122. gr.“ í 130. gr. laganna kemur: 1.–3. og 5. mgr. 122. gr.

4. gr.

133. gr. d í lögunum fellur brott.

5. gr.

Í stað orðanna „Ákvæði 133. gr. a – 133. gr. f“ í 4. mgr. 133. gr. g í lögunum kemur: Ákvæði 133. gr. a – c og 133. gr. e – f.

II. KAFLI

Lög um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum.

6. gr.

Við 97. gr. laganna bætist ný málsgrein, 5. mgr., sem orðast svo:

Ef allir hluthafar í samrunafélögum samþykkja er þess ekki krafist að endurskoðandi eða skoðunarmaður geri skýrslu um samrunaáætlunina, m.a. um endurgjald fyrir hluti, sbr. 1.–3. mgr.

7. gr.

5. tölul. 5. mgr. 99. gr. laganna orðast svo: skýrsla endurskoðanda eða skoðunarmanns og yfirlýsing skv. 97. gr. nema neytt sé undanþágu skv. 5. mgr. þeirrar greinar.

8. gr.

Í stað orðanna „1.–3. mgr. 97. gr.“ í 105. gr. laganna kemur: 1.–3. og 5. mgr. 97. gr.

9. gr.

107. gr. e í lögunum fellur brott.

10. gr.

Í stað orðanna „Ákvæði 107. gr. b – 107. gr. g“ í 4. mgr. 107. gr. h í lögunum kemur: Ákvæði 107. gr. b – d og 133. gr. f.

11. gr.

Með lögum þessum er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/63/EB frá 13. nóvember 2007 um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/855/EBE og 82/891/EBE að því er varðar kröfu um skýrslu óháðs sérfræðings í tengslum við samruna eða skiptingu hlutafélaga.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem samið er í viðskiptaráðuneytinu, felur í sér innleiðingu EES-reglna um einföldun ákvæða við samruna og skiptingu hlutafélaga, nánar tiltekið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/63/EB frá 13. nóvember 2007 um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/855/EB og 82/891/EB að því er varðar kröfu um skýrslu óháðs sérfræðings í tengslum við samruna eða skiptingu hlutafélaga. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn

með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992.

Tilskipunin tekur til hlutafélaga en gert er ráð fyrir samsvarandi breytingum til einföldunar í lögum um einkahlutafélög og í lögum um hlutafélög enda ákvæði um samruna og skiptingu svipuð í báðum lögunum. Breytingar má rekja til breytinga á 3. og 6. félagaréttartilskipuninni sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn og leiddu á sínum tíma til breytinga á hlutafélagalöggjöf hér á landi. Breytingarnar á almennum ákvæðum um samruna og skiptingu leiða síðan til þess að gera þarf samtímis smávægilegar breytingar á ákvæðum framangreindra laga um millilandasamruna og millilandaskiptingu þar sem reglur eru einfaldari fyrir, sbr. lög nr. 54/2007, um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (millilandasamruni og millilandaskipting).

Ákvæðin eiga rætur sínar að rekja til áætlunar Evrópusambandsins um að draga úr stjórnsýslubyrðum. Þótt 3. og 6. félagaréttartilskipunin hafi miðað að því að vernda lánardrottna og hluthafa í minni hluta við samruna og skiptingu er talið að nægilegs öryggis verði gætt með nýju ákvæðunum. Gert er ráð fyrir samþykki allra hluthafa til að sleppa megi viðkomandi skýrslugjöf utanaðkomandi aðila og er því talið að ákvæðin dragi helst úr kostnaði hjá litlum félögum, t.d. við samruna innan samstæðu. Má þá nefna tvö systurfélög sem einn og sami hluthafi á. Slíkur samruni getur alloft átt sér stað. Þunginn í ákvæðum hlutafélagalöggjafarinnar snýr að innanlandssamruna en í ákvæðum um millilandasamruna er almennt vísað til ákvæðanna um innanlandssamruna. Í ákvæðum um millilandaskiptingu er almennt vísað í ákvæði um innanlandsskiptingu og þau ákvæði vísa jafnvel til ákvæða um innanlandssamruna eftir því sem við á.

Gert er ráð fyrir að nýju ákvæðin nái til samruna og skiptingar sem ákvörðun verður tekin um eftir gildistöku fyrirhugaðra laga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er að finna sams konar undanþágu frá skyldu til að láta óháða, sérfróða matsmenn gera skýrslu um samrunaáætlun, m.a. um endurgjald fyrir hluti, og er nú í 133. gr. d í lögum um hlutafélög um millilandasamruna.

Vegna tilvísunar 133. gr. laga um hlutafélög um skiptingu í 122. gr. sömu laga um samruna þarf ekki að kveða sérstaklega á um framangreinda undanþágu með tilliti til skiptingar.

Um 2. og 3. gr.

Þessar greinar fela í sér nauðsynlegar breytingar vegna breytinga skv. 1. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Grein þessi um undanþágu frá því að óháðir, sérfróðir matsmenn geri skýrslu um samrunaáætlun við millilandasamruna verður óþörf eftir fyrirhugaða breytingu á lögunum með frumvarpi þessu, þ.e. vegna tilvísunar í 122. gr. laga um hlutafélög þar sem eru almenn ákvæði um undanþáguna hvort sem um samruna er að ræða innan lands eða milli landa.

Um 5. gr.

Þessi breyting er tæknilegs eðlis þar eð gert er ráð fyrir að 133. gr. d í lögum um hlutafélög verði felld niður.

Um 6.–10. gr.

Greinar þessar geyma tillögur um svipaðar breytingar til einföldunar á lögum um einkahlutafélög og felast í ákvæðum frumvarpsins um breytingar á lögum um hlutafélög.

Um 11. gr.

Í greininni er tilgreind sú EES-gerð sem innleiða á í lög hér á landi og gert ráð fyrir heimild til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar varðandi upptöku hennar í EES-samninginn.

Um 12. gr.

Greinin geymir ákvæði um gildistöku.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun reglna við samruna og skiptingu).

Frumvarp þetta felur í sér innleiðingu á EES-reglum er hafa það að markmiði að einfalda ákvæði núgildandi laga er snúa að samruna og skiptingu hlutafélaga.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

162. Svar [97. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um stöðu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

1. *Hvernig hefur inngreiðslum í sjóðinn verið háttað frá árinu 2000, sundurliðað eftir árum til og með árinu 2007, og það sem af er þessu ári, og aðgreint fyrir innstæðudeild og verðbréfadeild?*

Almennt um greiðslur í innstæðudeild.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, skal heildareign innstæðudeildar sjóðsins að lágmarki nema 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Nái heildareign ekki 1% lágmarkinu skulu allir viðskiptabankar og sparisjóðir greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til sjóðsins sem nemur 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári, nema lægri upphæð dugi til að ná 1% markinu.

Ef greiðsla á 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna dugar ekki til að ná 1% lágmarkinu skal hver viðskiptabanki og sparisjóður leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu. Í yfirlýsingunni skal hver viðskiptabanki og sparisjóður ábyrgjast að hann muni inna af hendi sérstaka greiðslu til deildarinnar þegar henni ber að endurgreiða innstæður í einhverjum viðskiptabanka eða

sparisjóði sem aðild á að sjóðnum. Ábyrgðaryfirlýsingin skal hljóða upp á sama hlutfall þeirrar fjárhæðar er vantar á lágmarkið og nemur hlutfalli tryggðra innstæðna hlutaðeigandi af samanlögðum tryggðum innstæðum. Kröfur um innborgun í deildina á grundvelli ábyrgðaryfirlýsinga geta þó ekki verið hærri á ári hverju en sem nemur einum tíunda af lágmarksstærð sjóðsins.

Nýr viðskiptabanki eða sparisjóður skal greiða sérstaklega til deildarinnar 1. mars ár hvert frá því að hann hefur starfsemi hér á landi 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári þar til 1% lágmarkinu er náð. Auk þess leggur hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður fram ábyrgðaryfirlýsingu sem stjórn sjóðsins metur gilda fyrir mismun á greiðslu til sjóðsins og lágmarkinu.

Almennt um greiðslur í verðbréfadeild.

Í 7. gr. laga nr. 98/1999 segir að heildareign verðbréfadeildar Tryggingarsjóðs skuli að lágmarki nema 100 millj. kr. Ef heildareign sjóðsins nær ekki því lágmarki skulu aðildarfyrirtæki greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til sjóðsins sem nemur samtals 20 millj. kr., þar til sjóðurinn hefur náð tilskilinni lágmarksstærð. Hvert aðildarfyrirtæki skal greiða lágmarksgjald að fjárhæð 50.000 kr. Árleg greiðsla að frádregnu lágmarksgjaldi skiptist í tvo jafna hluta eftir eftirfarandi gjaldstofnum:

1. Hlut aðildarfyrirtækis í samanlagðri fjárhæð verðbréfaviðskipta aðildarfyrirtækja á næstliðnu ári við þá viðskiptavini sem tryggðir eru.
2. Hlut aðildarfyrirtækis í samanlögðum fjölda viðskiptareikninga hjá aðildarfyrirtækjum í tengslum við viðskipti með verðbréf.

Ef þessar greiðslur duga ekki til þess að heildareign deildarinnar nái 100 millj. kr. lágmarkinu skal hvert aðildarfyrirtæki leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu. Í yfirlýsingunni skal hvert aðildarfyrirtæki ábyrgjast að það muni inna af hendi sérstaka greiðslu til deildarinnar þegar henni ber að endurgreiða verðbréf eða reiðufé í einhverju fyrirtæki sem aðild á að sjóðnum. Skal ábyrgðaryfirlýsingin hljóða upp á sama hlutfall þeirrar fjárhæðar er vantar á lágmarkið og nemur hlutfalli greiðslna aðildarfyrirtækis af samanlögðum greiðslum allra aðildarfyrirtækja við fyrstu greiðslu eftir að ljóst er að heildareign deildarinnar nær ekki tilskildu lágmarki. Kröfur um innborgun í deildina á grundvelli ábyrgðaryfirlýsinga geta á ári hverju þó ekki verið hærri en sem nemur einum fimmta af lágmarksstærð sjóðsins.

Nýtt aðildarfyrirtæki sem nýtir sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf í samræmi við lög um verðbréfaviðskipti skal greiða sérstaklega til deildarinnar 1. mars ár hvert í fimm ár frá því að það hefur starfsemi hér á landi. Greiðslan skal nema því hlutfalli af 20 millj. kr. sem nemur hlutfalli þess í gjaldstofnum. Greiðslan skal innt af hendi í fyrsta sinn fullu ári eftir upphaf starfseminnar. Auk þess leggur hlutaðeigandi fyrirtæki fram ábyrgðaryfirlýsingu sem jafngildir fjórfaldri greiðslu fyrsta ársins.

Greiðslur í sjóðinn frá 2000 til 2007.

Við stofnun Tryggingarsjóðs 28. desember 1999 yfirtók sjóðurinn eignir og skuldbindingar Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og innstæðudeildar Tryggingarsjóðs sparisjóða. Innheimta árgjalda hófst á árinu 2000. Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir greiðslur til Tryggingarsjóðs vegna áranna 2000 til og með 2007. Allar fjárhæðir í töflunni eru í þús. kr.

Ár	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Verðbréfadeild	20.000	20.000	20.000	20.000	19.950	20.000	14.325	0	786
Innstæðudeild	0	0	0	366.415	459.371	506.498	914.054	1.315.767	2.537.393
Samtals	20.000	20.000	20.000	386.415	479.321	526.498	928.379	1.315.767	2.538.179

2. *Hvert hefur verið hlutfall raunverulegra inngreiðslna og hlutfall ábyrgðaryfirlýsinga, sundurliðað eftir árum á sama hátt?*

Eins og fram kemur í svari við 1. tölul. er lögbundið hvernig innheimtu í sjóðinn skal háttað, en í lögum nr. 98/1999 kemur skýrt fram að ekki má innheimta meira en sem nemur 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári.

Í svari við 1. tölul. er sundurliðað hvernig inngreiðslum í verðbréfadeild og innstæðudeild var háttað á árunum 2000–2007.

Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir ábyrgðaryfirlýsingum sem gefnar voru út á þessum árum í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laganna. Allar fjárhæðir í töflunni eru í þús. kr.

Ár	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Verðbréfadeild	79.000	56.000	35.000	40.000	35.000	14.000	0	0	0
Innstæðudeild	0	0	0	0	0	0	111.690	656.987	6.045.000

Eftirfarandi er sundurliðun á hlutfalli inngreiðslna og ábyrgðaryfirlýsinga í innstæðudeild og verðbréfadeild á árunum 2000–2007. Allar fjárhæðir í töflunum eru í þús. kr.

Innstæðudeild

Ár	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Inngreiðslur	0	0	0	366.415	459.371	506.498	914.054	1.315.767	2.537.393
Ábyrgðaryfirlýsingar	0	0	0	0	0	0	111.960	656.987	6.045.000

Verðbréfadeild

Ár	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Inngreiðslur	20.000	20.000	20.000	20.000	19.950	20.000	14.325	0	786
Ábyrgðaryfirlýsingar	79.000	56.000	35.000	40.000	35.000	14.000	0	0	0

3. *Hvernig hafa heildareignir innstæðudeildar sjóðsins staðist viðmið um að þær nemi að lágmarki 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári á hverju ári fyrir sig á ofangreindu tímabili?*

Í ársreikningum áranna 2003 til og með 2007 kemur fram að heildareignir innstæðudeildar nái ekki því lágmarki sem tilgreint er í 6. gr. laganna og þess vegna skuli innheimt og gefnar út ábyrgðaryfirlýsingar svo því lágmarki verði náð. Hefur sjóðurinn í kjölfarið séð til þess að aðildarfyrirtækin inni af hendi greiðslur í samræmi við 1. mgr. 6. gr. laganna og gefi út ábyrgðaryfirlýsingar í samræmi við 2. mgr. sama ákvæðis. Um hlutföll á milli inngreiðslna og ábyrgðaryfirlýsinga vísast í svar við 2. tölul.

4. *Hefur ákvæðum um viðbótargreiðslur sem nemur 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna verið beitt, sundurliðað eftir árum á þessu tímabili með sama hætti?*

Vísað er til svars við 1. tölul. þar sem fram kemur hvernig greiðslum í sjóðinn hefur verið háttað á tímabilinu 2000–2007. Ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 98/1999 hefur verið beitt þegar lagaskilyrði til þess hafa verið uppfyllt.

5. *Hefur komið til vanskila á inngreiðslum, sundurliðað á þessu tímabili, og ef svo er hverjir hafa átt í hlut?*

Ekki hefur komið til vanskila á inngreiðslum á þessu tímabili.

6. *Hverjir hafa annast fjárvörslu fyrir sjóðinn á ofangreindu tímabili og með hvaða skilmálum?*

Í mars 2000 var gerður samningur á milli Seðlabanka Íslands og Tryggingarsjóðs um rekstur og vörslu sjóðsins, en þar kom meðal annars fram að Seðlabankinn hefði eftirlit með vörslu verðbréfa sjóðsins og að stjórn sjóðsins tæki ákvarðanir um ávöxtun á fé og ráðstöfun eigna hans. Síðar á árinu 2000 var útboð um fjárvörslu eigna sjóðsins og var óskað eftir tilboðum frá níu fyrirtækjum á grundvelli fjárfestingarstefnu sem samþykkt hafði verið af stjórn sjóðsins. Tilboð bárust frá átta aðilum og voru þau metin af ráðgjöfum sjóðsins. Í febrúar 2001 var gengið frá samningum um fjárvörslu og ávöxtun eigna sjóðsins við Búnaðarbankann – verðbréf og Landsbankann – verðbréf. Fjárvarsla sjóðsins var í höndum þessara tveggja aðila, þ.e. annars vegar Landsbankans og hins vegar Búnaðarbankans og síðar KB banka og Kaupþings banka, fram til ársins 2007 þegar nýir samningar við MP fjárfestingarbanka og Kaupþing banka tóku gildi.

Samningar um fjárvörslu fela almennt í sér það markmið Tryggingarsjóðs og fjárvörsluaðila að tryggja góða ávöxtun og öryggi eigna Tryggingarsjóðs með því að beita markvissum aðgerðum við ávöxtun fjármuna sjóðsins í samræmi við fjárfestingarstefnu hans. Fjárvörsluaðilinn tekur til vörslu, ávöxtunar og umsýslu þá fjármuni sem sjóðurinn afhendir honum, en kveðið er nánar á um þjónustu og skyldur fjárvörsluaðilans í viðkomandi samningum. Gert er ráð fyrir að fjárvörsluaðili láti Tryggingarsjóði í té upplýsingar um vörslu eigna sjóðsins, ávöxtun og fleiri atriði með reglulegu millibili. Í samningunum er jafnframt m.a. mælt fyrir um þóknun til fjárvörsluaðila, ábyrgð fjárvörsluaðila og hvernig haga skal samskiptum eignastýranda og Tryggingarsjóðs.

7. *Hver hefur verið fjárfestingarstefna sjóðsins, sundurliðað á ofangreindu tímabili, og hvert hefur verið hlutfall eigna sjóðsins í innlendum ríkisskuldabréfum, erlendum ríkisskuldabréfum og erlendum hlutabréfum á hverju ári um sig?*

2000.

Ekki liggja fyrir gögn um fjárfestingarstefnu sjóðsins á árinu 2000.

Eftirfarandi tafla sýnir hlutfall innlendra ríkisskuldabréfa, erlendra ríkisskuldabréfa og erlendra hlutabréfa. Tölur eru í þús. kr.

Tegund bréfa	**Innstæðudeild**	**Verðbréfadeild**
Innlend ríkisskuldabréf	2.931.176	19.424
Erlend ríkisskuldabréf	0	0
Erlend hlutabréf	0	0

2001.

Eignir sjóðsins voru í fjárvörslu samkvæmt samningum þar um hjá Búnaðarbankanum – verðbréfum og Landsbankanum – verðbréfum.

Fjárfestingarstefna sjóðsins var í meginatriðum að innlend ríkisskuldabréf væru 25–55% af eignum sjóðsins, erlend ríkisskuldabréf 35–60% og erlend hlutabréf 0–15%.

Eftirfarandi tafla sýnir hlutfall innlendra ríkisskuldabréfa, erlendra ríkisskuldabréfa og erlendra hlutabréfa í innstæðudeild og verðbréfadeild. Tölur eru í þús. kr.

Tegund bréfa	Innstæðudeild	Verðbréfadeild
Innlend ríkisskuldabréf	1.789.156	32.081
Erlend ríkisskuldabréf	1.411.682	9.185
Erlend hlutabréf	113.390	738

2002.

Eignir sjóðsins voru í fjárvörslu samkvæmt samningum þar um hjá Búnaðarbankanum – verðbréfum og Landsbankanum – Landsbréfum.

Fjárfestingarstefna sjóðsins var í meginatriðum að innlend ríkisskuldabréf væru 30–60% af eignum sjóðsins, erlend ríkisskuldabréf 30–55% og erlend hlutabréf 0–15%.

Eftirfarandi tafla sýnir hlutfall innlendra ríkisskuldabréfa, erlendra ríkisskuldabréfa og erlendra hlutabréfa í innstæðudeild og verðbréfadeild. Tölur eru í þús. kr.

Tegund bréfa	Innstæðudeild	Verðbréfadeild
Innlend ríkisskuldabréf	1.864.315	53.721
Erlend ríkisskuldabréf	1.065.782	7.063
Erlend hlutabréf	344.600	2.284

2003.

Eignir sjóðsins voru í fjárvörslu samkvæmt samningum þar um hjá KB banka – verðbréfum og Landsbankanum – Landsbréfum.

Fjárfestingarstefna sjóðsins var í meginatriðum að innlend ríkisskuldabréf væru 30–75% af eignum sjóðsins, erlend ríkisskuldabréf 15–55% og erlend hlutabréf 0–15%.

Eftirfarandi tafla sýnir hlutfall innlendra ríkisskuldabréfa, erlendra ríkisskuldabréfa og erlendra hlutabréfa í innstæðudeild og verðbréfadeild. Tölur eru í þús. kr.

Tegund bréfa	Innstæðudeild	Verðbréfadeild
Innlend ríkisskuldabréf	2.648.364	61.599
Erlend ríkisskuldabréf	759.239	17.659
Erlend hlutabréf	436.147	10.144

2004.

Eignir sjóðsins voru í fjárvörslu samkvæmt samningum þar um hjá KB banka – verðbréfum og Landsbankanum – Landsbréfum.

Fjárfestingarstefna sjóðsins var í meginatriðum að innlend ríkisskuldabréf væru 30–75% af eignum sjóðsins, erlend ríkisskuldabréf 15–55% og erlend hlutabréf 0–15%.

Eftirfarandi tafla sýnir hlutfall innlendra ríkisskuldabréfa, erlendra ríkisskuldabréfa og erlendra hlutabréfa í innstæðudeild og verðbréfadeild. Tölur eru í þús. kr.

Tegund bréfa	Innstæðudeild	Verðbréfadeild
Innlend ríkisskuldabréf	3.158.022	79.930
Erlend ríkisskuldabréf	875.138	22.150
Erlend hlutabréf	475.394	12.032

2005.

Eignir sjóðsins voru í fjárvörslu samkvæmt samningum þar um hjá Kaupþingi banka og Landsbankanum.

Fjárfestingarstefna sjóðsins var í meginatriðum að innlend ríkisskuldabréf væru 30–75% af eignum sjóðsins, erlend ríkisskuldabréf 15–55% og erlend hlutabréf 0–15%.

Eftirfarandi tafla sýnir hlutfall innlendra ríkisskuldabréfa, erlendra ríkisskuldabréfa og erlendra hlutabréfa í innstæðudeild og verðbréfadeild. Tölur eru í þús. kr.

Tegund bréfa	Innstæðudeild	Verðbréfadeild
Innlend ríkisskuldabréf	2.786.100	64.006
Erlend ríkisskuldabréf	1.471.038	33.676
Erlend hlutabréf	848.146	19.416

2006.

Eignir sjóðsins voru í fjárvörslu samkvæmt samningum þar um hjá Kaupþingi banka og Landsbankanum.

Fjárfestingarstefna sjóðsins kvað í meginatriðum á um að óheimilt væri að hafa vægi ríkisskuldabréfa lægra en 70% af vörslufé, en með því var bæði átt við innlend og erlend ríkisskuldabréf. Þá var gert ráð fyrir að lágmarksvægi innlendra skuldabréfa með ríkistryggingu væri 30%.

Eftirfarandi tafla sýnir hlutfall innlendra ríkisskuldabréfa, erlendra ríkisskuldabréfa og erlendra hlutabréfa í innstæðudeild og verðbréfadeild. Tölur eru í þús. kr.

Tegund bréfa	Innstæðudeild	Verðbréfadeild
Innlend ríkisskuldabréf	3.283.059	64.231
Erlend ríkisskuldabréf	2.651.023	51.865
Erlend hlutabréf	911.753	17.838

2007.

Eignir sjóðsins voru í fjárvörslu samkvæmt samningum þar um hjá Kaupþingi banka og MP fjárfestingarbanka.

Fjárfestingarstefna sjóðsins var í meginatriðum að innlend ríkisskuldabréf væru 30–75% af eignum sjóðsins, erlend ríkisskuldabréf 15–55% og erlend hlutabréf 0–15%.

Eftirfarandi tafla sýnir hlutfall innlendra ríkisskuldabréfa, erlendra ríkisskuldabréfa og erlendra hlutabréfa í innstæðudeild og verðbréfadeild. Tölur eru í þús. kr.

Tegund bréfa	Innstæðudeild	Verðbréfadeild
Innlend ríkisskuldabréf	4.768.339	78.400
Erlend ríkisskuldabréf	2.826.075	46.466
Erlend hlutabréf	797.847	13.118

2008.

Fjárfestingarstefna sjóðsins var í meginatriðum að innlend ríkisskuldabréf væru 30–75% af eignum sjóðsins, erlend ríkisskuldabréf 15–55% og erlend hlutabréf 0–15%.

Eftirfarandi tafla sýnir hlutfall innlendra ríkisskuldabréfa, erlendra ríkisskuldabréfa og erlendra hlutabréfa í innstæðudeild og verðbréfadeild miðað við 30. september 2008, en upplýsingarnar liggja enn sem komið er ekki fyrir sundurliðaðar milli deilda. Tölur eru í þús. kr.

Tegund bréfa	Innstæðudeild og verðbréfadeild
Innlend ríkisskuldabréf	7.866.332
Erlend ríkisskuldabréf	6.429.387
Erlend hlutabréf	707.539

8. *Hefur sjóðurinn tapað fé sem ávaxtað var í erlendum hlutabréfum, sundurliðað eftir árum, og hvernig hefur slík ávöxtun þróast?*

Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um ávöxtun af erlendum hlutabréfum í eigu sjóðsins sundurliðað eftir árum eða um þróun slíkrar ávöxtunar. Hins vegar er vísað til meðfylgjandi ársreikninga sjóðsins 2000–2007 þar sem gerð er grein fyrir eignum sjóðsins í verðbréfum, þar á meðal erlendum hlutabréfum.

9. *Hver var heildareign deilda sjóðsins 1. september sl. og hvaða hlutfall var hún í tilviki innstæðudeildar af öllum tryggðum innstæðum aðildarfyrirtækja sjóðsins, sbr. 3. gr. laga nr. 98/1999?*

Heildareign sjóðsins í fjárvörslu miðað við 30. september 2008 nam að markaðsverðmæti 15.003.257.642 kr. og jafnframt voru 70.621.113 kr. á bankareikningum utan fjárvörslu.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta aflar einungis upplýsinga um innstæður aðildarfyrirtækja sjóðsins eftir hver áramót í tengslum við ákvörðun um það hvort innheimta þurfi í sjóðinn á grundvelli 6. og 7. gr. laga nr. 98/1999. Rétt er að taka fram að Seðlabankinn safnar reglulega saman og gefur út upplýsingar um innlán í íslenskum bankastofnunum, en endurskoðendur sjóðsins fara yfir þær upplýsingar og meta hvaða hlutfall af þessum innlánum eru tryggð í skilningi laga nr. 98/1999. Endurskoðendur hafa ekki farið yfir upplýsingar vegna ársins 2008 og hefur sjóðurinn því ekki undir höndum upplýsingar um heildarfjárhæð tryggðra innstæðna aðildarfyrirtækja 1. september sl.

10. *Hvaða upplýsingum öðrum en að ofan er beðið um er varða stöðu og starfsemi sjóðsins telur ráðherra rétt að koma á framfæri við Alþingi?*

Framangreindar upplýsingar eru tæmandi um inngreiðslur í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta og fjárhagsstöðu sjóðsins.

Fylgiskjal I.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta

Ársreikningur 2000

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta var stofnaður 28. desember 1999 og er árið 2000 því fyrsta starfsár hans. Samkvæmt samþykktum sjóðsins starfar hann í tveimur deildum með aðskilinn fjárhag og reikningshald, innstæðudeild og verðbréfadeild. Einnig er sjóðnum heimilt að starfrækja sérstaka lánadeild.

Við stofnun yfirtók sjóðurinn eignir og skuldbindingar Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og Innstæðudeild Tryggingasjóðs sparisjóða. Samkvæmt lögum nr. 98/1998 sem gilda um sjóðinn skulu heildareignir innstæðudeildar nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári og uppfyllir sjóðurinn það skilyrði í árslok 2000. Á árinu 2000 hófst innheimta árgjalda vegna verðbréfadeildar. Samkvæmt ákvæðum um verðbréfadeildina í framangreindum lögum skulu heildareignir deildarinnar nema að lágmarki 100 millj. kr. Í árslok námu eignirnar 21 millj. kr. en aðildarfyrirtækin hafa gefið út ábyrgð að fjárhæð 79 millj. kr. en hún mun lækka á næstu fjórum árum samhliða því að greitt verður til sjóðsins. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort lánadeild verður stofnuð.

Stjórn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og ritari stjórnar staðfesta ársreikning sjóðsins fyrir árið 2000 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 26. febrúar 2001.

Stjórn:

STAÐFESTING VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Viðskiptaráðuneytinu 26. febrúar 2001.

Valgerður Sverrisdóttir
Viðskiptaráðherra

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Við höfum endurskoðað ársreikning Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta fyrir árið 2000. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning innstæðudeildar, efnahagsreikning innstæðudeildar, skýringar nr. 1-6 vegna innstæðudeildar, rekstrarreikning verðbréfadeildar, efnahagsreikning verðbréfadeildar og skýringar 1-5 vegna verðbréfadeildar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athugun á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2000 og efnahag hans 31. desember 2000 í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 26. febrúar 2001.

KPMG Endurskoðun hf.

Rekstrarreikningur ársins 2000 – innstæðudeild

	Skýr.	2000
Tekjur:		
Árgjöld		0
Vaxtatekjur og verðbætur		94.235.425
		94.235.425
Gjöld:		
Laun og launatengd gjöld		3.107.757
Annar rekstrarkostnaður		2.729.037
Fjármagnstekjuskattur		687.960
		6.524.754
Tekjur umfram gjöld	6	87.710.671

Efnahagsreikningur 31. desember 2000 - innstæðudeild

Eignir

	Skýr.	31.12.2000	1.1.2000
Bankainnstæður og verðbréf:			
Seðlabanki Íslands, bankainnstæða		16.571.709	1.286.940
Sparisjóðabanki Íslands hf., bankainnstæða		1.364.247	32.117.747
Víkjandi lán	4	5.500.000	11.000.000
Önnur verðbréf	3,5	2.987.747.109	2.884.706.384
		3.011.183.065	2.929.111.071
Aðrar kröfur:			
Verðbréfadeild		6.488.754	0
Eignir samtals		3.017.671.819	2.929.111.071

Skuldir og eigið fé

		31.12.2000	1.1.2000
Skammtímaskuldir:			
Lánadeild Tryggingarsjóðs viðskiptabanka		1.250.000	1.250.000
Fjármagnstekjuskattur		52.812.165	52.542.088
Aðrar skammtímaskuldir		580.000	
		54.642.165	53.792.088
Eigið fé:			
Eigið fé	6	2.963.029.654	2.875.318.983
Skuldir og eigið fé samtals		3.017.671.819	2.929.111.071

Skýringar – innstæðudeild

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

2. Áhrif verðlagsbreytinga á stöðu peningalegra eigna og skulda eru hvorki reiknuð né færð í ársreikninginn.

3. Verðbréfaeign sjóðsins er færð á markaðsverði.

Víkjandi lán

4. Sjóðurinn hefur veitt Sparisjóði Kópavogs víkjandi lán en í árslok 2000 var bókfært verð þess 5.500 þús. kr. Lánið greiðist upp á árinu 2001.

Önnur verðbréf

5. Önnur verðbréf greinast þannig:

	31.12.2000	1.1.2000
Spariskírteini ríkissjóðs	2.466.352.497	2.374.314.980
Húsnæðisbréf	307.358.950	334.100.410
Húsbréf	149.575.625	113.198.800
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hf.	56.571.568	55.935.500
Hlutafjársjóður	7.888.469	7.156.694
	2.987.747.109	2.884.706.384

Eigið fé

6. Breytingar á eigin fé greinast þannig:

Eigið fé 1.1.2000	2.875.318.983
Tekjur umfram gjöld 2000	87.710.671
Eigið fé 31.12.2000	2.963.029.654

Rekstrarreikningur ársins 2000 – verðbréfadeild

	Skýr.	2000
Tekjur:		
Ársgjöld		20.000.000
Vaxtatekjur og verðbætur		1.380.817
		21.380.817
Gjöld:		
Laun og launatengd gjöld		13.850
Annar rekstrarkostnaður		12.162
Fjármagnstekjuskattur		14.339
		40.351
Tekjur umfram gjöld	4	21.340.466

Efnahagsreikningur 31. desember 2000 – verðbréfadeild

Eignir

	Skýr.	2000
Bankainnstæður og verðbréf:		
Seðlabanki Íslands, bankainnstæða		8.405.220
Húsbréf	3	19.424.000
		27.829.220
Eignir samtals		27.829.220

Skuldir og eigið fé

		2000
Skammtímaskuldir:		
Skuld við innstæðudeild		6.488.754
Eigið fé:		
Eigið fé	4	21.340.466
Skuldir og eigið fé samtals		27.829.220

Skýringar - verðbréfadeild

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

2. Áhrif verðlagsbreytinga á stöðu peningalegra eigna og skulda eru hvorki reiknuð né færð í ársreikninginn.

3. Verðbréfaeign sjóðsins er færð á markaðsverði.

Eigið fé

4. Breytingar á eigin fé greinast þannig:

Tekjur umfram gjöld 2000	21.340.466
Eigið fé 31.12.2000	21.340.466

Ábyrgðarskuldbindingar

5. Þar sem heildareignir verðbréfadeildar hafa ekki náð 100 millj. kr. hafa aðildarfyrirtækin lagt fram ábyrgðaryfirlýsingu um að þau muni inna af hendi sérstaka greiðslu til deildarinnar komi til þess að henni beri að endurgreiða verðbréf eða reiðufé í einhverju fyrirtæki sem á aðild að sjóðnum. Ábyrgðin nemur í árslok 79 millj. kr.

Fylgiskjal II.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta

Ársreikningur 2001

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta var stofnaður 28. desember 1999 og er árið 2001 því annað starfsár hans. Samkvæmt samþykktum sjóðsins starfar hann í tveimur deildum með aðskilinn fjárhag og reikningshald, innstæðudeild og verðbréfadeild. Einnig er sjóðnum heimilt að starfrækja sérstaka lánadeild.

Við stofnun yfirtók sjóðurinn eignir og skuldbindingar Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og Innstæðudeild Tryggingasjóðs sparisjóða. Samkvæmt lögum nr. 98/1999 sem gilda um sjóðinn skulu heildareignir innstæðudeildar nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári og uppfyllir sjóðurinn það skilyrði í árslok 2001. Í febrúar sl. var gengið frá fjárvörslusamningum um fjárvörslu og ávöxtun eigna sjóðsins við Búnaðarbankann-verðbréf og Landsbankann-verðbréf að undangengnu útboði sem átta fyrirtæki í verðbréfaþjónustu tóku þátt í á grundvelli fjárfestingarstefnu sem samþykkt var af stjórn sjóðsins. Fjárfestingarstefna sjóðsins er að innlend ríkisskuldabréf séu 25-55% af eignum sjóðsins, 35-60% erlend ríkisskuldabréf og 0-15% erlend hlutabréf. Á árinu 2001 var innheimtur annar hluti árgjalda vegna verðbréfadeildar. Samkvæmt ákvæðum um verðbréfadeildina í framangreindum lögum skulu heildareignir deildarinnar nema að lágmarki 100 millj. kr. Í árslok námu eigirnar 44 millj. kr. en aðildarfyrirtækin hafa gefið út ábyrgð að fjárhæð 56 millj. kr. en hún mun lækka á næstu þremur árum samhliða því að greitt verður til sjóðsins. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort lánadeild verður stofnuð.

Stjórn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og ritari stjórnar staðfesta ársreikning sjóðsins fyrir árið 2001 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 24. janúar 2002.

Stjórn:

STAÐFESTING VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Viðskiptaráðuneytinu 24. janúar 2002.

Valgerður Sverrisdóttir

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Við höfum endurskoðað ársreikning Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta fyrir árið 2001. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning innstæðudeildar, efnahagsreikning innstæðudeildar, skýringar nr. 1-5 vegna innstæðudeildar, rekstrarreikning verðbréfadeildar, efnahagsreikning verðbréfadeildar og skýringar 1-6 vegna verðbréfadeildar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athugun á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2001 og efnahag hans 31. desember 2001 í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 24. janúar 2002.

KPMG Endurskoðun hf.

Rekstrarreikningur ársins 2001 – innstæðudeild

	Skýr.	2001	2000
Tekjur:			
Vaxtatekjur og verðbætur		427.863.440	94.235.425
		427.863.440	94.235.425
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld		4.880.225	3.107.757
Annar rekstrarkostnaður		2.954.435	2.729.037
Fjármagnstekjuskattur		40.364.766	687.960
		48.199.426	6.524.754
Tekjur umfram gjöld	5	379.664.014	87.710.671

Efnahagsreikningur 31. desember 2001 - innstæðudeild

Eignir

	Skýr.	31.12.2001	31.12.2000
Bankainnstæður og verðbréf:			
Seðlabanki Íslands, bankainnstæða		39.128.517	16.571.709
Sparisjóðabanki Íslands hf., bankainnstæða		0	1.364.247
Víkjandi lán		0	5.500.000
Önnur verðbréf	3,4	3.375.702.210	2.987.747.109
		3.414.830.727	3.011.183.065
Aðrar kröfur:			
Verðbréfadeild		96.794	6.488.754
Tryggingasjóður sparisjóða		1.631.126	0
		1.727.920	6.488.754
Eignir samtals		3.416.558.647	3.017.671.819

Skuldir og eigið fé

		31.12.2001	31.12.2000
Skammtímaskuldir:			
Lánadeild Tryggingarsjóðs viðskiptabanka		1.250.000	1.250.000
Fjármagnstekjuskattur		69.825.840	52.812.165
Aðrar skammtímaskuldir		2.789.139	580.000
		73.864.979	54.642.165
Eigið fé:			
Eigið fé	5	3.342.693.668	2.963.029.654
Skuldir og eigið fé samtals		3.416.558.647	3.017.671.819

Skýringar – innstæðudeild

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

2. Áhrif verðlagsbreytinga á stöðu peningalegra eigna og skulda eru hvorki reiknuð né færð í ársreikninginn.

3. Verðbréfaeign sjóðsins er færð á markaðsverði.

Önnur verðbréf

4. Önnur verðbréf greinast þannig:

	2001	2000
Innlend ríkisskuldabréf	1.789.156.036	2.931.175.541
Erlend ríkisskuldabréf	1.411.682.349	0
Erlend hlutabréf	113.390.118	0
Önnur innlend skuldabréf	61.473.707	56.571.568
	3.375.702.210	2.987.747.109

Eigið fé

5. Breytingar á eigin fé greinast þannig:

Eigið fé 1.1.2001	2.963.029.654
Tekjur umfram gjöld 2001	379.664.014
Eigið fé 31.12.2001	3.342.693.668

Rekstrarreikningur ársins 2001 – verðbréfadeild

	Skýr.	2001	2000
Tekjur:			
Ársgjöld		20.000.000	20.000.000
Vaxtatekjur og verðbætur		2.896.756	1.380.817
		22.896.756	21.380.817
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld		44.091	13.850
Annar rekstrarkostnaður		26.692	12.162
Fjármagnstekjuskattur		286.115	14.339
		356.898	40.351
Tekjur umfram gjöld	5	22.539.858	21.340.466

Efnahagsreikningur 31. desember 2001 – verðbréfadeild

Eignir

	Skýr.	2001	2000
Bankainnstæður og verðbréf:			
Seðlabanki Íslands, bankainnstæða		2.014.664	8.405.220
Verðbréf	3,4	42.004.552	19.424.000
Aðrar kröfur		208.415	0
		44.227.631	27.829.220
Eignir samtals		44.227.631	27.829.220

Skuldir og eigið fé

		2001	2000
Skammtímaskuldir:			
Skuld við innstæðudeild		96.794	6.488.754
Fjármagnstekjuskattur		250.513	0
		347.307	6.488.754
Eigið fé:			
Eigið fé	5	43.880.324	21.340.466
Skuldir og eigið fé samtals		44.227.631	27.829.220

Skýringar - verðbréfadeild

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

2. Áhrif verðlagsbreytinga á stöðu peningalegra eigna og skulda eru hvorki reiknuð né færð í ársreikninginn.

3. Verðbréfaeign sjóðsins er færð á markaðsverði.

Önnur verðbréf

4. Önnur verðbréf greinast þannig:

	2001	2000
Innlend ríkisskuldabréf	32.081.340	19.424.000
Erlend ríkisskuldabréf	9.185.415	0
Erlend hlutabréf	737.797	0
	42.004.552	19.424.000

Eigið fé

5. Breytingar á eigin fé greinast þannig:

Eigið fé 1.1. 2001	21.340.466
Tekjur umfram gjöld 2001	22.539.858
Eigið fé 31.12.2001	43.880.324

Ábyrgðarskuldbindingar

6. Þar sem heildareignir verðbréfadeildar hafa ekki náð 100 millj. kr. hafa aðildarfyrirtækin lagt fram ábyrgðaryfirlýsingu um að þau muni inna af hendi sérstaka greiðslu til deildarinnar komi til þess að henni beri að endurgreiða verðbréf eða reiðufé í einhverju fyrirtæki sem á aðild að sjóðnum. Ábyrgðin nemur í árslok 56 millj. kr.

Fylgiskjal III.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta

Ársreikningur 2002

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta var stofnaður 28. desember 1999 og er árið 2002 því þriðja starfsár hans. Samkvæmt samþykktum sjóðsins starfar hann í tveimur deildum með aðskilinn fjárhag og reikningshald, innstæðudeild og verðbréfadeild. Einnig er sjóðnum heimilt að starfrækja sérstaka lánadeild.

Við stofnun yfirtók sjóðurinn eignir og skuldbindingar Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og Innstæðudeild Tryggingarsjóðs sparisjóða. Samkvæmt lögum nr. 98/1999 sem gilda um sjóðinn skulu heildareignir innstæðudeildar nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári og uppfyllir sjóðurinn það skilyrði ekki í árslok 2002. Innheimta þarf því eigi lægri fjárhæð en 369 millj. kr. hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum til að ná lögbundnu lágmarki stærðar sjóðsins. Eignir sjóðsins eru í fjárvörslu skv. samningum þar um hjá Búnaðarbankanum – verðbréfum og Landsbankanum – Landsbréfum. Fjárfestingarstefna sjóðsins er að innlend ríkisskuldabréf séu 30-60% af eignum sjóðsins, 30-55% erlend ríkisskuldabréf og 0-15% erlend hlutabréf. Á árinu 2002 var innheimtur þriðji hluti árgjalda vegna verðbréfadeildar. Samkvæmt ákvæðum um verðbréfadeildina í framangreindum lögum skulu heildareignir deildarinnar nema að lágmarki 100 millj. kr. Í árslok námu eignirnar 65 millj. kr. en aðildarfyrirtækin hafa gefið út ábyrgðir að fjárhæð samtals 35 millj. kr. en þær munu lækka á næstu tveimur árum samhliða því að greitt verður til sjóðsins. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort lánadeild verður stofnuð.

Stjórn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og ritari stjórnar staðfesta ársreikning sjóðsins fyrir árið 2002 með undirskrift sinni.

Reykjavík 6. febrúar 2003.

Stjórn:

STAÐFESTING VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Viðskiptaráðuneytinu 6. febrúar 2003.

Valgerður Sverrisdóttir,
viðskiptaráðherra.

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Við höfum endurskoðað ársreikning Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning innstæðudeildar, efnahagsreikning innstæðudeildar, skýringar nr. 1-4 vegna innstæðudeildar, rekstrarreikning verðbréfadeildar, efnahagsreikning verðbréfadeildar og skýringar 1-6 vegna verðbréfadeildar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athugun á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2002 og efnahag hans 31. desember 2002 í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 6. febrúar 2003.

KPMG Endurskoðun hf.

Rekstrarreikningur ársins 2002 – innstæðudeild

	Skýr.	2002	2001
Tekjur:			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur		(115.020.418)	427.863.440
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld		4.807.175	4.880.225
Annar rekstrarkostnaður		5.393.070	2.954.435
Fjármagnstekjuskattur		(15.597.144)	40.364.766
		(5.396.899)	48.199.426
Gjöld umfram tekjur	4	(109.623.519)	379.664.014

Efnahagsreikningur 31. desember 2002 - innstæðudeild

Eignir

	Skýr.	31.12.2002	31.12.2001
Bankainnstæður og verðbréf:			
Seðlabanki Íslands, bankainnstæða		15.142.071	39.128.517
Verðbréf	2,3	3.274.697.932	3.375.702.210
		3.289.840.003	3.414.830.727
Aðrar kröfur:			
Verðbréfadeild		149.160	96.794
Tryggingasjóður sparisjóða		0	1.631.126
		149.160	1.727.920
Eignir samtals		3.289.989.163	3.416.558.647

Skuldir og eigið fé

		31.12.2002	31.12.2001
Skammtímaskuldir:			
Lánadeild Tryggingarsjóðs viðskiptabanka		1.250.000	1.250.000
Fjármagnstekjuskattur		53.686.653	69.825.840
Aðrar skammtímaskuldir		1.982.361	2.789.139
		56.919.014	73.864.979
Eigið fé:			
Eigið fé	4	3.233.070.149	3.342.693.668
Skuldir og eigið fé samtals		3.289.989.163	3.416.558.647

Skýringar – innstæðudeild

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

2. Verðbréfaeign sjóðsins er færð á markaðsverði.

Verðbréf

3. Verðbréf greinast þannig:

	2002	2001
Innlend ríkisskuldabréf	1.864.315.406	1.789.156.036
Erlend skuldabréf	1.065.782.137	1.411.682.349
Erlend hlutabréf	344.600.389	113.390.118
Önnur innlend skuldabréf	0	61.473.707
	3.274.697.932	3.375.702.210

Eigið fé

4. Breytingar á eigin fé greinast þannig:

Eigið fé 1.1.2002	3.342.693.668
Gjöld umfram tekjur 2002	(109.623.519)
Eigið fé 31.12.2002	3.233.070.149

Rekstrarreikningur ársins 2002 – verðbréfadeild

	Skýr.	2002	2001
Tekjur:			
Árgjöld		20.000.000	20.000.000
Allar tilraunir með kjarnorkuvopn eða tilraunir, sem tengjast notkun kjarnorkuvopna, eru óheimilar innan hins friðlýsta svæðis.

8. gr.

Sérhverju því farartæki, sem að einhverju eða öllu leyti er knúið kjarnorku, er bannað að koma inn á hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 10. gr.

9. gr.

Öll umferð farartækja, sem flytja kjarnakleyf efni eða kjarnorkuúrgang, er bönnuð innan hins friðlýsta svæðis, sbr. þó ákvæði 10. gr.

Losun kjarnorkuúrgangs eða annarra geislavirkra efna hvort sem þau teljast hágeislavirk eða lággeislavirk, þar með taldir geislavirkir vökvar, er með öllu óheimil innan hins friðlýsta svæðis.

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. og 8. gr. og fyrri málsgreinar 9. gr. þessara laga er heimilt að veita undanþágu fyrir friðsamlega umferð eða gegnumferð farartækja án óþarfa viðdvalar í eða á sjó eða í lofti á alþjóðlegum leiðum að því marki sem nauðsynlegt er til að fullnægja alþjóðlegum skuldbindingum. Slíkar undanþágur geta þó aldrei tekið til svæðisins innan 12 sjómílna marka og lofthelginnar þar upp af.

11. gr.

Aldrei skal leyfa komu kafbáta, herskipa eða herloftfara inn fyrir 12 sjómílna land- eða lofthelgi eða heimsóknir slíkra farartækja til íslenskra hafna eða flugvalla nema óyggjandi teljist að í því felist ekki brot á friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum samkvæmt lögum þessum. Íslensk yfirvöld skulu í vafatilfellum ætíð leita bestu fáanlegra upplýsinga óháðra aðila, sem völ er á, til að byggja á ákvörðun sína og ríkisstjórn og Alþingi skulu hafa náið samráð sín í milli þegar taka þarf slíkar ákvarðanir.

12. gr.

Íslensk yfirvöld skulu leita með bindandi samningum, grundvölluðum á alþjóðarétti við einstök ríki, samtök ríkja og alþjóðastofnanir, eins víðtækrar alþjóðlegrar viðurkenningar á hinu friðlýsta svæði og kostur er. Skal eftir því leitað að slíkar viðurkenningar feli í sér yfirlýsingar um að hið friðlýsta svæði sé virt og viðurkennt. Einnig skulu yfirvöld leita viðurkenningar á rétti Íslands til að fylgjast með eða láta fylgjast með hinu friðlýsta svæði og til að refsa fyrir eða mótmæla eftir atvikum brotum á friðlýsingu þessari.

13. gr.

Hver sá sem sekur er fundinn um alvarlegt brot gegn ákvæðum laga þessara skal sæta fangelsisvist allt að tíu árum.

14. gr.

Framkvæmd laga þessara heyrir undir og er á ábyrgð utanríkisráðherra, en hafa skal hann samráð við Alþingi og utanríkismálanefnd Alþingis um allar meiri háttar ákvarðanir er tengjast framkvæmdinni, sbr. 24. gr. laga nr. 55/1991. Heimilt er utanríkisráðherra að fela samgönguráðherra, umhverfisráðherra eða öðrum ráðherrum, sem aðstæður kunna að mæla með, að fara með einstaka hluta framkvæmdarinnar í samráði við sig.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2010.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var síðast lagt fram á 135. löggjafarþingi en kom ekki til umræðu. Frumvarpið er nú flutt í níunda sinn, óbreytt frá 135. löggjafarþingi.

Í gegnum tíðina hefur frumvarpið notið stuðnings þingmanna allra hinna rótgrónu flokka nema Sjálfstæðisflokksins og var engin undantekning á því á 135. löggjafarþingi þegar þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingarinnar, Frjálslynda flokksins og Framsóknarflokksins fluttu málið á þingi. Flutningsmenn voru þá Steingrímur J. Sigfússon, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ellert B. Schram, Guðjón A. Kristjánsson, Guðni Ágústsson, Huld Aðalbjarnardóttir, Kristinn H. Gunnarsson og Steinunn Þóra Árnadóttir.

Á því hálfa ári sem er frá framlagningu frumvarpsins hefur það helst borið til tíðinda að fleiri kalla nú á friðlýsingu Norðurpólsins fyrir kjarnorkuvopnum. Til marks um það eru yfirlýsingar hinna kanadísku Pugwash-samtaka friðarsinnaðra vísindamanna og hvatning japanska friðarfrömuðarins Daisaku Ikeda, en bæði Pugwash og Ikeda eru handhafar friðarverðlauna Nóbels. Verði af friðlýsingunni eykur það enn á mikilvægi þess að Ísland geri slíkt hið saman, enda færðust flutningaleiðir kjarnorkuvopna þá í einhverjum tilvikum nær landinu en ella.

Hvað varðar sögu frumvarpsins og rökstuðning flutningsmanna er að öðru leyti vísað til greinargerðar fyrir frumvarpinu á 135. löggjafarþinginu, sem fylgir hér á eftir:

„Frumvarp þetta er nú flutt á Alþingi í áttunda sinn. Það var síðast flutt á 125. löggjafarþingi, árið 2000, og er nú endurflutt með þeirri breytingu einni að það nær ekki til efnavopna. Sem betur fer hafa Íslendingar nú fullgilt samning um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra sem, eins og nafnið gefur til kynna, felur í sér allar þær skuldbindingar sem friðlýsing landsins fyrir efnavopnum felur í sér.

Þörfin fyrir að Ísland hafi frumkvæði að afvopnun og friðlýsingu fyrir kjarnorkuvopnum hefur því miður fremur aukist en hitt vegna atburða á alþjóðavettvangi. Má þar nefna fregnir um áhuga á þróun kjarnorkuvopna í Íran og Norður-Kóreu og þá staðreynd að kjarnorkuveldin hunsa algerlega þau ákvæði samningsins um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna, NPT-samningsins svonefnda, sem skylda þau til kjarnorkuafvopnunar. En um leið hefur brotthvarf bandaríska hersins og lokun herstöðvarinnar gert að verkum að auðveldara ætti að vera að friðlýsa landið fyrir kjarnorkuvopnum. Það er von flutningsmanna að Alþingi geti nú sameinast um að nýta þetta tækifæri og lögbinda þann yfirlýsta vilja stjórnvalda að Ísland eigi engan þátt í þróun, geymslu eða flutningi kjarnorkuvopna og stuðli þannig að friðvænlegri heimi.

Yfirgnæfandi meiri hluti sveitarfélaga hér á landi hefur lýst því yfir að landsvæði þeirra skuli vera friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum. Af 79 sveitarfélögum hafa 74 verið friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum, eða 94%, og aðeins tæplega 17.000 manns búa utan friðlýsingar, sem þýðir að 95% Íslendinga eru í friðlýstum sveitarfélögum. Ætla má að þau sveitarfélög sem eftir

standa – Reykjanesbær, Vogar, Sandgerði, Skútustaðahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur – hafi enn minni ástæðu til að friðlýsa ekki landsvæði sín nú þegar bandarískt herinn er farinn af landi brott.

Þó er rétt að minna á að yfirlýsingar á sveitarstjórnarstigi hafa auðvitað ekkert lagalegt gildi og almennt veikari stöðu en kjarnorkufriðlýsing landsins alls, lofthelginnar og efnahagslögsögunnar sem með frumvarpinu yrði bundin í lög. En samþykktir þessara sveitarfélaga má líta á sem afgerandi yfirlýsingu frá sveitarfélögum landsins um að friðlýsa beri landið allt og styrkja þannig ákvarðanir sveitarfélaganna. Eftir brottför hersins ætti ekkert að standa í vegi fyrir því að þessi fyrirliggjandi vilji yfirgnæfandi meiri hluta sveitarstjórna verði lögfestur og gildi fyrir landið allt. Því fylgdi svo einnig að afla alþjóðlegrar viðurkenningar annarra ríkja og alþjóðasamtaka, ekki síst kjarnorkuveldanna sjálfra, á því að Ísland sé kjarnorkuvopnalaust svæði.

Nýjustu fréttir af friðlýsingu sveitarfélaga eru þær að Reykjanesbær telur slíkt ekki vera á sínu forræði „þar sem innan bæjarmarkanna er m.a. flugverndarsvæði sem er á forræði utanríkisráðuneytisins“. (Úr bókun bæjarráðs Reykjanesbæjar, 10. janúar 2008.) Reykjanesbær, sem er langstærsta sveitarfélagið af þeim fimm sem ekki eru þegar friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum, telur með öðrum orðum að utanríkisráðherra og ríkisstjórnin verði að skera úr um friðlýsingu sveitarfélagsins. Þetta eykur enn á mikilvægi þess að Alþingi taki málið fyrir eins og lagt er til í þessu frumvarpi.

Þróun mála í friðlýsingu annarra landa hefur líka verið friðelskandi fólki mjög í hag undanfarin ár. Í reynd þarf að fara norður fyrir miðbaug til að finna land sem ekki hefur skrifað undir samning um friðlýsingu fyrir kjarnorkuvopnum. Mið- og Suður-Ameríka (Tlatelolco-samningurinn), Suðaustur-Asía (Bangkok-samningurinn), Eyjaálfa og eyjarnar í Suður-Kyrrahafi (Rarotonga-samningurinn) og Suðurskautslandið eru allt svæði sem hafa verið friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum. Árið 1996 skrifuðu Afríkuríkin öll undir samning um friðlýsingu álfunnar (Palindaba-samningurinn) og 20 ríki álfunnar hafa staðfest samninginn þótt enn vanti átta staðfestingar upp á að hann taki gildi. Svipað er uppi á teningnum í Mið-Asíu þar sem þau ánægjulegu tíðindi áttu sér stað fyrir tveimur árum að fimm lönd skrifuðu undir slíkan samning og tvö þeirra, Kirgisistan og Úsbekistan, hafa þegar staðfest samninginn. Þá hafa Mongólar tekið það upp á sitt einsdæmi að lýsa yfir friðlýsingu landsins fyrir kjarnorkuvopnum við talsverðan fögnuð annarra ríkja á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Ísland hefur nú tækifæri til að fylgja t.d. þessu ánægjulega fordæmi Mongólíu á alþjóðavettvangi. Slík friðlýsing gæti þar að auki verið fyrsta skrefið í friðlýsingu Norðurlanda, sem lengi hefur verið á dagskrá friðarsinna, en ekki hlotið brautargengi enn sem komið er.

Óhætt er að slá því föstu að meiri hluti allra landa séu friðlýst og að þróunin sé öll í þá átt að friðlýsa stærri og mikilvægari svæði fyrir kjarnorkuvopnum. Á hinn bóginn er því ekki að neita að á undanförnum árum hafa sum kjarnorkuveldi, sér í lagi Indland og Pakistan, fremur verið að bæta við kjarnorkuvopnaútbúnað sinn en að stuðla að eyðingu slíkra vopna. Mestu kjarnorkuveldin, Bandaríkin og Rússland, vinna áfram að þróun kjarnorkuvígbúnaðar sem gengur þvert á ákvæði NPT-samningsins. Langflest ríki viðurkenna þó hættuna sem stafar af slíkum vopnum og hafna kenningunni um gagnkvæmt ógnarjafnvægi sem er löngu orðin úrelt ef hún hefur þá nokkurn tímann átt við.

Í því sambandi má benda á dóm Alþjóðadómstólsins í Haag um beitingu kjarnorkuvopna og ógnun þess. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki aðeins bryti notkun kjarnorkuvopna gegn alþjóðalögum, heldur líka það að ógna eða hóta því að beita þeim gegn öðru ríki. Rökstuðningur dómstólsins er sá að til þess að vopn geti talist lögmætt verði beiting

þess að geta beinst að hernaðarlegum skotmörkum eingöngu en ekki óbreyttum borgurum. Eðli kjarnorkuvopna sé hins vegar þannig að beiting þeirra muni ávallt bitna á óbreyttum borgurum, auk þess sem þau hafi neikvæð umhverfisáhrif sem leiðir til enn meiri skaða óbreyttra borgara. Sams konar rök eru færð á grundvelli þess að ávallt beri að virða hlutlaus svæði, en kjarnorkuvopn séu þess eðlis að aldrei sé hægt að útiloka að beiting þeirra bitni líka á íbúum og umhverfi hlutlausra svæða. Að lokum telur Alþjóðadómstóllinn að þjóðum heims sé skylt að semja um algjöra kjarnorkuafvopnun undir ströngu alþjóðlegu eftirliti.

Fyrir utan það öryggi sem friðlýsing fyrir kjarnorkuvopnum mundi veita okkur Íslendingum er friðlýsingin stórt umhverfismál. Tímabært er að hugað sé að þeim umhverfisógnum sem okkur og heiminum öllum stafar af kjarnorkuvopnum, kjarnorkuknúnum farartækjum og kjarnorkuúrgangi. Sem fiskveiðiþjóð eiga Íslendingar sérstaklega mikið undir því að engin hætta skapist á því að geislavirk efni komist út í lífríki sjávarins í kringum landið. Sjálfsagður liður í þessu er að banna með öllu siglingar eða umferð kjarnorkuknúinna farartækja upp að landinu.

Fylgiskjöl með þessu frumvarpi eru í fyrsta lagi sýnishorn af samningi um friðlýsingu kjarnorkuvopna í rómönsku Ameríku, Tlatelolco-samningurinn svokallaði frá árinu 1967. Í annan stað fylgir með brot úr lokayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um afvopnunarmál frá 1978. Þar er m.a. hvatt til myndunar kjarnorkulausra svæða á borð við það sem þetta frumvarp kveður á um, og að auki gert ráð fyrir að kjarnorkuveldin skuli „virða að fullu stöðu hins kjarnorkuvopnalausa svæðis“ og „virða bann við beitingu eða hótunum um beitingu kjarnorkuvopna gegn ríkjum á svæðinu.“ Þriðja fylgiskjalið er samningurinn um að dreifa ekki kjarnavopnum (Non-Proliferation Treaty, NPT) sem Ísland og 188 önnur ríki hafa fullgilt (aðeins fjögur ríki standa eftir). Fjórða fylgiskjalið er síðan samningur um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra, sem fullgiltur var árið 1997 af Íslands hálfu. Sá samningur kemur eins og áður segir í stað þess hluta sem fjallaði um efnavopn í fyrri frumvörpum af því tagi sem hér er lagt fram.

Saga frumvarpsins á þingi.

Skylt er að geta þess að þessu máli og öðrum hliðstæðum hefur verið hreyft áður á Alþingi. Að minnsta kosti fjórum sinnum, á 97., 100., 102. og 107. löggjafarþingi, hefur verið flutt tillaga til þingsályktunar um bann við geymslu og notkun kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði. Í tvö fyrstu skiptin voru þar á ferð þingmenn Alþýðubandalagsins, Svava Jakobsdóttir og Magnús Torfi Ólafsson. Á 102. þingi var svipuð tillaga hins vegar flutt af Guðrúnu Helgadóttur og fleiri þingmönnum Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins. Sama tillaga var svo endurflutt á 107. þingi af þingmönnum þessara flokka auk Kvennalistans. Þar að auki hafa verið fluttar margs konar tillögur sem efninu tengjast, svo sem um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og afvopnun á Norður-Atlantshafi.

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum var fyrst komið í frumvarpsbúning á 109. löggjafarþingi árið 1987 og var þá flutt af þingmönnum Alþýðubandalags, Framsóknarflokks og Kvennalista, þeim Steingrími J. Sigfússyni, Svavari Gestssyni, Páli Péturssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur og Hjörleifi Guttormssyni. Frumvarpið var endurflutt á næsta þingi sama árs af þingmönnum Alþýðubandalagsins og Kvennalista, Steingrími J. Sigfússyni og Kristínu Einarsdóttur.

Á 115. löggjafarþingi árið 1991 var frumvarpið aftur lagt fyrir Alþingi af þingmönnum Alþýðubandalagsins, Framsóknarflokksins, Alþýðuflokksins og Kvennalista, þ.e. allra flokka nema Sjálfstæðisflokksins. Flutningsmenn voru þá Steingrímur J. Sigfússon, Steingrímur

Hermannsson, Össur Skarphéðinsson, Kristín Einarsdóttir, Páll Pétursson, Gunnlaugur Stefánsson, Kristín Ástgeirsdóttir og Ólafur Ragnar Grímsson.

Frumvarpið var næst flutt á 120. þingi árið 1996 af þingmönnum Alþýðubandalags, Alþýðuflokks, Þjóðvaka og Kvennalista. Flutningsmenn voru þá Steingrímur J. Sigfússon, Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Guðmundsdóttir og Margrét Frímannsdóttir.

Á næsta þingi, 121. löggjafarþingi, árið 1996 var frumvarpið endurflutt, en nokkrar breytingar höfðu þá orðið á þingflokkum og voru flutningsmenn þá úr Alþýðubandalaginu, Þingflokki jafnaðarmanna (þingmenn Alþýðuflokks og Þjóðvaka) og Kvennalista. Þeir voru Steingrímur J. Sigfússon, Guðmundur Árni Stefánsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Margrét Frímannsdóttir.

Á 122. löggjafarþingi árið 1997 var frumvarpið svo flutt í fimmta sinn af sömu þingmönnum nema að þá kom Kristín Halldórsdóttir í stað Þórunnar Sveinbjarnardóttur sem hafði komið inn sem varamaður árið áður. Sömu þingmenn endurfluttu frumvarpið svo á 123. löggjafarþingi árið 1998.

Þegar frumvarpið var síðast flutt á 125. löggjafarþingi árið 2000 höfðu orðið breytingar á þingflokkaskipan en þá var frumvarpið flutt af þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar, þeim Steingrími J. Sigfússyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Þuríði Backman og Össuri Skarphéðinssyni.

Alls hefur frumvarpið því verið flutt átta sinnum. Ánægjulegt er að í gegnum tíðina hefur náðst góð samstaða um frumvarpið þvert á flokkslínur eins og rakið er hér að framan. Það eru einungis þingmenn Sjálfstæðisflokksins af hinum rótgrónu þingflokkum sem ekki hafa staðið að flutningi frumvarps um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum. Er það von flutningsmanna nú að þessi samstaða haldist og eflist frekar en hitt þannig að frumvarpið hljóti nú fulla afgreiðslu á Alþingi.“

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er megintilgangur þess skýrður nánar en fram kemur í heiti frumvarpsins.

Um 2. gr.

Þessi grein fjallar um markmið laganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hér er vikið að skilgreiningum eða merkingu orða að svo miklu leyti sem slíkt var talið nauðsynlegt.

Hugtakið kjarnorkuvopn er hér skilgreint á sama hátt og í flestum hliðstæðum tilfellum, þ.e. þegar verið er að fjalla um eða ákveða hvað skuli teljast „kjarnorkuvopn“ við skilgreiningu hugtaka í sambandi við kjarnorkuvopnalaus svæði, sbr. fylgiskjöl.

Ákvæði um „íslenskt yfirráðasvæði“ og hið „friðlýsta svæði“ skýra sig í raun sjálf. Flutningsmenn telja eðlilegt að friðlýsingin nái til alls þess svæðis sem ýtrustu kröfur Íslands, á grundvelli þjóðaréttar og fullveldisréttar, ná til, sjá einkum lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, og hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna, einkum V. hluta, 55.–57. gr., og VI. hluta, 76. gr.

Um 4.–7. gr.

Í 4.–7. gr. eru tíundaðar kvaðir sem fylgja hinu friðlýsta svæði. Þar eru í öllum aðalatriðum á ferðinni atriði sem Íslendingar hafa þegar undirgengist með fullgildingu samningsins um að dreifa ekki kjarnorkuvopnum, sjá fskj. II, 1. og 2. gr., og samninga um tilraunabann og bann við staðsetningu kjarnorkuvopna á hafsbotni (undirritaður fyrir Íslands hönd 11. febr. 1971). Hér eru hins vegar persónulega lagðar kvaðir á alla íslenska ríkisborgara og erlenda menn í þjónustu ríkisins eða sem dvelja innan svæðisins. Þannig er kjarnorkuvopnabannið í senn bundið ríkinu sem samanstendur af borgurunum, íslensku yfirráðasvæði og öllum íslenskum ríkisborgurum sem einstaklingum, hvar og hvenær sem er. Að öðru leyti vísast til fylgiskjals um skýringar.

Um 8. gr.

Í 8. gr. eru skýr fyrirmæli um að kjarnorkuknúin farartæki megi ekki koma inn á hið friðlýsta svæði nema ferð þeirra falli undir ákvæði 10. gr.

Um 9. gr.

Rétt þykir að taka af öll tvímæli af Íslands hálfu um að losun geislavirks úrgangs eða geislavirkra efna í íslenskri lögsögu er bönnuð hverjum sem er. Í reynd má segja að slíkt bann sé þegar að flestu leyti í gildi með lögum nr. 20/1972, lögum um bann við losun hættulegra efna í sjó, einnig með aðild Íslands að alþjóðasamningum, einkum samningnum um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum, sjá lög nr. 20/1973, og samningnum um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það (Lundúnasamningurinn LDZ), sjá lög nr. 53/1973. Flutningar með slík efni skulu lúta sömu takmörkunum og umferð vígvéla og kjarnorkuknúinna farartækja eru sett, en óhjákvæmilegt er að hafa sambærileg ákvæði um rétt til friðsamlegrar umferðar í þessu tilviki, sbr. 23. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Um 10. gr.

Óhjákvæmilegt er að hafa heimildir til að veita undanþágur vegna alþjóðlegs réttar og skuldbindinga Íslands, en gert er ráð fyrir að einungis bein umferð eða gegnumferð, án óþarfa viðdvalar á alþjóðlegum leiðum, geti verið undanþegin ákvæðum 6., 8. og fyrri málsgreinar 9. gr. og þó aldrei nær landi en að 12 mílna mörkum. Við samningu þessarar greinar var höfð hliðsjón af ákvæðum í lögum um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland, en þetta frumvarp gengur lengra og heimilar engar undanþágur gagnvart íslensku innsævi, íslensku landhelginni (innan 12 mílna marka) og loftrýmisins þar yfir. Frumvarpið byggir því á ýtrustu kröfum um rétt okkar Íslendinga til að friðlýsa án undantekninga land okkar, landhelgi og lofthelgi þar yfir og til að friðlýsa eftir því sem fært er með tilliti til alþjóðlegrar umferðar um efnahagslögsöguna alla, landgrunnið og önnur svæði sem talist geta íslensk yfirráða- eða áhrifasvæði. Að öðru leyti vísast til alþjóðlegs réttar og skuldbindinga Íslendinga á sviði samgöngumála, sérstaklega hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Um 11. gr.

Hér er það skýrt tekið fram að stjórnvöldum sé óheimilt að gefa undanþágur frá ákvæðum um hið friðlýsta svæði, jafnvel þótt um friðsamlegar heimsóknir sé að ræða. Komi upp vafaatriði í þessu sambandi skal ætíð aflað bestu fáanlegra upplýsinga og ríkisstjórn og Alþingi skulu hafa náið samráð um allar ákvarðanir í slíkum tilfellum. Hafa má til hliðsjónar ákvæði

samninga risaveldanna um takmörkun kjarnorkuvígbúnaðar, svo sem SALT-samningana, um hvenær farartæki eða stöðvar eru skilgreind sem búin kjarnorkuvopnum.

Um 12. gr.

Greinin leggur þá skyldu á herðar stjórnvöldum að afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar eins og gert hefur verið í hliðstæðum tilfellum og samþykktir Sameinuðu þjóðanna og fleiri alþjóðlegra aðila gera ráð fyrir.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um refsiákvæði og er hliðstæð ákvæðinu í nýsjálensku lögunum.

Um 14. gr.

Eðlilegt þykir að framkvæmd laganna heyri undir utanríkisráðherra en honum sé heimilt að fá aðra ráðherra til aðstoðar við sig ef aðstæður mæla með. Náið samráð skal vera milli utanríkisráðherra og Alþingis um framkvæmdina. Í fyrri útgáfum frumvarpsins var tekið mið af nýsjálenska fyrirkomulaginu og framkvæmdin látin heyra undir forsætisráðherra en hér er horfið frá því eins og áður sagði. Ekki er ólíklegt að framkvæmd málsins verði falin fleiri en einum ráðherra, auðvitað fyrst og fremst utanríkisráðherra en einnig samgönguráðherra og e.t.v. umhverfisráðherra. Æskilegt væri að þingnefnd tæki afstöðu til þessara kosta.

Um 15. gr.

Rétt þykir að nokkur tími gefist frá samþykkt laganna til gildistöku þannig að undirbúa megi framkvæmdina sem best.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Samningur um bann við kjarnorkuvopnum í rómönsku Ameríku. (Tlatelolco-samningurinn árið 1967.) Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 182 (168. mál 115. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1991–92, bls. 1605–1606.
II. Úr lokayfirlýsingu aukaþings Sameinuðu þjóðanna um afvopnunarmál 1978. Sjá samhljóða fylgiskjal í þskj. 182 (168. mál 115. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1991– 92, bls. 1608–1610.
III. Samningur um að dreifa ekki kjarnorkuvopnum. (Auglýsing utanríkisráðuneytisins 23. október 1969.)
IV. Samningur um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra. (Auglýsing utanríkisráðuneytisins 5. maí 1997.)

164. Svar [84. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Ellerts B. Schram um greiðslur úr lífeyrissjóðum og skattlagningu þeirra.

1. *Hversu margir einstaklingar fá greiðslur úr lífeyrissjóðum, hversu margir fá lægri greiðslur en 100 þús. kr. á mánuði og hverjar eru mánaðarlegar meðalgreiðslur á einstakling?*

Taflan hér á eftir sýnir fjölda og lífeyrisgreiðslur þeirra sem töldu fram greiðslur úr lífeyrissjóðum í reit 043 á skattframtali 2008 flokkað eftir upphæð greiðslu. Þar kemur fram að 42.728 manns töldu fram greiðslur úr lífeyrissjóðum og voru heildargreiðslur 46,3 milljarðar kr. Af þeim sem töldu fram greiðslur úr lífeyrissjóðum fengu 30.071 einstaklingur minna en 1,2 millj. kr. greiddar á árinu. Einnig koma fram í töflunni upplýsingar um mánaðarlegar meðalgreiðslur á einstakling.

Árlegar greiðslur úr lífeyrissjóðum í millj. kr.	0–1,2	1,2–2,4	2,4–3,6	3,6–4,8	4,8–6	>6	**Samtals**
Fjöldi þeirra sem töldu fram greiðslur frá lífeyrissjóðum á skattframtali 2008	30.071	8.130	2.749	964	251	563	**42.728**
Greiðslur úr lífeyrissjóðum í millj. kr. á skattframtali 2008	15.204	13.672	7.915	3.949	1.304	4.236	**46.280**
Meðalgreiðslur á mánuði	**42.134**	**140.139**	**239.935**	**341.373**	**432.935**	**626.998**	**90.261**

2. *Hverjar eru heildarskatttekjur af greiðslum úr lífeyrissjóðum og hverjar yrðu skatttekjurnar ef innheimtur yrði almennur tekjuskattur af þriðjungi hverrar greiðslu og 10% skattur af tveimur þriðju?*

Heildarskatttekjur af greiðslum úr lífeyrissjóðum álagningarárið 2008 voru 13.947 millj. kr. Ef innheimtur yrði almennur tekjuskattur af þriðjungi hverrar greiðslu og 10% skattur af tveimur þriðju væru skatttekjur 6.544 millj. kr. miðað við sama álagningarár.

165. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur og Bjarnheiði Gautadóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, Gissur Pétursson og Unni Sverrisdóttur frá Vinnumálastofnun, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Ragnar Árnason frá Samtökum atvinnulífsins, Helgu Jónsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Ernu Guðmundsdóttur frá Bandalagi háskólamanna og Kennarasambandi Íslands og Ernu Bjarnadóttur frá Bændasamtökunum. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Tryggingastofn-

un, Árna Leóssyni, starfsmanni VR, Alþýðusambandi Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Háskóla Íslands, Sjúkratryggingum Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bandalagi háskólamenntaðra og Kennarasambandi Íslands, Viðskiptaráði, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Árna Þorvaldi Jónssyni arkitekt.

Frumvarpið er lagt fram í ljósi breyttra aðstæðna á vinnumarkaði og eru í því lagðar til breytingar sem miða að því að greiða hærri atvinnuleysisbætur til launþega sem þarf að kröfu vinnuveitanda að lækka starfshlutfall sitt. Þá er frumvarpinu einnig ætlað að tryggja þeim launþegum sem hafa þurft að lækka starfshlutfall sitt vegna breyttra aðstæðna á vinnumarkaði bætur úr Ábyrgðasjóði launa miðað við fullt starfshlutfall ef til gjaldþrots vinnuveitanda kemur.

Við meðferð málsins ræddi nefndin einna helst gildistíma laganna, lögmætar væntingar og sjónarmið varðandi afturvirkni, úrræði þeirra sem missa vinnu sína til að stunda nám, stöðu starfsnema, stöðu sjálfstætt starfandi einstaklinga, lágmarksstarfshlutfall samkvæmt frumvarpinu og sérstök sjónarmið um uppsagnarfrest vegna skerts starfshlutfalls.

Nefndin ræddi hvort rétt væri að lengja gildistökuna frá því tímamarki sem frumvarpið mælir fyrir um. Telur nefndin rétt að hafa gildistíma afmarkaðan því að það bjóði upp á endurskoðun ákvæðisins. Þar sem nú ríkir óvissa á vinnumarkaði er eðlilegt að nýta tímann fram til 1. maí til að meta reynsluna af framkvæmd frumvarpsins og taka stöðuna eftir nokkra mánuði þegar hlutirnir hafa skýrst nokkuð. Nefndin áréttar þó þann skilning sinn að þó svo að ákvæðið gildi tímabundið sé vilji hennar að áframhaldandi úrræðum verði beitt kalli ástandið á vinnumarkaði á það.

Mörg fyrirtæki hafa þegar gripið til þeirra ráðstafana að endursemja við starfsfólk sitt um lægra starfshlutfall með samsvarandi launaskerðingu. Í einhverjum tilvikum virðist slík skerðing gerð á grundvelli væntinga um að frumvarpið verði að lögum og að bætur komi á móti skertum launum. Nefndin telur því nauðsynlegt að ákvæði 1. gr. gildi afturvirkt frá 1. nóvember sl. um þá sem uppfylltu skilyrði laganna á þeim tímapunkti. Ekki verður séð að þetta sé vandkvæðum bundið eða brjóti gegn grundvallarreglu um bann við afturvirkni laga. Um er að ræða ákvæði sem er ívilnandi, því er ætlað að bæta rétt fólks og það nær jafnt og almennt yfir alla þá sem lenda í skerðingunni eftir ákveðið tímamark.

Það liggur fyrir að verulegur samdráttur á eftir að verða í rekstri hjá mörgum sjálfstætt starfandi einstaklingum og koma til atvinnuleysis margra þeirra í kjölfar þrenginga á fjármálamarkaði. Meðal skilyrða laganna fyrir tryggingu sjálfstætt starfandi einstaklinga innan atvinnuleysistryggingakerfisins er að tilkynnt hafi verið til launagreiðendaskrár ríkisskattstjóra að hlutaðeigandi hafi stöðvað rekstur og að öll starfsemi hafi verið stöðvuð. Ljóst er að aðstæður á vinnumarkaði eru breyttar en atvinnuleysi hefur þegar aukist töluvert frá byrjun október sl. og er gert ráð fyrir frekari aukningu á næstu vikum og mánuðum. Við slíkar aðstæður er þýðingarmikið að ýta undir hvers konar tækifæri sem leitt geta til þess að fólk geti orðið sér úti um verkefni og sé þannig virkt á vinnumarkaði. Svo það megi verða þykir mikilvægt að auka enn frekar á sveigjanleika atvinnuleysistryggingakerfisins en gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu þannig að hann nái einnig til sjálfstætt starfandi einstaklinga. Tilgangur breytingartillögu nefndarinnar er að veita sjálfstætt starfandi einstaklingum svigrúm til að taka að sér tilfallandi verkefni samhliða atvinnuleysisbótum.

Þegar sjálfstætt starfandi einstaklingur vill eiga þess kost að taka að sér tilfallandi verkefni í stað þess að stöðva reksturinn alveg með hefðbundnum hætti er það gert að skilyrði að hann tilkynni skattyfirvöldum um verulegan samdrátt í rekstrinum sem leiðir til tímabundins atvinnuleysis hans. Þá getur hann sótt um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar en á

þeim tíma sem hann fær þær greiddar er gert að skilyrði að hann geri grein fyrir staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi mánaðarlega og skili virðisaukaskattsskýrslum samkvæmt skráningu hans í grunnskrá virðisaukaskatts enda hefur hann ekki hug á að stöðva reksturinn með öllu. Með verulegum samdrætti í rekstri er átt við að fram komi veruleg lækkun á reiknuðu endurgjaldi frá því sem var á fyrra tekjuári sem og að reksturinn hafi nánast stöðvast fyrir utan einstaka tilfallandi verkefni. Þannig fá skattyfirvöld og Vinnumálastofnun séð að um raunverulegt atvinnuleysi sé að ræða hjá viðkomandi og geta fylgst með þróuninni í atvinnurekstri hans. Gert er ráð fyrir að um tímabundna ráðstöfun sé að ræða á sama hátt og gildir um þær ráðstafanir sem lagðar eru til að því er varðar réttindi launafólks enda verið að mæta mjög sérstökum aðstæðum á vinnumarkaði. Að sama skapi telur nefndin mikilvægt að meta stöðuna þegar gildistími ákvæðis rennur út.

Hvað varðar námsmenn telur nefndin nauðsynlegt að greina á milli þeirra sem stunda lánshæft nám samkvæmt Lánasjóði íslenskra námsmanna og þeirra sem stunda annars konar nám, svo sem framhaldsskólanám og einstök námskeið. Lagabreyting sem leiðir til þess að sá sem missir vinnuna geti stundað lánshæft nám á atvinnuleysisbótum mundi skapa ójafnræði með aðilum og mismuna þeim eftir stöðu þeirra. Nefndin telur því ekki hægt að gera slíka breytingu. Hvað varðar þá sem missa vinnuna en hafa hug á að stunda framhaldsskólanám eða einstök námskeið sem ekki eru lánshæf samkvæmt útlánareglum LÍN, telur nefndin eðlilegt að félags- og tryggingamálaráðuneytið ásamt Vinnumálastofnun og öðrum aðilum leiti leiða til að auðvelda þeim að stunda nám m.a. með það að sjónarmiði að bæta hag þeirra, bæta líkur þeirra á að finna starf og auka við þau störf sem þeir geta innt af hendi.

Í nefndinni var rætt hvort breyta ætti lágmarksstarfshlutfalli en í frumvarpinu er miðað við að launamaður geti fengið bætur enda haldi hann að lágmarki 50% starfshlutfalli. Nefndin leggur þó ekki til breytingar hvað þetta varðar enda sé eðlilegt að atvinnurekendur geri sitt ýtrasta til að lækka ekki starfshlutfall meira en nauðsynlegt er og, ef tök eru á, ekki meira en nemur helmingi vegna þeirrar tekjuskerðingar sem lægra starfshlutfall hefði í för með sér, þó svo að bætur fengjust á móti skerðingunni.

Þar sem allar breytingar á vinnusambandi varðandi kjör og vinnutíma eru háðar uppsagnarfresti komu fram þau sjónarmið að nauðsynlegt væri að kveða á um það með lögum að fallið skyldi frá slíkum uppsagnarfresti vegna ákvæðis um skert starfshlutfall. Nefndin telur þó ekki nauðsyn á slíku enda sé lækkað starfshlutfall gert með nýjum samningi við starfsmenn og því ekki í gildi almenn ákvæði um uppsagnarfrest og laun á slíkum fresti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Kristinn H. Gunnarsson ritar undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 12. nóv. 2008.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Ármann Kr. Ólafsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Birkir J. Jónsson.	Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.	Pétur H. Blöndal.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir.		Ögmundur Jónasson.

166. Breytingartillaga [115. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Við 1. gr.

a. Á eftir 3. efnismgr. komi ný málsgrein sem orðist svo:

Atvinnuleysisbætur samkvæmt ákvæði þessu skulu greiddar frá 1. nóvember 2008 til þeirra sem fullnægðu skilyrðum þess þegar á þeim tíma.

b. Við bætist nýr liður sem orðist svo: Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Sjálfstætt starfandi einstaklingur telst fullnægja skilyrðum f- og g-liðar 1. mgr. 18. gr., sbr. einnig 20. og 21. gr., um stöðvun rekstrar hafi hann tilkynnt skattyfirvöldum um verulegan samdrátt í rekstri sínum sem leiðir til tímabundins atvinnuleysis hans. Hann skal gera grein fyrir staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi mánaðarlega og skila virðisaukaskattsskýrslu samkvæmt skráningu hans í grunnskrá virðisaukaskatts. Staðfestingu skattyfirvalda um að tilkynning hafi borist þeim skal skila til Vinnumálastofnunar með umsókn um atvinnuleysisbætur.

Þrátt fyrir 1. mgr. er sjálfstætt starfandi einstaklingi heimilt að taka að sér tilfallandi verkefni samhliða greiðslu atvinnuleysisbóta. Tekjur hans fyrir þau skulu koma til frádráttar atvinnuleysisbótunum skv. 36. gr. og skal þá miða við frítekjumark að fjárhæð 100.000 kr. á mánuði við útreikning á frádrætti vegna tekna sjálfstætt starfandi einstaklings.

Láti sjálfstætt starfandi einstaklingur hjá líða að skila inn til skattyfirvalda skilagrein staðgreiðslu á eindaga og virðisaukaskattsskýrslu á gjalddaga fellur niður réttur hans til atvinnuleysisbóta frá þeim tíma er hann hefði átt að skila inn gögnunum til þess tíma er hann gerir fullnægjandi skil enda fullnægi hann jafnframt öðrum skilyrðum laganna.

Ákvæði þetta gildir til 1. maí 2009.

167. Frumvarp til laga [147. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, og lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.

Flm.: Árni Þór Sigurðsson, Siv Friðleifsdóttir, Atli Gíslason,
Grétar Mar Jónsson, Höskuldur Þórhallsson.

I. KAFLI

Breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 12. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Nú fær framboð sem á fulltrúa á Alþingi ekki kjörinn fulltrúa í landskjörstjórn og skal því þá heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í henni. Áheyrnarfulltrúi hefur sama rétt og kjörinn fulltrúi annan en atkvæðisrétt.

2. gr.

Við 1. mgr. 13. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Nú fær framboð sem á fulltrúa á Alþingi ekki kjörinn fulltrúa í yfirkjörstjórn og skal því þá heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í henni. Áheyrnarfulltrúi hefur sama rétt og kjörinn fulltrúi annan en atkvæðisrétt.

II. KAFLI

Breyting á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 4. mgr. 14. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Nú fær framboð sem fulltrúa á í sveitarstjórn ekki kjörinn fulltrúa í yfirkjörstjórn og skal því þá heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í kjörstjórninni. Áheyrnarfulltrúi hefur sama rétt og kjörinn fulltrúi annan en atkvæðisrétt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 135. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Það er nú endurflutt óbreytt.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á annars vegar lögum um kosningar til Alþingis og hins vegar á lögum um kosningar til sveitarstjórna. Gert er ráð fyrir að framboð sem á fulltrúa á Alþingi eða í sveitarstjórn geti tilnefnt áheyrnarfulltrúa í landskjörstjórn og/eða yfirkjörstjórn eigi framboðið ekki kjörinn fulltrúa þar. Gengið er út frá því að strax eftir gildistöku geti framboð óskað eftir áheyrnaraðild að landskjörstjórn og yfirkjörstjórnum.

Kosningarrétturinn er einn mikilvægasti rétturinn í lýðræðissamfélagi. En lýðræði er þó ekki tryggt þótt kosningarréttur sé til staðar. Mýmörg dæmi eru til um ríki þar sem aðeins einn flokkur hefur fengið að bjóða fram eða þar sem ríkjandi stjórnvöldum er tryggður sigur

í kosningum með kosningasvindli. Kjörstjórnir gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja að kosningar fari rétt og eðlilega fram, þær séu leynilegar og úrslit kosninga séu í samræmi við það sem kjósendur hafa raunverulega kosið. Það má því aldrei verða þannig að kjörstjórnir verði lokaður hópur fulltrúa fárra stjórnmálaflokka, enda þótt þeir njóti stuðnings meiri hluta kjósenda. Starf kjörstjórna er heldur ekki flokkspólitískt, það er fyrst og fremst lýðræðislegs eðlis og því afar þýðingarmikið að tryggja hagsmuni og sjónarmið sem allra flestra innan þeirra. Eðlilegt hlýtur að teljast að allir flokkar eða framboðslistar sem eiga fulltrúa á Alþingi geti tekið þátt í störfum landskjörstjórnar og yfirkjörstjórna. Hið sama á við um sveitarstjórnarkosningar.

Eftir alþingiskosningar vorið 2007 fóru fram kosningar í landskjörstjórn og yfirkjörstjórnir í hverju kjördæmi. Þar sem hlutfallskosningareglunni er beitt við kosningar af þessu tagi gat núverandi stjórnarmeirihluti á Alþingi tilnefnt fjóra af fimm fulltrúum í öllum kjörstjórnum. Tveir stjórnmálaflokkar hafa þannig 80% allra kjörstjórnarfulltrúa þótt þeir hafi „ekki nema“ 67% þingmanna á bak við sig. Þrír stjórnmálaflokkar, með um 33% þingmanna, hafa hins vegar aðeins 20% kjörstjórnarmanna og verða að skipta með sér einu sæti í hverri kjörstjórn. Þessi staða er vitaskuld óviðunandi og í sjálfu sér afar ólýðræðisleg. Nær hefði verið að flokkarnir tveir, með 67% fylgi, fengju þrjá af fimm kjörstjórnarmönnum, eða 60%. Því var hreyft við formenn þingflokka stjórnarflokkanna áður en til kosninga kjörstjórna kom, en því miður reyndist ekki áhugi á því að koma til móts við lýðræðisleg sjónarmið stjórnarandstöðunnar í þessu efni. Þetta er þeim mun sérkennilegra þegar haft er í huga hlutverk kjörstjórna: Að tryggja að kosningar fari lýðræðislega fram.

Til að taka á þessum lýðræðishalla er vafalaust hægt að fara mismunandi leiðir. Ein leið væri að tryggja öllum flokkum að lágmarki einn fulltrúa í hverri kjörstjórn en þá þyrfti væntanlega að fjölga í kjörstjórnum til að tryggja um leið vissan jöfnuð milli flokka eftir stærð þeirra. Sú leið sem hér er lögð til kallar ekki á fjölgun í kjörstjórnunum sjálfum en gefur flokkum og framboðslistum sem fá kjörinn fulltrúa á Alþingi eða í sveitarstjórn, rétt til að tilnefna áheyrnarfulltrúa til starfa með kjörstjórnum. Þannig er tryggt að rödd allra heyrist, og um leið viðurkennt að það er jafnmikilvægt að lítill stjórnmálaflokkur geti á lýðræðislegan hátt fylgst með gangi kosninga eins og stór flokkur.

168. Fyrirspurn [148 mál]

til menntamálaráðherra um nýtt framhaldsskólapróf og fræðsluskyldu.

Frá Katrínu Jakobsdóttur.

Liggja fyrir hugmyndir um hvernig framhaldsskólarnir munu útfæra fræðsluskyldu til 18 ára aldurs og nýtt framhaldsskólapróf?

169. Fyrirspurn [149. mál]

til menntamálaráðherra um Olweusar-verkefnið.

Frá Steinunni Valdísi Óskarsdóttur.

1. Hver er staða Olweusar-verkefnisins?
2. Hvernig hefur verkefnið gengið að mati ráðherra?
3. Hver er afstaða ráðherra til þess að lögleiða Olweusar-aðferðafræðina, líkt og gert hefur verið annars staðar?

Skriflegt svar óskast.

170. Fyrirspurn [150. mál]

til menntamálaráðherra um íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Frá Katrínu Jakobsdóttur.

1. Hversu margir útlendingar hafa nú í ár sótt íslenskunámskeið sem hlotið hafa styrki frá ráðuneytinu?
2. Liggur fyrir spá um það hvort aðsókn að þessum námskeiðum muni dragast saman með breyttu atvinnuástandi?
3. Verður ráðist í gerð framhaldsnámskrár fyrir námskeið umfram þær 225 stundir sem skilgreindar eru í námskrá fyrir grunnnám í íslensku fyrir útlendinga?
4. Hafa verið auglýstir styrkir til námsefnisgerðar í íslensku fyrir útlendinga eins og lagt var til í skýrslu verkefnisstjórnar um íslenskukennslu fyrir útlendinga að ætti að gera haustið 2008?
5. Hafa verið könnuð viðhorf útlendinga til kennslu og námsefnis í íslenskunámskeiðum sem hlotið hafa styrki frá ráðuneytinu?
6. Hafa verið haldin endurmenntunarnámskeið fyrir kennara sem hafa kennt útlendingum íslensku eins og lagt er til í skýrslu verkefnisstjórnar um íslenskukennslu fyrir útlendinga?

171. Frumvarp til laga [151. mál]

um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 8. og 24. gr. skulu skjöl, sem gefin eru út á tímabilinu frá gildistöku þessa ákvæðis til 1. janúar 2009 og fela í sér breytingar á skilmálum á fasteignaveðskuldabréfum einstaklinga, eða ný veðskuldabréf, sem gefin eru út til uppgreiðslu vanskila á fasteignaveðskuldabréfum einstaklinga, vera undanþegin greiðslu stimpilgjalds að því tilskildu að sömu aðilar séu að fasteignaveðskuldabréfinu og hinu nýja skjali.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í ljósi þess ástands sem nú ríkir á fjármálamörkuðum og tilmæla yfirvalda til banka og sparisjóða um að aðstoða fólk sem kynni að lenda í greiðsluerfiðleikum vegna hækkunar fasteignalána sem rekja má til lækkunar krónu og verðbólguáhrifa. Með frumvarpinu er lagt til að bráðabirgðaákvæði bætist við lögin þess efnis að tímabundið verði fellt niður stimpilgjald annars vegar vegna skilmálabreytinga á fasteignaveðskuldabréfum sem útgefin hafa verið af einstaklingum og hins vegar vegna nýrra veðskuldabréfa sem gefin eru út vegna vanskila á fasteignaveðskuldabréfum einstaklinga. Í framkvæmd er vanskilum ýmist bætt við höfuðstól hins upprunalega fasteignaveðskuldabréfs með skilmálabreytingu eða útgáfu sérstaks nýs veðskuldabréfs í tengslum við hið fyrra. Í báðum tilvikum er það skilyrði fyrir undanþágu stimpilgjalds samkvæmt frumvarpinu að sömu aðilar séu útgefendur að hinu nýja skjali (þ.e. skilmálabreytingu eða nýju veðskuldabréfi) og eru jafnframt kröfuhafi og skuldari samkvæmt viðkomandi fasteignaveðskuldabréfi sem hið nýja skjal nær til. Getur það jafnt náð til upphaflegra aðila að viðkomandi fasteignaveðskuldabréfi sem og aðila sem tekið hafa að fullu yfir skyldur upphaflegra aðila. Jafnframt er það skilyrði að hið nýja skjal sé gefið út vegna tiltekins áður útgefins fasteignaveðskuldabréfs og það vísi beint í það.

Er lagt til að um tímabundna aðgerð verði að ræða með það að markmiði að auðvelda einstaklingum að skilmálabreyta áður þinglýstum fasteignaveðskuldabréfum sínum, eða gefa út ný veðskuldabréf vegna vanskila á fasteignaveðskuldabréfum, þar sem þörf kann að vera á því hjá fjölda einstaklinga við núverandi aðstæður.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að skjöl sem gefin eru út á tímabilinu frá gildistöku laga þessara til 1. janúar 2009 og fela í sér breytingar á skilmálum á fasteignaveðskuldabréfum einstaklinga verði undanþegin greiðslu stimpilgjalds. Frumvarp þetta er lagt fram í ljósi þess ástands sem nú ríkir á fjármálamörkuðum og tilmæla yfirvalda til banka og sparisjóða þess efnis að aðstoða fólk vegna greiðsluerfiðleika. Tillaga frumvarpsins er ekki talin leiða til beinna útgjalda fyrir ríkissjóð, en ljóst er að tekjur ríkissjóðs af stimpilgjaldi munu minnka eitthvað verði þetta frumvarp að lögum. Tekið skal þó fram að ekki var í forsendum tekjuáætlunar fjárlaga fyrir árið 2008 reiknað með sérstökum tekjum af stimpilgjaldi vegna skilmálabreytinga við aðstæður eins og nú hafa skapast.

172. Framhaldsnefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Málinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umræðu, hún hefur fjallað um málið á ný og fengið á sinn fund Áslaugu Árnadóttur frá viðskiptaráðuneytinu, Andra Árnason hæstaréttarlögmann og Rúnar Guðmundsson frá Fjármálaeftirlitinu, Einar Jónsson frá skilanefnd Landsbanka Íslands, Jóhannes Rúnar Jóhannsson frá skilanefnd Kaupþings og Steinunni Guðbjartsdóttur frá skilanefnd Glitnis. Þá kom einnig á fund nefndarinnar Markús Sigurbjörnsson formaður réttarfarsnefndar.

Eftir umræðu í nefndinni leggur meiri hluti hennar til frekari breytingar á frumvarpinu.

Í fyrsta lagi leggur meiri hlutinn til að við frumvarpið bætist tvö ný ákvæði sem verða 5. og 6. mgr. 98. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Í þeim felst annars vegar að óheimilt verði að höfða dómsmál gegn fjármálafyrirtæki meðan á greiðslustöðvun þess stendur, nema mælt sé sérstaklega fyrir um heimild til þess í lögum eða um sé að ræða opinbert mál og refsiviðurlaga sé krafist. Í öðru lagi er lagt til ákvæði sem heimilar að meðferð dómsmáls sem höfðað hefur verið á hendur fjármálafyrirtæki frestist, meðan á greiðslustöðvun þess fjármálafyrirtækis stendur, nema mælt sé sérstaklega fyrir um heimild til þess í lögum eða um sé að ræða opinbert mál og refsiviðurlaga sé krafist. Markmið með breytingum þessum er að tryggja að fjármálafyrirtæki í greiðslustöðvun þurfi ekki að óttast málshöfðun íslenskra eða erlendra kröfuhafa meðan á greiðslustöðvuninni stendur og unnið er að því að tryggja verðmæti eigna fyrirtækisins. Orðalag ákvæðisins er sótt í 116. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. þar sem að hluta til áþekk regla gildir um þrotabú.

Í öðru lagi leggur meiri hlutinn til viðbót við 3. mgr. 103. gr. laganna á þann hátt að frestdagur við gjaldþrotaskipti geti einnig miðast við tímamark greiðslustöðvunar á grundvelli

3. mgr. 98. gr eða við heimild til nauðasamninga á grundvelli 27. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. 103. gr. mun þannig fela í sér sérreglu um tímamark frestdags fjármálafyrirtækja. Gerir ákvæðið, með breytingum þessum, og breytingum á þskj. 140, ráð fyrir að frestdagur markist af hverju því tímamarki sem fram kemur í greininni og að ef ekkert þeirra tilvika eigi við skuli miða frestdag við þann dag sem héraðsdómara berst krafa Fjármálaeftirlits skv. 1. eða 2. mgr. 102. gr. laganna. Er með þessum viðbótum reynt að tryggja að frestir til riftunar og skuldajöfnuðar tapist síður, að frestdagur fjármálafyrirtækja verði afmarkaður skýrlega og að hann komi fram sem fyrst, en það er sérstaklega mikilvægt í tilfellum þar sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið yfir stjórn á fjármálafyrirtæki.

Í þriðja lagi leggur meiri hlutinn til nýtt ákvæði til bráðabirgða sem felur í sér að í þeim fjármálafyrirtækjum sem Fjármálaeftirlitið hefur skipað skilanefnd á grundvelli 100. gr. a. skuli miða frestdag við gildistöku laga þessara. Er þessu ákvæði þannig ætlað að taka af tvímæli um að frestdagur í þessum tilfellum sé ekki afturvirkur.

Þá ræddi nefndin einnig á fundum sínum ábendingu frá skilanefnd Landsbanka Íslands um að réttaráhrif greiðslustöðvunar eins og þau eru skilgreind í 19.–22. gr. laganna um gjaldþrotaskipti o.fl. séu ekki nægilega skýr og ákveðin til þess að vekja erlendum kröfuhöfum traust um að fjármálafyrirtækin muni geta unnið að nýrri skipan fjármála og endurreisn eigna sinna í greiðslustöðvunarferlinu. Eftir umræður við viðskiptaráðneyti og Fjármálaeftirlitið er það mat meiri hlutans að heimildir í 20. og 21. gr. laganna um gjaldþrotaskipti tryggi nægilega slík úrræði fjármálafyrirtækja undir greiðslustöðvun, þar á meðal ráðstafanir á eignum fyrirtækis ef slíkt er nauðsynlegt til þess að varna tjóni, þar á meðal fjárhagslegu tjóni.

Á fundi nefndarinnar kom auk þess fram sú athugasemd að betra kynni að vera að setja í lögin um fjármálafyrirtæki sérstakan kafla um greiðslustöðvun fjármálafyrirtækja. Í ljósi þess að brýnir hagsmunir eru í húfi telur meiri hlutinn að óhjákvæmilegt sé að setja í lögin þau ákvæði sem í breytingartillögu þessari felast. Meiri hlutinn beinir því hins vegar til ráðuneytisins að hlutast til um gerð frumvarps sem feli í sér heildstæð ákvæði um greiðslustöðvun fjármálafyrirtækja, er skapi fyllri og skýrari umgjörð um slíkt ástand til lengri tíma litið.

Á grundvelli framangreinds leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Alþingi, 13. nóv. 2008.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Birgir Ármannsson.
Árni Páll Árnason.	Birkir J. Jónsson.	Jón Gunnarsson.
Björk Guðjónsdóttir.	Höskuldur Þórhallsson, með fyrirvara.	

173. Breytingartillögur [119. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar (ÁÓÁ, GSB, BÁ, ÁPÁ, BJJ, JónG, BjörkG, HöskÞ).

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins „tvær“ í inngangsmálslið komi: fjórar.
   b. Við bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

      Dómsmál verður ekki höfðað gegn fjármálafyrirtæki meðan á greiðslustöðvun þess stendur nema mælt sé sérstaklega fyrir um heimild til þess í lögum eða um opinbert mál sé að ræða og krafist sé refsiviðurlaga sem ákveða má á hendur fjármálafyrirtæki. Má þá höfða mál í umdæmi héraðsdómstóls þess sem veitti heimild til greiðslustöðvunar.

      Hafi dómsmál verið höfðað gegn fjármálafyrirtæki sem síðar er veitt heimild til greiðslustöðvunar, þá verður meðferð þess máls ekki framhaldið meðan á greiðslustöðvun stendur nema mælt sé sérstaklega fyrir um heimild til þess í lögum eða um opinbert mál sé að ræða og krafist sé refsiviðurlaga sem ákveða má á hendur fjármálafyrirtæki.
2. Efnismálsgrein 3. gr. orðist svo:

   Þegar ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. miða réttaráhrif við frestdag skal við skipti á búi fjármálafyrirtækis frestdagur miðast við það tímamark er Fjármálaeftirlitið veitti því frest að hætti 4. mgr. 86. gr., skipaði því skilanefnd á grundvelli 100. gr. a, heimild er veitt til greiðslustöðvunar á grundvelli 3. mgr. 98. gr. eða heimild er veitt til þess að leita nauðasamninga sbr. 27. gr. laga um gjaldþrotaskipi o.fl., nr. 21/1991. Ef ekkert af þessu er undanfari skipta skal miðað við þann dag sem héraðsdómara berst krafa Fjármálaeftirlitsins skv. 1. eða 2. mgr. 102. gr.
3. Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Í þeim fjármálafyrirtækjum sem Fjármálaeftirlitið hefur skipað skilanefnd í á grundvelli 100. gr. a skal miða frestdag við gildistöku laga þessara.

174. Frumvarp til laga [115. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði.

(Eftir 2. umr., 13. nóv.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Þegar atvinnuleysisbætur eru greiddar samhliða minnkuðu starfshlutfalli skv. 17. eða 22. gr. er heimilt að lengja hlutfallslega það tímabil sem heimilt er að greiða tekjutengdar atvinnuleysisbætur skv. 1. mgr. 32. gr. miðað við mismun réttar hins tryggða hefði hann misst starf sitt að öllu leyti og þess starfshlutfalls sem hann gegnir áfram. Hinn tryggði hefur áfram rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta samfellt í þrjú ár skv. 1. mgr. 29. gr.

Þegar atvinnuleysisbætur eru greiddar samhliða minnkuðu starfshlutfalli skv. 17. eða 22. gr. skulu föst laun frá vinnuveitanda fyrir hið minnkaða starfshlutfall ekki koma til skerðingar á fjárhæð atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. enda haldi hinn tryggði að lágmarki 50% starfshlutfalli. Á þetta við hvort sem hinn tryggði fær greiddar tekjutengdar atvinnuleysisbætur skv. 32. gr. eða grunnatvinnuleysisbætur skv. 33. gr. Aðrar greiðslur sem hinn tryggði kann að fá fyrir sama tímabil, hvort sem er frá vinnuveitanda eða öðrum aðila, skulu koma til frádráttar greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði skv. 36. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru bundin því skilyrði að hinn tryggði hafi misst starf sitt að hluta vegna samdráttar í starfsemi vinnuveitanda sem hann starfar hjá vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði eða hann hafi misst starf sitt að öllu leyti og ráðið sig í hlutastarf hjá öðrum vinnuveitanda í lægra starfshlutfalli enda eigi viðkomandi að mati Vinnumálastofnunar ekki kost á að ráða sig til starfa í sama starfshlutfalli og hann var í áður vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði.

Atvinnuleysisbætur samkvæmt ákvæði þessu skulu greiddar frá 1. nóvember 2008 til þeirra sem fullnægðu skilyrðum þess þegar á þeim tíma.

Ákvæði þetta gildir til 1. maí 2009.

b. (II.)

Sjálfstætt starfandi einstaklingur telst fullnægja skilyrðum f- og g-liðar 1. mgr. 18. gr., sbr. einnig 20. og 21. gr., um stöðvun rekstrar hafi hann tilkynnt skattyfirvöldum um verulegan samdrátt í rekstri sínum sem leiðir til tímabundins atvinnuleysis hans. Hann skal gera grein fyrir staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi mánaðarlega og skila virðisaukaskattsskýrslu samkvæmt skráningu hans í grunnskrá virðisaukaskatts. Staðfestingu skattyfirvalda um að tilkynning hafi borist þeim skal skila til Vinnumálastofnunar með umsókn um atvinnuleysisbætur.

Þrátt fyrir 1. mgr. er sjálfstætt starfandi einstaklingi heimilt að taka að sér tilfallandi verkefni samhliða greiðslu atvinnuleysisbóta. Tekjur hans fyrir þau skulu koma til frádráttar

atvinnuleysisbótunum skv. 36. gr. og skal þá miða við frítekjumark að fjárhæð 100.000 kr. á mánuði við útreikning á frádrætti vegna tekna sjálfstætt starfandi einstaklings.

Láti sjálfstætt starfandi einstaklingur hjá líða að skila inn til skattyfirvalda skilagrein staðgreiðslu á eindaga og virðisaukaskattsskýrslu á gjalddaga fellur niður réttur hans til atvinnuleysisbóta frá þeim tíma er hann hefði átt að skila inn gögnunum til þess tíma er hann gerir fullnægjandi skil enda fullnægi hann jafnframt öðrum skilyrðum laganna.

Ákvæði þetta gildir til 1. maí 2009.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, með síðari breytingum.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir a-lið 5. gr. skal taka mið af vinnulaunum launamanns fyrir síðustu þrjá starfsmánuði hans í þjónustu vinnuveitanda áður en starfshlutfall launamanns var minnkað vegna samdráttar í starfsemi vinnuveitanda vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði enda hafi héraðsdómara borist krafa um gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitanda innan tólf mánaða frá því að starfshlutfall launamanns var minnkað. Skilyrði er að launamaður hafi verið samfellt í a.m.k. sex mánuði í sama starfshlutfalli hjá hinum gjaldþrota vinnuveitanda áður en kom til skerðingar á starfshlutfalli hans vegna samdráttar í starfsemi vinnuveitanda. Að öðru leyti gildir a-liður 5. gr.

Þrátt fyrir b-lið 5. gr. skal við útreikning bóta vegna launamissis í allt að þrjá mánuði vegna slita á ráðningarsamningi taka mið af vinnulaunum launamanns skv. 1. mgr. enda hafi héraðsdómara borist krafa um gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitanda innan tólf mánaða frá því að starfshlutfall launamanns var minnkað. Skilyrði er að launamaður hafi verið samfellt í a.m.k. sex mánuði í sama starfshlutfalli hjá hinum gjaldþrota vinnuveitanda áður en kom til minnkunar á starfshlutfalli hans vegna samdráttar í starfsemi vinnuveitanda. Að öðru leyti gildir b-liður 5. gr.

Ákvæði þetta gildir um kröfur launamanna sem minnka starfshlutfall sitt á tímabilinu 1. október 2008 til og með 31. desember 2009 að kröfu vinnuveitanda vegna samdráttar í starfsemi vinnuveitanda sem rekja má til sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

175. Lög [115. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði.

(Afgreidd frá Alþingi 13. nóvember 2008.)

Samhljóða þskj. 174.

176. Frumvarp til laga [152. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. ÞÁTTUR
Breytingar á löggjöf iðnaðarráðuneytis.
I. KAFLI
Breyting á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 4. mgr. orðast svo:
Rannsóknir merkja í lögum þessum mat á stærð, legu og vinnslueiginleikum kolvetnisgeymis með borun leitarholna og borholumælingum auk leitar að kolvetni með jarðeðlisfræðilegum aðferðum.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Leyfishafi merkir í lögum þessum skráður aðili hér á landi sem fengið hefur leyfi til leitar, rannsóknar og/eða vinnslu kolvetnis skv. III. og IV. kafla.

2. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

3. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:
Iðnaðarráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir veitingu leyfis til leitar að kolvetni.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
Orkustofnun veitir leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis á tilteknum svæðum. Slíkt leyfi felur í sér einkarétt leyfishafa til rannsókna og vinnslu. Einungis má veita slíkt leyfi aðilum sem að mati Orkustofnunar hafa nægilega sérþekkingu, reynslu og fjárhagslegt bolmagn til að annast þessa starfsemi. Nánar skal kveðið á um skyldur og rannsóknarkvaðir leyfishafa í rannsóknar- og vinnsluleyfi.

b. 3. mgr. fellur brott.

c. 7. mgr. orðast svo:
Leyfishafi skal árlega greiða til ríkissjóðs gjald fyrir afnot af rannsóknarsvæði. Fyrstu sex ár sem leyfi er í gildi skal leyfishafi greiða árlega 10.000 kr. fyrir hvern ferkílómetra sem leyfið tekur til en þar á eftir hækkar gjaldið árlega um 10.000 kr. fyrir hvern ferkílómetra. Gjaldið skal þó aldrei vera hærra en 150.000 kr. árlega fyrir hvern ferkílómetra.

5. gr.

Á eftir 8. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 8. gr. a og 8. gr. b, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (8. gr. a.)

Þátttaka ríkisins.

Iðnaðarráðherra er heimilt að ákveða um þátttöku íslenska ríkisins í vinnslu kolvetnis samkvæmt lögum þessum.

Ákveði iðnaðarráðherra að íslenska ríkið taki þátt í vinnslu kolvetnis skal hann beita sér fyrir stofnun hlutafélags með það að markmiði að gæta hagsmuna íslenska ríkisins vegna þátttöku þess. Öll hlutabréf í hlutafélaginu skulu ávallt vera eign ríkissjóðs. Skal iðnaðarráðherra annast undirbúning að stofnun hlutafélagsins í samráði við fjármálaráðherra. Hlutafélaginu er óheimilt að starfa sem vinnslufyrirtæki.

Hlutafélagi skv. 2. mgr. skal eingöngu vera heimilt að starfa á landgrunni Íslands. Hlutafélaginu er þó heimilt að starfa á þeim svæðum utan landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunns Íslands sem íslenska ríkið á rétt á hlutdeild í samkvæmt alþjóðasamningum eða öðrum heimildum.

b. (8. gr. b.)

Stjórn hlutafélagsins.

Ríkissjóður Íslands skal vera eigandi alls hlutafjár í hlutafélaginu við stofnun þess. Iðnaðarráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félaginu.

Stjórn hlutafélagsins skal skipuð fimm mönnum. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.

Tilgangi og verkefnum hlutafélagsins skal nánar lýst í samþykktum þess. Samþykktum félagsins má breyta á hluthafafundi samkvæmt almennum reglum.

Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

6. gr.

Við 1. mgr. 9. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi uppdrætti.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „iðnaðarráðherra“ í 5. mgr. kemur: Orkustofnunar.
b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Skilyrði leyfisveitingar er að stofnað sé sérstakt félag hér á landi um þessa starfsemi umsækjanda. Íslenskt útibú félags sem skráð er í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum telst sérstakt félag í skilningi laga þessara. Tilgangur og starfsemi félagsins skal vera bundin við leit, rannsóknir og/eða vinnslu kolvetnis, sbr. ákvæði laga þessara.

Hver umsækjandi getur eingöngu fengið úthlutað einu leyfi skv. IV. kafla.

8. gr.

9. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Í stað orðsins „hann“ í 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: stofnunin.

10. gr.

2. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:

Orkustofnun skal gefa iðnaðarráðherra árlega skýrslu um framkvæmd leitar, rannsókna og vinnslu.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. a laganna:

a. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, 1. og 2. mgr., svohljóðandi:

Umsækjandi um leyfi til leitar að kolvetni skal greiða til Orkustofnunar 150.000 kr. umsóknargjald.

Umsækjandi um leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis skal greiða til Orkustofnunar 150.000 kr. umsóknargjald.

b. 1. mgr., er verður 3. mgr., orðast svo:

Til að standa undir kostnaði af undirbúningi og útgáfu leyfa samkvæmt lögum þessum skal greiða gjöld til leyfisveitanda:

1. Fyrir leyfi til leitar að kolvetni með rannsóknir og vinnslu að markmiði, sbr. 4. gr., skal greiða 600.000 kr.
2. Fyrir leyfi til rannsókna kolvetnis, sbr. 7. gr., skal greiða 850.000 kr.
3. Fyrir leyfi til vinnslu kolvetnis, sbr. 7. gr., skal greiða 1.350.000 kr.

c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Gjaldtaka vegna umsókna, útgáfu leyfa og eftirlits.*

12. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þar til reglugerð hefur verið sett með stoð í 3. mgr. 6. gr. halda reglur um veitingu leyfa til leitar að kolvetni, nr. 553/2001, gildi sínu.

2. ÞÁTTUR

Breytingar á löggjöf umhverfisráðuneytis.

II. KAFLI

Breyting á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

13. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: að annast gerð og framkvæmd skipulagsáætlana á hafsvæðinu og landgrunninu utan netlaga og innan efnahagslögsögunnar vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis, þar með talið leyfisveitingar vegna bygginga og mannvirkjagerðar þar. Við skipulagsáætlunargerð þessa skal stofnunin leita umsagna Hafrannsóknastofnunarinnar, Siglingamálastofnunar, Umhverfisstofnunar og Orkustofnunar. Skipulagsstofnun sendir skipulagsáætlun til umhverfisráðherra þegar gerð hennar er lokið. Skipulagsáætlun samkvæmt þessari grein, eða breyting á henni, er háð staðfestingu umhverfisráðherra og öðlast hún gildi þegar staðfesting hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda. Umhverfisráðherra setur að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar reglugerð um gerð skipulagsáætlunar samkvæmt þessari grein. Þá setur ráðherra reglugerð um gjald vegna gerðar skipu-

lagsáætlunar að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar. Gjaldið má eigi vera hærra en þarf til að standa straum af kostnaði við gerð skipulagsáætlana og skal greiðast af þeim aðilum sem hljóta byggingar- eða framkvæmdarleyfi samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvarðanir Skipulagsstofnunar um útgáfu leyfa skv. 27. gr. a og 43. gr. a er heimilt að kæra til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

15. gr.

Á eftir 27. gr. laganna kemur ný grein, 27. gr. a, svohljóðandi:

Þegar um er að ræða framkvæmdir í nýtingar- eða rannsóknarskyni sem haft geta áhrif á hafsbotninn utan netlaga en innan íslenskrar efnahagslögsögu og landgrunnsmarka skal afla framkvæmdarleyfis Skipulagsstofnunar. Áður en Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um hvort leyfi verður veitt skal stofnunin leita umsagna Hafrannsóknastofnunarinnar, Brunamálastofnunar, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Siglingamálastofnunar. Skipulagsstofnun hefur eftirlit með leyfisskyldri framkvæmd samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Um þvingunarúrræði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum VI. og VII. kafla eftir því sem við getur átt.

Umhverfisráðherra setur að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar reglugerð þar sem kveðið skal á um nauðsynleg gögn og upplýsingar sem fylgja þurfa umsókn um framkvæmdarleyfi. Ráðherra setur og reglugerð um tilhögun eftirlits að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar.

16. gr.

Á eftir 43. gr. laganna kemur ný grein, 43. gr. a, svohljóðandi:

Á hafsbotninum utan netlaga og innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka er óheimilt að grafa grunn, reisa mannvirki eða breyta því nema að fengnu leyfi Skipulagsstofnunar. Áður en Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um veitingu leyfis skal leita umsagna Hafrannsóknastofnunarinnar, Orkustofnunar, Siglingamálastofnunar, Brunamálastofnunar og Umhverfisstofnunar. Skipulagsstofnun hefur eftirlit með leyfisskyldri starfsemi samkvæmt þessari grein. Um þvingunarúrræði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum VI. kafla.

Umhverfisráðherra setur að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar og Brunamálastofnunar reglugerð þar sem kveðið skal á um nauðsynleg gögn og upplýsingar sem fylgja verða umsókn um byggingarleyfi. Ráðherra setur og reglugerð um tilhögun eftirlits að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar.

17. gr.

Á eftir 53. gr. laganna kemur ný grein, 53. gr. a, svohljóðandi:

Skipulagsstofnun er heimilt að innheimta gjöld fyrir eftirlit og leyfisveitingu til framkvæmda eða bygginga utan netlaga og innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka. Gjaldupphæð má eigi vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við eftirlit, útgáfu leyfa, útmælingu, úttektir, nauðsynlega gagnaöflun eða aðra verkþætti sem standa í eðlilegum tengslum við leyfisveitingu til framkvæmdaraðila og greiðist af leyfishafa.

III. KAFLI

Breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

18. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Lögin ná einnig til starfsemi og framkvæmda í efnahagslögsögunni vegna leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis.

19. gr.

Á eftir 6. gr. a laganna kemur ný grein, 6. gr. b, svohljóðandi:

Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir atvinnurekstur vegna leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis sem getur haft í för með sér mengun í hafi eða á hafsbotni innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka. Áður en Umhverfisstofnun tekur ákvörðun varðandi leyfisumsókn skal stofnunin afla umsagna Hafrannsóknastofnunarinnar, Orkustofnunar og Brunamálastofnunar. Umhverfisstofnun annast eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum vegna starfsleyfisskyldrar starfsemi samkvæmt þessari grein. Ráðherra setur reglugerð samkvæmt tillögum Umhverfisstofnunar um framkvæmd hollustuhátta- og mengunarvarnaeftirlits varðandi mannvirki sem reist eru vegna leitar, rannsókna eða vinnslu kolvetnis í jörðu.

20. gr.

Á eftir 21. gr. laganna kemur ný grein, 21. gr. a, svohljóðandi:

Umhverfisstofnun er heimil gjaldtaka vegna leyfisveitinga og eftirlits samkvæmt ákvæðum 6. gr. Upphæð gjalds má þó ekki nema hærri fjárhæð en samsvarar þeim kostnaði sem hlýst af því að veita slík leyfi og vinnu sem stendur í eðlilegum tengslum við það.

21. gr.

Við 2. mgr. 32. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu leyfis skv. 6. gr. b er heimilt að kæra til umhverfisráðherra. Um aðrar ákvarðanir Umhverfisstofnunar fer skv. 31. gr.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum.

22. gr.

Við c-lið 2. tölul. 2. viðauka við lögin bætist nýr liður, vi. liður, svohljóðandi: Vinnsla og rannsóknarboranir vegna kolvetnis utan netlaga og innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka.

V. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, með síðari breytingum.

23. gr.

Við 7. tölul. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, 2. málsl., svohljóðandi: Til losunar telst og það þegar mengandi efni vegna starfsemi eða framkvæmda við rannsóknir og vinnslu kolvetnis losnar í hafið.

24. gr.

Við A-lið viðauka I við lögin bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Rannsóknir og vinnsla kolvetnis innan efnahagslögsögunnar.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

25. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lögin ná einnig til starfsemi og framkvæmda utan netlaga og innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka vegna leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis.

26. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Um eldvarnaeftirlit varðandi mannvirki vegna leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis í íslenskri efnahagslögsögu og innan landgrunnsmarka fer samkvæmt ákvæðum þessarar greinar eftir því sem við getur átt. Brunamálastofnun annast framkvæmd eldvarnaeftirlits og setur um það reglur sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.

27. gr.

Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, 13. gr. a, svohljóðandi:

Mannvirki innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka sem eru fyrirhuguð eða tilkomin vegna leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis skulu háð sérstöku öryggismati sem framkvæmt er af notanda mannvirkis og staðfest af Brunamálastofnun. Öryggismat þetta skal endurskoða að jafnaði á fimm ára fresti. Umhverfisráðherra setur að fengnum tillögum Brunamálastofnunar reglugerð um útfærslu og framkvæmd öryggismats, svo og þau gögn og upplýsingar sem nauðsynlegar verður að telja til að matið byggist á öruggum forsendum. Í reglugerð þessari skal einnig kveðið á um hlutverk slökkviliða vegna eld- eða sprengihættu í þessu sambandi.

Brunamálastofnun er heimil gjaldtaka vegna eldvarnaeftirlits, öryggismats og endurskoðunar öryggismats. Gjaldið má þó ekki vera hærra en nemur rökstuddum kostnaði við gerð eða endurskoðun öryggismats og framkvæmd eldvarnaeftirlits.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, og lögum um brunavarnir, nr. 75/2000. Með lögum nr. 49/2007 voru gerðar talsverðar breytingar á lögum nr. 13/2001 þar sem m.a. Orkustofnun var falið leyfisveitingarvald samkvæmt lögunum. Að auki var við lögin bætt gjaldtökuheimildum sem og öðrum breytingum með það að markmiði að hefja undirbúning að útgáfu leyfa til rannsókna og vinnslu kolvetnis. Til að tryggja faglegan framgang starfsins þar sem nyti við þverfaglegrar sérfræðiþekkingar var komið á formlegum samstarfsvettvangi og vinnuhópar settir á laggirnar. Tók frumvarp það sem varð að lögum nr. 49/2007 mið af

þessu samstarfi ráðuneyta og fagaðila á vettvangi kolvetnis. Hins vegar var ljóst að frekari breytinga var þörf á bæði löggjöf iðnaðarráðuneytis sem og umhverfisráðuneytis og eru með frumvarpi þessu lagðar til breytingar á löggjöf ráðuneytanna beggja. Við undirbúning frumvarpsins hefur verið haft samráð við fjármálaráðuneyti og umhverfisráðuneyti.

II. Efni frumvarps til breytinga á kolvetnislögum og helstu ástæður breytinga.

Frá gildistöku laga nr. 49/2007 hafa iðnaðarráðuneytið og Orkustofnun leitað frekari aðstoðar og upplýsinga frá ráðgjöfum sem starfa á vettvangi olíumála og búa yfir viðamikilli sérþekkingu á þessu sviði. Á grundvelli þeirra upplýsinga og ráðlegginga sem borist hafa er það mat stjórnvalda að ákvæði laga nr. 13/2001 megi færa til enn betri vegar.

Breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpi þessu snúa einna helst að lagfæringum á texta laganna einkum með það að markmiði að gera hann enn skýrari og að eyða óþarfa endurtekningum. Að auki eru í frumvarpinu lagðar til breyttar útfærslur á gjaldtökuákvæðum laganna. Loks er lagt til að við lögin verði bætt ákvæði sem tekur til þátttöku íslenska ríkisins þegar kemur að vinnslu kolvetnis.

Mikilvægt er að eyða öllum þeim óvissuþáttum sem kunna að vera til staðar í texta laga nr. 13/2001 áður en útboð á leyfum hefst árið 2009. Með því er verið að tryggja hagsmuni íslenska ríkisins sem eiganda kolvetnis í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands, en um leið að tryggja réttaröryggi þeirra sem seinna meir munu óska eftir leyfi til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis á grundvelli laganna.

III. Breytingar á umhverfislöggjöf.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til ákveðnar breytingar á skipulags- og byggingarlögum, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um mat á umhverfisáhrifum, lögum um brunamál og lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda. Forsendur breytingartillagna eru þær að fyrirhugað er að bjóða út rannsóknir og vinnslu kolvetnis af hálfu íslenska ríkisins í íslenskri efnahagslögsögu. Í gildandi lögum er til að mynda ekki að finna ákvæði um hvaða stofnun fari með skipulagsvald utan netlaga þar sem skipulagsvaldmörk sveitarfélaga liggja, en grundvallarréttur ríkisins í þessum efnum er tryggður í lögum nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Samkvæmt þeim lögum hefur íslenska ríkið fullveldisrétt innan íslensku efnahagslögsögunnar og landgrunnsins að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun auðlinda, lífrænna og ólífrænna, á hafsbotni og í honum, sbr. a-lið 1. mgr. 4. gr. laganna. Sömuleiðis hefur íslenska ríkið lögsögu á svæðinu að því er varðar byggingu mannvirkja og afnot af þeim, vísindalegar rannsóknir og verndun hafsins, sbr. b-lið 4. gr. laganna. Á landgrunninu, sem náð getur út fyrir 200 sjómílna afmörkun efnahagslögsögunnar, sbr. 5. gr. laganna, þá nær hagnýtingarrétturinn einnig þangað, sbr. 6. gr. laganna. Lög þessi hafa þó ekki að geyma ákvæði um hlutverk eða valdheimildir einstakra stjórnvalda í þessu sambandi, og meðal annars þess vegna verður að telja breytingar þær sem mælt er fyrir um í frumvarpinu nauðsynlegar.

Vegna sérstöðu þess svæðis sem frumvarpið tekur til eru ákvæði um álitsumleitan hlutaðeigandi stjórnsýslustofnana mikilvæg og birtast í ýmsum greinum laganna. Rétt þykir einnig að taka fram að við skýringu þeirra ákvæða sem hér er lagt til að verði að lögum ber að hafa þau meginmarkmið sem birtast í núgildandi löggjöf og þá grundvallarhagsmuni sem þeim er ætlað að vernda að leiðarljósi, sbr. svo sem 1. gr. skipulags- og byggingarlaga og 1. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sérstöðu svæðisins eða landfræðilegri legu þessa hluta

íslenska yfirráðasvæðisins er þannig hvorki ætlað draga úr gildi þessara markmiða né vernd umræddra grundvallarhagsmuna, eins og þau birtast í eldri lagaákvæðum.

Við samningu frumvarpsins var meðal annars haft til hliðsjónar fyrirkomulag það sem við lýði er í Noregi, en sem kunnugt er hafa umsvif þar verið talsverð í þessum efnum um nokkuð langa hríð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lögð til breyting á skilgreiningu á rannsókn til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 49/2007 en þar var m.a. bætt við núgildandi lög skilgreiningu á leit að kolvetni. Skv. 1. tölul. 4. mgr. 2. gr. laganna eru rannsóknir m.a. skilgreindar sem leit að kolvetni og þykir því ástæða til að greina á skýrari hátt á milli skilgreininga á annars vegar leit og hins vegar rannsóknum. Hafa verður hugfast að við rannsóknir fer einnig fram leit að kolvetni en þó með ólíkum hætti heldur en gerist almennt við leit, þ.e. samkvæmt leyfi til leitar að kolvetni. Af þeirri ástæðu þykir ekki rétt að fella tilvísun til leitar að kolvetni út úr skilgreiningu á rannsóknum heldur er lögð til nánari skilgreining á því hvers konar leit fer fram samkvæmt rannsóknum.

Í greininni er lagt til að leyfishafi verði skilgreindur sem sá aðili sem fengið hefur leyfi til leitar, rannsóknar og/eða vinnslu kolvetnis skv. III. og IV. kafla og skráður er hér á landi. Í þessu felst sú breyting að gert er ráð fyrir að leyfishafi sé skráður hér á landi svo tryggt sé að viðkomandi aðili hafi skattalega heimilisfesti hér á landi. Í 3. og 7. gr. frumvarpsins er að finna breytingartillögur sem lúta að skilyrðum fyrir útgáfu leyfis.

Um 2. gr.

Með lögum nr. 47/2007 var iðnaðarráðherra veitt heimild til að fela Orkustofnun að veita leyfi og taka aðrar stjórnvaldsákvarðanir samkvæmt lögum þessum, sbr. 3. mgr. 3. gr. laganna. Frá því að lög nr. 47/2007 voru samþykkt hefur umsýsla kolvetnismála færst frá iðnaðarráðuneyti til Orkustofnunar þótt yfirstjórn samkvæmt lögunum sé eftir sem áður í höndum iðnaðarráðherra. Í ljósi þessa þykir ástæða til að fella út úr lögunum fyrrgreinda heimild iðnaðarráðherra og þá sérstaklega þar sem sú heimild hefur að fullu verið nýtt af hálfu iðnaðarráðherra.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að iðnaðarráðherra verði heimilt að setja nánari skilyrði um leit að kolvetni í reglugerð í stað reglna líkt og núgildandi lög kveða á um. Með því að veita iðnaðarráðherra umrædda reglugerðarheimild er unnt að einfalda regluverk þannig að í einni reglugerð verði settur rammi um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Slíkt fyrirkomulag er til einföldunar á stjórnsýslu kolvetnismála.

Samkvæmt aðgerðaáætlun um Einfaldara Ísland, sem samþykkt var í ríkisstjórn 17. október 2006, var gert ráð fyrir að hvert ráðuneyti setti sér langtímaáætlun um einföldun opinberra reglna og stjórnsýslu. Iðnaðarráðuneytið setti sér slíka áætlun í september 2007 og samkvæmt áætlun ráðuneytisins var stefnt að því að taka umræddar reglur nr. 553/2001 til endurskoðunar til samræmis við breytingar sem orðið hafa á lögum nr. 13/2001 og samhliða setningu reglugerðar í stað reglna mun fara fram endurskoðun á núgildandi reglum.

Um 4. gr.

Í greininni er í fyrsta lagi lagt til að 3. mgr. laganna verði felld brott og tilheyrandi ákvæði hennar sameinuð 1. mgr. laganna. Breyting þessi felur í sér að óþarfa tvítekningu er eytt úr ákvæðum 7. gr. núgildandi laga en að öðru leyti er ekki hróflað við efnislegu innihaldi viðeigandi málsgreina.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á gjaldtöku svonefndra svæðisgjalda. Í núgildandi lögum er kveðið á um að leyfishafi rannsóknar- og vinnsluleyfa skuli fyrstu sex ár sem leyfi er í gildi greiða árlega 50.000 kr. fyrir hvern ferkílómetra sem leyfið tekur til en þar á eftir hækkar gjaldið um 10.000 kr. árlega en þó þannig að gjaldið verði aldrei hærra en 150.000 kr. árlega fyrir hvern ferkílómetra. Ástæða þessara breytinga er að núverandi svæðisgjald er fullhátt í upphafi miðað við það sem gerist annars staðar. Er því ástæða til þess að lækka umrætt gjald til samræmis við það sem gerist í nágrannalöndum okkar og þar af leiðandi að draga ekki úr áhuga þeirra sem hug hafa á að sækja hér um rannsóknarleyfi samkvæmt lögum þessum.

Að auki er lögð til sú breyting að í stað þess að innheimta svæðisgjöld vegna rannsóknar- og vinnsluleyfa nái umrætt gjald einungis til rannsóknarleyfa. Ástæða þessa er að samkvæmt þeirri leið sem nú er höfð í huga varðandi skattlagningu á vinnslu kolvetnis verður væntanlega lagt á stighækkandi framleiðslugjald í upphafi og síðar sérstakur kolvetnisskattur. Þykir þar af leiðandi óeðlilegt að handhafi vinnsluleyfis greiði að auki svæðisgjald fyrir vinnsluleyfi. Álíka fyrirkomulag viðgengst í nágrannalöndum okkar, t.d. í Færeyjum, þar sem sama leið er farin í skattlagningu.

Tilgangur svæðisgjalds er m.a. að fá fyrirtækin til að skila til baka svæðum sem ekki er ætlunin að nýta á næstunni þannig að úthluta megi þeim svæðum að nýju. Hvorugur aðili, hvorki íslenska ríkið né leyfishafi, hefur hag af því að vinnslusvæði sé skilað meðan þar er stunduð vinnsla á annað borð. Svæðisgjaldið ætti því aðeins að ná til rannsóknarsvæða og lækka úr 50.000 kr. árlega á hvern ferkílómetra niður í 10.000 kr. árlega á hvern ferkílómetra í upphafi. Ákvæði um hækkun þess með tímanum og efstu mörk haldist hins vegar óbreytt.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að við lögin verði bætt tveimur ákvæðum er kveða á um heimild til að koma á laggirnar félagi vegna þátttöku ríkis í vinnslu kolvetnis samkvæmt lögum þessum. Þess ber þó að gæta að ekki er lagt til að íslenska ríkið taki beint þátt í vinnslu á kolvetni heldur er um að ræða að gæta hagsmuna íslenska ríkisins er varða auðlindina sjálfa sem og fjárhagslega hagsmuni ríkisins af vinnslu kolvetnis.

Markmið þessa breytinga er að veita iðnaðarráðherra heimild til koma á fót félagi sem kemur fram fyrir hönd íslenska ríkisins, og á ábyrgð og áhættu ríkisins, til að fara með réttindi ríkisins og skyldur ríkisins komi til þátttöku þess í kolvetnisstarfsemi og viðskiptum þeim tengdum. Er um ræða fyrirkomulag í anda þess sem gerist í nágrannalöndum okkar, t.d. Petoro AS í Noregi, þar sem komið er á fót sérstöku ríkisfyrirtæki til að fara með hagsmunagæslu ríkisins. Ólíkt StatoilHydro í Noregi tekur Petoro AS ekki beinan þátt í vinnslu kolvetnis heldur er einungis um fyrirtæki að ræða sem gætir ríkishagsmuna.

Lagt er til að iðnaðarráðherra verði veitt heimild til að kveða á um þátttöku íslenska ríkisins í kolvetnisstarfsemi. Í ljósi þess að kolvetnisstarfsemi er áhættusöm starfsemi, og þá sérstaklega fjárhagslega, þykir rétt að iðnaðarráðherra sé heimilt að kveða á um þátttöku íslenska ríkisins í slíkri starfsemi og því ekki um skyldu að ræða. Með slíku móti er það mat hverju sinni hvort hagsmuna íslenska ríkisins, eða auðlinda þess, sé gætt með eða án þátttöku

íslenska ríkisins. Að sama skapi er lagt til að iðnaðarráðherra verði í samráði við fjármálaráðherra falið það verkefni að stofna félag til að gæta hagsmuna íslenska ríkisins í umræddri starfsemi. Rétt þykir að ákvörðun um stofnun félagsins sé tekin í samráði við fjármálaráðherra þar sem tilgangur félagsins er að miklu leyti að gæta fjárhagslegra hagsmuna íslenska ríkisins. Þá er í ákvæðinu áréttað að félaginu er ekki ætlað að starfa sem vinnslufyrirtæki og skal það ávallt vera að fullu í eigu íslenska ríkisins. Þá er tekinn allur vafi af því að félaginu er með öllu óheimilt að starfa sem vinnslufyrirtæki.

Lagt er til að mörk þess svæðis sem félaginu er ætlað að starfa á verði afmörkuð í lögum og í frumvarpinu er kveðið á um að félaginu sé óheimilt að starfa út fyrir mörk hins íslenska landgrunns. Þó er lögð til sú undantekning að félaginu sé heimilt að starfa utan þeirra marka á þeim svæðum þar sem íslenska ríkið á rétt til nýtingar á auðlindum samkvæmt alþjóðlegum samningum, tvíhliða eða fjölþjóðlegum, og sem dæmi má nefna réttindi til handa íslenska ríkinu samkvæmt samkomulagi við Noreg um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen frá árinu 1981.

Er í greininni einnig kveðið á um að öll hlutabréf félagsins verða í eigu íslenska ríkisins við stofnun þess og lagt er til að iðnaðarráðherra fari með eignarhlut ríkisins í félaginu. Skv. 29. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, skulu ríkisaðilar í A-hluta hverju sinni afla heimildar í lögum, m.a. til að selja eignarhluti í félögum. Af þessum sökum getur ekki komið til sölu á hlutum ríkisins í hlutafélaginu nema með sérstakri heimild Alþingis. Þá er kveðið á um í greininni að stjórn félagsins skuli skipuð fimm mönnum. Með hliðsjón af tilgangi félagsins og hagsmunum þess er rétt að umræddir stjórnarmenn verði skipaðir sameiginlega af forsætisráðherra, iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra samkvæmt samkomulagi þeirra á milli. Jafnframt er í greininni gert ráð fyrir að nánar sé kveðið á um tilgang félagsins í samþykktum þess. Tilgangi félagsins má síðan breyta á hluthafafundi samkvæmt almennum reglum. Með því gefst nauðsynlegt svigrúm til að laga hlutverk félagsins að aðstæðum hverju sinni.

Loks eru í greininni nauðsynlegar undanþágur frá ákvæðum hlutafélagalaga, m.a. með tilliti til þess að ríkissjóður er eini stofnandi og hluthafi félagsins í upphafi. Að öðru leyti en fram kemur í greininni skulu ákvæði hlutafélagalaga gilda um hlutafélagið.

Um 6. gr.

Í greininni er lögð til breyting á núverandi 9. gr. laganna á þann hátt að núgildandi 9. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna verði hér eftir hluti 1. mgr. 9. gr. Þykir rétt að þær kröfur sem gerðar eru til umsækjanda um leyfi samkvæmt lögum þessum um að leggja fram uppdrætti sé getið í 9. gr. laganna sem kveður á um umsóknir um slík leyfi. Að sama skapi felur þessi breyting í sér að 9. tölul. 1. mgr. 11. gr. fellur brott.

Um 7. gr.

Í greininni er lögð til breyting til lagfæringar á orðalagi 5. mgr. 10. gr. laganna og til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 49/2007.

Í greininni er lagt til að gert verði að skilyrði leyfisveitingar að stofnað sé sérstakt félag hér á landi um starfsemi umsækjanda. Íslenskt útibú félags sem skráð er í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum telst sérstakt félag. Þá er gerð krafa um að tilgangur og starfsemi félagsins skuli vera bundin við leit, rannsóknir og/eða vinnslu kolvetnis. Þetta er lagt til í þeim tilgangi að afmarka starfsemi þess aðila sem verður skattskyldur aðili. Hver leyfishafi getur eingöngu fengið úthlutað einu leyfi skv. III. kafla laganna.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að 9. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna falli brott, þ.e. að töluliðurinn verði þess í stað hluti af 1. mgr. 9. gr. laganna, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Í greininni er lögð til breyting til lagfæringar á orðalagi 1. mgr. 20. gr. laganna og til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 49/2007.

Um 10. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 2. mgr. 24. gr. laganna með það að markmiði að eyða óþarfa tvítekningu sem er í núgildandi ákvæði laganna til samræmis við 1. mgr. ákvæðisins. Felur breyting þessi í sér að 1. málsl. 2. mgr. 24. gr. falli brott enda er um að ræða orðalag sem einnig er kveðið á um í 1. mgr. Að auki er lögð til breyting á orðalagi núgildandi 2. málsl. 2. mgr. 24. gr., þ.e. að Orkustofnun gefi iðnaðarráðherra árlega þá skýrslu sem kveðið er á um í málsgreininni.

Um 11. gr.

Í greininni eru lagðar til þrenns konar breytingar á núgildandi ákvæðum 30. gr. a laganna. Í fyrsta lagi er lagt til að heiti ákvæðisins verði breytt á þá vegu að það taki einnig til gjaldtöku vegna umsókna, en núgildandi heiti vísar eingöngu til gjaldtöku vegna útgáfu leyfa og eftirlits.

Í öðru lagi, og til samræmis við breytt heiti ákvæðisins, er lagt til að við núgildandi ákvæði verði bætt tveimur nýjum málsgreinum er taka til umsóknargjalds vegna leyfa til rannsókna og vinnslu á kolvetni. Gjaldtaka samkvæmt núgildandi 1. mgr. 30. gr. a laganna tekur eingöngu til útgáfu leyfa en engar hömlur í formi gjaldtöku eru settar við innihaldsrýrum og undirstöðulitlum umsóknum. Álag á stjórnsýsluna vegna umsókna sem fá ekki framgang fæst því ekki bætt. Til að ráða bót á þessu er lagt til að skipt verði upp gjaldi fyrir útgáfu leyfa til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis í tvennt, þ.e. í umsóknargjald og leyfisgjald, sem staðið gæti undir móttöku og skráningu umsóknar, könnun á hæfni viðkomandi umsækjanda og ákvörðunartöku um leyfið. Leyfisgjöld fyrir útgáfu leyfa til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis yrðu þá samsvarandi lægri. Er í greininni lögð til sú breyting að umsækjanda um framangreind leyfi beri að greiða 150.000 kr. í umsóknargjald.

Loks er í þriðja lagi lagt til í greininni að gjöld vegna útgáfu leyfa til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis lækki til samræmis við framangreinda tillögu um umsóknargjald, þ.e. gjöld þessi vegna útgáfu leyfa lækki að höfuðstól um 150.000 kr. Hér er ekki um að ræða að íslenska ríkið verði af tekjum heldur er lagt til að umræddu gjaldi verði dreift á tvo gjaldliði, þ.e. umsóknargjald og gjald vegna útgáfu leyfa. Gjöld vegna útgáfu leyfa til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis yrðu þá samsvarandi lægri, eða 600.000 kr., 850.000 kr. og 1.350.000 kr. Þá er að auki lögð til breyting á uppsetningu tölulíða á þann veg að í stað tveggja tölulíða verði þeir þrír, þ.e. gjöld vegna útgáfu leyfa til leitar, rannsóknar eða vinnslu kolvetnis falli undir sérstakan tölulið.

Um 12. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, er ekki kveðið á um skipulagsvald þeirra stofnana sem undir lögin falla á hafsvæðinu umhverfis Ísland. Til að taka af allan vafa viðvíkjandi hagsmunum og réttindum íslenska ríkisins sem eiganda auðlinda á landgrunninu og innan mengunar- og efnahagslögsögu Íslands eru sett ákvæði um skipulagsrétt og leyfisveitingarvald Skipulagsstofnunar á umræddu svæði. Þá er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun setji reglugerð um nánari útfærslu skipulags og framkvæmd í reglugerð og gjaldtöku vegna gerðar skipulagsáætlunar.

Um 14. gr.

Rétt þótti að kveða sérstaklega á um kæruheimild vegna ákvarðana Skipulagsstofnunar um leyfisútgáfu skv. 27. gr. a og 43. gr. a frumvarpsins.

Um 15. gr.

Kveðið er á um leyfisskyldu framkvæmda í greininni og skylda Skipulagsstofnunar til að afla umsagna í því samhengi lögbundin. Þá er gert ráð fyrir því að Skipulagsstofnun setji reglugerð varðandi gögn þau er fylgja verða umsókn á grundvelli greinarinnar.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um leyfisskyldu vegna mannvirkjagerðar og tilfæringa á hafsbotni og álitsumleitunarskylda Skipulagsstofnunar lögbundin í því sambandi. Þá er kveðið á um reglugerðarsetningu varðandi nauðsynleg gögn og upplýsingar sem fylgja verða umsókn um byggingarleyfi á grundvelli greinarinnar.

Um 17. gr.

Til að taka af allan vafa um kostnaðarþætti vegna þeirrar stjórnsýslu sem samfara er leyfisveitingum og vinnu vegna þeirra er hér sett gjaldtökuheimild. Líkt og orðalag greinarinnar ber með sér þá er um þjónustugjald að tefla.

Um 18. gr.

Hér eru ákvæði um gildissvið laganna og ná þau þannig til starfsemi í efnahags- og mengunarlögsögunni og innan landgrunnsmarka vegna leitar, rannsóknar og vinnslu kolvetnis.

Um 19. gr.

Hér er kveðið á um veitingu starfsleyfis vegna starfsemi og framkvæmda varðandi leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis sem getur haft í för með sér mengun í hafi eða á hafsbotni. Þá er kveðið á um skyldu Umhverfisstofnunar til að leita umsagna hjá þeim stofnunum sem tilgreindar eru í greininni.

Um 20. gr.

Rétt þykir að taka af vafa um heimild Umhverfisstofnunar til að standa undir kostnaði við leyfisveitingar og vinnu sem þeim tengist. Líkt og orðalag greinarinnar ber með sér er um að tefla þjónustugjald.

Um 21. gr.

Rétt þykir að árétta ákvæði um kæruheimild vegna þeirra ákvarðana Umhverfisstofnunar sem getið er um í greininni.

Um 22. gr.

Vegna þeirra hættu og áhrifa sem verið geta samfara starfsemi eins og rannsóknum og borunum á landgrunninu þótti rétt að gera slíkar framkvæmdir tilkynningarskyldar enda ávallt viðbúið að rask verði af starfsemi sem þessari. Í þessu sambandi þykir og rétt að árétta mikilvægi álitsumleitana Skipulagsstofnunar frá viðeigandi stofnunum áður en ákvörðun um matsskyldu er tekin, ekki hvað síst með tilliti til rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Í þessu sambandi ber að taka fram að málsmeðferð þessi svo og mat á umhverfisáhrifum, þegar svo ber undir, er hugsað sem liður í leyfisveitingarferli Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Um 23. gr.

Sökum þeirra hættueiginleika er telja verður fólgna í framkvæmdum vegna vinnslu og rannsókna kolvetnis í eða við hafsbotn má ætla að upp geti komið mengunarvaldandi atvik, mögulega bráðamengandi, sbr. skilgreiningu í 3. gr. laganna. Vegna þess þykir brýnt að tryggja að starfsemi þessi sé viðbragðsáætlanaskyld eftir ákvæðum 18. gr. laganna og því nauðsynlegt að bæta þessum ákvæðum við 1. viðauka þar.

Um 24. gr.

Vegna þeirrar efnisafmörkunar sem hugtakið losun hefur samkvæmt gildandi lögum þykir rétt að kveða á um að þegar mengandi efni vegna starfsemi eða framkvæmda við vinnslu kolvetnis losna í hafið falli það innan hugtaksskilgreiningar losunar. Oft getur verið um tefla afar hættuleg og hugsanleg stórskaðleg efni sem notuð eru við rannsóknir þessa og vinnslu. Hin nýju ákvæði hafa einkum þýðingu við skýringu 12. gr. laganna þar sem kveðið er á um tilkynningarskyldu vegna losunar, varps og mengunar á hafi.

Um 25. gr.

Vegna þeirrar bruna- og sprengihættu sem skapast getur við meðferð þeirra tækja og efna sem notuð eru við rannsóknir og vinnslu kolvetnis á og við hafsbotninn er aðkoma Brunamálastofnunar að þessum málum tryggð með útvíkkun gildissviðs laganna.

Um 26. gr.

Vegna leitar, vinnslu og rannsókna og kolvetnis skal Brunamálastofnun annast eldvarnaeftirlit eftir því sem þörf er á og unnt er. Tæknilega kann það að vera fyrirhafnarmeira og tímafrekara en þegar eldvarnaeftirlit á landi er viðhaft af augljósum ástæðum, en hafa ber til hliðsjónar ferli það sem mælt er fyrir um í sambandi við eldvarnaeftirlit í gildandi ákvæðum.

Um 27. gr.

Til að tryggja að gert sé öryggismat eru ákvæði þessarar greinar sett. Brunamálastofnun annast gerð þess og staðfestingu. Með reglugerð samkvæmt greininni skal útfæra nánar gerð og framkvæmd þessa mats. Þá er hér gert ráð fyrir gjaldtökuheimild til þess að tryggja að unnt sé fyrir stofnunina að mæta þeim kostnaði sem hlýst af vinnu í tengslum við gerð öryggismats.

Um 28. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem heyra undir iðnaðarráðuneytið og umhverfisráðuneytið vegna kolvetnisstarfsemi.

Með lögum nr. 49/2007 voru gerðar talsverðar breytingar á lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, þar sem Orkustofnun var meðal annars falið leyfisveitingarvald en auk þess var bætt við gjaldtökuheimildum og fleiri breytingum með það að markmiði að hefja undirbúning að útgáfu leyfa til rannsókna og vinnslu kolvetnis. Í þessu frumvarpi er lagt til að felld verði niður gildandi lagaákvæði um innheimtu á svæðisgjöldum af vinnsluleyfishöfum þar sem nú er gert ráð fyrir að farin verði sú leið í skattlagningu á vinnslu kolvetnis að leggja á stighækkandi framleiðslugjald í upphafi og síðar sérstakan kolvetnisskatt. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að lækka svæðisgjöld sem rannsóknarleyfishafar greiða og er þá tekið mið af sambærilegri gjaldtöku hjá nágrannalöndum okkar. Tekjur af gjaldinu munu ráðast af fjölda leyfisveitinga en verða varla verulegar. Sé tekið dæmi um úthlutun á 200 ferkílómetra rannsóknarsvæði þá mun gjaldið skila 2 m.kr. á ári fyrstu sex árin og hækka síðan eftir það. Þá er lagt til að umsækjandi um leyfi til leitar eða rannsókna á kolvetni greiði Orkustofnun 150.000 kr. í umsóknargjald. Hljóti viðkomandi leyfi til leitar greiðir hann 600.000 kr. að auki, fyrir rannsóknarleyfi greiðir viðkomandi 850.000 kr. og fyrir vinnsluleyfi skal greiða 1.350.000 kr. Komi ekki til úthlutunar á sérleyfum er talið í ljósi reynslunnar að framangreind gjöld skili ríkissjóði óverulegum fjárhæðum á næstu árum en muni þó væntanlega standa undir kostnaði stofnunarinnar við meðhöndlun og afgreiðslu umsókna, eftirlit, frágang og varðveislu gagna. Loks má nefna að í frumvarpinu er gert ráð fyrir heimild til þess að ríkið stofni hlutafélag um þátttöku í vinnslu kolvetnis. Ef til þess kæmi væri tilgangurinn með því eingöngu sá að félagið annaðist um að gæta hagsmuna íslenska ríkisins í tengslum við slíkar auðlindir. Ef af stofnun slíks félags yrði þyrfti að leggja því til hlutafé sem fært yrði til eignar í efnahagsreikningi ríkisins en ekki gjaldfært í rekstrarreikningi.

Hvað breytingar á umhverfislöggjöf varðar er megintilgangur frumvarpsins að setja skýrari lagaumgjörð um skipulags-, mengunarvarna- og öryggismál í tengslum við rannsóknir, leit og vinnslu kolvetnis á hafsvæðunum umhverfis Ísland. Í því skyni eru í frumvarpinu lagðar til lagabreytingar til að víkka út hlutverk Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar og Brunamálastofnunar þannig að þau taki einnig til starfsemi við rannsóknir, leit og vinnslu kolvetnis innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka Íslands. Í fyrsta lagi er lagt til að Skipulagsstofnun ákvarði um matsskyldu samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, annist gerð og framkvæmd skipulagsáætlana, veiti framkvæmdaleyfi og hafi eftirlit með leyfisskyldri starfsemi. Áætlað er að kostnaður stofnunarinnar við frumathugun á umhverfismatsskyldu einstakra framkvæmda geti verið allt að 0,5 m.kr. Teljist framkvæmd ekki matsskyld

ber stofnunin sjálf kostnað af frumathugun. Að öðrum kosti ber framkvæmdaraðili kostnaðinn ásamt kostnaði við gerð matsáætlunar sem áætlað er að geti numið allt að 7 m.kr. við hverja matsgerð. Áætlað er að kostnaður við gerð skipulagsáætlunar geti numið 12 m.kr. fyrir hvert leitarsvæði og að kostnaður við hvert framkvæmdaleyfi og eftirlit með því verði 0,5 m.kr. á ári. Samkvæmt frumvarpinu verður heimilt að innheimta gjöld á móti kostnaði við frumathugun og matsáætlun matsskyldra framkvæmda, gerð skipulagsáætlana, leyfisveitingar og eftirlit. Í öðru lagi er lagt til að Umhverfisstofnun veiti starfsleyfi og hafi eftirlit með starfsemi sem getur haft í för með sér mengun í hafi eða á hafsbotni. Áætlaður kostnaður við hvert starfsleyfi og eftirlit er 2 m.kr. á ári. Heimilt verður að innheimta gjöld á móti kostnaði við leyfisveitingar og eftirlit. Í þriðja lagi er lagt til að Brunamálastofnun annist eldvarnaeftirlit, staðfesti öryggismat vegna mannvirkja á svæðinu og endurskoði það mat reglulega. Áætlaður kostnaður við öryggismat hvers mannvirkis er 15 m.kr. og kostnaður við árlegt eldvarnaeftirlit 5 m.kr. Heimilt verður að innheimta gjöld á móti kostnaði við eldvarnaeftirlit og öryggismat.

Að öðru leyti en hér hefur verið rakið má gera ráð fyrir að frumvarpið geti leitt til tímabundins aukins álags hjá stofnunum umhverfisráðuneytis vegna vinnu við reglugerðir og aukinnar vinnu við frumathuganir, umsagnir og aðra stjórnsýslu. Hvað reglugerðir varðar þá er í fyrsta lagi um að ræða reglugerð skv. 13. og 14. gr. frumvarpsins um nauðsynleg gögn og upplýsingar sem fylgja verða umsókn um framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi, í öðru lagi reglugerð skv. 18. gr. um framkvæmd hollustuhátta- og mengunarvarnaeftirlits varðandi mannvirki sem reist eru vegna leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis í jörðu og í þriðja lagi reglugerð skv. 26. gr. um útfærslu og framkvæmd öryggismats og þau gögn og upplýsingar sem nauðsynleg verður að telja til að matið byggi á öruggum forsendum, og ákvæði um hlutverk slökkviliða vegna eld- eða sprengihættu. Umhverfisráðuneytið áætlar að vinna við þessa reglugerðasmíð kosti 23 m.kr. Er þar bæði um að ræða vinnu innan viðkomandi stofnana og aðkeypta sérfræðivinnu. Þá áætlar umhverfisráðuneytið annan stjórnsýslukostnað allt að 15 m.kr. á ári. Munar mest um 10 m.kr. hjá Umhverfisstofnun, þar af 8 m.kr. sem m.a. leiðir af víðari skilgreiningu þess sem telst losun í sjó, skv. 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins, og 2 m.kr. vegna vinnslu umsagna. Í því sambandi má minna á að stofnunin hefur 5 m.kr. framlag í fjárlögum 2008 til að undirbúa stjórnsýslu og byggja upp sérfræðiþekkingu um áhrif leitar og vinnslu olíu á hafi úti og í fyrirliggjandi frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009 er sótt um 12,5 m.kr. fjárveitingu til þessarar uppbyggingar auk þess sem gert er ráð fyrir 5 m.kr. lokaframlagi til þess á árinu 2010. Þá áætlar ráðuneytið 3 m.kr. kostnað hjá Brunamálastofnun vegna vinnslu umsagna og 2 m.kr. kostnað hjá Skipulagsstofnun vegna vinnslu frumathugana um matsskyldu framkvæmda. Þannig gerir ráðuneytið í heildina tekið ráð fyrir 23 m.kr. tímabundnum kostnaði við reglugerðavinnu og 15 m.kr. varanlegum stjórnsýslukostnaði.

Ljóst er að kostnaður ríkissjóðs mun að mestu ráðast af umfangi þeirrar starfsemi sem undir lögin kemur til með að falla, svo sem fjölda skipulagssvæða, mannvirkja og umsókna um framkvæmda-, byggingar- og starfsleyfi. Að stórum hluta er gert ráð fyrir að heimilt verði að innheimta gjöld á móti kostnaði og munu þær tekjur færast á tekjuhlið ríkissjóðs. Þó er gert ráð fyrir að tímabundinn kostnaður í upphafi geti orðið allt að 23 m.kr. og viðvarandi stjórnsýslukostnaður 15 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir þessum kostnaði í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009.

177. Framhaldsnefndarálit [119. mál]

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá minni hluta viðskiptanefndar.

Hinn 6. nóvember sl. mælti viðskiptaráðherra fyrir tiltölulega einföldu frumvarpi um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs studdi með ákveðnum fyrirvörum. Á fundi viðskiptanefndar rúmum hálfum sólarhring síðar voru kynntar til sögunnar af fulltrúum viðskiptaráðuneytisins, Fjármálaeftirlitsins og skilanefnda bankanna breytingar sem minni hlutinn taldi að ekki hefðu verið skoðaðar í víðara samhengi og gætu haft afdrifaríkar afleiðingar. Tók frumvarpið í raun algjörlega nýja stefnu. Á fundi viðskiptanefndar benti Benedikt Bogason frá réttarfarsnefnd á ýmsa annmarka á frumvarpinu með áorðnum breytingum og sagði það koma sér spánskt fyrir sjónir. Enn fremur lýsti hann því sjónarmiði sínu að verið væri að fara inn á varhugaverðar brautir. Enn voru gerðar breytingar á upphaflega frumvarpinu, breytingar sem kallaðar hafa verið bútasaumur af fulltrúum í meiri hluta nefndarinnar. Einnig hefur orðið skyndilausnir verið notað. Minni hlutinn skilaði ítarlegu nefndaráliti fyrir 2. umræðu um frumvarpið og er vísað til þess um rökstuðning. Frumvarpið kom til 2. umræðu 11. nóvember. Í framsögu minni hlutans var álitið reifað og ítrekaðar fyrri kröfur um að leitað yrði eftir skriflegri umsögn réttarfarsnefndar og að hún yrði kölluð fyrir á fund nefndarinnar. Þessari kröfu var fylgt eftir með tölvupóstum til varaformanns 12. nóvember og enn fremur óskað eftir tilgreindum skjallegum gögnum frá erlendum kröfuhöfum. Jafnframt var þess krafist í tölvupósti til formanns allsherjarnefndar að nefndin tæki frumvarpið til umfjöllunar enda er frumvarpið með þeim veigamiklu breytingum sem lagðar eru til á gjaldþrotalögum á verksviði nefndarinnar. Þessum tölvupóstum hefur ekki verið svarað. Boðaður var nýr fundur viðskiptanefndar kl. 18.00 12. nóvember sem síðar var afboðaður og til nýs fundar boðað kl. 8.30 13. nóvember Á fundinn mættu fulltrúar viðskiptaráðuneytisins og Fjármálaeftirlitsins og Markús Sigurbjörnsson, formaður réttarfarsnefndar.

Á fundinum kom fram að erfitt væri að sjá hvert væri stefnt með frumvarpinu, hvað kallaði á framkomnar skyndibreytingar, hverju greiðslustöðvun ætti að geta áorkað og hvers vegna ætti að fella úr gildi 4. og 6. tölul. 2. mgr. 12. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Var bent á að um grundvallarákvæði væri að ræða sem endurspegluðu tilgang greiðslustöðvunar. Því var enn fremur lýst að 19.–21. gr. gjaldþrotaskiptalaga settu verulegar hömlur á ráðstöfun eigna og greiðslu skulda fyrirtækja í greiðslustöðvun. Í andsvörum var vísaði til vilja erlendra kröfuhafa um að bankarnir færu í greiðslustöðvun og síðar í hugsanlega nauðasamninga. Um neyðarráðstöfun væri að ræða. Lagður var fram útdráttur úr lögfræðiáliti lögmanna í Bretlandi sem fylgir áliti þessu. Þar kemur ekki fram sértækur rökstuðningur fyrir greiðslustöðvunarleiðinni. Hins vegar er þar tekið fram að vilji hinna erlendu kröfuhafa standi til skipulagðrar niðurlagningar Landsbanka Íslands og viðskipta andstæðum 19.–21. gr. gjaldþrotaskiptalaga á greiðslustöðvunartíma. Þar er talað um „orderly run down“ og „ability to trade“. Frumvarpið með áorðnum breytingum endurspeglar ekki þennan vilja. Spurt var hvað fengist út úr greiðslustöðvun sem ekki væri unnt að ná fram á grundvelli 100. gr. a í lögum um fjármálafyrirtæki. Vakin var athygli á annmörkum ákvæða frumvarpsins um svonefndan frestdag sem varð tilefni þess að meiri hluti viðskiptanefndar hyggur á breytingar og frekari bútasaum hvað það atriði varðar. Bent var á að greiðslustöðvun mundi tryggja að ekki yrði gengið að

eignum bankanna á Evrópska efnahagssvæðinu og jafnframt tekið fram að sama gilti ef bankarnir væru teknir til gjaldþrotaskipta. Fram kom á fundinum að Fjármálaeftirlitið muni ásamt skilanefndum, komi til greiðslustöðvunar sem getur staðið í allt að tvö ár, reka umrædda banka auk þess að vera skylt að lögum að hafa eftirlit með þeim. Er vandséð hvernig það getur farið saman, jafnvel þótt til komi aðstoðarmaður sem ekki ber ábyrgð nema vegna stórkostlegs gáleysis eða ásetnings. Talið var að ávinningur fælist í því að tryggð yrði vernd gagnvart erlendum kröfuhöfum en úr því væri unnt að bæta með öðrum og einfaldari hætti og að lýsingar sem fram kæmu um ráðstafanir undir greiðslustöðvun væru meira og minna andstæðar ákvæðum 19.–21. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Í framhaldi af því kom fram að greiðslustöðvunartímabilið yrði eingögnu notað til endurskipulagningar en ekki ráðstafana, sem ekki getur talist í samræmi við vilja hinna erlendu kröfuhafa. Þeirri skoðun var lýsti að hugsa yrði málið upp á nýtt, sérstaklega í ljósi þeirra rýmkuðu fresta innan greiðslustöðvunar sem nú eru lagðir til í frumvarpinu, og skapa tryggt lagaumhverfi. Undir þessi sjónarmið tóku fulltrúar viðskiptaráðuneytisins og Fjármálaeftirlitsins en þeir töldu að það tæki of langan tíma og brýnt væri að afgreiða frumvapið hið fyrsta sem lög frá Alþingi. Minni hlutinn telur meinta tímapressu ekki réttlæta þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð og telur að unnt sé að tryggja þá hagsmuni sem sagðir eru í húfi með einfaldri lagabreytingu án þess að raska grundvelli gjaldþrotaskiptalaga. Vakin var athygli á því að frekari breytingar yrði að gera á frumvarpinu og lögum um fjármálafyrirtæki og gjaldþrotaskiptalögum ef takast ætti að ná markmiðum frumvarpsins. Sérstaklega var áréttað að í greiðslustöðvun fælist endurskipulagning fjármála en ekki þær aðgerðir sem nauðsynlegar væru og óheimilt væri að ráðstafa eignum og greiða skuldir í greiðslustöðvun. Var þeirri skoðun lýst að unnt væri að semja og setja fullnægjandi lagaákvæði á tiltölulega skömmum tíma. Frumvarpið með áorðnum breytingum tryggi ekki traust lagaumhverfi. Einnig var vísað til til 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga um fjármálafyrirtæki sem skyldar Fjármálaeftirlitið til að afturkalla starfsleyfi fullnægi fjármálafyrirtæki ekki kröfum um eigið fé o.fl. Að áliti minni hlutinn er það ákvæði ótvírætt og þar með er skylda Fjármálaeftirlitsins virk þrátt fyrir frumvarpið eins og það er nú úr garði gert. Minni hlutinn áréttar í þessu sambandi tilvísun í 102. gr. sömu laga, sbr. 1. og 2. tölul. 101. gr. í fyrra áliti sínu og til hlutafélagalaga. Samþykktir umræddra banka gera ráð fyrir sömu skyldum stjórnenda þeirra, það er að óska gjaldþrotaskipta í þeirri stöðu sem bankarnir eru nú í. Loks kom fram að breyta þyrfti 1. gr. frumvarpsins sem ekki tæki til greiðslustöðvunar.

Þær ábendingar og aðvarandi sem komu fram á fundinum um tryggara lagaumhverfi fyrir óljósum fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar og Fjármálaeftirlitsins voru ekki teknar til greina að frátöldum athugasemdum um frestdag. Lagði formaður fram álit meiri hluta nefndarinnar um leið og gestir viðskiptanefndar viku af fundi. Ítrekuð eru viðvörunarorð fulltrúa réttarfarsnefndar í fyrra minni hluta áliti Vinstri hreyfingarinnar – græns framboð.

Minni hlutanum barst nýtt álit meiri hlutans og nýjar breytingatillögur síðdegis í dag. Þar er breytingartillaga við 2. gr. tekin upp 116. gr. gjaldþrotaskiptalaga án þess að lögfesta um leið ákvæði 117. gr. Með því er tekinn af stjórnarskrárbundinn réttur einstaklinga og lögaðila til að leita til dómstóla um ágreining auk annarra frávika. Enn fremur hefur mistekist að innleiða réttilega ákvæði um frestdag. Virðast fram komnar ábendingar frá réttarfarsnefnd hafa misskilist hrapalega. Gagnrýnir minni hlutinn málsmeðferðina harðlega og gerir kröfu til þess að málinu verði frestað og vísað á nýjan leik til viðskiptanefndar og leitað réttarfarsnefndar.

Það er álit minni hlutans að umrætt frumvarp með áorðnum breytingum stangist á við tilgang laga nr. 125/2008. Lögunum var ekki ætlað að halda lífi í hinum gjaldþrota bönkum eins og nú virðist raunin. Enn skal ítrekað að unnt er að ná öllum þeim markmiðum greiðslu-

stöðvunar og nauðasamninga með gjaldþrotaferli og gott betur. Virðist sem hagsmunir hinna erlendu kröfuhafa ráði för. Þá er enn allt á huldu um endanleg markmið ríkisstjórnarinnar og Fjármálaeftirlitsins varðandi framtíðarskipan bankamála á Íslandi. Við blasir sú stórfellda hætta að veikburða og bútasaumuðar skyndilausnir meiri hlutans verði vopnabúr dómsmála. Í fyrsta lagi er alls endis óvíst hvort lagaskilyrðum fyrir greiðslustöðvun verði fullnægt, í öðrum lagi mæla lög um fjármálafyrirtæki enn fyrir um skyldu Fjármálaeftirlitsins til að gera kröfu um gjaldþrotaskipti og í þriðja lagi má búast við hatrömmum málaferlum frá hendi erlendra sem innlendra kröfuhafa þar sem þess verður krafist að hugsanlegri greiðslustöðvun verði hnekkt. Frumvarpið með áorðnum breytingum er enn vanhugsað og ófaglegt og það sem verra er, felur í sér skerðingu á mannréttindum. Þá er lagasmíðin í hróplegri andstöðu við Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa. Verið er að feta vafasamar brautir sem kunna að valda stórfelldu tjóni og kippa grundvelli neyðarlaganna í burt. Hér er réttarfarslegt slys einnig í uppsiglingu. Vinstri hreyfingin – grænt framboð lýsir fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni vegna málsins.

Alþingi, 13. nóv. 2008.

Atli Gíslason.

Fylgiskjal.

Úr lögfræðiáliti sem unnið var að beiðni skilanefndar (LÍ) af lögmönnum í Bretlandi.

(a) Our immediate observations on the moratorium process are as follows:

(i) It is not immediately apparent to us that the expression "restructure its finances", as used by the Icelandic lawyers includes an orderly run-down of Landsbanki's business. The critical point is this: if Landsbanki proceeds to an immediate liquidation rather than going through a moratorium beforehand, what will be the impact on the ability of Landsbanki to maximise realisation of its assets for the benefit of all creditors? Will it be better, or worse? It appears clear to us that the ability to trade on under a moratorium, albeit on a limited basis, will enable Landsbanki to achieve a better recovery under the various financial contracts to which it is party, than would a liquidation. It needs to be clear, as a matter of Icelandic law, that this concept is one that the Icelandic court will accept as being satisfying the criteria for a moratorium.

178. Fyrirspurn [153. mál]

til viðskiptaráðherra um kaup á verðbréfum úr peningamarkaðssjóðum Glitnis, Landsbanka Íslands og Kaupþings.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hversu margir einstaklingar og lögaðilar, þ.e. einkahlutafélög og önnur félög, áttu innstæður í peningamarkaðssjóðum Glitnis, Landsbanka Íslands og Kaupþings, þegar Fjármálaeftirlitið f.h. ríkissjóðs tók yfir rekstur þeirra í byrjun október sl.?
2. Hver var samanlögð innstæða í hverjum banka og sjóði og hver var hæsta innstæða í hverjum banka og sjóði?
3. Hver var dreifing innstæðna í peningamarkaðssjóðunum, sundurliðað eftir fjölda þeirra sem áttu innstæður í peningamarkaðssjóðum í hverjum banka fyrir sig sem og upplýsingum um fjölda þeirra sem áttu innstæður á bilinu 0–5 millj. kr., 5–10 millj. kr., 10–20 millj. kr., 20–50 millj. kr., 50–100 millj. kr., 100–300 millj. kr., 300–500 millj. kr., meira en 1.000 millj. kr.?
4. Hversu hátt hlutfall var greitt úr hverjum sjóði og hver var hæsta greiðsla sem greidd var til einstaklings eða lögaðila?
5. Á hverju byggðist verðmat á verðbréfum sjóðanna, hver verðmat og hver tók ákvörðun um að nýju bankarnir keyptu bréfin því verði?
6. Hvernig voru greiðslur til kaupa á verðbréfum sjóðanna fjármagnaðar?
7. Byggðust kaupin á ákvörðun eða fyrirmælum frá Fjármálaeftirliti, viðkomandi skilanefnd, viðkomandi bankaráði til bráðabirgða eða bankastjórn?
8. Hver var aðkoma ráðuneytisins og ráðherra í þessari atburðarás?
9. Telur ráðherra að framkvæmdin standist jafnræðisreglu gagnvart eigendum verðbréfa í öðrum sjóðum í þessum þremur bönkum eða öðrum bönkum og sparisjóðum og ákvæði stjórnarskrár um fjárheimildir?
10. Eru fyrir hendi minnisblöð, tölvupóstar, fyrirmæli eða aðrar skriflegar heimildir um endurfjármögnun peningamarkaðssjóðanna og ef svo er, hvert er efnislegt inntak þeirra?

Skriflegt svar óskast.

179. Fyrirspurn [154. mál]

til fjármálaráðherra um fjármögnun á kaupum á verðbréfum úr peningamarkaðssjóðum Glitnis, Landsbanka Íslands og Kaupþings.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hversu mikið fé hefur ríkissjóður lagt til í þeim tilgangi að styrkja eiginfjárstöðu bankanna þriggja, Glitnis, Landsbanka Íslands og Kaupþings, síðan Fjármálaeftirlitið f.h. ríkissjóðs tók yfir rekstur þeirra í byrjun október sl.?
2. Hefur ríkissjóður veitt bönkunum eða hlutafélögum í eigu þeirra annars konar fjárhagslega fyrirgreiðslu, og ef svo er óskast upplýsingar um það í hverju hún er fólgin og fjárhæð hennar?
3. Hversu háar fjárhæðir hafa nýju bankarnir, hver um sig, reitt af hendi til kaupa á verðbréfum úr peningamarkaðssjóðum gömlu bankanna þriggja?
4. Á hverju byggðist verðmat á bréfum sjóðanna, hver verðmat og hver tók ákvörðun um að nýju bankarnir keyptu bréfin því verði?
5. Hvernig voru greiðslur til kaupa á verðbréfum sjóðanna fjármagnaðar og hver tók ákvörðun um kaup á þeim?
6. Hver var aðkoma ráðuneytisins og ráðherra í þessari atburðarás?
7. Telur ráðherra að framkvæmdin standist jafnræðisreglu gagnvart eigendum verðbréfa í öðrum sjóðum í þessum þremur bönkum eða öðrum bönkum og ákvæði stjórnarskrár um fjárheimildir?
8. Eru fyrir hendi minnisblöð, tölvupóstar, fyrirmæli eða aðrar skriflegar heimildir um kaup nýju bankanna á bréfum peningamarkaðssjóða gömlu bankanna og ef svo er, hvert er efnislegt inntak þeirra?

Skriflegt svar óskast.

180. Fyrirspurn [155. mál]

til dómsmálaráðherra um úrræði til greiðsluaðlögunar fyrir einstaklinga og fyrirtæki vegna sérstakra aðstæðna á vinnu- og fjármálamarkaði.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Eru áform um sérstakar aðgerðir af hálfu stjórnvalda til þess að fresta gjaldþrotaskiptaferli gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum um ákveðinn tíma vegna sérstakra aðstæðna á vinnu- og fjármálamarkaði?
2. Eru uppi áform af hálfu stjórnvalda til þess að rýmka skilyrði gjaldþrotalaga um gjaldþrotaskipti, greiðslustöðvun og nauðasamninga?

3. Eru möguleikar í núgildandi lögum um gjaldþrotaskipti til þess að fresta gjaldþrotameðferð einstaklinga í tiltekinn tíma?
4. Hvernig miðar vinnu við frumvarp um greiðsluaðlögun til einstaklinga og fyrirtækja vegna erfiðleika á vinnu- og fjármálamarkaði?

Skriflegt svar óskast.

181. Fyrirspurn [156. mál]

til fjármálaráðherra um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hverjar eru upphæðir endurgreiðslu virðisaukaskatts til byggingaraðila vegna vinnu á byggingarstað sl. þrjú ár, sundurliðað eftir nýbyggingum, endurbótum eða viðhaldi á íbúðarhúsnæði?
2. Hefur verið lagt mat á hvort og þá hve stór hluti af heildarlaunum fyrir þessa vinnu er ekki gefinn upp til skatts?
3. Kemur til greina að hækka endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskattsins? Hefur ráðherra slíkar aðgerðir til skoðunar og hverjir væru kostir og gallar við að hækka endurgreiðsluhlutfallið verulega?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Fjármálaráðherra skilaði skýrslu til Alþingis á 128. löggjafarþingi 2002–2003 „um áhrif lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts úr 100% í 60% til byggjenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu manna á byggingarstað og til eigenda íbúðarhúsnæðis vegna viðhaldsvinnu“.

Mat skýrsluhöfunda var á þá leið að ákvörðun um endurgreiðslu virðisaukaskatts væri fyrst og fremst pólitísk þótt vissulega gæti hún haft áhrif á tekjur ríkissjóðs.

182. Lög [119. mál]

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. nóvember 2008.)

Samhljóða þskj. 160 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Við 98. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Veiti héraðsdómari fjármálafyrirtæki heimild til greiðslustöðvunar skv. 12. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skal heimildin veitt til ákveðins dags og stundar innan tólf vikna frá uppkvaðningu úrskurðarins. Fallist héraðsdómari á framlengingu greiðslustöðvunar skv. 17. gr. sömu laga skal þing haldið til að taka málefnið fyrir á ný innan níu mánaða frá því að beiðni um framlengingu var lögð fram á dómþingi. Héraðsdómari getur þó aldrei heimilað greiðslustöðvun í lengri tíma en alls 24 mánuði talið frá því þinghaldi þegar heimild var veitt skv. 1. málsl. Fundarboð skv. 2. mgr. 13. gr. og tilkynning skv. 5. mgr. 17. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. telst fullnægjandi ef hún er birt í að minnsta kosti tveimur dagblöðum hér á landi og í hverju þeirra ríkja þar sem útibú hafa verið rekin.

Lögmaður eða löggiltur endurskoðandi sem ráðinn hefur verið af fjármálafyrirtæki til að aðstoða við að koma nýrri skipan á fjármál þess, sbr. 10. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, skal ekki vera skaðabótaskyldur vegna ákvarðana og aðgerða sinna sem aðstoðarmaður nema um sé að ræða brot af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Dómsmál verður ekki höfðað gegn fjármálafyrirtæki meðan á greiðslustöðvun þess stendur nema mælt sé sérstaklega fyrir um heimild til þess í lögum eða um opinbert mál sé að ræða og krafist sé refsiviðurlaga sem ákveða má á hendur fjármálafyrirtæki. Má þá höfða mál í umdæmi héraðsdómstóls þess sem veitti heimild til greiðslustöðvunar.

Hafi dómsmál verið höfðað gegn fjármálafyrirtæki sem síðar er veitt heimild til greiðslustöðvunar, þá verður meðferð þess máls ekki fram haldið meðan á greiðslustöðvun stendur nema mælt sé sérstaklega fyrir um heimild til þess í lögum eða um opinbert mál sé að ræða og krafist sé refsiviðurlaga sem ákveða má á hendur fjármálafyrirtæki.

3. gr. hljóðar svo:

3. mgr. 103. gr. laganna orðast svo:

Þegar ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. miða réttaráhrif við frestdag skal við skipti á búi fjármálafyrirtækis frestdagur miðast við það tímamark er Fjármálaeftirlitið veitti því frest að hætti 4. mgr. 86. gr., skipaði því skilanefnd á grundvelli 100. gr. a, heimild er veitt til greiðslustöðvunar á grundvelli 3. mgr. 98. gr. eða heimild er veitt til þess að leita nauðasamninga, sbr. 27. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Ef ekkert af þessu er undanfari skipta skal miðað við þann dag sem héraðsdómara berst krafa Fjármálaeftirlitsins skv. 1. eða 2. mgr. 102. gr.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Ef heimild til greiðslustöðvunar hefur verið veitt á grundvelli 2. mgr. 98. gr. laganna fyrir gildistöku laga þessara, en fundur með lánardrottnum skv. 1. mgr. 13. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. hefur enn ekki farið fram, er héraðsdómara heimilt að fenginni rökstuddri beiðni

skuldara að fresta þegar ákveðinni fyrirtöku en þó ekki til lengri tíma en kveðið er á um í 1. málsl. 3. mgr. 98. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga þessara. Skal héraðsdómari fallast á beiðni um frest nema hann telji hana augljóslega tilefnislausa. Fallist héraðsdómari á beiðni skuldara skal hann framlengja greiðslustöðvunina með úrskurði skv. 4. mgr. 17. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Í þeim fjármálafyrirtækjum sem Fjármálaeftirlitið hefur skipað skilanefnd í á grundvelli 100. gr. a skal miða frestdag við gildistöku laga þessara.

183. Frumvarp til laga [157. mál]

um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Árni Páll Árnason, Atli Gíslason,
Kolbrún Halldórsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Þuríður Backman.

1. gr.

2. og 3. málsl. 4. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að fella brott undanþáguheimild til nektarsýninga í atvinnuskyni á veitingastöðum. Eftir stendur fortakslaust bann við því að bjóða upp á nektarsýningar eða að gera með öðrum hætti út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 135. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Málið var sent til nokkurs fjölda umsagnaraðila og bárust alls níu umsagnir. Fimm umsagnaraðilar lýstu yfir stuðningi við efni frumvarpsins; Alþjóðahús, Jafnréttisstofa, Kvenréttindafélag Íslands, Kvennaathvarfið og Rauði kross Íslands. Félag íslenskra stórkaupmanna, Lýðheilsustöð og Vinnueftirlitið tóku ekki afstöðu og Viðskiptaráð gerði ekki athugasemdir.

Á 133. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp til laga um heildarendurskoðun laga nr. 67/1985, um veitinga- og gististaði, sem gerði ráð fyrir breyttri skilgreiningu veitingastaða. Frumvarpið varð að lögum nr. 85/2007 og samkvæmt þeim var felldur niður flokkurinn „næturklúbbar“ sem samkvæmt eldri lögum gerði ráð fyrir að legðu aðaláherslu á „áfengisveitingar og sýningu á nektardansi í atvinnuskyni“. Með 4. gr. núgildandi laga eru svokallaðir „umfangsmiklir áfengisveitingastaðir“ allir settir í einn og sama flokkinn. Á slíkum stöðum er hvorki heimilt að bjóða upp á nektarsýningar né með öðrum hætti að gera út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru, með þeirri undantekningu þó að ef jákvæðar umsagnir fást frá umsagnaraðilum skv. 10. gr. þá geti leyfisveitandi heimilað nektardans í rekstrarleyfi ef þess er óskað.

Nokkrar umræður urðu um undanþáguákvæðið við 2. umræðu um frumvarpið og var upplýst að fulltrúar sveitarfélaganna, sem komu fyrir samgöngunefnd, hefðu viljað fá staðfestan þann skilning sinn að nóg væri að einn umsagnaraðili legðist gegn því að nektardans yrði heimilaður í rekstrarleyfi veitingastaðar til þess að synja mætti um leyfið. Sá skilningur er

eðlilegur enda um undanþágu frá meginreglu að ræða og því réttast að skýra hana þröngt. Frá þeim tíma hefur ríkt nokkur óvissa um rekstrarleyfi þriggja veitingastaða á höfuðborgarsvæðinu, Goldfinger í Kópavogi og Óðals og Vegas í Reykjavík. Höfðu staðirnir óskað eftir heimild til að bjóða upp á nektardans í endurnýjuðum rekstrarleyfum sínum. Mál Goldfinger í Kópavogi kom fyrst til kasta leyfisveitanda, sem er sýslumaðurinn í Kópavogi. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu er lögboðinn umsagnaraðili um rekstrarleyfi veitingastaða og lagðist hann gegn því að leyfið yrði veitt með ýmsum rökum sem lesa má í fylgiskjali með frumvarpi þessu. Á grundvelli umsagnar lögreglustjórans synjaði sýslumaðurinn í Kópavogi Goldfinger því um leyfið. Sú stjórnvaldsákvörðun var kærð til dómsmálaráðherra sem felldi úrskurð í málinu 15. maí 2008 og er sá úrskurður fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Í úrskurði dómsmálaráðuneytisins eru umsagnir lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, sem á endanum urðu tvær, sagðar hafa verið haldnar verulegum efnisannmörkum, sem leiddi til ógildingar ákvörðunar sýslumannsins í Kópavogi. Þá beindi ráðuneytið því til sýslumannsins að hann leitaði eftir nýrri umsögn lögreglustjórans áður en hann tæki veitingu umrædds leyfis til meðferðar á ný. Málinu lyktaði með því að lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gaf út nýja umsögn þar sem í ljósi úrskurðar dómsmálaráðuneytisins þótti ekki fært annað en að mæla með því að leyfið yrði veitt.

Á sama tíma hafði borgarráð Reykjavíkurborgar til umfjöllunar endurnýjuð leyfi fyrir veitingastaðina Óðal og Vegas þar sem báðir staðirnir óskuðu eftir að fá heimild til að bjóða upp á nektardans. Ráðið hafði áður samþykkt að mæla ekki með því að slík leyfi yrðu veitt. Þegar úrskurður dómsmálaráðuneytisins lá fyrir þótti borgarráði hins vegar ekki fært annað en að veita jákvæða umsögn og gerði það á fundi sínum 28. ágúst 2008 með svohljóðandi bókun:

> „Nýlegur úrskurður dómsmálaráðuneytisins varðandi nektardans á veitingastaðnum Goldfinger í Kópavogi vekur áleitnar spurningar um hvort 4. mgr. 4. gr. laga nr. 85/2007, sem kveður á um bann við slíkri starfsemi, sé gagnslítil. Í borgarstjórn ríkir þverpólitísk samstaða um að vinna beri gegn klámvæðingu því skorar borgarráð á Alþingi Íslendinga að breyta lögum þannig að sem fyrst fáist skýrar lagaheimildir til að koma í veg fyrir starfsemi nektardansstaða.“

Eins og málsmeðferð og samfélagsumræðan um þau rekstrarleyfi sem nú hefur verið sótt um gefur til kynna þá ríkir mikil óvissa um túlkun 4. mgr. 4. gr. laga nr. 85/2007. Nauðsynlegt er að vilji löggjafans sé skýr í þessum efnum sem öðrum og því er lagt til að undanþáguákvæði 4. gr. verði fellt brott. Eftir mun þá standa fortakslaust bann við því að bjóða upp á nektarsýningar eða að gera með öðrum hætti út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Úrskurður dómsmálaráðuneytis frá 15. maí 2008 vegna kæru á synjun sýslumanns um rekstrarleyfi. (Birt á vef dómsmálaráðuneytis.)

184. Frumvarp til laga [158. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 122. gr. laganna skal aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum heimilt að óska eftir því að fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda vegna uppgjörstímabilsins september til október 2008 verði sem hér segir:

1. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á uppgjörstímabilinu skuli skila eigi síðar en 17. nóvember 2008.
2. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á uppgjörstímabilinu skuli skila eigi síðar en 15. desember 2008.
3. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á uppgjörstímabilinu skuli skila eigi síðar en 5. janúar 2009.

Vextir vegna greiðslufrests aðflutningsgjalda sem veittur er skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr., þ.e. frá 17. nóvember til 15. desember 2008 og frá 17. nóvember til 5. janúar 2009, skulu vera almennir meðaltalsvextir, sbr. II. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, á viðkomandi tímabili.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpi því sem hér er lagt fram er ætlað að taka á aðkallandi vanda fyrirtækja vegna komandi gjalddaga aðflutningsgjalda fyrir uppgjörstímabilið september til október, en sá gjalddagi er 17. nóvember 2008. Með því er verið að bregðast tímabundið við brýnni þörf á gjaldaaðlögun fyrirtækja vegna þess gengisfalls, samdráttar og verðbólgu sem ríkir í íslensku efnahagslífi um þessar mundir.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði bætt við lögin sem kveður á um að aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, þ.e. aðilum sem eru í virðisaukaskattsskyldri starfsemi, verði heimilt að óska eftir því að fyrirkomulagi gjalddaga aðflutningsgjalda vegna uppgjörstímabilsins september til október 2008 verði breytt á eftirfarandi hátt: Í stað þess að gjalddaginn sé 17. nóvember verði veittur gjaldfrestur á þann hátt að 1/3 aðflutningsgjalda fyrir uppgjörstímabilið komi til greiðslu 17. nóvember, 1/3 verði frestað um einn mánuð til 15. desember 2008 og því sem eftir stendur (1/3) frestað til 5. janúar 2009. Dagsetningin 5. janúar 2009 er lögð til með hliðsjón af því að gjalddagi aðflutningsgjalda fyrir uppgjörstímabilið nóvember til desember er 15. janúar 2009 og verður því ekki um skörun að ræða. Samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins má gera ráð fyrir að aðflutningsgjöld á gjalddaga 17. nóvember 2008 nemi að óbreyttu um 18 milljörðum króna.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að vextir af gjaldfrestinum, þ.e. frá 17. nóvember til 15. desember 2008 og frá 17. nóvember til 5. janúar 2008, verði almennir meðaltalsvextir, sbr. II. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, á viðkomandi tímabili en ekki dráttarvextir. Að öðru leyti gilda ákvæði 125. gr. tollalaga um vexti á vangreidd aðflutningsgjöld.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að þeir aðilar sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum geti óskað eftir greiðsluaðlögun vegna næsta gjalddaga, sem er 17. nóvember nk. Frumvarpinu er þannig ætlað að taka á aðkallandi vanda fyrirtækja vegna aðflutningsgjalda fyrir uppgjörstímabilið september til október á þessu ári. Með frumvarpinu er verið að bregðast tímabundið við þörf fyrirtækja á frekari greiðslufresti vegna gengisfalls, samdráttar og verðbólgu sem ríkir í íslensku efnahagslífi um þessar mundir. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að hægt verði að óska eftir dreifingu aðflutningsgjalda þannig að 1/3 hluti komi til greiðslu 17. nóvember 2008, 1/3 hluti 15. desember 2008 og 1/3 hluti 5. janúar 2009. Dagsetningin 5. janúar 2009 er valin með hliðsjón af því að gjalddagi aðflutningsgjalda fyrir uppgjörstímabilið nóvember til desember 2008 er 15. janúar 2009 og því verður ekki um skörun að ræða. Álögð aðflutningsgjöld á þessu ári skerðast ekki vegna þessarar aðlögunar frá því sem gert var ráð fyrir og ekki verður um tekjutap að ræða þar sem gert er ráð fyrir því að sá hluti gjaldanna sem frestast beri almenna meðalvexti, sbr. II. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Hins vegar munu innheimt aðflutningsgjöld lækka á þessu ári sem nemur þeim hluta sem frestast fram yfir áramót.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

185. Frumvarp til laga [159. mál]

um breytingu á lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Tilgangur laga þessara er að jafna greiðslubyrði af verðtryggðum fasteignaveðlánum einstaklinga. Skal misgengi, sem orsakast af hækkun vísitölu neysluverðs eða annarrar viðmiðunarvísitölu lána umfram hækkun launa, ekki valda því að greiðslubyrði af lánum þyngist.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi taka til verðtryggðra lána einstaklinga sem tryggð eru með veði í fasteignum hér á landi hjá opinberum lánastofnunum, lífeyrissjóðum og fjármálafyrirtækjum sem hafa starfsleyfi á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki hér á landi óski lántakandi eftir greiðslujöfnun

samkvæmt ákvæðum laganna. Skilmálabreyting á lánasamningi vegna óskar lántakanda um greiðslujöfnuð skal vera honum að kostnaðarlausu.

Lántakandi getur hvenær sem er fallið frá ákvörðun um að óska eftir greiðslujöfnun. Skilyrði fyrir slíkri breytingu er að lánið sé í fullum skilum. Sé skuld á jöfnunarreikningi þegar slík ákvörðun er tekin leggst hún við höfuðstól lánsins og greiðist á eftirstöðvum lánstíma.

Ríkissjóður skal með atbeina Seðlabanka Íslands, eftir atvikum, tryggja að lánastofnanir skv. 1. mgr. hafi aðgang að lausafé til að mæta þeim áhrifum sem greiðslujöfnun samkvæmt þessum lögum hefur á lausafjárstöðu þeirra.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Við gerð lánssamnings um verðtryggt fasteignaveðlán skal kveða á um greiðslumark af láninu ef lántakandi óskar eftir greiðslujöfnun. Greiðslumarkið skal vera gjaldfallin afborgun og vextir eins og þeir eru á hverjum gjalddaga á verðlagi við lántöku.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Greiðslumark af verðtryggðum fasteignaveðlánum sem tekin hafa verið á tímabilinu frá 1. janúar 2008 til gildistöku þessa ákvæðis er gjaldfallin afborgun og vextir á verðlagi við lántöku.

Greiðslumark af verðtryggðum fasteignaveðlánum sem tekin voru fyrir 1. janúar 2008 er gjaldfallin afborgun og gildandi vextir á verðlagi 1. janúar 2008.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „launavísitölu“ í 1. mgr. kemur: greiðslujöfnunarvísitölu.
b. 4. mgr. orðast svo:

Ef skuld er á jöfnunarreikningi eftir að upprunalegum lánstíma er lokið skal endurgreiða hana á sömu gjalddögum lánsins. Endurgreiðslan skal jöfn síðustu gjalddagafjárhæð lánsins framreiknuð miðað við greiðslujöfnunarvísitölu á hverjum gjalddaga.

6. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Með greiðslujöfnunarvísitölu sem beitt er við framreikning greiðslumarks, sbr. 5. gr., er átt við sérstaka vísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar og birtir mánaðarlega. Skal hún vera samsett af launavísitölu, sbr. lög um launavísitölu, sem vegin er með atvinnustigi. Við útreikning greiðslujöfnunarvísitölu skal launavísitala sú sem Hagstofan birtir í mánuði hverjum vegin með atvinnustigi sama mánaðar og skal hún gilda við útreikning greiðslumarks lána. Með atvinnustigi í mánuði er átt við hlutfall sem miðast við 100% að frádregnu atvinnuleysi í hlutfalli af vinnuafli í viðkomandi mánuði samkvæmt uppgjöri Vinnumálastofnunar.

7. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein sem orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd greiðslujöfnunar verðtryggðra fasteignaveðlána samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Hagstofa Íslands skal reikna út greiðslujöfnunarvísitölu frá og með janúar 2008 í samræmi við ákvæði 6. gr. laga þessara. Hagstofa Íslands skal ákveða og birta opinberlega hvernig þessi vísitala er reiknuð út og tengja hana launavísitölu til greiðslujöfnunar.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda frá og með næstu mánaðamótum eftir gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Félags- og tryggingamálaráðherra ákvað um miðjan október síðastliðinn að skipa sérstakan starfshóp til að skoða hvernig hægt væri að koma til móts við vanda lántakenda vegna verðtryggingar og koma með tillögur til úrbóta. Í starfshópnum sátu Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands og formaður hópsins, Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur, Ragnar Önundarson, fyrrum bankamaður, Vilborg Júlíusdóttir hagfræðingur og Þorkell Helgason stærðfræðingur. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur í félags- og tryggingamálaráðuneytinu, var starfsmaður hópsins.

Var það tillaga starfshópsins að úrræði laga nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, yrðu endurvakin og þeim beitt, með nauðsynlegum breytingum, til að mæta því misgengi sem nú er að verða á tekjum einstaklinga og greiðslubyrði verðtryggðra fasteignaveðlána. Frumvarpið tekur í öllum meginatriðum mið af tillögum nefndarinnar. Í einu atriði náðist ekki full samstaða milli nefndarmanna en það atriði varðar útfærslu á rétti lántakenda til að ákveða hvort lán þeirra skuli felld undir ákvæði laganna eða ekki. Voru tvö sjónarmið uppi hvað það varðar. Annars vegar var það sjónarmið að rétt væri að útfæra lögin þannig að þau tækju til allra verðtryggðra fasteignaveðlána nema þeirra þar sem lántakendur hefðu sérstaklega óskað eftir því að lán sín yrðu undanþegin ákvæðum laganna. Var þessi leið einkum talin hafa þann kost að hún einfaldaði framkvæmd aðgerðarinnar og mundi auk þess nýtast betur sem almenn efnahagsaðgerð. Hins vegar var það sjónarmið að nauðsynlegt væri að skýr viljayfirlýsing lægi fyrir frá lántakanda um að hann óskaði eftir greiðslujöfnun. Var þetta talið nauðsynlegt, einkum með hliðsjón af því að greiðslujöfnun leiðir í raun til aukins kostnaðar fyrir lántakendur í formi vaxta og verðbóta þegar uppi er staðið og því alls ekki sjálfgefið að lántakendur kjósi eða hafi hag af greiðslujöfnuninni þótt hún létti vissulega greiðslubyrði af láni tímabundið í niðursveiflu og geti þannig létt á efnahag heimilanna í landinu og þá einkum þar sem staðan er erfið fyrir. Hefur síðarnefnda sjónarmiðið verið lagt til grundvallar við smíði frumvarpsins.

Lög um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga voru fyrst sett árið 1985 til að skapa jafnvægi milli greiðslubyrði húsnæðislána og launabreytinga á almennum vinnumarkaði. Með setningu laganna var markmiðið að tryggja að greiðslubyrði húsbyggjenda og kaupenda af lánum hjá Byggingarsjóði ríkisins þyngdist ekki þótt kaupmáttur launa rýrnaði vegna sveiflna í efnahagsstarfsemi. Frá þeim tíma hafa verulegar breytingar orðið á húsnæðislánamarkaði þar sem bankar og önnur fjármálafyrirtæki hafa haslað sér þar völl. Í ljósi þessa og þeirra miklu efnahagsþrenginga sem þjóðin stendur nú frammi fyrir þykir nauðsynlegt að útvíkka gildissvið laganna þannig að þau nái til allra verðtryggðra fasteignaveðlána einstaklinga hjá lánastofnunum jafnt opinberum sem einkareknum. Markmiðið er það sama og í upphafi, að fyrirbyggja að greiðslubyrði þyngist ef misgengi skapast milli hækkunar vísitölu lána

og hækkunar tekna. Lagt er til að reiknuð verði ný vísitala, nefnd greiðslujöfnunarvísitala, sem vegi saman launaþróun samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands og þróun atvinnustigs, samkvæmt mælingu Vinnumálastofnunar. Ef tekjur samkvæmt greiðslujöfnunarvísitölunni hækka minna en vísitala neysluverðs er hluta af endurgreiðsluafborgunum lánsins frestað þar til tekjur hækka á ný umfram vísitöluna. Þetta gerist samkvæmt lögunum, sbr. þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu, þannig að mismunur sérstakrar greiðslujöfnunarvísitölu og vísitölu neysluverðs er færður á sérstakan jöfnunarreikning. Skuld á jöfnunarreikningi telst hluti af höfuðstóli lánsins og um hana gilda því sömu kjör og um ræðir í lánssamningi. Þessi skuld er síðan endurgreidd hlutfallslega þegar launavísitalan hækkar umfram lánskjaravísitölu eða eftir upphaflegan lánstíma ef skuld er þá á jöfnunarreikningi.

Efnahagslegar afleiðingar af afnámi eða frystingu verðtryggingar lána.

Starfshópurinn skoðaði sérstaklega hvort raunhæft væri eða æskilegt að frysta verðtryggingu lána eða afnema hana tímabundið. Í ljósi efnahagslegra afleiðinga sem slík aðgerð var talin geta haft í för með sér treysti hópurinn sér ekki til að mæla með að slík leið yrði farin. Benti hópurinn í því sambandi á að við frystingu eða afnám verðtryggingar húsnæðislána einstaklinga mundu skuldir heimilanna nánast ekkert hækka að verðgildi næstu mánuði en ætla má að þær hækki að óbreyttu um rúmlega 180 milljarða kr. ef miðað er við verðbólguspá Seðlabanka Íslands á næstu tólf mánuðum. Áhrif slíkrar aðgerðar á greiðslubyrði mundi þó einungis skila um 8–10% lækkun á greiðslubyrði af verðtryggðum lánum einstaklinga þar sem verðbætur leggjast við höfuðstól og greiðslubyrði af þeim dreifist út lánstímann. Áhrif þessarar aðgerðar á lánveitendur yrðu hins vegar öllu meiri og alvarlegri en ljóst er að eignahlið efnahagsreiknings þeirra mundi ekki hækka sem framangreindri fjárhæð nemur til samræmis við skuldahlið hans sem mundi reyna verulega á eiginfjárstöðu og eiginfjárhlutföll (CAD-hlutföll) þeirra. Áætlar starfshópurinn að lækkun eigin fjár lánastofnana vegna þessa yrði um 19% en engin lánastofnun mundi lifa slíkt af. Má t.d. ætla að Íbúðalánasjóður yrði gjaldþrota fyrir áramót ef ekki kæmi til verulegt nýtt eigið fé inn í reksturinn. Til að forðast slíkar afleiðingar þyrfti frystingin einnig að ná til skuldahliðar efnahagsreiknings viðkomandi lánastofnana. Við það mundi kostnaður aukast og verða um 260 milljarðar kr. og mundi sá kostnaður falla á ríkissjóð. Þá mundu nafnvextir á verðtryggðum innlánsreikningum og verðbréfasjóðum falla niður í áskrifaða raunvexti 5,3–7,7% (án áhrifa verðbótanna), en vextir á óverðtryggðum reikningum eru um 14–19% nafnvextir sé tekið mið af vaxtastigi í landinu í dag. Sparifjáreigendur gætu lítið hreyft innstæður á verðtryggðum reikningum vegna takmarkana á aðgengi. Önnur hliðaráhrif af frystingu verðtryggingar lána heimilanna yrði sú að útgáfa verðtryggðra skuldabréfa mundi stöðvast meðan á frystingunni stæði og því yrðu heimili og fyrirtæki að fjármagna fjárfestingar sínar með skammtímalánum á því vaxtastigi sem nú gildir. Loks er hætt við því að fjárfestar mundu ekki treysta verðtryggingu í kjölfar slíkra aðgerða og mundi lánstími húsnæðislána því að líkindum styttast umtalsvert. Niðurstöður starfshópsins um þetta efni eru nánar tilgreindar í minnisblaði sem birt er með frumvarpi þessu sem fylgiskjal.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæðinu eru lagðar til breytingar á 1. gr. laganna en samkvæmt ákvæðinu skal tilgangur laganna vera að jafna greiðslubyrði af verðtryggðum fasteignaveðlánum einstaklinga þannig að misgengi, sem orsakast af hækkun vísitölu neysluverðs eða annarrar viðmiðunar-

vísitölu lána umfram hækkun launa, valdi því ekki að greiðslubyrði af lánum þyngist. Samkvæmt ákvæðinu eins og það er nú taka lögin einungis til þeirra fasteignaveðlána sem tekin hafa verið til öflunar íbúðarhúsnæðis.

Samkvæmt núgildandi lögum um greiðslujöfnun ná þau einungis til fárra heimila í landinu, þ.e. til þeirra sem enn skulda almenn lán sem veitt voru í tíð Húsnæðisstofnunar ríkisins og þeirra sem skulda viðbótarlán sem veitt voru samkvæmt lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál. Samkvæmt útlánaflokkun Seðlabanka Íslands í lok júní má ætla að verðtryggð lán heimilanna séu nú um 1.400 milljarðar kr. og er bróðurparturinn tryggður með veði í fasteignum. Af þessum hluta má ætla að aðeins um 430 milljarðar kr. séu hjá Íbúðalánasjóði og þar af um 52 milljarðar kr. sem falla undir ákvæði þessara laga því fasteignaveðbréf vegna húsbréfakerfisins og nýir lánaflokkar Íbúðalánasjóðs voru undanþegnir þessum ákvæðum laganna.

Lánaform	Júní 2008	Áætlað í okt. 2008	Breyting
Verðtryggð	1.332.970	1.388.504	4,2%
Óverðtryggð	103.837	103.837	0,0%
Gengistryggð	323.365	443.998	37,3%
Samtals	**1.760.173**	**1.936.339**	**100%**

Um 2. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að gildissvið laganna verði útvíkkað umtalsvert þannig að þau taki til verðtryggðra lána einstaklinga sem tryggð eru með veði í fasteignum hér á landi hjá opinberum lánastofnunum, lífeyrissjóðum og fjármálafyrirtækjum sem hafa starfsleyfi á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki hér á landi óski lántakandi eftir greiðslujöfnun samkvæmt ákvæðum þessara laga. Með ákvæðinu eru þannig lagðar skyldur á framangreinda veitendur fasteignaveðlána til að greiðslujafna afborgunum af fasteignaveðlánum í samræmi við ákvæði laganna óski lántakandi eftir því. Að sama skapi veitir ákvæðið lántakendum rétt til að ákveða hvort farið skuli með lán þeirra í samræmi við ákvæði laganna. Þá er tekið fram í ákvæðinu að skilmálabreyting á lánasamningi vegna óskar lántakanda um greiðslujöfnuð skuli vera honum að kostnaðarlausu.

Með lögunum eru þannig lagðar skyldur á framangreinda veitendur fasteignaveðlána til að greiðslujafna afborgunum af fasteignaveðlánum í samræmi við ákvæði laganna. Ljóst er að framangreind skylda lánveitanda getur í vissum tilvikum verið íþyngjandi fyrir hann þrátt fyrir að innstæða á jöfnunarreikningi njóti sömu kjara og veðstöðu og höfuðstóll lánsins. Stafar þetta fyrst og fremst af því að greiðslujöfnun samkvæmt ákvæðum laganna leiðir til breyttra forsendna í greiðslu- og lausafjárstöðu viðkomandi lánastofnana. Ætla má að ef allir lántakendur verðtryggðra fasteignaveðlána nýttu sér þessa greiðslujöfnun hjá fjármálafyrirtækjunum mundi lausafé þessara fyrirtækja minnka um kringum 13 milljarða kr. í árslok 2009, mest hjá bönkum, sparisjóðum og Íbúðalánasjóði. Svarar þetta til 1,3% af heildarupphæð verðtryggðra lána heimilanna. Til að mæta þessari lausafjárþörf, sem þó telst ekki umtalsverð enda einungis um 0,3% af lánakerfinu í heild, er lagt til að lögð verði sú skylda á ríkissjóð að tryggja með atbeina Seðlabanka Íslands, eftir atvikum, að lánastofnanir skv. 1. mgr. ákvæðisins hafi aðgang að lausafé til að mæta þeim áhrifum sem greiðslujöfnun samkvæmt þessum lögum hefur á lausafjárstöðu þeirra. Með slíkri fyrirgreiðslu á að vera tryggt

að lánastofnanir skv. 1. mgr. verði ekki fyrir tjóni vegna þeirrar skyldu sem lögð er á þá með setningu laganna.

Í því efnahagsástandi sem nú blasir við er ljóst að greiðslujöfnun mun létta greiðslubyrði verðtryggðra fasteignaveðlána í þeirri niðursveiflu sem nú er fram undan. Á hinn bóginn er ljóst að sú frestun hluta afborgana lánanna sem felst í greiðslujöfnuninni leiðir til aukins vaxtakostnaðar af láni þegar upp er staðið. Er því nauðsynlegt að lántakandi hafi val um það hvort lán hans verði meðhöndluð í samræmi við ákvæði laganna. Er því skýrlega kveðið á um að lántakandi verði að óska eftir því sérstaklega vilji hann að afborgunum af verðtryggðum fasteignaveðlánum sem hann hefur tekið verði greiðslujafnað í samræmi við ákvæði laganna. Þá er jafnframt kveðið á um það að lántakandi geti hvenær sem er fallið frá ákvörðun um að óska eftir greiðslujöfnun. Skilyrði fyrir slíkri breytingu er að lánið sé í fullum skilum. Sé skuld á jöfnunarreikningi þegar slík ákvörðun er tekin leggst hún við höfuðstól lánsins og greiðist á eftirstöðvum lánstíma.

Með ákvæðinu falla núgildandi ákvæði 2. og 3. mgr. 2. gr. laganna brott. Er hér annars vegar um að ræða ákvæði þar sem kveðið er á um að lögin geti einnig tekið til almennra lána vegna fasteignaviðskipta þar sem samið er sérstaklega um að ákvæðum um greiðslujöfnun við endurgreiðslu eftirstöðva kaupverðs skuli beitt og hins vegar ákvæði sem heimilar viðskiptaráðherra að setja reglugerð um að sambærileg lánskjör skuli gilda um óverðtryggð lán. Hafa þessar heimildir aldrei verið nýttar frá setningu laganna enda ekki augljóst hvernig það yrði gert. Verður að telja eðlilegra, með hliðsjón af þeim kvöðum sem lögin leggja á lánveitendur, ríkissjóð og eftir atvikum Seðlabanka Íslands, að löggjafinn kveði sjálfur á um slíka útvíkkun laganna ef það er á annað borð talið æskilegt.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lagt til að inngangsmálsliður greinarinnar og a- og b-liður 3. gr. verði sameinaðir í eina málsgrein til einföldunar. Engin efnisbreyting felst í þessu önnur en sú að tekið er fram að greiðslumark skuli einungis ákveðið við gerð lánasamnings ef lántakandi óskar eftir greiðslujöfnun. Ákvæði 3. gr. laganna tekur til ákvörðunar greiðslumarks við gerð lánasamninga eftir gildistöku þeirra breytingalaga sem hér um ræðir. Í 4. gr. laganna, sbr. breytingu sem lögð er til í 4. gr. frumvarpsins, eru hins vegar sérákvæði um ákvörðun greiðslumarks við greiðslujöfnun þeirra fasteignaveðlána sem tekin hafa verið fyrir gildistöku breytingalaganna verði frumvarpið samþykkt.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um við hvaða verðlag skuli miða við við útreikning greiðslumarks og misgengis launa og lána gagnvart þegar teknum lánum. Er lagt til annars vegar að greiðslumark af verðtryggðum fasteignaveðlánum, sem tekin hafa verið á tímabilinu frá 1. janúar 2008 til gildistöku þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu, verði gjaldfallin afborgun og vextir á verðlagi við lántöku. Hvað varðar lán sem tekin hafa verið fyrir 1. janúar 2008 er lagt til að greiðslumark af þeim verði gjaldfallin afborgun og gildandi vextir á verðlagi 1. janúar 2008.

Mikilvægt þykir í ljósi þeirra erfiðu aðstæðna sem nú eru í þjóðfélaginu að láta forsendur greiðslujöfnunar byrja í ársbyrjun 2008 vegna þess mikla misgengis sem þegar hefur orðið milli lána og launa á fyrri hluta ársins. Gera má ráð fyrir að þetta leiði til þess að greiðslubyrði verðtryggðra lána einstaklinga lækki umtalsvert vegna þessa ákvæðis.

Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins felst að viðmiðun greiðslumarks eldri lána sem falla undir lögin samkvæmt núgildandi ákvæðum þeirra breytist miðað við nýja vísitölu og því þarf Hagstofa Íslands að tengja hina nýju greiðslujöfnunarvísitölu. Er þetta sami háttur og hafður var á við fyrri breytingar á lögunum, sbr. lög nr. 108/1989.

Með ákvæðinu fellur núgildandi ákvæði 3. mgr. 4. gr. brott en þar er nú kveðið á um að greiðendum lána sem eiga í umtalsverðum greiðsluerfiðleikum að mati Húsnæðisstofnunar skuli gefinn kostur á að fresta greiðslum. Hefur þetta ákvæði verið leyst af hólmi með mun ítarlegri ákvæðum í lögum um húsnæðismál um heimildir Íbúðalánasjóðs til að beita greiðsluerfiðleikaúrræðum, m.a. með frystingu greiðslna í allt að þrjú ár. Hefur þetta ákvæði laganna því ekki sjálfstæða þýðingu lengur.

Um 5. gr.

Í greininni er annars vegar lagt til að í stað vísunar til launavísitölu í 1. mgr. 5. gr. laganna verði vísað til nýrrar greiðslujöfnunarvísitölu sem nánar er kveðið á um í 6. gr. frumvarpsins. Hins vegar eru lagðar til breytingar á orðalagi ákvæðis 4. mgr. 5. gr. laganna til að skýra betur framkvæmd við endurgreiðslu skuldar á jöfnunarreikningi við lok lánstíma. Ef skuld er á jöfnunarreikningi eftir að upprunalegum lánstíma er lokið skal endurgreiða hana á sömu gjalddögum lánsins. Endurgreiðslan skal vera jöfn síðustu gjalddagafjárhæð lánsins framreiknuð miðað við greiðslujöfnunarvísitölu á hverjum gjalddaga.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til að ný vísitala til verðjöfnunar, greiðslujöfnunarvísitala, verði skilgreind og notuð í stað launavísitölunnar við greiðslujöfnun samkvæmt frumvarpinu. Í grunninn er miðað við launavísitölu Hagstofu Íslands (sbr. lög nr. 89/1989) sem vegin er með atvinnustigi til að endurspegla samdrátt í atvinnu og tekjum landsmanna.

Aðferðin við útreikning greiðslujöfnunarvísitölunnar miðar við að margfalda mánaðarlegt gildi launavísitölunnar með atvinnustiginu, sem jafngildir að frá 100% sé dregin atvinnuleysisprósenta viðkomandi mánaðar samkvæmt mælingum Vinnumálastofnunar. Ef atvinnuleysi er 5% í tilteknum mánuði eru 95% af gildi launavísitölunnar þann mánuð notuð. Ef atvinnuleysi eykst í 8% er tekið tillit til 92% af gildi vísitölunnar þann mánuð og ef það minnkar í 3% aftur er miðað við 97% af gildinu. Við óbreytt atvinnuleysi mun breyting launavísitölunnar ráða þróun vísitölu til greiðslujöfnunar. Upphaflega var í lögunum miðað við sambland kaupgjaldsvísitölu og vísitölu atvinnutekna sem Þjóðhagsstofnun áætlaði sérstaklega.

Markmið þess að taka tillit til atvinnutekna eða atvinnustigs er að tengja greiðslujöfnunina bæði þróun launa einstaklinga og þróun atvinnutekna í öllu hagkerfinu. Launavísitalan mælir dagvinnulaun og byggist á upplýsingum um laun einstaklinga sem eru í sama starfi, hjá sama fyrirtæki og í sömu atvinnugrein. Launavísitalan ein og sér mun því ekki fanga stóran hluta af þeim neikvæðu tekjuáhrifum sem vænta má í efnahagsþrengingum, t.d. þegar fólk missir vinnu og fær lægra launað starf, þegar yfirvinna minnkar eða þegar starfshlutfall er lækkað.

Með lögum nr. 108/1989 var tenging við vísitölu atvinnutekna afnumin, en tilvist hennar var ávallt umdeild vegna erfiðleika við að afla gagna á mánaðarlegum grunni. Hér er lagt til að tekin verði upp einfaldari viðmiðun við atvinnustig, skilgreint sem andhverfa atvinnuleysisprósentunnar, til að ná fram svipuðum áhrifum. Með þessum hætti er greiðslujöfnunin aukin til að ná fram mikilvægum þjóðhagslegum sveiflujöfnunaráhrifum samhliða.

Um 7. gr.

Í greininni er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að kveðið nánar, ef á þarf að halda, á um framkvæmd greiðslujöfnunar verðtryggðra fasteignaveðlána samkvæmt lögum þessum í reglugerð.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem Hagstofu Íslands verði falið að reikna út vísitölu greiðslujöfnunar fyrir tímabilið frá 1. janúar 2008 fram til gildistíma laganna. Greiðslujöfnunarvísitala samkvæmt lögum þessum skal reiknuð frá og með janúar 2008 í samræmi við ákvæði 6. gr. laganna og skal Hagstofan birta opinberlega hvernig þessar vísitölur eru reiknaðar.

Um 9. gr.

Samkvæmt ákvæðinu taka lögin, ef samþykkt verða, þegar gildi og koma þau til framkvæmda frá og með næstu mánaðamótum eftir gildistöku þeirra.

Fylgiskjal I.

MINNISBLAÐ
(7. nóvember 2008.)

Til: Félags- og tryggingamálaráðherra.

Frá: Sérfræðingahópi á vegum félags- og tryggingamálaráðherra sem hefur verið falið að fjalla um verðtryggingu lána.

Mat á áhrifum tímabundinnar niðurfellingar verðtryggingar.

Nefndin hefur metið fjárhagsleg áhrif þess að fella tímabundið niður verðtryggingu á lánsfé og sparifé í stað þess að beita greiðslujöfnun sem bætist við höfuðstól.[1]

Ljóst er að afnám verðtryggingar á lánsfé mundi draga úr skuldum lántakenda, en áhrif á greiðslubyrði heimila yrðu minni en með tillögunni um greiðslujöfnun vegna þess að þar er litið til áhrifa minnkandi atvinnustigs.

Áhrifin á lánveitendur eru hins vegar flóknari, bæði lögfræðilega og fyrir fjármálastöðugleika. Eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar ver stöðu lánveitenda gagnvart áhrifum mögulegrar lagasetningar um afnám verðtryggingar á útistandandi lánum. Slík lagasetning er því ekki möguleg, en ríkisstjórnin gæti hugsanlega ákveðið að fella niður verðtryggingu tímabundið á útlánum stofnana í eigu ríkisins. Eigendur annarra fjármálafyrirtækja, t.d. lífeyrissjóða, sparisjóða, tryggingafélaga og eignarleigufyrirtækja yrðu óhjákvæmilega fyrir áhrifum

[1] Ítarlegar úttektir hafa áður verið gerðar á verðtryggingu og mögulegu afnámi hennar, m.a. af ráðuneytum og Seðlabanka. Þær eru helstar: *„Verðtrygging og fastir vextir“*, Peningamál 2003/2, Seðlabanki Íslands. Bjarni Bragi Jónsson: *Verðtrygging lánsfjármagns og vaxtastefna á Íslandi.* Seðlabanki Íslands 1998. *Vaxtamyndun á lánsfjármarkaði,* Viðskiptaráðuneytið, október 1993. Tryggvi Þór Herbertsson: *Áhrif afnáms verðtryggingar á íslensku lífeyrissjóðina.* Greinargerð til Landssambands lífeyrissjóða, nóvember 2004.

af slíkum aðgerðum, þar sem þau mundu í raun neyðast til að fylgja fordæmi ríkisstofnana. Telja má fullvíst að slíkar aðgerðir mundu ýta enn frekar undir óróa á fjármálamarkaði.

Ákveði ríkið að fella tímabundið niður verðtryggingu þarf að huga að eftirfarandi kostnaði:

- Bæta þarf eiginfjárstöðu ríkisbanka og Íbúðalánasjóðs til að tryggja að lögbundnar eiginfjárkröfur séu uppfylltar.
- Bæta þarf fjárhagslegan skaða fjármálafyrirtækja sem ekki eru í ríkiseigu, t.d. sparisjóða og lífeyrissjóða. Gæta þarf sérstaklega að almennum lífeyrissjóðum, en lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna njóta verndar ríkis og sveitarfélaga og eru því sjálfkrafa tryggðir. Sveitarfélögin munu þó mörg eiga erfitt með að standa við þessar skuldbindingar.

Miðað við áætlaðar verðbætur á tímabilinu júní 2008 til júní 2009 má ætla að heildarkostnaður ríkissjóðs vegna niðurfellingar verðtryggingar yrði 180–200 milljarðar kr. eða sem nemur 13% af vergri landsframleiðslu. Sú fjárhæð krefst lántöku og aukinnar skattheimtu til framtíðar. Að öllu samanlögðu treystir hópurinn sér ekki til að mæla með að slík leið verði farin, en telur ljóst að grípa þurfi til sértækra aðgerða til aðstoðar þeim sem eiga við mestan vanda að etja.

Verðtrygging fryst á eignahlið fjármálafyrirtækja (útlánum til heimila).

Ákvörðun um að fella tímabundið niður (frysta) verðtryggingu á útlánum banka og Íbúðalánasjóðs til heimila, t.d. á tímabilinu frá júní 2008 til júní 2009, mundi þýða 240 milljarða kr. minni tekjur á tímabilinu, ef miðað er við verðbólguspá Seðlabankans.[2] Áhrif slíkrar aðgerðar á greiðslubyrði mundi þó einungis skila um 10% lækkun á greiðslubyrði af verðtryggðum lánum einstaklinga þar sem verðbætur leggjast við höfuðstól og greiðslubyrði af þeim dreifist út lánstímann. Áhrif þessarar aðgerðar á lánveitendur yrðu hins vegar öllu meiri og alvarlegri en ljóst er að eignahlið efnahagsreiknings þeirra mundi ekki hækka sem framangreindri fjárhæð nemur til samræmis við skuldahlið hans sem mundi reyna verulega á eiginfjárstöðu og eiginfjárhlutföll (CAD-hlutföll) þeirra. Ætla má að lækkun eigin fjár lánastofnana vegna þessa yrði um 19%, en engin lánastofnun mundi lifa slíkt af. Má til dæmis ætla að Íbúðalánasjóður yrði gjaldþrota fyrir áramót ef ekki kæmi til verulegt nýtt eigið fé inn í rekstrurinn. Því er ljóst að ríkisvaldið yrði að bæta umtalsverðu nýju eigin fé til stuðnings fjármálakerfinu. Slíkt eiginfjárframlag þýðir aukna skattheimtu sem því nemur. Til að forðast þetta þyrfti frystingin einnig að ná til skuldahliðar efnahagsreiknings viðkomandi lánastofnana.

---

[2] Ástæða þess að hér er einungis skoðuð frysting til júní 2009 er sú að samkvæmt verðbólguspá Seðlabankans lækkar vísitala neysluverðs um 3,7% á þriðja ársfjórðungi 2009. Mikilvægt er að slík lækkun nái að hafa sjálfkrafa áhrif til lækkunar á skuldum heimilanna.

Tímabundin niðurfelling verðtryggingar á skuldum heimila.
Gróft mat á áhrifum á eigið fé fjármálastofnanna.

	Áætlað eigið fé 30/10/08*	Áætlaður kostnaður við niðurfellingu frá júní 2008 til júní 2009	Eigið fé eftir niðurfellingu	Breyting á eigin fé/ hreinni eign
Bankar og sparisjóðir**	470.000	-88.690	381.310	-18,9%
Aðrar lánastofnanir	55.000	-3.490	51.510	-6,3%
Íbúðalánasjóður	22.000	-57.560	-35.560	-261,6%
Lífeyrissjóðir	1.500.000	-20.900	1.479.100	-1,4%
LÍN		-13.200		
Samtals		***-183.840***		

*Hrein eign lífeyrissjóða.

**Eigið fé Straums Burðaráss ekki meðtalið þar sem hann lánar ekki til heimila.

Verðtrygging tímabundið felld niður á eigna- og skuldahlið fjármálafyrirtækja.

Fjármálastofnanir fjármagna stóran hluta verðtryggðra útlána með útgáfu verðtryggðra skuldabréfa og verðtryggðum innlánsreikningum sem eru að mestu í eigu einkaaðila. Ákvörðun ríkisins um að fella tímabundið niður verðbætur á útlánum til heimila mundi því ekki sjálfkrafa leysa ríkið undan því að greiða sjálft verðbætur til innstæðueigenda og eigenda skuldabréfanna. Væri það gert koma aftur upp ýmis vandamál:

- Ef verðtrygging er tímabundið felld niður af innlánum mundi slík ráðstöfun að óbreyttu skapa mikið ósamræmi milli verðtryggðra og óverðtryggðra innlánsforma. Eigendur verðtryggðra reikninga, t.d. lífeyrisbóka og bundinna framtíðarreikninga ungmenna, fengju þá greidda mun lægri vexti (5,3–7,5%) en eigendur opinna óverðtryggðra reikninga (14–19%). Til að koma í veg fyrir tjón innlánseigenda þyrfti að hækka vexti verðtryggðra reikninga um 8–12%, miðað við núverandi vexti á óverðtryggðum innlánum. Verðtryggð innlán nema nú um 210 milljörðum kr. og yrðu mánaðarleg útgjöld vegna þessara 1,7 milljarða kr. (21 milljarður kr. á ársgrundvelli) en lækka hratt með lækkandi stýrivöxtum.
- Ætla má að lífeyrissjóðirnir eigi ríflega 800 milljarða kr. í verðtryggðum skuldabréfum. Ef 15% verðbætur fást ekki greiddar af bréfunum yrði ávöxtun lífeyrissjóðanna 120 milljörðum kr. lægri en ella, eða sem nemur um 9% af heildareignum sjóðanna, eins og þær voru við lok þriðja ársfjórðungs 2008. Til samanburðar má ætla að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á næsta ári verði um 150 milljarðar kr. (iðgjöld – greiðslur lífeyris + vextir og afborganir af verðbréfaeign). Þá hefur ekki verið tekið tillit til mögulegrar sölu á erlendum verðbréfum lífeyrissjóðanna, en erlendar eignir námu samtals 517 milljörðum kr. við lok þriðja ársfjórðungs 2008. Afnám verðtryggingar hefði veruleg áhrif á getu sjóðanna til að greiða lífeyri og mundi óhjákvæmilega kalla á skerðingu lífeyrisréttinda sjóðfélaga almennra lífeyrissjóða, umfram það sem þegar blasir við eftir hrun fjármálakerfisins. Þar sem lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna eru tryggð af vinnuveitanda yrði töpuð ávöxtun lífeyrissjóða þeirra bætt með skattheimtu í framtíðinni.
- Skuldabréfasjóðir eru vinsælt sparnaðarform meðal almennings, sérstaklega nú þegar erfiðleikar eru á hlutabréfamarkaði. Stór hluti sjóðanna er verðtryggður. Verði verðtrygging tímabundið fryst mundi ávöxtun sjóðanna lækka snarlega og má gera ráð fyrir verulegu útstreymi úr sjóðunum yfir í stutt óverðtryggð innlán. Áhrifin á skuldabréfa-

markaði væri hækkun ávöxtunarkröfu verðtryggðra vaxta. Vaxtakostnaður ríkisins og vextir nýrra íbúðalána vegna nýrra lána mundi hækka.
- Fram undan er mikil fjármögnunarþörf hjá ríkissjóði, m.a. í tengslum við endurfjármögnun bankanna og Seðlabanka og vegna fyrirsjáanlegs halla á rekstri. Sveitarfélögin munu einnig þurfa að sækja fjármagn til að standa undir framkvæmdum. Skilvirkur skuldabréfamarkaður er mikilvægur í slíku árferði. Ljóst er að útgáfa langra verðtryggðra skuldabréfa mundi stöðvast á meðan á frystingunni stæði. Takmörkuð eftirspurn yrði eftir slíkum bréfum, nema vextir bréfanna hækkuðu umtalsvert, en það leiðir til verulegra affalla af nafnverði bréfanna. Eykur það skuldsetningu ríkissjóðs og sveitarfélaga umtalsvert. Heimili, fyrirtæki, sveitarfélög og ríki þyrftu þá að fjármagna fjárfestingar sínar með skammtímalánum á því vaxtastigi sem nú gildir, með alvarlegum afleiðingum fyrir greiðslubyrði þeirra.
- Hætt er við að fjárfestar mundu ekki treysta verðtryggingu í kjölfar slíkra aðgerða. Lánstími húsnæðislána mundi því að líkindum styttast umtalsvert og áhættuálag aukast.

Mismunandi staða heimilanna.

Veðstaða fasteignalána er afar misjöfn. Í lok júní voru útistandandi íbúðalán viðskiptabankanna þriggja auk fjögurra stærstu sparisjóðanna samtals 66 þúsund talsins og íbúðalán Íbúðalánasjóðs 90 þúsund. Af útlánum bankanna voru 62% lánanna með veðhlutfalli undir 70% og nam fjárhæð lánanna 53% af heild. Að sama skapi voru 38% lánanna og 47% fjárhæðarinnar með veðhlutfall yfir 70%. Hjá Íbúðalánasjóði er 31% fjárhæðarinnar með veðhlutfall yfir 60% og 14% með veðhlutfall yfir 80%.

Í ljósi verðþróunar frá júnílokum og útlits á þróun neyslu- og fasteignaverðs er ljóst að veðstaða fasteignalána mun versna verulega á næstunni. Félags- og tryggingamálaráðherra hefur skipað starfshóp sem vinnur að tillögum sem sérstaklega er beint að greiðsluvanda heimila og er því ekki fjallað um það hér.

Verðtryggð útlán með veði í íbúðahúsnæði.

Íbúðalán banka og fjögurra stærstu sparisjóða (júní)					Lán Íbúðalánasjóðs 1. nóvember		
Veðhlutfall	M.kr.		Fjöldi		Veðhlutfall	M.kr.	
0–50%	190.046	29%	28.696	44%	0–30%	76.749	30%
>50–70%	162.575	24%	11.790	18%	>30–60%	137.947	27%
>70–90%	186.296	28%	15.132	23%	>60–80%	123.099	17%
>90–100%	48.137	7%	4.154	6%	>80–100%	112.400	14%
>100%	36.837	6%	3.219	5%	>100%	0	
Óþekkt	41.036	6%	2.728	4%	Óþekkt	102.282	12%
Samtals	**664.927**	**100%**	**65.719**	**100%**	***Samtals***	**552.479**	**100%**

Heimild: Fjármálaeftirlitið, Íbúðalánasjóður.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á gildissviði laga nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, í þeim tilgangi að jafna greiðslubyrði af verðtryggðum fasteignalánum einstaklinga ef misgengi skapast milli hækkunar á vísitölu lána og hækkunar launatekna. Helstu markmið frumvarpsins er að fyrirbyggja að greiðslubyrði þyngist ef þetta misgengi skapast með því að neikvæður mismunur færist á jöfnunarreikning og bætist við höfuðstól lánsins en síðan greiðist af honum þegar mismunurinn verður jákvæður.

Í frumvarpinu er lagt til að lögin taki til allra verðtryggðra lána einstaklinga sem tryggð eru með veði í fasteignum hér á landi hjá innlendum lánastofnunum óski lántakandi eftir greiðslujöfnun. Í núgildandi lögum er sett sem skilyrði fyrir greiðslujöfnun að fasteignaveðlán hafi verið til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Íslenskir bankar hafa á undanförnum árum veitt lán með fasteignaveði til annarra nota en til kaupa á íbúðarhúsnæði, svo sem til útihúsa hjá bændum, byggingu eða kaupa á sumarhúsum og rauninni jafnvel einnig til almennrar neyslu. Slík lán munu þá einnig falla undir ákvæðið.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að allir eigi rétt á greiðslujöfnun til að létta greiðslubyrði sína af fasteignaveðlánum, óháð því hvort þeir eiga í greiðsluerfiðleikum. Slík almenn aðgerð þar sem sama úrræði er beitt fyrir alla fremur en að beina því að þrengri hóp sem er í vanda kann að auka þörf á fjármögnun af hálfu hins opinbera meira en ella væri. Greiðslujöfnun er úrræði sem hentar misvel fyrir mismunandi samfélagshópa og fer til að mynda eftir skuldsetningu og líftíma eftirstöðva skulda einstaklinga. Ljóst er að greiðslujöfnun lána mun hafa í för með sér aukinn heildarvaxtakostnað og verðbætur af láni þegar upp er staðið fyrir lántakendur en óvissa er um hvaða áhrif það hefur á ákvarðanir þeirra.

Samkvæmt frumvarpinu verður greiðslumark lána framreiknað miðað við breytingu á nýrri vísitölu, svokallaðri greiðslujöfnunarvísitölu, sem er launavísitala Hagstofu Íslands vegin með atvinnustigi í hverjum mánuði. Aðferðin við útreikning vísitölunnar miðast við að margfalda mánaðarlegt gildi launavísitölunnar með atvinnustiginu, t.d. væri launavísitalan margfölduð með 95% þegar atvinnuleysi er 5% að meðaltali. Sá sem er að greiða af fasteignaveðlánum er hins vegar annað hvort í vinnu eða atvinnulaus. Aðferðin felur því óhjákvæmilega í sér að einstaklingur með háar tekjur getur fengið meiri greiðslujöfnun á fasteignalánum sínum en ella vegna aukins atvinnuleysis annarra. Tenging greiðslujöfnunarinnar við atvinnustigið hefur í för með sér að fjármögnunarþörf lánakerfisins verður hærri fyrir vikið í byrjun. Miðað við spár um atvinnuleysi á næsta ári er lauslega áætlað að talsverður og jafnvel hátt í helmingur fjárþarfarinnar gæti myndast með þeim hætti.

Í frumvarpinu er lögð sú skylda á ríkissjóð að tryggja með atbeina Seðlabanka Íslands, eftir atvikum, að lánastofnanir hafi aðgang að lausafé til að mæta þeim áhrifum sem greiðslujöfnun kann að hafa á lausafjárstöðu þeirra þar sem innstreymi fjármagns til þeirra mun dragast saman. Starfshópur á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins hefur áætlað að ef allir lántakendur verðtryggðra fasteignaveðlána nýta sér þessa greiðslujöfnun hjá lánastofnunum muni lausafé þeirra minnka um samtals 13 milljarða króna í árslok 2009 Fjármálaráðuneytinu

hefur ekki gefist ráðrúm til að leggja mat á þá áætlun en telur vísbendingar um lausafjárþörfin gæti orðið meiri miðað við að greiðslujöfnunin gildi fyrir öll fasteignveðlán en ekki þykir þó líklegt að allir nýti sér þann rétt.

Ekki verður ráðið af þessum ákvæðum hvaða fyrirkomulag væri á þessari fjármögnun og hvert eigi að vera hlutverk hvors aðila um sig, ríkissjóðs og Seðlabanka í þessu sambandi. Ekki er sett skýrt fram með hvaða hætti ríkið á að tryggja lausafjárþörf lánastofnana, hvort þar væri um að ræða lánveitingar til lánastofnana og þá á hvaða kjörum og gegn hvaða tryggingum. Aðkoma Seðlabanka Íslands er einnig óljós í þessu samhengi. Hlutverk bankans er að sjá til þess að bankakerfið hafi hæfilegt lausafé til umráða og því kann sú spurning að vakna hvort frumvarpið feli í sér að ábyrgð á lausafjárstýringu sé að einhverju leyti færð yfir til ríkissjóðs. Varla er hægt að gera ráð fyrir öðru en að kostnaður hlytist af slíkri fjármögnun. Komi til þess að ríkissjóður þurfi að taka allt að 13 mia. kr. að láni gæti vaxtakostnaður á árinu 2009 hugsanlega orðið allt að 2 mia. kr. miðað við útgáfu á óverðtryggðum skuldabréfum og spár um nafnvexti og verðlagshækkanir næsta árs. Á móti mætti þá reikna með vaxtatekjum frá lánastofnunum sem nýta sér fyrirgreiðsluna. Óvíst er hvort og í hvaða mæli sú verður raunin og hver áhrifin gætu verið á fjárhagsstöðu þessara stofnana en ætla má að slíkt fjármagn mundi nýtast þeim til tekjumyndunar.

186. Frumvarp til laga [160. mál]

um breytingu á lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Jón Bjarnason, Katrín Jakobsdóttir.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Verðtryggt lánsfé skv. 14. gr. skal ekki bera hærri vexti en 2%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi er lagt til að verðtryggð lán beri aldrei hærri vexti en nemur 2%. Við þær sérstöku aðstæður sem nú eru uppi í samfélaginu, óðaverðbólgu og háa vexti, yrði þetta brýnt réttlætismál fyrir lántakendur.

Sá sem tekur verðtryggt lán er með öllu óvarinn á tímum verðbólgu. Hækki verðlagið, þá hækka lánin. Við útreikning vaxta af verðtryggðum lánum er í dag skv. 4. gr. laganna miðað við að vextir skuli vera jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum hjá lánastofnunum, ef hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin.

Með verðtryggingu er hægt að halda vöxtum lægri en ella vegna þess hve lítil áhætta lánveitandans er. Á Íslandi hafa lánveitendur getað tryggt lánsfjármagnið með verðtryggingu og breytilegum vöxtum, stundum meira að segja hvorutveggja í senn. Verðtrygging lána

tryggir hagsmuni lánveitanda með þeim hætti að hann er varinn fyrir öllum sveiflum í verðlagi.

Nauðsynlegt er að taka verðtryggingu lána í heild sinni til endurskoðunar, en þar til slíkt hefur verið gert er mikilvægt að ná fram þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til sem lágmarksvernd fyrir lántakendur verðtryggðra lána. Með þessu móti er lánskostnaður raunverulega lækkaður í stað þess að einungis sé lengt í snörunni eins og gert er með frestun afborgana.

187. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Jóhann Árnason og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneytinu, Einar Jónsson frá Íbúðalánasjóði, Jónu Björk Guðnadóttur og Gunnhildi Sveinsdóttir frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Stefán Árna Auðólfsson frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Hildigunni Hafsteinsdóttur frá Neytendasamtökunum, Gísla Tryggvason, talsmann neytenda, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands og Guðlaug Stefánsson frá Samtökum atvinnulífsins.

Í frumvarpinu er lagt til vegna aðstæðna í efnahagsmálum nú um stundir að stimpilgjald af tilgreindum skjölum skuli falla niður tímabundið. Frumvarpið er hugsað til hagsbóta þeim sem þurfa að létta greiðslubyrði vegna vanskila á áður þinglýstum fasteignaveðskuldabréfum.

Í tengslum við frumvarpið var á fundum nefndarinnar rætt um gildistíma bæði fram og aftur í tímann, stöðu þeirra sem ekki eru komnir í vanskil en eiga í fyrirsjáanlegum greiðsluerfiðleikum, stöðu þeirra sem kjósa að endurfjármagna sig hjá öðrum lánveitanda og áhrif frumvarpsins á tekjur ríkissjóðs. Loks ræddi nefndin um tímabundið afnám þinglýsingargjalds vegna þeirra atvika sem frumvarpið tekur til.

Nefndin fjallaði um upphaf gildistökunnar og stöðu þeirra einstaklinga sem nú þegar hafa staðið skil á gjaldi því sem frumvarpinu er ætlað að fella niður. Telur nefndin rökrétt að miða upphaf þessarar ívilnunar við gildistöku laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008. Nefndin leggur til að þeir sem að framan er getið fái endurgreitt. Nefndin tekur fram að um ívilnandi breytingu er að ræða sem ekki er í andstöðu við sjónarmið um afturvirkni laga.

Fram kom að fram til þessa hefðu breytingar á fasteignaveðlánum einkum beinst að þeim sem væru tryggð í erlendri mynt, sbr. tilmæli ríkisstjórnarinnar þar að lútandi frá 22. október 2008. Áhrif gengislækkunar og verðbólgu væru enn ekki komin fram varðandi lán tryggð með vísitölu neysluverðs og að mörg heimili gætu lent í greiðsluerfiðleikum þegar líða tekur á næsta ár. Einnig megi búast við að atvinnuleysi færi vaxandi. Með hliðsjón af framansögðu leggur nefndin til að gildistími frumvarpsins verði lengdur til og með 31. desember 2009.

Nefndin ræddi afmörkun á gildissviði frumvarpsins með hliðsjón af stöðu þeirra skuldara sem ekki eru komnir í vanskil en sjá fram á greiðsluerfiðleika. Af hálfu ráðuneytisins var á það bent að frumvarpinu væri einungis ætlað að taka til þeirra sem breyta skilmálum láns vegna vanskila. Í lánaframkvæmd Íbúðalánasjóðs tíðkast að gefa út ný bréf til að koma van-

skilum í skil og er stimplun þeirra ætlað að vera gjaldfrjáls samkvæmt frumvarpinu. Einnig kom fram af hálfu ráðuneytisins að stimpilgjöld vegna skilmálabreytinga væru innheimt einvörðungu þegar breytingar fela í sér viðbætur við höfuðstól vegna vanskila eða felast í aukinni lántöku. Einfaldar skilmálabreytingar eins og lenging lánstímans og fjölgun gjalddaga væru ekki stimpilskyldar og ættu þeir sem sjá fram á greiðsluerfiðleika að geta breytt lánum sínum með þeim hætti án greiðslu stimpilgjalds.

Á fundum nefndarinnar var nokkuð rætt um hvers konar breytingar á fasteignaveðskuldum njóti stimpilfrelsis og kom fram að almenna reglan væri sú að skilmálabreytingar væru undanþegnar stimpilgjaldi svo fremi sem þær leiði ekki til hækkunar á höfuðstól, sbr. 8. gr. stimpilgjaldslaga. Skilmálabreytingar eiga sér ávallt stað milli sömu aðila en skuldari kann að eiga þann kost að endurfjármagna lánið, ýmist hjá sama eða öðrum lánveitanda. Ræðst þá gjaldið af 26. gr. Þegar skuldari endurfjármagnar lánið hjá sama lánveitanda er samkvæmt túlkun ráðuneytisins tekið hálft stimpilgjald af þeirri fjárhæð sem varið er til uppgreiðslu eldra lánsins en fullt stimpilgjald af því sem umfram er. Ef endurfjármögnun á sér stað hjá öðrum lánveitanda ber hins vegar að greiða stimpilgjald af allri fjárhæðinni.

Nefndin telur að rök standi til þess að frumvarpið verði ekki einskorðað við skilmálabreytingar og leggur til að hliðstæð regla gildi hvað endurfjármögnun varðar og skuli þá ekki greitt stimpilgjald af þeim hluta nýs fasteignaveðskuldabréfs sem svarar til uppreiknaðs virðis eldra fasteignaveðskuldabréfs ásamt vanskilum. Reglan gildir hvort sem endurfjármagnað er hjá sama lánveitanda eða nýjum kröfuhafa.

Nefndin ræddi áhrif frumvarpsins á tekjur ríkissjóðs. Kom fram að í fjárlögum ársins hafi ekki verið gert ráð fyrir tekjum af stimpilgjaldi á grundvelli þeirra atvika sem frumvarpið varðar. Frumvarpið sé tilkomið vegna óvenjulegra aðstæðna í þjóðfélaginu.

Eftir ábendingu fjármálaráðuneytisins leggur nefndin til að ekki skuli taka stimpilgjald af þeim kröfuhafaskiptum á fasteignaveðskuldabréfum sem til koma ef Íbúðalánasjóður nýtir þá heimild sem honum er veitt í V. kafla laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., til að kaupa skuldabréf fjármálafyrirtækja sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði. Ólíkt því sem gildir um endurfjármögnun þarf ekki að leita samþykkis skuldara fyrir slíkri yfirfærslu, sbr. 11. gr. laga nr. 125/2008, og er því eðlilegt að fella niður stimpilgjald af slíkum gjörningi með vísan til tilgangs og eðlis laga nr. 125/2008.

Loks leggur nefndin til þá breytingu að þinglýsingargjald sem innheimt er á grundvelli laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, verði fellt niður hjá þeim sem njóta eiga stimpilfrelsis samkvæmt þessu frumvarpi. Breytingin er gerð til samræmis við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og gerir fyrirvara við álit þetta.

Alþingi, 17. nóv. 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Bjarni Benediktsson.
Gunnar Svavarsson.	Lúðvík Bergvinsson.	Katrín Jakobsdóttir.
Árni Þór Sigurðsson.	Helga Sigrún Harðardóttir.	Ólöf Nordal.

188. Breytingartillögur [151. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „frá gildistöku þessa ákvæðis til 1. janúar 2009“ komi: frá og með 7. október 2008 til og með 31. desember 2009.
   b. Við greinina bætist nýr liður, svohljóðandi: Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
      a. (I.)
      Þrátt fyrir ákvæði 24. og 26. gr. laganna skal þegar fasteignaveðskuldabréf einstaklings er, á tímabilinu frá og með 7. október 2008 til og með 31. desember 2009, endurnýjað með nýju fasteignaveðskuldabréfi sem kemur í stað þess eldra, ekki greiða stimpilgjald af þeim hluta nýja fasteignaveðskuldabréfsins sem svarar til uppreiknaðs virðis eldra fasteignaveðskuldabréfsins ásamt vanskilum. Er ákvæði þetta óháð því hvort um nýjan kröfuhafa er að ræða samkvæmt hinu nýja fasteignaveðskuldabréfi.
      b. (II.)
      Þrátt fyrir ákvæði 24. og 26. gr. laganna skal ekki greiða stimpilgjald af þeim kröfuhafaskiptum á fasteignaveðskuldabréfum sem til koma ef Íbúðalánasjóður nýtir þá heimild sem honum er veitt í V. kafla laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., til að kaupa skuldabréf fjármálafyrirtækja sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði.
2. Við bætist ný grein, svohljóðandi:
   Við gildistöku laga þessara bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. laganna skal ekki greiða þinglýsingargjald af skjölum sem stimpilfrjáls eru samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II–IV í lögum um stimpilgjald.

189. Tillaga til þingsályktunar [161. mál]

um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

(Lögð fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta áform um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á grundvelli fyrirliggjandi viljayfirlýsingar íslenskra stjórnvalda.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Í kjölfar bankahrunsins í byrjun október 2008 ákvað ríkisstjórnin eins og kunnugt er að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um fjárhagslega fyrirgreiðslu. Viðræður fulltrúa Íslands og sjóðsins um fyrirkomulag samstarfsins hafa staðið yfir um nokkurt skeið og unnin hefur verið ítarleg efnahagsáætlun með það að markmiði að koma á efnahagslegum stöðugleika að nýju. Birtist sú áætlun í bréfi fjármálaráðherra og formanns bankastjórnar Seðlabankans til stjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 3. nóvember sl., sbr. breytingar á 9. tölul. yfirlýsingarinnar sem gerðar voru 15. nóvember sl. (sjá fylgiskjal).

Meginmarkmið efnahagsáætlunar ríkisstjórnarinnar eru í fyrsta lagi að endurvekja traust á íslenskum efnahag og ná stöðugu gengi krónunnar með markvissum og öflugum aðgerðum, í öðru lagi að styrkja stöðu ríkissjóðs og í þriðja lagi að endurreisa íslenskt bankakerfi.

Gert er ráð fyrir að stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins taki ákvörðun miðvikudaginn 19. nóvember næstkomandi um fjárhagslega fyrirgreiðslu til íslenskra stjórnvalda á grundvelli fyrirliggjandi áætlunar. Samstarf Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins felur í sér lánveitingu frá sjóðnum að andvirði rúmlega 2 milljarða Bandaríkjadala sem greidd verður út í áföngum. Jafnframt er gert ráð fyrir láni annars staðar frá að fjárhæð 3 milljarðar Bandaríkjadala.

Fylgiskjal.

VILJAYFIRLÝSING
um áform íslenskra stjórnvalda
vegna fjárhagslegrar fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

1. **Í kjölfar hamfaranna á alþjóðlegum fjármagnsmarkaði stendur þjóðarbúskapur Íslendinga frammi fyrir svo alvarlegri fjármálakreppu að slíks eru fá dæmi.** Til viðbótar almennu vantrausti á fjármálamarkaði gróf mikil skuldsetning fjármálageirans og þörf fyrir erlenda lánsfjármögnun enn frekar undan trausti á íslensku bönkunum þar til fjármálakreppan felldi þrjá stærstu banka landsins sem samanlagt stóðu fyrir um 85% af bankakerfinu. Fallið leiddi til mjög snöggra breytinga á verðmæti lykileigna á sama tíma og gjaldeyrismarkaðurinn heima fyrir þornaði upp og alvarleg röskun varð á greiðslumiðlun til og frá landinu. Þjóðarbúskapurinn er nú á leið inn í tímabil mikils samdráttar, stóraukins fjárlagahalla og mikillar aukningar opinberra skulda – um 80% af vergri lands-

framleiðslu. Þetta endurspeglar þann mikla kostnað sem hlýst af endurskipulagningu bankakerfisins.

2. **Þótt hagkerfið sé sveigjanlegt getur aðlögunin að þessu áfalli orðið bæði harkaleg og kostnaðarsöm.** Íslenskt efnahagslíf hefur löngum getað unnið fljótt úr áföllum, aðallega með því að draga mjög úr innflutningi og treysta þannig viðskiptajöfnuð, en í ljósi þess hve mikinn hnekki traust á hagkerfinu hefur beðið er hugsanlegt að mikið fjármagnsflæði úr landi geti leitt til verulegrar viðbótarlækkunar á gengi krónunnar. Þar sem hagkerfið er mjög skuldsett gæti slíkt valdið stórskaða á efnahag þjóðarinnar allrar og miklum samdrætti í efnahagslífinu. Fyrstu verkefni okkar eru því að koma aftur á starfhæfu bankakerfi og tryggja stöðugleika krónunnar. Til lengri tíma litið er verkefnið að lækka hinar miklu skuldir hins opinbera með viðvarandi aðhaldi í ríkisfjármálum.

Endurskipulagning bankakerfisins og endurskoðun gjaldþrotalaga.

3. **Við höfum hrundið í framkvæmd víðtækri áætlun til að takast á við þá erfiðleika í bankakerfinu sem alþjóðlega lánsfjárkreppan hefur magnað.** Með neyðarlögum, sem samþykkt voru 6. október 2008, veitti Alþingi Fjármálaeftirlitinu (FME) víðtækt vald sem FME hefur notað til að grípa inn í starfsemi þriggja stærstu bankanna. Þessir bankar höfðu einnig fjölda útibúa og dótturfélaga, aðallega í nokkrum Evrópulöndum.
4. **Sú stefna að grípa beint inn í starfsemi bankanna helgast af þeirri þörf að tryggja áframhaldandi innlenda bankastarfsemi og koma bankageiranum niður í þá stærð sem getur samræmst umfangi hagkerfisins.** Til að ná þessu markmiði var hverjum bankanna þriggja skipt upp í nýjan banka og gamlan banka. Nýju bankarnir tóku meðal annars yfir innlenda bankastarfsemi sem fjármögnuð er af innlendum innstæðueigendum. Innan gömlu bankanna eru viðskipti í erlendum útibúum og dótturfélögum sem aðallega voru fjármögnuð með útgáfu skuldabréfa og erlendum innstæðum. Afleiðusamningar voru skildir eftir í gömlu bönkunum. Fjármálaeftirlitið leysti stjórnir bankanna þriggja frá störfum og setti skilanefndir í þeirra stað auk þess sem hópar löggiltra endurskoðenda frá þremur af helstu alþjóðlegu endurskoðunarfyrirtækjunum voru skipaðir til að stjórna bráðabirgðamati á gæðum eigna. Af þessu tilefni voru tilskildar fjárhæðir settar á afskriftareikninga í nýju bönkunum til að færa virði lána til samræmis við væntanlegt markaðsvirði þeirra.
5. **Ákveðið skipulag er komið á við skil yfirteknu bankanna og leiðir til að hámarka heimtur eigna með gagnsæjum hætti. Stefna okkar að þessu leyti hefur verið útfærð nánar að undanförnu.** Virtur bankasérfræðingur var skipaður til að stýra endurskipulagningu bankanna. Sérfræðingurinn starfar á vegum forsætisráðherra og ber ábyrgð á að þróa, innleiða og skýra frá heildstæðri aðgerðaáætlun um endurskipulagningu bankanna. Til að samræma stefnu og aðgerðir stjórnvalda hefur verið skipuð nefnd sem bankasérfræðingurinn stýrir og í eiga sæti fulltrúar frá forsætisráðuneyti, Fjármálaeftirliti, Seðlabanka, fjármálaráðuneyti og viðskiptaráðuneyti.
6. **Næsta skref í endurskipulagningunni er önnur umferð mats á bæði nýju og gömlu bönkunum til að tryggja að uppskiptin hafi ekki áhrif á heimtur upp í kröfur lánardrottna.** Virt alþjóðlegt endurskoðunarfyrirtæki verður ráðið til að hafa yfirumsjón með framkvæmdinni og aðstoða Fjármálaeftirlitið við að móta aðferðir í samræmi við alþjóðlegar kjörvinnureglur sem beitt verður við matið. Aðferðafræðin á að liggja fyrir 15. nóvember 2008 en eftir það verða ótengd alþjóðleg endurskoðunarfyrirtæki ráðin til

sjálfrar matsvinnunnar sem á að vera lokið fyrir lok janúar 2009. Endurskoðunarfyrirtækin sem hafa yfirumsjón með framkvæmdinni munu staðfesta ekki síðar en 15. febrúar 2009 að matið hafi farið fram í samræmi við fyrirliggjandi aðferðafræði og taka lokaákvörðun um matið. Hluti af framkvæmdinni er einnig mat á því hvort stjórnendur og helstu hluthafar hafi gerst sekir um afglöp í rekstri eða misnotkun á bönkunum.

7. **Að lokinni síðari umferð verðmætamats verða nýju bankarnir þrír endurfjármagnaðir þannig að eiginfjárhlutfall þeirra verði a.m.k. 10%.** Heildarfjárhæð nýs hlutafjár er talin verða að nema 385 milljörðum kr. Hlutafjárframlagið verður í formi ríkisskuldabréfa sem gefin verða út á markaðskjörum og verður það lagt fram fyrir lok febrúar 2009. Í samræmi við almennar reglur við útgáfu leyfis fyrir nýja banka og til að hafa eftirlit með traustum rekstrargrunni þeirra mun Fjármálaeftirlitið fara yfir rekstraráætlanir sérhvers nýs banka. Þessar rekstraráætlanir til fimm ára munu lýsa bankaþjónustu, stofnfjármögnun, starfsliði, hagnaðarvæntingum og útibúaneti. Við áformum að selja eiginfjárframlag ríkisins um leið og jafnvægi kemst á og markaðsskilyrði leyfa.
8. **Ríkisstjórnin er ákveðin í að tryggja hámörkun á virði endurheimtra eigna.** Í því skyni er áformað að gömlu bankarnir verði settir í greiðslustöðvun í samræmi við gjaldþrotalög og lög um fjármálafyrirtæki, en skilanefndir halda áfram að vinna samkvæmt þeim til að hámarka virði eigna undir umsjá aðstoðarmanns við greiðslustöðvun en skipan hans hlýtur staðfestingu dómstóla. Til að tryggja hámarksheimtur eigna verður ráðinn ráðgjafi sem mun aðstoða við að ljúka gerð áætlunar um heimtur eigna fyrir lok nóvember 2008.
9. **Við höfum einsett okkur að koma á traustu og gagnsæju ferli í samskiptum við innlánshafa og lánveitendur hinna yfirteknu banka.** Unnið er skipulega að sambærilegu samkomulagi við alla þá erlendu aðila sem hagsmuna eiga að gæta gagnvart Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta hér á landi í samræmi við lagaramma EES. Ísland hefur heitið því að virða skuldbindingar á grundvelli innstæðutryggingakerfisins gagnvart öllum tryggðum innlánshöfum. Þetta byggist á þeim skilningi að unnt verði að forfjármagna þessar kröfur fyrir tilstyrk viðkomandi erlendra ríkja og að jafnt Ísland sem þessi ríki séu staðráðin í að efna til viðræðna á næstu dögum með það að markmiði að ná samkomulagi um nánari skilmála vegna þessarar forfjármögnunar. Enn fremur viðurkennum við að það sé lykilatriði í réttlátri meðferð gagnvart innstæðueigendum og kröfuhöfum á hendur yfirteknu bönkunum að nýju bankarnir greiði sannvirði fyrir þær eignir sem fluttar voru frá gömlu bönkunum. Við höfum komið upp gagnsæju ferli þar sem tvö teymi sjálfstæðra endurskoðenda sjá um að meta sannvirði eigna. Almennt munum við tryggja að meðferð á innstæðueigendum og lánardrottnum sé sanngjörn, jöfn og án mismununar og í samræmi við gildandi lög.
10. **Í framhaldinu munum við endurskoða alla regluumgjörð fjármálastarfsemi og framkvæmd bankaeftirlits til að efla viðbúnað gegn hugsanlegum fjármálakreppum í framtíðinni.** Við munum ráða reyndan bankaeftirlitsmann til að fara yfir regluverkið og starfshætti við bankaeftirlit og leggja til nauðsynlegar breytingar. Þessi ráðgjafi mun einkum beina sjónum að reglum um lausafjárstýringu, lán til tengdra aðila, stórar einstakar áhættur, krosseignatengsl og hagsmunalegt sjálfstæði eigenda og stjórnenda. Hafi fyrrverandi yfirstjórnendur og helstu hluthafar í yfirteknu bönkunum gerst sekir um afglöp í rekstri eða misnotkun á bönkunum eiga þeir ekki að gegna sambærilegu hlutverki næstu þrjú árin. Mat þetta, sem gert verður opinbert, á að liggja fyrir í lok mars 2009. Við mun-

um ræða fyrir fram sérhverja breytingu á áformum okkar í þessu efni við fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

11. **Við munum fara yfir lagarammann um gjald- og greiðsluþrot þannig að taka megi á niðurfærslu skulda og heimtu eigna í bönkum, fyrirtækjum og hjá heimilum.** Setja þarf sérlög um gjald- og greiðsluþrot banka (aðskilin frá almennum gjaldþrotalögum) til að leysa úr óvissu um lagalega stöðu yfirtekinna banka og koma á samræmdri umgjörð um eftirlit með skuldaskilahlið bankagjaldþrota. Ferlið við gjaldþrot fyrirtækja hefur reynst tiltölulega skilvirkt undir venjulegum kringumstæðum en nú verður að skilgreina það nánar svo það geti líka falið í sér að lánardrottnar og lífvænleg fyrirtæki semji sín á milli utan dómstóla. Sér í lagi er brýnt að tryggja mögulega aðkomu eigenda tryggðra skuldabréfa að áætlunum um endurskipulagningu fyrirtækja og að auðvelda nýja fjármögnun við endurreisn fyrirtækja.

Stefnan í opinberum fjármálum.

12. **Úrlausn bankakreppunnar mun leggja þungar fjárhagslegar byrðar á hið opinbera.** Samkvæmt bráðabirgðamati má ætla að *vergur* kostnaður ríkisins vegna innstæðutryggginga og endurfjármögnunar bæði viðskiptabankanna og Seðlabankans geti numið um 80% af landsframleiðslu. *Hreinn* kostnaður verður eitthvað lægri að því gefnu að fjármunir endurheimtist með sölu á eignum gömlu bankanna. Við þetta bætist kostnaðurinn af auknum halla hins opinbera upp í 13,5% af landsframleiðslu eins og reikna má með árið 2009 vegna samdráttar í kjölfar bankakreppunnar. Í heild má gera ráð fyrir að vergar skuldir hins opinbera aukist úr 29% af landsframleiðslu í lok árs 2007 í 109% af landsframleiðslu í árslok 2009. Bankakreppan mun því setja hinu opinbera verulegar skorður og leggja auknar byrðar á almenning á næstu árum.
13. **Við áformum að láta sjálfvirka sveiflujöfnun ríkisfjármála virka til fulls á árinu 2009.** Til að auka ekki frekar á samdráttinn áformum við að leyfa fjárlagahallanum að aukast í takt við aukin útgjöld og lægri tekjur vegna hagsveiflunnar, en vegna mikillar fjármögnunarþarfar og stóraukinnar skuldsetningar ríkissjóðs hyggjumst við draga verulega úr fyrri áformum um slaka í ríkisfjármálum á árinu 2009 og halda þeim í lágmarki. Fari svo að tekjur fari fram úr áætlun hyggjumst við leggja þá fjármuni til hliðar og draga úr hallanum sem því nemur. Við eigum von á að aukin kaup lífeyrissjóða á ríkisskuldabréfum dragi úr þeim þrýstingi á fjármagnsmarkaði sem leiðir af stóraukinni fjármögnunarþörf ríkissjóðs. Opinber umsvif verða háð ársfjórðungslegu þaki á hreinar lántökur og samkomulag um fjárlög ársins 2009 er lykilskilyrði fyrir lokum á fyrstu endurskoðun á stuðningsfjármögnuninni.
14. **Við ætlum okkur að hrinda í framkvæmd metnaðarfullri áætlun um ríkisfjármálin.** Fyrsta skref þessarar áætlunar kemur til framkvæmda með fjárlögum ársins 2010. Við áformum aðgerðir til að minnka halla á hagsveifluleiðréttum frumjöfnuði ríkissjóðs um 2–3% á ári yfir áætlunartímabilið með það að markmiði að hagsveifluleiðréttur frumjöfnuður verði orðinn jákvæður árið 2011 og jákvæður um 3,5–4% miðað við landsframleiðslu árið 2012. Undirbúningur þessarar áætlunar hefst þegar á þessu ári og verða megináherslur afmarkaðar fyrir árslok, en heildarútfærsla mun liggja fyrir um mitt næsta ár. Markverð framför á þessu sviði verður lykilskilyrði í tengslum við ársfjórðungslega endurskoðun áætlunarinnar. Íslenskt þjóðfélag hefur sýnt ábyrgð í ríkisfjármálum eins og sést á því hve skuldir hins opinbera eru litlar við upphaf kreppunnar. Þessi stefna hefur

notið almenns stuðnings í samfélaginu. Sala á hlut ríkisins í nýju bönkunum getur lækkað skuldir hins opinbera verulega og dregið úr þörf fyrir aðhald í ríkisfjármálunum.

15. **Í því skyni að auka traust á getu ríkisins til að standa undir skuldum ætlum við að treysta ramma ríkisfjármála.** Í ár var fjögurra ára áætlun í ríkisfjármálum í fyrsta sinn lögð fyrir Alþingi um leið og frumvarp til fjárlaga. Enn fremur munum við skilgreina sjálfbærni opinberra skulda og móta stefnu varðandi ríkisskuldir. Engu síður er okkur ljóst að meira þarf til að bæta núverandi umgjörð. Við munum því fara vandlega yfir núverandi umgjörð ríkisfjármála og leggja fram tillögur þar að lútandi sem einnig munu ná til þess hvernig fjármál sveitarfélaga verði betur samræmd áformum í ríkisfjármálum. Niðurstöður þessarar yfirferðar verða til umræðu við fyrstu endurskoðun þessarar fjárhagsaðstoðar. Framfarir í endurbótum á umgjörð ríkisfjármála verður skilyrði fyrir lokum á ársfjórðungslegri endurskoðun í tengslum við fjárhagsaðstoðina.
16. **Hið opinbera mun ekki taka á sig frekari skuldbindingar vegna bankakreppunnar.** Því miður munu lífeyrissjóðirnir, innlendir peningamarkaðssjóðir, ýmsir erlendir lánardrottnar og fleiri aðilar verða fyrir umtalsverðu tapi í kjölfar hruns viðskiptabankanna. Þar sem skuldir hins opinbera eru þegar miklar er mikilvægt að leggja ekki frekari byrðar á hið opinbera með því að það taki slík töp á sínar herðar.

Stefnan í peninga- og gengismálum.

17. **Brýnasta verkefni Seðlabanka Íslands er að tryggja stöðugleika krónunnar og búa í haginn fyrir styrkingu gengisins.** Á síðustu dögunum fyrir bankakreppuna lækkaði gengi krónunnar mjög hratt. Þegar bankarnir hrundu leiddi það til þess að innlendi gjaldeyrismarkaðurinn lokaðist og krónan féll enn hraðar á erlendum gjaldeyrismarkaði. Gengisfallið og aukin verðbólga sem af því leiddi hefur haft alvarleg áhrif á hag heimila og fyrirtækja vegna þess að stór hluti skulda þeirra er gengisbundinn eða vísitölutryggður. Til að koma í veg fyrir öldu gjaldþrota og auka enn á þann samdrátt sem þegar er kominn fram teljum við það vera forgangsverkefni að Seðlabanki Íslands komi á stöðugleika í gengi krónunnar.
18. **Við höfum sérstakar áhyggjur af því að gengi krónunnar verði fyrir skammtímaþrýstingi þegar búið verður að koma á eðlilegum gjaldeyrismarkaði.** Þótt við teljum að gengi krónunnar sé nú mjög undir raunvirði hennar hefur hrun bankanna þriggja rýrt traust á gjaldmiðlinum og áhættan af verulegu útflæði fjármagns er töluverð. Þetta á sérstaklega við vegna þeirrar óvissu sem ríkir um lausafjárstöðu hins nýendurreista bankakerfis. Við þurfum þess vegna að grípa til sértækra aðgerða til að mæta þessari skammtímaáhættu. Þessum aðgerðum er lýst í næsta lið; næsti liður þar á eftir fjallar um stefnuna í peningamálum þegar endurunnið traust getur leyft okkur að nota hefðbundin tæki við stjórn peningamála.
19. **Sé litið til mjög skamms tíma ætlum við að beita eftirfarandi blöndu af hefðbundnum og óhefðbundnum aðgerðum til að koma í veg fyrir fjármagnsútflæði:**
    - **Að hækka stýrivexti í 18%.** Við erum tilbúin til að hækka stýrivextina enn frekar, en erum meðvituð um að hækkun stýrivaxta nægir ekki ein og sér til að koma í veg fyrir fjármagnsútflæði undir núverandi kringumstæðum sem eru mjög sérstakar.
    - **Að beita miklu aðhaldi í aðgangi bankanna að lánum frá Seðlabankanum.** Við hyggjumst herða á reglum um lausafjárstýringu, sérstaklega aðgang að lausu fé í því skyni að Seðlabankinn geti haft meira frumkvæði við stjórnun grunnfjár; og við höf-

um hækkað vaxtamun á lausafjáraðgangi til að koma í veg fyrir að dregið verði um of á mikið lausafé eftir þessum farvegi. Við höfum þrengt skilgreiningu á þeim tryggingum sem Seðlabankinn tekur gildar – nýútgefin ótryggð bankabréf verða ekki lengur tekin gild. Reynist það nauðsynlegt erum við reiðubúin til að aðlaga reglur um stjórnun grunnfjár enn frekar, svo sem með því að breyta grunnviðmiðum fyrir meðaltal gjaldeyrisforða og veðviðmið. Til að byrja með munum við leyfa litla sem enga aukningu í lánum frá Seðlabanka.

– **Við erum reiðubúin til að nota gjaldeyrisforðann til að koma í veg fyrir of miklar sveiflur í gengi krónunnar.** Þótt við séum ekki með gengismarkmið og séum tilbúin að leyfa genginu að nálgast jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar erum við meðvituð um að of miklar sveiflur gengis eru óæskilegar og erum því reiðubúin til að nýta gjaldeyrisforðann til að styðja við markaðinn ef þörf krefur. Geta okkar til þess hefur aukist við það að gjaldeyrisforðinn hefur verið styrktur, svo sem rætt er hér að neðan.
– **Við erum reiðubúin að beita tímabundnum gjaldeyrishöftum á fjármagnsviðskipti.** Við gerum okkur ljóst að slík höft hafa talsverð neikvæð áhrif og hyggjumst afnema þau svo fljótt sem auðið er. Þau eru nauðsynleg til bráðabirgða þar til við höfum tryggt að stjórntæki peningamálastefnu okkar séu rétt stillt til að fást við mikla óvissu og skort á trausti í kjölfar bankahrunsins.

20. **Við gerum ráð fyrir að traust verði brátt endurvakið þannig að vextir geti lækkað í kjölfarið.** Þetta afturhvarf til eðlilegs ástands getur hafist um leið og krónan verður stöðugri á gjaldeyrismarkaðnum, gjaldeyrismarkaður mætir þörf fyrir alla eftirspurn eftir gjaldeyri vegna viðskipta við útlönd og ekki er lengur nauðsynlegt að styðja við markaðinn með því að draga á gjaldeyrisforðann. Við gerum ráð fyrir að ná þessu marki fljótlega að því gefnu að viðskiptajöfnuðurinn snúist hratt í afgang, krónan sé enn undir raunvirði, skilameðferð bankanna verði ekki til þess að gjaldeyrir flæði úr landinu á næsta ári og – umfram allt – með þeirri áætlun og þeim stuðningi annarra þjóða sem lýst er í þessari viljayfirlýsingu. Þetta mun gera okkur kleift að slaka á hömlum á lánveitingum Seðlabankans og smám saman reiða okkur aftur á stýrivexti sem aðalstjórntæki peningamála innan ramma sveigjanlegrar gengisstefnu. Í þessu efni reiknum við með að krónan styrkist fljótt og að verðbólga á ársgrundvelli verði komin í 4,5% við lok ársins 2009 og að krónan styrkist enn frekar og verðbólgan haldi áfram að hjaðna árið 2010.
21. **Fínstilling stjórntækja peningamálastefnunnar er erfið vegna óvenjumikillar óvissu um stöðu peningamála.** Vegna óvissu um endurskipulagningu bankakerfisins, heildarlausafjárstöðu og stöðugleika helstu peningastærða hyggjumst við skoða heildartölur peningamála við lok október með fulltrúum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins strax og þær liggja fyrir og leggja tillögur að breytingum á áætluninni um stjórn peningamála fyrir framkvæmdastjórn sjóðsins gerist þess þörf. Áætlanir okkar hafa að geyma ársfjórðungsleg þök á hreinar innlendar eignir og ársfjórðungslegt lágmark á hreina gjaldeyrisstöðu Seðlabanka Íslands.
22. **Gjaldeyrishöftin sem komið var á tímabundið 10. október síðastliðinn til að mæta snöggu gengisfalli krónunnar og þrýstingi á gjaldeyrisforðann verða afnumin á tímabili áætlunarinnar.** Þessi höft ná til takmarkana á gjaldeyrisviðskiptum vegna fjármagnsflutninga. Af þeim sökum hafa myndast vanskil á gjaldeyrisgreiðslum hjá einkaaðilum. Eftirfylgnin á því lykilmarkmiði að styrkja viðskiptajöfnuðinn svo að efla megi gjaldeyrisforðann og koma aftur á frjálsu gjaldeyrisflæði gegnum bankakerfið styður við afnám gjaldeyrishaftanna þannig að hægt verði að hreinsa upp erlend vanskil einkaaðila.

Meðan á þessu stendur biðjum við um tímabundið samþykki Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir þessum gjaldeyrishöftum í samræmi við stefnumið sjóðsins á þeim grundvelli að þau hafa verið sett á af greiðslujafnaðarástæðum og fela ekki í sér mismunun. Enn fremur skuldbindum við okkur til að leggja ekki á frekari höft á gjaldeyrisviðskipti né að koma á fjölgengisfyrirkomulagi.

Stefna í kjaramálum.

23. **Mikilvægt er að ná þjóðarsátt sem er samrýmanleg við þjóðhagsleg áform þessarar áætlunar.** Sagan sýnir að stefnan í kjaramálum hér á landi hefur verið mjög skilvirk. Fyrri kjarasamningar hafa stutt þjóðhagslega aðlögun þegar þess hefur verið þörf. Aðilar vinnumarkaðarins hafa viðurkennt nauðsyn þess að gera kjarasamninga sem samrýmast þeirri alvarlegu stöðu sem nú er uppi.

Utanaðkomandi fjármögnun.

24. **Hrun bankakerfisins hefur leitt af sér talsverða þörf fyrir erlent lánsfé.** Við gerum ráð fyrir að þessi þörf sé 24 milljarðar Bandaríkjadala á tímabilinu til loka ársins 2010. Þar af eru um 19 milljarðar vanskil vegna skulda yfirteknu bankanna þriggja, svo og fjármagn til að gera upp nauðsynlegar greiðslur tengdar erlendum innstæðum, en afgangurinn er sjóðsþörf að fjárhæð 5 milljarðar Bandaríkjadala. Við gerum ráð fyrir að 2 milljarðar Bandaríkjadala fáist með láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem skilur eftir afgangsfjárþörf er nemur 3 milljörðum Bandaríkjadala. Við gerum ráð fyrir að þetta bil verði brúað með tvíhliða lánssamningum og munum ljúka viðræðum þess efnis áður en stjórn sjóðsins tekur mál okkar fyrir. Mat á því hvernig gengur að mæta fjárþörf okkar verður hluti af ársfjórðungslegum endurskoðunum okkar og sjóðsins.

Aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

25. **Með tilliti til hinnar sérstöku fjármögnunarþarfar okkar förum við fram á fjárstuðningsáætlun fyrir tímabilið frá nóvember 2008 til nóvember 2010** að fjárhæð 1,4 milljarðar SDR sem jafngildir 1190% af kvóta okkar. Áætlun okkar er byggð á þeirri stefnu og markmiðum sem lýst er í þessari viljayfirlýsingu. Við teljum að sú stefna sem hér er mörkuð sé fullnægjandi til að ná markmiðum áætlunarinnar, einkum hvað varðar það að endurreisa traust á íslenskt efnahagslíf. Við erum samt sem áður reiðubúin að grípa til frekari ráðstafana gerist þess þörf. Ísland mun eiga samráð við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um slíkar ráðstafanir og áður en stefnumið þessarar viljayfirlýsingar verða endurskoðuð í samræmi við stefnu sjóðsins um slíkt samráð. Við munum eiga náið samráð við sjóðinn í samræmi við stefnu sjóðsins að þessu leyti.
26. **Okkur er ljóst mikilvægi þess að ljúka í fyrsta skipti öryggisúttekt á Seðlabanka Íslands fyrir fyrstu ársfjórðungslegu endurskoðun áætlunarinnar.** Í þeim tilgangi mun Seðlabankinn taka á móti sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem framkvæma mun slíka úttekt. Seðlabankinn mun veita allar nauðsynlegar upplýsingar í því sambandi fyrir fyrstu endurskoðunina.

27. Við veitum Alþjóðagjaldeyrissjóðnum leyfi til að birta þessa viljayfirlýsingu um áform okkar og tilheyrandi viðhengi, svo og skýrslu starfsliðs sjóðsins um sama efni.

Virðingarfyllst,

Davíð Oddsson,	Árni M. Mathiesen,
formaður bankastjórnar, Seðlabanka Íslands.	fjármálaráðherra.

190. Frumvarp til laga [162. mál]

um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um merkingar skv. 1. og 2. mgr., þar á meðal um viðvörunartexta og viðvörunarmyndir, stærð þeirra og letur og annað sem máli kann að skipta, í samræmi við gildandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki og ákvarðana sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tekur á grundvelli þeirrar tilskipunar.

b. 1. málsl. 4. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað 2. og 3. málsl. 1. mgr. koma þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Þetta nær þó ekki til upplýsinga um tóbaksvöru sem miðlað er til þeirra sem selja tóbak í heildsölu eða smásölu enda sé þess gætt að upplýsingarnar séu ekki aðgengilegar neytendum eða öðrum. Sama á við um auglýsingar í ritum sem prentuð eru og gefin út utan Evrópska efnahagssvæðisins enda séu þau fyrst og fremst ætluð til dreifingar utan svæðisins og megintilgangur þeirra ekki að auglýsa tóbaksvörur. Þá er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. málsl., að gefa út og birta skrá yfir skaðleg efni í tóbaksvörum.

b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Bannað er jafnframt að flytja inn, framleiða og selja leikföng eða sælgæti sem er eftirlíking af sígarettum, vindlum eða reykjarpípum.

3. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á tóbaksvarnalögum sem nauðsynlegar eru taldar til að mæta skuldbindingum okkar samkvæmt EES-samningnum meðal annars um tilkynningarskyldu samkvæmt tilskipun 98/34/EB og til að samræma löggjöf okkar öðrum tilskipunum Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins.

Um 1. gr.

Í fyrri staflið ákvæðisins er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að kveða á um upptöku varúðarmerkinga á tóbaksumbúðir í formi litmynda í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins 2001/37/EB, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki, og ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins frá 5. september 2003 um notkun ljósmynda í lit eða annars konar skýringarmynda í viðvörunarmerkingum á tóbakspökkum. Lagabreyting þessi er liður í áætlun heilbrigðisyfirvalda hér á landi um að taka upp viðvörunarmerkingar á tóbaksumbúðir í formi litmynda í þeim tilgangi að hvetja fólk enn frekar til að láta af reykingum með því að koma á framfæri skýrum skilaboðum um skaðsemi þeirra. Innan Evrópusambandsins hefur Belgía þegar tekið upp viðvörunarmerkingar í formi litmynda og hafa fleiri lönd innan sambandsins hafið undirbúning að upptöku slíkra merkinga.

Í síðari staflið ákvæðisins er lagt til að 1. málsl. 4. mgr. 6. gr. laganna verði felldur brott en í ákvæðinu er mælt fyrir um að þeir sem framleiða, flytja inn eða selja tóbak megi ekki án samþykkis heilbrigðisráðherra gefa með orðum eða táknum sínar eigin upplýsingar á umbúðum vörunnar um heilsufarsleg áhrif af neyslu hennar. Samkvæmt tilskipun 98/34/EB var ákvæðið tilkynningarskylt til Eftirlitsstofnunar EFTA en þeirri skyldu var ekki sinnt á sínum tíma. Með frumvarpinu og tilkynningu þess til eftirlitsstofnunarinnar hefur þeirri skyldu nú verið fullnægt. Með lögum nr. 24/2003, um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, var nýjum málslið bætt við framangreint ákvæði svohljóðandi: Óheimilt er með öllu að hafa á umbúðum tóbaks texta, heiti, vörumerki, myndir og myndræn eða annars konar tákn sem gefa í skyn að varan sé ekki eins skaðleg og annað tóbak. Var ákvæðið tekið upp í tóbaksvarnalög til að gæta samræmis við fyrirmæli 7. gr. tilskipunar 2001/37/EB. Við nánari athugun og til að gæta betra samræmis við framangreint ákvæði tilskipunarinnar þykir nú rétt að fella fyrri málslið ákvæðisins niður enda er tilgangur hans sá sami og fram kemur í síðari málsliðnum, þ.e. að koma í veg fyrir að framleiðendur gefi með orðum eða með öðrum merkingum á tóbaksumbúðum í skyn að varan sé ekki eins skaðleg og annað tóbak. Á það m.a. við orð eins og „léttur“ (e. „light“, sbr. einnig „ultra-light“), „mildur“ (e. „mild“), „lítil tjara“ (e. „low-tar“) og önnur slík sem óheimil hafa verið talin á grundvelli þessa ákvæðis. Ákvæðið svo breytt hefur því ekki efnislegar breytingar í för með sér.

Um 2. gr.

Í fyrri staflið ákvæðisins er lagt til að orðalagi 2. og 3. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna verði breytt í þeim tilgangi að gæta betra samræmis við tilskipun Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins 2001/33/EB, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna er varða auglýsingar á tóbaksvörum og til að skýra betur þær undanþágur sem leyfðar eru frá auglýsingabanni tóbaksvarnalaga.

Í síðari staflið ákvæðisins er lagt til að efnisákvæði 2. mgr. 8. gr. laganna verði tekinn upp sem nýr málsliður í 2. mgr. 7. gr. laganna. Í 7. gr. er kveðið á um bann við tóbaksauglýsingum en litið er á sölu leikfanga og sælgætis af þessu tagi sem óbeina tóbaksauglýsingu. Samkvæmt tilskipun 98/34/EB var ákvæðið tilkynningarskylt til Eftirlitsstofnunar EFTA en þeirri skyldu var ekki sinnt á sínum tíma. Með frumvarpinu og tilkynningu þess til eftirlitsstofnunarinnar hefur þeirri skyldu nú verið fullnægt.

Um 3. gr.

Í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í b-lið 2. gr. frumvarpsins er í ákvæðinu lagt til að 2. mgr. 8. gr. laganna verði felld brott.

Um 4. gr.

Samkvæmt ákvæðinu öðlast lögin, ef samþykkt verða, þegar gildi.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að gerðar verði tilteknar breytingar á tóbaksvarnalögum sem nauðsynlegar eru taldar til að mæta skuldbindingum okkar samkvæmt EES-samningnum, m.a. um tilkynningarskyldu samkvæmt tilskipun 98/34/EC og til að samræma löggjöf okkar að öðrum tilskipunum Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

191. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Í frumvarpinu er lagt til að aðilar sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum geti óskað eftir breytingu á fyrirkomulagi gjalddaga aðflutningsgjalda vegna uppgjörstímabilsins september–október. Er frumvarpið lagt fram í ljósi þeirra þrenginga sem fyrirtæki standa frammi fyrir sakir efnahagsástandsins.

Í umræðum í nefndinni var á það bent að gjalddagi fyrsta þriðjungs uppgjörstímabilsins samkvæmt frumvarpinu væri í dag. Er það skilningur nefndarinnar að þeim sem að óbreyttum

lögum áttu að greiða fulla greiðslu í dag vegna uppgjörstímabilsins en gátu það ekki verði gert kleift að standa skil á greiðslu fyrsta þriðjungs án þess að það teljist til vanefnda.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ellert B. Schram, Ögmundur Jónasson, Bjarni Benediktsson og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. nóv. 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm. | Gunnar Svavarsson. | Birkir J. Jónsson.

Álfheiður Ingadóttir. | Ólöf Nordal.

192. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ágúst Geir Ágústsson og Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, Eddu Rós Karlsdóttur og Þorkel Helgason frá starfshópi sem félags- og tryggingamálaráðherra fól að skoða leiðir til að koma til móts við vanda lántakenda vegna verðtryggingar, Magnús Norðdahl frá Alþýðusambandi Íslands, Stefán Aðalsteinsson frá Bandalagi háskólamanna, Elnu Katrínu Jónsdóttur frá Kennarasambandi Íslands, Sigurð Geirsson frá Íbúðalánasjóði, Hauk Hafsteinsson frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Valgarð Sverrisson frá Lífeyrissjóði verzlunarmanna, Árna Guðmundsson frá Gildi lífeyrissjóði, Kristján Örn Sigurðsson frá Sameinaða lífeyrissjóðnum, Arnar Sigurmundsson og Hrafn Magnússon frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Guðjón Steingrímsson frá Reiknistofu bankanna, Guðjón Rúnarsson og Jónu Björk Guðnadóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja og Odd Ólason frá Glitni.

Frumvarpinu var vísað til nefndarinnar 17. nóvember og tekið þá þegar til umræðu í nefndinni. Um er að ræða frumvarp sem ætlað er að koma til móts við lántakendur og hindra að hækkandi greiðslubyrði heimilanna af fasteignalánum komi fjölskyldum í þrot þar sem laun hafa ekki tekið samsvarandi hækkunum. Frumvarpið hefur það að markmiði að jafna greiðslubyrði fólks og draga úr misræmi milli launa og lána. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir að hækkun viðmiðunarvísitölu láns umfram hækkun launa verði til þess að greiðslubyrði af lánum þyngist. Lagðar eru til gagngerar breytingar á lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga. M.a. er lagt til að gildissvið laganna verði fært út þannig að þau nái til verðtryggðra fasteignaveðlána hjá opinberum lánastofnunum, lífeyrissjóðum og fjármálafyrirtækjum og er skylda lögð á þessa lánveitendur að greiðslujafna afborgunum af fasteignaveðlánum í samræmi við ákvæði laganna óski lántakandi eftir því. Þá kveður frumvarpið á um að greiðslumark laganna sé 1. janúar 2008 þar sem þegar hefur orðið mikið misgengi á launum og lánum á fyrri hluta ársins. Einnig er kveðið á um nýja vísitölu, greiðslujöfnunarvísitölu, sem skilgreina skal og nota í stað launavísitölu við greiðslujöfnun samkvæmt frum-

varpinu. Þessi nýja vísitala skal miðast við launavísitölu Hagstofu Íslands sem skal vegin með atvinnustigi til að endurspegla samdrátt í atvinnu og tekjum landsmanna.

Þau atriði sem fengu hvað mesta umfjöllun í nefndinni voru m.a. sjónarmið er varða rétt síðari veðhafa við greiðslujöfnun láns, kostir og ókostir greiðslujöfnunar og mikilvægi þess að uppfræða lántakendur um þá. Einnig var áhersla lögð á að meta hversu brýn þörf er á að lögin taki gildi sem fyrst.

Nefndin telur brýna þörf á að frumvarpið verði afgreitt frá Alþingi sem fyrst enda séu einungis nokkrir dagar í að greiðsluseðlar vegna gjalddaga 1. desember verði keyrðir út. Nú þegar hefur kaupmáttur heimilanna minnkað, margir hafa orðið fyrir skerðingu á starfshlutfalli og samsvarandi tekjuskerðingu og búist er við hækkandi verðbólgu í desember. Í ljósi þessa þykir nefndinni augljóst að það geti skipt sköpum að fá lækkun greiðslubyrði strax um mánaðamótin. Þá telur nefndin þörf á að flýta lagasetningunni svo að hægt sé að upplýsa lántakendur um hvað í greiðslujöfnuninni felst og útrýma þeirri óvissu sem nú ríkir í samfélaginu um úrræði vegna verðtryggðra fasteignaveðlána.

Þær upplýsingar komu fram á fundi nefndarinnar að til að breyta skilmálum veðlána með þeim hætti sem frumvarpið mælir á um þurfi samþykki síðari veðhafa þar sem veðrétturinn er eignarréttarvarinn og greiðslujöfnun getur rýrt veðrétt þeirra. Í nefndinni kom fram vilji gesta til að beita sér fyrir samkomulagi fjármálafyrirtækja, lífeyrissjóða og Íbúðalánasjóðs til þess að fyrir lægi samþykki síðari veðhafa þegar lánum yrði greiðslujafnað samkvæmt frumvarpinu. Nefndin styður slíkt samkomulag enda er það bæði tímasparnaður og hagræði fyrir lántakendur.

Nefndin áréttar mikilvægi þess að lántakendum séu kynntir kostir og ókostir greiðslujöfnunar og leggur áherslu á að lánveitendur verði upplýstir um að greiðslubyrði sé tímabundin en greiðslujöfnunin leiði síðar til aukins heildarkostnaðar í formi vaxta og verðbóta.

Fyrir nefndinni komu fram þau sjónarmið að við greiðslujöfnun þyrfti að tryggja að lánveitandi gæti ekki krafist endurskoðunar annarra skilmála lánanna.

Nefndin áréttar að gefa þurfi svigrúm til að koma greiðslujöfnun á og að kveða þurfi á um í reglugerð að umsókn um greiðslujöfnun þurfi að berast ákveðnum dagafjölda fyrir þann gjalddaga sem jöfnunin á að taka til. Því til áherslu er lögð til breyting á 7. gr.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við efnismgr. 7. gr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Ráðherra getur í reglugerðinni m.a. kveðið á um það að ósk lántakanda um greiðslujöfnun þurfi að hafa borist lánveitanda með eðlilegum fyrirvara fyrir næsta gjalddaga.

Árni Þór Sigurðsson, Helga Sigrún Harðardóttir og Kristinn H. Gunnarsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara sem lýtur m.a. að því að heildaraðgerðir í þágu heimilanna hafi ekki litið dagsins ljós og aðrar leiðir að sama marki hafi ekki verið kannaðar gaumgæfilega.

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. nóv. 2008.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Ármann Kr. Ólafsson.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.
Karl V. Matthíasson.	Jón Gunnarsson.	Árni Þór Sigurðsson, með fyrirvara.
Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.	Helga Sigrún Harðardóttir, með fyrirvara.	

193. Fyrirspurn [163. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um bifreiðakaupastyrki til hreyfihamlaðra.

Frá Birki J. Jónssyni.

Hver er stefna ráðherra varðandi bifreiðakaupastyrki til hreyfihamlaðra, bæði hvað varðar hækkun styrkja og eins niðurfellingu á grein þar sem sett er skilyrði um að styrkþegi verði að aka sjálfur og stunda vinnu eða skóla þegar kemur að kaupum á sérútbúinni bifreið vegna mikillar fötlunar?

194. Lög [158. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. nóvember 2008.)

Samhljóða þskj. 184.

195. Fyrirspurn [164. mál]

til samgönguráðherra um háhraðanetþjónustu.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað líður framkvæmd við háhraðanetþjónustu fyrir lögheimili með heilsársbúsetu og fyrirtæki með heilsársstarfsemi sem hvorki eiga kost á slíkri þjónustu nú né munu eiga kost á henni á markaðsforsendum?
2. Hversu mörg heimili og fyrirtæki munu njóta góðs af framkvæmdinni og hvenær má gera ráð fyrir að verkefninu verði lokið?

196. Fyrirspurn [165. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur af endurflutningi hugverka.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Hverjar voru niðurstöður starfshóps ráðherra sem fjallaði um skattlagningu tekna af endurflutningi hugverka og hvaða breytinga er að vænta á skattlagningu slíkra tekna í kjölfarið?

197. Fyrirspurn [166. mál]

til menntamálaráðherra um innlent leikið sjónvarpsefni.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hversu mikið í mínútum talið hefur verið framleitt af leiknu innlendu sjónvarpsefni hjá Ríkisútvarpinu síðan rekstrarformi þess var breytt og hverjir eru titlar þeirra dagskrárliða?
2. Hefur verið farið eftir samningi Ríkisútvarpsins ohf. við ráðuneytið um aukið leikið efni fyrir sjónvarp á tímabilinu?
3. Hvaða áhrif hefur samningur Ríkisútvarpsins ohf. við leikara og tónlistarmenn frá í febrúar sl. haft á flutning leikins efni í dagskrá Ríkisútvarpsins – sjónvarps?
4. Er að vænta breytinga á samningi Ríkisútvarpsins ohf. og ráðuneytisins?

Skriflegt svar óskast.

198. Fyrirspurn [167. mál]

til menntamálaráðherra um geymslumál safna.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað líður úrbótum á geymsluhúsnæði Listasafns Íslands?
2. Hvernig hefur þeim 70 millj. kr. verið varið sem í fjárlögum yfirstandandi árs eru ætlaðar til úrbóta í geymslumálum safna?

199. Fyrirspurn [168. mál]

til fjármálaráðherra um skuldir sjávarútvegsfyrirtækja.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hve miklar eru skuldir íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja við viðskiptabankana þrjá, Nýja Glitni hf., NBI hf. og Nýja Kaupþing banka hf., sem ríkið hefur stofnað til þess að yfirtaka hluta af eignum og skuldum eldri banka, sundurliðað eftir bönkum?
2. Hve mikið af skuldunum er tilkomið vegna kaupa á fiskveiðiheimildum og hvað eru þær skuldir til langs tíma?
3. Hver eru helstu veð til tryggingar skuldunum og hvernig er veðstaðan í ljósi verulegrar lækkunar á verði þorskveiðiheimilda undanfarna mánuði?

Skriflegt svar óskast.

200. Frumvarp til laga [151. mál]

um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. nóv.)

1. gr.

Við lögin bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Þrátt fyrir ákvæði 8. og 24. gr. laganna skulu skjöl, sem gefin eru út á tímabilinu frá og með 7. október 2008 til og með 31. desember 2009 og fela í sér breytingar á skilmálum á fasteignaveðskuldabréfum einstaklinga, eða ný veðskuldabréf, sem gefin eru út til uppgreiðslu vanskila á fasteignaveðskuldabréfum einstaklinga, vera undanþegin greiðslu

stimpilgjalds að því tilskildu að sömu aðilar séu að fasteignaveðskuldabréfinu og hinu nýja skjali.

b. (II.)

Þrátt fyrir ákvæði 24. og 26. gr. laganna skal, þegar fasteignaveðskuldabréf einstaklings er, á tímabilinu frá og með 7. október 2008 til og með 31. desember 2009, endurnýjað með nýju fasteignaveðskuldabréfi sem kemur í stað þess eldra, ekki greiða stimpilgjald af þeim hluta nýja fasteignaveðskuldabréfsins sem svarar til uppreiknaðs virðis eldra fasteignaveðskuldabréfsins ásamt vanskilum. Er ákvæði þetta óháð því hvort um nýjan kröfuhafa er að ræða samkvæmt hinu nýja fasteignaveðskuldabréfi.

c. (III.)

Þrátt fyrir ákvæði 24. og 26. gr. laganna skal ekki greiða stimpilgjald af þeim kröfuhafaskiptum á fasteignaveðskuldabréfum sem til koma ef Íbúðalánasjóður nýtir þá heimild sem honum er veitt í V. kafla laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., til að kaupa skuldabréf fjármálafyrirtækja sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Við gildistöku laga þessara bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. laganna skal ekki greiða þinglýsingargjald af skjölum sem stimpilfrjáls eru samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða II–IV í lögum um stimpilgjald.

201. Frumvarp til laga [159. mál]

um breytingu á lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. nóv.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Tilgangur laga þessara er að jafna greiðslubyrði af verðtryggðum fasteignaveðlánum einstaklinga. Skal misgengi, sem orsakast af hækkun vísitölu neysluverðs eða annarrar viðmiðunarvísitölu lána umfram hækkun launa, ekki valda því að greiðslubyrði af lánum þyngist.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi taka til verðtryggðra lána einstaklinga sem tryggð eru með veði í fasteignum hér á landi hjá opinberum lánastofnunum, lífeyrissjóðum og fjármálafyrirtækjum sem hafa starfsleyfi á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki hér á landi óski lántakandi eftir greiðslujöfnun

samkvæmt ákvæðum laganna. Skilmálabreyting á lánasamningi vegna óskar lántakanda um greiðslujöfnuð skal vera honum að kostnaðarlausu.

Lántakandi getur hvenær sem er fallið frá ákvörðun um að óska eftir greiðslujöfnun. Skilyrði fyrir slíkri breytingu er að lánið sé í fullum skilum. Sé skuld á jöfnunarreikningi þegar slík ákvörðun er tekin leggst hún við höfuðstól lánsins og greiðist á eftirstöðvum lánstíma.

Ríkissjóður skal með atbeina Seðlabanka Íslands, eftir atvikum, tryggja að lánastofnanir skv. 1. mgr. hafi aðgang að lausafé til að mæta þeim áhrifum sem greiðslujöfnun samkvæmt þessum lögum hefur á lausafjárstöðu þeirra.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Við gerð lánssamnings um verðtryggt fasteignaveðlán skal kveða á um greiðslumark af láninu ef lántakandi óskar eftir greiðslujöfnun. Greiðslumarkið skal vera gjaldfallin afborgun og vextir eins og þeir eru á hverjum gjalddaga á verðlagi við lántöku.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Greiðslumark af verðtryggðum fasteignaveðlánum sem tekin hafa verið á tímabilinu frá 1. janúar 2008 til gildistöku þessa ákvæðis er gjaldfallin afborgun og vextir á verðlagi við lántöku.

Greiðslumark af verðtryggðum fasteignaveðlánum sem tekin voru fyrir 1. janúar 2008 er gjaldfallin afborgun og gildandi vextir á verðlagi 1. janúar 2008.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „launavísitölu“ í 1. mgr. kemur: greiðslujöfnunarvísitölu.
b. 4. mgr. orðast svo:

Ef skuld er á jöfnunarreikningi eftir að upprunalegum lánstíma er lokið skal endurgreiða hana á sömu gjalddögum lánsins. Endurgreiðslan skal jöfn síðustu gjalddagafjárhæð lánsins framreiknuð miðað við greiðslujöfnunarvísitölu á hverjum gjalddaga.

6. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Með greiðslujöfnunarvísitölu sem beitt er við framreikning greiðslumarks, sbr. 5. gr., er átt við sérstaka vísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar og birtir mánaðarlega. Skal hún vera samsett af launavísitölu, sbr. lög um launavísitölu, sem vegin er með atvinnustigi. Við útreikning greiðslujöfnunarvísitölu skal launavísitala sú sem Hagstofan birtir í mánuði hverjum vegin með atvinnustigi sama mánaðar og skal hún gilda við útreikning greiðslumarks lána. Með atvinnustigi í mánuði er átt við hlutfall sem miðast við 100% að frádregnu atvinnuleysi í hlutfalli af vinnuafli í viðkomandi mánuði samkvæmt uppgjöri Vinnumálastofnunar.

7. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein sem orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd greiðslujöfnunar verðtryggðra fasteignaveðlána samkvæmt lögum þessum. Ráðherra getur í reglugerðinni m.a.

kveðið á um það að ósk lántakanda um greiðslujöfnun þurfi að hafa borist lánveitanda með eðlilegum fyrirvara fyrir næsta gjalddaga.

8. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Hagstofa Íslands skal reikna út greiðslujöfnunarvísitölu frá og með janúar 2008 í samræmi við ákvæði 6. gr. laga þessara. Hagstofa Íslands skal ákveða og birta opinberlega hvernig þessi vísitala er reiknuð út og tengja hana launavísitölu til greiðslujöfnunar.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda frá og með næstu mánaðamótum eftir gildistöku þeirra.

202. Lög [151. mál]

um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. nóvember 2008.)

Samhljóða þskj. 200.

203. Lög [159. mál]

um breytingu á lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. nóvember 2008.)

Samhljóða þskj. 201.

204. Frumvarp til laga [169. mál]

um niðurfellingu laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 80/1966, með síðari breytingum, og um ráðstöfun eigna Kísilgúrsjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Kísilgúrsjóði skal slitið og starfsemi hans lögð niður við gildistöku laga þessara.

2. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að ráðstafa eignum sjóðsins með samningi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. Samningurinn skal hafa það að markmiði að efla atvinnulíf og nýsköpun í Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppi og Norðurþingi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 80/1966, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Í frumvarpinu er lagt til að Kísilgúrsjóði verði slitið og starfsemi hans lögð niður. Einnig er lagt til að lög um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 80/1966, verði felld úr gildi. Þetta er lagt til í ljósi þess að kísilgúrverksmiðjan hætti starfsemi í nóvember 2004 og tekjur sjóðsins af námagjaldi eru engar. Starfsemi sjóðsins er því háð eigin tekjum og framlögum á fjárlögum. Í frumvarpinu er auk þess lagt til að iðnaðarráðherra verði veitt heimild til að ráðstafa eignum sjóðsins með samningi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. Gert er ráð fyrir að samningurinn hafi það að markmiði að efla atvinnulíf og nýsköpun í þeim sveitarfélögum sem áttu verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi Kísilgúrverksmiðjunnar. Við vinnslu frumvarpsins var haft samráð við fjármálaráðuneyti og Ríkisendurskoðun.

II. Um starfsemi Kísilgúrsjóðs.

Kísiliðjan hf. við Mývatn var stofnuð 13. ágúst 1966 með stofnsamningi íslenska ríkisins og bandarískra fyrirtækisins John-Manville Corporation. Verksmiðjan starfaði frá upphafi samkvæmt lögum nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, en starfsemi verksmiðjunnar var hætt í nóvember 2004.

Hinn 7. apríl 1993 var námaleyfi Kísiliðjunnar hf. endurnýjað. Í námaleyfinu var mælt fyrir um stofnun sjóðs sem ætlað var að standa undir kostnaði við undirbúning aðgerða til að efla atvinnulíf í þeim sveitarfélögum sem áttu verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi Kísiliðjunnar og skyldi ráðstöfunarfé sjóðsins vera tiltekinn hluti af námagjaldi verksmiðjunnar.

Í kjölfar námaleyfisins frá 1993 þótti æskilegt að renna styrkari stoðum undir nefndan sjóð og með lögum nr. 17/1995, um breytingu á lögum nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, var stofnaður sérstakur sjóður, Kísilgúrsjóður, sem skyldi hafa það hlutverk að kosta undirbúning aðgerða til þess að efla atvinnulíf í þeim sveitarfélögum sem áttu verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi framleiðslufélagsins. Ráðstöfunarfé sjóðsins skyldi skv. 2. mgr. 2. gr. laganna samanstanda af 20% af námagjaldi kísilgúrverksmiðjunnar til ársins 2001 en frá árinu 2002 til og með ársins 2010 skyldi það vera 68% af námagjaldinu ásamt allt að 20% af tekjum ríkisins sem eiganda framleiðslufélagsins samkvæmt heimildum í fjárlögum hverju sinni. Tekjur sjóðsins árið 1995 voru 10.161.858 kr. og var samið við Sparisjóð Mývetninga um að annast ávöxtun fjármuna sjóðsins. Einnig var gerður samstarfssamningur við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. um að starfa fyrir sjóðstjórnina.

Með lögum nr. 15/2001 voru gerðar tvenns konar breytingar á starfsemi sjóðsins. Annars vegar að fulltrúi kísilgúrverksmiðjunnar skyldi ekki sitja í stjórn sjóðsins og hins vegar var ákvæðum um ráðstöfunarfé sjóðsins breytt. Ákvæði um að ráðstöfunarfé skyldi vera 68% af námagjaldi til og með árinu 2010 var breytt þannig að það gilti þangað til kísilgúrvinnslu yrði

hætt. Einnig var felld út hlutfallstala á framlagi á fjárlögum og bætt við nýjum lið þar sem gert var ráð fyrir öðrum tekjum.

Árið 1995 var framlag ríkissjóðs 8,7 millj. kr. en eftir það 5 millj. kr. á ári til og með árinu 2007 og ekki virðist hafa verið gert ráð fyrir neinum framlögum eftir þann tíma. Námagjaldið var öll árin fram að 2001 á bilinu 700 til 800 þús. kr. á ári. Árin 2002 til 2004 hækkaði námagjaldið í rúmar 2 millj. kr. ár hvert.

Reglugerð um starfsemi og tilgang sjóðsins var gefin út þann 29. mars 1995 og er hún nr. 205/1995. Hinn 21. maí 2001 var gefin út ný reglugerð, nr. 476/2001, sem kemur í stað hinnar eldri. Einnig eru í gildi reglur nr. 850 um fjárveitingar úr Kísilsjóði sem iðnaðarráðuneytið gaf út 5. nóvember 2001. Við gildistöku laga þessara munu bæði reglugerð nr. 476/2001 og reglur nr. 850/2001, sem settar eru með stoð í lögum nr. 80/1966, falla úr gildi.

Stjórn sjóðsins hefur úthlutað úr sjóðnum tvisvar á ári, vor og haust, 2,5–3 millj. kr. í hvert skipti. Við hverja úthlutun hafa verið á bilinu 15 til 25 umsóknir til að vinna úr og samanlögð upphæð umsókna langt yfir getu sjóðsins. Að stærstum hluta hafa úthlutanir verið í formi styrkja en þó er nokkuð um að sjóðurinn hafi keypt hlutabréf, oftast í nýstofnuðum fyrirtækjum og dæmi eru um hlutafjárkaup við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Talsvert hefur verið veitt af styrkjum til ferðaþjónustufyrirtækja. Af verkefnum í ferðaþjónustu sem styrkt hafa verið og lagt til hlutafé má nefna Baðfélag Mývatnssveitar, en að því verkefni kom sjóðurinn og gerði félaginu kleift að vinna faglega að frumundirbúningi. Sjóðurinn hefur einnig stutt uppbyggingu hvalaskoðunar á Húsavík, bæði með styrkjum og hlutafé í fyrirtækjum. Nú síðustu árin hefur sjóðurinn stutt NPP verkefnið „Snow Magic“ sem vinnur að uppbyggingu afþreyingar fyrir ferðamenn utan háannatíma. Af öðrum stærri verkefnum má nefna að sjóðurinn hefur stutt Atvinnuþróunarfélagið við undirbúning orkufreks iðnaðar við Skjálfanda.

III. Staða Kísilgúrsjóðs.

Samkvæmt 2. tölul. 2. mgr. 2. gr. laganna eru tekjur sjóðsins nú 68% af námagjaldi Kísilgúrverksmiðjunnar og framlag á fjárlögum. Þar sem Kísilgúrverksmiðjan hefur verið lögð niður og framlag á fjárlögum fellt niður eru tekjur sjóðsins nú eingöngu fjármagnstekjur og hagnaður af sölu hlutabréfa.

Á árinu 2006 námu tekjur sjóðsins 5,5 millj. kr. Sparisjóður Þingeyinga annaðist ávöxtun fjármuna sjóðsins og voru fjármagnstekjur hans á árinu 567 þús. kr. Staða á bankabók Kísilgúrsjóðs í árslok 2006 var 16,667 millj. kr. Söluhagnaður af sölu hlutabréfa nam 10,546 millj. kr. Rekstrarkostnaður sjóðsins nam 728 þús. kr. og eigið fé í árslok var 25,222 millj. kr. Á árinu 2006 hélt stjórn Kísilgúrsjóðs fjóra fundi í tengslum við tvennar úthlutanir. 34 umsóknir bárust um styrki, samtals að fjárhæð 16,403 millj. kr. og ein umsókn barst um styrk/hlutafé að fjárhæð 500 þús. kr. Stjórnin samþykkti á árinu 2006 alls 24 umsóknir um styrki, samtals að fjárhæð 6,5 millj. kr.

Á árinu 2007 hafði Kísilgúrsjóður einungis fjármagnstekjur og námu þær 1,826 millj. kr. Staða á bankabók Kísilgúrsjóðs í árslok var 13,619 millj. kr. Sölutap af sölu hlutabréfa nam 191 þús. kr. Rekstrarkostnaður sjóðsins nam 652 þús. kr. og eigið fé í árslok var 21,225 millj. kr. Á árinu 2007 hélt stjórn Kísilgúrsjóðs tvo fundi og samþykkti hún alls 15 umsóknir um styrki, samtals að fjárhæð 5,1 millj. kr. Styrkirnir, ásamt tveimur ógreiddum styrkjum frá árinu áður, voru greiddir á árinu áður utan tveggja styrkja, alls að fjárhæð 4,8 millj. kr.

Staðan á bankabók sjóðsins 16. september 2008 var 14.782.100 kr. með áunnum vöxtum. Á árinu 2008 hafa verið greiddar eftirstöðvar af tveimur styrkjum frá úthlutun stjórnar vorið 2007, samtals 700 þús. kr., og eru þá engar skuldbindingar sjóðsins útistandandi.

Kísilgúrsjóður á einnig hlutabréf í eftirtöldum félögum:

Hlutafé	Nafnverð	Bókfært verð
Hvalamiðstöðin ehf.	500.000	597.444
Baðfélag Mývatnssveitar ehf.	950.000	1.085.343
Höfðaver ehf.	1.000.000	1.122.766
Tækifæri ehf.	3.000.000	3.217.548
Eldá ehf.	750.000	851.658
Mývatnsstofa ehf.	500.000	500.000
	6.700.000	**7.374.759**

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. hefur annast móttöku styrkumsókna, reikningshald og fjárumsýslu fyrir Kísilgúrsjóð í samræmi við samstarfssamning þar um en stjórn sjóðsins hefur stýrt úthlutunum og samþykkt styrkumsóknir. Atvinnuþróunarfélagið hefur lýst yfir miklum áhuga á að taka við fjármunum sjóðsins og sjá um ráðstöfun þeirra og hefur Héraðsnefnd Þingeyinga einnig tekið undir þau sjónarmið að best sé að þessir fjármunir renni til Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og að stjórn félagsins setji reglur um hvernig þeir nýtist best til atvinnuþróunar.

IV. Samantekt.

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar um starfsemi og starfsgrundvöll Kísilgúrsjóðs er ekki talið réttlætanlegt að halda starfsemi sjóðsins áfram og er þetta frumvarp því lagt fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að Kísilgúrsjóði verði slitið og starfsemi hans lögð niður við gildistöku laganna. Breytingarnar eru lagðar til í ljósi þess að kísilgúrverksmiðja við Mývatn hefur hætt starfsemi og tekjur sjóðsins af námagjaldi eru því engar.

Um 2. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að iðnaðarráðherra öðlist heimild til að ráðstafa eignum Kísilgúrsjóðs með samningi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf.

Samningurinn skal hafa það að markmiði að nýta eignir Kísilgúrsjóðs til að efla atvinnulíf og nýsköpun á því svæði sem varð fyrir mestum áhrifum af því að starfsemi Kísilgúrverksmiðjunnar var hætt.

Um 3. gr.

Í greininni er mælt fyrir um gildistöku laganna og brottfall laga nr. 80/1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um niðurfellingu laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 80/1966, með síðari breytingum, og um ráðstöfun eigna Kísilgúrsjóðs.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Kísilgúrsjóði verði slitið, starfsemi hans lögð og að iðnaðarráðherra verði heimilt að ráðstafa eignum sjóðsins með samningi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. Markmið þess samnings verður að efla atvinnulíf í Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppi og Norðurþingi. Helstu eignir Kísilgúrsjóðs eru bankainnistæður og hlutabréf. Staðan á bankabók sjóðsins 16. september 2008 var 14,8 m.kr. og bókfært virði hlutabréfa 7,4 m.kr.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að gjaldfæra þurfi útgjöld á rekstrarreikning ríkissjóðs.

205. Frumvarp til laga [170. mál]

um sjúkraskrár.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI
Inngangur.

1. gr.
Tilgangur og gildissvið.

Tilgangur laga þessara er að setja reglur um sjúkraskrár þannig að unnt sé að veita sjúklingum eins fullkomna heilbrigðisþjónustu og kostur er á hverjum tíma og tryggja um leið vernd sjúkraskrárupplýsinga.

Lögin gilda um sjúkraskrár sem færðar eru þegar meðferð er veitt hér á landi.

Að svo miklu leyti sem ekki er mælt fyrir um á annan veg í lögum þessum gilda ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga um sjúkraskrárupplýsingar og meðferð þeirra.

2. gr.
Sjálfsákvörðunarréttur og mannhelgi sjúklinga.

Við færslu og varðveislu sjúkraskráa og aðgang að þeim skal mannhelgi og sjálfsákvörðunarréttur sjúklinga virtur, þess gætt að sjúkraskrár hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar og að sjúkraskrárupplýsingar eru trúnaðarmál.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

1. *Sjúklingur:* Notandi heilbrigðisþjónustu.

2. *Heilbrigðisþjónusta:* Hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkrahúsþjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjaþjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.
3. *Meðferð:* Rannsókn, aðgerð eða önnur heilbrigðisþjónusta sem læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður veitir til að greina, lækna, endurhæfa, hjúkra eða annast sjúkling.
4. *Sjúkraskráruppl ýsingar:* Lýsing eða túlkun í rituðu máli, myndir, þ.m.t. röntgenmyndir, línurit og mynd- og hljóðupptökur sem innihalda upplýsingar er varða heilsufar sjúklings og meðferð hans hjá heilbrigðisstarfsmanni eða heilbrigðisstofnun og aðrar nauðsynlegar persónuupplýsingar.
5. *Sjúkraskrá:* Safn sjúkraskráruppl ýsinga um sjúkling sem unnar eru í tengslum við meðferð eða fengnar annars staðar frá vegna meðferðar hans á heilbrigðisstofnun eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns.
6. *Rafrænt sjúkraskrárkerfi:* Hugbúnaður sem notaður er til að stofna, varðveita og vinna með sjúkraskrár.
7. *Samtenging sjúkraskrárkerfa:* Þegar rafræn sjúkraskrárkerfi tveggja eða fleiri ábyrgðaraðila eru samtengd þannig að unnt er að miðla upplýsingum úr sjúkraskrám milli kerfanna.
8. *Sameiginlegt sjúkraskrárkerfi:* Rafrænt sjúkraskrárkerfi tveggja eða fleiri heilbrigðisstofnana eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna.
9. *Heilbrigðisstofnun:* Stofnun þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt.
10. *Heilbrigðisstarfsmaður:* Einstaklingur sem starfar við heilbrigðisþjónustu og hlotið hefur leyfi landlæknis til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar.
11. *Starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna:* Starfsstöðvar sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt með eða án greiðsluþátttöku ríkisins.
12. *Ábyrgðaraðili sjúkraskráa:* Heilbrigðisstofnun eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna þar sem sjúkraskrár eru færðar. Hafi sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna, tveggja eða fleiri, verið sameinuð, sbr. VI. kafla, telst ábyrgðaraðili sjúkraskráa í kerfinu sá aðili sem heilbrigðisstofnanir og starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna sem aðild eiga að kerfinu hafa komið sér saman um.
13. *Umsjónaraðili sjúkraskráa:* Læknir, eða annar heilbrigðisstarfsmaður sé lækni ekki til að dreifa, sem ábyrgðaraðili hefur falið að hafa eftirlit með og sjá um að skráning og meðferð sjúkraskráruppl ýsinga sé í samræmi við ákvæði laga þessara. Heilbrigðisstarfsmaður sem starfar einn á stofu telst umsjónaraðili þeirra sjúkraskráa sem hann færir.
14. *Gæðaeftirlit:* Sá hluti af gæðastjórnun sem beinist að því að sjá til þess að gæðakröfur í heilbrigðisþjónustu séu uppfylltar.
15. *Gæðaþróun:* Sá hluti af gæðastjórnun er beinist að því að auka getuna til að uppfylla gæðakröfur.

II. KAFLI
Færsla sjúkraskráa.

4. gr.
Skylda til færslu sjúkraskráa.

Heilbrigðisstarfsmaður sem fær sjúkling til meðferðar skal færa sjúkraskrá.

Sjúkraskrár skulu færðar í rafrænu formi að því marki sem unnt er.

Ábyrgðaraðili sjúkraskráa skal sjá til þess að unnt sé að færa sjúkraskrá í samræmi við ákvæði laganna.

Heilbrigðisstarfsmaður sem veitir meðferð og færir upplýsingar um hana í sjúkraskrá ber ávallt ábyrgð á sjúkraskrárfærslum sínum.

5. gr.

Færsla sjúkraskrárupplýsinga.

Einungis heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum starfsmönnum og nemum í starfsnámi í heilbrigðisvísindum sem undirgengist hafa sambærilega trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn er heimilt að færa sjúkraskrárupplýsingar í sjúkraskrá.

Um færslu sérstaklega viðkvæmra sjúkraskrárupplýsinga, sbr. 2. mgr. 13. gr., í rafræna sjúkraskrá fer samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur skv. 24. gr.

Við sérhverja færslu sjúkraskrárupplýsinga í sjúkraskrá skal koma fram nafn þess sem skráir, starfsheiti hans og tímasetning færslu. Viðbót, leiðrétting, breyting eða eyðing sem gerð er á færslu sjúkraskrárupplýsinga skal ætíð vera rekjanleg.

Sjúkraskrárupplýsingar skulu færðar jafnóðum eða að jafnaði innan tuttugu og fjögurra stunda frá þeim tíma er þeirra var aflað.

Færslu sjúkraskrárupplýsinga skal haga þannig að þær séu aðgengilegar og að ritað mál sé skýrt og skiljanlegt.

6. gr.

Skráning í sjúkraskrá.

Í sjúkraskrá skal færa með skipulegum hætti þau atriði sem nauðsynleg eru vegna meðferðar sjúklings. Í öllum tilvikum skal þó að lágmarki færa eftirfarandi upplýsingar í sjúkraskrá eftir því sem við á:

1. Nafn sjúklings, heimilisfang, kennitölu, starfsheiti og hjúskaparstöðu.
2. Komu- eða innlagnardag og útskriftardag.
3. Ástæðu komu eða innlagnar.
4. Þau atriði heilsufars- og sjúkrasögu sem máli skipta fyrir meðferðina.
5. Aðvaranir, svo sem um ofnæmi.
6. Skoðun.
7. Meðferðar- og aðgerðarlýsingu, þ.m.t. upplýsingar um lyfjameðferð og umsagnir ráðgefandi sérfræðinga.
8. Niðurstöður rannsókna.
9. Greiningu.
10. Afdrif og áætlun um framhaldsmeðferð.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um færslu sjúkraskrárupplýsinga í sjúkraskrá. Um færslu rafrænna sjúkraskráa og rafræn sjúkraskrárkerfi gilda jafnframt ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur skv. 24. gr.

7. gr.

Réttur sjúklings við færslu sjúkraskráa.

Sjúklingur, eða umboðsmaður hans, getur ákveðið þegar hann fær meðferð að sjúkraskrárupplýsingar vegna hennar verði ekki aðgengilegar öðrum en þeim sem skráir og umsjónaraðila sjúkraskrárinnar og eftir atvikum öðrum tilteknum heilbrigðisstarfsmönnum. Sé það talið nauðsynlegt vegna meðferðar að aðrir heilbrigðisstarfsmenn hafi aðgang að viðkomandi

sjúkraskráruppplýsingum skal upplýsa sjúkling um það og jafnframt að synjun um að heimila nauðsynlegan aðgang að sjúkraskránni geti jafngilt því, eftir atvikum, að meðferð hafi verið hafnað, sbr. lög um réttindi sjúklinga.

Telji sjúklingur eða umboðsmaður hans að sjúkraskráruppplýsingar séu rangar eða villandi skal athugasemd hans um það skráð í sjúkraskrána. Sé sýnt fram á að upplýsingar í sjúkraskrá séu bersýnilega rangar eða villandi er heimilt með samþykki umsjónaraðila að leiðrétta þær í sjúkraskrá viðkomandi enda sé þess gætt að ekki glatist upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna réttarágreinings. Neiti umsjónaraðili að leiðrétta sjúkraskráruppplýsingar sem sjúklingur telur bersýnilega rangar eða villandi getur sjúklingur skotið þeirri synjun til landlæknis með kæru. Óheimilt er að eyða upplýsingum úr sjúkraskrá sjúklings nema með samþykki landlæknis.

Ákvarðanir landlæknis um leiðréttingu eða eyðingu sjúkraskráruppplýsinga eru kæranlegar til ráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

III. KAFLI
Varðveisla sjúkraskráa.

8. gr.
Almennt.

Sjúkraskrár skulu varðveittar með öruggum hætti þannig að sjúkraskráruppplýsingar glatist ekki og að þær séu aðgengilegar í samræmi við ákvæði IV. kafla.

9. gr.
Ábyrgð á varðveislu sjúkraskráa.

Ábyrgðaraðili sjúkraskráa ber ábyrgð á því að varðveisla sjúkraskráa sé í samræmi við ákvæði laga þessara.

10. gr.
Flutningur sjúkraskráa.

Nú færir sjúklingur sig frá einni heilsugæslustöð til annarrar og skal þá vista afrit sjúkraskrár hans í sjúkraskrárkerfi því sem notað er á þeirri stöð sem hann flyst til.

Sé rekstri sjúkraskrárkerfis hætt skal flytja sjúkraskrár sem þar eru vistaðar til landlæknis. Landlæknir getur ákveðið, með samþykki sjúklings eða umboðsmanns hans, að sjúkraskrár sem fluttar hafa verið til hans skuli vistaðar í sjúkraskrárkerfi annarrar heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna eða í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi.

11. gr.
Tímalengd vörslu.

Sjúkraskrár skal varðveita í sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna á meðan sjúklingur lifir. Um skyldu til að afhenda sjúkraskrár til Þjóðskjalasafns Íslands, varðveislu þeirra og aðgang að þeim gilda ákvæði laga um Þjóðskjalasafn Íslands.

IV. KAFLI
Aðgangur að sjúkraskráruppl ýsingum.

12. gr.
Almennt.

Aðgangur að sjúkraskrám er óheimill nema til hans standi lagaheimild samkvæmt ákvæðum laga þessara eða öðrum lögum.

13. gr.
Aðgangur starfsmanna að sjúkraskrám.

Heilbrigðisstarfsmenn sem koma að meðferð sjúklings og þurfa á sjúkraskráruppl ýsingum hans að halda vegna meðferðarinnar skulu hafa aðgang að sjúkraskrá sjúklingsins með þeim takmörkunum sem leiðir af ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim. Umsjónaraðili sjúkraskráa getur veitt öðrum starfsmönnum og nemum í starfsnámi í heilbrigðisvísindum, sem undirgengist hafa sambærilega trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn og koma að meðferð sjúklings, heimild til aðgangs að sjúkraskrá hans að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfa þeirra í þágu sjúklingsins.

Aðgangur að sérstaklega viðkvæmum sjúkraskráruppl ýsingum, þ.e. sjúkraskráruppl ýsingum sem sjúklingurinn sjálfur, heilbrigðisstofnun, starfsstofa heilbrigðisstarfsmanns eða heilbrigðisstarfsmaður sem veitir meðferð telur að flokka beri sem slíkar, skal takmarkaður við heilbrigðisstarfsmenn sem nauðsynlega þurfa upplýsingarnar vegna meðferðar sjúklingsins. Skal aðgangur að sérstaklega viðkvæmum sjúkraskráruppl ýsingum að jafnaði takmarkaður við þá heilbrigðisstarfsmenn sem starfa innan þeirrar einingar eða deildar heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns þar sem meðferð er veitt. Aðgangur annarra heilbrigðisstarfsmanna að sérstaklega viðkvæmum sjúkraskráruppl ýsingum er óheimill nema með samþykki sjúklings. Heimilt er að víkja frá framangreindum aðgangstakmörkunum ef það telst nauðsynlegt vegna öryggis heilbrigðisstarfsmanna. Ráðherra skal í reglugerð sem hann setur skv. 24. gr. kveða nánar á um aðgang að sérstaklega viðkvæmum sjúkraskráruppl ýsingum.

Um trúnaðar- og þagnarskyldu starfsmanna í heilbrigðisþjónustu um persónulegar upplýsingar sem þeir komast að í starfi sínu, þ.m.t. sjúkraskráruppl ýsingar, gilda ákvæði laga um réttindi sjúklinga og eftir atvikum önnur lög sem við eiga.

Sjúklingur eða umboðsmaður hans getur lagt bann við því að tiltekinn starfsmaður eða starfsmenn, þ.m.t. nemar í starfsnámi, hafi aðgang að sjúkraskrá hans. Sé það hins vegar talið nauðsynlegt vegna meðferðar sjúklings að hinir tilteknu starfsmenn eða nemar hafi aðgang að sjúkraskrá sjúklings skal upplýsa sjúkling um það og jafnframt að synjun um að heimila nauðsynlegan aðgang að sjúkraskránni geti jafngilt því, eftir atvikum, að sjúklingur hafni meðferð, sbr. lög um réttindi sjúklinga.

Um aðgang að sjúkraskrám gilda jafnframt ákvæði reglugerða sem ráðherra setur á grundvelli 24. gr.

14. gr.
Aðgangur sjúklings að eigin sjúkraskrá.

Sjúklingur, eða umboðsmaður hans, á rétt á aðgangi að eigin sjúkraskrá í heild eða að hluta og til að fá afhent afrit af henni ef þess er óskað. Beiðni þar að lútandi skal beint til umsjónaraðila sjúkraskrárinnar.

Sé um að ræða sjúkraskráruppl ýsingar sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsmönnum skal leita samþykkis þess sem upplýsingarnar gaf áður en þær eru

sýndar honum. Ef sá sem þannig hefur veitt upplýsingar um sjúkling er látinn eða horfinn eða neitar á óréttmætum grundvelli að veita samþykki sitt getur landlæknir ákveðið að sjúklingi eða umboðsmanni hans skuli veittur aðgangur að umræddum upplýsingum, í heild eða að hluta.

Sé talið að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings að afhenda honum eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár skal umsjónaraðili sjúkraskrár án tafar framsenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til ákvörðunar um það hvort aðgangur að sjúkraskránni skuli veittur. Landlæknir skal afgreiða erindið innan átta vikna.

Sjúklingur á rétt á því að fá upplýsingar frá umsjónaraðila sjúkraskrár um það hverjir hafi aflað upplýsinga úr sjúkraskrá hans, m.a. með samtengingu sjúkraskrárkerfa, hvar og hvenær upplýsinga var aflað og í hvaða tilgangi.

Ákvarðanir landlæknis um aðgang sjúklinga að eigin sjúkraskrá eru kæranlegar til ráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

15. gr.

Aðgangur að sjúkraskrá látins einstaklings.

Veita skal aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings þegar fyrir liggur ótvírætt samþykki hans um að veita megi viðkomandi aðila slíkan aðgang. Teljist samþykki sjúklings ekki ótvírætt skal umsjónaraðili sjúkraskrár án tafar vísa beiðni um aðgang að sjúkraskránni til landlæknis til ákvörðunar.

Telji náinn aðstandandi hins látna, svo sem maki, foreldri eða afkomandi, að eitthvað hafi farið úrskeiðis við meðferð hins látna, en ótvírætt samþykki sjúklings skv. 1. mgr. liggur ekki fyrir, er landlækni heimilt að veita honum aðgang að þeim hluta sjúkraskrár hins látna sem varðar hina umdeildu meðferð enda séu upplýsingarnar þess eðlis að ekki verði talið með hliðsjón af tengslum hins látna og þess sem biður um aðgang að hinn látni hefði lagst gegn því að viðkomandi fengi aðgang að þeim.

Í öðrum tilvikum en þeim sem greinir í 1. og 2. mgr. er óheimilt að veita aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings nema fyrir liggi sérstök lagaheimild eða dómsúrskurður þess efnis.

Ákvörðun landlæknis um aðgang að sjúkraskrá skv. 1. og 2. mgr. er kæranleg til ráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

16. gr.

Aðgangur heilbrigðisyfirvalda að sjúkraskrám.

Heilbrigðisyfirvöld sem lögum samkvæmt fá til umfjöllunar kvörtun eða kæru sjúklings eða umboðsmanns hans vegna meðferðar eiga rétt til aðgangs að sjúkraskrá viðkomandi með sama hætti og sjúklingur sjálfur.

Um miðlun upplýsinga úr sjúkraskrám vegna færslu heilbrigðisskráa og eftirlits landlæknis, þ.m.t. gæðaeftirlits, fer samkvæmt lögum um landlækni.

17. gr.

Aðgangur að sjúkraskrám vegna gæðaþróunar og gæðaeftirlits.

Umsjónaraðila sjúkraskráa er heimilt að veita heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum starfsmönnum og nemum í starfsnámi í heilbrigðisvísindum, sem undirgengist hafa sambærilega trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn, aðgang að sjúkraskrám vegna gæðaþróunar og gæðaeftirlits með heilbrigðisþjónustu og meðferð innan viðkomandi heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna.

V. KAFLI
Samtenging rafrænna sjúkraskrárkerfa.

18. gr.
Heimild til að samtengja rafræn sjúkraskrárkerfi.

Umsjónaraðila sjúkraskráa er heimilt að veita heilbrigðisstarfsmönnum annarra heilbrigðisstofnana, eða annarra starfsstofa tilgreindra heilbrigðisstarfsmanna sem ekki eiga aðild að kerfinu, beinan aðgang að sjúkraskrá með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa hafi sjúklingur ekki bannað slíkan aðgang, sbr. 21. gr. Þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem eru í beinum samskiptum við sjúkling vegna meðferðar er þá heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga um sjúklinginn. Sama getur gilt, eftir því sem þörf krefur, um nema í starfsnámi í heilbrigðisvísindum sem undirgengist hafa sambærilega trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa og um aðgangsheimildir heilbrigðisstarfsmanna við slíka samtengingu. Um öryggi persónuupplýsinga við samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglum Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga.

19. gr.
Réttur sjúklings til að banna miðlun upplýsinga um sig með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa.

Sjúklingur eða umboðsmaður hans getur bannað miðlun upplýsinga um sig með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa. Bannið getur tekið til miðlunar allra rafrænna sjúkraskráruppplýsinga um sjúkling sem vistaðar eru í tilteknu rafrænu sjúkraskrárkerfi. Bannið getur jafnframt tekið til tiltekinna sjúkraskráruppplýsinga í rafrænni sjúkraskrá sjúklings á heilbrigðisstofnun eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns, t.d. sjúkraskráruppplýsinga sem vistaðar eru á tilteknum deildum eða einingum innan stofnunar eða starfsstofu, að því marki sem það er tæknilega mögulegt hjá viðkomandi ábyrgðaraðila sjúkraskráa, sbr. reglugerð sem ráðherra setur skv. 24. gr. Sjúklingur eða umboðsmaður hans getur einnig lagt bann við því að tilgreindir aðilar geti aflað upplýsinga um hann með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa.

Leggi sjúklingur eða umboðsmaður hans bann við því að sjúkraskráruppplýsingum um hann sé miðlað með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa í einstöku tilviki skal sá heilbrigðisstarfsmaður sem ber ábyrgð á meðferð sjúklings upplýsa hann eftir því sem við á um að meðferðin geti orðið ómarkvissari en ella þar sem ekki sé þá hægt að afla heildstæðra upplýsinga um hann. Ákvörðun sjúklings um að banna samtengingu í einstöku tilviki skal skráð í sjúkraskrá hans.

Ákvörðun sjúklings um að leggja almennt bann við miðlun sjúkraskráruppplýsinga skv. 1. mgr. með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa skal beint til umsjónaraðila sjúkraskrárinnar. Ákvörðunin skal vera skrifleg og staðfest af heilbrigðisstarfsmanni sem jafnframt staðfestir, eftir því sem við á, að útskýrt hafi verið fyrir sjúklingi að með ákvörðuninni geti meðferð sem sjúklingurinn síðar kann að þarfnast orðið ómarkvissari en ella þar sem ekki sé þá hægt að afla heildstæðra upplýsinga um sjúklinginn með samtengingu rafrænna sjúkraskráa. Umsjónaraðili sjúkraskráa ber þá ábyrgð á því að bann sjúklings varðandi samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa sé virt og að sjúkraskráruppplýsingar um viðkomandi sjúkling séu ekki aðgengilegar með samtengingu kerfisins við annað rafrænt sjúkraskrárkerfi. Sjúklingur getur hvenær sem er afturkallað bann við miðlun sjúkraskráruppplýsinga um sig með samtengingu rafrænna sjúkra-

skrárkerfa. Ákvörðun sjúklings um afturköllun skal staðfest af tveimur heilbrigðisstarfsmönnum og beint til umsjónaraðila sjúkraskrárinnar.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um rétt sjúklings til að banna miðlun sjúkraskrárupplýsinga um sig með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa.

VI. KAFLI
Sameiginleg sjúkraskrárkerfi.

20. gr.
Sameiginlegt sjúkraskrárkerfi.

Heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna, tveimur eða fleirum, er heimilt með leyfi ráðherra að færa og varðveita sjúkraskrár sjúklinga, sem koma til meðferðar hjá þeim, í sameiginlegu rafrænu sjúkraskrárkerfi.

Leyfi ráðherra skv. 1. mgr. skal aðeins veitt ef sýnt er fram á að sameiginlegt sjúkraskrárkerfi sé til þess fallið að tryggja betur öryggi sjúklinga við meðferð. Ráðherra getur bundið leyfi skv. 1. mgr. þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg til að tryggja vandaða færslu sjúkraskráa, örugga varðveislu þeirra og vernd sjúkraskrárupplýsinga. Leyfisveiting ráðherra skal jafnframt bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að skilyrði reglugerðar skv. 24. gr. um færslu rafrænna sjúkraskráa og rafræn sjúkraskrárkerfi séu uppfyllt.
2. Að fyrir liggi staðfesting Persónuverndar um að öryggi persónuupplýsinga í hinu sameiginlega rafræna sjúkraskrárkerfi sé tryggt í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglur Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga.

21. gr.
Réttur sjúklings til að takmarka aðgang að sjúkraskrárupplýsingum um sig í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi.

Sjúklingur, eða umboðsmaður hans, getur lagt bann við því að sjúkraskrárupplýsingar um hann í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi séu aðgengilegar, að hluta eða öllu leyti, utan þeirrar heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna þar sem þær eru færðar. Bannið getur jafnframt tekið til sjúkraskrárupplýsinga sem vistaðar eru á tilteknum deildum eða einingum innan heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstofnunar að því marki sem það er tæknilega mögulegt, sbr. reglugerð sem ráðherra setur skv. 24. gr. Sjúklingur eða umboðsmaður hans getur loks lagt bann við því að tilgreindir aðilar geti aflað upplýsinga um hann í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi.

Ákvörðun sjúklings skv. 1. mgr. skal beint til umsjónaraðila sjúkraskrárinnar. Ákvörðunin skal vera skrifleg og staðfest af heilbrigðisstarfsmanni sem jafnframt staðfestir, eftir því sem við á, að útskýrt hafi verið fyrir sjúklingi að með ákvörðuninni geti meðferð sem sjúklingurinn síðar kann að þarfnast orðið ómarkvissari en ella þar sem ekki sé þá hægt að afla heildstæðra upplýsinga um sjúklinginn. Umsjónaraðili sjúkraskráa ber ábyrgð á því að bann sjúklings sé virt og að sjúkraskrárupplýsingar um viðkomandi sjúkling séu einungis aðgengilegar í samræmi við ákvörðun hans. Sjúklingur getur hvenær sem er afturkallað bann við miðlun sjúkraskrárupplýsinga um sig í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi. Ákvörðun sjúklings um afturköllun skal staðfest af tveimur heilbrigðisstarfsmönnum og beint að umsjónaraðila sjúkraskrárinnar.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

22. gr.
Eftirlit.

Ábyrgðar- og umsjónaraðilar sjúkraskráa skulu hafa virkt eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laga þessara. Umsjónaraðili sjúkraskráa hefur rétt til aðgangs að sjúkraskrám að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlitsins.

Landlæknir hefur eftir því sem við á eftirlit með því að ákvæði laga þessara séu virt. Um eftirlit landlæknis og eftirlitsúrræði fer samkvæmt lögum um landlækni.

Persónuvernd hefur eftirlit með öryggi og vinnslu persónuupplýsinga í sjúkraskrám í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Leiði eftirlit í ljós að verulegar líkur séu á að brotið hafi verið gegn persónuverndarhagsmunum sjúklings skal brot kært til lögreglu. Fer þá um málið hjá lögreglu samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Kæra til lögreglu stöðvar ekki athugun og beitingu stjórnsýsluviðurlaga samkvæmt lögum um landlækni og lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eða beitingu úrræða samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

23. gr.
Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra varða sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

24. gr.
Reglugerð.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um færslu rafrænna sjúkraskráa, varðveislu þeirra, aðgang að þeim, aðgangsstýringu og aðgangstakmarkanir í samræmi við ákvæði laga þessara. Ráðherra skal jafnframt með reglugerð kveða á um tæknikröfur og staðla sem rafræn sjúkraskrárkerfi, þar á meðal sameiginleg sjúkraskrárkerfi, verða að uppfylla. Reglugerð ráðherra skal taka mið af rétti sjúklinga samkvæmt ákvæðum laga þessara við færslu sjúkraskráa og til að takmarka aðgang að sjúkraskrá sinni. Um öryggi persónuupplýsinga í rafrænu sjúkraskrárkerfi fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglum Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga.

Ráðherra hefur jafnframt heimild til að setja nánari reglur um önnur atriði er varða framkvæmd laga þessara.

25. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

26. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum.

1. *Lög nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, með síðari breytingum.*

a. Í stað orðsins „þjónusta“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: heilbrigðisþjónusta.

b. Á eftir orðunum „ákvæði 15. gr.“ í 4. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: og ákvæði laga um sjúkraskrár.
c. 3. og 4. málsl. 12. gr. laganna falla brott.
d. 14. gr. laganna orðast svo:
Um meðferð upplýsinga í sjúkraskrá gilda ákvæði laga um sjúkraskrár.
e. 1. og 2. mgr. 15. gr. laganna falla brott.
f. 16. gr. laganna fellur brott.

2. *Læknalög nr. 53/1988, með síðari breytingum.*
16. gr. laganna orðast svo:
Um skyldu læknis til að færa sjúkraskrá og um meðferð sjúkraskrárupplýsinga fer samkvæmt lögum um sjúkraskrár og lögum um réttindi sjúklinga.

3. *Upplýsingalög nr. 50/1996, með síðari breytingum.*
Í stað orðanna „réttindi sjúklinga“ í 4. mgr. 9. gr. laganna kemur: sjúkraskrár.

4. *Lög nr. 139/1998, um gagnagrunn á heilbrigðissviði.*
Á undan orðunum „lögum um réttindi sjúklinga“ í 3. mgr. 7. gr. laganna kemur: lögum um sjúkraskrár.

5. *Lög nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.*
Í stað orðanna „réttindi sjúklinga“ í 4. málsl. 5. mgr. 52. gr. laganna kemur: sjúkraskrár.

6. *Lög nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.*
Á eftir orðunum „vörslu sjúkraskráa“ í 1. málsl. 46. gr. laganna kemur: sbr. lög um sjúkraskrár.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 19. gr. um rétt sjúklings til að banna miðlun upplýsinga um sig með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa skal koma til framkvæmdar eigi síðar en 31. desember 2010.

Ákvæði 21. gr. um rétt sjúklings til að takmarka aðgang að sjúkraskrárupplýsingum um sig í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi skal koma til framkvæmdar eigi síðar en 31. desember 2010.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp það sem hér er lagt fram er samið af nefnd sem skipuð var af heilbrigðisráðherra, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, 2. október 2007, til að endurskoða ákvæði laga og reglugerða um sjúkraskrár. Dögg Pálsdóttir hæstaréttarlögmaður var skipuð formaður nefndarinnar en aðrir nefndarmenn voru Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir, Torfi Magnússon læknir, skipaður samkvæmt tilnefningu Landspítala, Sigurður E. Sigurðsson læknir, skipaður samkvæmt tilnefningu Sjúkrahússins á Akureyri, Lúðvík Ólafsson læknir, skipaður samkvæmt tilnefningu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Stefán Þórarinsson læknir, skipaður samkvæmt tilnefningu Heilbrigðisstofnunar Austurlands, Ólafur Stefánsson læknir, skipaður samkvæmt tilnefningu Læknafélags Íslands, og Guðrún Auður Harðardóttir, sérfræðingur í upplýsingatækni á heilbrigðissviði og verkefnisstjóri í heilbrigðisráðuneytinu, skipuð án tilnefningar. Starfsmaður nefndarinnar var Ágúst Geir Ágústsson lögfræðingur. Varamaður Matthíasar Halldórssonar í nefndinni var Kristján Oddsson, yfirlæknir hjá embætti landlæknis, og sat hann nefndarfundi í stað Matthíasar frá því í janúar 2008 og til loka nefndarstarfsins.

Nefndin kom saman til fundar alls 15 sinnum áður en hún lauk störfum 10. apríl 2008 en eftir þann fund skilaði hún jafnframt niðurstöðum sínum til ráðherra í frumvarpsformi. Frum-

varpið er nú endurflutt en það var áður flutt af heilbrigðisráðherra á 135. löggjafarþingi en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu. Heilbrigðisnefnd þingsins sendi hins vegar frumvarpið fjölmörgum aðilum til umsagnar. Ráðuneytið fór yfir þær umsagnir sem bárust heilbrigðisnefnd og voru þær almennt jákvæðar. Ráðuneytið gerði þó eftirtaldar breytingar á frumvarpinu með tilliti til til þeirra athugasemda sem þar komu fram:

1. Tveimur töluliðum er bætt við 3. gr. og þar skilgreind hugtökin gæðaþróun og gæðaeftirlit.
2. Gerð er breyting á skilgreiningu á rafrænu sjúkraskrárkerfi í 6. tölul. 3. gr. Í stað orðanna rafrænt kerfi kemur orðið hugbúnaður og í stað orðsins færa kemur orðið stofna. Skilgreiningin hljóðar eftir breytingu: *Rafrænt sjúkraskrárkerfi:* hugbúnaður sem notaður er til að stofna, varðveita og vinna með sjúkraskrá.
3. Við 1. málsl. 3. mgr. 5. gr. bætist að skrá skuli „tímasetningu færslu“ ásamt nafni og starfsheiti við sérhverja færslu sjúkraskráruppl ýsinga í sjúkraskrá. Við 3. mgr. 5. gr. bætist jafnframt málsliður sem verður 2. málsl.: Viðbót, leiðrétting, breyting eða eyðing sem gerð er á færslu sjúkraskráruppl ýsinga skal ætíð vera rekjanleg.
4. Í 4. mgr. 5. gr. eru orðin „ef unnt er, en ella að jafnaði“ felld brott. Eftir breytinguna má einungis líða sólarhringur, að jafnaði hið mesta, frá því að sjúkraskráruppl ýsinga var aflað uns þær eru skráðar.
5. Í 11. gr. er fellt brott ákvæði þar sem kveðið var á um skyldu til að afhenda sjúkraskrár til Þjóðskjalasafn Íslands innan 30 ára frá andláti sjúklings og þess í stað vísað til gildandi laga um Þjóðskjalasafn Íslands varðandi afhendinguna.
6. Breyting er gerð á orðalagi 1. málsl. 2. mgr. 14. gr.
7. 17. gr. frumvarpsins, sem fjallaði um aðgang að sjúkraskrám vegna vísindarannsókna, er felld brott. Efnislega eins ákvæði er í lögum um réttindi sjúklinga og heldur það gildi sínu þar til nefnd, sem heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að setja á stofn, hefur samið drög að frumvarpi til laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði.

Það vakti athygli ráðuneytisins að í tveimur umsögnum sem bárust heilbrigðisnefnd voru gerðar athugasemdir við umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Í báðum umsögnunum er talið nauðsynlegt að sérstök fjárveiting fylgi því verkefni sem mælt er fyrir um í frumvarpinu þar sem smíði öflugs rafræns sjúkraskrárkerfis sé mjög kostnaðarsöm og óraunhæft að áætla að fjármögnun þess komi frá rekstrarfjármunum heilbrigðisstofnana.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði sérstök lög um sjúkraskrár. Núgildandi ákvæði laga um sjúkraskrár er að finna í lögum nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, og fjalla þau fyrst og fremst um rétt sjúklinga til aðgangs að eigin sjúkraskrám. Hefur öðrum reglum sem varða færslu sjúkraskráa, varðveislu þeirra og meðferð verið fundinn staður í reglugerð nr. 227/1991, um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál, sem sett var á sínum tíma með stoð í læknalögum. Telja verður að ýmis mikilvæg atriði sem þar er mælt fyrir um eigi betur heima í settum lögum frá Alþingi, svo sem um skylduna til færslu sjúkraskráa, tilgang sjúkraskráa, meginsjónarmið um sjálfsákvörðunarrétt og mannhelgi sjúklinga, hvaða upplýsingar skuli að lágmarki færðar í sjúkraskrár, reglur um örugga varðveislu þeirra o.fl. Þá hafa augu manna fyrir þeim möguleikum sem felast í rafrænum sjúkraskrám og rafrænum sjúkraskrárkerfum til að bæta heilbrigðisþjónustuna og auka öryggi sjúklinga verið að opnast. Nauðsynlegt er að um færslu rafrænna sjúkraskráa, samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa og sameiginleg sjúkraskrárkerfi gildi skýrar lagareglur þannig að unnt sé að tryggja öryggi upplýsinga í slíkum kerfum, persónuvernd sjúklinga og ekki síst sjálfsákvörðunarrétt þeirra, þegar kemur að rafrænni miðlun sjúkraskráruppl ýsinga á milli veitenda heilbrigðisþjónustu. Þá eru

ákvæði laga um réttindi sjúklinga um sjúkraskrár og áðurnefndrar reglugerðar komin nokkuð til ára sinna og þarfnast endurskoðunar og lagfæringar í ljósi breyttra aðstæðna og lagaumhverfis í heilbrigðisþjónustu, sem og breyttra viðhorfa, m.a. um persónuvernd og sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga.

Að öllu samanteknu er ljóst að rík þörf er á endurskoðun lagareglna um sjúkraskrár hér á landi. Er frumvarpinu sem hér er lagt fram ætlað að mæta þeirri þörf.

2. Núgildandi lagareglur um sjúkraskrár.

Lög nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga.

Eins og fram hefur komið eru meginákvæði íslenskra laga um sjúkraskrár að finna í lögum nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga. Er í lögunum mælt fyrir um meðferð upplýsinga í sjúkraskrám og þá einkum um aðgang sjúklinga eða umboðsmanna þeirra að upplýsingum í sjúkraskrám en jafnframt er í lögunum mælt fyrir um aðgang að sjúkraskrám vegna vísindarannsókna. Meginregla laganna er sú að sjúklingur eigi rétt til aðgangs að sjúkraskrá sinni og til að fá afrit hennar ef hann óskar eftir því. Tvær undantekningar eru gerðar á aðgangsrétti sjúklinga í lögum. Í fyrsta lagi, ef upplýsingar í sjúkraskrá eru hafðar eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsmönnum, á sjúklingur ekki rétt til aðgangs að þeim nema með samþykki þess sem upplýsingarnar gaf. Ef sá sem þannig hefur veitt upplýsingar um sjúkling er látinn eða horfinn eða neitar á óréttmætum grundvelli að veita samþykki sitt getur landlæknir ákveðið að sjúklingi eða umboðsmanni hans skuli veittur aðgangur að umræddum upplýsingum, í heild eða að hluta. Í öðru lagi er gerð undantekning ef læknir telur að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings að afhenda honum eða umboðsmanni sjúklings afrit af sjúkraskrá hans. Í slíkum tilvikum ber lækni án tafar að framsenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til frekari afgreiðslu. Þessar reglur eru efnislega óbreyttar í frumvarpinu. Hvað varðar heimildir varðandi aðgang að sjúkraskrám látinna hafa ákvæði laga um réttindi sjúklinga verið túlkuð svo að nánir aðstandendur geti átt rétt til aðgangs að sjúkraskrá látins einstaklings ef það hefur ekki verið talið fara í bága við vilja hins látna að teknu tilliti til hagsmuna þess sem óskar aðgangs. Í frumvarpinu eru sett skýr ákvæði um aðgang að sjúkraskrám látinna og með lögfestingu þeirra, verði frumvarpið samþykkt, verður réttarstaðan á þessu sviði skýrari en nú er.

Hvergi er í núgildandi lögum mælt með beinum hætti fyrir um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til færslu sjúkraskráa. Úr því er hins vegar bætt í frumvarpinu.

Reglugerð nr. 227/1991, um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál.

Í reglugerðinni sem sett er með stoð í læknalögum er að finna allar helstu reglur sem nú gilda hér á landi um færslu sjúkraskráa og varðveislu þeirra. Þar er kveðið á um skyldu til að færa sjúkraskrár, hvað skuli færa í sjúkraskrá, hvernig þær skuli varðveittar og jafnframt er kveðið nánar á um meðferð sjúkraskráruppplýsinga og aðgang að þeim. Ljóst er að í reglugerðinni er ýmislegt sem almennt verður að telja að eigi betur heima í lögum settum af Alþingi. Á það ekki síst við um skylduna til að færa sjúkraskrár og hvaða upplýsingar skuli að lágmarki skrá í sjúkraskrár. Þá er jafnframt ljóst að reglugerðin er að mörgu leyti úrelt enda er hún komin nokkuð til ára sinna og hefur margt breyst bæði í viðhorfum manna til færslu sjúkraskráa og vernd sjúkraskráruppplýsinga. Þannig er t.d. í reglugerðinni ekkert kveðið á um rétt sjúklinga við færslu sjúkraskrár eða rétt þeirra til að takmarka aðgang heilbrigðisstarfsmanna að sjúkraskrá sinni. Þá hefur tækninni jafnframt fleygt fram og kallar það á að settar séu reglur um rafræna miðlun sjúkraskráruppplýsinga.

3. Meginmarkmið við endurskoðun lagareglna um sjúkraskrár.

Meginmarkmið frumvarpsins eru fjögur, í fyrsta lagi að kveða með heildstæðum hætti á um færslu, varðveislu og aðgang að sjúkraskrám og sjúkraskrárupplýsingum og í öðru lagi að kveða skýrar á um lagaskyldu heilbrigðisstarfsmanna til að færa sjúkraskrár þegar meðferð er veitt. Í þriðja lagi er því ætlað að skjóta lagastoðum undir meginregluna um sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga þegar kemur að færslu og meðferð sjúkraskráa þeirra og síðast en ekki síst að veita lagaheimild til samtengingar rafrænna sjúkraskrárkerfa og sameiginlegra sjúkraskrárkerfa þannig að unnt sé að miðla sjúkraskrárupplýsingum með rafrænum hætti milli þeirra aðila sem hafa sjúkling til meðferðar og þurfa með hröðum og öruggum hætti á sjúkraskrárupplýsingum að halda vegna hennar.

4. Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Skýrlega er mælt fyrir um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að færa sjúkraskrár.
2. Tilgangur með færslu sjúkraskráa er skilgreindur.
3. Mælt er fyrir um að sjúkraskrár skuli færðar rafrænt að því marki sem unnt er.
4. Rafrænt sjúkraskrárkerfi er skilgreint.
5. Kveðið er á um heimild til að samtengja rafræn sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna og um réttindi sjúklinga í því sambandi.
6. Heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna, tveimur eða fleirum, er veitt heimild til að ákveða, með leyfi ráðherra, að færa og varðveita sjúkraskrár sjúklinga sinna í sameiginlegum rafrænum sjúkraskrárkerfum.
7. Ráðherra er veitt heimild til að kveða á um færslu rafrænna sjúkraskráa í reglugerð og kröfur sem rafræn sjúkraskrárkerfi þurfa að uppfylla.
8. Skilgreint er hver sé ábyrgðaraðili sjúkraskráa annars vegar og umsjónaraðili hins vegar og ábyrgð og skyldur þessara aðila tilgreindar.
9. Lögfest er heimild annarra starfsmanna í heilbrigðisþjónustu og nema í starfsnámi í heilbrigðisvísindum til að færa tilteknar upplýsingar í sjúkraskrár og hafa aðgang að þeim, enda hafi þeir undirgengist sambærilegar trúnaðar- og þagnarskyldur og heilbrigðisstarfsmenn.
10. Nánar er kveðið á um rétt sjúklinga við færslu upplýsinga í sjúkraskrá.
11. Kveðið er á um rétt sjúklings til að leggja bann við því að tiltekinn eða tilteknir heilbrigðisstarfsmenn hafi aðgang að sjúkraskrá hans.
12. Skýrt er kveðið á um rétt sjúklings til að fá upplýsingar um það hverjir hafi skoðað sjúkraskrá hans, hvar og hvenær og í hvaða tilgangi.
13. Skýrar reglur eru settar um aðgang að sjúkraskrám látinna einstaklinga.
14. Kveðið er á um viðurlög vegna brota á lögunum og skyldu til að kæra mál til lögreglu ef verulegar líkur eru taldar á að brotið hafi verið gegn hagsmunum sjúklinga.

5. Uppbygging frumvarpsins.

Frumvarpið skiptist í átta kafla og eru heiti kaflanna þessi:

I. Inngangur.
II. Færsla sjúkraskráa.
III. Varðveisla sjúkraskráa.
IV. Aðgangur að sjúkraskrárupplýsingum.
V. Samtenging rafrænna sjúkraskrárkerfa.

VI. Sameiginleg sjúkraskrárkerfi.
VII. Ýmis ákvæði.

Verður nú fjallað almennt um efni hvers kafla fyrir sig en nánar er fjallað um efni hverrar greinar í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

I. Inngangur.

Í I. kafla er fjallað um tilgang og gildissvið laganna, meginsjónarmið sem skulu vera ráðandi við framkvæmd laganna, skýringu og túlkun þeirra og loks eru helstu hugtök sem notuð eru í frumvarpinu skilgreind. Um nánari umfjöllun um þessi efnisatriði frumvarpsins vísast til athugasemda við einstakar greinar kaflans hér á eftir.

II. Um færslu sjúkraskráa.

Í kaflanum er kveðið á um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til færslu sjúkraskráa, hvaða upplýsingar skylt er að færa í sjúkraskrá og réttindi sjúklinga varðandi færslu sjúkraskrárupplýsinga þegar heilbrigðisþjónusta er veitt.

Segja má að tilgangur með færslu sjúkraskráa sé í meginatriðum þríþættur. Í fyrsta lagi er hann að safna saman á einn stað heilsufarsupplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna meðferðar sjúklings og tryggja þannig samfellu þjónustunnar svo að hún verði markviss og örugg. Í öðru lagi þjónar sjúkraskrá mikilvægu hlutverki sem tæki heilbrigðisstarfsmanna til að miðla upplýsingum til annarra heilbrigðisstarfsmanna sem þurfa á þeim að halda vegna meðferðar sjúklings. Í þriðja lagi er færsla sjúkraskráa nauðsynleg til að unnt sé að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu, halda heilbrigðisskrár og vinna að gæðaþróun og gæðaeftirliti innan stofnana og starfsstofa og heilbrigðiskerfisins í heild. Ávallt verður þó að hafa í huga að sjúkraskrár eru fyrst og fremst nauðsynlegt vinnutæki heilbrigðisstarfsmanna vegna heilbrigðisþjónustu. Vel færð sjúkraskrá og aðgengilegar sjúkraskrárupplýsingar tryggja eins og unnt er að réttar ákvarðanir séu teknar um meðferð sjúklings.

III. Um varðveislu sjúkraskráa.

Í kaflanum er fjallað um vörslu sjúkraskráa, ábyrgð á vörslu þeirra, flutning sjúkraskráa milli heilsugæslustöðva, vörslutíma sjúkraskráa og hvað gera skuli við sjúkraskrár þegar rekstri heilbrigðisþjónustu er hætt.

Krafa um örugga varðveislu sjúkraskráa er einkum mikilvæg í tvennu tilliti. Í fyrsta lagi getur það skipt sköpum við meðferð sjúklinga að sjúkraskrárupplýsingar séu vel varðveittar og aðgengilegar. Óaðgengilegar eða glataðar sjúkraskrárupplýsingar gagnast engum. Þannig er krafan um örugga varðveislu fyrst og fremst sett fram í því skyni að tryggja að unnt sé að veita sjúklingi bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á á hverjum tíma. Í öðru lagi skiptir örugg varðveisla sjúkraskráa meginmáli þegar kemur að vernd sjúkraskrárupplýsinga en sjúkraskrár hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar. Allar sjúkraskrárupplýsingar eru trúnaðarmál. Verður því að haga vörslu sjúkraskráa þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.

IV. Um aðgang að sjúkraskrárupplýsingum.

Um aðgang að sjúkraskrám gildir sú meginregla að aðgangur er óheimill nema til þess standi lagaheimild. Í frumvarpinu er kveðið á um helstu aðgangsheimildir að sjúkraskrám en lagaheimildir til aðgangs að sjúkraskrám er jafnframt að finna í nokkrum öðrum lögum, svo sem í lögræðislögum, lögum um Ríkisendurskoðun, lögum um sjúkratryggingar og lögum um almannatryggingar.

Eins og fram hefur komið er tilgangur með færslu sjúkraskráa fyrst og fremst sá að tryggja samfellu í heilbrigðisþjónustu þannig að hún verði markviss og örugg með hagsmuni sjúklings ætíð í huga. Til að svo megi verða skiptir mestu að sjúkraskrárupplýsingar séu aðgengilegar heilbrigðisstarfmönnum þegar þeir þurfa á þeim að halda vegna meðferðar sjúklings. Í frumvarpinu er skýrt mælt fyrir um rétt heilbrigðisstarfsmanna til aðgangs að sjúkraskrám í slíkum tilvikum. Þá er í kaflanum jafnframt kveðið á um aðgang sjúklinga að eigin sjúkraskrá en meginreglan í því sambandi er að sjúklingur eigi rétt á fullum aðgangi að eigin sjúkraskrá og einnig til að fá afrit af henni. Loks eru í kaflanum settar reglur um aðgang að sjúkraskrám látinna, aðgang heilbrigðisyfirvalda að sjúkraskrám og reglur um aðgang vegna gæðaþróunar og gæðaeftirlits heilbrigðisstofnunar og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna.

V. Um samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa.

Í kaflanum er fjallað um heimild umsjónaraðila sjúkraskráa og rafrænna sjúkraskrárkerfa til að leyfa miðlun sjúkraskrárupplýsinga með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa þannig að heilbrigðisstarfsmaður sem hefur sjúkling til meðferðar á annarri heilbrigðisstofnun eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna geti með skjótum og greiðum hætti nálgast þær upplýsingar sem hann þarfnast vegna meðferðar sjúklings beint úr sjúkraskrá hans. Er heimildin sett fram í því skyni að unnt sé að nýta sem best kosti rafrænnar miðlunar sjúkraskrárupplýsinga með það að markmiði að unnt sé að veita sjúklingum á hverjum tíma eins góða heilbrigðisþjónustu og kostur er.

Ljóst er að heimild til að veita beinan aðgang að sjúkraskrám sjúklinga með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa gerir það að verkum að aðgangur heilbrigðisstarfsmanna að sjúkraskrám sjúklinga verður víðtækari og í einhverjum tilvikum verður að gera ráð fyrir því að slíkur aðgangur gæti orðið víðtækari en sjúklingur kærir sig um. Því er í kaflanum skýrlega kveðið á um rétt sjúklinga til að banna miðlun upplýsinga um hann með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa. Getur sjúklingur bæði í einstökum tilvikum og í eitt skipti fyrir öll lagt bann við því að upplýsingum úr sjúkraskrá hans sem vistuð er í rafrænu sjúkraskrárkerfi sé miðlað út fyrir kerfið. Getur bannið einnig tekið til tiltekinna sjúkraskrárupplýsinga. Eru þessar reglur í samræmi við meginregluna sem lagt er til að lögfest verði í 2. gr. frumvarpsins um sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga við meðferð sjúkraskrárupplýsinga þeirra.

VI. Um sameiginleg sjúkraskrárkerfi.

Í kaflanum er kveðið á um heimild heilbrigðisstofnana og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna til að ákveða, með leyfi ráðherra, að færa og varðveita sjúkraskrár sjúklinga sem koma til meðferðar hjá þeim í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi. Er það skilyrði fyrir leyfisveitingu ráðherra að sýnt sé fram á að sameiginlegt sjúkraskrárkerfi sé til þess fallið að tryggja betur öryggi sjúklinga og auka gæði heilbrigðisþjónustunnar.

VII. Ýmis ákvæði.

Í kaflanum er kveðið á um eftirlit með framkvæmd laganna, viðurlög þegar brotið er gegn ákvæðum þeirra og um heimild ráðherra til að setja reglugerð um nánari framkvæmd þeirra. Loks er í kaflanum mælt fyrir um breytingar á öðrum lögum.

Eftirlit með því að ákvæðum laganna sé fylgt hvílir fyrst og fremst á ábyrgðaraðilum og umsjónaraðilum sjúkraskráa eins og þessir aðilar eru skilgreindir í lögunum. Er þeim ætlað að hafa virkt eftirlit með því á hverjum tíma að meðferð sjúkraskráa í umsjá þeirra sé í samræmi við ákvæði laganna. Auk þessa munu landlæknir og Persónuvernd hafa eftirlit með því

að heilbrigðisstofnanir og starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna og þeir heilbrigðisstarfsmenn sem þar starfa hagi störfum sínum í samræmi við ákvæði laganna. Um eftirlit þessara eftirlitsstofnana fer samkvæmt þeim lögum sem um þær gilda, þ.e. lögum um landlækni og lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Lögð er áhersla á að brot gegn ákvæðum laganna verði tekin föstum tökum og leidd til lykta með þeim úrræðum sem lög bjóða. Á þetta einkum við þegar brotið er gegn hagsmunum sjúklinga og þá einkum persónuverndarhagsmunum þeirra. Ber þannig að jafnaði að kæra brot til lögreglu ef brotið er gegn hagsmunum sjúklinga og sérstaklega tekið fram að kæra þangað stöðvar ekki athugun og beitingu stjórnsýsluviðurlaga samkvæmt lögum um landlækni og lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eða beitingu úrræða samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, ef við á. Lagt er til að refsirammi laganna verði sektir eða fangelsi allt að þremur árum og er það sami refsirammi og í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

6. Samtenging rafrænna sjúkraskráa og sameiginleg sjúkraskrárkerfi – Bylting í heilbrigðisþjónustu.

Undirstaða þekkingar er upplýsingar og upplýst ákvarðanataka byggist á þekkingu. Í heilbrigðisþjónustu getur aðgangur heilbrigðisstarfsmanns að mikilvægum upplýsingum sem skráðar eru í sjúkraskrá sjúklings ráðið úrslitum um meðferð og batahorfur. Þar gegnir rafræn sjúkraskrá lykilhlutverki. Rafræn sjúkraskrá opnar fyrir möguleika á aðgengi meðferðaraðila að sjúkraskráruppl ýsingum um sjúklinga hvar og hvenær sem er. Í dag er rafrænt aðgengi að sjúkraskráruppl ýsingum að mestu bundið við þann stað þar sem upplýsingarnar voru skráðar. Þannig eru upplýsingar um heilsufar einstaklings dreifðar á marga staði, t.d. á einni eða fleiri heilsugæslustöðvum, á einu eða fleiri sjúkrahúsum og hjá einum eða fleiri sjálfstætt starfandi sérfræðingum; í pappírsformi eða á rafrænu formi í mismunandi upplýsingakerfum, sem ekki er heimilt að tengja saman né er það í mörgum tilvikum mögulegt. Ef öryggi sjúklings, með tilliti til gæða þeirrar heilbrigðisþjónustu sem hann kann að þarfnast, er sett í forgrunn má segja að æskilegast væri að allar upplýsingar um heilsufar hans fylgi honum sjálfum, óháð skráningarstað upplýsinganna.

Allt frá árinu 1996 hefur það verið stefna ríkisstjórnar Íslands að vera í fararbroddi þjóða í að nýta upplýsingatækni til að stuðla að auknum lífsgæðum landsmanna. Í stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið er m.a. lögð áhersla á innleiðingu á rafrænni sjúkraskrá fyrir alla heilbrigðisþjónustu landsins og uppbyggingu heilbrigðisnets sem geri samtengingu sjúkraskrárkerfa heilbrigðisstofnana mögulega. Með samtengingu rafrænna sjúkraskráa gegnum heilbrigðisnet, og eftir atvikum með sameiginlegum sjúkraskrárkerfum heilbrigðisstofnana, er lagður grunnur að heildrænni sjúkraskrá einstaklings ævilangt. Slíkt hefur, eins og áður hefur verið nefnt, ótvíræða kosti í för með sér en þeir helstu eru eftirfarandi:

- Aukið öryggi í greiningu, meðferð og umönnun sjúklinga, m.a. vegna greiðari aðgangs að upplýsingum eins og lyfjaofnæmi, lyfjatöku, samverkun lyfja, milliverkun lyfja, nýlegum rannsóknarniðurstöðum, fyrri greiningum og meðferð, aukinni heildaryfirsýn, einnig mögulegar innbyggðar aðvaranir.
- Aukin gæði í þjónustu við sjúklinga, m.a. vegna skilvirkari þjónustu og markvissari meðferðar, minni líkur á endurtekningum, t.d. á ýmsum rannsóknum, minni óþægindi fyrir sjúklinga og aukið öryggi í allri þjónustu.

– Minni kostnaður bæði fyrir sjúklinga og heilbrigðiskerfið í heild, m.a vegna aukinnar yfirsýnar og greiðari aðgangs að upplýsingum, síður endurteknar rannsóknir, markvissari meðferð og skjótari þjónusta.
– Ánægðari sjúklingar og mögulega betri lífsgæði.

Helsti og í raun eini ókostur þessa fyrirkomulags er eftirfarandi:

– Heimild til að miðla upplýsingum með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa sem og heimild heilbrigðisstofnana og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna til að færa og varðveita sjúkraskrár í sameiginlegum rafrænum sjúkraskrárkerfum eykur hættu á því að heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sem aðgang hafa að slíkum kerfum komist yfir sjúkraskrárupplýsingar sem þeir þurfa ekki aðgang að vegna fyrirhugaðrar meðferðar.

Afar mikilvægt er því að tryggja eins og framast er unnt öryggi sjúkraskrárupplýsinga í rafrænum sjúkraskrárkerfum með aðgangsstýringum, skilvirku eftirliti og fræðslu til þeirra sem aðgang hafa að slíkum kerfum. Setja þarf skýrar, skriflegar reglur, svo sem mælt er fyrir um í frumvarpinu, um aðgang og eftirlit og tryggja að allir heilbrigðisstarfsmenn hafi góða þekkingu og skilning á mikilvægi þagnarskyldu og trúnaðar um persónuupplýsingar í sjúkraskrám.

7. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga í sjúkraskrám.

I. Inngangur.

Við setningu reglna um sjúkraskrár og meðferð sjúkraskrárupplýsinga er nauðsynlegt að gæta vel að vernd persónuupplýsinga í sjúkraskrám enda teljast allar sjúkraskrárupplýsingar til viðkvæmra persónuupplýsinga. Á þetta ekki síst við um rafrænar sjúkraskrár og rafræn sjúkraskrárkerfi þar sem sjúkraskrárupplýsingar í slíkum kerfum verða óhjákvæmilega aðgengilegar stærri hópi heilbrigðisstarfsmanna og starfsmanna í heilbrigðisþjónustu en sjúkraskrár sem einungis eru varðveittar í pappírsformi. Verður í því sambandi að gæta að réttindum einstaklinga sem m.a. eru varin í stjórnarskrá lýðveldisins, mannréttindasáttmálum og almennri löggjöf. Koma hér m.a. til skoðunar ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, sbr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en af þessum ákvæðum hefur sú regla m.a. verið leidd að sjúklingur eigi rétt til aðgangs að eigin sjúkraskrá og til að fá afrit af henni. Í þessu sambandi koma einnig til skoðunar lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, en skv. 1. gr. þeirra laga er markmiðið m.a. að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga.

II. Stefnumörkun á vettvangi Evrópusambandsins.

Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 95/46/EB er fjallað um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Á grundvelli 29. gr. þeirrar tilskipunar er starfræktur sérstakur starfshópur um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga. Er hópurinn skipaður fulltrúum eftirlitsstofnana í aðildarríkjunum, fulltrúum evrópsku Persónuverndarstofnunarinnar og fulltrúum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Hafa fulltrúar Persónuverndar setið fundi starfshópsins sem áheyrnarfulltrúar. Hlutverk starfshópsins er að vera ráðgefandi fyrir framkvæmdastjórn sambandsins og stuðla að samræmingu í persónuverndarlöggjöf í Evrópu. Hefur hópurinn í þessu skyni gefið út leiðbeinandi vinnuskjöl sem lúta að ýmsum sviðum persónuverndar. Þar á meðal sendi hópurinn 15. febrúar 2007 frá sér vinnuskjal (Working Document on the Processing of Personal Data Relating to Health in Electronic Health Records) þar sem veitt er leiðsögn um

hvernig túlka beri persónuverndarreglur Evrópusambandsins í tengslum við rafrænar sjúkraskrár og minna á tilteknar grunnreglur í því sambandi.

Útgáfa þessa vinnuskjals endurspeglar þá miklu umræðu og þróun sem verið hefur í Evrópu á þessu sviði á undanförnum árum. Enda hafa menn gert sér grein fyrir þeim möguleikum sem þessi tækni býður upp á til að bæta gæði heilbrigðisþjónustu, lækka kostnað við meðferð og til að nýta upplýsingar til gæðastjórnunar, tölfræðivinnslu og skipulags í heilbrigðisþjónustu.

Í vinnuskjalinu er lögð áhersla á að allar almennar grundvallarreglur um meðferð persónuupplýsinga gildi eftir því sem við geti átt um meðferð sjúkraskrárupplýsinga enda teljist sjúkraskrárupplýsingar viðkvæmar persónuupplýsingar. Er í þessu sambandi m.a. vísað til eftirtalinna grunnreglna:

1. *Tilgangsreglan:* Felur m.a. í sér meginreglu um að upplýsingar í sjúkraskrám skuli ekki notaðar nema í samræmi við tilgang sinn.
2. *Meðalhófsreglan:* Felur m.a. í sér meginreglu um að ekki skuli safna meiri upplýsingum í sjúkraskrá en nauðsynlegt er vegna meðferðar sjúklings.
3. *Áreiðanleikareglan:* Felur m.a. í sér þá meginreglu að reynt skuli að sjá til þess að upplýsingar í sjúkraskrám séu eins áreiðanlegar og unnt er.
4. *Upplýsingaréttur:* Felur m.a. í sér að tryggja verður rétt sjúklinga til aðgangs að sjúkraskrá sinni og til að fá upplýsingar um það hvernig hún er notuð.
5. *Öryggiskröfur:* Felur m.a. í sér að gera verður ráðstafanir til að tryggja öryggi sjúkraskrárupplýsinga og að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.

Í vinnuskjalinu er lögð áhersla á að allar upplýsingar í sjúkraskrám teljist viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Um slíkar upplýsingar gildir sú meginregla að vinnsla þeirra er óheimil nema með samþykki þeirra einstaklinga sem í hlut eiga. Frá þessu verða þó gerðar undantekningar þegar mikilvægir hagsmunir einstaklinga krefjast þess og þegar um sjúklinga er að ræða hefur verið litið svo á að heimilt sé að víkja frá þessu skilyrði þegar um er að ræða vinnslu sjúkraskrárupplýsinga í tengslum við meðferð sem sjúklingur fær enda sé vinnslan framkvæmd af heilbrigðisstarfsmönnum sem bundnir eru trúnaðar- og þagnarskyldu eða öðrum starfsmönnum sem undirgengist hafa sambærilegar trúnaðar- og þagnarskyldu og þurfa nauðsynlega á sjúkraskrárupplýsingunum að halda vegna starfa sinna í þágu sjúklings.

Í vinnuskjalinu eru sett fram nokkur atriði sem talið er að mikilvægt sé að hafa í huga við setningu lagareglna um rafrænar sjúkraskrár og rafræn sjúkraskrárkerfi. Meðal þeirra atriða sem þar er lögð áhersla á má í fyrsta lagi nefna sjónarmið um sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga. Í öðru lagi að auðkenning sjúklinga og starfsfólks sé með tryggum hætti við færslu upplýsinga í sjúkraskrá. Í þriðja lagi að beitt sé bæði almennum og sérstökum aðgangstakmörkunum sem sjúklingur geti sjálfur haft áhrif á en meginreglan sé sú að einungis þeir heilbrigðisstarfsmenn sem hafi sjúkling til meðferðar hafi aðgang að sjúkraskrá hans. Í fjórða lagi að skýrar reglur gildi um aðgang að rafrænum sjúkraskrám í öðrum tilgangi en vegna meðferðar sjúklinga. Í fimmta lagi að gætt sé meðalhófs við skráningu upplýsinga í rafræna sjúkraskrá þannig að einungis séu skráðar upplýsingar sem teljast nauðsynlegar vegna meðferðar. Í sjötta lagi að öryggisráðstafanir í rafrænum sjúkraskrárkerfum séu fullnægjandi og í sjöunda lagi að gagnsæi sé tryggt á þann hátt að sjúklingur geti auðveldlega fengið upplýsingar um það sem skráð er í sjúkraskrá hans og hverjir hafi haft aðgang að henni. Hafa framangreind sjónarmið verið lögð til grundvallar við smíði frumvarpsins.

III. Varðveisla og gagnaöryggi.

Með rafrænni sjúkraskrá og rafrænum sjúkraskrárkerfum verða persónulegar upplýsingar sjúklings aðgengilegri þeim sem aðgang hafa að sjúkraskrám í rafrænu sjúkraskrárkerfi auk þess sem fjöldi þeirra sem möguleika eiga á aðgangi eykst. Hætta á misnotkun verður því umtalsvert meiri. Ýmsar annarlegar hvatir gætu freistað þeirra sem aðgang hafa að slíkum kerfum til að misnota aðstöðu sína. Nauðsynlegt er því að tryggja eins og framast er unnt að slík misnotkun eigi sér ekki stað en í því sambandi er mikilvægt að ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna og annarra sem hafa aðgang að sjúkraskrám sé skýr sem og að réttur sjúklings til friðhelgi einkalífs og trúnaðar heilbrigðisupplýsinga sé ávallt virtur. Upplýsingakerfin þurfa að vera þannig hönnuð að auðvelt sé að veita heilbrigðisstarfsmönnum mismunandi aðgang að mismunandi upplýsingum og allt eftirlit með notendum auðvelt, þjónusta við kerfin þarf að tryggja varðveislu gagna og öryggi gegn utanaðkomandi árásum og allir stjórnendur þurfa að viðhafa skilvirkt eftirlit.

Íslenskur ISO-staðall um stjórnun upplýsingaöryggis, ÍST ISO/IEC 17799:2005, tók gildi árið 2006. Staðallinn er alþjóðlegur og samkvæmt honum felst upplýsingaöryggi meðal annars í varðveislu á eftirfarandi:

– Trúnaði – upplýsingar eiga eingöngu að vera aðgengilegar þeim sem hafa til þess tilskilin leyfi og aðgangsheimild.
– Aðgengi – aðgangur þarf að vera tryggður hvar og hvenær sem þörf er á.
– Réttmæti – gæði upplýsinganna eru tryggð, réttar og nákvæmar upplýsingar, engu breytt eða eytt án tilskilinnar heimildar.
– Ábyrgð – rekjanleiki upplýsinga, þ.e. hver opnar sjúkraskrá, hvaða sjúkraskrá, hvar, hvenær og hvað.

Staðlar þurfa að vera þannig fram settir að þeir stuðli að þróun og nýrri þekkingu, en tryggi jafnframt öryggi upplýsinga og hindri misnotkun.

Allir sem sinna heilbrigðisþjónustu á Íslandi eru bundnir trúnaðar- og þagnarskyldu og þurfa að fylgja ákveðnum siðferðilegum kröfum. Um öryggi persónuupplýsinga í rafrænu sjúkraskrárkerfi fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglum Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um tilgang laganna og gildissvið.

Samkvæmt 1. mgr. er tilgangur reglna um sjúkraskrár að tryggja að unnt sé að veita sjúklingum eins fullkomna heilbrigðisþjónustu og kostur er á hverjum tíma um leið og tryggð er fullnægjandi vernd persónuupplýsinga. Þessi tilgangur einn réttlætir færslu sjúkraskráa. Þótt sjúkraskrárupplýsingar geti nýst við vísindarannsóknir, gæðaþróun og gæðaeftirlit verður markmiðið um örugga þjónustu við sjúklinga ávallt að vera frumtilgangur með færslu sjúkraskráa.

Samkvæmt 2. mgr. gilda lögin þegar sjúkraskrár eru færðar vegna meðferðar sem veitt er hér á landi.

Í 3. mgr. ákvæðisins er áréttað að að svo miklu leyti sem ekki er mælt fyrir um á annan veg í lögum þessum gilda ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga um sjúkraskrárupplýsingar og meðferð þeirra. Allar sjúkraskrárupplýsingar teljast viðkvæmar persónuupplýsingar. Í frumvarpinu eru veittar lagaheimildir til vinnslu þessara persónuupplýs-

inga en þegar þeim sleppir gilda almenn ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga um vinnslu þeirra.

Um 2. gr.

Í greininni eru undirstrikuð þau meginsjónarmið sem hafa ber í huga við færslu og varðveislu sjúkraskráa og aðgang að þeim en samkvæmt ákvæðinu skal mannhelgi og sjálfsákvörðunarréttur sjúklinga virtur og þess gætt að sjúkraskrár hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar og að sjúkraskráruppplýsingar eru trúnaðarmál. Við túlkun á hugtakinu mannhelgi ber að líta til þess hvernig það er notað annars vegar í lögum um réttindi sjúklinga, sbr. 1. og 17. gr. þeirra laga, en jafnframt í 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Er hugtakið jafnframt nátengt hugtakinu sjálfsákvörðunarréttur sjúklinga sem einnig er notað í ákvæðinu og vísar til þeirrar grundvallarreglu að sjúklingar eigi að meginstefnu að ráða því sjálfir hvort og þá hvaða heilbrigðisþjónustu þeir þiggja og þá jafnframt hvernig farið er með þær upplýsingar sem safnað er um þá við veitingu þjónustunnar. Hvað sjúkraskrár varðar lýtur þessi réttur að því að sjúklingur eigi að geta haft áhrif á það hverjir hafi aðgang að sjúkraskráruppplýsingum um hann og með hvaða hætti. Ákvæði sem varða sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga er að finna víða í frumvarpinu, svo sem í 7., 13., 19. og 21. gr. Loks ber að hafa það í huga við alla vinnslu sjúkraskráruppplýsinga að þær teljast viðkvæmar persónuupplýsingar og að þær eru trúnaðarmál. Er hér vísað til þess trúnaðarsambands sem ríkja skal á milli sjúklings og heilbrigðisstarfsmanns og þeirrar þagnarskyldu sem ávallt hvílir á heilbrigðisstarfsmanni um upplýsingar um sjúklinga sem hann kemst að í starfi sínu.

Um 3. gr.

Í greininni eru helstu hugtök sem notuð eru í frumvarpinu skilgreind og hafa hugtökin, hvarvetna þar sem þau koma fyrir í frumvarpinu, þá merkingu sem í ákvæðinu eru reifuð.

Í 1. tölul. er hugtakið *sjúklingur* skilgreint sem notandi heilbrigðisþjónustu. Þessi skilgreining er samhljóða skilgreiningu á hugtakinu í lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, en í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til þeirra laga sagði m.a. svo um þessa skilgreiningu:

„Með sjúklingi er átt við hvern þann einstakling, heilbrigðan eða sjúkan, sem notar heilbrigðisþjónustu. Þegar sjúklingur hefur samskipti við starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar verða virk réttindin sem frumvarpið fjallar um. Gert er ráð fyrir því sem meginreglu að sjúklingur sé sjálfráða, en í einstökum ákvæðum frumvarpsins er vísað til þess hvað gildi þegar um er að ræða sjúklinga sem ekki eru sjálfráða.“

Framangreindar athugasemdir eiga jafnframt við, eftir því sem við getur átt, um notkun hugtaksins í þessu frumvarpi.

Í 2. tölul. er hugtakið *heilbrigðisþjónusta* skilgreint sem hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkrahúsþjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjaþjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga. Skilgreiningin er samhljóða skilgreiningu á hugtakinu í lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, og lögum nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

Í 3. tölul. er hugtakið *meðferð* skilgreint sem rannsókn, aðgerð eða önnur heilbrigðisþjónusta sem læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður veitir til að greina, lækna, endurhæfa, hjúkra eða annast sjúkling. Skilgreiningin er samhljóða skilgreiningu á sama hugtaki í lögum um réttindi sjúklinga að öllu leyti nema því að hér hefur hugtakið heilbrigðisþjónusta verið tekið upp í skilgreininguna í samræmi við ný lög um heilbrigðisþjónustu. Ber samkvæmt þessu að horfa

til skilgreiningar á hugtakinu heilbrigðisþjónusta í 2. tölul. þegar hugtakið meðferð er túlkað samkvæmt lögunum. Í 1. tölul. 26. gr. frumvarpsins er lagt til að skilgreiningu á hugtakinu meðferð í lögum um réttindi sjúklinga verði breytt til samræmis.

Í 4. tölul. er orðið *sjúkraskráruppl*ýsingar skilgreint sem lýsing eða túlkun í rituðu máli, myndir, þ.m.t. röntgenmyndir, línurit og mynd- og hljóðupptökur sem innihalda upplýsingar er varða heilsufar sjúklings og meðferð hans hjá heilbrigðisstarfsmanni eða heilbrigðisstofnun og aðrar nauðsynlegar persónuupplýsingar. Skilgreiningin er efnislega sambærileg skilgreiningu á hugtakinu „sjúkragögn“ í reglugerð nr. 227/1991, um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðisskrár, og er ætlað að taka til allra gagna og upplýsinga sem aflað er við meðferð sjúklings og færð í sjúkraskrá.

Í 5. tölul. er hugtakið *sjúkraskrá* skilgreint sem safn sjúkraskráruppl*ýsinga um sjúkling sem unnar eru í tengslum við meðferð eða fengnar annars staðar frá vegna meðferðar hans á heilbrigðisstofnun eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns. Í skilgreiningunni er hugtakið sjúkraskráruppl*ýsingar notað og ber við efnisafmörkun hugtaksins að líta til skilgreiningar á því hugtaki, sbr. hér að framan.

Í 6. tölul. er hugtakið *rafrænt sjúkraskrárkerfi* skilgreint sem hugbúnaður sem notaður er til að stofna, varðveita og vinna með sjúkraskrár.

Í 7. tölul. er hugtakið *samtenging sjúkrakskrárkerfa* skilgreint sem sú athöfn þegar rafræn sjúkraskrárkerfi tveggja eða fleiri ábyrgðaraðila eru samtengd þannig að unnt er að miðla upplýsingum úr sjúkraskrám á milli kerfanna.

Í 8. tölul. er hugtakið *sameiginlegt sjúkraskrárkerfi* skilgreint sem rafrænt sjúkraskrárkerfi tveggja eða fleiri heilbrigðisstofnana eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna. Við nánari afmörkun þessa hugtaks ber að líta til skilgreininga á hugtökunum rafrænt sjúkraskrárkerfi, heilbrigðisstofnun og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna.

Í 9. tölul. er hugtakið *heilbrigðisstofnun* skilgreint sem stofnun þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt. Skilgreiningin er samhljóða skilgreiningu á hugtakinu í lögum um heilbrigðisþjónustu. Í frumvarpi til þeirra laga sagði m.a. svo um þessa skilgreiningu:

„Tekur hugtakið þannig til allra stofnana sem veita heilbrigðisþjónustu án tillits til þess hver rekur hana eða rekstrarforms þeirra. Skýra ber hugtakið þannig að það taki til stofnana sem veita einstaklingum heilbrigðisþjónustu. Stofnanir eins og embætti landlæknis, Tryggingastofnun ríkisins, Lýðheilsustöð og Geislavarnir ríkisins falla því ekki hér undir en um starfsemi þessara stofnana gilda ákvæði sérlaga. Þá er hugtakinu heilbrigðisstofnun ekki ætlað að taka til lyfjabúða, en um starfsemi þeirra fer samkvæmt lyfjalögum. Loks ber að afmarka hugtakið heilbrigðisstofnun í frumvarpinu með hliðsjón af skilgreiningu á hugtakinu „starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna“ í 12. tölul.“

Þessar athugasemdir eiga jafnframt við, eftir því sem við getur átt, um notkun hugtaksins í þessu frumvarpi.

Í 10. tölul. er hugtakið *heilbrigðisstarfsmaður* skilgreint sem einstaklingur sem starfar við heilbrigðisþjónustu og hlotið hefur leyfi landlæknis til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar. Þessi skilgreining er samhljóða skilgreiningu á sama hugtaki í lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um landlækni, lögum um sjúkratryggingar og lögum um réttindi sjúklinga.

Í 11. tölul. er hugtakið *starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna* skilgreint sem starfsstöðvar sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt, með eða án greiðsluþátttöku ríkisins. Skilgreiningin er samhljóða skilgreiningu á sama hugtaki í lögum um heilbrigðisþjónustu. Er hugtakinu ætlað að taka til starfsstöðva heilbrigðisstarfsmanna ut-

an stofnana þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt hvort sem það er með eða án greiðsluþátttöku ríkisins.

Í 12. tölul. er hugtakið *ábyrgðaraðili sjúkraskráa* skilgreint sem heilbrigðisstofnun eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna þar sem sjúkraskrár eru færðar. Hafi sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna, tveggja eða fleiri, verið sameinuð, sbr. VI. kafla, telst ábyrgðaraðili sjúkraskráa í kerfinu sá aðili sem heilbrigðisstofnanir og starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna sem aðild eiga að kerfinu hafa komið sér saman um.

Í 13. tölul. er hugtakið *umsjónaraðili sjúkraskráa* skilgreint sem læknir, eða annar heilbrigðisstarfsmaður sé lækni ekki til að dreifa, sem ábyrgðaraðili hefur falið að hafa eftirlit með og sjá um að skráning og meðferð sjúkraskrárupplýsinga sé í samræmi við ákvæði laga þessara. Heilbrigðisstarfsmaður sem starfar einn á stofu telst umsjónaraðili þeirra sjúkraskráa sem hann færir.

Í 14. tölul. er hugtakið *gæðaeftirlit* skilgreint sem sá hluti af gæðastjórnun sem beinist að því að sjá til þess að gæðakröfur í heilbrigðisþjónustu séu uppfylltar.

Í 15. tölul. er hugtakið *gæðaþróun* skilgreint sem sá hluti gæðastjórnunar er beinist að því að auka getuna til að uppfylla gæðakröfur. Við skilgreininguna á hugtakinu var horft til skilgreiningar á hugtakinu gæðaumbætur í staðli 3.2.12 ÍST EN ISO 9000:2005.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um færslu sjúkraskráa.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um skyldu heilbrigðisstarfsmanns sem fær sjúkling til meðferðar til að færa sjúkraskrá. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í núgildandi ákvæðum laga um sjúkraskrár. Hins vegar má segja að þessi skylda verði leidd af gildandi lagaákvæðum, auk þess sem hún byggist á langri hefð. Þá er í reglugerð um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál skýrt vikið að þessari skyldu heilbrigðisstarfsmanna.

Í 2. mgr. er kveðið á um að sjúkraskrár skuli færa í rafrænu formi að því marki sem unnt er. Hér er um nýmæli í lögum að ræða en með ákvæðinu er mótuð sú meginregla að allar sjúkraskrár í landinu séu færðar rafrænt. Aðstæður geta þó auðvitað verið þannig að rafrænni skráningu verður ekki við komið eða slík skráning telst óhentug í þeim aðstæðum sem fyrir hendi eru og er þá heimilt að víkja frá umræddri meginreglu. Með meginreglunni um rafræna færslu sjúkraskráa er möguleikinn til rafrænnar miðlunar sjúkraskrárupplýsinga bæði innan stofnunar og á milli stofnana, sbr. V. og VI. kafla frumvarpsins, undirbyggður.

Í 3. mgr. er sú skylda lögð á ábyrgðaraðila sjúkraskráa að sjá til þess að skilyrði séu til staðar til að færa sjúkraskrá. Í þessu felst, sbr. 2. mgr., að á hverri heilbrigðisstofnun og hverri starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna skal að jafnaði vera rafrænt sjúkraskrárkerfi sem uppfyllir kröfur sem gerðar verða til slíkra kerfa, sbr. 24. gr. frumvarpsins.

Í 4. mgr. er kveðið á um ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna á sjúkraskrárfærslum sínum vegna meðferðar sem þeir veita. Hvílir ábyrgðin ávallt á viðkomandi heilbrigðisstarfsmanni.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um færslu sjúkraskrárupplýsinga.

Samkvæmt 1. mgr. er heimild til færslu sjúkraskrárupplýsinga í sjúkraskrá að meginstefnu bundin við heilbrigðisstarfsmenn. Þó gerir ákvæðið jafnframt ráð fyrir því að heimilt sé að veita öðrum starfsmönnum og nemum í starfsnámi í heilbrigðisvísindum, sem undirgengist hafa sambærilegar trúnaðar- og þagnarskyldur og heilbrigðisstarfsmenn, heimild til að færa sjúkraskrárupplýsingar í sjúkraskrá. Hér er t.d. átt við móttökuritara sem sjá um innritun sjúk-

linga. Hvað nema í starfsnámi varðar þá er það einfaldlega nauðsynlegur hluti af starfsnáminu að færa sjúkraskrár vegna meðferðar sem nemar veita undir handleiðslu og því jafnframt nauðsynlegt að lögin heimili slíkt. Færsla upplýsinga í sjúkraskrá felur að jafnaði í sér aðgang að sjúkraskrá. Því er nauðsynlegt að allir sem færa sjúkraskrár hafi undirgengist trúnaðar- og þagnarskyldu enda teljast allar sjúkraskrárupplýsingar viðkvæmar persónuupplýsingar.

Í 2. mgr. er vísað til þess að um færslu sérstaklega viðkvæmra sjúkraskrárupplýsinga, sbr. 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins, í rafræna sjúkraskrá skuli fara samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 24. gr. Eins og fram kemur í 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins er hér átt við upplýsingar sem heilbrigðisstofnun eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna eða heilbrigðisstarfsmaður sem veitir meðferð eða sjúklingur sjálfur telur að flokka beri sem viðkvæmar sjúkraskrárupplýsingar. Gert er ráð fyrir að þessar upplýsingar njóti sérstakrar verndar umfram aðrar sjúkraskrárupplýsingar og að aðgangur að þeim sé að jafnaði ekki heimill nema með samþykki sjúklinga.

Í 3. mgr. er tekið fram að við sérhverja færslu sjúkraskrárupplýsinga í sjúkraskrá skuli koma fram nafn þess sem skráir, starfsheiti hans og tímasetning færslu. Þetta er nauðsynlegt til að unnt sé að rekja sérhverja sjúkraskrárfærslu sem er mikilvægt við veitingu meðferðar en jafnframt tryggir þetta rétt sjúklings til að fá upplýsingar um það hverjir hafi komið að meðferð sem hann fær. Í rafrænum sjúkraskrárkerfum þar sem heilbrigðisstarfsmenn skrá sig inn með notendanafni og lykilorði færast þessar upplýsingar inn sjálfkrafa. Í 3. mgr. er tekið fram að sé bætt við sjúkraskrá, hún leiðrétt eða henni breytt eða eytt séu slíkar færslur rekjanlegar. Nauðsynlegt þykir að starfsmaður geti leiðrétt sjúkraskrá án þess að leita samþykkis sjúklings og til að gæta réttaröryggis er skýrt kveðið á um að unnt sé að rekja slíkar aðgerðir í sjúkraskrá.

Í 4. mgr. er tekið fram að sjúkraskrárupplýsingar skuli færðar jafnóðum eða að jafnaði innan tuttugu og fjögurra stunda frá þeim tíma er þeirra var aflað. Sambærilegt ákvæði er í núgildandi reglugerð um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál og hefur það að markmiði að tryggja áreiðanleika sjúkraskrárfærslna en ljóst er að ef færsla upplýsinga í sjúkraskrá dregst aukast líkur á að eitthvað misfarist.

Í 5. mgr. kemur fram að haga skuli færslu sjúkraskrárupplýsinga þannig að þær séu aðgengilegar og að ritað mál sé skýrt og skiljanlegt. Sambærilegt ákvæði er í núgildandi reglugerð um sjúkraskrár en þar er þó jafnframt áskilnaður um að sjúkraskrár séu ávallt færðar á íslensku. Rétt þykir að falla frá þessu skilyrði nú enda getur það reynst óframkvæmanlegt í þeim tilvikum þar sem erlendir læknar og aðrir heilbrigðisstarfmenn sem hér starfa færa sjúkraskrá eins og þeim er skylt að gera, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Ávallt verður þó að gera þá kröfu að sjúkraskrárupplýsingar séu skiljanlegar þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem koma að meðferð sjúklings enda getur sjúkraskrá ekki þjónað þeim megintilgangi sínum að vera vinnutæki við veitingu meðferðar nema svo sé. Þá er sú krafa jafnframt gerð að sjúkraskrá sé þannig færð að sjúklingur geti skilið hana eftir atvikum með aðstoð heilbrigðisstarfsmanna á sama sviði og þeir heilbrigðisstarfsmenn sem veittu meðferðina. Þá þurfa upplýsingar sem færðar eru í sjúkraskrá að vera aðgengilegar eigi þær að geta þjónað hlutverki sínu.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um það hvaða upplýsingar skuli færðar í sjúkraskrá. Er meginreglan sú að aðeins skuli færa upplýsingar í sjúkraskrá sem eru nauðsynlegar vegna meðferðar sjúklings. Samkvæmt þessu er það ekki sjálfsagt að upplýsingar séu færðar í sjúkraskrá þótt þær liggi fyrir, þeirra hafi verið aflað eða sjúklingur hafi veitt þær. Þarf sá sem færir sjúkraskrá

því að meta það í hverju tilviki hvort upplýsingar séu nauðsynlegar vegna meðferðar sjúklings. Teljist svo ekki vera á ekki að færa upplýsingarnar í sjúkraskrána. Þó verður að ganga út frá því sem meginreglu að ef vafi er um hvort upplýsingar séu nauðsynlegar vegna meðferðar sjúklings skuli þær færðar í sjúkraskrá enda gæti annað þá hugsanlega leitt til þess að sjúklingur fengi síðri meðferð en ella. Í öllum tilvikum skal þó, samkvæmt ákvæðinu, að lágmarki skrá eftirfarandi í sjúkraskrá eftir því sem við á:

1. Nafn sjúklings, heimilisfang, kennitölu, starfsheiti, hjúskaparstöðu.
2. Komu- eða innlagnardag og útskriftardag.
3. Ástæðu komu eða innlagnar.
4. Þau atriði heilsufars- og sjúkrasögu sem máli skipta fyrir meðferðina.
5. Aðvaranir, svo sem um ofnæmi.
6. Skoðun.
7. Meðferðar- og aðgerðarlýsingu, þ.m.t. upplýsingar um lyfjameðferð og umsagnir ráðgefandi sérfræðinga.
8. Niðurstöður rannsókna.
9. Greiningu.
10. Afdrif og áætlun um framhaldsmeðferð.

Í 2. mgr. er ráðherra veitt heimild með reglugerð til að kveða nánar á um færslu sjúkraskrárupplýsinga í sjúkraskrá en um færslu rafrænna sjúkraskráa og rafræn sjúkraskrárkerfi munu jafnframt gilda ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur skv. 24. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um rétt sjúklings við færslu sjúkraskráa.

Í 1. mgr. er kveðið á um rétt sjúklings til að ákveða þegar hann fær meðferð og sjúkraskrárupplýsingar vegna hennar eru færðar í sjúkraskrá að upplýsingarnar verði ekki aðgengilegar öðrum en þeim sem skráir og umsjónaraðila sjúkraskrárinnar og eftir atvikum öðrum tilteknum heilbrigðisstarfsmönnum. Verða sjúkraskrárkerfi að vera þannig uppbyggð að unnt sé að vista upplýsingar í þeim á þann hátt að þessi réttur sjúklings sé tryggður, sbr. 24. gr. frumvarpsins. Í núgildandi lögum eða reglum er ekki kveðið á um þennan rétt sjúklings en þó verður að telja að rétturinn byggist á viðurkenndum sjónarmiðum um sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga. Ljóst er að ef sjúklingur takmarkar aðgang að sjúkraskrá sinni með þessum hætti getur sú staða komið upp að sjúkraskráin nýtist ekki sem skyldi sem vinnutæki heilbrigðisstarfsmanna við veitingu heilbrigðisþjónustu. Er því mælt fyrir um í ákvæðinu að sé það talið nauðsynlegt vegna meðferðar að aðrir heilbrigðisstarfsmenn hafi aðgang að viðkomandi sjúkraskrárupplýsingum skuli upplýsa sjúkling um það og jafnframt að synjun um að heimila nauðsynlegan aðgang að sjúkraskránni geti jafngilt því, eftir atvikum, að meðferð sé hafnað, sbr. lög um réttindi sjúklinga.

Í 2. mgr. kemur fram að telji sjúklingur eða umboðsmaður hans að sjúkraskrárupplýsingar um hann séu rangar eða villandi eigi hann rétt á að athugasemd hans um það sé skráð í sjúkraskrána. Sambærilegt ákvæði er nú að finna í lögum um réttindi sjúklinga. Það er hins vegar nýmæli í frumvarpinu að kveðið er á um heimild umsjónaraðila sjúkraskrár til að leiðrétta upplýsingar í sjúkraskrá ef sýnt er fram á að þær séu bersýnilega rangar eða villandi enda sé þess gætt að ekki glatist upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna réttarágreinings. Neiti umsjónaraðili að leiðrétta sjúkraskrárupplýsingar sem sjúklingur telur bersýnilega rangar eða villandi getur sjúklingur skotið þeirri synjun til landlæknis með kæru. Jafnframt er í ákvæðinu

það nýmæli að gert er ráð fyrir að heimilt verði með samþykki landlæknis að eyða úr sjúkraskrá sjúklings upplýsingum sem eru bersýnilega rangar eða villandi.

Loks er mælt fyrir um að ákvarðanir landlæknis um leiðréttingu eða eyðingu sjúkraskrárupplýsinga séu kæranlegar til ráðherra eftir almennum reglum.

Um 8. gr.

Í greininni sem er inngangsákvæði III. kafla frumvarpsins um varðveislu sjúkraskráa kemur fram að sjúkraskrár skuli varðveittar með öruggum hætti þannig að sjúkraskrárupplýsingar glatist ekki og að þær séu aðgengilegar í samræmi við ákvæði IV. kafla þar sem kveðið er á um aðgangsheimildir að sjúkraskrám.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um að það sé hlutverk ábyrgðaraðila sjúkraskráa að sjá til þess að varðveisla sjúkraskráa sé í samræmi við ákvæði laganna.

Um 10. gr.

Í greininni er kveðið á um flutning sjúkraskráa, annars vegar þegar sjúklingur færir sig frá einni heilsugæslustöð á aðra og hins vegar þegar rekstri sjúkraskrárkerfis er hætt.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að ef sjúklingur færir sig frá einni heilsugæslustöð yfir á aðra skuli vista afrit sjúkraskrár hans í sjúkraskrárkerfi því sem notað er á þeirri stöð sem hann flyst til. Sambærilegt ákvæði er að finna í núgildandi reglugerð um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að sé rekstri sjúkraskrárkerfis hætt skuli flytja sjúkraskrár sem þar eru vistaðar til landlæknis. Getur landlæknir þá ákveðið, með samþykki sjúklings eða umboðsmanns hans, að sjúkraskrár sem fluttar hafa verið til hans skuli vistaðar í sjúkraskrárkerfi annarrar heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns eða sameiginlegu sjúkraskrárkerfi. Þetta ákvæði er nýmæli í lögum en hingað til hafa ekki verið til skýrar reglur um það hvert sjúkraskrár skuli fluttar þegar starfsemi heilbrigðistofnana eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna hefur verið hætt. Hafa sjúkraskrár í þessum tilvikum hins vegar í nokkrum mæli verið fluttar til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til varðveislu. Er mikilvægt að skýrar reglur séu í gildi að þessu leyti og er ákvæðinu ætlað að bæta úr því. Flutningur sjúkraskráa til annarrar stofnunar eða starfsstofu er háð samþykki sjúklings. Einstakir heilbrigðisstarfsmenn sem flytja sig á milli starfsstofa hafa hins vegar enga heimild til að flytja sjúkraskrár sjúklinga með sér á milli stofanna. Hins vegar getur sjúklingur, sbr. 14. gr., aflað afrits af sjúkraskrá sinni og afhent heilbrigðisstarfsmanni það kjósi hann svo.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um tímalengd vörslu sjúkraskráa á heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna en samkvæmt ákvæðinu skal varðveita sjúkraskrár í sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna á meðan sjúklingurinn lifir. Um skyldu til að afhenda sjúkraskrár til Þjóðskjalasafns Íslands, varðveislu þeirra og aðgang að þeim gilda ákvæði laga um Þjóðskjalasafn Íslands.

Um 12. gr.

Í greininni er sú regla lögmælt að aðgangur að sjúkraskrám sé óheimill nema til hans standi lagaheimild samkvæmt ákvæðum laganna eða öðrum lögum.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um aðgangsheimildir starfsmanna að sjúkraskrám. Er meginreglan sú skv. 1. mgr. að einungis þeir heilbrigðisstarfsmenn sem koma að meðferð sjúklings og þurfa á sjúkraskrárupplýsingum að halda vegna starfa sinna skuli eiga aðgang að sjúkraskrá hans með þeim takmörkunum sem leiðir af ákvæðum laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim. Þá er umsjónaraðila sjúkraskráa heimilt að veita öðrum starfsmönnum og nemum í starfsnámi í heilbrigðisvísindum, sem undirgengist hafa sambærilegar trúnaðar- og þagnarskyldur og heilbrigðisstarfsmenn og koma að meðferð sjúklings, heimild til aðgangs að sjúkraskrám að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfa þeirra í þágu sjúklings. Eins og áður hefur komið fram er það megintilgangur sjúkraskráa að vera vinnutæki heilbrigðisstarfsmanna við veitingu meðferðar. Eru aðgangsheimildir starfsmanna samkvæmt ákvæðinu því sjálfsagðar.

Í 2. mgr. er fjallað um aðgang að sérstaklega viðkvæmum sjúkraskrárupplýsingum en það teljast upplýsingar sem sjúklingur, heilbrigðisstofnun, starfsstofa heilbrigðisstarfsmanns eða heilbrigðisstarfsmaður sem veitir meðferð telur að flokka beri sem slíkar. Samkvæmt ákvæðinu skal aðgangur að slíkum upplýsingum takmarkaður við þá heilbrigðisstarfsmenn sem nauðsynlega þurfa sjúkraskrárupplýsingarnar vegna meðferðar sjúklings og skal aðgangur að jafnaði takmarkaður við þá heilbrigðisstarfsmenn sem starfa innan þeirrar einingar eða deildar heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna þar sem meðferð er veitt. Aðgangur annarra heilbrigðisstarfsmanna en þeirra sem að framan greinir að sérstaklega viðkvæmum sjúkraskrárupplýsingum er óheimill nema með samþykki sjúklings. Í ákvæðinu er þó veitt heimild til að víkja frá framangreindum aðgangstakmörkunum ef það telst nauðsynlegt vegna öryggis heilbrigðisstarfsmanna, svo sem þegar um alvarlega smitsjúkdóma er að ræða. Gert er ráð fyrir því að ráðherra setji í reglugerð skv. 24. gr. frumvarpsins nánari ákvæði um aðgang að sérstaklega viðkvæmum sjúkraskrárupplýsingum. Aukin vernd sérstaklegra viðkvæmra sjúkraskrárupplýsinga er nýmæli í lögum hér á landi. Slík vernd er þó í samræmi við viðurkennd sjónarmið um persónuvernd og sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga.

Í 3. mgr. er áréttað að um trúnaðar- og þagnarskyldu starfsmanna í heilbrigðisþjónustu um persónulegar upplýsingar sem þeir komast að í starfi sínu, þ.m.t. sjúkraskrárupplýsingar, gilda ákvæði laga um réttindi sjúklinga og eftir atvikum önnur lög sem við eiga.

Í 4. mgr. er kveðið á um rétt sjúklings eða umboðsmanns hans til að leggja bann við því að tiltekinn starfsmaður eða starfsmenn, þ.m.t. nemar í starfsnámi, hafi aðgang að sjúkraskrá hans. Sé það hins vegar talið nauðsynlegt vegna meðferðar sjúklings að hinir tilteknu starfsmenn eða nemar hafi aðgang að sjúkraskrá sjúklings skal upplýsa sjúkling um það og jafnframt að synjun um að heimila nauðsynlegan aðgang að sjúkraskránni geti jafngilt því, eftir atvikum, að sjúklingur hafi hafnað meðferð, sbr. lög um réttindi sjúklinga.

Um aðgang að sjúkraskrám gilda jafnframt ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur á grundvelli 24. gr. frumvarpsins.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um aðgang sjúklings að eigin sjúkraskrá. Ákvæðin eru að mestu sambærileg núgildandi ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.

Samkvæmt 1. mgr. á sjúklingur, eða umboðsmaður hans, rétt á aðgangi að eigin sjúkraskrá í heild eða að hluta og til að fá afhent afrit af henni ef þess er óskað og skal beiðni þar að lútandi beint að umsjónaraðila sjúkraskrárinnar. Undantekningar eru frá þessu í fyrsta lagi skv. 2. mgr. ef sjúkraskrárupplýsingar eru hafðar eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsmönnum en þá er einungis heimilt að veita aðgang að þeim með samþykki þess sem upp-

lýsingarnar gaf. Ef sá sem þannig hefur veitt upplýsingar um sjúkling er látinn eða horfinn eða neitar á óréttmætum grundvelli að veita samþykki sitt getur landlæknir ákveðið að sjúklingi eða umboðsmanni hans skuli veittur aðgangur að umræddum upplýsingum, í heild eða að hluta. Í öðru lagi getur verið skv. 3. mgr. heimilt að synja sjúklingi um aðgang að sjúkraskrá sinni ef það er ekki talið þjóna hagsmunum sjúklings að afhenda honum eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár. Skal umsjónaraðili sjúkraskrár þá án tafar framsenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til ákvörðunar um það hvort aðgangur að sjúkraskránni skuli veittur. Landlæknir skal innan átta vikna afgreiða erindið.

Í 4. mgr. er kveðið á um rétt sjúklings til að fá upplýsingar frá umsjónaraðila sjúkraskrár um það hverjir hafi aflað upplýsinga úr sjúkraskrá hans, m.a. með samtengingu sjúkraskrárkerfa, hvar og hvenær upplýsinga var aflað og í hvaða tilgangi. Ákvæði sama efnis er ekki að finna í núgildandi ákvæðum laga eða reglna um sjúkraskrár en ætla má að í þessu geti falist allmikið aðhald gagnvart hugsanlegri misnotkun þeirra sem aðgang hafa að sjúkraskrám og sjúkraskrárkerfum.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um að ákvarðanir landlæknis um aðgang sjúklinga að sjúkraskrá skuli vera kæranlegar til ráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

Um 15. gr.

Í greininni er mælt fyrir um aðgang að sjúkraskrám látins einstaklings en skv. 1. mgr. er meginreglan sú að óheimilt sé að veita aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings nema fyrir liggi ótvírætt samþykki hans um að veita megi viðkomandi aðila slíkan aðgang. Teljist samþykki sjúklings ekki ótvírætt skal umsjónaraðili sjúkraskrár án tafar vísa beiðni um aðgang að sjúkraskránni til landlæknis til ákvörðunar. Í 2. mgr. er þó mælt fyrir um tiltekna undanþágu frá þessu ákvæði en þar segir að telji náinn aðstandandi hins látna, svo sem maki, foreldri eða afkomandi, að eitthvað hafi farið úrskeiðis við meðferð hins látna, en ótvírætt samþykki sjúklings skv. 1. mgr. liggur ekki fyrir, sé landlækni heimilt að veita honum aðgang að þeim hluta sjúkraskrár hins látna sem varðar hina umdeildu meðferð enda séu upplýsingarnar þess eðlis að ekki verði talið með hliðsjón af tengslum hins látna og þess sem biður um aðgang að hinn látni hefði lagst gegn því að viðkomandi fengi aðgang að þeim. Nauðsynlegt þykir að setja skýr lagafyrirmæli um aðgang að sjúkraskrám látinna. Hafa ákvæði núgildandi laga um aðgang að sjúkraskrám verið túlkuð með svipuðum hætti og hér greinir. Í ákvæðinu felst því í raun engin efnisbreyting.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að í öðrum tilvikum en þeim sem greinir í 1. og 2. mgr. sé óheimilt að veita aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings nema fyrir liggi sérstök lagaheimild eða dómsúrskurður þess efnis.

Loks er í 4. mgr. mælt fyrir um að ákvörðun landlæknis um aðgang að sjúkraskrá skv. 1. og 2. mgr. sé kæranleg til ráðherra og að um málsmeðferð fari samkvæmt stjórnsýslulögum.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um aðgang heilbrigðisyfirvalda að sjúkraskrám.

Í 1. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um að heilbrigðisyfirvöld sem lögum samkvæmt fá til umfjöllunar kvörtun eða kæru sjúklings eða umboðsmanns hans vegna meðferðar skuli eiga rétt til aðgangs að sjúkraskrá viðkomandi með sama hætti og sjúklingur sjálfur.

Í 2. mgr. er áréttað að um miðlun upplýsinga úr sjúkraskrám vegna færslu heilbrigðisskráa og eftirlits landlæknis, þ.m.t. gæðaeftirlits, fari samkvæmt lögum um landlækni.

Um 17. gr.

Í greininni er fjallað um aðgang að sjúkraskrám vegna gæðaþróunar og gæðaeftirlits innan heilbrigðisstofnana og á starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna. Er umsjónaraðila sjúkraskráa veitt heimild að veita heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum starfsmönnum og nemum í starfsnámi í heilbrigðisvísindum, sem undirgengist hafa sambærilegar trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn, aðgang að sjúkraskrám vegna gæðaþróunar og gæðaeftirlits með heilbrigðisþjónustu og meðferð innan viðkomandi stofnunar. Með ákvæðinu er lagastoð skotið undir aðgang að sjúkraskrám innan stofnana og starfsstofa í þessum tilgangi. Hefur í raun verið litið svo á að slíkur aðgangur væri heimill á grundvelli gildandi réttarreglna um sjúkraskrár. Geta heilbrigðisstofnanir og starfsstofur á grundvelli þessa ákvæðis nýtt sér möguleika rafrænna sjúkraskráa og rafrænna sjúkraskrárkerfa til að varðveita og kalla fram sérgreindar sjúkraskrárupplýsingar sem nota má við gæðaþróun og gæðaeftirlit en með tilkomu rafrænna sjúkraskráa hafa opnast miklir möguleikar til framþróunar á þessu sviði. Er ljóst að með öflugri gæðaþróun og gæðaeftirliti innan heilbrigðisstofnana og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna er unnt að bæta öryggi sjúklinga og gæði meðferðar um leið og rekstur viðkomandi stofnana og starfsstofa verður markvissari. Hugtökin „gæðaeftirlit“ og „gæðaþróun“ eru skilgreind í 14. og 15. tölul. 3. gr.

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 41/2007, um landlækni, er gert ráð fyrir að landlæknir geri áætlun um gæðaþróun innan heilbrigðisþjónustunnar sem lögð skuli fyrir ráðherra til staðfestingar. Er gert ráð fyrir því að heilbrigðisstofnanir og starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna setji sér gæðaáætlanir sem taki mið af staðfestri áætlun landlæknis um gæðaþróun. Er framangreind heimild til aðgangs að sjúkraskrám vegna gæðaþróunar m.a. nauðsynleg til að heilbrigðisstofnanir og starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna geti sinnt skyldum sínum samkvæmt þessum lagafyrirmælum.

Um heilbrigðisskrár sem haldnar eru með upplýsingum frá fleiri en einni heilbrigðisstofnun eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna eða á landsvísu til notkunar við gæðaþróun og gæðaeftirlit gildir hins vegar 8. gr. laga um landlækni en þar eru veittar lagaheimildir til að halda heilbrigðisskrár í þeim tilgangi að afla þekkingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu, hafa eftirlit með þjónustunni, tryggja gæði hennar og meta árangur þjónustunnar, ásamt því að nota þær við gerð áætlana um gæðaþróun í heilbrigðisþjónustu og vísindarannsóknum. Gegna þær skrár jafnframt mikilvægu hlutverki þegar kemur að gæðaþróun og gæðaeftirliti í víðara samhengi.

Um 18. gr.

Í greininni er kveðið á um heimildir til að samtengja rafræn sjúkraskrárkerfi.

Í 1. mgr. er kveðið á um heimild til að samtengja rafræn sjúkraskrárkerfi. Er umsjónaraðila sjúkraskráa veitt heimild til að veita heilbrigðisstarfsmönnum annarra heilbrigðisstofnana eða annarra starfsstofa tilgreindra heilbrigðisstarfsmanna sem ekki eiga aðild að kerfinu beinan aðgang að sjúkraskrá með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa hafi sjúklingur ekki bannað slíkan aðgang en um heimild sjúklings til slíks er fjallað í 21. gr. frumvarpsins. Er þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem eru í beinum samskiptum við sjúkling vegna meðferðar þá heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga um sjúklinginn með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa. Ef þörf krefur geta nemar í starfsnámi í heilbrigðisvísindum, sem undirgengist hafa sambærilega trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn, jafnframt fengið slíka heimild til að afla upplýsinga um sjúklinginn með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um heimild ráðherra til að kveða nánar á um samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa og um aðgangsheimildir heilbrigðisstarfsmanna við slíka samtengingu. Þá er mælt fyrir um að um öryggi persónuupplýsinga við samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa fari samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglum Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga. Er hér vísað til viðeigandi ákvæða laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, m.a. 11. og 12. gr. þar sem fjallað er um áhættumat, öryggi og gæði persónuupplýsinga og innra eftirlit, og reglna nr. 299/2001, um öryggi persónuupplýsinga, þar sem fjallað er um öryggiskerfi, öryggisráðstafanir og innra eftirlit við vinnslu persónuupplýsinga.

Um 19. gr.

Í greininni er kveðið á um rétt sjúklings til að banna miðlun upplýsinga um sig með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa.

Samkvæmt 1. mgr. hefur sjúklingur eða umboðsmaður hans rétt til að banna miðlun upplýsinga um hann með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa. Getur sjúklingur eða umboðsmaður hans samkvæmt þessu lagt bann við því í einstöku tilviki að upplýsingum um hann sé miðlað með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa en jafnframt getur hann í eitt skipti fyrir öll lagt bann við því að upplýsingum um sig sé miðlað með þessum hætti, sbr. 2. og 3. mgr. ákvæðisins. Getur bann sjúklings eða umboðsmanns hans samkvæmt framangreindu tekið til miðlunar allra rafrænna sjúkraskráruppl ýsinga um sjúklinginn sem vistaðar eru í tilteknu rafrænu sjúkraskrárkerfi eða tiltekinna sjúkraskráruppl ýsinga í rafrænni sjúkraskrá sjúklings á heilbrigðisstofnun eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna, t.d. sjúkraskráruppl ýsinga sem vistaðar eru á tilteknum deildum eða einingum innan stofnunar eða starfsstofu. Sá fyrirvari er þó gerður á heimildum sjúklings til að banna miðlun tilekinna upplýsinga að það er tæknilega mögulegt að virða slíkt bann. Ráðast möguleikar sjúklinga í þessum efnum því að einhverju leyti af tæknilegri uppbyggingu rafrænna sjúkraskrárkerfa en skv. 24. gr. frumvarpsins skal ráðherra með reglugerð kveða á um tæknikröfur og staðla sem rafræn sjúkraskrárkerfi verða að uppfylla og skal reglugerðin taka mið af rétti sjúklinga samkvæmt ákvæðum laga þessara við færslu sjúkraskráa og til að takmarka aðgang að sjúkraskrá sinni. Loks er í ákvæðinu kveðið á um að sjúklingur eða umboðsmaður hans geti lagt bann við því að tilgreindir aðilar geti aflað upplýsinga um hann með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að leggi sjúklingur eða umboðsmaður hans bann við því að sjúkraskráruppl ýsingum um hann sé miðlað með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa í einstöku tilviki skuli sá heilbrigðisstarfsmaður sem ber ábyrgð á meðferð sjúklings upplýsa hann eftir því sem við á um að meðferðin geti orðið ómarkvissari en ella þar sem ekki sé þá hægt að afla heildstæðra upplýsinga um hann. Ákvörðun sjúklings um að banna samtengingu í einstöku tilviki skal skráð í sjúkraskrá hans.

Í 3. mgr. er síðan mælt fyrir um að ákvörðun sjúklings um að leggja bann við miðlun sjúkraskráruppl ýsinga með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa skv. 1. mgr. í eitt skipti fyrir öll skuli beint til umsjónaraðila sjúkraskrárinnar og jafnframt að ákvörðunin skuli vera skrifleg og staðfest af heilbrigðisstarfsmanni sem um leið staðfestir eftir því sem við á að útskýrt hafi verið fyrir sjúklingi að með ákvörðuninni geti meðferð sem sjúklingurinn síðar kann að þarfnast orðið ómarkvissari en ella þar sem ekki sé þá hægt að afla heildstæðra upplýsinga um sjúklinginn með samtengingu rafrænna sjúkraskráa. Eðlilegt er að gerðar séu tilteknar formkröfur til ákvörðunar sem þessarar enda getur hún hugsanlega haft áhrif á heilsufarslega hagsmuni sjúklings við veitingu meðferðar í framtíðinni. Ber umsjónaraðili sjúkraskráa

ábyrgð á því að bann sjúklings varðandi samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa sé virt og að sjúkraskráruppplýsingar um viðkomandi sjúkling séu ekki aðgengilegar með samtengingu kerfisins við annað rafrænt sjúkraskrárkerfi. Loks er í ákvæðinu kveðið á um að sjúklingur geti hvenær sem er afturkallað bann við miðlun sjúkraskráruppplýsinga um hann með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa. Slík ákvörðun sjúklings um afturköllun skal staðfest af tveimur heilbrigðisstarfsmönnum og beint að umsjónaraðila sjúkraskrárinnar.

Í 4. mgr. er ráðherra veitt heimild til að setja með reglugerð nánari reglur um rétt sjúklings til að banna miðlun sjúkraskráruppplýsinga um hann með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa.

Um 20. gr.

Í greininni er kveðið á um heimildir heilbrigðisstofnana og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna til að hafa sameiginlegt sjúkraskrárkerfi.

Í 1. mgr. er heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna, tveimur eða fleirum, veitt heimild með leyfi ráðherra til að færa og varðveita sjúkraskrár sjúklinga, sem koma til meðferðar hjá þeim, í sameiginlegu rafrænu sjúkraskrárkerfi.

Í 2. mgr. kemur fram að leyfi ráðherra skv. 1. mgr. skuli aðeins veitt ef sýnt hafi verið fram á að sameiginlegt sjúkraskrárkerfi sé til þess fallið að tryggja betur öryggi sjúklinga við meðferð. Í þessu felst m.a. að sýna þarf fram á það með faglegum rökum að sameiginlegt sjúkraskrárkerfi tryggi betur hagsmuni sjúklinga en unnt er með miðlun upplýsinga með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa, sbr. heimildir í 18. gr. frumvarpsins. Er eðlilegt að slík krafa sé gerð enda má almennt segja að betur sé unnt að tryggja persónuverndarhagsmuni sjúklinga í aðskildum sjúkraskrárkerfum og þurfa því gild fagleg rök að réttlæta frávik frá því. Ráðherra getur jafnframt bundið leyfi skv. 1. mgr. þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg til að tryggja vandaða færslu sjúkraskráa, örugga varðveislu þeirra og vernd sjúkraskráruppplýsinga. Leyfisveiting ráðherra skal jafnframt ávallt bundin eftirfarandi tveimur skilyrðum, í fyrsta lagi að skilyrði reglugerðar skv. 24. gr. frumvarpsins um færslu rafrænna sjúkraskráa og rafræn sjúkraskrárkerfi sé uppfyllt og í öðru lagi að fyrir liggi staðfesting Persónuverndar á því að öryggi persónuupplýsinga í hinu sameiginlega rafræna sjúkraskrárkerfi sé tryggt í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglur Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga.

Um 21. gr.

Í greininni er kveðið á um rétt sjúklings til að takmarka aðgang að sjúkraskráruppplýsingum um sig í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi.

Samkvæmt 1. mgr. getur sjúklingur eða umboðsmaður hans lagt bann við því að sjúkraskráruppplýsingar um hann í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi séu aðgengilegar, að hluta eða öllu leyti, utan þeirrar heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna þar sem þær eru færðar. Getur bannið jafnframt tekið til sjúkraskráruppplýsinga sem vistaðar eru á tilteknum deildum eða einingum innan heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstofnunar að því marki sem það er tæknilega mögulegt, sbr. reglugerð sem ráðherra setur skv. 24. gr. Þá getur sjúklingur eða umboðsmaður hans loks lagt bann við því að tilgreindir aðilar geti aflað upplýsinga um hann í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi.

Í 2. mgr. kemur fram að ákvörðun sjúklings skv. 1. mgr. skuli beint til umsjónaraðila sjúkraskrárinnar og skal hún vera skrifleg og staðfest af heilbrigðisstarfsmanni sem jafnframt staðfestir eftir því sem við á að útskýrt hafi verið fyrir sjúklingi að með ákvörðuninni geti

meðferð sem sjúklingurinn síðar kann að þarfnast orðið ómarkvissari en ella þar sem ekki sé þá hægt að afla heildstæðra upplýsinga um sjúklinginn. Er eðlilegt hér eins og þegar um er að ræða bann sjúklings við miðlun upplýsinga með samtengingu sjúkraskrárkerfa að gerðar séu tilteknar formkröfur til ákvörðunar sem þessarar enda getur hún hugsanlega haft áhrif á heilsufarslega hagsmuni sjúklings við veitingu meðferðar í framtíðinni. Umsjónaraðili sjúkraskráa ber ábyrgð á því að bann sjúklings sé virt og að sjúkraskrárupplýsingar um viðkomandi sjúkling séu einungis aðgengilegar í samræmi við ákvörðun hans. Sjúklingur getur hvenær sem er afturkallað bann við miðlun sjúkraskrárupplýsinga um sig í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi. Ákvörðun sjúklings um afturköllun skal staðfest af tveimur heilbrigðisstarfsmönnum og beint að umsjónaraðila sjúkraskrárinnar.

Um 22. gr.

Í greininni er kveðið á um eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt. Fjórir aðilar koma að eftirliti með framkvæmd laganna, í fyrsta lagi ábyrgðar- og umsjónaraðilar sjúkraskráa á hverri heilbrigðisstofnun eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna eða í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi, í öðru lagi landlæknir á grundvelli laga um landlækni, í þriðja lagi Persónuvernd á grundvelli laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og loks lögregla þegar brot á lögunum er kært til lögreglu.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að ábyrgðar- og umsjónaraðilar sjúkraskráa skuli hafa virkt eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laganna og jafnframt að umsjónaraðili sjúkraskráa skuli hafa rétt til aðgangs að sjúkraskrám að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlitsins.

Í 2. mgr. kemur fram að landlæknir hafi, eftir því sem við á, eftirlit með því að ákvæði laga þessara séu virt og að um eftirlit landlæknis og eftirlitsúrræði fari samkvæmt lögum um landlækni.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að Persónuvernd fari með eftirlit með öryggi og vinnslu persónuupplýsinga í sjúkraskrám í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Í 4. mgr. er loks mælt fyrir um að leiði eftirlit í ljós að verulegar líkur séu á að brotið hafi verið gegn persónuverndarhagsmunum sjúklings skuli brotið kært til lögreglu. Fer þá um málið hjá lögreglu samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Er ákvæðinu ætlað að undirstrika alvarleika þess athæfis þegar brotið er gegn persónuverndarhagsmunum sjúklinga t.d. ef upplýsinga er aflað úr sjúkraskrá án þess að tilefni sé til þess vegna meðferðar sjúklings eða lagaheimild skortir að öðru leyti og er til þess fallið að auka varnaðaráhrif refsiákvæðis 23. gr. frumvarpsins gagnvart heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum sem hafa aðgang að sjúkraskrárupplýsingum samkvæmt lögum. Ákvæðið útilokar ekki að önnur brot á lögunum séu kærð til lögreglu. Þá er tekið fram í ákvæðinu að kæra til lögreglu stöðvi ekki athugun og beitingu stjórnsýsluviðurlaga samkvæmt lögum um landlækni og lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eða beitingu úrræða samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Um 23. gr.

Í greininni er kveðið á um viðurlög ef brotið er gegn ákvæðum laganna eða reglna sem settar eru á grundvelli þeirra. Er lagt til að refsirammi laganna verði sektir eða fangelsi allt að þremur árum en það er sami refsirammi og settur er við brotum á lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Um 24. gr.

Í greininni er kveðið á um reglugerðarheimildir ráðherra en jafnframt er kveðið á um heimildir ráðherra til setningar reglugerða í 2. mgr. 6. gr., 2. mgr. 18. gr. og 4. mgr. 19. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð þar sem kveðið er nánar á um færslu rafrænna sjúkraskráa, varðveislu þeirra, aðgang að þeim, aðgangsstýringu og aðgangstakmarkanir í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Þá er ráðherra jafnframt veitt heimild til að kveða á um tæknikröfur og staðla sem rafræn sjúkraskrárkerfi, þar á meðal sameiginleg sjúkraskrárkerfi, verða að uppfylla. Afar mikilvægt er að rafræn sjúkraskrárkerfi séu samræmd enda er það að ýmsu leyti forsenda rafrænnar miðlunar sjúkraskrárupplýsinga. Sérstaklega er tekið fram að reglugerðin skuli taka mið af rétti sjúklinga samkvæmt ákvæðum frumvarpsins við færslu sjúkraskráa og til að takmarka aðgang að sjúkraskrá sinni. Þá er mælt fyrir um að um öryggi persónuupplýsinga í rafrænu sjúkraskrárkerfi fari samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglum Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga.

Í 2. mgr. er ráðherra veitt almenn heimild til að setja nánari reglur um framkvæmd laganna.

Um 25. gr.

Samkvæmt ákvæðinu taka lögin, verði þau samþykkt, þegar gildi.

Um 26. gr.

Í greininni er mælt fyrir um breytingar á öðrum lögum sem gera þarf samhliða setningu nýrra laga um sjúkraskrár eins og lagt er til í frumvarpinu.

Í 1. tölul. eru lagðar til breytingar á lögum nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, og verða breytingarnar leiddar beint af þeim tillögum sem gerðar eru í frumvarpinu og felast meðal annars í því að ákvæði laga um réttindi sjúklinga sem varða sjúkraskrár og aðgang að þeim eru tekin upp í frumvarpinu. Ákvæði 3. og 4. mgr. 15. gr. laga um réttindi sjúklinga sem fjalla um aðgang að sjúkraskrám vegna vísindarannsókna verða óbreytt en heilbrigðisráðherra hefur í hyggju að skipa nefnd til að semja drög að frumvarpi til laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði.

Í 2. tölul. er lögð til breyting á ákvæðum læknalaga, nr. 53/1988, í samræmi við þær tillögur sem gerðar eru í frumvarpinu og brottfall ákvæða í lögum um réttindi sjúklinga.

Í 3. tölul. er lögð til breyting á upplýsingalögum, nr. 50/1996, þar sem lagt er til að í stað tilvísunar til laga um réttindi sjúklinga verði vísað til laga um sjúkraskrár í samræmi við efni frumvarpsins.

Í 4. tölul. er lögð til breyting á lögum nr. 139/1998, um gagnagrunn á heilbrigðissviði, þar sem lagt er til að til viðbótar tilvísunar til laga um réttindi sjúklinga verði vísað til laga um sjúkraskrár í samræmi við efni frumvarpsins.

Í 5. tölul. er lögð til breyting á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, þar sem lagt er til að í stað tilvísunar til laga um réttindi sjúklinga verði vísað til laga um sjúkraskrár í samræmi við efni frumvarpsins.

Í 6. tölul. er lögð til breyting á lögum nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, þar sem lagt er til að vísað verði til laga um sjúkraskrár.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ljóst er að rafræn sjúkraskrárkerfi sem nú eru í notkun uppfylla ekki að fullu þær kröfur sem gerðar eru í frumvarpi þessu og er því nauðsynlegt að gefa nokkuð svigrúm til að gera

nauðsynlegar breytingar. Því er lagt til að ákvæði 19. gr. um rétt sjúklings til að banna miðlun upplýsinga um sig með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa og ákvæði 21. gr. um rétt sjúklings til að takmarka aðgang að sjúkraskráruppplýsingum um sig í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi skuli koma til framkvæmda eigi síðar en 31. desember 2010.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um sjúkraskár.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði sérstök lög um sjúkraskrár en meginefni gildandi lagaákvæða um sjúkraskrár er að finna í lögum nr. 74/1994, um réttindi sjúklinga, og fjalla þau fyrst og fremst um rétt sjúklinga til aðgangs að eigin sjúkraskrám. Meginmarkmið við endurskoðun lagareglna um sjúkraskrár eru í fyrsta lagi að kveða með heildstæðum hætti á um færslu, varðveislu og aðgang að sjúkraskrám, í öðru lagi að kveða skýrar á um lagaskyldu heilbrigðisstarfsmanna til að færa upplýsingar um meðferð í sjúkrarskrá, í þriðja lagi að kveða nánar á um rétt sjúklinga við færslu upplýsinga í sjúkraskrá og síðast en ekki síst að veita lagaheimild fyrir sameiginlegum sjúkraskrárkerfum og til samtengingar rafrænna sjúkraskrárkerfa svo að unnt sé að miðla sjúkraskráruppplýsingum með rafrænum hætti milli heilbrigðisstarfsmanna sem hafa sjúkling til meðferðar. Þar leggur frumvarpið til að sjúkraskrár skuli færðar í rafrænu formi að því marki sem unnt er. Í samræmi við ákvæði laganna skal ráðherra með reglugerð kveða nánar á um færslu rafrænna sjúkraskráa, varðveislu og aðgang gagna, svo og tæknikröfur og staðla sem slík kerfi þurfa að uppfylla.

Heilbrigðisráðuneyti hefur gert áætlun um áform um uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrár og heilbrigðisnets ásamt samhæfingu upplýsingakerfa og telur að innleiðing þess fram til ársins 2011 kosti í heild samtals 1.460 m.kr. Þau áform verða ekki beinlínis leidd af ákvæðum frumvarpsins og innleiðing þeirra ræðst því fyrst og fremst af útgjaldasvigrúmi ráðuneytisins. Gera má hins vegar ráð fyrir að á móti komi verulegur ávinningur við innleiðingu rafrænna sjúkraskrárkerfa sem komi til með að draga bæði beint og óbeint úr kostnaði heilbrigðiskerfisins í heild. Á móti framangreindum kostnaði má því gera ráð fyrir að komi ótvíræður ávinningur þegar rafræn sjúkraskrá er komin til fullra framkvæmda. Heildarkostnaður eigi því að vera lægri en heilbrigðisráðuneyti áætlar. Þannig mætti t.d. gera ráð fyrir að ráðuneytið fjármagni verkefnið að stórum hluta með því að verja til þess tilteknu hlutfalli af fjárheimildum allra þeirra heilbrigðisstofnana sem koma til með að hafa hag af auknu hagræði og skilvirkni sjúkraskrárkerfisins.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að ákvæði þessi muni í sjálfu sér hafa kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Fyrstu þrjú meginmarkmið frumvarpsins leiða ekki til umtalsverðs útgjaldaauka fyrir ríkissjóð frá því sem nú er þar sem skráning meðferðar í sjúkraskrár er þegar í framkvæmd með líkum hætti og frumvarpið kveður á um. Verður því að gera ráð fyrir að hraði innleiðingar á rafrænni sjúkraskrá og samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa muni fyrst og fremst ráðast af útgjaldasvigrúmi heilbrigðisráðuneytis eins og það verður ákvarðað í fjárlögum hvers árs.

206. Svar [116. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um sérsveit ríkislögreglustjóra.

1. *Hversu margir lögreglumenn skipa sérsveit ríkislögreglustjóra?*
   Núna skipar 41 lögreglumaður sérsveit ríkislögreglustjóra.

2. *Hver eru meðallaun sérsveitarmanna og hver eru meðallaun annarra lögreglumanna?*
   Meðalheildarlaun sérsveitarmanna árið 2007 voru 7.414.834 kr.
   Meðalheildarlaun allra lögreglumanna í LL sama ár voru 6.480.836 kr.

3. *Hver er meðalaldur lögreglumanna í sérsveitinni og hver er meðalaldur almennra lögreglumanna?*
   Meðalaldur sérsveitarmanna er 35,7 ár. Meðalaldur annarra lögreglumanna er 42,5 ár.

4. *Hver hefur kostnaðurinn af rekstri sérsveitar ríkislögreglustjóra verið sl. þrjú ár, og hvernig skiptist hann á einstaka liði t.d. laun, þjálfun, búnað o.s.frv.?*
   Rekstrarkostnaður sérsveitar ríkislögreglustjóra undanfarin þrjú ár skiptist sem hér segir, í millj. kr.:

Liður	**2007**	**2006**	**2005**
Laun	311,9	255,1	183,7
Annar rekstrarkostnaður	92,8	99,0	51,4
Eignakaup	10,5	25,7	20,4
Alls	**415,2**	**379,8**	**255,5**

5. *Hversu mörgum útköllum hefur sérsveitin sinnt sl. þrjú ár, sundurliðað eftir árum, og hvers eðlis hafa þessi útköll verið?*
   Árin 2005–2007 voru verkefni sérsveitar ríkislögreglustjórans eftirfarandi:

Árið 2005	
Almenn lögregluverkefni	4.262
Öryggisgæsla	18
Vopnuð lögreglustörf	36
Staðarlögregla aðstoðuð	44
Sprengjusérfræðingar	17
Kafarar	1
Alls	**4.378**
Árið 2006	
Almenn lögregluverkefni	4.383
Öryggisgæsla	33
Vopnuð lögreglustörf	42
Staðarlögregla aðstoðuð	30
Sprengjusérfræðingar	15
Kafarar	6
Alls	**4.509**

Árið 2007	
Almenn lögregluverkefni	5.017
Öryggisgæsla	21
Vopnuð lögreglustörf	53
Staðarlögregla aðstoðuð	56
Sprengjusérfræðingar	12
Kafarar	4
Alls	**5.163**

6. Í hve mörgum þessara útkalla var um almannahættu að ræða?

Vísað er til 5. tölul. fyrirspurnarinnar um eðli útkalla sérsveitarinnar en þau eru ekki flokkuð með tilliti til almannahættu. Til þess að greina þetta þyrfti að fara í gegnum öll mál sem sérsveitin hefur komið að og leggja mat á hvert tilvik til þess að ákvarða hvenær lögregla er að sinna málum þar sem málsatvik geta hugsanlega valdið almannahættu. Slíkt verkefni er kostnaðarsamt og tímafrekt.

7. Hvernig er ákvörðun tekin um útkall sérsveitar?

Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra (FMR) tekur við öllum símtölum til lögreglu sem berast Neyðarlínu og afgreiðir þau til úrlausnar. Í flestum tilvikum er það Fjarskiptamiðstöðin sem kallar sérsveitina út krefjist lögregluverkefni þess að mati Fjarskiptamiðstöðvarinnar einkum ef sérstök hætta er á ferðum vegna vopnaburðar, sprengihættu o.þ.h. Jafnframt getur staðarlögregla kallað út sérsveit í gegnum FMR af sömu ástæðu eða með því að hafa beint samband við yfirmenn sveitarinnar vegna verkefna sem vitað er um fyrir fram að þurfi aðkomu sérsveitar. Einnig getur sérsveit verið kölluð út vegna þess að neyðaráætlanir eru virkjaðar, þar sem sérsveit hefur ákveðið hlutverk. Þá er sveitin send í almenn útkallsverkefni eftir þörfum.

Almennt gildir að sérsveit ríkislögreglustjórans skal kölluð út ef slíkt ástand skapast að maður/menn beita eða hóta að beita skotvopnum og/eða taka fólk í gíslingu. Eðli mála getur einnig verið með þeim hætti að um sé að ræða verkefni sem sérsveit er einni ætlað að sinna, svo sem kveðið er á um í neyðaráætlunum.

Einnig er heimilt að kalla til sérsveitina vegna sérstakra verkefna, svo sem tilvika sem ætla má að hin almenna lögregla ráði ekki við með hefðbundnum aðferðum og tækjabúnaði, til að yfirbuga óvopnaðan mann/menn sem t.d. hafa birgt sig inni, við húsleitir hjá hættulegum mönnum, björgunaraðgerðir og við önnur slík tilvik þar sem ætla má að sérstök þjálfun sérsveitar og tækjabúnaður komi að notum.

Þess ber að geta að sérsveitin gerir út merktar lögreglubifreiðir í umdæmum lögreglustjóranna á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum og á Akureyri. Sérsveitarmenn sinna þar öllum almennum lögreglustörfum, en um leið og útkall vegna vopnaburðar kemur upp eru sérsveitarmenn sendir umsvifalaust í verkefnið hvar sem er á landinu.

Fyrirkomulag um útkall og annað verklag sérsveitar er að finna í verklagsreglum sérsveitar ríkislögreglustjórans.

8. Hvernig er starf sérsveitarinnar skipulagt og hvernig skiptist tími sérsveitarmanna milli þjálfunar og eiginlegra lögreglustarfa?

Starfsemi sérsveitar ríkislögreglustjóra skiptist í þrjá þætti, almenn lögreglustörf, sérverkefni og þjálfun. Um 75% eða meira af vinnutíma er vegna lögregluverkefna og um 25% eða minna er vegna þjálfunar.

9. Ganga sérsveitarmenn almennar vaktir og sinna þeir útköllum til jafns við aðra lögreglumenn þegar þeir eru á vakt?

Sjá svar við 5. lið fyrirspurnarinnar.

Sérsveitarmenn ganga sólarhringsvaktir frá starfsstöðvum ríkislögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu, á Akureyri og á Suðurnesjum. Sérsveit sinnir þeim útköllum og verkefnum sem sveitin er send í af Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra. Þeir sinna því öllum almennum lögreglustörfum og starfa samkvæmt verkáætlun þar sem yfirlögregluþjónar lögregluembættanna á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum og á Akureyri hafa komið að sínum áherslum og óskum um aðstoð frá sérsveitinni vegna sérstakra verkefna í umdæmunum. Náin samvinna er með yfirlögregluþjónum á landsvísu um verkefni sérsveitar og hefur sérsveit komið að verkefnum til stuðnings hjá lögregluliðum um land allt. Nægir að nefna ýmsar bæjarhátíðir, hestamannamót, ungmennafélagshátíðir og fleiri sambærileg verkefni. Er þá litið til þess að sérsveitarmenn eru þar fyrst og fremst að sinna almennum löggæslustörfum undir stjórn viðkomandi lögreglustjóra. Með þessum hætti er komið til móts við óskir um tímabundna fjölgun í lögregluliði vegna tímabundins viðburðar í viðkomandi lögregluumdæmi.

207. Tillaga til þingsályktunar [171. mál]

um útvarp frá Alþingi.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Birkir J. Jónsson, Jón Magnússon, Kjartan Ólafsson, Kristinn H. Gunnarsson, Lúðvík Bergvinsson, Siv Friðleifsdóttir, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela forseta Alþingis að hefja undirbúning þess að útvarpa þingfundum beint um allt land á sérstakri útvarpsrás. Stefnt verði að því að útvarp frá Alþingi hefjist eigi síðar en þegar þing kemur saman haustið 2009.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var fyrst flutt á 131. löggjafarþingi, hún var flutt aftur á 135. löggjafarþingi og er nú endurflutt lítið breytt.

„Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.“ Þannig hljóðar 57. gr. stjórnarskrárinnar.

Aldrei frá setningu stjórnarskrár lýðveldisins Íslands hefur komið til þess að „utanþingsmönnum“ eða almenningi hafi verið vísað á dyr eða þingfundur haldinn fyrir luktum dyrum enda viðurkennt að hinir þjóðkjörnu fulltrúar fái umboð sitt frá þeim sama almenningi.

Þingfundum hefur verið sjónvarpað um dreifikerfi sjónvarps Ríkisútvarpsins um árabil. Þessar sendingar hafa verið í beinni útsendingu meðan engin önnur dagskrá er í sjónvarpinu, en um leið og auglýstur dagskrártími hefst þá er lokað fyrir útsendingu frá Alþingi. Síðan er reynt að senda þann hluta fundanna síðar sem ekki fór út í beinni útsendingu, oftast snemma morguns daginn eftir. Þá hefur þingfundum einnig verið sjónvarpað beint um breiðbandskerfi Símans, á Digital-Ísland og fleiri gagnaveitum. Nú er einnig hægt að fylgjast með beinum útsendingum þingfunda á veraldarvefnum. Það heyrir því næstum sögunni til að almenningur geri sér ferð á þingpalla til að hlýða á það sem fram fer á þingfundi. Slíkt gerist þó ef á dagskrá eru mikil hitamál sem einstakir hópar í samfélaginu láta sig miklu skipta.

Ætla mætti að þessi fjölbreytta miðlun sem fólki stendur til boða væri nægjanleg. En svo er ekki því segja má að hún sé einungis aðgengileg takmörkuðum hópi. Ekki eru allir tengdir við veraldarvefinn með kraftmiklum tengingum og ekki hafa allir aðgang að breiðbandi eða öðrum gagnaveitum á ljósleiðaraneti. Vitað er að margt gamalt fólk sem dvelur heima hefur síður aðgang að netinu eða fjölbreyttum gagnaveitum fjarskiptafyrirtækjanna. Þá er enn fjöldi fólks sem stundar vinnu vítt og breitt um landið annars staðar en við tölvuskjá, en gæti notið útsendinga af þingfundum á hefðbundinni útvarpsrás.

Enginn vafi er á að beint útvarp frá þingfundum mundi gera stærstum hluta landsmanna kleift að fylgjast með. Útvarpstæki eru mjög víða og mun auðveldara er að fylgjast með útsendingum í hljóðvarpi en sjónvarpi á meðan öðrum verkefnum er sinnt. Það er því mat flutningsmanna að beinar útvarpssendingar frá Alþingi ættu að vera sjálfsagður hlutur í nútímalýðræðisþjóðfélagi, á öld upplýsinga og fjölmiðlunar. Þær væru og í anda fyrri málsliðar 57. gr. stjórnarskrárinnar um að fundir Alþingis skuli haldnir „í heyranda hljóði“.

208. Fyrirspurn [172. mál]

til utanríkisráðherra um málefni íslenskra fanga erlendis.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

1. Hversu margir Íslendingar eru í fangelsum erlendis? Svar óskast sundurliðað eftir löndum, lengd fangelsisdvalar og aldursbili fanga (yngri en 20 ára, 20–29 ára, 30–39 ára o.s.frv.).
2. Hver er aðbúnaður íslenskra fanga í erlendum fangelsum? Svar óskast sundurliðað eftir fangelsum.
3. Með hvaða hætti gæta íslensk stjórnvöld hagsmuna íslenskra fanga erlendis?
4. Vinna íslensk stjórnvöld að því að íslenskir fangar erlendis geti fengið að afplána dóma sína hér á landi? Liggja fyrir óskir um slíkt frá einstökum föngum?

Skriflegt svar óskast.

209. Tillaga til þingsályktunar [173. mál]

um vantraust á ríkisstjórnina, þingrof og nýjar kosningar.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Valgerður Sverrisdóttir,
Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á ríkisstjórnina.

Alþingi lýsir þeim vilja sínum að þing verði rofið fyrir 31. desember og efnt til almennra þingkosninga í framhaldinu.

210. Svar [129. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um starfsmannafjölda í viðskiptaráðuneytinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er starfsmannafjöldi í viðskiptaráðuneytinu núna og hver var hann 12. maí 2007? Óskað er eftir upplýsingum um fjölda fastráðinna starfsmanna og tímabundið ráðinna.

Fastráðnir starfsmenn viðskiptaráðuneytisins eru nítján, auk ráðherra, og tveir starfsmenn eru með tímabundna ráðningu. Hinn 12. maí 2007 voru starfsmenn ráðuneytisins átján, auk ráðherra.

211. Fyrirspurn [174. mál]

til viðskiptaráðherra um samráð við Fjármálaeftirlitið.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvernig er háttað því samráði milli ráðherra og Fjármálaeftirlitsins sem ráð er fyrir gert í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og ætlað er til þess að ráðherra hafi yfirsýn yfir ástand fjármálamarkaðarins á hverjum tíma?
2. Hvers vegna hafði forstjóri Fjármálaeftirlitsins ekki rætt stöðu Icesave-reikninganna við ráðherra, eins og fram kom í viðtali við hann í Ríkisútvarpinu 9. nóvember sl., og hvers vegna mátti ráðherra vera ljóst hver staða Landsbankans var í vor vegna Icesave-reikninganna?

212. Frumvarp til laga [175. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða vörugjald af áður skráðu vélknúnu ökutæki sem hefur verið afskráð og flutt úr landi enda sé ástand ökutækisins í samræmi við eðlilega notkun og aldur að mati tollstjóra. Fjárhæð endurgreiðslu skal miða við það vörugjald sem greitt var við innflutning ökutækisins. Sú fjárhæð skal lækka um 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð fyrstu 12 mánuðina eftir nýskráningu ökutækisins og 1,5% fyrir hvern byrjaðan mánuð eftir það þar til 100% fyrningu er náð.

Tollstjóra er heimilt að innheimta skoðunargjald vegna skoðunar á notuðum ökutækjum sem flytja á úr landi skv. 1. mgr. Gjald þetta skal standa straum af launakostnaði tollstarfsmanna og aksturskostnaði vegna framkvæmdar skoðunarinnar.

Heimild til endurgreiðslu vörugjalds skv. 1. mgr. gildir til 1. apríl 2009. Tollstjórinn í Reykjavík annast endurgreiðslu.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem nánari skilyrði fyrir endurgreiðslu, um ástand ökutækja, um gögn sem leggja þarf fram með umsókn um endurgreiðslu og um eftirlit og kæruheimildir.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskatt af áður skráðu vélknúnu ökutæki sem hefur verið afskráð og flutt úr landi enda sé ástand ökutækisins í samræmi við eðlilega notkun og aldur að mati tollstjóra. Fjárhæð endurgreiðslu skal miða við þann virðisaukaskatt sem greiddur var við innflutning ökutækisins. Sú fjárhæð skal lækka um 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð fyrstu 12 mánuðina eftir nýskráningu ökutækisins og 1,5% fyrir hvern byrjaðan mánuð eftir það þar til 100% fyrningu er náð. Hafi eigandi hins útflutta ökutækis fengið virðisaukaskatt af því endurgreiddan í formi innskatts skapast ekki réttur til endurgreiðslu.

Tollstjóra er heimilt að innheimta skoðunargjald vegna skoðunar á notuðum ökutækjum sem flytja á úr landi skv. 1. mgr. Gjald þetta skal standa straum af launakostnaði tollstarfsmanna og aksturskostnaði vegna framkvæmdar skoðunarinnar.

Heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts skv. 1. mgr. gildir til 1. apríl 2009. Tollstjórinn í Reykjavík annast endurgreiðslu.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem nánari skilyrði fyrir endurgreiðslu, um ástand ökutækja, um gögn sem leggja þarf fram með umsókn um endurgreiðslu og um eftirlit og kæruheimildir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til tímabundnar breytingar á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sem heimila endurgreiðslu virðisaukaskatts og vörugjalda af notuðum ökutækjum sem eru afskráð og flutt úr landi. Verulega hefur dregið úr sölu nýrra og notaðra bifreiða hérlendis á síðustu mánuðum og nú er svo komið að verulegur fjöldi ónotaðra ökutækja hefur safnast upp. Frumvarpi þessu er því ætlað að greiða fyrir sölu notaðra bifreiða úr landi sem auka mun gjaldeyristekjur þjóðarbúsins til skemmri tíma, jafnframt því að ýta undir það að hjól atvinnulífsins fari að snúast á ný. Auk þess má reikna með að frumvarpið flýti fyrir fjölgun vistvænna ökutækja í umferðinni.

Ef frumvarpið verður að lögum verður heimilt að endurgreiða vörugjald og virðisaukaskatt af afskráðum ökutækjum sem flutt eru úr landi fram til 1. apríl 2009. Endurgreiðslan tekur mið af þeirri fjárhæð sem greidd var í vörugjöld og virðisaukaskatt við innflutning ökutækis að teknu tilliti til aldurs þess. Þannig lækkar viðmiðunarfjárhæð endurgreiðslu um 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð, fyrstu 12 mánuðina eftir skráningu ökutækisins, og 1,5% fyrir hvern mánuð eftir það. Samkvæmt frumvarpinu hafa eigendur ökutækja sem notið hafa innskattsréttar af ökutækjum sínum ekki rétt til endurgreiðslu virðisaukaskatts. Í frumvarpinu er einnig lagt til að tollstjórum verði veitt heimild til gjaldtöku vegna eftirlits með ökutækjum sem flutt eru úr landi, en tollstjórinn í Reykjavík mun annast endurgreiðslurnar.

Gert má ráð fyrir að breytingin kunni að kosta ríkissjóð 1,5–2 milljarða kr. í beinum endurgreiðslum en á móti vega óbein áhrif aukinnar veltu og veltuskatta af þeim gjaldeyri sem fæst fyrir bifreiðaútflutninginn. Áætlað er að allt að 5.000 bifreiðar verði fluttar úr landi á næstu mánuðum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með 1. mgr. er lagt til að heimilt verði að endurgreiða vörugjald af vélknúnum ökutækjum sem eru afskráð og flutt úr landi. Til að koma í veg fyrir misnotkun er lagt til að ákveðnar kröfur verði gerðar til ástands ökutækjanna sem nánar verða skilgreindar í reglugerð. Ef frumvarpið verður að lögum er gert ráð fyrir að tollstjórinn í Reykjavík annist endurgreiðsluna en tollstjórar í viðkomandi umdæmum hafi eftirlit með því að ökutækin hafi verið afskráð og meti ástand þeirra við útflutning. Í greininni er lagt að endurgreiðslan verði miðuð við það vörugjald sem greitt var við innflutning ökutækisins að teknu tilliti til fyrninga. Tollstjórinn í Reykjavík hefur upplýsingar um hversu mikið var greitt í aðflutningsgjöld af öllum gjaldskyldum ökutækjum sem flutt hafa verið til landsins og tollafgreidd.

Í 2. mgr. er tollstjóra veitt heimild til gjaldtöku vegna skoðunar á notuðum ökutækjum sem flytja skal úr landi. Slík heimild er nauðsynleg þar sem fyrirséð er að töluverð vinna fari í að meta og kanna ástand ökutækja í samræmi við ákvæði 1. mgr. Gjald þetta skal standa straum af launakostnaði tollstarfsmanna og aksturskostnaði vegna framkvæmdar skoðunarinnar.

Í 3. mgr. kveðið á um að heimild til endurgreiðslu gildi til 1. apríl 2009 og að tollstjórinn í Reykjavík annist endurgreiðsluna.

Í 4. mgr. er lagt til fjármálaráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslunnar.

Um 2. gr.

Með 1. mgr. er lagt til að virðisaukaskattur verði endurgreiddur af áður skráðum vélknúnum ökutækjum sem eru afskráð og flutt úr landi. Gert er ráð fyrir að endurgreiðslan komi til með að miðast við að sá virðisaukaskattur sem greiddur var við innflutning á ökutækinu verði endurgreiddur að teknu tilliti til fyrninga. Lagt er til að hafi eigandi ökutækis fengið virðisaukaskatt endurgreiddan í formi innskatts skapist ekki réttur til endurgreiðslu.

Í 2. mgr. er tollstjóra veitt heimild til gjaldtöku vegna skoðunar á notuðum ökutækjum sem flytja skal úr landi. Slík heimild er nauðsynleg þar sem fyrirséð er að töluverð vinna fari í að meta og kanna ástand ökutækja í samræmi við ákvæði 1. mgr. Gjald þetta skal standa straum af launakostnaði tollstarfsmanna og aksturskostnaði vegna framkvæmdar skoðunarinnar.

Í 3. mgr. kveðið á um að heimild til endurgreiðslu gildi til 1. apríl 2009 og að tollstjórinn í Reykjavík annist endurgreiðsluna.

Í 4. mgr. er lagt til fjármálaráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslunnar.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að endurgreiddur verði hluti virðisaukaskatts og vörugjalds af notuðum vélknúnum ökutækjum sem eru seld eða flutt úr landi fram til 1. apríl 2009. Á undanförnum misserum hefur myndast mikið ójafnvægi á markaði fyrir nýjar og notaðar bifreiðar. Velta hefur dregist verulega saman, auk þess sem dregið hefur hratt úr innflutningi frá því sem verið hefur undanfarin ár. Er nú svo komið að um 5.000 ótollafgreiddar nýjar bifreiðar eru í landinu og um 8–10 þúsund óseldar notaðar bifreiðar. Stór hluti óseldra notaðra bíla hefur verið tekinn sem greiðsla upp í nýjar bifreiðar og er í eigu bifreiðaumboðanna en um 3.000 eru nýlegar bifreiðar sem bílaleigur hyggjast endurnýja fljótlega. Með frumvarpinu er hugmyndin að greiða fyrir sölu notaðra bifreiða úr landi og rjúfa þannig þá kyrrstöðu sem upp er komin í sölu á nýjum bifreiðum. Með því móti kynni einnig að vera aflað gjaldeyris fyrir þjóðarbúið til skemmri tíma litið sem gæti numið í kringum 10 milljörðum króna eftir því hversu mikill útflutningurinn verður. Þess skal þó getið að samkvæmt frumvarpinu er endursala á bifreið til útlanda ekki skilyrði fyrir endurgreiðslu heldur einungis flutningur úr landi.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að virðisaukaskattur og vörugjöld sem greidd voru af bifreiðum við tollafgreiðslu þeirra myndi endurgreiðslugrunn. Endurgreiðsluhlutfallið lækki með aldri bílsins frá tollafgreiðsludegi. Þannig er gert ráð fyrir að grunnurinn lækki um 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð fyrstu 12 mánuðina og um 1,5% á mánuði eftir það, þar til fyrning hefur náðst að fullu rúmum 5 árum eftir tollafgreiðslu. Endurgreiðsla virðisaukaskatts nær ekki

til þeirra ökutækja sem hafa notið innskatts en í slíkum tilfellum yrðu vörugjöld endurgreidd eftir sömu reglum og að ofan greinir.

Gert er ráð fyrir að endurgreiðslur af þessum toga verði ekki dregnar frá skatttekjunum á tekjuhlið ríkissjóðs heldur færðar sem útgjöld á gjaldahlið þar sem um er að ræða útborganir vegna gjaldheimtu fyrri ára. Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir því að kostnaður ríkissjóðs gæti orðið á bilinu 1,5 til 2,0 milljarðar króna. Þetta mat byggist á því að um 5.000 ökutæki verði flutt úr landinu á gildistíma laganna. Á móti kemur að þessi útflutningur ætti að liðka fyrir sölu þeirra bifreiða sem fluttar hafa verið til landsins, en ekki tollafgreiddar. Tekjur ríkissjóðs af þesum innflutningi verði þannig meiri en ella hefði orðið. Ekki er gert ráð fyrir þessum útgjöldum í gildandi fjárlögum eða frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009.

213. Frumvarp til laga [176. mál]

um breytingu á lögum um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008.

Flm.: Álfheiður Ingadóttir, Kolbrún Halldórsdóttir,
Jón Bjarnason, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að eignir fyrrverandi stjórnenda, eigenda og tengdra aðila þeirra fjármálastofnana sem íslenska ríkið hefur yfirtekið á grundvelli 1. gr. skuli kyrrsettar þar til opinber rannsókn leiðir í ljós hvort viðkomandi njóti réttarstöðu sakbornings vegna gruns um refsiverða háttsemi í aðdraganda og í tengslum við setningu laganna. Um kyrrsetningu á eignum sakborninga gilda ákvæði 85. gr. laga um meðferð opinberra mála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt frumvarpi þessu er Fjármálaeftirlitinu veitt heimild til að kyrrsetja eignir fyrrverandi stjórnenda, eigenda og annarra tengdra aðila gömlu bankanna þriggja, Landsbanka, Kaupþings og Glitnis.

Óhjákvæmilegt er að umfangsmikil rannsókn fari fram á þeim atburðum sem urðu valdir að því efnahagshruni sem íslensk þjóð stendur núna frammi fyrir. Rannsóknin getur leitt í ljós að þeir sem mesta ábyrgð báru á starfsemi umræddra banka hafi gerst sekir um saknæma hegðun og að þeir hafi hagnast með óréttmætum hætti á kostnað ríkisins eða annarra einstaklinga eða lögaðila.

Með því að nú eru margar vikur liðnar frá hruni bankanna án þess að rannsókn sé hafin á aðdraganda þess og hugsanlegri saknæmri háttsemi fyrrverandi stjórnenda, eigenda og annarra tengdra aðila er hætt við að rannsóknarhagsmunum verði spillt og eignum jafnvel skotið undan. Í núgildandi lögum eru upptöku eigna settar þröngar skorður en miðað við aðstæður er rík

ástæða til að rýmka nú þegar heimildir til kyrrsetningar eigna sem að lokinni rannsókn kunna að vera taldar tengjast ólögmætri auðgun eða vera andlag skaðabótakrafna einstaklinga sem hafa orðið fyrir fjárhagstjóni vegna starfsemi bankanna undanfarin ár.

Tilgangur frumvarps þessa er að reisa skorður við því að framangreindir aðilar ráðstafi eignum sínum á meðan ekkert liggur fyrir hvort, að hve miklu leyti og hverjum þeim beri að bæta það tjón sem orðið hefur vegna hrunsins. Þrátt fyrir að inngrip í eignarréttinn af þessu tagi eigi sér fá fordæmi verður til þess að líta að um tímabundna aðgerð er að ræða sem skoða þarf í ljósi þeirra sérstöku atvika er leiddu til setningar svonefndra „neyðarlaga“, þ.e. laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008.

Frumvarpið gengur ekki óeðlilega gegn hagsmunum viðkomandi einstaklinga enda fellur kyrrsetning niður skv. 85. gr. laga um meðferð opinberra mála ef rannsókn leiðir ekki til saksóknar eða viðkomandi er sýknaður með endanlegum dómi af greiðslu sektar skaðabóta og sakarkostnaðar eða upptaka eigna hefur ekki verið dæmd.

214. Svar [113. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Sifjar Friðleifsdóttur um fund með fjármálaráðherra Breta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða málefni voru rædd og hverjir voru viðstaddir fund ráðherra með fjármálaráðherra Breta 2. september sl.? Óskað er eftir því að ráðherra birti í svarinu minnisblöð sem tengjast fundinum.

Ráðherra fundaði 2. september sl. með Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands. Á fundinum ræddu ráðherrarnir almennt um aðstæður á mörkuðum og viðskipti landanna. Meginefni fundarins var um það að æskilegt væri að færa innstæðureikninga hjá útibúi Landsbankans í London í breskt dótturfélag. Bresk stjórnvöld höfðu unnið að því um nokkurt skeið ásamt íslenskum stjórnvöldum að fá Landsbankann til að flytja innstæður svokallaðra Icesave-reikninga úr útibúinu í breskt dótturfélag. Bresk stjórnvöld gerðu mjög stífar kröfur um flutning eigna Landsbankans til Bretlands og um tímamörk fyrir eignaflutninginn. Tilgangurinn með fundinum var að fara fram á að bresk stjórnvöld heimiluðu að innlánsreikningarnir yrðu fluttir í breskt dótturfélag strax, en að Landsbankanum yrði gefinn eðlilegur frestur til skipulegs flutnings á eignum á móti innstæðum þannig að fjármögnunarsamningar bankans röskuðust sem minnst. Ráðherra tók ekki saman formlegt minnisblað um fundinn annað en það sem fram kemur að ofan um efni fundarins.

Auk viðskiptaráðherra sóttu fundinn af Íslands hálfu sendiherra Íslands í Bretlandi, ráðuneytisstjórinn í viðskiptaráðuneytinu, ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu, formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu og aðstoðarmaður viðskiptaráðherra.

215. Svar [122. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um húsaleigusamninga ríkisins og ríkisstofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hafa fyrir hönd ríkissjóðs verið gerðir húsaleigusamningar með þeim skilmálum að leigufjárhæð sé bundin erlendri mynt að hluta eða öllu leyti, og ef svo er:

a. *hversu margir slíkir samningar eru í gildi nú, hver var samanlögð fjárhæð þeirra á mánuði 1. nóvember sl. og hversu stór hluti er háður gengi erlendra gjaldmiðla,*
b. *hversu margir slíkir samningar hafa verið gerðir frá 1. júlí 2007,*
c. *hver eru áhrif þessa á húsaleigukostnað ríkisins og ríkisstofnana frá 1. janúar sl.,*
d. *til hversu langs tíma eru samningar sem hér um ræðir og hvernig eru uppsagnarákvæði þeirra,*
e. *hefur ráðherra hug á að láta fara fram endurskoðun og/eða uppsögn þessara samninga?*

a. Húsaleigusamningar með þeim skilmálum að leigufjárhæð sé bundin erlendri mynt að hluta eða öllu leyti hafa nánast ekkert tíðkast hjá ríki og ríkisstofnunum að frátöldum samningum um húsaleigu erlendis. Könnun á tíðni slíkra samninga hér á landi leiddi í ljós að einn slíkur samningur virðist hafa verið gerður á undanförnum missirum. Um er að ræða samning um leigu á 3.500 fm. húsnæði fyrir ríkisstofnun. Í samningnum er gert ráð fyrir að helmingur leigufjárhæðar breytist í samræmi við gengi evru gagnvart íslenskri krónu. Leigufjárhæð fyrir fullbúið húsnæði án lauss búnaðar er 1.290 kr. á fm. án virðisaukaskatts miðað við grunnvísitölu ágústmánaðar 2007 og gengisvísitölu sama mánaðar.

b. Samkvæmt athugun ráðuneytisins virðist einn slíkur samningur hafa verið gerður frá 1. júlí 2007.

c. Þessi samningur hefur ekki haft nein áhrif á húsaleigukostnað ríkisins enda er framangreint húsnæði enn óbyggt og greiðsla húsaleigu þar af leiðandi ekki hafin.

d. Umræddur samningur er gerður til 25 ára og er óuppsegjanlegur nema aðilar verði sammála um annað.

e. Engin áform eru um uppsögn þessa samnings.

216. Svar [132. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Atla Gíslasonar um launakjör á vinnustöðum fatlaðra.

Leitað var upplýsinga um þetta mál hjá Hlutverki – samtökum um vinnu og verkþjálfun.

1. *Hvað hafa margir vinnustaðir fatlaðra gert kjarasamninga í samræmi við samkomulag Alþýðusambands Íslands og Hlutverks – samtaka um vinnu og verkþjálfun frá maí 2006 um laun og réttindi fatlaðra starfsmanna?*

Alls hafa tólf vinnustaðir fatlaðra gert kjarasamninga á grundvelli samkomulagsins og unnið er að samningum við tvo vinnustaði til viðbótar.

2. *Hvaða vinnustaðir hafa gert slíka kjarasamninga og greiða starfsmönnum laun í samræmi við ákvæði þeirra?*

Eftirfarandi vinnustaðir hafa gert kjarasamninga á grundvelli samkomulags Alþýðusambands Íslands og Hlutverks – samtaka um vinnu og verkþjálfun:

Ás – vinnustofa, Brautarholti 6, Reykjavík. Kjarasamningur við Eflingu.

Ásgarður – handverkstæði, Álafossvegi 22–24, Mosfellsbæ. Kjarasamningur undirritaður við Eflingu.

Blindravinnustofan, Hamrahlíð 17, Reykjavík. Kjarasamningur við Eflingu.

Bjarkarás, Stjörnugróf 9, Reykjavík. Kjarasamningur við Eflingu.

Fjöliðjan – vinnu- og hæfingarstaður, Dalbraut 10–12, Akranesi. Kjarasamningur við Verkalýðsfélag Vesturlands.

Múlalundur, Hátúni 10 C, Reykjavík. Kjarasamningur við Eflingu.

Plastiðjan Bjarg/Iðjulundur, Furuvöllum 1, Akureyri. Kjarasamningur við Einingu–Iðju.

Stólpi, Lyngási 12, Egilsstöðum. Fatlaðir starfsmenn í verndaðri vinnu í Stólpa fá greitt samkvæmt almennum kjarasamningi AFLS starfsgreinafélags og njóta allra réttinda samkvæmt þeim samningi.

Vinnustaðir ÖBÍ, Hátúni 10, Reykjavík. Kjarasamningur við Eflingu.

Vinnustofur Skálatúns, Skálatúni, Mosfellsbæ. Kjarasamningur undirritaður við Eflingu.

Vinnustofan Hólaberg, Gerðubergi 1, Reykjavík. Kjarasamningur við Eflingu.

Örvi, Kársnesbraut 110, Kópavogi. Kjarasamningur við Eflingu.

3. *Hvaða vinnustaðir hafa ekki enn lokið slíkum samningum?*

Eftirfarandi vinnustaðir eru að vinna að samningsgerð:

Kertaverksmiðjan Heimaey, Faxastíg 46, Vestmannaeyjum.

Sólheimar, Grímsnesi.

VISS, Gagnheiði 39, Selfossi.

4. *Hvernig er launum og réttindum fatlaðra starfsmanna fyrirkomið á þeim stöðum sem ekki hafa gert kjarasamninga?*

Á flestum þeim stöðum sem hafa gert kjarasamninga eru laun og réttindi samkvæmt kjarasamningum með þeim undantekningum sem hér greinir:

Ásgarður – handverkstæði: Ekki er vitað hvort greitt er samkvæmt kjarasamningum.

Vinnustaðir Skálatúns: Ekki eru greidd laun samkvæmt samningnum þar sem enginn nær 30% vinnugetu samkvæmt matsgögnum Hlutverks – samtaka um vinnu og verkþjálfun.

Á þeim stöðum þar sem ekki hafa enn verið gerðir samningar fær það fatlaða fólk sem þangað sækir þjónustu greiðslu eða umbun fyrir unnin verkefni. Sem dæmi má nefna verkefni á VISS, en þar er unnið að endurnýtingu frauðplastbakka fyrir Mjólkurbú Flóamanna og flokkunarverkefni fyrir sparisjóðinn. Greidd er ákveðin upphæð fyrir verkin og þeim fjármunum deilt á starfsmenn sem vinna við það þegar búið er að draga frá kostnað.

217. Svar [133. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Atla Gíslasonar um vinnustaði fatlaðra.

1. *Hversu margir vinnustaðir fatlaðra hafa verið færðir úr umsjá svæðisskrifstofa málefna fatlaðra til Vinnumálastofnunar síðan það var ákveðið með lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006?*

Undirbúningur yfirfærslu vinnustaða fatlaðra frá svæðisskrifstofum málefna fatlaðra til Vinnumálastofnunar hófst síðla árs 2007 eins og ákveðið var með lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006, og hefur staðið yfir allt árið 2008.

2. *Hvenær er áætlað að þessum tilflutningi verði lokið?*

Ábyrgð á atvinnumálum fatlaðra mun flytjast frá svæðisskrifstofum málefna fatlaðra til Vinnumálastofnunar 1. janúar 2009 og mun tilflutningi einstakra vinnustaða að fullu lokið 1. janúar 2010.

218. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ágúst Geir Ágústsson frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, Gunnhildi Gunnarsdóttur og Einar Jónsson frá Íbúðalánasjóði, Benedikt Sigurðarson frá Búseta á Norðurlandi, Gísla Örn Bjarnhéðinsson frá Búseta í Reykjavík, Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneytinu, Jónu Björk Guðnadóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Hauk Agnarsson frá NBI hf., Helga Bragason frá Nýja Kaupþingi, Odd Ólason frá Nýja Glitni, Gísla Jafetsson frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Stefán Árna Auðólfsson frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Tómas N. Möller frá Lífeyrissjóði verzlunarmanna. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusambandi Íslands, Byggðastofnun, umboðsmanni barna, Viðskiptaráði Íslands, Persónuvernd, Samtökum iðnaðarins, Félagsbústöðum, Búseta á Norðurlandi, Búseta í Reykjavík og Creditinfo Ísland.

Frumvarpið er þáttur í aðgerðum sem félags- og tryggingamálaráðherra hefur gripið til vegna þeirrar stöðu sem er á vinnumarkaði og í efnahagslífi þjóðarinnar. Frumvarpinu ásamt fleiri aðgerðum er ætlað að rýmka heimildir og fjölga úrræðum sem Íbúðalánasjóður hefur til að koma til móts við lántakendur sem lenda í greiðsluvanda. Lagt er til að Íbúðalánasjóði sé heimilt að leigja eða fela öðrum að leigja það íbúðarhúsnæði sem sjóðurinn hefur yfirtekið á nauðungaruppboði. Þá er lögð til lenging úr 15 árum í 30 ár á hámarkslánstíma skuldbreytingarlána Íbúðalánasjóðs sem veitt eru vegna tímabundinna greiðsluerfiðleika lántaka.

Við meðferð málsins ræddi nefndin einna helst sjónarmið varðandi útleigu íbúða þeirra sem Íbúðalánasjóður eignast, leiguverð þeirra, hámarkslánstíma sjóðsins og hvort rétt væri að skilyrða útleigu íbúðanna við að sjóðurinn hafi eignast þær á nauðungaruppboði. Þá ræddi nefndin einnig ýmis málefni tengd Íbúðalánasjóði sem ekki er tekið á í frumvarpinu, m.a. þau úrræði sem þegar hafa verið kynnt varðandi Íbúðalánasjóð og ekki kröfðust lagabreytinga og þau sem eru í undirbúningi.

Fram kom í nefndinni að ekki sé ætlunin að Íbúðalánasjóður standi sjálfur í leigumiðlun heldur feli öðrum það með samningi. Nefndin telur mikilvægt að nýtt séu þau úrræði og þekking sem til er um viðhald og útleigu. Þá geti verið rétt að dreifa útleigu íbúða þannig að ekki verði einn aðili sem sjái um heildarútleigu og viðhald þeirra íbúða sem sjóðurinn kann að eignast. Horft verði til löggiltra leigumiðlana, húsnæðissamvinnufélaga, svo sem Búseta, og sveitarfélaganna, til að mynda Félagsbústaða.

Nefndin telur einnig mikilvægt að í reglugerð um útleigu íbúða sé kveðið á um ákveðin grunnskilyrði sem leigumiðlun þurfi að uppfylla til að Íbúðalánasjóði sé heimilt að fela henni útleigu fyrir sína hönd, m.a. sé rétt að kveða á um að leigumiðlun sé ekki á vanskilaskrá, skuldi ekki opinber gjöld, hafi skilað ársreikningi á tilsettum tíma og jafnvel að gert sé áhættumat á gjaldfærni miðlunarinnar á næstu mánuðum. Þá væri hægt að kveða á um að miðlunin þurfi að hafa verið starfrækt í tiltekinn tíma til að koma til álita varðandi samning um útleigu íbúða sjóðsins. Telur nefndin að slík skilyrði ættu að koma í veg fyrir misnotkun og tryggja að viðhald og útleiga íbúða sé í höndum trausts aðila.

Hvað leiguverðið varðar telur nefndin að gæta þurfi að því að útleiga íbúða standi undir kostnaði en jafnframt sé fyrrum eiganda ekki gert ófært að greiða leigu. Í greinargerð kemur fram að Íbúðalánasjóður muni við útleigu miða við markaðsverð en á fundi nefndarinnar kom fram að engar tölur lægju fyrir um leiguverð á markaði utan þess að það hafi tekið að lækka. Nauðsynlegt er að tryggja Íbúðalánasjóði rekstrargrundvöll og því eðlilegt að leggja áherslu á að einungis er um skammtímaúrræði að ræða. Þannig verði sjóðnum gert kleift að selja íbúðir ef leiga þeirra reynist hærri en gengur og gerist en lántakendum jafnframt gert kleift að leita að hentugu húsnæði sem hefur í för með sér sem minnst hnjask eða óhagræði fyrir lántakendur og fjölskyldur þeirra.

Lengingu á hámarkslánstíma skuldbreytingarlána Íbúðalánasjóðs úr 15 í 30 ár eru sett þau takmörk í lögum um húsnæðismál að hámarkslánstími lána hjá sjóðnum er 55 ár, sbr. 4. mgr. 48. gr. laganna. Ef þessu tímamarki er haldið til streitu getur það orðið til þess að ekki geti allir nýtt sér heimildina til skuldbreytingar í 30 ár. Þar sem það getur skipt einstaklinga sköpum í því efnahagsástandi sem nú ríkir að geta lengt í lánum sínum og með því lækkað greiðslubyrði leggur nefndin til að hámarkslánstími lána hjá sjóðnum verði færður í 70 ár. Nefndin telur nauðsynlegt að samhliða slíkri lengingu séu lántakendur uppfræddir um að kostnaður aukist mjög þó að greiðslubyrði léttist einungis lítillega. Ólíkt lánum Íbúðalánasjóðs hafa lán fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða ekki verið bundin hámarkslánsfjárhæð og eru því oft og tíðum mun hærri en lán þau sem sjóðurinn veitir. Nefndin telur eðlilegt að beina þeim tilmælum til annarra lánveitenda en Íbúðalánasjóðs að heimila sambærilega skuldbreytingu og frumvarpið mælir fyrir um. Nefndin telur það í samræmi við tilmæli ríkisstjórnarinnar um að veita lántakendum sömu úrræði og nú þegar eru til staðar og væntir þess að tilmælin muni einnig eiga við um þessa breytingu. Nefndin leggur áherslu á að fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóðir geri sitt til að koma til móts við lántakendur sína með breytingum á skilmálum lána og bendir í þessu samhengi á að nokkur lög hafa þegar verið sett til að greiða fyrir þessu, til að mynda lög sem fella niður þinglýsingarkostnað og stimpilgjöld af skilmálabreytingum, sem og lög sem gera lántakendum kleift að óska einhliða eftir greiðslujöfnun á fasteignaveðlánum sínum. Nefndin leggur áherslu á að þessum lánveitendum verði gert að fara að fordæmi Íbúðalánasjóðs og veita lántakendum breytingar á skilmálum lána í samræmi við ákvæði frumvarpsins sem og breytingartillögu nefndarinnar. Að sama skapi sé eðlilegt að lántakendum sé ekki mismunað og lánveitendur hugi að því að útfæra einnig úrræðið sem kveðið er á um í 1. gr.

Í frumvarpinu er það gert að skilyrði fyrir útleigu íbúða að sjóðurinn hafi eignast þær á nauðungaruppboði. Nauðungaruppboð er kostnaðarsöm aðgerð sem getur haft neikvæð áhrif

á einstaklinga og fjölskyldur. Nefndin leggur áherslu á að allra leiða sé leitað til að aðstoða fólk í greiðsluerfiðleikum og m.a. séu einstaklingar aðstoðaðir við að minnka við sig, sé þess kostur. Í þessu sambandi lítur nefndin til þeirra úrræða sem kynnt hafa verið á síðustu vikum, lántakendum til hagsbóta, sem og frumvarps um greiðsluaðlögun sem ríkisstjórnin hefur sagt að sé væntanlegt. Augljóst er að stundum er nauðungaruppboð eina leiðin og það úrræði að geta leigt íbúð áfram fjölskyldum þá mjög kærkomið. Að sama skapi telur nefndin mikilvægt að horft sé til alvarleika slíkra aðgerða og eingöngu gripið til þeirra sem síðasta úrræðis.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað orðanna „55 ár“ í 4. mgr. kemur: 70 ár.

Alþingi, 24. nóv. 2008.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Ármann Kr. Ólafsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Ögmundur Jónasson.	Árni Johnsen.	Pétur H. Blöndal.
Jón Gunnarsson.	Birkir J. Jónsson.	Kristinn H. Gunnarsson.

219. Tillaga til þingsályktunar [177. mál]

um samninga varðandi ábyrgð ríkissjóðs á innstæðutryggingum vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu.

(Lögð fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta samninga við viðeigandi stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli þeirra sameiginlegu viðmiða sem aðilar hafa komið sér saman um.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Lagaleg afstaða.

Í kjölfar bankahrunsins í byrjun október 2008 kom í ljós að umtalsverðar fjárhæðir voru á innlánsreikningum í útibúum íslenskra banka í Evrópu. Þessar fjárhæðir voru að stærstum hluta til á innlánsreikningum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi, svokölluðum Icesave-reikningum. Þar sem starfsemi bankans í viðkomandi löndum var rekin í formi útibúa en ekki dótturfélaga gilda lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, um þessa starfsemi en þau lög eru byggð á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EBE um innlánatryggingakerfi.

Í samræmi við ákvæði 3. gr. laga nr. 98/1999 nær greiðsluskylda sjóðsins, og þar með talin ábyrgð hans á greiðslufalli, til útibúa íslenskra banka á Evrópska efnahagssvæðinu. Í þessu

efni er vísað til reglugerðar nr. 120/2000 um sama efni. Á þessari forsendu sneru stjórnvöld í viðkomandi ríkjum Evrópusambandsins sér að íslenskum stjórnvöldum í því skyni að kanna með hvaða hætti þau hygðust tryggja að sjóðurinn stæði við þær skuldbindingar sem í tilskipuninni felast.

Íslensk stjórnvöld voru ekki tilbúin til að fallast á að íslenska ríkinu bæri að ábyrgjast greiðslur til innlánseigenda ef þær færu fram úr því sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta gæti staðið undir af inngreiðslum í sjóðinn. Hafa þau haldið því skýrt til haga í öllum sínum viðræðum við stjórnvöld viðkomandi ríkja að þau telji að vafi leiki á um ábyrgð ríkja á tryggingarsjóðnum, ekki síst undir kringumstæðum þar sem fjármálakerfi aðildarríkis hrynur nánast að fullu eins og reyndin er hér á landi. Þessari lagatúlkun hefur verið hafnað af þeim ríkjum sem hlut eiga að máli svo og af Evrópusambandinu.

Af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur verið lögð áhersla á að fá úr málinu skorið fyrir viðeigandi úrskurðaraðila eða dómstól. Þessu hafa aðildarríki Evrópusambandsins alfarið hafnað. Afstaða þeirra byggist ekki síst á því að þau telja það mjög varhugavert að gefa með einhverjum hætti til kynna að vafi kunni að leika á um gildissvið þess innlánstryggingakerfis sem liggur til grundvallar innlánastarfsemi í Evrópu, þar sem ótvírætt gildi tilskipunarinnar sé forsenda þess að innstæðueigendur treysti bönkum fyrir sparifé sínu. Réttaróvissa kynni að valda ófyrirséðum afleiðingum í evrópsku bankakerfi.

2. Pólitísk staða.

Við upphaf þeirrar deilu sem hér um ræðir sneri hún einvörðungu að Bretum og Hollendingum og voru því viðræður teknar upp við þau ríki sérstaklega. Á þeim tíma stóðu líkur þegar til þess að Ísland mundi þurfa að reiða sig á lánafyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem og tvíhliða aðstoð erlendra ríkja til þess að koma efnahagslífinu á réttan kjöl á nýjan leik. Eftir að gengið hafði verið frá viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í samvinnu við sérfræðinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var skipulega unnið að því í gegnum tengslanet utanríkisþjónustunnar að kynna málstað og málaleitan Íslands fyrir aðildarríkjum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Varð framan af ekki vart neins annars en stuðnings. Það snerist hins vegar og verulegar tafir urðu á fyrirtöku viljayfirlýsingar Íslands í framkvæmdastjórn sjóðsins.

Þessi staða kom enn skýrar í ljós þegar Frakkland, sem formennskuríki í Evrópusambandinu, ákvað að beita sér fyrir viðræðum milli deiluaðila með pólitíska lausn að markmiði. Þá varð ljóst að ríki Evrópusambandsins töluðu einum rómi í málinu og lögðu kapp á að ábyrgð Íslands skýrðist sem allra fyrst. Sama átti við um starfshóp norrænu ríkjanna um lánafyrirgreiðslu við Ísland sem starfaði í framhaldi af fundi forsætisráðherra Norðurlandanna á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki. Þannig varð ljóst að lausn þessa máls væri forsenda þess að hægt væri að fjármagna að fullu þá efnahagsáætlun sem íslensk stjórnvöld höfðu sent Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til afgreiðslu og að Ísland stæði einangrað ef pólitískri samningaleið væri hafnað.

3. Niðurstaða íslenskra stjórnvalda.

Með allt framangreint í huga er það mat ríkisstjórnarinnar að hagsmunum Íslands til lengri tíma litið sé best borgið með því að stjórnvöld styðji við Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta þannig að hann geti staðið straum af þeim kostnaði sem hlýst af því að ábyrgjast lágmarkstryggingu þá sem EES-reglur mæla fyrir um að því marki sem eignir viðkomandi banka standa ekki undir henni. Gert er ráð fyrir því að þau ríki sem hlut eiga að máli muni aðstoða sjóðinn við að standa undir þessu verkefni og það verði í formi lánveitinga viðkomandi ríkja til sjóðsins með ábyrgð íslenska ríkisins. Þær viðræður sem fram undan eru munu skera úr um

nánari útfærslu þessara lánveitinga, auk þess sem hin endanlega niðurstaða mun ráðast af því að hve miklu leyti andvirði eigna viðkomandi banka mun renna til sjóðsins við uppgjör á búum þeirra.

Endanlegar niðurstöður framangreindra samninga munu verða lagðar fyrir Alþingi og aflað viðeigandi fjárheimilda eftir því sem aðstæður krefjast.

Fylgiskjal.

UMSAMIN VIÐMIÐ

1. Ríkisstjórn Íslands hefur átt viðræðufundi með stofnunum Evrópusambandsins og hlutaðeigandi aðildarríkjum þess um skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið að því er tekur til tilskipunar um innstæðutryggingar 94/19/EBE. Aðilar komu sér saman um að tilskipunin um innstæðutryggingar hafi verið felld inn í löggjöfina um Evrópska efnahagssvæðið í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og gildi því á Íslandi með sama hætti og hún gildir í aðildarríkjum Evrópusambandsins.
2. Viðurkenning allra aðila á þessari lagalegu stöðu greiðir fyrir skjótri niðurstöðu samningaviðræðna þeirra sem nú standa yfir um fjárhagsaðstoð við Ísland, þ.m.t. við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þessar samningaviðræður skulu fara fram með samhæfðum og samræmdum hætti og skal þar tekið tillit til hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í og knýjandi nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt.
3. Stofnanir Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins munu taka áframhaldandi þátt í þessu ferli sem fer fram í samráði við þær.

220. Tillaga til þingsályktunar [178. mál]

um breytta skipan gjaldmiðilsmála.

Flm.: Jón Magnússon, Guðjón A. Kristjánsson, Grétar Mar Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna möguleika á því að tengja íslensku krónuna við aðra mynt, t.d. norsku krónuna í samráði og samstarfi við norsk stjórnvöld. Reynist þess ekki kostur verði kannaðir möguleikar á að taka upp evru sem gjaldmiðil, með eða án samráðs við Evrópusambandið.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur komið betur og betur í ljós að mikið óhagræði er fólgið í því að hafa sérstakan gjaldmiðil fyrir jafn fámenna þjóð og okkur Íslendinga. Tilraun sú sem gerð hefur verið með svonefnt fljótandi gengi hefur ekki gefið góða raun og er nú a.m.k. meðorsakavaldur í verstu fjárhagslegu hremmingum sem Ísland hefur lent í. Íslenska krónan hefur verið í frjálsu falli í tæpt ár. Íslenska krónan gengur ekki sem gjaldmiðill nema á Íslandi. Skráð markaðsgengi hennar þegar þessi greinargerð er samin er mun hærra en það verð sem fá má fyrir krónur á millibankamarkaði eða fyrir krónuna í takmörkuðum viðskiptum með hana erlendis.

Hætt er við að erfitt verði fyrir Ísland án stuðnings annarra þjóða að ávinna sér traust eftir það efnahagshrun sem varð í byrjun október þegar þrír stærstu bankar landsins voru þjóðnýttir og gjaldmiðillinn fór í frjálst fall. Seðlabanki Íslands er trausti rúinn og hætt er við að hann muni verða það næstu árin. Margir hagfræðingar halda því fram að vandamálin á Íslandi séu tilkomin vegna tilrauna með fljótandi gengi.

Ísland á nú þann vafasama kost að leggja enn af stað í vegferð með krónuna sem áhættugjaldmiðil og hafa hana fljótandi á markaði. Sú leið er óráðleg að mati flutningsmanna. Í fyrsta lagi liggur fyrir að hún kostar gríðarlega fjármuni þar sem Seðlabanki Íslands verður jafnan að liggja með mikinn gjaldeyrisvarasjóð. Í öðru lagi er hætt við að sveiflur á gengi krónunnar verði ekki minni á næstu árum en verið hafa undanfarin ár. Það leiðir til áframhaldandi óstöðugleika og öryggisleysis í efnahagslífinu. Í þriðja lagi er íslensku krónunni ekki treyst í langtímaviðskiptum og verður því að styðja sig við hækju verðtryggingar langtímalána. Í fjórða lagi nýtur íslenskt fjármálalíf og Seðlabankinn ekki lengur trausts annarra þjóða, svo sem nauðsynlegt er fyrir minnsta myntkerfi í heimi sem ætlar sér að hafa sjálfstæðan gjaldmiðil á markaðsgengi. Slíkt traust tekur langan tíma að byggja upp eftir þau mistök sem hafa verið gerð við fjármálastjórn í landinu af hálfu ríkis, stofnana þess og ýmissa einkaaðila.

Flutningsmenn hafa sett fram þá skoðun að æskilegt væri fyrir okkur að tengja íslensku myntina, með samþykki Norðmanna, við norsku krónuna eða þá tengja hana við fjölþjóðlega mynt, myntkörfu sem væri samsett úr gjaldmiðlum helstu viðskiptaþjóða Íslands. Þar yrði um fasta viðmiðun að ræða með ákveðnum vikmörkum.

Einnig er mögulegt að taka upp evru einhliða en eins og Svartfjallaland hefur gert en það hefði þá ókosti að við mundum þurfa að sæta miklum athugasemdum Evrópusambandsins.

Vandamálin sem við stöndum nú frammi fyrir eru að hluta til vegna tilrauna með fljótandi gengi og verðbólgumarkmið frá árinu 2001.

Sú hugmynd að tengjast norsku krónunni byggist á því að Ísland og Noregur eru í Evrópska efnahagssvæðinu saman, eiga sameiginlegan menningararf og sameiginlega sögu að hluta til og slíkt mælir a.m.k. ekki á móti því að reynt sé að ná auknu samstarfi við Noreg. Næðust samningar væri hugsanlegt að þjóðirnar reyndu að koma upp sameiginlegri hagstjórn að hluta og seðlabankar landanna störfuðu saman eða að Seðlabanki Íslands yrði lagður niður.

Til að leysa gengisflöktið, verðbólguna, verðtrygginguna og vaxtaokrið og koma á stöðugleika í efnahagsmálum á sem fljótvirkastan og skilvirkastan hátt er myntsamstarf við Noreg hentugast. Sé pólitískur vilji fyrir hendi hjá báðum þjóðum mætti koma þessu samstarfi á mjög fljótt. Vandamál og kostnaður vegna gjaldmiðilsins yrði þá hverfandi og ekki þyrfti að taka mikil og dýr erlend lán til að tryggja gjaldeyrisvarasjóð landsmanna.

Flutningsmenn telja óvarlegt að gera nýja tilraun með að fleyta krónunni, svo sem ríkisstjórnin hefur kunngert. Ef til vill verður ekki hjá því komist einhverja hríð en þar verður þó að fara varlega og gæta þess að fjárstreymi úr landinu verði takmarkað svo sem kostur er meðan sú skipan helst. Ljóst er af fyrri reynslu að fleyting krónunnar er áhættusöm. Íslenskt atvinnulíf býr þá ekki við nauðsynlegan stöðugleika. Þá liggur líka fyrir að þessi leið er afar kostnaðarsöm fyrir þjóðina.

Flutningsmenn telja mikilvægt að íslenska þjóðin taki ekki versta kostinn, flotkrónu og áframhaldandi verðtryggingu, þegar völ er á öðrum mun betri.

Flutningsmenn telja brýnt að Alþingi lýsi vilja sínum með samþykkt þingsályktunartillögu þessarar þannig að hægt verði að koma á annarri skipan gjaldmiðilsmála en verið hefur. Það er eitt brýnasta hagsmunamál fyrirtækjanna og fjölskyldanna í landinu.

Lagt er til að í lok fyrstu umræðu verði málinu vísað til viðskiptanefndar.

221. Svar [71. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Árna Þórs Sigurðssonar um þróun efnahagsmála í nokkrum ríkjum.

1. *Hver er þróun atvinnuleysis, hagvaxtar, verðbólgu, viðskiptahalla, stýrivaxta, gengisvísitölu og afkomu ríkissjóðs í einstökum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, Sviss, Bandaríkjunum og Japan? Óskað er eftir að þróunin undanfarin fjögur ár komi fram og spá fyrir þetta ár og hið næsta og eins hvaða gjaldmiðill er notaður í hverju einstöku landi.*

Svar við þessum lið fyrirspurnarinnar kemur fram í eftirfarandi töflum.

Tafla 1. Hagvöxtur. Breyting frá fyrra ári.

	2005	2006	2007	2008	2009
Ástralía	3,0	2,6	4,1	2,9	2,7
Austurríki	2,3	3,3	3,3	2,3	1,7
Belgía	2,0	2,9	2,8	1,7	1,7
Kanada	3,1	2,8	2,7	1,2	2,0
Tékkland	6,4	6,4	6,5	4,5	4,8
Danmörk	2,5	3,9	1,8	1,2	0,6
Finnland	3,1	4,8	4,3	2,8	2,3
Frakkland	1,9	2,4	2,1	1,8	1,5
Þýskaland	1,0	3,1	2,6	1,9	1,1
Grikkland	3,8	4,2	4,0	3,5	3,4
Ungverjaland	4,1	3,9	1,3	2,0	3,1
Ísland	**7,5**	**4,4**	**3,8**	**0,4**	**–0,4**
Ísland FJR[1]	**7,4**	**4,4**	**4,9**	**1,7**	**–1,6**
Írland	5,9	5,7	4,0	1,5	3,3
Ítalía	0,7	1,9	1,4	0,5	0,9
Japan	1,9	2,4	2,1	1,7	1,5
Suður Afríka	4,2	5,1	5,0	4,3	5,0
Lúxemborg	4,8	5,9	4,6	3,0	4,0
Mexíkó	2,8	4,8	3,3	2,8	3,3
Holland	1,5	3,0	3,5	2,3	1,8
Nýja-Sjáland	2,8	2,3	3,4	1,3	2,1
Noregur	2,7	2,5	3,5	2,6	1,8
Pólland	3,6	6,2	6,6	5,9	5,0
Portúgal	0,9	1,3	1,9	1,6	1,8
Slóvenía	6,6	8,5	10,4	7,3	6,1
Spánn	3,6	3,9	3,8	1,6	1,1
Svíþjóð	3,3	4,5	2,8	2,1	2,1
Sviss	2,4	3,2	3,1	2,0	1,4
Tyrkland	8,4	6,9	4,5	3,7	4,5
Bretland	1,8	2,9	3,0	1,8	1,4
Bandaríkin	3,1	2,9	2,2	1,2	1,1
Evrusvæðið	1,7	2,9	2,6	1,7	1,4
Samtals OECD	**2,7**	**3,1**	**2,7**	**1,8**	**1,7**

Heimild: OECD-gagnagrunnur nema annað sé tekið fram.
[1]Hagstofa Íslands og spá ráðuneytisins (Þjóðarbúskapurinn – Haustskýrsla 2008).

Tafla 2. Atvinnuleysi. Breyting frá fyrra ári.

	2005	2006	2007	2008	2009
Ástralía	5,0	4,8	4,4	4,2	4,7
Austurríki	5,7	5,4	5,0	4,8	4,8
Belgía	8,5	8,2	7,5	7,0	7,2
Kanada	6,8	6,3	6,0	6,1	6,3
Tékkland	7,9	7,2	5,3	4,6	4,4
Danmörk	4,8	3,9	3,7	3,3	3,7
Finnland	8,4	7,7	6,9	6,3	6,0
Frakkland	8,9	8,8	7,9	7,5	7,6
Þýskaland	10,5	9,7	8,3	7,4	7,4
Grikkland	9,5	8,6	8,0	7,7	7,7
Ungverjaland	7,3	7,5	7,4	7,7	7,6
Ísland	**2,6**	**2,9**	**2,3**	**3,4**	**5,7**
Ísland FJR[1]	**2,1**	**1,3**	**1,0**	**2,7**	**3,8**
Írland	4,4	4,4	4,5	5,7	6,5
Ítalía	7,8	6,8	6,1	6,2	6,5
Japan	4,4	4,1	3,9	3,8	3,8
Suður-Afríka	3,7	3,5	3,2	3,1	3,1
Lúxemborg	4,7	4,4	4,4	4,5	4,9
Mexíkó	3,5	3,2	3,4	3,7	3,6
Holland	4,9	4,1	3,3	2,6	2,7
Nýja-Sjáland	3,7	3,8	3,6	3,8	3,8
Noregur	4,6	3,4	2,5	2,5	2,8
Pólland	17,7	13,8	9,6	7,8	6,9
Portúgal	7,7	7,7	8,0	7,9	7,9
Slóvenía	16,1	13,3	11,0	10,3	9,6
Spánn	9,2	8,5	8,3	9,7	10,7
Svíþjóð	5,8	5,3	4,6	4,3	4,4
Sviss	4,4	4,0	3,6	3,6	3,8
Tyrkland	10,0	9,7	9,5	10,2	10,5
Bretland	4,8	5,5	5,4	5,5	5,8
Bandaríkin	5,1	4,6	4,6	5,4	6,1
Evrusvæðið	8,8	8,2	7,4	7,2	7,4
Samtals OECD	**6,5**	**6,0**	**5,6**	**5,7**	**6,0**

Heimild: OECD-gagnagrunnur nema annað sé tekið fram.
[1]Hagstofa Íslands og spá ráðuneytisins (Þjóðarbúskapurinn – Haustskýrsla 2008).

Tafla 3. Verðbólga. Breyting frá fyrra ári.

	2005	2006	2007	2008	2009
Ástralía	2,7	3,5	2,3	4,1	3,1
Austurríki	2,1	1,7	2,2	3,1	2,2
Belgía	2,5	2,3	1,8	3,7	2,0
Kanada	2,2	2,0	2,1	1,3	1,3
Tékkland	1,9	2,6	3,0	6,8	2,9
Danmörk	1,8	1,9	1,7	3,3	2,6
Finnland	0,8	1,3	1,6	3,5	2,5
Frakkland	1,9	1,9	1,6	3,5	2,4
Þýskaland	1,9	1,8	2,3	2,9	2,1
Grikkland	3,5	3,3	3,0	4,2	3,2
Ungverjaland	3,6	3,9	8,0	6,3	3,7
Ísland	**4,0**	**6,7**	**5,1**	**9,8**	**6,0**
Ísland FJR[1]	**4,0**	**6,8**	**5,0**	**11,5**	**5,7**

	2005	2006	2007	2008	2009
Írland	2,2	2,7	2,9	3,4	2,1
Ítalía	2,2	2,2	2,0	3,6	2,1
Japan	–0,6	0,2	0,1	0,9	0,4
Suður Afríka	2,8	2,2	2,5	4,0	3,2
Lúxemborg	3,8	3,0	2,7	4,0	2,1
Mexíkó	4,0	3,6	4,0	4,4	3,3
Holland	1,5	1,7	1,6	2,4	3,0
Nýja-Sjáland	3,0	3,4	2,4	3,4	2,8
Noregur	1,5	2,3	0,7	3,6	2,5
Pólland	2,2	1,3	2,5	4,5	5,5
Portúgal	2,1	3,0	2,4	3,0	2,2
Slóvenía	2,7	4,5	2,8	4,0	3,6
Spánn	3,4	3,6	2,8	4,6	3,0
Svíþjóð	0,5	1,4	2,2	3,2	2,8
Sviss	1,2	1,1	0,7	2,2	1,5
Tyrkland	8,2	9,6	8,8	9,6	7,5
Bretland	2,0	2,3	2,3	3,0	2,5
Bandaríkin	3,4	3,2	2,9	3,9	2,2
Evrusvæðið	2,2	2,2	2,1	3,4	2,4
Heimild: OECD-gagnagrunnur nema annað sé tekið fram. [1]Hagstofa Íslands og spá ráðuneytisins (Þjóðarbúskapurinn – Haustskýrsla 2008).					

Tafla 4. Skammtímavextir. Breyting frá fyrra ári.

	2005	2006	2007	2008	2009
Ástralía	5,6	6,0	6,7	7,5	7,0
Austurríki					
Belgía					
Kanada	2,8	4,2	4,6	2,9	2,9
Tékkland	2,0	2,3	3,1	4,2	4,2
Danmörk	2,2	3,1	4,3	4,6	4,2
Finnland					
Frakkland					
Þýskaland					
Grikkland					
Ungverjaland	7,0	6,9	7,6	8,1	7,7
Ísland	**9,4**	**12,4**	**14,3**	**15,3**	**15,3**
Ísland FJR[1]	**9,4**	**12,4**	**13,4**	**15,2**	**13,0**
Írland					
Ítalía					
Japan	0,0	0,2	0,7	0,8	0,7
Suður-Afríka	3,6	4,5	5,2	5,4	5,7
Lúxemborg					
Mexíkó	9,3	7,3	7,4	7,3	6,8
Holland					
Nýja-Sjáland	7,1	7,5	8,3	8,8	8,2
Noregur	2,2	3,1	5,0	6,2	6,1
Pólland	5,2	4,2	4,8	6,5	7,2
Portúgal					
Slóvenía	2,9	4,3	4,3	4,3	4,1
Spánn					
Svíþjóð	1,7	2,3	3,6	4,3	4,3
Sviss	0,8	1,6	2,6	2,8	2,9

	2005	2006	2007	2008	2009
Tyrkland	15,6	17,9	18,3	18,9	17,3
Bretland	4,7	4,8	6,0	5,6	4,4
Bandaríkin	3,5	5,2	5,3	2,7	3,1
Evrusvæðið	2,2	3,1	4,3	4,5	4,1

Heimild: OECD-gagnagrunnur nema annað sé tekið fram.
[1]Hagstofa Íslands og spá ráðuneytisins (Þjóðarbúskapurinn – Haustskýrsla 2008).

Tafla 5. Nafngengi á móti bandaríkjadal (nema annað sé tekið fram). Breyting frá fyrra ári.

				Bráðabirgðatölur og spá		
	Mynt	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**
Ástralía	Dollar	1,313	1,328	1,195	1,071	1,058
Austurríki	Euro					
Belgía	Euro					
Kanada	Dollar	1,212	1,134	1,074	1,007	1,007
Tékkland	Koruny	23,95	22,59	20,29	16,31	16,073
Danmörk	Krone	5,996	5,943	5,443	4,848	4,814
Finnland	Euro					
Frakkland	Euro					
Þýskaland	Euro					
Grikkland	Euro					
Ungverjaland	Forint	199,5	210,4	183,6	164,3	161,4
Ísland	**Króna**	**62,9**	**69,9**	**64,1**	**75,6**	**78,9**
Ísland FJR[1]	**Króna**	**108,7**	**121,4**	**118,3**	**148,9**	**144,5**
Írland	Euro					
Ítalía	Euro					
Japan	Yen	110,1	116,4	117,8	104,5	104,4
Suður-Afríka	Rand	1024,2	951,8	929,5	1 017,3	1 044,9
Lúxemborg	Euro					
Mexíkó	Peso	10,890	10,903	10,929	10,585	10,511
Holland	Euro					
Nýja-Sjáland	Dollar	1,421	1,542	1,361	1,289	1,300
Noregur	Krone	6,441	6,415	5,858	5,116	5,045
Pólland	Zloty	3,234	3,103	2,765	2,235	2,184
Portúgal	Euro					
Slóvenía	Koruna	31,04	29,65	24,68	20,87	20,448
Spánn	Euro					
Svíþjóð	Krona	7,472	7,373	6,758	6,055	5,983
Sviss	Franc	1,246	1,253	1,200	1,049	1,046
Tyrkland	Lira	1,341	1,430	1,300	1,240	1,248
Bretland	Pound	0,550	0,543	0,500	0,509	0,510
Bandaríkin	Dollar	1,000	1,000	1,000	1,000	1,000
Evrusvæðið	Euro	0,805	0,797	0,730	0,649	0,644
	SDR	0,677	0,680	0,653	0,619	0,618

Heimild: OECD-gagnagrunnur nema annað sé tekið fram.
[1]Gengisvísitala. Heimild: Hagstofa Íslands og spá ráðuneytisins (Þjóðarbúskapurinn – Haustskýrsla 2008).

Tafla 6. Viðskiptajöfnuður sem % af VLF. Breyting frá fyrra ári.

	2005	2006	2007	2008	2009
Ástralía	–5,8	–5,5	–6,2	–4,7	–4,6
Austurríki	2,1	2,8	3,1	3,5	3,2
Belgía	2,6	2,7	1,4	1,1	0,9
Kanada	2,0	1,6	0,9	–0,2	–0,8
Tékkland	–1,6	–3,1	–2,5	–2,6	–1,8
Danmörk	4,3	2,7	1,1	0,6	0,7
Finnland	3,6	4,5	4,3	3,4	2,4
Frakkland	–0,9	–1,2	–1,2	–1,8	–1,6
Þýskaland	5,2	6,1	7,7	7,9	7,7
Grikkland	–7,2	–11,1	–14,1	–15,3	–15,2
Ungverjaland	–6,8	–6,1	–5,0	–4,4	–4,1
Ísland	**–16,1**	**–25,0**	**–15,7**	**–13,3**	**–8,6**
Ísland FJR[1]	**–16,1**	**–25,4**	**–15,4**	**–16,8**	**–8,2**
Írland	–3,5	–4,2	–5,0	–5,0	–3,8
Ítalía	–1,7	–2,7	–2,6	–2,4	–2,6
Japan	3,7	3,9	4,8	4,4	4,4
Suður-Afríka	1,9	0,6	0,6	–0,9	–1,0
Lúxemborg	11,1	10,5	9,9	9,0	9,2
Mexíkó	–0,7	–0,3	–0,8	–1,0	–2,0
Holland	7,2	8,3	6,5	6,1	5,9
Nýja-Sjáland	–8,5	–8,6	–7,9	–7,7	–8,1
Noregur	16,3	17,3	16,4	19,4	18,6
Pólland	–1,2	–2,7	–3,7	–4,5	–5,6
Portúgal	–9,5	–10,1	–9,8	–11,6	–11,6
Slóvenía	–8,6	–7,0	–5,3	–4,3	–3,1
Spánn	–7,4	–8,6	–10,1	–10,1	–9,8
Svíþjóð	6,8	8,5	8,3	8,6	8,4
Sviss	13,7	14,7	16,9	9,9	11,0
Tyrkland	–4,7	–6,1	–5,8	–5,4	–5,3
Bretland	–2,5	–3,9	–4,2	–3,3	–3,1
Bandaríkin	–6,1	–6,2	–5,3	–5,0	–4,4
Evrusvæðið	0,4	0,2	0,2	0,1	0,0
	–1,5	–1,7	–1,4	–1,3	–1,1

Heimild: OECD-gagnagrunnur nema annað sé tekið fram.
[1]Hagstofa Íslands og spá ráðuneytisins (Þjóðarbúskapurinn – Haustskýrsla 2008).

2. *Hvaða lærdóma telur ráðherra að megi draga af erfiðleikum þeirra hagkerfa á evrusvæðinu sem nú glíma við afleiðingar sterkrar evru og hárra stýrivaxta Seðlabanka Evrópu og birtast m.a. í minnkandi samkeppnishæfni og auknu atvinnuleysi?*

Stýrivextir Seðlabanka Evrópu hafa verið lækkaðir töluvert undanfarna mánuði. Á sama tíma hefur evran veikst töluvert. Evrópsk hagkerfi standa því varla lengur frammi fyrir sérstökum vandræðum vegna hárra stýrivaxta eða sterkrar evru.

Hins vegar er ljóst að stjórn Seðlabanka Evrópu horfir til stöðu efnahagsmála á evrusvæðinu í heild þegar hún tekur ákvarðanir um stýrivexti. Því er mögulegt að stýrivaxtaákvarðanir Seðlabanka Evrópu samræmist ekki þörfum einstakra jaðarhagkerfa evrusvæðisins þar sem hagsveiflan getur verið ósamhverf miðað við stærri hagkerfi þess. Vaxtahækkanir Seðlabanka Evrópu, sem bankinn beitir til þess að ná fram stöðugu verðlagi, geta því haft neikvæð áhrif á einstök hagkerfi sem hugsanlega standa þegar frammi fyrir niðursveiflu og takmörkuðum verðbólguþrýstingi. Við slíkar aðstæður verða viðkomandi hagkerfi að reiða sig á stjórnun

ríkisfjármála og uppbyggingu styrkra stoða efnahagslífsins þar sem þau geta ekki beitt peningamálastjórnun eða gengisbreytingum við aðlögun hagkerfisins.

222. Frumvarp til laga [179. mál]

um breytingu á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, og lögum um útlendinga, nr. 96/2002.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI
Breyting á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „1. janúar 2009“ í ákvæði til bráðabirgða II í lögunum kemur: 1. janúar 2012.

II. KAFLI
Breyting á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða II í lögunum:

a. Í stað orðanna „14. gr.“ kemur: 22. gr.
b. Í stað orðanna „1. janúar 2009“ kemur: 1. janúar 2012.

III. KAFLI
Breyting á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða II í lögunum:

a. Í stað orðanna „1. janúar 2009“ í 1. og 2. málsl. kemur: 1. janúar 2012.
b. Orðin „og ákvæði 4. mgr. 35. gr. laganna um heimild EES- eða EFTA-útlendings til að sækja um dvalarleyfi eftir komu til landsins“ í 2. málsl. falla brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samningar um inngöngu Búlgaríu og Rúmeníu í Evrópska efnahagsvæðið tóku gildi 1. ágúst 2007 en í samningaviðræðum um aðild ríkjanna að Evrópusambandinu var gert ráð fyrir að sömu reglur giltu á öllu svæðinu. Engu síður þótti nauðsynlegt að semja um sérstaka aðlögun á löggjöf Evrópusambandsins gagnvart hinum nýju aðildarríkjum á tilteknum sviðum. Meðal þess sem gerður var fyrirvari um var gildistaka ákvæða 1.–6. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópusambandsins, með síðari breyting-

um. Samningarnir um inngöngu Búlgaríu og Rúmeníu í Evrópusambandið gerðu því ekki ráð fyrir að þau ákvæði tækju gildi að því er varðar frjálsa för ríkisborgara þessara ríkja sem launamanna innan svæðisins fyrr en í fyrsta lagi 1. janúar 2009. Enn fremur var aðildarríkjum Evrópusambandsins gert heimilt að fresta gildistöku ákvæðanna í allt að fimm ár til viðbótar eða til 1. janúar 2014.

Reglugerð nr. 1612/68/EBE, með síðari breytingum, er hluti af V. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt viðauka B við aðildarsamning EES var framangreint bráðabirgðafyrirkomulag um gildistöku ákvæða reglugerðarinnar við stækkunina fellt undir V. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þar af leiðandi hafa Ísland, Noregur og Liechtenstein einnig heimildir til að beita tímabundnum takmörkunum varðandi frjálsa för launamanna frá nýju aðildarríkjunum á yfirráðasvæðum sínum.

Samkvæmt ákvæðum aðildarsamnings EES um frjálsa för launafólks var gert ráð fyrir að hvert aðildarríki beitti eigin landslögum og/eða ákvæðum tvíhliða samninga um aðgengi ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu að vinnumarkaði sínum fyrstu tvö árin frá stækkun svæðisins. Á þessu tímabili giltu því ekki reglur 1.–6. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE en einstök ríki gátu kosið að setja samhljóða ívilnandi reglur í landslög frá gildistöku samningsins eða hvenær sem er síðar á fyrsta tveggja ára aðlögunartímabilinu. Jafnframt var sérstaklega kveðið á um að ríkjunum væri ekki heimilt að setja strangari skilyrði fyrir dvalar- og atvinnuréttindi ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu en giltu á undirritunardegi aðildarsamnings EES.

Að fyrstu tveimur árunum liðnum er aðildarríkjunum heimilt að fresta gildistöku ákvæða 1.–6. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE í allt að þrjú ár til viðbótar eða til 1. janúar 2012. EES/ESB-ríkjum er þá gert að tilkynna framkvæmdastjórninni fyrirfram um áætlanir sínar um frestun á gildistöku reglugerðarinnar. Sendi ríki ekki frá sér slíka tilkynningu verður litið svo á að ákvæði reglugerðarinnar taki að fullu gildi að því er varðar það ríki frá 1. janúar 2009. Ríkjunum er heimilt að tilkynna síðar á aðlögunartímanum að þau hyggist hverfa frá þeim takmörkunum sem þau hafa viðhaft og taka upp hinar sameiginlegu reglur bandalagsréttar um frjálsa för launafólks. Þegar það hefur verið gert verður ekki unnt að snúa til baka, þ.e. frá hinum sameiginlegu reglum til ákvæða í landslögum. Að því er varðar EES/EFTA-ríkin ber þeim að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA fyrir fram um áætlanir sínar um frestun á gildistöku reglugerðarinnar.

Í tilvikum þar sem sýnt verður fram á alvarlega röskun á vinnumarkaði að fimm árum liðnum frá gildistöku aðildarsamnings EES er hlutaðeigandi aðildarríki heimilt að fresta gildistöku reglugerðar nr. 1612/68/EBE um tvö ár til viðbótar eða til 1. janúar 2014. Þegar svo stendur á getur aðlögunartími að því er varðar gildistöku ákvæða um frjálsa för launafólks varað í allt að sjö ár frá formlegri gildistöku aðildarsamnings EES. Eftir að aðildarríki hefur tekið upp hinar sameiginlegu Evrópureglur um frjálsa för launafólks er því ekki heimilt að taka síðar upp strangari takmarkanir um aðgengi að vinnumarkaði sínum. Að því er varðar EES/EFTA-ríkin gilda málsmeðferðarreglur 112. og 113. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um ákvarðanir þeirra um frekari frestun á gildistöku reglugerðar nr. 1612/68/EBE, sbr. bókun 44 við aðildarsamning EES, eftir að reglugerðin hefur tekið að fullu gildi. Samkvæmt 112. gr. samningsins er EES/EFTA-ríkjum heimilt að grípa einhliða til viðeigandi ráðstafana komi upp alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum, sem líklegir eru að verði viðvarandi. Ríkin verða þó að fullnægja þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 113. gr. samningsins. Þar er gert ráð fyrir að samningsaðili er hyggst grípa til öryggisráðstafana tilkynni hinum samningsaðilunum um þá tilhögun fyrir milligöngu sameiginlegu EES-nefndarinnar. Samningsaðilar skulu þá bera saman ráð sín með það fyrir augum að finna viðunandi lausn fyrir alla aðila.

Ljóst er að nokkur óvissa ríkir um stöðu og þróun á innlendum vinnumarkaði á næstu mánuðum vegna þrenginga í efnahagslífi þjóðarinnar. Atvinnuleysi hefur aukist hratt undanfarnar vikur og mældist 1,9% í október 2008. Miðað við skráningu fólks á atvinnuleysisskrá Vinnumálastofnunar á fyrstu dögum nóvember má gera ráð fyrir að atvinnuleysi verði 4,4% um mánaðamótin nóvember–desember 2008 og verði nálægt 8% um mánaðamótin janúar–febrúar 2009. Aðstæður hafa því breyst mjög hratt á innlendum vinnumarkaði og erfitt að meta hversu langt er að bíða þess að atvinnuhorfur batni á nýjan leik. Að teknu tilliti til þessara aðstæðna og þá sér í lagi þeirrar óvissu sem ríkir um framtíðina er talin ástæða til að leggja til með frumvarpi þessu að gildistöku ákvæða 1.–6. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum, verði enn frestað tímabundið samkvæmt efni sínu að því er varðar aðgengi ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu að íslenskum vinnumarkaði.

Ákvæði 1. gr. reglugerðarinnar um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum, fjallar um rétt ríkisborgara annarra aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið til að ráða sig til vinnu hér á landi á sömu forsendum og íslenskir ríkisborgarar. Er íslenskum stjórnvöldum óheimilt að takmarka aðgang ríkisborgara annarra aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að vinnumarkaði sínum, sbr. 3. og 4. gr. reglugerðarinnar. Í þessu felst meðal annars að skv. 6. gr. er óheimilt að setja sérstök skilyrði er varða heilsufar, sérþekkingu eða annað það sem mismunar ríkisborgurum annarra aðildarríkja í samanburði við íslenska ríkisborgara sem gegna sama starfi. Þá skulu ríkisborgarar annarra aðildarríkja njóta sömu aðstoðar vinnumiðlunar hér á landi og íslenskir ríkisborgarar njóta, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Er gert ráð fyrir að ákvæði þessi muni taka að fullu gildi í fyrsta lagi 1. janúar 2012 að því er varðar ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu. Önnur ákvæði reglugerðarinnar öðluðust hins vegar gildi gagnvart hinum nýju ríkjum við gildistöku aðildarsamnings EES eftir því sem við átti.

Það leiðir af frestun gildistöku ákvæða 1.–6. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE að ákvæði a-liðar 22. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga tekur ekki gildi fyrr en 1. janúar 2012 að því er varðar ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu. Munu því ákvæði laga um atvinnuréttindi útlendinga um veitingu atvinnuleyfa gilda áfram eins og verið hefur um atvinnuréttindi ríkisborgara þessara aðildarríkja. Er því gert ráð fyrir að tímabundið atvinnuleyfi skuli liggja fyrir áður en umræddir ríkisborgarar koma í fyrsta skipti til starfa á Íslandi. Í þessu sambandi má benda á að samkvæmt aðildarsamningi EES, sbr. viðauka B, er núverandi aðildarríkjum gert að veita launamönnum sem eru ríkisborgarar Búlgaríu og Rúmeníu forgang fram yfir ríkisborgara ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins að því er varðar aðgengi að vinnumarkaði sínum á því tímabili sem innlendum ráðstöfunum er beitt. Enn fremur er einstökum ríkjum óheimilt að synja þeim um áframhaldandi aðgengi að vinnumarkaði sínum uppfylli hlutaðeigandi áfram þau skilyrði sem í gildi eru fyrir útgáfu atvinnuleyfa eftir að hafa starfað í viðkomandi ríki í tólf mánuði eða lengur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að framlengdur verði til 1. janúar 2012 gildistími ákvæðis til bráðabirgða II í lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, en þar er gildistöku ákvæða 1.–6. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE frestað tímabundið að því er varðar ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu. Munu því ákvæði II. kafla laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum, gilda áfram um ríkisborgara þessara ríkja.

Um 2. gr.

Samkvæmt ákvæði þessu er gert ráð fyrir að framlengdur verði til 1. janúar 2012 gildistími ákvæðis til bráðabirgða II í lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum, en þar er kveðið á um að undanþáguheimild a-liðar 22. gr. laganna gildi ekki að því er varðar ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu. Munu því ákvæði II. kafla laganna um útgáfu atvinnuleyfa gilda áfram um rétt ríkisborgara þessara ríkja til að starfa hér á landi sem launamenn.

Um 3. gr.

Samkvæmt ákvæði þessu er gert ráð fyrir að framlengdur verði til 1. janúar 2012 gildistími ákvæðis til bráðabirgða II í lögum nr. 96/2002, um útlendinga, með síðari breytingum, en þar er kveðið á um að ákvæði a-liðar 1. mgr. 36. gr. laganna gildi ekki að því er varðar ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu. Jafnframt er lagt til að ákvæði 1. mgr. 35. gr. laganna um heimild EES- eða EFTA-útlendings til dvalar án sérstaks leyfis í sex mánuði ef hann er í atvinnuleit taki ekki gildi fyrir ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu fyrr en 1. janúar 2012. Þá er lagt til að skírskotun til 4. mgr. 35. gr. útlendingalaga í 2. málsl. ákvæðisins verði felld brott þar sem tilvitnuð málsgrein var felld úr gildi með lögum nr. 86/2008 en EES- eða EFTA-útlendingur þarf samkvæmt lögunum ekki lengur að sækja um sérstakt dvalarleyfi hér á landi. Ákvæði III. kafla útlendingalaga um dvalarleyfi gilda því um rétt ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu til að dvelja hér á landi sem launamenn.

Um 4. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, og lögum nr. 96/2002, um útlendinga.

Með frumvarpinu er lagt til að tímamörkum í lögum nr. 47/1993, nr. 97/2002 og nr. 96/2002 verði breytt til bráðabirgða til þessa að framlengja aðlögunartíma vegna frjálsrar farar launafólks og aðstandenda þeirra frá Búlgaríu og Rúmeníu til Íslands. Vegna óvissu um stöðu og þróun á innlendum vinnumarkaði á næstu mánuðum, þrenginga í efnahagslífi og spá um aukið atvinnuleysi er talin ástæða til að fresta tímabundið, til 1. janúar 2012, gildistöku ákvæða 1.–6. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE um frelsi launþega til flutninga milli Evrópska efnahagssvæðisins, sem varðar aðgengi ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu að íslenskum vinnumarkaði. Með frumvarpinu er einnig lagt til að ákvæði um atvinnuréttindi útlendinga taki ekki gildi varðandi rétt ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu fyrr en 1. janúar 2012. Einnig eru sömu tímamörk sett við rétt ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu til að dvelja á Íslandi í sex mánuði við atvinnuleit eða til að sækja um dvalaleyfi eftir komu til landsins.

Ekki verður séð að frumvarpið komi til með að auka útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

223. Frumvarp til laga [180. mál]

um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

Flm.: Sturla Böðvarsson, Geir H. Haarde, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
Steingrímur J. Sigfússon, Valgerður Sverrisdóttir, Guðjón A. Kristjánsson.

I. KAFLI
Markmið rannsóknar.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að sérstök rannsóknarnefnd á vegum Alþingis leiti sannleikans um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Þá skal hún leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni, og hverjir kunni að bera ábyrgð á því. Nefndin skal í þessu skyni:

1. Varpa sem skýrustu ljósi á aðdraganda og orsakir þess vanda íslenska bankakerfisins sem varð Alþingi tilefni til að setja lög nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.
2. Gera úttekt á reglum íslenskra laga um fjármálamarkaðinn í samanburði við reglur annarra landa og framkvæmd stjórnvalda á þeim.
3. Leggja mat á hvernig staðið hafi verið að eftirliti með fjármálastarfsemi hér á landi á síðustu árum og upplýsingagjöf af því tilefni milli stjórnvalda, til ríkisstjórnar og til Alþingis.
4. Koma með ábendingar og tillögur að breytingum á lögum, reglum, vinnubrögðum og skipulagi opinberrar stjórnsýslu sem miða að því að gera íslenskt fjármálakerfi færara um að bregðast við þróun og breytingum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.
5. Gera ráðstafanir til þess að hlutaðeigandi yfirvöld fjalli um mál þar sem grunur vaknar við rannsókn nefndarinnar um refsiverða háttsemi eða brot á starfsskyldum og gera jafnframt grein fyrir þeim málum í skýrslu til Alþingis.
6. Skila Alþingi skýrslu um rannsóknina ásamt þeim samantektum og úttektum sem nefndin ákveður að láta vinna í þágu rannsóknarinnar.

Að því marki sem nefndin telur nauðsynlegt er henni heimilt að láta rannsókn sína taka til atburða eftir gildistöku laga nr. 125/2008 eða gera tillögu um frekari rannsókn á slíkum atburðum.

Í tengslum við athugun á fyrrgreindum atriðum skal enn fremur fara fram rannsókn þar sem lagt verði mat á hvort skýringar á falli íslensku bankanna og tengdum efnahagsáföllum megi að einhverju leyti finna í starfsháttum og siðferði á fjármálamarkaði.

II. KAFLI
Skipan rannsóknarnefndarinnar og störf hennar.

2. gr.

Skipa skal nefnd þriggja manna til að rannsaka og leggja mat á þau atriði sem tilgreind eru í 1. gr. Í nefndinni eiga sæti:

1. Einn dómara Hæstaréttar Íslands samkvæmt ákvörðun dómara réttarins og skal hann vera formaður nefndarinnar. Dómsmálaráðherra skal veita honum leyfi frá störfum réttarins á meðan nefndin starfar. Verði hann forfallaður eða geti ekki af öðrum ástæðum sinnt

starfinu skal Hæstiréttur tilnefna annan úr röðum dómara réttarins til að taka sæti í nefndinni eða einstakling sem fullnægir skilyrðum laga til að gegna starfi hæstaréttardómara.
2. Umboðsmaður Alþingis. Verði hann forfallaður eða geti ekki af öðrum ástæðum sinnt starfinu skal forsætisnefnd Alþingis skipa annan mann í nefndina í hans stað sem uppfyllir skilyrði laga til að gegna starfi umboðsmanns.
3. Hagfræðingur, löggiltur endurskoðandi eða háskólamenntaður sérfræðingur, sem hefur víðtæka þekkingu á efnahagsmálum og/eða starfsemi fjármálamarkaða, skipaður af forsætisnefnd Alþingis.

Rannsóknarnefndin skipar sérstaka vinnuhópa með fulltrúum innlendra og/eða erlendra sérfræðinga sem séu nefndinni til aðstoðar eða sinni ákveðnum rannsóknarverkefnum.

Forsætisnefnd skipar þriggja manna vinnuhóp einstaklinga með háskólamenntun í heimspeki, sagnfræði, félagsfræði, stjórnmálafræði eða öðrum hliðstæðum greinum sem fjallar í samráði við rannsóknarnefndina um þann þátt rannsóknarinnar sem getið er í 3. mgr. 1. gr.

Rannsóknarnefndin er í störfum sínum óháð fyrirmælum frá öðrum, þar með töldu Alþingi. Sama gildir um vinnuhópa skv. 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir sömu reglum og fram koma í 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Ber nefndarmanni að víkja sæti að því marki sem hann tengist einstaklingi, stofnun eða einkafyrirtæki sem rannsókn nefndarinnar beinist að.

Nefndin skal birta opinberlega upplýsingar um hlutabréfaeign nefndarmanna í fjármálafyrirtækjum sem aðgerðir stjórnvalda samkvæmt lögum nr. 125/2008 hafa tekið til, skuldir þeirra við þau, svo og starfsleg tengsl þeirra, maka þeirra og náinna skyldmenna þeirra við þá sem sinnt hafa stjórnunarstörfum í umræddum fjármálafyrirtækjum eða þeim stofnunum ríkisins sem rannsókn nefndarinnar beinist að. Sama gildir um önnur atriði sem haft geta áhrif á sérstakt hæfi nefndarmanna. Upplýsingar þessar skulu miðast við síðastliðin fimm ár fyrir gildistöku laganna, fjárhæðir sem eru yfir fimm milljónir króna og einnig eignarhluta umfram þá fjárhæð í félögum sem átt hafa hluti í umræddum fjármálafyrirtækjum 1. september 2008.

4. gr.

Nefndin getur leitað sérfræðilegrar aðstoðar innlendra eða erlendra aðila við mat á einstökum þáttum rannsóknarinnar. Nefndin skal gæta þess að þeir sérfróðu aðilar sem hún leitar til hafi ekki tengsl eða hagsmuni sem leiða til þess að þeir uppfylli ekki kröfur skv. 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Nefndin getur ráðið starfsmenn sér til aðstoðar og fer um verksvið og ráðningarkjör þeirra eftir nánari ákvörðun nefndarinnar. Ekki er skylt að fylgja 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, við ráðningu þeirra. Lögin gilda að öðru leyti um réttindi og skyldur starfsmannanna og greiðast laun þeirra úr ríkissjóði.

Þagnarskylda skv. 18. gr. laga nr. 70/1996, sbr. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, hvílir á nefndarmönnum og öðrum er vinna að rannsókninni um þær upplýsingar sem nefndinni berast og leynt eiga að fara. Nefndinni er þó heimilt að afhenda upplýsingar og gögn til vinnuhópa og sérfræðilegra ráðgjafa í þeim mæli sem nauðsynlegt er. Sama á við ef nefndin telur afhendingu slíkra upplýsinga nauðsynlega vegna gagnkvæmrar miðlunar upplýsinga og samstarfs við aðila erlendis sem sinna hliðstæðum rannsóknum og nefndin. Afhendi nefndin upplýsingar á grundvelli þessara heimilda hvílir þagnarskylda á þeim sem fær gögnin afhent.

Ákvæði 3. mgr. skulu ekki standa því í vegi að rannsóknarnefndin geti birt upplýsingar, sem annars væru háðar þagnarskyldu, ef nefndin telur slíkt nauðsynlegt til að rökstyðja niður-

stöður sínar. Nefndin skal þó því aðeins birta upplýsingar um persónuleg málefni einstaklinga, þ.m.t. fjármál þeirra, að hún telji að verulegir almannahagsmunir af því að birta upplýsingarnar vegi þyngra en hagsmunir þess einstaklings sem í hlut á.

5. gr.

Nefndin tekur ákvörðun um hvernig haga skuli rannsókninni, þar á meðal um nánari afmörkun rannsóknarefnisins. Formaður stýrir fundum nefndarinnar sem skulu vera lokaðir. Halda skal fundargerð um það sem fram fer á fundunum. Nefndin getur ákveðið að hluti nefndarmanna komi fram fyrir hönd nefndarinnar á fundum eða við skýrslutökur af þeim sem nefndin kallar fyrir sig. Við ákvarðanir nefndarinnar um framkvæmd rannsóknarinnar ræður afl atkvæða úrslitum mála. Verði ágreiningur um einstök atriði í niðurstöðum eða skýrslum nefndarinnar sem hún birtir geta einstakir nefndarmenn gert sérstaklega grein fyrir afstöðu sinni í bókun.

III. KAFLI
Rannsóknarheimildir og málsmeðferð.

6. gr.

Sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum sem lögaðilum, er skylt að verða við kröfu rannsóknarnefndarinnar um að láta í té upplýsingar, gögn og skýringar sem hún fer fram á. Með gögnum er meðal annars átt við skýrslur, skrár, minnisblöð, bókanir, samninga og önnur gögn sem nefndin óskar eftir í þágu rannsóknarinnar.

Nefndinni er heimilt að kalla einstaklinga til fundar við sig til að afla munnlegra upplýsinga í þágu rannsóknarinnar og er viðkomandi þá skylt að mæta. Heimilt er að taka það sem fer fram á slíkum fundum upp á hljóð- eða myndband.

Skylt er að verða við kröfu rannsóknarnefndar um að veita upplýsingar þó að þær séu háðar þagnarskyldu, t.d. samkvæmt reglum um starfsemi fjármálafyrirtækja, sérstökum reglum um utanríkismál, öryggi ríkisins eða fundargerðir ríkisstjórnar og ráðherrafunda og fundargerðir nefnda Alþingis. Sama gildir um upplýsingar sem óheimilt er að lögum að veita fyrir dómi nema með samþykki ráðherra, forstöðumanns eða annars yfirmanns viðkomandi, jafnt hjá hinu opinbera sem einkafyrirtæki.

Stjórnvöld skulu veita alla nauðsynlega aðstoð sem nefndin óskar eftir við störf sín. Þá skal nefndin, ef hún óskar, fá aðgang að gögnum og skýrslum sem sérfróðir aðilar á vegum stjórnvalda hafa unnið að um málefni sem falla undir starf nefndarinnar.

Nú verður ágreiningur um upplýsingaskyldu samkvæmt ákvæðum þessara laga og getur rannsóknarnefndin þá leitað um hann úrskurðar héraðsdóms á grundvelli 74. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Lögregla skal veita nefndinni liðsinni við að framfylgja slíkum dómsúrskurði. Heimilt er að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar innan þriggja sólarhringa frá uppkvaðningu hans.

Rannsóknarnefnd er heimilt í þágu rannsóknar að beita ákvæði 73. gr. laga nr. 88/2008 til að varna því að gögnum sé fargað og skal lögregla framfylgja þeirri ákvörðun.

7. gr.

Rannsóknarnefndin getur við rannsókn máls gert athuganir á starfsstað opinberrar stofnunar, fyrirtækis, samtaka fyrirtækja eða í öðru húsnæði og lagt hald á gögn þegar nefndin telur það nauðsynlegt í þágu rannsóknarinnar. Við framkvæmd aðgerða samkvæmt þessari grein skal fylgja ákvæðum laga nr. 19/1991 um leit og hald á munum. Rannsóknarnefndinni er heimilt að leita atbeina lögreglu við framkvæmd leitar.

Rannsóknarnefndin hefur heimild til að óska beint eftir gögnum og upplýsingum frá erlendum stjórnvöldum í tengslum við rannsókn sína. Skulu íslensk stjórnvöld veita atbeina sinn til slíkrar gagna- og upplýsingaöflunar ef nefndin óskar eftir því.

8. gr.

Sérhverjum er skylt að koma fyrir nefndina til skýrslutöku krefjist hún þess. Nefndin tilkynnir þeim sem hún óskar eftir að komi fyrir nefndina um skýrslutökuna með sannanlegum hætti og upplýsir um stað og stund hennar.

Formaður nefndarinnar stýrir skýrslutökum en getur falið öðrum nefndarmanni það. Þá getur hann falið starfsmanni nefndarinnar, fulltrúa vinnuhóps eða öðrum er vinna að rannsókninni að beina spurningum að þeim sem gefur skýrslu. Taka skal upp á hljóð- eða myndband það sem fram fer við skýrslutöku.

9. gr.

Nefndin getur óskað þess að héraðsdómari kveðji mann fyrir dóm til að bera vitni um atvik sem máli skipta að mati nefndarinnar. Um kvaðningu og skýrslugjöf og aðra framkvæmd skal fara eftir ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Ákveða má að skýrsla sé gefin fyrir luktum dyrum.

10. gr.

Þeim sem kemur fyrir nefndina á fund skv. 2. mgr. 6. gr. eða er kallaður til skýrslugjafar er heimilt að hafa með sér aðstoðarmann á eigin kostnað.

11. gr.

Ef maður af ásetningi eða gáleysi neitar að gegna skyldu sinni til að veita nefndinni upplýsingar samkvæmt ákvæðum þessara laga skal hann sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu varðar að gefa nefndinni rangar eða villandi upplýsingar eða skjóta undan, spilla eða eyða gögnum sem nefndin óskar að fá afhent. Um slík mál skal farið að hætti opinberra mála.

Einstaklingi verður þó ekki gerð refsing ef hann skorast undan því að svara spurningu ef ætla má að í svari hans geti falist játning eða bending um að hann hafi framið refsiverðan verknað eða atriði sem valdi honum siðferðislegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni. Sama á við ef ætla má að svar hefði sömu afleiðingar fyrir einhvern þann sem tengist viðkomandi með þeim hætti sem segir í 1. og 2. mgr. 50. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

12. gr.

Óheimilt er að rýra réttindi, segja upp samningi, slíta honum eða láta mann gjalda þess á annan hátt ef hann hefur látið nefndinni í té upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir rannsóknina. Séu leiddar líkur að því skal gagnaðili sýna fram á að ákvörðun sé reist á öðrum forsendum en þeim að hann hafi veitt nefndinni upplýsingar.

Ef einstaklingur hefur frumkvæði að því að bjóða eða láta nefndinni í té upplýsingar eða gögn, sem tengjast opinberri stofnun, fyrirtæki, móður- eða dótturfyrirtæki þess eða fyrirtækjum sem það er í viðskiptum við eða stjórnendum þeirra, og óskar eftir því að hann sæti ekki ákæru þótt upplýsingarnar eða gögnin leiði líkur að refsiverðu broti hans sjálfs, er nefndinni heimilt að óska eftir því við ríkissaksóknara að hann ákveði að hlutaðeigandi sæti ekki ákæru. Ef um opinberan starfsmann er að ræða getur nefndin, af sama tilefni, óskað eftir því við hlut-

aðeigandi forstöðumann eða ráðuneyti að hlutaðeigandi verði ekki látinn sæta viðurlögum vegna brota á starfsskyldum.

Skilyrði ákvörðunar skv. 2. mgr. eru að upplýsingar eða gögn tengist refsiverðu broti eða broti á opinberum starfsskyldum og talið sé líklegt að þessar upplýsingar eða gögn geti haft verulega þýðingu fyrir rannsókn nefndarinnar samkvæmt lögum þessum eða séu mikilvæg viðbót við fyrirliggjandi sönnunargögn. Ef upplýsingar eða gögn tengjast refsiverðu broti þá er það jafnframt skilyrði fyrir beitingu þessarar heimildar að rökstuddur grunur sé uppi um það að mati ríkissaksóknara að upplýsingar eða gögn tengist alvarlegu broti, fyrirséð sé að sök þess sem lætur slíkt í té sé mun minni en sök þess eða þeirra sem gögnin eða upplýsingarnar beinast gegn og ástæða sé til að ætla að án þeirra muni reynast torvelt að færa fram fullnægjandi sönnur fyrir broti.

13. gr.

Að gagnaöflun lokinni gerir nefndin þeim sem ætla má að orðið hafi á mistök eða hafi orðið uppvís að vanrækslu í starfi skriflega grein fyrir afstöðu sinni og eftir atvikum lagatúlkun á þeim atriðum sem varða þátt hans í málinu og nefndin íhugar að fjalla um í skýrslu til Alþingis. Nefndin veitir viðkomandi hæfilegan frest til að gera skriflega athugasemd við þessi atriði.

14. gr.

Vakni grunur við rannsókn nefndarinnar um að refsiverð háttsemi hafi átt sér stað, sem að mati hennar telst alvarleg, tilkynnir hún ríkissaksóknara um það.

Ef nefndin telur að ætla megi að opinber starfsmaður hafi gerst brotlegur við starfsskyldur sínar samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996 eða eftir ákvæðum annarra laga sem gilda um störf hans skal hún tilkynna viðkomandi forstöðumanni þar um og hlutaðeigandi ráðuneyti.

Nefndinni er ekki skylt að gefa viðkomandi kost á að tjá sig sérstaklega um þá ákvörðun hennar að senda mál til ríkissaksóknara, forstöðumanns eða ráðuneytis skv. 1. og 2. mgr.

Upplýsingar um þau mál sem greinir í 1. og 2. mgr. skulu birtar í skýrslu nefndarinnar.

IV. KAFLI
Skýrsla nefndar og afgreiðsla hennar.

15. gr.

Rannsóknarnefndin skal láta Alþingi í té skriflega skýrslu með rökstuddum niðurstöðum rannsóknar sinnar ásamt ábendingum og tillögum um úrbætur. Skýrslan skal þegar í stað gerð opinber. Rannsóknarnefndin getur ákveðið að skila til Alþingis sérstökum skýrslum um einstaka hluta rannsóknarinnar eða áfangaskýrslum og skal haga meðferð þeirra á sama hátt og lokaskýrslu. Stefnt skal að því að endanlegri skýrslu um rannsókn nefndarinnar verði skilað til Alþingis eigi síðar en 1. nóvember 2009.

Forseti Alþingis og formenn þingflokkanna fjalla um skýrslu nefndarinnar og gera tillögu um meðferð Alþingis á niðurstöðum hennar.

Forsætisnefnd Alþingis gerir tillögu til þingsins um til hvaða fastanefnda vísa skuli ábendingum rannsóknarnefndarinnar um úrbætur á lögum, reglum, vinnubrögðum og skipulagi opinberrar stjórnsýslu. Telji fastanefnd eftir athugun sína á málinu tilefni til breytinga gerir hún tillögu um ályktun Alþingis eða leggur fram frumvarp til lagabreytinga.

V. KAFLI
Upplýsingagjöf meðan nefndin starfar.

16. gr.

Nefndin ákveður sjálf hvaða upplýsingar eða tilkynningar hún birtir opinberlega um störf sín þar til nefndin hefur skilað Alþingi skýrslu skv. 15. gr. Sama gildir um aðgang að gögnum sem nefndin aflar.

Nefndin skal reglulega veita forseta Alþingis og formönnum þingflokkanna upplýsingar um framgang rannsóknarinnar. Forseti Alþingis getur í tilefni af slíkri upplýsingagjöf gert Alþingi grein fyrir fram komnum upplýsingum.

Óheimilt er að veita aðgang að gögnum hjá opinberum stofnunum sem rannsóknarnefndin hefur fengið afhent við rannsókn þessa nema með samþykki rannsóknarnefndarinnar.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Sá dómari Hæstaréttar sem gegnir starfi formanns og umboðsmaður Alþingis skulu meðan þeir sinna starfi nefndarinnar njóta þeirra lögkjara sem fylgja embættum þeirra. Forsætisnefnd Alþingis ákveður að öðru leyti greiðslur til nefndarmanna og ákveður önnur starfskjör þeirra. Þá ákveður hún þóknun til þeirra sem hún skipar í vinnuhóp skv. 3. mgr. 2. gr.

Ákvæði upplýsingalaga, nr. 50/1996, og ákvæði 18.–21. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda ekki um störf rannsóknarnefndarinnar. Sama gildir um ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nema sérstaklega sé til þeirra vísað í þessum lögum. Ekki er unnt að bera fram kvörtun um störf nefndarinnar til umboðsmanns Alþingis.

Rannsóknarnefndin hefur heimild til að setja sjálf frekari reglur um starfshætti sína, þar á meðal um þátttöku vinnuhópa í rannsókninni.

Kostnaður af starfi nefndarinnar, þar með talið sérfræðinga sem hún ræður, greiðist úr ríkissjóði.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

19. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við 14. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef kjörnum umboðsmanni eru falin sérstök tímabundin verkefni af hálfu Alþingis getur forsætisnefnd Alþingis, að beiðni kjörins umboðsmanns, samþykkt að setja annan mann til að sinna starfi umboðsmanns þann tíma eða samhliða með kjörnum umboðsmanni. Sá sem settur er til starfsins skal uppfylla sömu hæfisskilyrði og umboðsmaður. Ef sá sem settur er starfar samhliða kjörnum umboðsmanni skulu þeir ákveða verkaskiptingu sín í milli og skulu upplýsingar þar um birtar á vefsíðu embættis umboðsmanns. Verði ágreiningur um verkaskiptinguna ákveður kjörinn umboðsmaður hana.

Ákvæði til bráðabirgða.

Að því marki sem vísað er til laga um meðferð opinberra mála í þessum lögum skulu samsvarandi ákvæði laga um meðferð sakamála gilda frá 1. janúar 2009.

Greinargerð.

Mikil umskipti hafa orðið í íslensku efnahagslífi á árinu 2008. Bankar hér á landi lentu á árinu í erfiðleikum við að endurfjármagna sig eins og fjármálafyrirtæki víða um heim. Á sama tíma veiktist íslenska krónan og verðbólga óx að sama skapi. Fjárhagsvandi bankanna leiddi að lokum til þess að gripið var til neyðarráðstafana gagnvart þeim á grundvelli laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Ekki sér enn fyrir endann á þeirri atburðarás sem þá hófst.

Afleiðingar þessara umskipta eru miklar fyrir íslenskt atvinnulíf og almenning. Eigendur bankanna og lánardrottnar þeirra munu fyrirsjáanlega tapa fjármunum. Vandræði hafa skapast í viðskiptum við útlönd vegna skorts á erlendum gjaldeyri og vanda við greiðslumiðlun. Þá hafa skuldir fyrirtækja og heimila í erlendum gjaldmiðli vaxið mikið í íslenskum krónum vegna breytinga á gengi íslensku krónunnar. Ágreiningur reis milli stjórnvalda á Íslandi og nokkurra nágrannaríkja um ábyrgð íslenska ríkisins á innstæðum erlendra aðila í íslenskum bönkum. Ríkissjóður mun þurfa að taka á sig miklar skuldbindingar til að styrkja gjaldeyrisforðann og efla íslensku krónuna auk þess sem verulegur samdráttur virðist í uppsiglingu í íslensku atvinnulífi.

Þessi meginatriði eru vel þekkt. Ástæður þessara áfalla hafa gjarnan verið raktar til lausafjárþurrðar í hinu alþjóðlega fjármálakerfi. Því hefur þó verið haldið fram að vandinn sé ekki síður heimatilbúinn, að íslensk stjórnvöld og stjórnendur bankanna hafi sofið á verðinum. Bönkunum hafi verið leyft að vaxa út fyrir landsteinana með mikilli skuldsetningu án þess að hugað væri að því hvort íslenskt þjóðarbú gæti staðið undir þessum vexti. Réttmæt krafa hefur komið fram um að rannsókn fari fram á því hvað sé hæft í þessu og hver beri ábyrgðina. Sannleikans um ástæður falls bankanna verður að leita til að varpa ljósi á hvort rekja megi vandann til innlendra aðstæðna eða hvort íslenskt samfélag sé aðeins fórnarlamb alþjóðlegrar fjármálakreppu. Að þessu miðar frumvarp þetta sem lagt er fram af forseta Alþingis og formönnum allra stjórnmálaflokkanna sem eiga fulltrúa á Alþingi.

Ýmsar leiðir eru færar til að rannsaka þessa atburði. Þá er ljóst að rannsókn á einstökum þáttum þeirra muni einnig fara fram á öðrum vettvangi en hér er lagður til. Dómsmálaráðherra hefur þegar lagt fram frumvarp á Alþingi um embætti sérstaks saksóknara til að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda og í tengslum við þá atburði er leiddu til setningar laga nr. 125/2008, og eftir atvikum fylgja rannsókn eftir með útgáfu ákæru og saksókn. Mikilvægt er að draga skýr mörk milli sakamálarannsóknar af þessu tagi, þar sem möguleg refsiábyrgð stjórnenda bankanna og annarra er komu að rekstri þeirra er til umfjöllunar, og þeirrar rannsóknar sem hér er boðað til. Samkvæmt þessu frumvarpi er ekki ætlunin að taka hugsanlega refsiábyrgð einstaklinga sérstaklega til athugunar. Þó eru líkur á að þær upplýsingar sem nefndin aflar og muni birta kunni að varpa ljósi á hina almennu ábyrgð sem þeir bera sem störfuðu að þessum málum bæði sem stjórnendur fjármálafyrirtækjanna og hjá opinberum aðilum.

Eðlilegt er að ríkisvaldið horfi enn fremur í eigin barm og athugi hvort því hafi brugðist bogalistin. Þar sem rannsókn á þætti ríkisvaldsins í þessari atburðarás getur öðrum þræði beinst að aðgerðum ríkisstjórnar eða einstakra ráðherra er eðlilegt að hún fari fram á vegum Alþingis. Byggist það á því að ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarathöfnum gagnvart Alþingi með vísan til þingræðisreglunnar og 14. gr. stjórnarskrárinnar. Alþingi fer því með eftirlit með störfum ráðherra og þeirri stjórnsýslu sem undir þá heyrir. Hér er einnig ástæða til þess að huga að upplýsingagjöf ráðherra til Alþingis og stefnumörkun Alþingis í þessum málaflokki og þá með hliðsjón af því sem gert hefur verið í nágrannalöndum okkar sem búa við hliðstætt

réttarkerfi. Eðli málsins samkvæmt þarf í þessu sambandi að taka tillit til íslenskra aðstæðna og þá meðal annars stærðar þjóðarbúsins í samanburði við vöxt fjármálafyrirtækjanna.

Stjórnarskráin býður upp á ákveðna leið til að efna til rannsóknar af þessu tagi. Í 39. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um að Alþingi geti skipað rannsóknarnefnd alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Á það hefur verið bent að ekki sé heppilegt að alþingismenn sinni sjálfir slíkri rannsókn. Hætta sé á því að þeir hafi í pólitískri umræðu um málið gefið yfirlýsingar sem liti skoðun þeirra á öllu því sem síðar kann að koma fram. Þá hafa sumir talið að ekki sé trúverðugt að stjórnmálamenn annist grunnrannsókn á vinnubrögðum stjórnmálamanna. Betra sé að fá til verksins óháða sérfræðinga sem hafi staðið utan við átök stjórnmálanna.

Þessi sjónarmið eru lögð til grundvallar í frumvarpinu. Þess vegna er ekki farin sú leið, sem kveðið er á um í 39. gr. stjórnarskrárinnar, heldur lagt fram lagafrumvarp sem mælir fyrir um skipun sérstakrar rannsóknarnefndar óháðra og sérfróðra einstaklinga sem er ætlað að vinna að rannsókn á ástæðum hruns bankanna og efnahagsáfallanna og leggja mat á hvort mistök hafi verið gerð við stjórn efnahagsmála og eftirlit með bönkunum. Nauðsynlegt er þó að undirstrika að rannsóknarnefndinni er ekki ætlað neitt dómsvald eða henni veitt heimild til að beita menn viðurlögum. Henni ber að skila áliti í skýrsluformi til Alþingis þar sem tekið er á þeim atriðum sem rannsóknin beinist að. Samhliða verður skýrslan birt opinberlega. Það er síðan hlutverk Alþingis að meta hvort tilefni sé til þess að ráðherrar sæti ábyrgð fyrir mistök eða vanrækslu í starfi. Þá fellur það í hlut ráðherra og forstöðumanna að taka afstöðu til þess hvort einhverjir starfsmenn stjórnsýslunnar skuli beittir stjórnsýsluviðurlögum fyrir það sem fram hefur komið við rannsóknina. Þó er lagt til í frumvarpinu að nefndin tilkynni ríkissaksóknara og hlutaðeigandi stjórnendum hjá ríkinu ef hún verður vör við að opinberir starfsmenn kunni að hafa brotið refsilög eða gengið gegn starfsskyldum sínum.

Fimm meginmarkmið hafa verið lögð til grundvallar við gerð frumvarpsins. Í fyrsta lagi þarf að tryggja að allar upplýsingar komi fram og álit sérfræðinga á ástæðum þessara áfalla. Í því skyni eru rannsóknarnefndinni fengnar víðtækar rannsóknarheimildir auk þess sem henni er unnt að leita til innlendra og erlendra sérfræðinga eftir aðstoð. Í öðru lagi verður að tryggja að málsmeðferðin verði réttlát í garð þeirra sem sæta rannsókn. Það er gert með því að tryggja þeim ákveðin réttindi við rannsóknina. Í þriðja lagi þurfa þeir sem eru fengnir til að stjórna rannsókninni að vera sjálfstæðir og óháðir og búa yfir reynslu og þekkingu til að stýra þessari viðamiklu rannsókn. Til að ná þessu markmiði hefur verið valin sú leið að fela einum af dómurum Hæstaréttar Íslands að leiða starfið. Við hlið hans munu starfa umboðsmaður Alþingis og löggiltur endurskoðandi, hagfræðingur eða annar háskólamenntaður sérfræðingur sem hefur víðtæka þekkingu á efnahagsmálum og/eða starfsemi fjármálamarkaða. Í fjórða lagi þarf að hraða rannsókninni eftir því sem kostur er. Ýmis ákvæði í frumvarpinu miða að þessu eins og nánar er rakið í athugasemdum við einstök ákvæði. Í fjórða lagi þarf að búa svo um hnútana að niðurstaða rannsóknarinnar fái einhverja meðferð að henni lokinni. Það er einkum gert með því að birta hana opinberlega og fela forseta Alþingis og formönnum þingflokkanna að fjalla um endanlega niðurstöðu rannsóknarinnar á vettvangi Alþingis.

Mikilvægt er að afmarka með skýrum hætti í upphafi að hverju rannsóknin eigi að beinast. Huga þarf að tveimur atriðum í því sambandi. Annars vegar þarf rannsóknin að vera nægilega heildstæð til að geta svarað þeim spurningum sem brenna á þjóðinni um ástæður þeirra áfalla sem hér hafa orðið og hverjir beri ábyrgð á þeim. Hins vegar þarf að gæta að því að verkefnið verði viðráðanlegt og að unnt verði að vinna það á sem skemmstum tíma. Í þessu ljósi er lagt til að lok þess tímabils sem tekið verður til athugunar miðist við setningu laga nr. 125/2008. Hér er því ekki lagt til að fram fari rannsókn á því hvort mistök hafi verið gerð af hálfu opin-

berra aðila eða annarra eftir það tímamark nema nefndin telji það nauðsynlegt. Á sama tíma er í frumvarpinu leitast við að tryggja að rannsóknin á þeim atvikum sem urðu fyrir þetta tímamark verði sem víðtækust þannig að svör geti fengist við sem flestum spurningum sem þeim tengjast. Að safna saman slíkum upplýsingum og birta er mikilvægt innlegg í þá þjóðfélagsumræðu sem þarf að fara fram hér á landi á næstu missirum.

Í frumvarpinu er ekki tekin afstaða til þess hversu langt aftur rannsókn nefndarinnar eigi að ná heldur er henni ætlað að meta það með tilliti til þess hvað hún telur nauðsynlegt til þess að markmiði rannsóknarinnar verði náð. Rétt er þó að nefna að 1. janúar 1999 tóku gildi hér á landi ný lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og síðar kom til sú breyting á íslenskum fjármálamarkaði að ríkissjóður seldi tvo af bönkunum til einkaaðila.

Ljóst er að rannsóknin mun hafa verulegan kostnað í för með sér. Fyrir utan þann kostnað sem kann að falla til hjá bæði opinberum stofnunum og einkaaðilum þegar rannsóknarnefndin óskar skýringa og upplýsinga og þá eftir atvikum við sérfræðilega aðstoð sem þessir aðilar telja sig þurfa að fá til að veita nefndinni svör, verður fyrst og fremst um að ræða kostnað við störf nefndarinnar, vinnuhópa á hennar vegum og aðkeypta sérfræðiaðstoð. Það er fyrirséð að nefndin þurfi að fá meðal annars erlenda sérfræðinga til að vinna úttektir, skýrslur og möt á einstökum þáttum. Þá er mikilvægt að þessi gögn verði eftir því sem nefndin telur nauðsynlegt gerð opinber og aðgengileg almenningi með því að þýða þau. Á sama hátt kann að falla til kostnaður við að búa rannsóknargögnin í hendur hinna erlendu sérfræðinga. Hversu mikill kostnaður fellur til við störf nefndarinnar til viðbótar við laun nefndarmanna og annarra er munu vinna að rannsókninni svo og hefðbundinn skrifstofukostnað ræðst fyrst og fremst af umfangi verksins og því sem nefndin telur nauðsynlegt til að upplýsa málið. Það er hins vegar nauðsynlegt að gera ráð fyrir að þarna geti verið um verulegan kostnað að ræða sem greiðist úr ríkissjóði. Alþingi þarf því að taka sérstaka afstöðu til fjárveitinga í þessu efni og þær þurfa að koma til strax á árinu 2008 til þess að nefndin geti sem fyrst hafið störf ef frumvarpið verður samþykkt. Sá kostnaður sem líkur eru á að falli til við starf nefndarinnar hefur ekki verið áætlaður enda erfitt að meta umfang og kostnað við aðkeypta sérfræðivinnu.

Samfélagslegur ávinningur rannsóknarinnar felst í því að byggja upp traust og benda á hvernig koma megi í veg fyrir að hliðstæð áföll hendi aftur. Þessi ávinningur vegur mun þyngra en sá kostnaður sem gera má ráð fyrir að hljótist af starfi nefndarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er því lýst að rannsóknarnefnd á vegum Alþingis skuli vinna að rannsókn sem skv. 1. mgr. má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi ber nefndinni að annast heildstæða úttekt á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008, sbr. enn fremur 1. tölul. Hér er ætlast til að fram fari upplýsingaöflun og þverfagleg en þó einkum hagfræðileg greining á ástæðum falls bankanna. Rannsóknin muni taka til ytri aðstæðna á alþjóðlegum fjármálamörkuðum svo og innlendra þátta, svo sem starfsemi umræddra fjármálastofnana og þeirra forsendna sem lágu að baki rekstri þeirra, fjármögnunar bankanna og útlánastefnu, eignarhalds þeirra og tengsla við atvinnulífið, fjármagnsflutninga til og frá landinu, viðbragða íslenskra stjórnvalda við þróuninni erlendis, stefnumörkunar í vaxta- og gjaldeyrismálum, hvernig eftirliti með fjármálafyrirtækjunum var hagað og fleiri atriða sem geta varpað ljósi á ástæður bankahrunsins. Þessi þáttur rannsóknarinnar verður án efa umfangsmestur en leggur jafnframt grunninn að öðru því sem nefndinni er ætlað að leggja mat á.

Í öðru lagi miðar rannsóknin að því að upplýsa og leggja mat á hvort mistök hafi verið gerð eða vanræksla sýnd við framkvæmd laga og reglna um fjármálamarkaðinn og eftirlit með hon-

um. Með lögum og reglum um fjármálamarkaðinn og eftirlit með honum er meðal annars vísað til þeirra laga sem gilda um starfsemi Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins, laga um fjármálafyrirtæki og reglugerða og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett hafa verið á grundvelli þessara laga. Hér er athyglinni fyrst og fremst beint að stofnunum ríkisins og ráðuneytum sem starfa að þessum sviðum. Við rannsókn á ástæðum falls bankanna er þó vissulega ætlunin að kanna hvort veikleikar í rekstri þeirra og stefnumörkun hafi átt þátt í falli þeirra. Eins og áður segir er hins vegar ekki fyrirhugað að nefndin fjalli um möguleg, refsiverð brot stjórnenda bankanna í rekstri þeirra.

Mikilvægt er að skýra hvað átt er við með mistökum eða vanrækslu. Þar er ekki aðeins vísað til þess þegar tilteknar athafnir fullnægja ekki lagakröfum eða þegar vanrækt er að fylgja lagaboði. Fleira getur fallið þar undir svo sem að fyrirliggjandi upplýsingar hafi ekki verið metnar með réttum hætti og ákvarðanir teknar á ófullnægjandi forsendum. Þá getur það talist vanræksla að láta hjá líða að bregðast við upplýsingum um yfirvofandi hættu á viðeigandi hátt.

Í þriðja lagi er rannsóknarnefndinni falið að segja til um hverjir beri að hennar mati ábyrgð á mögulegum mistökum og hverjir kunni að hafa sýnt af sér vanrækslu í starfi við framkvæmd laga og reglna um fjármálamarkaðinn og eftirlit með honum. Með þessu færist sjónarhorn rannsóknarinnar að einstaklingum og þætti þeirra í töku einstakra ákvarðana. Spurt verður hver tók tilteknar ákvarðanir eða hver átti að bregðast við upplýsingum sem lágu fyrir. Þessum spurningum þarf bæði að svara út frá því hvað gerðist í raun svo og út frá reglum um valdbærni. Rétt er þó að árétta að rannsóknarnefndin getur aðeins sagt álit sitt á ábyrgð einstaklinga. Henni er hvorki ætlað dómsvald né ákvörðunarvald um beitingu stjórnsýsluviðurlaga.

Í ákvæðinu er jafnframt í nokkrum töluliðum fjallað nánar um hlutverk nefndarinnar.

Eins og áður segir er í 1. tölul. áréttað að nefndin skuli varpa sem skýrustu ljósi á ástæður þess vanda íslenska bankakerfisins sem leiddi til setningar laga nr. 125/2008. Með þessu eru viðfangsefnum rannsóknarinnar sett ákveðin tímamörk. Aðeins er ætlunin að fjalla um þá atburði sem gerðust fyrir setningu laganna en ekki leggja mat á hvernig til hefur tekist við framkvæmd þeirra eða á önnur viðbrögð íslenskra stjórnvalda eftir að lögin voru sett.

Samkvæmt 2. tölul. verður það einnig hlutverk nefndarinnar að gera úttekt á þeim reglum sem hafa gilt hér á landi um fjármálamarkaðinn og bera þær reglur saman við sambærilegar reglur annarra landa. Í tengslum við úttektina er ætlunin að nefndin taki framkvæmd þessara reglna hér á landi einnig til skoðunar.

Í 3. tölul. er sjónum beint að hinu opinbera eftirliti með fjármálafyrirtækjum. Nefndinni er þar falið að meta hvernig slíku eftirliti hafi verið hagað hér á landi. Sérstaklega er ætlunin að kanna með hvaða hætti upplýsingagjöf um ástand fjármálamarkaðarins til ráðuneyta og annarra stjórnvalda svo og Alþingis hafi verið háttað.

Markmiðið er ekki aðeins að líta til þess sem liðið er heldur einnig að horfa til framtíðar til að læra af hugsanlegum mistökum. Að því miðar 4. tölul. greinarinnar. Ábendingar nefndarinnar þurfa ekki einungis að lúta að breyttum reglum heldur einnig að breytingum á verklagi og skipulagi innan stjórnsýslunnar.

Samkvæmt 5. tölul. er til þess ætlast að nefndin sjái til þess að mál þar sem grunur vaknar um refsiverð brot séu send til sakamálarannsóknar. Það á við hvort sem grunurinn beinist að einstaklingi, sem komið hefur að rekstri fjármálafyrirtækis, eða opinberum starfsmanni. Verði nefndin t.d. vör við að óeðlilegir fjármagnsflutningar hafi átt sér stað í bönkunum í þágu eigenda þeirra eða tengdra aðila ber henni að vísa málinu til opinberrar rannsóknar. Þá ber nefndinni einnig að sjá til þess að mál út af mögulegum brotum á starfsskyldum fái umfjöllun hlutaðeigandi yfirvalda. Nánar er kveðið á um þetta atriði í 12. gr. frumvarpsins.

Í 6. tölul. er síðan kveðið á um að nefndin skuli skila Alþingi skýrslu um rannsóknina ásamt samantektum og úttektum sem nefndin ákveður að vinna í þágu rannsóknarinnar. Nánar er mælt fyrir um þessa skýrslu í 13. gr. frumvarpsins.

Rannsókninni er almennt ekki ætlað að ná til atburða sem urðu eftir gildistöku laga nr. 125/2008 eins og áður segir. Eftir sem áður má reikna með að upplýsingar komi fram við rannsóknina sem kunna að gefa tilefni til að skoða atburði sem urðu eftir þetta tímamark. Í 2. mgr. er nefndinni veitt heimild til að gera það ef hún telur það nauðsynlegt. Þá getur hún jafnframt komið með tillögur, t.d. í áfangaskýrslum til Alþingis, um frekari rannsóknir á atburðum eftir gildistöku umræddra laga.

Eins og aðrar mannlegar athafnir var starfsemi bankanna reist á ákveðnum gildum eða siðferði sem hægt er að greina með kenningum og aðferðum hug- og mannvísinda. Nauðsynlegt er að kortleggja þetta í tengslum við rannsókn á falli þeirra, m.a. með því að greina með hvaða hætti leiðandi aðilar í fjármálastarfsemi hafa tjáð sig um siðferðileg álitamál tengd viðskiptum. Þetta tengist einnig ríkjandi áherslum í menntun stjórnenda og annarra sem starfa á þessu sviði með tilliti til siðferðislegrar hugsunar og ábyrgðar. Veikleikar á þessum sviðum kunna að eiga þátt í því að þeir riðuðu til falls og þess vegna er ráðgert að rannsaka þessa þætti sérstaklega, sbr. 3. mgr. Miðað er við að framkvæmd þessarar rannsóknar verði í höndum sérstaks vinnuhóps hugvísindamanna, sbr. 3. mgr. 2. gr. Hópurinn gæti þá m.a. skoðað hvort íslenskt fjármálalíf hafi einhverja sérstöðu í þessu tilliti í samanburði við nágrannalöndin, svo sem varðandi hugmyndir um siðareglur og önnur siðferðileg viðmið í viðskiptum og samfélagslega ábyrgð.

Um 2. gr.

Mikilvægt er að þeir sem veljast til þess að annast þá rannsókn sem hér er boðuð séu sjálfstæðir og óháðir auk þess sem þeir verða að búa yfir reynslu og þekkingu til að leiða þessa rannsókn til lykta. Á sama tíma verður að tryggja nauðsynlega fagþekkingu í nefndinni á þeim ólíkum þáttum sem á reynir. Til þess að mæta þessum kröfum hefur verið valin sú leið að Hæstiréttur Íslands tilnefni einn af dómurum sínum til setu í nefndinni og að hann verði formaður hennar. Þá er ráðgert í frumvarpinu að umboðsmaður Alþingis sitji í nefndinni en embættið býr yfir mikilli reynslu af eftirliti með stjórnsýslunni og mati á því hvað séu vandaðir stjórnsýsluhættir. Með því að tengja starf nefndarinnar umboðsmanni Alþingis með þessum hætti skapast einnig möguleiki á því að nefndin geti, að minnsta kosti í upphafi starfs síns, fengið inni hjá embættinu og nauðsynlega skrifstofuaðstoð og aðra umsýslu. Forsætisnefnd Alþingis skipar síðan þriðja nefndarmanninn sem skal vera löggiltur endurskoðandi, hagfræðingur eða sérfræðingur með háskólamenntun og víðtæka þekkingu á efnahagsmálum og/eða starfsemi fjármálamarkaða.

Nauðsynlegt er að bæði hæstaréttardómarinn, sem verður valinn til að sinna rannsókninni, og umboðsmaður Alþingis, sbr. 19. gr. frumvarpsins, fái leyfi frá störfum meðan á rannsókninni stendur. Í 1. tölul. 1. mgr. er sett ákvæði sem miðar að því að dómarinn geti haldið áfram rannsókninni þó að leyfi hans frá störfum við réttinn verði lengra en tólf mánuðir, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla. Þá er þar og í 2. tölul. 1. mgr. ákvæði um afleiðingar þess ef þessir embættismenn forfallast eða geta ekki af öðrum ástæðum sinnt starfinu.

Ákvæði 2. mgr. miðar að því að tryggja að nefndin eigi greiðan aðgang að faglegri aðstoð og stuðningi með skipun sérstakra vinnuhópa. Auk þess að veita eiginlega aðstoð getur nefndin falið þessum vinnuhópum að sinna tilteknum rannsóknarverkefnum í samráði við nefndina. Rannsóknarnefndin tekur ákvarðanir um myndun slíkra hópa.

Þrátt fyrir 2. mgr. er í 3. mgr. áætlað að skipaður verði af forsætisnefnd sérstakur vinnuhópur einstaklinga með háskólamenntun í heimspeki, sagnfræði, félagsfræði, stjórnmálafræði eða hliðstæðum greinum sem er í samráði við rannsóknarnefndina ætlað að annast þann þátt rannsóknarinnar sem fjallað er um í 3. mgr. 1. gr. Ráðgert er að þessi hópur hafi aðgang að þeim upplýsingum sem nefndin aflar og þýðingu hafa fyrir þennan þátt rannsóknarinnar, sbr. 3. mgr. 4. gr., og fulltrúi hans geti í samráði við formann nefndarinnar tekið þátt í skýrslutökum, sbr. 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er tekið fram að starf nefndarinnar fari fram á vegum Alþingis. Hér er sjálfstæði nefndarinnar hins vegar tryggt með því að kveða á um að hún sé með öllu óháð fyrirmælum frá öðrum, þ.m.t. Alþingi. Sama gildir um vinnuhópa skv. 2. og 3. mgr.

Um 3. gr.

Hér er vísað til ákvæðis 3. gr. stjórnsýslulaga um sérstakt hæfi og það látið gilda um nefndarmenn. Þar er lýst tilvikum þar sem starfsmanni stjórnsýslunnar ber að víkja sæti meðal annars vegna tiltekinna tengsla við aðila máls. Ekki er sjálfgefið að nokkur einstaklingur öðlist hliðstæða stöðu við rannsókn málsins og aðili máls við meðferð á stjórnsýslumáli þannig að á þetta reyni. Einnig kunna tengsl við stofnun eða einkafyrirtæki, sem athugun nefndarinnar beinist að, að leiða til þess að nefndarmanni beri að víkja sæti. Þá geta aðrar aðstæður verið fyrir hendi sem eru fallnar til að draga óhlutdrægni nefndarmanns í efa með réttu eins og á er byggt í 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga. Miðað er við að nefndin fylgi sömu reglum og koma fram í stjórnsýslulögum þegar tekin er afstaða til þess hvort nefndarmaður víkur sæti vegna reglna um sérstakt hæfi.

Nefndin vinnur í þágu almennings. Til að tryggja tiltrú á starfi hennar er nefndarmönnum gert skylt að birta opinberlega ýmsar upplýsingar um tengsl þeirra við umrædd fjármálafyrirtæki er geta haft áhrif á hæfi þeirra. Þetta á meðal annars við um hlutabréfaeign þeirra í þessum fyrirtækjum og skuldir þeirra við þau sem fara fram yfir tilgreind mörk. Enn fremur verða birtar upplýsingar um starfsleg tengsl þeirra, maka þeirra og náinna skyldmenna við stjórnendur fjármálafyrirtækjanna og þeirra stofnana ríkisins sem rannsóknin beinist að. Fleiri atriði geta haft áhrif á hæfi nefndarmanna og skal þá birta upplýsingar um það opinberlega. Það fer eftir ákvörðun nefndarinnar hvernig þessum upplýsingum verður komið á framfæri.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er nefndinni veitt heimild til að leita nauðsynlegrar sérfræðiaðstoðar. Fjármálastarfsemi er á margan hátt flókið svið og ljóst að mikla sérkunnáttu þarf til að greina mörg þeirra atriða sem rannsóknin beinist að. Það fer eftir mati nefndarinnar hvort leitað verði út fyrir landsteinana eftir slíkri kunnáttu eða hvort leitað verði til innlendra sérfræðinga. Sama á við þegar varanlegri vinnuhópar skv. 2. mgr. 2. gr. eru skipaðir. Nefndinni ber að gæta þess að þeir einstaklingar sem leitað er til uppfylli þær kröfur sem koma fram í 3. gr. stjórnsýslulaga um sérstakt hæfi.

Skv. 2. mgr. er rannsóknarnefndinni veitt heimild til að ráða starfsmenn, einn eða fleiri, til að aðstoða við rannsóknina. Rannsóknarnefndin ákveður starfssvið þessara starfsmanna sem teljast almennir ríkisstarfsmenn samkvæmt lögum nr. 70/1996. Störf þessara starfsmanna eru tímabundin og miklu skiptir að nefndin geti sem fyrst ráðið til starfa einstaklinga sem hún telur að búi yfir þeirri þekkingu og reynslu sem best nýtist í starfi nefndarinnar. Er því lagt til að vikið verði frá skyldu laga nr. 70/1996 um að auglýsa laus störf opinberlega.

Þagnarskylda á skv. 3. mgr. að hvíla á nefndarmönnum, starfsmönnum nefndarinnar og öðrum þeim sem vinna að rannsókninni. Hér er um afdráttarlausa skyldu að ræða og nær til

hvers konar upplýsinga sem þessir einstaklingar fá í tengslum við rannsóknina og leynt eiga að fara. Ýmsar upplýsingar, sem nefndin hefur heimild til að afla, eru háðar þagnarskyldu samkvæmt öðrum lögum, svo sem lögum um fjármálafyrirtæki. Með þessu ákvæði er tryggt að slíkar upplýsingar fari áfram leynt þó að nefndin fái þær í hendur nema að því marki sem undantekningar í ákvæðinu mæla fyrir um.

Þrátt fyrir almenna þagnarskyldu meðan á vinnu nefndarinnar stendur er í frumvarpinu gert ráð fyrir að nefndin eigi að láta ákveðnar upplýsingar í té um störf sín og niðurstöðu rannsóknarinnar. Þannig ber henni samkvæmt 13. gr. að skila skriflegri og rökstuddri skýrslu til Alþingis, sem verður birt opinberlega, ásamt öðrum tilkynningum þar sem ekki verður komist hjá því að víkja að ýmsum atriðum, sem almennt ættu að fara leynt, til að rökstyðja ályktanir nefndarinnar. Nefndin ber þó að gæta þess að birta ekki upplýsingar um persónuleg málefni einstaklinga eins og fjárhagsmálefni þeirra nema verulegir almannahagsmunir vegi þyngra en hagsmunir þess einstaklings sem upplýsingarnar eru um. Enn fremur getur þurft að upplýsa þann, sem ætla má að hafi orðið á mistök eða orðið uppvís að vanrækslu í starfi, um viðkvæmar upplýsingar til að hann geti átt þess kost að tjá sig, sbr. 11. gr. frumvarpsins. Að lokum verður að vera mögulegt fyrir nefndina að leggja fyrir sérfræðilega ráðgjafa ýmsar upplýsingar til að sú ráðgjöf komi að gagni. Í slíkum tilvikum skal þagnarskylda hvíla á þeim sem tekur við upplýsingunum frá nefndinni. Á þetta bæði við þegar nefndin leitar ráða hjá vinnuhópum skv. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins og þegar hún leitar til annarra aðila skv. 1. mgr. 4. mgr. þess. Að lokum er lagt til að nefndinni verði veitt heimild til að miðla upplýsingum til aðila sem sinna hliðstæðum rannsóknum erlendis og skal þá þagnarskylda hvíla á þeim sem fær upplýsingarnar.

Um 5. gr.

Rannsóknarefnið skv. 1. gr. skapar nefndinni ákveðinn ramma. Henni er hins vegar með 5. gr. veitt svigrúm til að ákveða nánar hvar hún ber niður og hvernig hún hagar störfum sínum. Almennt getur nefndin aðeins tekið ákvarðanir á fundum. Í ákvæðinu eru fyrirmæli um að formaður stýri fundum nefndarinnar og að halda beri fundargerð um það sem fram fer á fundunum. Rétt þykir að fundir nefndarinnar séu lokaðir almenningi. Það á meðal annars við um fundi sem hún heldur til að afla munnlegra upplýsinga, sbr. 2. mgr. 6. gr., svo og um skýrslutökur, sbr. 8. gr.

Þó að nefndin sé almennt aðeins starfhæf á fundum er ljóst að nefndarmenn verða að geta skipt með sér verkum. Nefndinni er meðal annars veitt heimild til að fela hluta nefndarmanna að koma fram fyrir hönd hennar á fundum og við skýrslugjöf þeirra sem nefndin kallar fyrir sig. Á grundvelli þessarar heimildar væri nefndinni t.d. heimilt að fela minni hluta nefndarmanna að annast töku skýrslu. Helgast þetta af umfangi málsins og þeim tímaramma sem ætlast er til að fylgt verði.

Ef til ágreinings kemur um framkvæmd rannsóknarinnar ræður afl atkvæða úrslitum máls. Þá er gert ráð fyrir að einstakir nefndarmenn geti gert grein fyrir afstöðu sinni til einstakra atriða í sérstakri bókun verði ágreiningur milli þeirra.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er sú almenna skylda lögð á hvern einstakling, stofnun og aðra lögaðila að láta rannsóknarnefndinni í té upplýsingar, gögn og skýringar. Slík skylda er þó aðeins til staðar ef nefndin óskar eftir því. Með gögnum er t.d. átt við skýrslur, skrár, minnisblöð, bókanir og samninga.

Til að auðvelda upplýsingaöflun og hraða rannsókn er nefndinni veitt heimild til að kalla einstakling til fundar við sig til að gefa munnlegar upplýsingar. Þetta er óformlegri aðferð við upplýsingaöflun en skýrslugjöf fyrir nefndinni skv. 8. gr. Eftir sem áður er þeim sem í hlut á skylt að mæta til slíks fundar. Hins vegar er ekki skylt að taka upp það sem fram fer á slíkum fundi nema nefndin ákveði það. Ætla verður að þessari heimild verði einkum beitt í upphafi rannsóknarinnar.

Þagnarskylda víkur undantekningarlaust fyrir skyldunni til að láta nefndinni í té upplýsingar. Hér er nefndinni veitt víðtækari heimild til að krefjast upplýsinga, sem leynt skulu fara, en t.d. umboðsmaður Alþingis hefur. Enn fremur er hér gengið lengra en í reglum réttarfarslaga um undantekningar frá vitnaskyldu. Þetta helgast af eðli rannsóknarinnar þar sem gera má ráð fyrir að erfitt verði að ná markmiðum frumvarpsins nema með því að nefndin fái aðgang að hvers kyns trúnaðarupplýsingum.

Í 4. mgr. er lögð almenn skylda á stjórnvöld að veita alla nauðsynlega hjálp ef nefndin fer fram á það. Þessi skylda nær þó aðeins til stjórnvalda, ekki til einstaklinga eða fyrirtækja. Þá er í frumvarpinu sérstaklega kveðið á um að nefndin geti krafist gagna og skýrslna sem stjórnvöld hafa beðið sérfróða aðila um að vinna um málefni á verksviði nefndarinnar.

Nauðsynlegt er að veita nefndinni ákveðin úrræði til að fylgja eftir kröfu um gögn ef upplýsingaskyldu er ekki sinnt. Getur nefndin borið slíkan ágreining undir dómstóla. Mælt er svo fyrir að um meðferð slíkra mála fari eftir lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Er þannig byggt á því að nefndin leggi fyrir héraðsdómara beiðni um aðgang að hinum umdeildu gögnum skv. 74. gr. laga nr. 19/1991. Eftir 1. janúar 2009 mun meðferð á kröfum af þessu tagi fyrir héraðsdómi fara eftir lögum nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Nauðsynlegt er í ljósi ákvæða síðarnefndu laganna um kæru að mæla sérstaklega fyrir í frumvarpinu um kæruheimild á úrskurði héraðsdóms til Hæstaréttar. Kærufrestur er þrír dagar frá uppkvaðningu úrskurðar héraðsdóms.

Í lokamálsgrein 6. gr. frumvarpsins er nefndinni veitt heimild til að beita ákvæði 73. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Þar er kveðið á um heimild í þágu rannsóknar máls til að grípa til ýmissa úrræða án dómsúrskurðar til að koma í veg fyrir að vettvangi og gögnum verði spillt.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er nefndinni veitt heimild til að koma á starfsstað opinberrar stofnunar, fyrirtækis, samtaka fyrirtækja eða í annað húsnæði og leggja hald á gögn ef nefndin telur það nauðsynlegt til að upplýsa málsatvik. Um framkvæmd húsleitar og haldlagningar er vísað til ákvæða laga um meðferð opinberra mála. Í núgildandi lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, er fjallað um hald á munum í X. kafla og húsleit í XI. kafla. Þar er gerð krafa um að húsleit sé almennt reist á dómsúrskurði nema sá sem í hlut á samþykki hana. Þó má leita án dómsúrskurðar ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum. Fram til 1. janúar 2009 verður að leggja þessar reglur til grundvallar heimild til húsleitar samkvæmt frumvarpinu. Frá og með þeim degi mun IX. kafli laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, gilda um haldlagningu gagna og X. kafli laganna um húsleit. Skilyrði húsleitar í nýju lögunum eru hliðstæð og í núgildandi lögum. Óski nefndin eftir því ber lögreglu að veita atbeina sinn við framkvæmd húsleitar.

Í 2. mgr. er nefndinni veitt sérstök heimild til að óska eftir gögnum og upplýsingum frá erlendum stjórnvöldum án milligöngu íslenskrar utanríkisþjónustu. Sérstaklega er þó áréttað að íslenskum stjórnvöldum beri að veita atbeina sinn til slíkrar upplýsingaöflunar ef nefndin leitar eftir því.

Um 8. gr.

Nefndinni er í 1. mgr. veitt heimild til að krefjast þess að einstaklingar komi fyrir nefndina til að gefa skýrslu í þágu rannsóknarinnar. Öllum er skylt að mæta við skýrslugjöf hjá nefndinni. Þessi heimild er hliðstæð þeirri sem kemur fram í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Ætla verður að sú heimild verði þó fremur notuð á frumstigi rannsóknarinnar. Eftir því sem á líður verði hins vegar fleiri kallaðir til formlegrar skýrslugjafar, einkum í tengslum við úrlausn á því hvort einhverjum hafi orðið á mistök eða sýnt af sér vanrækslu.

Nefndin tilkynnir þeim sem kallaður er til skýrslugjafar um stað og stund hennar. Telja yrði nóg að einhver nefndarmanna undirritaði tilkynningu þó að nefndin verði að taka ákvörðun á fundi hverja skuli kalla til skýrslugjafar. Tilkynningu ber að haga á þann veg að unnt sé að sanna að hún hafi borist á réttan stað.

Formanni nefndarinnar ber að stýra skýrslutökum en hann getur þó fengið öðrum nefndarmanni það hlutverk. Þá er honum heimilt að fela starfsmanni nefndarinnar eða öðrum er starfar að rannsókninni að beina spurningum að þeim sem gefur skýrslu. Við framkvæmd skýrslugjafar er skylt að taka það sem fram fer upp á hljóð- eða myndband. Þar skilur á milli munnlegrar upplýsingagjafar á fundi, sbr. 2. mgr. 6. gr., þar sem upptaka er heimil, og skýrslugjafar samkvæmt þessari grein frumvarpsins, þar sem það er skylt.

Um 9. gr.

Hér er nefndinni heimilað að leita atbeina héraðsdóms til að kveðja mann til skýrslugjafar. Þessi heimild er nauðsynleg ef ætla má að viðkomandi búi yfir mikilvægum upplýsingum en neitar að koma fyrir nefndina. Héraðsdómari gefur út kvaðningu með hliðstæðum hætti og við meðferð sakamála. Um kvaðninguna, skýrslugjöf og aðra framkvæmd skal fara eftir sömu lögum. Þó er heimilt að ákveða að skýrslutakan fari fram fyrir luktum dyrum.

Um 10. gr.

Hér er þeim sem koma á fund nefndarinnar eða eru kallaðir til skýrslutöku tryggður réttur til að hafa með sér aðstoðarmann. Í samræmi við almennar reglur skal sá sem í hlut á greiða kostnað af þeirri aðstoð sem hann leitar eftir við meðferð málsins.

Um 11. gr.

Hér er refsiábyrgð lögð við ef sá sem nefndin óskar upplýsinga hjá gegnir ekki þeirri skyldu eða skýtur undan, spillir eða eyðir gögnum sem nefndin hefur óskað eftir að fá afhent. Ekki skiptir máli með hvaða hætti nefndin hefur leitað upplýsinganna. Skilyrði er að viðkomandi hafi brotið af sér af ásetningi eða gáleysi og varðar það fésekt eða fangelsi í allt að tvö ár. Sama refsing er lögð við ef nefndinni eru af ásetningi eða gáleysi veittar rangar eða villandi upplýsingar. Í greininni er síðan áréttað að ef grunur beinist að því að brotið hafi verið gegn ákvæðinu skuli meðferð málsins fara eftir lögum um meðferð opinberra mála.

Í 2. mgr. er gerð undantekning frá 1. mgr. Þó að einstaklingur skorist undan að svara spurningu er það ekki refsivert ef ætla má að í svari hans geti falist játning eða bending um að hann eða aðrir honum nákomnir, sbr. 1. og 2. mgr. 50. gr. laga um meðferð opinberra mála, hafi framið refsiverðan verknað eða um atriði sem valdi þessum sömu aðilum siðferðislegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni. Þetta ákvæði, sem á sér samsvörun í 3. mgr. 52. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, gildir hvort sem leitað er munnlega eða skriflega svara við tiltekinni spurningu. Ákvæðið á aðeins við ef viðkomandi skorast undan því að svara. Eftir sem áður er refsivert að veita rangar eða villandi upplýsingar, jafnvel þótt rétt svar hefði gefið

bendingu um að viðkomandi eða annar honum nákominn hefði framið refsiverðan verknað eða valdi honum siðferðislegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni.

Um 12. gr.

Hvers konar hollustuskyldur reistar á lögum eða samningi víkja fyrir skyldu manna til að láta nefndinni í té upplýsingar. Í 12. gr. frumvarpsins er þeim einstaklingum sem hafa veitt nefndinni upplýsingar tryggð ákveðin vernd gegn því að þeir verði látnir gjalda fyrir það, t.d. af yfirmönnum sínum. Þó er áskilið að upplýsingarnar hafi haft þýðingu fyrir rannsókn nefndarinnar. Ekki nægir því að veita nefndinni gagnslitlar upplýsingar til að öðlast vernd samkvæmt ákvæðinu.

Sú háttsemi sem er óheimil samkvæmt ákvæðinu getur t.d. falist í því að segja upp ráðningarsamningi eða rýra réttindi starfsmanns, svo sem ef breytingar eru gerðar á störfum hans er leiða til skertra launa eða réttinda. Ákvæðið tekur ekki aðeins til ráðningarsamninga heldur einnig til verksamninga og hvers konar annarra samninga sem kveða á um réttindi og skyldur manna. Þá nær það einnig til stjórnvaldsákvarðana.

Orsakatengsl þurfa að vera milli upplýsingagjafarinnar og þeirrar ákvörðunar sem um ræðir. Erfitt getur verið að færa sönnur á að ákvörðun hafi verið reist á því að viðkomandi hafi látið nefndinni í té upplýsingar. Því er hér lagt til að lögfesta ákveðna sönnunarreglu í tilvikum sem þessum. Séu leiddar líkur að því að maður hafi verið látinn gjalda þess að hafa veitt nefndinni upplýsingar sem þýðingu höfðu fyrir rannsóknina færist sönnunarbyrðin yfir á gagnaðilann um að aðrar ástæður hafi legið til grundvallar ákvörðuninni. Dómstólar skera úr um hvort brotið hafi verið gegn ákvæðinu og dæma um kröfugerð þess sem telur að gengið hafi verið á rétt sinn.

Í 2. og 3. mgr. er kveðið á um að nefndin geti óskað eftir því við ríkissaksóknara, forstöðumann stofnunar eða ráðuneyti að einstaklingur, sem að eigin frumkvæði veitir nefndinni mikilvægar upplýsingar, verði ekki beittur viðurlögum ef þessar sömu upplýsingar gefa jafnframt til kynna að hann hafi brotið af sér. Þessi heimild vísar til ákvæðis í frumvarpi til laga um embætti sérstaks saksóknara, sem nú er til meðferðar á Alþingi, en er þó víðtækari en það. Þar er lagt til að ríkissaksóknara verði veitt heimild til að ákveða, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, að starfsmaður eða stjórnarmaður fyrirtækis, sem hefur frumkvæði að því að bjóða eða láta lögreglu eða saksóknara í té upplýsingar eða gögn sem tengjast fyrirtækinu, móður- eða dótturfyrirtæki þess eða fyrirtækjum sem það er í viðskiptum við eða stjórnendum þeirra, sæti ekki ákæru þótt upplýsingarnar eða gögnin leiði líkur að broti hans sjálfs. Þó að hér sé rannsóknarnefndinni fengin heimild til að óska eftir þessu við hlutaðeigandi stjórnvöld er ákvörðunarvaldið í höndum þeirra. Um mat á því hvort unnt sé að verða við slíkri ósk fer þá eftir þeim lagareglum sem við eiga.

Um 13. gr.

Eins og fram hefur komið er nefndinni ekki ætlað neitt vald til að taka endanlegar ákvarðanir. Hún segir aðeins álit sitt á þeim atriðum sem lýst er í 1. gr., þar á meðal um mögulega ábyrgð manna á mistökum eða vanrækslu í starfi. Eftir sem áður hefur niðurstaða nefndarinnar þýðingu fyrir þann sem nefndin telur að hafi orðið á einhver mistök eða hafi vanrækt starf sitt. Því er rétt að veita honum kost á því að gera athugasemd við þau atriði sem liggja til grundvallar mati nefndarinnar á því að honum hafi hugsanlega orðið á mistök og hún íhugar að fjalla um í skýrslu til Alþingis. Nefndinni ber að hafa frumkvæði að þessu eftir að gagnaöflun er lokið með því að gera þeim sem í hlut á skriflega grein fyrir þeim málsatvikum sem liggja til grundvallar þessari afstöðu nefndarinnar. Ef hún er reist á lagatúlkun er nefndinni einnig

rétt að reifa hana. Þá skal hún veita þeim sem hlut á að máli hæfilegan frest til að gera skriflega athugasemd við þessi atriði. Svör hans geta síðan gefið nefndinni tilefni til frekari upplýsingaöflunar eða að hún falli frá því að gagnrýna framgöngu hans.

Um 14. gr.

Það er ekki hlutverk nefndarinnar að rannsaka hugsanlega refsiverða háttsemi. Hins vegar kunna að koma fram upplýsingar við rannsóknina sem geta vakið grunsemdir um að slíkt brot hafi verið framið. Í slíkum tilvikum er lögð tilkynningarskylda á nefndina enda teljist brotið að mati nefndarinnar alvarlegt. Þessi fyrirvari er settur til að auðvelda nefndinni að ná markmiðum laganna á tilsettum tíma. Grunsemdir um refsiverða háttsemi geta vaknað við skoðun á gögnum frá fjármálafyrirtækjunum og einnig við rannsókn á stjórnvöldum. Tilkynningu af þessu tagi skal beint til ríkissaksóknara sem síðan ákveður í hvaða farveg málið skuli lagt.

Meðal þess sem nefndinni er ætlað að leggja mat á er hvort einstökum starfsmönnum ríkisins hafi orðið á mistök eða þeir sýnt af sér vanrækslu í starfi. Hér eru ekki að öllu leyti um sams konar viðmið að ræða og koma fram í 21. gr., 26. gr. og 38. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þó að um vissa skörun sé að ræða. Tilefni kann að vera til þess að nefndin telji starfsmann hafa sýnt af sér mistök þó að ekki sé um brot í starfi að ræða sem gefi tilefni til stjórnsýsluviðurlaga samkvæmt lögum nr. 70/1996. Á sama hátt geta starfsmenn gerst brotlegir við starfsskyldur sínar samkvæmt þeim lögum þótt þeir hafi ekki sýnt af sér mistök eða vanrækslu í starfi er gefi nefndinni tilefni til athugasemda. Í 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins er lagt til að nefndin tilkynni viðkomandi forstöðumanni og ráðuneyti ef rannsóknin leiðir í ljós að ætla megi að starfsmaður ríkisins hafi gerst brotlegur við starfsskyldur sínar samkvæmt lögum nr. 70/1996. Þetta gildir um hvers konar brot á starfsskyldum starfsmannsins. Eftir sem áður er það ekki markmið nefndarinnar að rannsaka önnur atriði en þau sem geta talist mistök eða vanræksla í starfi. Með þessu er stuðlað að því að einstök mál starfsmanna fái hraða afgreiðslu og ekki þurfi að bíða endanlegrar skýrslu nefndarinnar.

Nefndin starfar á vegum Alþingis og er því ekki hluti af þeirri stjórnsýslu ríkisins sem fellur undir stjórnsýslulög, nr. 37/1993. Til að taka af allan vafa um heimildir nefndarinnar er tekið fram að ekki þurfi að gefa þeim sem í hlut á sérstaklega kost á því að tjá sig um framsendingu málsins til hlutaðeigandi stjórnvalds samkvæmt þessu ákvæði frumvarpsins. Ætlast er til að frekari rannsókn málsins fari fram á vegum þess stjórnvalds sem fer með ákvörðunarvald skv. lögum nr. 70/1996 og að þá verði málsmeðferðarreglum þeirra laga og stjórnsýslulaga eftir því sem við á fylgt. Sama á við ef máli er vísað til ríkissaksóknara.

Samkvæmt 4. mgr. á nefndin að upplýsa um þau mál í skýrslu sinni til Alþingis sem hefur verið tilkynnt um skv. 1. og 2. mgr.

Um 15. gr.

Hér eru fyrirmæli um skýrslu nefndarinnar þar sem hún gerir grein fyrir niðurstöðum sínum. Skýrslan skal vera skrifleg og niðurstöður nefndarinnar rökstuddar. Efni hennar ræðst af viðfangsefni rannsóknarinnar skv. 1. gr. og nánari afmörkun nefndarinnar, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Í skýrslunni skal meðal annars gera sérstaklega grein fyrir ábendingum og tillögum nefndarinnar um úrbætur á lögum, reglum, framkvæmd stjórnvalda og skipulagi stjórnsýslunnar. Þar mun verða heimilt að gera grein fyrir upplýsingum sem þagnarskylda gildir um ef það er nauðsynlegt til að rökstyðja niðurstöður nefndarinnar.

Skýrslunni ber að skila til Alþingis. Forseti Alþingis eða forsætisnefnd mun leggja hana fyrir Alþingi sem þingskjal. Sé skýrslunni skilað meðan þing er að störfum mun hún vera gerð opinber eftir útbýtingu á þingfundi. Ef þing er ekki að störfum þegar skýrslan berst ber sam-

kvæmt ákvæðinu að birta hana almenningi á annan hátt, t.d. á heimasíðu Alþingis. Yrði skýrslan þá lögð fyrir Alþingi sem þingskjal eftir að þing kemur saman.

Nefndinni er veitt heimild til að skila Alþingi sérstökum skýrslum um einstaka hluta rannsóknarinnar. Þannig getur nefndin ýmist skilað Alþingi skýrslum í áföngum eða nokkrum skýrslum um einstaka þætti rannsóknarinnar á sama tíma. Stefnt er að því að lokaskýrslu nefndarinnar verði skilað til Alþingis eigi síðar en 1. nóvember 2009.

Mikilvægt er að tryggja að skýrsla nefndarinnar fái afgreiðslu Alþingis. Forseta Alþingis og formönnum þingflokkanna er í frumvarpinu falið að fjalla um skýrsluna og skulu þeir ákveða hvernig meðferð Alþingis skuli hagað um niðurstöður nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er meðal annars að koma með ábendingar um breytingar á lögum, reglum, vinnubrögðum og skipulagi opinberrar stjórnsýslu. Rétt þykir að þessir þættir komi til umfjöllunar viðkomandi fastanefnda Alþingis en forsætisnefnd gerir tillögu til þingsins um til hvaða fastanefnda þessum atriðum í skýrslunni skuli vísað. Viðkomandi fastanefndir taka svo afstöðu til þess hvort tilefni sé til breytinga og geta lokið athugun sinni á málinu með þingsályktunartillögu eða með frumvarpi til lagabreytinga.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. er nefndinni fengið vald til að ákveða sjálf hvaða upplýsingar eða tilkynningar hún birtir opinberlega um störf sín meðan hún vinnur að rannsókninni. Sama gildir um aðgang að gögnum sem nefndin hefur aflað. Þetta ákvæði er aðeins til áréttingar því að almenningur á ekki rétt á upplýsingum um störf nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins og 1. mgr. 1. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996. Nefndinni er þó vissulega heimilt að veita slíkar upplýsingar brjóti það ekki í bága við þagnarskyldu skv. 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Sú skylda er þó lögð á nefndina að veita forseta Alþingis og formönnum þingflokkanna reglulega upplýsingar um framgang rannsóknarinnar. Þannig getur Alþingi fylgst með rannsókninni þó að þingið hafi ekki heimild til neinnar íhlutunar í hana, sbr. 4. mgr. 2. gr.

Eins og að framan greinir ákveður nefndin sjálf hvaða gögn, sem hún hefur aflað, skuli afhent almenningi. Þá gilda upplýsingalög, nr. 50/1996, ekki um störf nefndarinnar. Þetta er gert til að tryggja bæði rannsóknarhagsmuni og hraðari meðferð rannsóknarinnar. Þau gögn sem nefndinni berast munu í ýmsum tilvikum vera afrit gagna frá stjórnvöldum. Um rétt til aðgangs að þeim hjá stjórnvöldum ætti að fara eftir upplýsingalögum. Með 3. mgr. er nefndinni veitt vald til að ákveða hvort stjórnvald eigi að veita aðgang að slíkum gögnum. Þetta ákvæði gengur framar rétti samkvæmt upplýsingalögum. Mat nefndarinnar ræðst þá af því hvort upplýsingarnar séu þess eðlis að aðgangur að þeim muni skaða rannsóknina. Enn fremur er unnt með þessu að koma í veg fyrir að það opnist fyrir aðgang að vinnuskjölum stjórnvalda, sem almennt eru undanþegin upplýsingarétti skv. 3. tölulið 4. gr. upplýsingalaga, vegna þess að þau hafa verið afhent nefndinni.

Um 17. gr.

Hér er í 1. mgr. kveðið á um að þeir embættismenn sem vinna að rannsókninni skulu halda óbreyttum kjörum sem fylgja embættum þeirra. Forsætisnefnd Alþingis skal að öðru leyti ákveða greiðslur til nefndarmanna og til þeirra sem skipaðir verða í vinnuhóp skv. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Til að taka af allan vafa er í 2. mgr. kveðið á um að upplýsingalög, nr. 50/1996, gildi ekki um störf nefndarinnar. Þá er þar kveðið á um að 18.–21. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gildi heldur ekki um störf hennar. Í þessum ákvæðum er kveðið á um rétt einstaklings til vitneskju um tiltekin atriði vegna skráningar persónuupp-

lýsinga um sig, fræðsluskyldu ábyrgðaraðila þegar upplýsinga er aflað hjá viðkomandi og um skyldu ábyrgðaraðila til að láta hinn skráða vita um vinnslu persónuupplýsinga þegar þeirra er aflað hjá öðrum en honum sjálfum. Ef nefndinni yrði gert að uppfylla þessar kröfur er fyrirsjáanlegt að það mundi draga rannsóknina á langinn og hugsanlega skaða hana.

Rannsóknarnefndin starfar á vegum Alþingis og er því ekki hluti af þeirri stjórnsýslu sem stjórnsýslulög, nr. 37/1993, taka til. Til að taka af allan vafa um þá stöðu er tekið fram að lögin gildi ekki um störf nefndarinnar nema sérstaklega sé til þeirra vísað. Þá er hér lagt til að lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gildi ekki nema sérstaklega sé til þeirra vísað. Störf nefndarmanna falla því utan við gildissvið þeirra laga. Starf nefndarinnar fellur enn fremur utan starfssviðs umboðsmanns Alþingis, sbr. a-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, og 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Það er rétt að taka fram að þótt stjórnsýslulög, upplýsingalög og eftirlit umboðsmanns Alþingis taki ekki til starfa nefndarinnar mun hún eðli málsins samkvæmt taka mið af óskráðum grundvallarreglum stjórnsýsluréttarins og gæta að réttaröryggi þeirra sem sæta rannsókn.

Í 3. mgr. er nefndinni veitt heimild til að setja sjálfri sér frekari reglur um starfshætti sína. Þá eru tekin af tvímæli í 4. mgr. um að kostnaður af starfi nefndarinnar, þar með talinn kostnaður af starfi sérfræðinga sem sérstaklega eru kallaðir til aðstoðar, greiðist úr ríkissjóði.

Um 18. gr.

Hér er kveðið á um að lögin taki gildi þegar við birtingu í Stjórnartíðindum.

Um 19. gr.

Með greininni er nýrri málsgrein bætt við 14. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Þar er forsætisnefnd Alþingis veitt heimild til að setja annan mann til að sinna starfi umboðsmanns ef kjörnum umboðsmanni eru falin sérstök tímabundin verkefni af hálfu Alþingis. Þannig yrði kjörinn umboðsmaður leystur undan starfsskyldum sínum um tíma en annar settur til að gegna starfi hans á meðan. Heimilt yrði að haga skipan þannig að kjörinn umboðsmaður og settur umboðsmaður skiptu með sér verkum eftir samkomulagi þeirra en þá verður að birta upplýsingar um verkaskiptinguna á vefsíðu embættisins. Ef til ágreinings kæmi um skiptinguna tæki kjörinn umboðsmaður ákvörðun um hana.

Þetta ákvæði er nauðsynlegt ef 2. gr. frumvarpsins verður samþykkt. Samkvæmt gildandi lögum er ekki gert ráð fyrir setningu í embætti umboðsmanns nema við tímabundin forföll eða þegar hann víkur sæti. Með þessu er tryggt að embætti umboðsmanns geti haldið áfram að vinna að verkefnum sínum þó að kjörinn umboðsmaður sinni rannsókn þeirri sem hér er mælt fyrir um.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er til skýringar mælt fyrir um að þar sem vísað er til laga um meðferð opinberra mála, sem falla úr gildi 1. janúar 2009, skulu samsvarandi ákvæði laga um meðferð sakamála gilda frá og með þeim tíma.

224. Tillaga til þingsályktunar [181. mál]

um úttekt á stöðuveitingum og launakjörum kynjanna í nýju ríkisbönkunum.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Magnús Stefánsson, Kolbrún Halldórsdóttir,
Eygló Harðardóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

Alþingi ályktar að gerð verði úttekt á því með hvaða hætti staðið var að stöðuveitingum og launakjörum í nýju ríkisbönkunum þremur, hvernig ákvæða jafnréttislaga hafi verið gætt og ákvæða í stjórnarsáttmála varðandi jafnræði kynjanna um stöðuveitingar og launakjör. Jafnframt verði gerður samanburður á stöðu karla og kvenna fyrir og eftir yfirtöku ríkisins á bönkunum.

Greinargerð.

Jafnræði kynjanna í atvinnulífinu er meginforsenda þess að hámarka árangur. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er að finna eftirfarandi stefnumið:

„Gerð verði áætlun um að minnka óútskýrðan kynbundinn launamun hjá ríkinu og stefnt að því að hann minnki um helming fyrir lok kjörtímabilsins. Ríkisstjórnin vill koma á samvinnu aðila vinnumarkaðarins og hins opinbera um að leita leiða til að eyða þessum launamun á almennum vinnumarkaði. Endurmeta ber sérstaklega kjör kvenna hjá hinu opinbera, einkum þeirra stétta þar sem konur eru í miklum meirihluta. Stefnt skal að því að jafna stöðu kvenna og karla í nefndum og stjórnunarstöðum á vegum ríkisins. Tryggður verði réttur launafólks til að skýra frá launakjörum sínum ef það svo kýs.“

Undanfarið hafa borist fregnir af því að konur virðast hafa borið verulega skarðan hlut frá borði í stjórnunarstöðum og launakjörum innan bankanna, á grundvelli launaleyndar og samkvæmt lauslegri könnun virðist hlutur kvenna í einum af nýju ríkisbönkunum vera enn rýrari en áður. Í nýlegu bréfi frá Jafnréttisstofu, dags.17. nóvember 2008, til þingflokksformanna segir m.a.: „Undanfarnar vikur hafa Jafnréttisstofu borist mörg dæmi um ótrúlegt launamisrétti kynjanna sem viðgengist hefur í nafni launaleyndar innan bankanna þriggja og dótturfyrirtækja þeirra sem nú eru komin í ríkiseigu. Dæmi eru um allt að 100% launamun karls og konu sem unnu hlið við hlið í sama starfi. Þá einkenndist skipulag bankanna af miklum kynjahalla þar sem karlar voru í öllum helstu stjórnunarstöðum. Launakannanir sem gerðar voru á launum í fjármálageiranum sýndu fram á verulegan kynbundinn launamun.“ (Sjá fskj.) Með yfirtöku ríkisins á þremur stærstu bönkum landsins hefur hið opinbera nú einstakt tækifæri til að leiðrétta þennan mun og ganga á undan með góðu fordæmi á vettvangi þar sem jafnréttismál virðast hafa verið fyrir borð borin. Er því lagt upp með þessari tillögu að gerð verði úttekt á stöðu kynjanna fyrir og eftir yfirtöku bankanna. Upplýsingarnar verði nýttar til að tryggja stefnumið ríkisstjórnarinnar um að leiðrétta kynbundinn launamun og tryggja jafna stöðu kvenna og karla í stjórnunarstöðum á vegum ríkisins.

Fylgiskjal.

Jafnréttisstofa:

Launamisrétti kynjanna innan bankanna verði rannsakað.
(Bréf til þingflokksformanna, 17. nóv. 2008.)

Samkvæmt lögum nr. 10/2008 er eitt af meginhlutverkum Jafnréttisstofu að hafa eftirlit með framkvæmd jafnréttislaga. Í 18. gr. laganna er kveðið á um skyldur vinnumarkaðarins, m.a. hvað varðar jafnan hlut kynjanna í stjórnunarstöðum. Í 19. gr. er kveðið á um að konum og körlum sem starfa hjá sama atvinnurekanda skuli greidd jöfn laun og skuli njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Undanfarnar vikur hafa Jafnréttisstofu borist mörg dæmi um ótrúlegt launamisrétti kynjanna sem viðgengist hefur í nafni launaleyndar innan bankanna þriggja og dótturfyrirtækja þeirra sem nú eru komin í ríkiseigu. Dæmi eru um allt að 100% launamun karls og konu sem unnu hlið við hlið í sama starfi. Þá einkenndist skipulag bankanna af miklum kynjahalla þar sem karlar voru í öllum helstu stjórnunarstöðum. Launakannanir sem gerðar voru á launum í fjármálageiranum sýndu fram á verulegan kynbundinn launamun.

Það eru eindregin tillmæli Jafnréttisstofu til forseta Alþingis, formanna stjórnmálaflokkanna og formanna þingflokka að eitt af verkefnum fyrirhugaðrar rannsóknarnefndar á aðdragandanum að falli bankanna verði að fara rækilega ofan í launamál þeirra, með sérstöku tilliti til launamunar kynjanna. Það er réttlætismál að varpað verði ljósi á starfsemi bankanna fyrrverandi hvað varðar launamál.

Mikilvægt er að leiða sannleikann um launamisrétti kynjanna innan bankakerfisins og annarra fjármálastofnana í ljós. Þar sem fyrirtækin eru ekki lengur starfandi getur Jafnréttisstofa ekki beitt heimildum sínum til að kalla eftir upplýsingum (sbr. 4. gr. laga nr. 10/2008) og því er eina leiðin sú að launamisréttið verði rannsakað um leið og aðrir starfshættir bankanna verða kannaðir. Niðurstaðan getur orðið víti til varnaðar við endurreist íslenska fjármálamarkaðarins og varða á leiðinni til launajafnréttis kynjanna í íslensku samfélagi.

Jafnréttisstofa lýsir sig fúsa til samvinnu við fyrirhugaða rannsóknarnefnd ef það mætti verða að gagni.

Virðingarfyllst,

Kristín Ástgeirsdóttir,
framkvæmdastýra Jafnréttisstofu.

225. Fyrirspurn [182. mál]

til menntamálaráðherra um byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar.

Frá Steinunni Valdísi Óskarsdóttur.

Hver er staðan á byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar við Austurhöfn og hvernig sér ráðherra fyrir sér framhald verkefnisins, nú þegar framkvæmdaraðilar eru komnir í þrot?

226. Fyrirspurn [183. mál]

til iðnaðarráðherra um störf í orkufrekum iðnaði.

Frá Ármanni Kr. Ólafssyni.

Hversu mörg störf, bein og afleidd, er talið að eftirfarandi starfsemi þurfi miðað við hvert notað megavatt af rafmagni:

a. álbræðsla,
b. járnblendi,
c. kísilvinnsla,
d. netþjónabú?

Óskað er eftir að í svarinu komi fram hversu hátt hlutfall þessara starfa krefst háskólamenntunar.

Skriflegt svar óskast.

227. Fyrirspurn [184. mál]

til umhverfisráðherra um náttúruvernd við Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvað líður gerð verndaráætlunar skv. 6. gr. laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 97/2004?
2. Hvað líður setningu reglugerðar skv. 3. gr. sömu laga?
3. Hvað líður vinnu við undirbúning friðlýsingar þeirra svæða sem ekki falla undir ákvæði 1. mgr. 2. gr. laganna og gerð verndaráætlunar um þau samkvæmt ákvæði til bráðabirgða við lögin?

228. Frumvarp til laga [185. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, og lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI
Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðbirgða, er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. fylgir fasteignaskatti vegna áranna 2009 og 2010 lögveð í fasteign þeirri sem hann er lagður á og skal hann, ásamt dráttarvöxtum í fjögur ár frá gjalddaga, ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum er á eigninni hvíla.

II. KAFLI
Breytingar á lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „30 daga“ í 1. og 2. málsl. kemur: 90 daga.
b. 3. málsl. fellur brott.

3. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2009“ í 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða kemur: 31. desember 2012.

4. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðbirgða, er orðast svo:

Endurgreiðsla gatnagerðargjalda vegna lóða sem úthlutað var eða byggingarleyfi var veitt á fyrir gildistöku laga þessara skal verðbætt miðað við vísitölu neysluverðs frá greiðsludegi til endurgreiðsludags.

III. KAFLI
Gildistaka.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 10. október sl. undirrituðu samgönguráðherra og formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga yfirlýsingu um aukið samstarf vegna stöðu efnahagsmála. Um það var fjallað á fundi sem stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga gekkst fyrir um efnahagsvandann hinn 17. október sl. Í framhaldi af fundinum hafa fulltrúar samgönguráðuneytisins annars vegar og fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga hins vegar fjallað um það hvernig hægt sé að koma til móts við sjónarmið sveitarfélaganna um sérstakar ráðstafanir til að mæta gerbreyttri stöðu í efnahagsmálum þjóðarinnar. Að mörgu er að huga, t.d. hefur reglugerð um

eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga verið breytt á þann veg að fjárhagsáætlanir sem settar eru fram með halla á árinu 2009 kalla ekki sjálfkrafa á eftirlitsúrræði nefndarinnar. Skoða verður slíka framsetningu fjárhagsáætlunar með hliðsjón af öðrum þáttum í rekstri viðkomandi sveitarfélaga. Fleiri ráðstafanir hafa einnig verið til skoðunar til að tryggja að grunnþjónusta hins opinbera skerðist ekki þrátt fyrir tekjusamdrátt og kostnaðarhækkanir. Á grundvelli yfirlýsingarinnar hafa fulltrúar ráðuneytisins og sambandsins átt tíða samráðsfundi þar sem m.a. hefur verið fjallað um fjárhagsstöðu og rekstrarhorfur sveitarfélaga og ræddar leiðir til að aðstoða sveitarfélögin við gerð fjárhagsáætlana fyrir komandi ár.

Frumvarp þetta er liður í því að skapa betri rekstrarlegar forsendur fyrir sveitarfélög til að mæta þeim tímabundnu erfiðleikum sem ríkja í efnahagsmálum þjóðarinnar. Með frumvarpinu fá sveitarfélögin aukið svigrúm til þess að mæta breyttum rekstrar- og fjármálaforsendum. Jafnframt er frumvarpi þessu ætlað að auðvelda sveitarfélögum að aðstoða þá íbúa sína sem eiga í greiðsluerfiðleikum, þannig að sveitarfélög geti sýnt aukinn sveigjanleika við innheimtu.

Frumvarpið sem hér er lagt fram felur í sér að lagt er til að breytt verði tvennum lögum er varða sveitarfélögin, annars vegar lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, og hins vegar lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006.

Í fyrsta lagi er lagt til að lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, verði breytt á þann veg að lögveðsréttur fasteignaskatts vegna áranna 2009 og 2010 gildi í fjögur ár í stað tveggja. Breytingin skapar aukið svigrúm fyrir sveitarfélög til að semja við fasteignaeigendur sem eiga í greiðsluerfiðleikum um skil á fasteignaskatti þar sem tímafrestur varðandi lögveðið er rýmri heldur en almenna reglan segir til um. Sveitarfélög eiga þar af leiðandi síður á hættu að lögveðsréttur vegna slíkrar kröfu glatist þótt samið sé um rúman greiðslufrest.

Í öðru lagi er lagt til að lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006, verði breytt með þeim hætti, að frestur sveitarfélags til þess að endurgreiða gatnagerðargjald verði lengdur úr 30 dögum í 90 daga. Jafnframt er lagt til að ákvæði sem kveður á um að endurgreiðslufjárhæð gatnagerðargjaldsins skuli verðbætt taki einungs til þeirra lóða sem þegar hefur verið úthlutað. Í viðræðum við samgönguráðuneytið lagði Samband íslenskra sveitarfélaga mikla áherslu á að komið yrði til móts við sveitarfélög landsins og verðtryggingarákvæði 9. gr. yrði fellt niður. Byggðist sjónarmið sambandsins á því að vegna þeirra erfiðleika sem nú ríkja í efnahagsmálum þjóðarinnar stæðu mörg sveitarfélög frammi fyrir því að fjölda lóða sem þegar hefði verið úthlutað yrði væntanlega skilað inn og óskað endurgreiðslu gatnagerðargjalda. Kröfur um verðtryggða endurgreiðslu gatnagerðargjalda hafa þegar haft gríðarleg áhrif á lausafjárstöðu margra sveitarfélaga. Þeim er því illmögulegt að standa skil á frekari endurgreiðslum innan þess knappa tímafrests sem kveðið er á um í lögum um gatnagerðargjald. Með breytingunni er lagt til að verðtryggingarákvæði 9. gr. falli brott en engu að síður lagt til í bráðabirgðaákvæði að það haldi gildi sínu hvað varðar endurgreiðslu vegna þeirra lóða sem úthlutað hefur verið eða byggingarleyfi veitt á fyrir gildistöku laganna. Byggist það á sjónarmiðum um bann við afturvirkni laga og þeim réttmætu væntingum sem þeir aðilar sem þegar hafa fengið úthlutað lóðum mega hafa en annað fyrirkomulag væri afar íþyngjandi fyrir þá.

Í þriðja lagi er lagt til að bráðabirgðaákvæði laga um gatnagerðargjald, nr. 153/2006, breytist með þeim hætti að það gildi til ársloka 2012 í stað ársloka 2009 eins og nú er. Með því gefst þeim sveitarfélögum sem enn eiga eftir að ljúka gatnagerð á grundvelli eldri laga kostur á að laga framkvæmdahraða að efnahagsástandinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ljósi þess efnahagsástands sem nú ríkir þykir ekki rétt að sveitarfélög landsins gangi fram af hörku við innheimtu fasteignaskatts. Því er lagt til að við lög um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða þess efnis að lögveðsréttur sveitarfélaga vegna fasteignaskatts sem lagður er á á árunum 2009 og 2010 gildi í fjögur ár frá gjalddaga í stað tveggja ára.

Með breytingunni skapast aukið svigrúm fyrir sveitarfélög til að semja við fasteignaeigendur sem eiga í greiðsluerfiðleikum um skil á fasteignaskatti án þess að sveitarfélagið eigi á hættu að lögveðsrétturinn glatist, en í honum felst mikilvægt hagræði fyrir sveitarfélögin. Möguleiki á samningum hefur einnig í för með sér að skuldari þarf ekki að greiða þann kostnað sem hlytist af nauðungarsöluferlinu sem sveitarfélög þyrftu annars að ráðast í til þess að viðhalda lögveðréttinum. Ljóst er að breytingin hefur áhrif á réttarstöðu síðari veðhafa að því leyti að réttur þeirra getur rýrnað. Í flestum tilvikum verða þau áhrif þó óveruleg. Því er lagt til að breytingin taki einungis til fasteignaskatts vegna áranna 2009 og 2010, auk dráttarvaxta vegna þeirra gjalda enda er ákvæðið einungis hugsað til þess að bregðast við þeim tímabundnu erfiðleikum sem nú ríkja í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Um 2. gr.

Í 9. gr. gildandi laga um gatnagerðargjald segir að sveitarfélagi beri að endurgreiða gatnagerðargjald innan 30 daga ef lóðarúthlutun er afturkölluð eða ógilt eða lóð er skilað. Sama gildir um gatnagerðargjald sem lagt hefur verið á í tengslum við samþykkt byggingarleyfis, sbr. b-lið 2. mgr. 3. gr. laganna, en í þeim tilvikum skal endurgreiða gatnagerðargjaldið innan 30 daga frá því að byggingarleyfishafi hefur sannanlega krafist greiðslu.

Ákvæði 9. gr. er afar íþyngjandi fyrir sveitarfélögin vegna þeirra breyttu aðstæðna sem nú ríkja í rekstrar- og fjármálum sveitarfélaga landsins. Leiða má að því líkur að lausafjárstaða sveitarfélaga sé slík að það geti reynst þeim afar erfitt að bregðast við kröfu um endurgreiðslu gatnagerðargjalda á svo skömmum tíma sem ákvæðið kveður á um eða einungis 30 dögum. Með breytingunni fá sveitarfélög rýmri tíma, 90 daga, til þess að endurgreiða gjaldið en ákvæðið á eingöngu við þegar úthlutun lóðar er afturkölluð eða ógilt, lóð er skilað eða hætt er við framkvæmdir samkvæmt útgefnu byggingarleyfi.

Samkvæmt 9. gr. gildandi laga skal fjárhæð gatnagerðargjalds sem greidd var verðbætt miðað við vísitölu neysluverðs frá greiðsludegi til endurgreiðsludags. Með breytingunni er lagt til að fyrrgreint verðtryggingarákvæði falli brott.

Um 3. gr.

Í frumvarpinu er lagt til bráðabirgðaákvæðið gildi til ársloka 2012 í stað ársloka 2009 eins og nú er. Með því gefst þeim sveitarfélögum sem enn eiga eftir að ljúka gatnagerð á grundvelli eldri laga kostur á að laga framkvæmdahraða að efnhagsástandinu.

Um 4. gr.

Samkvæmt 3. málsl. 9. gr. gildandi laga um gatnagerðargjald skal fjárhæð gatnagerðargjalds sem er endurgreidd verðbætt miðað við vísitölu neysluverðs frá greiðsludegi til endurgreiðsludags. Í bráðabirgðaákvæðinu er verðtrygging endurgreiðslunnar eins og hún er í 3. málsl. 9. gr. látin halda sér vegna lóða sem úthlutað var eða byggingarleyfi var veitt á fyrir gildistöku frumvarps þessa. Byggist það á sjónarmiðum um afturvirkni laga og þeim réttmætu

væntingum sem þeir aðilar sem þegar hafa fengið úthlutað lóðum eða byggingarleyfi verið veitt á mega hafa en annað fyrirkomulag væri afar íþyngjandi fyrir þá.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, og lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er sveitarfélögum skapað aukið svigrúm til að mæta breyttum rekstrar- og fjármálaforsendum auk þess að skapa betri rekstrarlegar forsendur til að mæta tímabundnum erfiðleikum sem ríkja í efnahagsmálum þjóðarinnar. Í fyrsta lagi er lagt til að lögum um tekjustofna sveitarfélaga verði breytt á þann veg að lögveðsréttur fasteignaskatts vegna áranna 2009 og 2010 gildi í fjögur ár í stað tveggja. Í öðru lagi er lagt til að lögum um gatnagerðargjald verði breytt með þeim hætti að frestur sveitarfélags til þess að endurgreiða gatnagerðargjald verði lengdur úr 30 dögum í 90 daga. Í þriðja lagi er svo lagt til að bráðabirgðaákvæði laga um gatnagerðargjald breytist með þeim hætti að það gildi til ársloka 2012 í stað ársloka 2009 eins og nú er.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

229. Frumvarp til laga [186. mál]

um breytingu á lögum um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Hlutverk tilraunadýranefndar er að taka til afgreiðslu umsóknir um leyfi til dýratilrauna, leyfi til að halda og annast tilraunadýr og leyfi til að rækta tilraunadýr, svo og að sinna sértæku eftirliti með aðbúnaði og meðferð tilraunadýra. Heimilt er tilraunadýranefnd að binda leyfi þeim skilyrðum sem nauðsynleg má telja til að tryggja velferð tilraunadýra. Ef háttsemi leyfishafa brýtur gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim er tilraunadýranefnd heimilt að afturkalla leyfi. Tilraunadýranefnd er heimilt að innheimta gjald fyrir útgáfu leyfis svo og sérstakt eftirlit með aðbúnaði og meðferð tilraunadýra. Gjald þetta skal greiðast af hlutaðeigandi leyfishafa og/eða þeim sem eftirlitið beinist að og má ekki vera hærra en nemur eðlilegum kostnaði við eftirlit eða útgáfu leyfis.

b. Við 5. mgr., er verður 6. mgr., bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Kröfur um menntun og þjálfun þeirra sem nota dýr í tilraunaskyni skulu taka mið af menntun í vísindagrein sem tekur til þeirrar tilraunastarfsemi er um ræðir eða námskeiði tengdu dýratilraunum. Kröfur þessar skulu þó ekki ganga lengra en nauðsyn krefur til að tryggja velferð dýra sem notuð eru í vísinda- eða tilraunaskyni eða alin í þeim tilgangi.
c. 6. mgr., er verður 7. mgr., orðast svo:
Umhverfisráðherra setur í samráði við tilraunadýranefnd reglugerð þar sem meðal annars er kveðið nánar á um hlutverk og störf tilraunadýranefndar, menntun og þjálfun þeirra sem nota eða halda dýr í tilraunaskyni, meðferð tilraunadýra og eftirlit með dýratilraunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á 16. gr. laga um dýravernd, nr. 15/1994, vegna tilraunadýranefndar. Ástæður þeirra breytinga sem lagðar eru til með frumvarpi þessu eru einkum þær að verkefni tilraunadýranefndar hafa breyst og vaxið talsvert á undanförnum árum, en lagaákvæði um starfsskilyrði nefndarinnar þykja hins vegar ekki lengur fullnægjandi og má meðal annars rekja það til þessarar þróunar. Meginforsendur þessa frumvarps eru því þær að skerpa á hlutverki tilraunadýranefndar jafnframt því að tryggja henni lagastoð til að standa undir kostnaði sem óhjákvæmilega hlýst af störfum hennar.

Í a-lið 1. gr. er hlutverk tilraunadýranefndar gert skýrara, en mikilvægt þykir að sem minnstur vafi leiki þar á. Með sértæku eftirliti er til dæmis átt við þegar dýralæknir sem starfar á vegum nefndarinnar þarf að fara í eftirlitsferðir til að sannreyna að skilyrðum leyfis sé fullnægt. Áfram er gert ráð fyrir að almennt eftirlit, sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 279/2002, um dýratilraunir, verði í höndum héraðsdýralækna, svo og að ákvæði þeirrar reglugerðar varðandi störf tilraunadýranefndar verði grein þessari til frekari fyllingar. Rétt þykir að kveða á um gjaldtökuheimild til að tilraunadýranefnd sé unnt að sinna hlutverki sínu á sem skilvirkastan hátt. Líkt og orðalagið ber með sér er eingöngu um þjónustugjaldsheimild að tefla.

Í b-lið 1. gr. eru lögfest meginviðmið varðandi kröfur um menntun og þjálfun þeirra sem meðhöndla dýr í tilraunaskyni, vegna þeirra hagsmuna er varða tilraunadýrin sjálf en einnig vegna þeirra hagsmuna sem hlutaðeigandi leyfishafa tengjast í þessu sambandi. Þá er byggt á því að nánari ákvæði um þessi atriði komi fram í reglugerð, efni greinarinnar til fyllingar.

Í c-lið 1. gr. er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð um hlutverk og störf tilraunadýranefndar til frekari fyllingar ákvæðum greinarinnar, einnig menntun og þjálfun þeirra sem nota eða halda dýr í tilraunaskyni.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 15/1994, um dýravernd, með síðari breytingum.

Megintilgangur frumvarpsins er að skerpa á ákvæðum laganna er lúta að hlutverki og valdheimildum tilraunadýranefndar ásamt því að afla nefndinni skýrrar lagaheimildar til að innheimta nýtt gjald til að standa undir kostnaði við leyfisveitingar og eftirlit vegna dýratilrauna. Tilraunadýranefnd hefur starfsaðstöðu hjá Matvælastofnun og hefur stofnunin borið kostnað nefndarinnar að svo miklu leyti sem tekjur hafa ekki nægt fyrir gjöldum. Árið 2007 voru tekjurnar um 140 þús.kr.

Leyfisveitingum til dýratilrauna hefur farið fjölgandi á síðustu árum og gera má ráð fyrir að að meðaltali séu veitt um 30 leyfi til dýratilrauna á ári. Miðað við að kostnaður við vinnslu hvers leyfis sé um 50 þús.kr og að eftirlit með leyfishöfum útheimti 40 klst. vinnu í hverjum mánuði má gera ráð fyrir að gjald fyrir veitingu leyfa og eftirlit gæti skilað um 5 m.kr. tekjum á ári. Tekjurnar munu falla í flokk annarra rekstrartekna samkvæmt skilgreiningu fjárreiðulaganna og færast á tekjuhlið ríkissjóðs.

Fjármálaráðuneytið telur það ekki heppilegt fyrirkomulag að ríkistekjur séu markaðar með þessum hætti til reksturs ríkisaðila. Að mati ráðuneytisins ættu tekjur sem kveðið er á um í lögum og teljast til ríkistekna að renna í ríkissjóð og ákvörðun um fjárheimildir verkefna að vera tekin í fjárlögum hverju sinni.

Tilraunadýranefnd hefur nú þegar með höndum þau verkefni sem sótt er um heimild til gjaldtöku fyrir. Frumvarpið hefur þannig ekki áhrif á kostnað ríkissjóðs en gæti aflað nefndinni 5 m.kr. tekna á ári miðað við áðurgreindar forsendur. Er því gert ráð fyrir að beint framlag ríkissjóðs til Matvælastofnunar lækki í sama mæli.

230. Frumvarp til laga [187. mál]

um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að:

a. afmarka skyldur sveitarfélaga hvað varðar fráveitumál og fráveituframkvæmdir,
b. tryggja uppbyggingu og starfrækslu fráveitna þannig að frárennsli valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið,
c. skýra réttindi og skyldur eigenda og notenda fráveitna og
d. stuðla að hagkvæmni í uppbyggingu og starfrækslu fráveitna.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um uppbyggingu og starfrækslu fráveitna.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Frárennsli:* Rennsli frá mannvirkjum, götum, lóðum, gönguleiðum eða opnum svæðum, svo sem ofanvatn og/eða skólp og vatn frá upphitunarkerfum mannvirkja sem veitt er í fráveitur.
2. *Fráveita:* Leiðslukerfi og búnaður til meðhöndlunar og hreinsunar skólps. Til fráveitu telst allt lagnakerfi sem flytur frárennsli frá heimilum, stofnunum, atvinnufyrirtækjum, götum, gönguleiðum, lóðum og opnum svæðum, svo sem tengingar við einstakar fasteignir, niðurföll, svelgir, brunnar, safnkerfi, tengiræsi, sniðræsi, stofnlagnir, yfirföll og útræsi. Til fráveitu teljast einnig öll mannvirki sem reist eru til meðhöndlunar eða flutnings á frárennsli, svo sem hreinsivirki, dælu- og hreinsistöðvar og set- og miðlunartjarnir.
3. *Frístundabyggð:* Afmarkað svæði innan jarðar eða jarða þar sem eru a.m.k. 10 lóðir undir frístundahús, sbr. lög um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, nr. 75/2008. Frístundahús eru hús sem ætluð eru til frístundanotkunar og þar sem heilsársbúseta er óheimil.
4. *Heimæð:* Fráveitulögn sem flytur frárennsli að tengingu frá mannvirkjum og lóðum, þ.m.t. leigulóðum sveitarfélagsins.
5. *Hreinsivirki:* Búnaður til hreinsunar á skólpi og/eða ofanvatni áður en því er veitt í viðtaka, þ.m.t. rotþrær með siturlögnum.
6. *Landnotkunarreitur:* Reitur með eina skilgreinda landnotkun. Landnotkunarreitur nær að jafnaði ekki yfir minna svæði en götureit. Innan landnotkunarreits er meiri hluti reits helgaður aðalnotkun samkvæmt skilgreiningu viðkomandi landnotkunarflokks, sbr. skipulagsreglugerð.
7. *Ofanvatn:* Regnvatn og leysingarvatn sem rennur í fráveitur af húsþökum, götum, gangstéttum og öðru þéttu yfirborði.
8. *Persónueiningar:* Magn lífrænna efna, næringarsalta og annarra efna sem samsvarar því sem einn einstaklingur er að jafnaði talinn losa frá sér á sólarhring.
9. *Safnkerfi:* Lögn eða lagnir sem lagðar eru innan hverfa eða landnotkunarreits og safna frárennsli af afmörkuðu svæði áður en því er veitt í stofnlögn.
10. *Sameiginlegt hreinsivirki:* Hreinsivirki sem reist er til sameiginlegra nota fyrir íbúa sveitarfélags, hluta sveitarfélags, fyrirtæki, stofnanir eða félög einstaklinga.
11. *Skólp:* Mengað vatn sem greinist í húsaskólp og iðnaðarskólp eða blöndu af húsaskólpi eða iðnaðarskólpi og/eða ofanvatni.
12. *Stjórn fráveitu:* Sá aðili sem ber ábyrgð á daglegri stjórn fráveitunnar, hvort sem um er að ræða sveitarstjórn, sérstaka stjórn fráveitu eða annan þann aðila sem fer með málefni fráveitu.
13. *Stofnlögn:* Fráveitulögn sem flytur frárennsli milli hverfa eða frá hverfi til hreinsistöðva.
14. *Tenging:* Tengiæð milli heimæðar og fráveitukerfis við mörk lands sveitarfélagsins þ.m.t. leigulóðir sveitarfélagsins, götu, gangstétt eða opið svæði.
15. *Viðtaki:* Svæði sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir.
16. *Þéttbýli:* Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

II. KAFLI
Fráveitur sveitarfélaga o.fl.

4. gr.
Hlutverk sveitarfélaga.

Sveitarfélag ber ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu.

Í þéttbýli skal sveitarfélag koma á fót og starfrækja sameiginlega fráveitu.

Utan þéttbýlis þar sem fjöldi húsa er u.þ.b. 20 á hverja 10 ha og/eða atvinnustarfsemi felur í sér losun sem nemur u.þ.b. 50 persónueiningum eða meira á hverja 10 ha skal sveitarfélagið sjá til þess að skólpi sé safnað á kerfisbundinn hátt með safnkerfi, stofnlögnum og sameiginlegu hreinsivirki.

Sveitarstjórn setur í deiliskipulag ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki þar sem þess er þörf, sbr. 3. mgr., og sendir áætlun um nýjar og endurbættar fráveitur til heilbrigðisnefndar í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. getur heilbrigðisnefnd heimilað að beitt sé öðrum lausnum en safnkerfi og sameiginlegu hreinsivirki þar sem losun er minni en 2.000 persónueiningar og ef ríkar ástæður mæla með, svo sem ef kostnaður er óvenju mikill miðað við umhverfislegan ávinning. Við mat á slíkum lausnum skal heilbrigðisnefnd taka tillit til gæða, getu og skilgreiningar viðtaka, jarðvegsgerðar, legu lands og umhverfisaðstæðna að öðru leyti.

Í dreifbýli er sveitarfélagi heimilt að koma á fót og starfrækja fráveitu.

Þar sem sveitarfélagi er heimilt að koma á fót og starfrækja fráveitu skal það hafa forgangsrétt til þess.

Fráveitur sem sveitarfélag setur á fót samkvæmt þessari grein skulu vera í eigu sveitarfélaga, sbr. þó 6. gr.

Þar sem sveitarfélagi er skylt samkvæmt þessari grein að koma á fót og reka fráveitu skal það hafa einkarétt til þess. Sama gildir þar sem sveitarfélag nýtir forgangsrétt sinn skv. 7. mgr.

Sveitarstjórn getur kveðið nánar á um fyrirkomulag fráveitumála í sveitarfélaginu og kröfur um hreinsun í samþykkt sem hún setur á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

5. gr.
Rekstur fráveitu.

Sveitarstjórn fer með rekstur og stjórn fráveitu á vegum sveitarfélagsins nema annað rekstrarform hafi sérstaklega verið ákveðið, sbr. 6. gr.

Sveitarfélagi eða félagi í eigu sveitarfélaga sem fer með rekstur fráveitu er heimilt að gera þjónustusamninga við einkaaðila um rekstur einstakra þátta fráveitunnar.

6. gr.
Heimild til ráðstöfunar á einkarétti sveitarfélags.

Sveitarstjórn er heimilt að fela stofnun eða félagi sem að meiri hluta er í eigu sveitarfélaga skyldur sínar og réttindi hvað varðar uppbyggingu, rekstur og eignarhald fráveitna samkvæmt lögum þessum.

Við ráðstöfun skv. 1. mgr. skal í samningi, eftir því sem við á, kveðið á um eignarrétt á fráveitu, eftirlit sveitarstjórnar með rekstri fráveitunnar og innlausnarrétt sveitarfélagsins á fráveitu og fastafjármunum fráveitunnar auk annarra atriða sem sveitarstjórn telur nauðsynleg.

Ef ekki er kveðið á um annað í samningi aðila skal innlausnarverð fráveitu og fastafjármuna skv. 1. mgr. miðast við afskrifað endurstofnverð þessara eigna. Ef ágreiningur verður

um verð skera dómkvaddir matsmenn úr nema samningsaðilar verði ásáttir um að leysa ágreininginn á annan hátt.

7. gr.
Samvinna sveitarfélaga.

Sveitarstjórnum er heimilt að koma á fót og reka sameiginlega fráveitu. Sveitarstjórnir skulu gera með sér samkomulag um með hvaða hætti fráveitunni skuli komið á fót og hún rekin. Ákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, gilda um samvinnu sveitarfélaga á þessu sviði nema annað sé sérstaklega tekið fram.

III. KAFLI
Aðrar fráveitur.

8. gr.
Fráveitur einkaaðila.

Þar sem sveitarstjórn nýtir ekki heimild sína skv. 6. mgr. 4. gr. skal landeigandi sjá til þess að skólp sé hreinsað og koma á safnkerfi, stofnlögnum og sameiginlegu hreinsivirki eftir því sem nánar er kveðið á um í deiliskipulagi. Þar sem ekki er til staðar sameiginleg fráveita skal frárennsli einstakra húsa veitt í hreinsivirki.

9. gr.
Frístundabyggð.

Þegar land er skipulagt sem frístundabyggð skal landeigandi koma á fót fráveitu eða gera samning við starfandi fráveitu að höfðu samráði við sveitarstjórn. Þegar sveitarfélag skipuleggur frístundabyggð á eigin landi skal sveitarfélagið koma á fót fráveitu.

10. gr.
Land í sameign.

Nú er landareign í sameign og hluti eigenda óskar eftir því að koma á fót fráveitu til að veita skólpi og öðru frárennsli frá landareigninni, og getur þá sá eða þeir sem meiri hluta landareignar eiga tekið ákvörðun um framkvæmdina. Er hinum þá skylt að taka hlutfallslega þátt í kostnaði sem af því hlýst.

IV. KAFLI
Fráveitulagnir.

11. gr.
Tenging við fráveitu.

Eigandi eða rétthafi lóðar við götu, gönguleið eða opið svæði þar sem fráveitulögn liggur á rétt á að fá tengingu við fráveitukerfi. Óski hann þess að fá fleiri tengingar af hagkvæmnisástæðum skulu slíkar tengingar teljast einkaeign hans nema sérstakt samkomulag hafi verið gert um annað. Beiðni um tengileyfi skal senda til fráveitu.

Engum er heimilt að tengjast í fráveitu nema samþykki stjórnar fráveitu liggi fyrir. Skylt er að lúta í einu og öllu fyrirmælum stjórnar fráveitu um gerð og legu heimæða.

Þurfi að gera breytingar á tengingum við fráveitu vegna framkvæmda á vegum lóðarhafa skal hann sækja um leyfi til stjórnar fráveitu. Lóðarhafi ber sjálfur kostnað af breytingunum.

12. gr.
Fráveitulagnir.

Eigandi fráveitu sér um lagningu og viðhald allra fráveitulagna, þ.e. stofnlagna, safnkerfa og fráveitutenginga.

Eigendum húseigna þar sem fráveita liggur er skylt á sinn kostnað að annast lagningu og viðhald heimæða fyrir frárennsli að tengingu við fráveitukerfi. Lagnirnar skulu tengjast lögnum fráveitu á þeim stað og með þeirri hæðarsetningu sem fráveita tilgreinir.

Í fráveitulögnum skal ofanvatn og skólp aðgreint nema annað sé heimilað.

Endurnýi eigandi fráveitu fráveitukerfi sitt þannig að í hinu nýja kerfi sé ofanvatn og skólp aðgreint skulu eigendur fasteigna samhliða endurnýjun heimæða eða meiri háttar endurbóta á þeim aðskilja ofanvatn og skólp.

Þar sem tvær eða fleiri fasteignir nýta sameiginlega heimæð skulu eigendur þeirra í sameiningu annast og kosta lagningu, rekstur og viðhald heimæðar nema um annað hafi verið samið.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

V. KAFLI
Gjaldtaka.

13. gr.
Tengigjald.

Eiganda eða rétthafa fasteignar sem tengst getur fráveitu ber að greiða gjald fyrir tengingu við fráveitukerfi sveitarfélagsins. Gjaldið skal miðað við gerð, stærð og lengd tenginga. Heimilt er sveitarfélaginu að innheimta með tengigjaldi hlutdeild í stofnkostnaði við aðliggjandi fráveitukerfi, þó ekki kostnaði vegna stofnlagna nema þær gegni jafnframt hlutverki safnkerfa.

Gjaldið og gjalddagi þess skal ákveðið í gjaldskrá skv. 15. gr. Tengigjald er fyrst gjaldkræft við úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélags eða það hefur ráðstöfunarrétt á og við útgáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum.

14. gr.
Fráveitugjald.

Heimilt er að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum sem tengdar eru eða geta tengst fráveitu sveitarfélags.

Þar sem frárennsli er veitt frá atvinnustarfsemi eða vegna annars en venjulegra heimilisnota í fráveitukerfi sveitarfélags er heimilt að innheimta gjald vegna losunar miðað við innrennsli vatns samkvæmt mæli. Sé vatn notað til framleiðslu þannig að því sé ekki veitt í fráveitukerfi skal notandi mæla notkun þess. Sú notkun skal dregin frá innmældu magni við útreikning á gjaldi. Verði mælingu ekki við komið skulu aðilar meta vatnsnotkun til frádráttar á innmældu vatnsmagni.

Heimilt er að innheimta sérstakt aukagjald ef frárennsli tiltekins gjaldskylds aðila samkvæmt lögum þessum er svo mengað að það leiði til sérstakra aðgerða við fráveitukerfið, svo sem ef losun fer yfir skilgreind losunarmörk. Við ákvörðun gjaldsins skal miða við áætlaðan kostnað við aðgerðirnar.

Gjöld og gjalddagar þeirra samkvæmt þessari grein skulu ákveðin í gjaldskrá skv. 15. gr.

15. gr.

Gjaldskrá fráveitu.

Stjórn fráveitu skal semja gjaldskrá þar sem kveðið er nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda skv. 13. og 14. gr.

Miða skal við að fráveitugjald ásamt öðrum tekjum fráveitu standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar. Heimilt er að ákveða hámark og lágmark fráveitugjalds miðað við rúmmál húseigna. Enn fremur er heimilt að miða fráveitugjaldið við fast gjald auk álags vegna stærðar eða notkunar fasteignar.

Heimilt er að skipta starfssvæði fráveitu í fráveitusvæði og setja sérstaka gjaldskrá fyrir hvert veitusvæði. Slíka skiptingu skal auglýsa með gjaldskránni.

Heimilt er að lækka eða fella niður gjöld samkvæmt þessum lögum hjá tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum samkvæmt reglum sem sveitarstjórn setur.

Sveitarfélag skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda.

16. gr.

Innheimta o.fl.

Þinglýstur eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu gjalda samkvæmt lögum þessum.

Heimilt er að innheimta fráveitugjald með fasteignaskatti. Fráveitugjald leggst á ný mannvirki í hlutfalli við ársálagningu frá næstu mánaðamótum eftir að þau eru skráð og metin í Landskrá fasteigna en fellur niður frá næstu mánaðamótum eftir að mannvirki er afskráð úr landskránni.

Fráveitugjaldi, tengigjaldi og leigugjaldi fyrir magnmæli ásamt innheimtukostnaði og vöxtum fylgir lögveðsréttur í fasteigninni í tvö ár frá gjalddaga. Lögveð þetta gengur fyrir eldri sem yngri samnings- og aðfararveðum og yngri lögveðum. Ef hús brennur eftir að fráveitugjald eða heimæðargjald gjaldfellur er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð fasteignarinnar.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

17. gr.

Aðgangur að fráveitu.

Þeim sem ekki hefur tekið þátt í uppbyggingu fráveitu er heimilt að veita frárennsli frá sér í fráveitu sem fyrir er. Skal hann greiða fyrir það tiltekið hlutfall stofnkostnaðar, að teknu tilliti til afskrifta. Jafnframt skal hann greiða tiltekið hlutfall rekstrarkostnaðar og viðhalds.

Ef breyta þarf fráveitu vegna íveitu í hana, sbr. 1. mgr., skal sá er íveitunnar óskar greiða allan kostnað af breytingunni.

Landeigandi getur krafist þess að fráveita sé svo úr garði gerð í upphafi að hún taki við skólpi frá eign hans, enda greiði hann allan kostnaðarauka er af því stafar.

Sá sem neytir réttar síns skv. 1. og 3. mgr. þessarar greinar skal setja nægilega tryggingu fyrir því er honum ber að greiða ef þess er krafist.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um hreinsivirki fyrir stök hús.

18. gr.

Aðgangur að landi.

Skylt er landeigendum og lóðarhöfum að láta af hendi land, mannvirki og landsafnot og þola nauðsynlegar eignarkvaðir vegna fráveituframkvæmda og lagna.

Leiði fráveituframkvæmdir til þess að verðmæti fasteignar lækki eða að nýtingarmöguleikar hennar skerðist frá því sem áður var á sá sem sýnt getur fram á að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum rétt á greiðslu bóta frá eiganda fráveitu, eftir mati dómkvaddra matsmanna ef ágreiningur verður.

19. gr.

Eignarnám.

Ráðherra getur heimilað að land og/eða lóðarréttindi verði tekin eignarnámi ásamt nauðsynlegum mannvirkjum, aðstöðu og öðrum réttindum fasteignareiganda vegna lagningar fráveitu sveitarfélags í samræmi við ákvæði laga þessara. Ávallt skal þess þó freistað að ná samkomulagi við fasteignareiganda áður en til eignarnáms kemur.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli þessara laga fer eftir almennum reglum.

20. gr.

Bótaábyrgð vegna tjóns á fráveitukerfi.

Aðili sem veldur tjóni á fráveitukerfi, svo sem með losun efna eða hluta í fráveitu, ber bótaábyrgð á slíku tjóni þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanns hans.

21. gr.

Reglugerð.

Ráðherra er heimilt, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra hagsmunaaðila, að setja reglugerð um fráveitur sveitarfélaga þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd fráveitumála.

22. gr.

Málskot.

Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvarðanir samkvæmt lögum þessum til úrskurðarnefndar sem starfar skv. VII. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

23. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara fellur niður X. kafli vatnalaga, nr. 15/1923, sbr. og 8. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Tengingar í einkaeign sem lagðar hafa verið fyrir gildistöku laganna verða eign fráveitu í framhaldi af endurnýjun tenginganna.

Stjórn fráveitu er skylt að yfirtaka tengingu við fráveitu frá safnkerfi að lóðamörkum sveitarfélagsins að skriflegri beiðni eiganda.

Ákvæði 3. mgr. 4. gr. laga þessara taka ekki til byggðar sem fyrir er við gildistöku laganna. Ákvæði 8. mgr. 4. gr. gildir ekki um fráveitur sem komið hefur verið á fót fyrir gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið af nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins. Í nefndinni sátu Sigrún Ágústsdóttir, umhverfisráðuneyti, formaður, Sigurbjörg Sæmundsdóttir, umhverfisráðuneyti, Guðjón Bragason, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sigurður Ingi Skarphéðinsson, tilnefndur af Samorku, og Magnús Jónsson, tilnefndur af félagsmálaráðuneytinu, sem fór með málefni sveitarfélaga þegar nefndin var skipuð.

Samband íslenskra sveitarfélaga lagði til við umhverfisráðuneytið árið 2005 að hafin yrði vinna við frumvarp til laga um fráveitur sveitarfélaga sem tæki mið af lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004. Í erindi sambandsins kom fram það viðhorf að framkvæmdir í fráveitumálum væru eitt af meginverkefnum sveitarfélaga. Þykir því eðlilegt að kveðið sé skýrt á um það í lögum í hverju skyldur sveitarfélaga í fráveitumálum felast. Hinn 7. júlí 2007 skipaði umhverfisráðherra framangreinda nefnd sem fékk það hlutverk að fjalla um skyldur sveitarfélaganna vegna fráveitumála og um rekstur og lagningu fráveitna. Nefndinni var falið að vinna lagafrumvarp í framangreindum tilgangi sem tæki mið af svipuðu fyrirkomulagi og kveðið er á um í lögum um vatnsveitur. Í skipunarbréfi nefndarinnar kom fram að frumvarpinu væri ætlað annars vegar að kveða skýrt á um skyldur sveitarfélaga til þess að sinna fráveitumálum og hafa frumkvæði að lagningu fráveitna og hins vegar að heimila að fela sjálfstæðum félögum rekstur fráveitna með svipuðum hætti og gildir um vatnsveitur.

Nefndin skilaði tillögu að frumvarpi til ráðherra 12. nóvember 2008. Í framhaldi af því kynnti ráðuneytið frumvarpið á fundum fyrir fulltrúum Húseigendafélagsins, Félags sumarhúsaeigenda, samgönguráðuneytis, Umhverfisstofnunar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samorku og talsmanni neytenda. Þá fékk fulltrúi Lagnafélagsins frumvarpið sent til kynningar.

Í frumvarpi þessu er kveðið á um uppbyggingu og starfrækslu fráveitna. Ekki hefur til þessa verið kveðið á um skyldur til uppbyggingar og reksturs á fráveitum í lögum. Í skipulags- og byggingarlögum er þó kveðið á um að gerð skuli m.a. grein fyrir þjónustukerfum og umhverfismálum í skipulagsáætlunum.

Þar sem er byggð eða atvinnustarfsemi verður til frárennsli. Uppsöfnun skólps getur valdið umtalsverðum neikvæðum umhverfisáhrifum ef ekki er rétt á málum haldið. Þá getur röng meðhöndlun á skólpi verið skaðleg heilsu fólks. Því er talið mjög mikilvægt fyrir verndun heilsu og umhverfisins að tryggt sé að alls staðar þar sem gera má ráð fyrir uppsöfnun skólps og ofanvatns sé örugg fráveita. Að sama skapi er mikilvægt að viðhald og rekstur fráveitna sé í góðu horfi.

Litið er svo á að fráveitukerfi sé afar mikilvægt þjónustukerfi og eðlilegt sé a.m.k. í þéttbýli að sveitarfélög annist starfrækslu fráveitna. Talið er æskilegt að fráveitukerfi séu skipulögð samhliða skipulagi byggðar og er frumvarp þetta samið með það í huga. Í frumvarpi þessu er gengið nokkuð lengra en að afmarka skyldur sveitarfélaga í fráveitumálum. Lagt er til að kveðið verði á um skyldur landeigenda til að sjá til þess að skólp sé hreinsað þar sem skyldum og heimildum sveitarstjórna til starfrækslu fráveitna sleppir. Þá eru, auk annars, í frumvarpinu ákvæði um rétt til aðgangs að fráveitu sem fyrir er.

II. Meginefni frumvarpsins.

Meginatriði frumvarpsins koma fram í II. kafla þess en þar er kveðið á um ábyrgð sveitarfélaga á uppbyggingu fráveitna. Sveitarstjórnir skulu þannig hafa umsjón með að fráveitur séu byggðar upp í sveitarfélaginu í samræmi við lög. Til að þessu markmiði verði náð er talið nauðsynlegt að skilgreina annars vegar skyldur sveitarstjórnar til umsjónar og framkvæmda

í fráveitumálum og hins vegar heimildir. Kveðið er á um skyldu sveitarfélaga til að koma á fót fráveitu í þéttbýli.

Jafnframt er kveðið á um það að sveitarfélög skuli sjá til þess að skólpi og ofanvatni sé safnað á kerfisbundinn hátt með safnkerfi og sameiginlegu hreinsivirki annars staðar þar sem þétting byggðar er nægileg og/eða atvinnustarfsemi nægilega mikil til að þörf sé á að safna og veita skólpi til hreinsunar. Í þessu sambandi er miðað við að fjöldi húsa sé 20 á hverja 10 ha og/eða atvinnustarfsemi sem felur í sér losun sem nemur u.þ.b. 50 persónueiningum (pe) eða meira á hverja 10 ha. Gert er ráð fyrir frávikum frá þessari reglu þar sem kostnaður er óvenju mikill miðað við umhverfislegan ávinning. Þykir rétt að heilbrigðisnefnd meti forsendur fyrir slíkum frávikum.

Sveitarfélögum er heimilt að koma á fót fráveitu í dreifbýli. Með því móti getur sveitarstjórn fylgt eftir ákvæðum í deiliskipulagi um sameiginleg hreinsivirki og stuðlað að hagkvæmni í fráveituframkvæmdum þar sem svo háttar til.

Í frumvarpinu er einnig kveðið á um ábyrgð á rekstri fráveitna sveitarfélaga og eignarhald. Meginregla frumvarpsins er að sveitarfélög beri ábyrgð á uppbyggingu, rekstri og eignarhaldi fráveitna. Þó er heimilað að félag í meirihlutaeigu sveitarfélaga sé falin sú ábyrgð.

III. kafla frumvarpsins er ætlað að taka til svæða þar sem skyldum sveitarfélaga sleppir og sveitarfélög nýta ekki heimildir sínar til að koma á fót fráveitu. Kveðið er á um skyldu landeigenda til að sjá til þess að skólp sé hreinsað þar sem sveitarstjórn nýtir ekki heimild sína. Einnig er kveðið á um að landeigandi skuli koma á fót fráveitu þar sem frístundabyggð er skipulögð. Er þetta talið afar mikilvægt þar sem verulegt frárennsli myndast að jafnaði í frístundabyggð og fjöldi frístundahúsa hefur farið mjög vaxandi.

Í IV. kafla frumvarpsins er fjallað um fráveitulagnir. Eiganda húseignar er skylt á sinn kostnað að annast lagningu heimæða en eigandi fráveitu sér um lagningu og viðhald allra fráveitulagna. Þá er kveðið á um rétt til tengingar við fráveitu.

Í V. kafla frumvarpsins eru ákvæði um gjaldtöku fyrir tengingu og afnot af fráveitukerfi. Ákvæði í frumvarpinu eru skýrari en í gildandi lögum, sbr. nú X. kafla vatnalaga, nr. 15/1923, og 8. gr. a og 25. gr. í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Breytingin felst einkum í því að heimilað er að innheimta með tengigjaldi hlutdeild í stofnkostnaði við aðliggjandi fráveitukerfi, að frátöldum stofnlögnum. Er þar um að ræða gjaldtöku sem um árabil var í mörgum sveitarfélögum talin innifalin í gatnagerðargjaldi. Þar sem fráveitur sem annast gerð þessara lagna eru í mjög mörgum tilvikum sjálfstæð fyrirtæki þykir rétt að kveða skýrt á um sjálfstæða gjaldtökuheimild til lagningar fráveitukerfis innan hverfis. Hins vegar hefur verið litið svo á að framkvæmdir við stofnlagnir og hreinsivirki beri að fjármagna með fráveitugjaldi og er gert ráð fyrir að svo verði áfram. Annar stofn- og rekstrarkostnaður er fjármagnaður með fráveitugjaldi sem lagt er á allar fasteignir sem tengjast fráveitu sveitarfélags. Stjórn fráveitu skal semja gjaldskrá þar sem kveðið er nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda. Hlutaðeigandi sveitarfélag skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

Í VI. kafla frumvarpsins eru ýmis ákvæði. Kveðið er á um aðgang að fráveitu sem fyrir er og aðgang að landi vegna fráveituframkvæmda, þ.m.t. eignarnám. Í 20. gr. er það nýmæli að kveðið er á um hlutlæga bótaábyrgð vegna tjóns á fráveitu vegna losunar. Loks er gert ráð fyrir heimild til að setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd fráveitumála.

III. Löggjöf á sviði fráveitumála.

Í gildi eru lög og reglugerðir til að skilgreina þær umhverfis- og mengunarvarnakröfur sem gilda um fráveitur og skólp. Í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er í 5. gr. að finna heimild til handa ráðherra til að setja reglugerð um fráveitur og skólp þar sem m.a.

skulu koma fram reglur um hreinsun skólps og viðmiðunarmörk í fráveitum og viðtaka. Þá er í 25. gr. framangreindra laga ákvæði um samþykktir sveitarfélaga þar sem kveðið er á um að m.a. sé heimilt að setja í samþykktir ákvæði um meðferð skólps og gjaldtöku fyrir leyfi, leigu eða veitta þjónustu.

Með breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu nr. 157/2001, voru holræsamál alfarið færð frá félagsmálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis frá og með 1. janúar 2002. Þannig voru ákvæði X. kafla vatnalaga, nr. 15/1923, komin á hendi umhverfisráðuneytis.

Verulegar breytingar urðu á íslensku lagaumhverfi þegar Ísland gerðist aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í byrjun árs 1993 var tilskipun 91/271/EBE, um hreinsun skólps frá þéttbýli, innleidd hér á landi og er hún enn í gildi. Í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp voru tímamörk sett til að koma fráveitumálum í lag, lengst til 1. janúar 2006, og voru þau tímamörk sett til að fullnægja ákvæðum EES-samnings fyrir einstakar aðgerðir í þéttbýli, sbr. framangreinda tilskipun. Ekki hefur fyllilega náðst að fylgja þessum tímamörkum. Kröfur sem settar eru til hreinsunar á skólpi taka mið af tegund viðtaka og fjölda persónueininga. Sé losað undir 2.000 pe er gerð krafa um viðeigandi hreinsun sé safnkerfi til staðar. Viðunandi hreinsun byggist á mati hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar. Skýlaus krafa er um safnkerfi fyrir alla losun yfir 2.000 pe. Viðeigandi hreinsun er nægjanleg á síður viðkvæmum svæðum þar sem losað er milli 2.000 til 10.000 pe en tveggja þrepa hreinsunar er krafist sé um að ræða venjulegan eða viðkvæman viðtaka. Varðandi losun yfir 10.000 pe er á síður viðkvæmum svæðum gerð krafa um eins þreps hreinsun, á venjulegum svæðum tveggja þrepa hreinsun og frekari hreinsun á viðkvæmum svæðum.

Í tilskipun 91/271/EB eru mismunandi hreinsunarþrep skilgreind, svo og viðtaki út frá því hvort um venjulegan, viðkvæman eða síður viðkvæman viðtaka er að ræða. Við undirbúning þess að taka tilskipunina upp í EES-samninginn var ákveðið að líta svo á að hafsvæðið umhverfis Ísland væri skilgreint sem síður viðkvæmt. Gerð var bókun þess efnis þegar Íslendingar samþykktu að taka tilskipunina upp í samninginn með þeim skilningi að notkun síu til forhreinsunar fullnægi markmiðum tilskipunarinnar á síður viðkvæmum svæðum og var ekki gerð athugasemd við þann skilning. Samkvæmt þessu er síun skólps frá þéttbýli fullnægjandi þar sem viðtaki er síður viðkvæmur.

Með lögum nr. 53/1995, um stuðning við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga, var ákveðið að stuðla að framkvæmdum við fráveitur sveitarfélaga með styrkveitingum og giltu lögin upphaflega í 10 ár. Lögin voru framlengd um þrjú ár og er síðasta framkvæmdaár laganna árið 2008.

Samkvæmt 14. og 15. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp er fráveita háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar í þéttbýli og samþykki annars staðar.

Gert er ráð fyrir að reglur um hreinsun frárennslis verði áfram settar á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir þrátt fyrir samþykkt frumvarps þessa.

Á undanförnum árum hefur verið unnið ötullega að framkvæmdum í fráveitumálum víðast hvar á landinu. Um 80% heimila í landinu eru nú tengd við viðunandi fráveitukerfi í samræmi við gildandi kröfur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er markmið frumvarpsins skilgreint en það er að kveða á um skyldur sveitarfélaga hvað varðar fráveitumál og fráveituframkvæmdir. Markmið frumvarpsins er enn fremur að tryggja uppbyggingu og starfrækslu fráveitna þannig að frárennsli valdi sem minnstum

óæskilegum áhrifum á umhverfið. Loks er það markmið frumvarpsins að skýra réttindi og skyldur eigenda og notenda fráveitna og stuðla að hagkvæmni í uppbyggingu og starfrækslu fráveitna. Með áhrifum á umhverfið er litið til hvers konar umhverfisáhrifa, þ.m.t. að landnotkun sé hagkvæm og skynsamleg. Frumvarpinu er þannig ætlað að stuðla að því að fráveitum sé komið á fót og að rekstur þeirra sé tryggður í almannaþágu.

Um 2. gr.

Í greininni er gildissvið frumvarpsins afmarkað, m.a. gagnvart öðrum lögum sem gilda um fráveitumál. Um gerð fráveitna og hreinsunarkröfur, svo og gæði, getu og skilgreiningu viðtaka, gilda lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um fráveitur og skólp.

Um 3. gr.

Í greininni eru skilgreind helstu hugtök sem á reynir í frumvarpinu. Skilgreiningar taka m.a. mið af skilgreiningum í skipulagsreglugerð og reglugerð um fráveitur og skólp. Lykilskilgreining í frumvarpinu er skilgreining á hugtakinu fráveita. Vert er að geta þess að starfsleyfi fráveitu tekur einnig til þynningarsvæðis sem telst þar með ábyrgðarsvæði fráveitu, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Skilgreining á hugtakinu frístundabyggð er í samræmi við ný lög um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, nr. 75/2008. Frístundahús eru hús sem ætluð eru til frístundanotkunar og þar sem heilsársbúseta er óheimil. Skilgreining á hugtakinu persónueining er örlítið stytt frá því sem greinir í reglugerð um fráveitur og skólp þar sem fram kemur jafnframt að ein persónueining af lífrænu efni er það magn lífrænna efna í skólpi sem getur brotnað niður líffræðilega með 60 g súrefnis á dag mælt með fimm sólarhringa lífefnafræðilegri súrefnisnotkun. Ekki er um merkingarmun að ræða. Skilgreining á hugtakinu þéttbýli er í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997. Gert er ráð fyrir að þéttbýli sé auðkennt í aðalskipulagi sveitarfélags.

Um 4. gr.

Greinin afmarkar helstu skyldur sveitarfélaga í fráveitumálum. Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að sveitarfélag ber ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu. Sveitarstjórnum er með ákvæðinu ætlað að samþætta áætlanir um fráveitur við skipulagsgerð. Talið er rétt að leggja ótvíræða framkvæmdarskyldu á sveitarfélög í þéttbýli enda verður fráveitum vart komið við á þeim svæðum á annan hátt en með sameiginlegu kerfi fyrir alla íbúa og er það lagt til í 2. mgr. greinarinnar.

Talið er nauðsynlegt að sveitarstjórn beiti sér jafnframt fyrir því að skólpi og ofanvatni sé safnað á kerfisbundinn hátt með safnkerfi og sameiginlegu hreinsivirki, annars staðar þar sem þétting byggðar er nægileg og/eða atvinnustarfsemi það mikil að þörf sé á að safna og veita skólpi til hreinsunar, sbr. ákvæði 3. mgr. Niðurstaða nefndarinnar, m.a. að höfðu samráði við sérfræðinga hjá Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun, er að miða við 20 hús á hverja 10 ha og/eða að umfang atvinnustarfsemi feli í sér losun sem nemur u.þ.b. 50 persónueiningum eða meira á hverja 10 ha. Nægir að annað þessara skilyrða sé uppfyllt. Í 13. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp, nr. 798/1999, segir að á öllum þéttbýlisstöðum og þéttbýlissvæðum, og eftir atvikum í þyrpingu frístundahúsa, skóla og ferðaþjónustumiðstöðva, skuli vera fráveita. Þykir ástæða til að kveða á um í lögum með skýrari hætti á hvaða svæðum skuli koma á fót safnkerfi og sameiginlegu hreinsivirki sem og hver ber þá skyldu.

Í 4. mgr. greinarinnar kemur fram að gert er ráð fyrir því að sveitarstjórn setji í deiliskipulag ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki þar sem þess er þörf. Með þeim hætti næst fram sú samþætting sem að framan greinir. Jafnframt kemur fram að sveitarstjórn skuli

senda áætlun um nýjar og endurbættar fráveitur til heilbrigðisnefndar. Með þessu er leitast við að tryggja samfellu og samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Meginreglan er að safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki sé til staðar. Fram kemur í 5. mgr. að telji sveitarstjórn ekki þörf á að setja ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki á viðkomandi svæði, svo sem ef kostnaður er óvenjumikill miðað við umhverfislegan ávinning, getur heilbrigðisnefnd heimilað að beitt sé öðrum lausnum ef ríkar ástæður mæla með og þar sem losun er minni en sem nemur 2.000 pe. Þetta ákvæði, þ.e. að meta megi hvort raunveruleg þörf sé á safnkerfi, er í samræmi við tilskipun 91/271/EBE um hreinsun skólps í þéttbýli sem innleidd var með fyrrgreindi reglugerð um fráveitur og skólp og lagt er til í frumvarpinu að halda gera ekki frávik frá sem kveðið er á um í tilskipuninni. Við mat á slíkum lausnum skal heilbrigðisnefnd taka tillit til jarðvegsgerðar, legu lands, hæfni viðtaka til að taka við skólpi og umhverfisaðstæðna að öðru leyti. Með þessum hætti er undirstrikað, eins áður er getið, að safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki er meginregla á framangreindum svæðum og frávik frá því þurfa að vera rökstudd.

Í 6. mgr. er lagt til að sveitarstjórn sé heimilt að koma á fót og starfrækja fráveitur í dreifbýli. Getur það haft í för með sér minni neikvæð umhverfisáhrif en ella og stuðlað að hagkvæmni í landnotkun. Er sveitarfélagi því heimilt að ganga lengra en því er skylt skv. 2. mgr., m.a. þar sem aðstæður skv. 3. mgr. eiga við. Þar sem sveitarfélag hyggst nýta heimild sína hefur það forgangsrétt til fráveituframkvæmda utan þéttbýlis, sbr. ákvæði 7. mgr.

Kveðið er á um í 8. mgr. að fráveitur sem sveitarfélög setja á fót samkvæmt ákvæðinu skuli vera í eigu sveitarfélaga, sbr. þó 6. gr. þar sem gert er ráð fyrir að heimilt sé að fela félagi í meirihlutaeigu sveitarfélaga skyldur og réttindi til uppbyggingar, reksturs og eignarhalds fráveitna. Er slíkt fyrirkomulag talið tryggja virka þjónustu fyrir íbúa sveitarfélaganna.

Í 9. mgr. kemur fram að sé sveitarfélagi skylt að reka og koma á fót fráveitu skuli það hafa einkarétt til þess. Sama gildir þar sem sveitarfélag nýtir forgangsrétt sinn skv. 7. mgr. þessarar greinar.

Loks getur sveitarstjórn kveðið nánar á um fyrirkomulag fráveitumála í sveitarfélaginu og kröfur um hreinsun í samþykkt sem hún setur á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir eins og fram kemur í 10. mgr.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að sveitarstjórn fari með rekstur og stjórn fráveitu nema annað sé ákveðið. Með því er áréttuð sú meginregla sem fram kemur í 4. gr. frumvarpsins að framkvæmdir og rekstur fráveitna sé í höndum sveitarfélaga. Heimilt er sveitarfélagi eða félagi í eigu sveitarfélags sem fer með rekstur fráveitu að gera þjónustusamninga við einkaaðila um rekstur einstakra þátta fráveitunnar, sbr. 2. mgr.

Um 6. gr.

Með ákvæðinu í 1. mgr. er gert ráð fyrir þeim möguleika að sveitarstjórn feli stofnun eða félagi sem að meiri hluta er í eigu sveitarfélaga skyldur sínar og réttindi hvað varðar fráveituframkvæmdir og rekstur samkvæmt frumvarpinu. Nokkur dæmi eru um að þetta hafi verið gert. Dæmi eru einnig um að sama félagið reki fráveitur í fleiri en einu sveitarfélagi. Gerir frumvarpið ráð fyrir að þetta verði áfram mögulegt. Gera má ráð fyrir að þessi heimild verði nýtt í einhverjum mæli til að ná fram hagræðingu í uppbyggingu og rekstri fráveitna. Í 2. mgr. er kveðið á um að við ráðstöfun skv. 1. mgr. skuli í samningi, eftir því sem við á, kveðið á um eignarrétt á fráveitu, eftirlit sveitarstjórnar með rekstri fráveitunnar, innlausnarrétt sveitarfélagsins á fráveitu og fastafjármunum fráveitunnar auk annarra atriða sem sveitarstjórn telur

nauðsynleg. Ef ekki er kveðið á um annað í samningi aðila skal, samkvæmt ákvæði 3. mgr., innlausnarverð fráveitu og fastafjármuna miðast við afskrifað endurstofnverð þessara eigna. Ef ágreiningur verður um verð skera dómkvaddir matsmenn úr nema samningsaðilar verði ásáttir um að leysa ágreininginn á annan hátt.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild sveitarstjórna til að koma á fót og reka sameiginlega fráveitu hvort sem um er að ræða í tveimur eða fleiri sveitarfélögum. Eru þannig tengsl milli 6. og 7. gr. frumvarpsins. Slík samvinna getur stuðlað að hagkvæmni í rekstri fráveitna. Um framangreinda samvinnu sveitarfélaga gilda ákvæði sveitarstjórnalaga nema að annað sé sérstaklega tekið fram.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um skyldu landeiganda til að sjá til þess að skólp sé hreinsað þar sem sveitarstjórn nýtir ekki heimild sína skv. 6. mgr. 4. gr. til að koma á fót fráveitu. Þar sem ekki er fyrir hendi sameiginleg fráveita, sbr. 4. gr., skal landeigandi sjá til þess að skólpi frá einstökum húsum sé veitt í viðeigandi hreinsivirki. Höfð er hliðsjón af 3. mgr. 13. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp þar sem kveðið er á um að fráveituvatni einstakra húsa, þ.m.t. íbúðarhús lögbýla, frístundahúsa og fjallaskála sem ekki verður veitt í fráveitur, skal veitt um rotþró og siturleiðslu samkvæmt leiðbeiningum sem Umhverfisstofnun gefur út og fyrirmælum heilbrigðisnefndar eða annan sambærilegan búnað.

Þá skal landeigandi koma á safnkerfi, stofnlögnum og sameiginlegu hreinsivirki eftir því sem nánar er kveðið á um í deiliskipulagi, sbr. 4. gr., þar sem sveitarstjórn nýtir ekki þá heimild sína. Með greininni er leitast við að tryggja að það skólp sem myndast sé hreinsað hvort sem fyrir hendi er fráveita sveitarfélags eða ekki.

Reikna má með að mörg tilvik sem falla undir viðmið 2. málsl. ákvæðisins falli einnig undir skilgreiningu á frístundabyggð, því eru tengsl milli 8. og 9. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Með greininni er lagt til að kveðið verði á um skyldu landeiganda í frístundabyggð til að koma á fót fráveitu. Gert er ráð fyrir því að fráveita í frístundabyggð sé í formi safnkerfis og sameiginlegs hreinsivirkis ef þéttleiki byggðar eða magn frárennslis nær þeim viðmiðum sem kveðið er á í 3. mgr. 4. gr. Mikill vöxtur hefur verið í frístundabyggð á landinu undanfarin ár. Brýnt er að fráveitumál séu í góðu horfi í frístundabyggðum sem og á öðrum stöðum. Á sumum svæðum er frístundabyggð nokkuð þétt. Nýverið voru samþykkt lög um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús þar sem kveðið er á um réttindi og skyldur í frístundabyggðum, m.a. um skyldur til að stofna félag. Ljóst er að sú löggjöf styrkir framkvæmd þessa ákvæðis verði frumvarp þetta að lögum.

Um 10. gr.

Greininni er ætlað að greiða fyrir fráveituframkvæmdum á landi í sameign óháð því hvort um heilsársbúsetu eða frístundabyggð er að ræða sem og greiða fyrir ákvarðanatöku. Greinin er samin m.a. með hliðsjón af 93. gr. vatnalaga, nr. 15/1923. Í lögum um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús er gert ráð fyrir að umráðamenn lóða hafi með sér félag sem hafi m.a. það hlutverk að taka ákvarðanir um framkvæmdir í fráveitumálum. Styður það enn frekar þau markmið sem hér er að stefnt.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um rétt lóðarhafa til tengingar við fráveitukerfi sem fyrir er. Eðli máls samkvæmt er tenging við fráveitukerfi háð því að fráveitulögn liggi nærri lóðinni. Fráveitulagnir falla undir þjónustukerfi sem kveða skal á um í skipulagi. Ef ekki er gert ráð fyrir fráveitulögn á umræddu svæði ber lóðarhafa að annast sjálfur gerð fullnægjandi fráveitulausna, annaðhvort innan lóðar eða í samvinnu við nærliggjandi lóðarhafa, sbr. III. kafla. Gert er ráð fyrir að lóðarhafi beri allan kostnað af því ef hann óskar eftir fleiri en einni tengingu við fráveitukerfi. Í 2. mgr. er kveðið á um að óheimilt sé að leggja fráveitulögn í fráveitu nema samþykki stjórnar fráveitu liggi fyrir. Skylt er að lúta í einu og öllu fyrirmælum stjórnar fráveitu um gerð og legu heimæða. Í 3. mgr. kemur fram að þurfi að breyta fráveitutengingum vegna framkvæmda á vegum lóðarhafa skuli hann sækja um leyfi til stjórnar fráveitu. Breytingar eru á kostnað lóðarhafa.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um ábyrgð eiganda fráveitu hvað varðar lagningu og viðhald fráveitulagna. Skal eigandi fráveitu sjá um lagningu og viðhald allra fráveitulagna sinna, þ.e. stofnlagna, safnkerfa og fráveitutenginga.

Í 2. mgr. er gerð grein fyrir ábyrgðarskiptingu milli eigenda húseigna og eiganda fráveitu. Skal lóðarhafi sjálfur annast lagningu og viðhald heimæðar en eigandi fráveitu annast lagningu og viðhald fráveitu að lóðarmörkum sveitarfélagsins, þ.e. stofnlagna, safnkerfa og fráveitutenginga. Lagnirnar skulu tengjast lögnum fráveitu á þeim stað og með þeirri hæðarsetningu sem stjórn fráveitu tilgreinir.

Ofanvatn og skólp skal aðgreint í fráveitulögnum samkvæmt ákvæðum 3. mgr. nema annað sé heimilað.

Kveðið er á um í 4. mgr. að þegar eigandi fráveitu endurnýjar fráveitukerfi sitt þannig að í hinu nýja kerfi sé ofanvatn og skólp aðgreint skuli eigendur fasteigna samhliða endurnýjun heimæða eða meiri háttar endurbóta á þeim aðskilja ofanvatn og skólp.

Þar sem tvær eða fleiri fasteignir nýta sameiginlega heimæð skulu eigendur þeirra í sameiningu annast og kosta lagningu, rekstur og viðhald heimæðar nema um annað hafi verið samið.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um gjaldtöku fyrir tengingu við fráveitukerfi sveitarfélagsins, svonefnt tengigjald eða heimæðargjald. Skal gjaldið miðast við gerð, stærð og lengd tenginga auk þess sem heimilað er að innheimta með tengigjaldi hlutdeild í stofnkostnaði við aðliggjandi fráveitukerfi, að frátöldum stofnlögnum nema að þær gegni líka hlutverki safnkerfa. Er þar um að ræða gjaldtöku sem um árabil var í mörgum sveitarfélögum innifalin í gatnagerðargjaldi. Þar sem fráveitur sem annast gerð þessara lagna eru í mjög mörgum tilvikum sjálfstæð fyrirtæki þykir rétt að kveða skýrt á um sjálfstæða gjaldtökuheimild til lagningar fráveitukerfis innan hverfis. Hins vegar hefur verið litið svo á að framkvæmdir við stofnlagnir og hreinsivirki beri að fjármagna með fráveitugjaldi, sbr. 14. og 15. gr., og er gert ráð fyrir að svo verði áfram. Samkvæmt ákvæði 2. mgr. skal gjaldið og gjalddagi þess ákveðið í gjaldskrá skv. 15. gr. frumvarpsins.

Um 14. gr.

Lagt er til í 1. mgr. að heimilt verði að innheimta fráveitugjald af öllum húseignum sem tengjast fráveitukerfi sveitarfélags eða geta tengst því. Hingað til hefur fráveitugjald verið innheimt árlega. Ekki er gert ráð fyrir að hús þar sem engu vatni er veitt inn og ekkert frárennsli er frá, svo sem hjallar sem svo um háttar, greiði fráveitugjald.

Í 2. mgr. eru nýmæli þar sem kveðið er á um að þar sem frárennsli er veitt frá atvinnustarfsemi eða vegna annars en venjulegra heimilisnota í fráveitukerfi sveitarfélags sé heimilt að innheimta gjald vegna losunar miðað við innrennsli vatns samkvæmt mæli. Sé vatn notað til framleiðslu þannig að því sé ekki veitt í fráveitukerfi skal notandi mæla notkun þess. Sú notkun skal dregin frá innmældu magni við útreikning á gjaldi samkvæmt þessari málsgrein. Þetta getur t.d. átt við um gosdrykkjaframleiðslu og átöppunarverksmiðjur. Verði mælingu ekki við komið skulu aðilar meta vatnsnotkun til frádráttar á innmældu vatnsmagni.

Í 3. mgr. segir enn fremur að heimilt sé að innheimta sérstakt aukagjald ef frárennsli tiltekins gjaldskylds aðila samkvæmt lögum þessum er svo mengað, svo sem ef losun fer yfir skilgreind losunarmörk, að það leiði til sérstakra aðgerða við fráveitukerfið. Þetta getur til að mynda átt við þegar mengandi starfsemi fær tímabundna undanþágu frá starfsleyfi vegna viðgerða eða viðhalds á mengunarvarnabúnaði. Við ákvörðun gjaldsins skal miða við áætlaðan kostnað við aðgerðirnar. Ákvæði tekur mið af sambærilegu ákvæði í dönskum lögum og svokallaðri mengunarbótareglu sem er ein af meginreglum umhverfisréttarins. Gert er ráð fyrir að losunarmörk verði skilgreind eftir atvikum í reglugerð, samþykktum og/eða starfsleyfum.

Loks er í 4. mgr. kveðið á um að gjaldið og gjalddagi þess verði ákveðið í gjaldskrá skv. 15. gr. frumvarpsins

Um 15. gr.

Greinin fjallar um gjaldskrá fráveitu en við gerð hennar var höfð hliðsjón af sambærilegu ákvæði í 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Samkvæmt 1. mgr. skal stjórn fráveitu semja gjaldskrá.

Regla 1. málsl. 2. mgr. byggist á almennum sjónarmiðum um álagningu þjónustugjalda, þ.e. að ekki skuli ákveða í gjaldskrá hærra gjald en sem nemur kostnaði af að veita þjónustuna. Kveðið er sérstaklega á um heimild til þess að taka fjármagnskostnað og fyrirhugaðan stofnkostnað samkvæmt langtímaáætlun veitunnar með í reikninginn við gjaldskrárútreikning. Í 2. málsl. 2. mgr. er heimilað að ákveða tiltekið hámark og lágmark fráveitugjalds sem miðast við rúmmál húseigna, óháð fasteignamati. Enn fremur er heimilað að miða fráveitugjaldið við fast gjald auk álags vegna stærðar eða notkunar fasteignar.

Ákvæði 3. mgr. er nýmæli. Algengt er að veitufyrirtæki sameinist og við það getur starfssvæði fráveitu orðið afar stórt. Er ákvæðinu ætlað að eyða óvissu um það hvort heimilt sé að hafa fleiri en eina gjaldskrá í gildi en til að slíkt sé heimilt þarf stjórn fráveitu að auglýsa, með gjaldskránni sem sett er á grundvelli 15. gr., skiptingu starfssvæðis síns í einstök fráveitusvæði.

Í frumvarpinu er lagt til ákvæði, sbr. 4. mgr. sem svarar til 5. mgr. 87. gr. vatnalaga, sem heimilar að lækka eða fella niður gjöld hjá tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum. Þess má vænta að kveðið verði á um slíkar ívilnanir í reglum sem sveitarstjórnir setja á grundvelli 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

Lagt er til að sveitarfélag láti birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda og er það í samræmi við birtingu annara gjaldskráa sveitarfélaga sem settar eru samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um 16. gr.

Í greininni er fjallað um innheimtu fráveitugjalds, tengigjalds og annarra gjalda samkvæmt frumvarpinu. Kveðið er á um í 1. mgr. að þinglýstur eigandi fasteignar beri ábyrgð á greiðslu gjalda.

Lagt er til í 2. mgr. að heimilt sé að innheimta fráveitugjald með fasteignaskatti. Hafa fráveitugjöld verið innheimt með þeim hætti á liðnum árum og er talið hagræði að því að innheimta þessi gjöld samhliða. Þykir rétt að miða álagningu gjaldsins við skráningu eignar í Landskrá fasteigna. Fráveitugjald leggst á ný mannvirki í hlutfalli við ársálagningu frá næstu mánaðamótum eftir að þau eru skráð og metin í Landskrá fasteigna en fellur niður frá næstu mánaðamótum eftir að mannvirki er afskráð úr landskránni.

Í 3. mgr. er kveðið á um að fráveitugjaldi, tengigjaldi og leigugjaldi fyrir magnmæli ásamt innheimtukostnaði og vöxtum fylgi lögveðsréttur í fasteigninni í tvö ár frá gjalddaga. Gert er ráð fyrir að lögveðið gangi fyrir eldri sem yngri samnings- og aðfararveðum og yngri lögveðum. Ef hús brennur eftir að fráveitugjald eða heimæðargjald gjaldfellur er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð fasteignarinnar.

Um 17. gr.

Greininni er ætlað að greiða fyrir aðgangi landeiganda að fráveitu sem fyrir er. Greinin tekur m.a. hliðsjón af 94. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

Kveðið er á um í 1. mgr. að þeim sem ekki hefur tekið þátt í uppbyggingu fráveitu sé heimilt að veita frárennsli frá sér í fráveitu sem fyrir er. Skal viðkomandi greiða fyrir það tiltekið hlutfall stofnkostnaðar, að teknu tilliti til afskrifta, sem og tiltekið hlutfall rekstrarkostnaðar og viðhalds. Lagt er til í 2. mgr. að ef breyta þarf fráveitu vegna íveitu í hana skuli sá er íveitunnar óskar greiða allan kostnað af breytingunni. Tiltekið er í 3. mgr. að landeigandi geti krafist þess að fráveita sé svo úr garði gerð í upphafi að hún taki við skólpi frá eign hans, enda greiði hann allan kostnaðarauka er af því stafar. Samkvæmt 4. mgr. skal sá er neytir réttar síns skv. 1. og 3. mgr. greinarinnar setja nægilega tryggingu fyrir því er honum ber að greiða ef þess er krafist. Loks er í 5. mgr. kveðið á um að ákvæði þessarar greinar gildi ekki um hreinsivirki fyrir stök hús.

Um 18. gr.

Í greininni er fjallað um aðgang að landi vegna fráveituframkvæmda. Er greininni ætlað að greiða fyrir fráveituframkvæmdum þar sem nauðsynlegt er t.d. að leggja lagnir í gegnum tvær eða fleiri landareignir að viðtaka. Tekur greinin mið af 33. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, og 96. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

Samkvæmt 1. mgr. er landeigendum og lóðarhöfum skylt að láta af hendi land, mannvirki og landsafnot og þola nauðsynlegar eignarkvaðir vegna fráveituframkvæmda og lagna. Kveðið er á um í 2. mgr. að leiði fráveituframkvæmdir til þess að verðmæti fasteignar lækki eða að nýtingarmöguleikar hennar skerðist frá því sem áður var eigi sá sem sýnt getur fram á að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum rétt á greiðslu bóta frá eiganda fráveitu, eftir mati dómkvaddra matsmanna ef ágreiningur verður.

Um 19. gr.

Greinin fjallar um eignarnám. Í 1. mgr. er kveðið á um að ráðherra geti heimilað að land og/eða lóðarréttindi verði tekin eignarnámi ásamt nauðsynlegum mannvirkjum, aðstöðu og öðrum réttindum fasteignareiganda vegna lagningar fráveitu sveitarfélags. Ávallt skal þess þó freistað að ná samkomulagi við fasteignareiganda áður en til eignarnáms kemur. Í þessu sam-

bandi er rétt að hafa í huga að ráðherra getur einnig, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, veitt sveitarstjórn heimild til að taka eignarnámi landsvæði, fasteignir og efnisnámur eða takmörkuð eignarréttindi að slíku innan sveitarfélagsins ef nauðsyn ber til vegna áætlaðrar þróunar sveitarfélagsins samkvæmt staðfestu aðalskipulagi skv. 32. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Sveitarstjórn er einnig heimilt að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og á grundvelli gildandi deiliskipulags að taka tilteknar eignir eignarnámi vegna framkvæmdar skipulagsins skv. 33. gr. sömu laga. Kveðið er á um í 2. mgr. að framkvæmd eignarnáms fari eftir almennum reglum.

Um 20. gr.

Í greininni er kveðið á um bótaábyrgð vegna tjóns í framhaldi af losun efna og hluta sem ekki eiga erindi í fráveitu. Kveðið er á um að aðili sem veldur tjóni á fráveitu, svo sem með losun mengandi efna eða hluta í fráveitu, beri bótaábyrgð á slíku tjóni þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanns hans. Þetta er talið nauðsynlegt þar sem tjón á fráveitu, t.d. lögnum, getur verið verulegt og má þar nefna að dæmi eru um að steypu eða tærandi efnum hafi verið hellt í fráveitu með þeim afleiðingum að fara hefur þurft út í miklar framkvæmdir til að bæta tjónið. Svona tjón geta orðið bæði í kjölfars gáleysis og ásetnings en einnig án þess að saknæm hegðun sé fyrir hendi. Í einhverjum tilvikum er hægt að rekja tjónið til tiltekinnar starfsemi en ekki til starfsmanns.

Um 21. gr.

Lagt er til í greininni að ráðherra verið heimilað að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd fráveitumála. Talið er rétt að kveða á um samráð við hagsmunaaðila við setningu reglugerðarinnar. Með frumvarpi þessu er lagt til að sveitarfélögum verði með lögum falið lykilhlutverk í framkvæmd fráveitumála og umsjón með þeim. Með því að frumvarpið gerir ráð fyrir að framkvæmdir í fráveitumálum geti verið á hendi félaga í eigu sveitarfélaga og í vissum tilvikum einnig einkaaðila þykir rétt að kveða einnig á um samráð við aðra hagsmunaaðila.

Um 22. gr.

Í greininni er kveðið á um rétt til málskots vegna ákvarðana sem stjórnvöld kunna að taka á grundvelli laga þessara. Þykir rétt að fela úrskurðarnefnd um hollustuhætti og mengunarvarnir að leysa úr slíkum málum þar sem úrlausn meiri hluta þeirra kærumála er varðar mengunarvarnir falla undir þá nefnd.

Um 23. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um gildistöku laganna verði frumvarpið að lögum. Gert er ráð fyrir í 2. mgr. að við gildistöku falli niður X. kafli vatnalaga, nr. 15/1923. Í 42. gr. vatnalaga, nr. 20/2006, er gert ráð fyrir að ákvæði um fráveitur bætist við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Gildistöku vatnalaga hefur verið frestað og er því ekki hægt að vísa til brottfalls framangreinds kafla vatnalaga.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Verði frumvarp þetta að lögum er lagt til í 1. mgr. að tengingar í einkaeign sem lagðar hafa verið fyrir gildistöku laganna verði eign fráveitu í framhaldi af endurnýjun þeirra. Með endurnýjun er einnig átt við hverja heimæð fyrir sig. Er þetta lagt til í ljósi þess að gert er ráð fyrir því að tengingar séu hluti af fráveitu og í ljósi þess að leitast er við að skýra réttindi og skyld-

ur eigenda og notenda fráveitna. Að sama skapi er fráveitu gert skylt skv. 2. mgr. að yfirtaka tengingu við fráveitu frá safnkerfi að lóðamörkum sveitarfélagsins að skriflegri beiðni eiganda.

Til að taka af öll tvímæli er tekið sérstaklega fram að ákvæði 3. mgr. 4. gr. laganna taki ekki til byggðar sem fyrir er við gildistöku laganna verði frumvarp þetta að lögum. Þá gildir ákvæði 8. mgr. 4. gr. ekki um fráveitur sem komið hefur verið á fót fyrir gildistökuna. Er þetta gert í ljósi þess að um nýmæli er að ræða.

Fylgiskjal I.

Umhverfisráðuneyti:

Umsögn um frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Umhverfisráðuneyti hefur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga metið forsendur kostnaðaráhrifa vegna frumvarps til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Í frumvarpinu eru skyldur sveitarfélaga auknar að því leyti að í 2. mgr. 4. gr. er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að koma á fót og starfrækja fráveitu í þéttbýli. Í framkvæmd hefur þó verið litið svo á að uppbygging og rekstur fráveitna í þéttbýli sé óhjákvæmilega verkefni sveitarfélaga. Einnig er í 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins kveðið á um að þar sem þéttleiki byggðar er nægilega mikill, annars staðar en í þéttbýli, skuli sveitarstjórn sjá til þess að skólpi sé safnað á kerfisbundinn hátt með safnkerfi, stofnlögnum og sameiginlegu hreinsivirki. Í 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins er ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki þar sem þess er þörf, sbr. 3. mgr 4. gr. frumvarpsins, í deiliskipulagi. Einnig er að finna ákvæði í 9. gr. þar sem landeiganda er gert skylt að koma á fót sameiginlegri fráveitu við skipulagningu frístundabyggða. Í þessari reglu felst ekki afdráttarlaus skylda fyrir sveitarstjórn að koma á fót og reka fráveitu heldur getur sveitarstjórn ákveðið að landeigandi eða lóðarhafar skuli koma á safnkerfi og sameiginlegu hreinsivirki. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði, t.d. ef kostnaður er óvenju mikill miðað við umhverfislegan ávinning.

Verði frumvarpið að lögum getur mögulegur kostnaðarauki fyrir sveitarfélög einkum falist í ákvæði til bráðabirgða sem kveður á um að tengingar í einkaeign sem lagðar hafa verið fyrir gildistöku laganna verði eign fráveitu í framhaldi af endurnýjun þeirra. Verður fráveitu skylt að yfirtaka tengingu frá stofnæð að lóðamörkum sveitarfélagsins ef eigandi tengingar óakar eftir því. Meðalkostnaður við slíka yfirtöku nemur u.þ.b. 250–300 þús. kr. í hverju tilviki og má vænta þess að sveitarfélög yfirtaki á milli 25–30 slíkar tengingar á ári. Árlegur heildarkostnaður sveitarfélaga gæti því numið á bilinu 6,3 til 7,5 m.kr.

Að auki má vænta þess að sveitarfélög verði fyrir auknum kostnaði vegna ákvæðis 4. mgr. 4. gr. þar sem segir að sveitarstjórn setji í deiliskipulag ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki þar sem þess er þörf. Jafnframt skal sveitarstjórn senda áætlun til heilbrigðisnefndar um nýjar og endurbættar fráveitur. Að miklu leyti á að vera unnt að samþætta þessi verkefni almennri skipulagsvinnu sveitarfélaga en þess má þó vænta að kostnaðarauki sveitarfélaga vegna þessa geti verið á bilinu 2–4 m.kr. í heild á ári.

Gert er ráð fyrir að gjaldtökuheimildir samkvæmt frumvarpinu nægi til þess að standa undir nauðsynlegum framkvæmdum sveitarfélaganna þannig að ekki verði um útgjöld að ræða umfram gjaldtöku.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Helsti tilgangur frumvarpsins er að afmarka skyldur sveitarfélaga hvað varðar fráveitumál og fráveituframkvæmdir, tryggja uppbyggingu og starfrækslu fráveitna og skýra réttindi og skyldur eigenda þeirra og notenda.

Í stað heimilda sem sveitarfélög hafa í gildandi lögum til að leggja og starfrækja fráveitur er í frumvarpinu kveðið á um skyldu þeirra í þessum efnum í þéttbýli og á nánar tilteknum svæðum utan þéttbýlis. Í dreifbýli verður sveitarfélagi áfram heimilt að koma á fót og starfrækja fráveitu. Þá er kveðið á um skyldu landeiganda til að koma á fót fráveitu þegar land er skipulagt sem frístundabyggð. Loks er leitast við að setja skýr ákvæði um gjaldtökuheimildir til að standa undir stofn- og rekstrarkostnaði fráveitna.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs.

231. Fyrirspurn [188. mál]

til viðskiptaráðherra um aðgerðir til stuðnings sparisjóðum.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hver er staða sparisjóðanna nú og hvað hefur ríkisstjórnin gert eða hyggst gera til að tryggja stöðu þeirra og framtíð?
2. Hver er staða Sparisjóðabankans og til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa, m.a. varðandi framtíðarstöðu og hlutverk hans fyrir sparisjóðina?
3. Hvernig hyggst ríkisstjórnin taka á skuldbindingum sparisjóðanna, t.d. hvað snertir peningamarkaðssjóði og afskriftir útlána, þannig að jafnræðis sé gætt milli fjármálastofnana?
4. Hvernig ber með hliðsjón af stöðu sparisjóðanna að túlka þá yfirlýsingu að hið opinbera muni ekki taka á sig frekari skuldbindingar vegna bankakreppunnar, sbr. 16. lið viljayfirlýsingar um áform íslenskra stjórnvalda vegna fjárhagslegrar fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum?
5. Hvernig hyggst ríkisstjórnin beita heimild til að leggja sparisjóðum til fjárhæð sem nemur allt að 20% af bókfærðu eigin fé, sbr. lög nr. 125/2008?
6. Mun ráðherra beita sér fyrir breytingum á samkeppnislögum þannig að minni sparisjóðum verði heimilt að hafa með sér nánara samstarf en nú er, en starfa þó áfram sem sjálfstæðir sparisjóðir?

Skriflegt svar óskast.

232. Frumvarp til laga [189. mál]

um breytingu á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Á eftir 15. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar, 15. gr. a – 15. gr. d, svohljóðandi:

a. (15. gr. a.)

Vakni grunur um brot gegn lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra skal Seðlabanki Íslands tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það. Með tilkynningu Seðlabanka Íslands skulu fylgja afrit þeirra gagna sem varða hið meinta brot. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Seðlabanka Íslands um að tilkynna um málið til Fjármálaeftirlitsins. Seðlabanka Íslands er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem bankinn hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að leggja stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn:

1. Reglum settum á grundvelli 3. gr. um takmarkanir eða stöðvun tiltekinna skammtímahreyfinga fjármagns í allt að sex mánuði.
2. 4. gr. um takmarkanir á gjaldeyrisviðskiptum vegna fjármagnshreyfinga vegna beinna fjárfestinga erlendra aðila í atvinnurekstri, viðskipta erlendra aðila með hlutabréf í innlendum fyrirtækjum og fasteignakaupa erlendra aðila hér á landi.
3. 10. gr. um skyldu aðila sem annast gjaldeyrisviðskipti til að hafa til reiðu upplýsingar um slíka þjónustu.
4. 11. gr. um skyldu aðila til að verða við ósk viðskiptamanns um að ljúka tiltekinni yfirfærslu.
5. 12. gr. um tímamörk til að ljúka yfirfærslu.
6. 15. gr. um þagnarskyldu.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50 þús. kr. til 75 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

b. (15. gr. b.)

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða reglur settar á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

c. (15. gr. c.)

Í máli sem beinist að einstaklingi, sem lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu, hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

d. (15. gr. d.)

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

2. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn:

1. Reglum settum á grundvelli 3. gr. um takmarkanir eða stöðvun tiltekinna skammtímahreyfinga fjármagns í allt að sex mánuði.
2. 4. gr. um takmarkanir á gjaldeyrisviðskiptum vegna fjármagnshreyfinga vegna beinna fjárfestinga erlendra aðila í atvinnurekstri, viðskipta erlendra aðila með hlutabréf í innlendum fyrirtækjum og fasteignakaupa erlendra aðila hér á landi.
3. 15. gr. um þagnarskyldu.

3. gr.

Á eftir 16. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 16. gr. a og 16. gr. b, svohljóðandi:

a. (16. gr. a.)

Brot gegn lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varðar sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

b. (16. gr. b.)

Brot gegn lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra sæta aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins til lögreglu.

Varði meint brot á lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til opinberrar rannsóknar. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Lögreglu og ákæruvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

4. gr.

Við 17. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Seðlabanki Íslands skal fylgjast með að starfsemi aðila sé í samræmi við lög þessi. Fjármálaeftirlitið rannsakar þau mál sem Seðlabanki Íslands tilkynnir um til eftirlitsins.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað binda lög þessi alla þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til 30. nóvember 2010 er Seðlabanka Íslands heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., að ákveða að gefa út reglur, að fengnu samþykki viðskiptaráðherra, sem takmarka eða stöðva tímabundið einhverja eða alla eftirtalda flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti sem þeim tengjast ef slíkar hreyfingar fjármagns til og frá landinu valda að mati Seðlabankans alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum:

1. Viðskipti og útgáfu verðbréfa, hlutdeildarskírteina í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, peningamarkaðsskjala og annarra framseljanlegra fjármálagerninga.
2. Innlegg á og úttektir af reikningum í lánastofnunum.
3. Lánveitingar, lántökur og útgáfu ábyrgða sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru og þjónustu.
4. Inn- og útflutning verðbréfa og innlends og erlends gjaldeyris.
5. Framvirk viðskipti, afleiðuviðskipti, viðskipti með valrétti, gjaldmiðla- og vaxtaskipti og önnur skyld gjaldeyrisviðskipti þar sem íslenska krónan er annar eða einn gjaldmiðlanna.
6. Gjafir og styrki og aðrar hreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.–5. tölul.

Seðlabanka Íslands er heimilt, að fengnu samþykki viðskiptaráðherra, að setja reglur um að skylt sé að skila erlendum gjaldeyri sem innlendir aðilar hafa eignast fyrir seldar vörur og þjónustu eða á annan hátt.

Reglur skv. 1. og 2. mgr. skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda og skulu koma til endurskoðunar a.m.k. á sex mánaða fresti frá útgáfu þeirra.

Brot gegn ákvæði þessu varðar stjórnvaldssektum og refsingu skv. 15. gr. a – 15. gr. d, 16. gr., 16. gr. a og 16. gr. b.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Í kjölfar hruns þriggja stærstu banka landsins í byrjun október ákvað ríkisstjórn Íslands að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um fjárhagslega fyrirgreiðslu. Í viljayfirlýsingu íslenskra stjórnvalda var þeirri fyrirætlan lýst að koma á stöðugleika á gengi íslensku krónunnar. Tímabil mikils samdráttar, stóraukins fjárlagahalla og mikillar aukningar opinberra skulda er fram undan. Hugsanlegt er að mikið fjármagnsflæði úr landi leiði til verulegrar viðbótarlækkunar á gengi krónunnar. Vegna skuldsetningar heimila og fyrirtækja gæti slíkt valdið stórskaða fyrir efnahag þjóðarinnar og aukið á samdráttinn í efnahagslífinu.

Eitt brýnasta verkefni Seðlabanka Íslands næstu missirin er að tryggja stöðugleika íslensku krónunnar og búa í haginn fyrir styrkingu gengisins. Hætta er á að gengi krónunar verði tímabundið fyrir miklum þrýstingi þegar möguleikar á gjaldeyrisviðskiptum opnast á ný. Til að stemma stigu við þessa áhættu og koma í veg fyrir of mikið fjármagnsflæði úr landi er talin brýn nauðsyn að grípa til tímabundinna takmarkana á fjármagnshreyfingum milli landa.

Í áætlun stjórnvalda til Alþjóðgjaldeyrissjóðsins kemur fram að gert sé ráð fyrir að beitt verið blöndu af hefðbundnum og óhefðbundnum aðgerðum. Stýrivextir hafa verið hækkaðir í 18% auk þess sem Seðlabankinn er tilbúinn að hækka stýrivextina enn frekar. Einnig verður beitt aðhaldi hvað áhrærir aðgang bankanna að lánum frá Seðlabankanum með það að markmiði að ekki verði dregið um of á lausafé með þeim hætti. Þá hefur Seðlabankinn lýst því að hann sé tilbúinn að nota gjaldeyrisforðann til að koma í veg fyrir of miklar sveiflur í gengi krónunnar. Óvíst er hvort þessar aðgerðir einar og sér nægi til að koma í veg fyrir fjármagnsútflæði. Því er talið óhjákvæmilegt samkvæmt áætluninni að beita tímabundnum takmörkunum á gjaldeyrisviðskipti vegna fjármagnsviðskipta sem er efni frumvarps þessa. Gjaldeyrishöftum á fjármagnsviðskipti fylgja ýmis neikvæð hliðaráhrif. Því er stefnt að því að afnema þau svo fljótt sem auðið er og lagt til að heimild Seðlabankans til að gefa út reglur um takmarkanir eða stöðvun fjármagnshreyfinga verði bundin við tímabil fjárstuðningsáætlunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Alþjóðlegar skuldbindingar.

Samingurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn).

Kveðið er á um meginregluna um frjálst fjármagnsflæði í 40. og 41. gr. EES-samningsins. Reglan felur í sér að aðildarríkjunum er óheimilt að hefta flutning fjármagns um Evrópska efnahagssvæðið. Verði gripið til takmarkana á fjármagnshreyfingum sem frumvarpið veitir heimild til má telja að þær gangi gegn þessari meginreglu samningsins. Með vísan til skuldbindinga Íslands samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir að öðrum aðildarríkjum og eftirlitsstofnunum svæðisins verði tilkynnt um þessa þróun mála í tengslum við efnahagsaðgerðir íslenskra stjórnvalda. Jafnframt gera stjórnvöld ráð fyrir að grípa til verndarráðstafana skv. 43. gr. samningsins sem veitir samningsaðilum heimild til slíks reynist það nauðsynlegt til að bregðast við ýmiss konar erfiðleikum eða röskun á fjármagnsmarkaði viðkomandi aðildarríkis. Er það mat stjórnvalda að þær aðgerðir sem hugsanlega verður gripið til á grundvelli frumvarpsins falli undir fyrrgreint ákvæði og rétt sé að beita heimildum þess við slíkar aðstæður.

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD).

Ísland er aðili að samþykktum OECD um afnám hafta á þjónustu og fjármagnshreyfingar (Codes of Liberalisation of Current Invisible Operations and Capital Movements). Samþykktirnar eru skuldbindandi fyrir Ísland að þjóðarétti. Samþykktirnar fela ekki aðeins í sér að aðildarríkin skuldbinda sig til að heimila gjaldeyrisyfirfærslur vegna viðskipta heldur einnig að

afnema allar hömlur á viðskiptunum sjálfum. Samkvæmt samþykktunum geta aðildarríki endurvakið höft sem áður hafa verið felld niður ef alvarlegar aðstæður skapast vegna þess að gjaldeyrisreglur hafa verið rýmkaðar. Hyggist aðildarríki setja aftur upp hömlur ber að tilkynna slíkt til OECD.

Alþjóðaviðskiptastofnunin.

Þær aðgerðir sem lagt er til í frumvarpinu að Seðlabankanum verði heimilt að grípa til beinast ekki gegn inn- og útflutningi vöru eða þjónustu eða greiðslu vegna slíks inn- og útflutnings. Verður því að jafnaði ekki talið að þær fari í bága við skuldbindingar Íslands til að afnema höft í vöruviðskiptum (XI. gr. GATT-samningsins) og til að takmarka ekki yfirfærslur og greiðslur í þjónustuviðskiptum (XI. gr. GATS-samningsins). Jafnvel þótt síðar verði talið að tiltekin ráðstöfun fari í bága við aðra hvora af fyrrgreindum skuldbindingum má eigi að síður réttlæta hana á grundvelli ákvæða XII. gr. viðkomandi samnings, en þau ákvæði heimila aðildarríki að setja takmarkanir í því skyni að tryggja fjárhagsstöðu sína og tryggja greiðslujöfnuð. Ákvæðið gerir ráð fyrir að slíkar takmarkanir verði tilkynntar stofnuninni.

Efni frumvarpsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Seðlabanka Íslands verði í samráði við viðskiptaráðherra heimilt fram til 30. nóvember 2010 að setja reglur sem takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga.

Talsverð hætta er á að aðilar sem eiga verulegar fjárhæðir í krónum, bæði á innlánsreikningum og í verðbréfum, muni leggja allt kapp á að selja slík bréf og kaupa gjaldeyri til að koma fjármunum sínum úr landi um leið og færi gefst. Þar sem fjárhæðir þessar eru verulegar geta slíkir fjármagnsflutningar leitt til verulegrar gengislækkunar íslensku krónunnar vegna keðjuverkandi áhrifa. Hætta er á að fjárfestar sem að öðrum kosti vildu halda krónustöðum sínum reyni einnig að selja við slíkar aðstæður. Mikil bankaviðskipti slíkra aðila geta valdið miklum sveiflum í gengi krónunnar. Dæmi eru um að gengi haldist lágt um árabil í kjölfar fjármála- og gjaldeyriskreppu, þrátt fyrir viðskiptaafgang sem skapar að öðru óbreyttu forsendur til þess að gengi gjaldmiðils styrkist. Til þess að draga úr líkum á langvarandi yfirskoti er nauðsynlegt að takmarka möguleika aðila á að selja krónur gegn erlendum gjaldeyri og á sama hátt að takmarka möguleika þeirra sem aðgang hafa að erlendum gjaldeyri vegna útflutnings eða erlendra eigna að mæta þeirri eftirspurn.

Í 3. gr. laganna er að finna ákvæði sem heimilar Seðlabanka Íslands að höfðu samráði við viðskiptaráðherra að takmarka eða stöðva í allt að sex mánuði tiltekna flokka fjármagnshreyfinga ef skammtímahreyfingar fjármagns til og frá landinu valda að mati Seðlabankans óstöðugleika í gengis- og peningamálum. Ákvæði 3. gr. er takmarkað við sex mánuði og tekur eingöngu til skammtímahreyfingar fjármagns. Spákaupmennska og óstöðugleiki í peninga- og gjaldeyrismálum fylgir fremur skammtímahreyfingum fjármagns en langtímahreyfingum. Ákvæðið miðar að því að geta spornað við því að skyndihreyfingar fjármagns hafi óæskileg áhrif á innlendan peninga- og gjaldeyrismarkað og skapi umrót og óvissu. Seðlabankar geta í flestum tilvikum stemmt stigu við fjármagnsflæði með almennum aðgerðum, svo sem kaupum og sölu á erlendum gjaldeyri og vaxtabreytingum. Dugi slíkar aðgerðir ekki til er heimild 3. gr. til staðar. Þær aðstæður sem nú eru á innlendum gengis- og peningamarkaði kalla hins vegar á víðtækari úrræði en 3. gr. veitir þar sem takmarkanir á skammtímahreyfingum eru ekki taldar nægjanlegar til að sporna við útflæði gjaldeyris af framangreindum ástæðum.

Aðgangur almennings og fyrirtækja að gjaldeyri vegna viðskipta með vöru og þjónustu verður ekki heftur nema að því marki að til fjármagnshreyfinga komi í tengslum við slík við-

skipti. Almenningur mun því áfram hafa aðgang að gjaldeyri vegna ferðalaga og námskostnaðar.

Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að Fjármálaeftirlitið hafi heimild til að leggja á stjórnvaldssekt vegna brota á lögunum eða reglum settum á grundvelli þeirra eftir að Seðlabankinn hefur tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um meint brot. Nauðsynlegt er að stjórntæki séu til staðar til að framfylgja ákvæðum laganna, m.a. þeim takmörkunum sem lagt er til að Seðlabankinn hafi heimild til að setja um tiltekna flokka fjármagnshreyfinga. Ella geta aðilar virt slíkar takmarkanir að vettugi án viðurlaga og heimildin hefði ekki tilætluð áhrif. Ákvæði frumvarpsins um stjórnvaldssektir eru sambærileg viðurlagaákvæðum laga á fjármálamarkaði og eru í samræmi við ný viðmið um beitingu viðurlaga við efnahagsbrotum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er lagt til að á eftir 15. gr. laganna komi fjórar nýjar greinar, 15. gr. a – 15. gr. d, er lúta að heimild til Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir eða ljúka málum með sátt. Þá eru ákvæði um fyrningu og rétt manna til að fella ekki sök á sjálfan sig. Ákvæðin eru í samræmi við ákvæði laga á fjármálamarkaði um viðurlög við brotum, sbr. t.d. XIV. kafla laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Í a-lið ákvæðisins eru ákvæði frumvarpsins um heimildir Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir. Gert er ráð fyrir að Seðlabanki Íslands tilkynni Fjármálaeftirlitinu um það ef grunur vaknar um brot gegn lögunum. Þannig er gert ráð fyrir að Seðlabankinn fari almennt með eftirlit með að framkvæmd sé í samræmi við ákvæði laganna, en að Fjármálaeftirlitið rannsaki grun um einstök brot.

Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að leggja stjórnvaldssektir á þann sem brýtur gegn reglum á grundvelli 3. gr. um takmarkanir eða stöðvun tiltekinna skammtímahreyfinga fjármagns í allt að sex mánuði, 4. gr. um takmarkanir á gjaldeyrisviðskiptum vegna fjármagnshreyfinga vegna beinna fjárfestinga erlendra aðila í atvinnurekstri, viðskipta erlendra aðila með hlutabréf í innlendum fyrirtækjum og fasteignakaupa erlendra aðila hér á landi, 10. gr. um skyldu aðila sem annast gjaldeyrisviðskipti til að hafa til reiðu upplýsingar um slíka þjónustu, 11. gr. um skyldu aðila til að verða við ósk viðskiptamanns um að ljúka tiltekinni yfirfærslu, 12. gr. um tímamörk til að ljúka yfirfærslu og 15. gr. um þagnarskyldu. Gert er ráð fyrir að hámarksfjárhæð stjórnvaldssekta verði 75 millj. kr.

Er lagt til í b-lið ákvæðisins að Fjármálaeftirlitið hafi heimild til að ljúka máli með sátt við tilteknar aðstæður. Gert er ráð fyrir að til þess að unnt sé að ljúka máli með sátt verði samþykki málsaðila að liggja fyrir. Þá megi ekki vera um að ræða brot sem meiri háttar refsiviðurlög liggja við. Þá er lagt til að sátt sé bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt hana og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Ekki er heimilt að ljúka máli með sátt ef um er að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Þá er loks gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti sett nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

Í c-lið ákvæðisins er fjallað um rétt manna til að fella ekki á sig sök. Talið hefur verið að á meðan ekki er í stjórnsýslulögum almennt ákvæði um rétt einstaklinga til að fella ekki sök á sjálfan sig við rannsókn á stjórnsýslustigi þyki æskilegt að inntak réttarins verði lögfest í sérlögum á sviði fjármunaréttar þar sem stjórnsýsluviðurlög, sem talist geta viðurlög við „refsiverðu broti“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, liggja við brotum á lögunum.

Ákvæðið á aðeins við ef til staðar er „rökstuddur grunur“ um að viðkomandi hafi framið refsivert brot. Þykir eðlilegt að miða við að grunur yfirvalda sé svo sterkur að ástæða væri til

að veita honum réttarstöðu grunaðs manns samkvæmt reglum opinbers réttarfars. Þannig verði að vera til staðar aðstæður eða sönnunargögn sem bendi til sektar viðkomandi og rannsókn að beinast að honum sérstaklega en ekki stærri hópi manna. Ef til staðar er rökstuddur grunur um að viðkomandi hafi framið refsivert brot er honum aðeins skylt að veita upplýsingar ef unnt er að útiloka að þær geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um sekt hans. Væri honum því til dæmis skylt að veita upplýsingar um nafn sitt og heimilisfang.

Í d-lið ákvæðisins er fjallað um fyrningu og er lagt til að heimild Fjármálaeftirlitsins til að beita stjórnvaldssektum falli niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Er það í samræmi við sambærileg ákvæði laga á fjármálamarkaði.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er lögð til breyting á refsiákvæði 16. gr. laganna. Er lagt til að kveðið verði á um refsingar vegna saknæmrar háttsemi í tengslum brot gegn 3. gr. um takmarkanir eða stöðvun tiltekinna skammtímahreyfinga fjármagns í allt að sex mánuði, 4. gr. um takmarkanir á gjaldeyrisviðskiptum vegna fjármagnshreyfinga vegna beinna fjárfestinga erlendra aðila í atvinnurekstri, viðskipta erlendra aðila með hlutabréf í innlendum fyrirtækjum og fasteignakaupa erlendra aðila hér á landi og 15. gr. um þagnarskyldu. Í greininni er lagt til að brot á ákvæðunum varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Ákvæðið er sambærilegt ákvæðum laga á fjármálamarkaði. Vakin er athygli á að gert er ráð fyrir að færri brot varði refsingu en stjórnvaldssektum.

Um 3. gr.

Á eftir 16. gr. er lagt til að tvær nýjar greinar bætist við sem varða viðurlagaákvæði laganna. Í a-lið er kveðið á um að brot gegn lögunum og reglum settum á grundvelli þeirra varði refsingu hvort heldur sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Þá er mælt fyrir um að heimilt sé að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laganna er varða refsingu. Að lokum er kveðið á um að tilraun til brots eða hlutdeild í brotum á ákvæðum laganna eða reglum settum á grundvelli þeirra sé refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Í b-lið lagt til að sett verði ákvæði um verklag við rannsókn mála þar sem meint brot varða bæði stjórnvaldssektum og refsiviðurlögum og um samskipti milli Fjármálaeftirlitsins, lögreglu og ákæruvalds. Eru breytingarnar í samræmi við ákvæði laga á fjármálamarkaði, sbr. 112. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Í 1. og 2. mgr. er kveðið á um hvernig skulu fara með brot gegn lögum um fjármálafyrirtæki sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu. Í 1. mgr. er kveðið á um að brot gegn lögunum sæti aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármaálaeftirlitsins til lögreglu. Í 2. mgr. er síðan mælt fyrir um að ef meint brot varði bæði stjórnvaldssektum og refsingu meti Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Í málsgreininni er síðan að finna viðmið um það hvenær Fjármálaeftirlitinu ber að kæra mál til lögreglu. Lagt er til að stofnuninni beri að kæra öll meiri háttar brot á lögunum sem varða refsingum til lögreglu. Brot teljast meiri háttar í skilningi ákvæðisins ef þau lúta að verulegum fjárhæðum eða ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brots. Þá mun verða höfð hliðsjón af heimildum Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir við afmörkun á því hvaða brot teljist meiri háttar. Lögregla mun síðan rannsaka þau mál sem Fjármálaeftirlitið vísar til hennar og eftir atvikum gefa út ákæru vegna þeirra.

Í ákvæðinu er einnig kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögunum til opinberrar rannsóknar.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu teljist ekki til stjórnsýsluákvörðunar og því gildi ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga ekki um slíkar ákvarðanir stofnunarinnar. Í málsgreininni er jafnframt kveðið á um að með kæru Fjármálaeftirlitsins skuli fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við.

Í 4. mgr. er að finna heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er í málsgreininni heimild fyrir stofnunina til að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í 5. mgr. greinarinnar er kveðið á um að lögreglu og ákæruvaldi sé heimilt að afhenda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar og gögn sem aflað hefur verið og tengjast brotum sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsiábyrgð. Þá er gert ráð fyrir að lögreglu sé heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn brota sem bæði geta varðað stjórnvaldssektum og refsingu.

Í lokamálsgrein ákvæðisins er kveðið á um heimild ákæranda til að senda eða endursenda mál til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar í þeim tilvikum þar sem ekki eru talin efni til málshöfðunar og ætluð refsiverð háttsemi varðar jafnframt stjórnsýsluviðurlögum. Á ákvæðið við hvort sem lögregla eða ákæruvald hafa tekið mál upp að eigin frumkvæði eða fengið það sent frá eftirlitsaðilanum.

Um 4. gr.

Í grein þessari kemur fram hvernig gert er ráð fyrir að eftirlit með ákvæðum laganna sé háttað. Kveðið er á um að Seðlabanki Íslands hafi almennt eftirlit með lögunum, en að Fjármálaeftirlitið rannsaki þau mál sem Seðlabanki Íslands tilkynnir eftirlitinu um. Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit með starfsemi á fjármálamarkaði. Samkvæmt 20. og 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, getur starfsemi banka og verðbréfafyrirtækja lotið að gjaldeyrisviðskiptum. Í ljósi þessa og þar sem Fjármálaeftirlitið hefur víðtækar heimildir til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum sem gilda um starfsemi á fjármálamarkaði er talið skynsamlegt að eftirlitið rannsaki meint brot gegn lögunum og leggi eftir atvikum á stjórnvaldssektir. Ekki er þörf á að kveða sérstaklega á um eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins í frumvarpi þessu þar sem í 3. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 8. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, er gert ráð fyrir að þau lög taki til eftirlits og annarra verkefna gagnvart einstaklingum og lögaðilum sem Fjármálaeftirlitinu er falið að framkvæma samkvæmt ákvæðum sérlaga.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að lögin öðlist þegar gildi enda er talið mikilvægt að Seðlabankinn hafi þær heimildir sem frumvarpið felur í sér hið fyrsta. Í lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað er kveðið á um að lög bindi alla frá og með deginum eftir útgáfudag þeirra Stjórnartíðinda þar sem fyrirmælin voru birt. Vegna eðlis ákvæða frumvarpsins er nauðsynlegt að lögin bindi alla þegar við birtingu þeirra.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæðinu er lagt til að Seðlabankanum verði heimilað að fengnu samþykki viðskiptaráðherra að ákveða með reglum að takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagns-

hreyfinga sem taldir eru upp í ákvæðinu og gjaldeyrisviðskipti þeim tengdum. Lagt er til að Seðlabanka Íslands verði heimilt að grípa til slíkra aðgerða ef líkur eru á að neyðarástand kunni að skapast vegna mikils útflæðis á gjaldeyri.

Takmarkanir á fjármagnshreyfingum eru neyðarúrræði sem hafa talsverð neikvæð áhrif og því er mikilvægt að ef gripið er til slíkra takmarkana að afnema þau svo fljótt sem auðið er. Er því lagt til að heimild Seðlabankans til að takmarka eða stöðva tiltekna flokka fjármagnshreyfinga verði tímabundin til 30. nóvember 2010, sem er sama tímabil og áætlun Íslands um efnahagsstöðugleika vegna lánsumsóknar hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum tekur til. Gert er ráð fyrir að viðskiptaráðherra samþykki reglurnar áður en þær eru settar.

Þeir flokkar fjármagnshreyfinga sem lagt er til að heimilt verði að stöðva eða takmarka taka mið af því að nauðsynlegt er talið að unnt sé að loka öllum mögulegum leiðum sem innlendir og erlendir aðilar hafa til að loka krónustöðum sínum fyrr en ella. Slíkt hefði annars vegar í för með sér ójöfnuð meðal aðila og mundi hins vegar leiða til þess að uppbygging gjaldeyrisforða landsins sem nýta þarf til að vinna á áðurnefnum krónustöðum tæki lengri tíma. Með takmörkunum á fjármagnsflutningum er geta aðila til að stofna til nýrra gjörninga takmörkuð.

Horfur eru á að vöru- og þjónustuviðskipti verði hagstæð á næstu missirum, bæði vegna aukinnar framleiðslugetu útflutningsfyrirtækja og vegna þess að einkaneysla mun dragast saman sem leiðir til minni innflutnings. Miklar stöðutökur erlendra aðila eru hins vegar áhyggjuefni sem fyrr segir. Höft á fjármagnshreyfingar hafa því aðeins gildi að erlendur gjaldeyrir sem aflað er vegna útflutnings skili sér til landsins. Án slíkra takmarkana munu útflutningsfyrirtæki hafa hag af því að selja gjaldeyri til fjárfesta á hærra gengi en fæst á innlendum gjaldeyrismarkaði. Að byggja upp gjaldeyrisforða sem hægt er að nýta til að greiða niður krónulán og verðbréf mun taka tíma. Því er lagt til að Seðlabankinn fái heimild til að setja reglur að fengnu samþykki viðskiptaráðherra um skilaskyldu erlends gjaldeyris sem innlendir aðilar eignast fyrir seldar vörur og þjónustu eða á annan hátt. Ekki er gert ráð fyrir að gerð verði krafa um sölu á erlendum gjaldeyri heldur geti eigendur lagt hann inn á innlenda gjaldeyrisreikninga og þannig haft óheftan aðgang að þeim gjaldeyri vegna vöru- og þjónustuviðskipta.

Þar sem um verulega íþyngjandi takmarkanir er um að ræða, sem æskilegt er að standi eins stutt og mögulegt er, er lagt til að reglurnar komi til reglulegrar endurskoðunar a.m.k. á sex mánaða fresti.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum.

Samkvæmt frumvarpinu verður Seðlabanka Íslands heimilt fram til 30. nóvember 2010 að takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti sem þeim tengjast, ef metið er að slíkar hreyfingar fjármagns til og frá landinu valdi alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum. Frumvarpinu er ætlað að fylgja eftir 19. lið aðgerðaráætlunar Íslands um efnahagsstöðugleika sem send var til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 3. nóvember sl. Seðlabankinn mun annast um eftirlit með ákvörðunum um þessar

takmarkanir með atbeina Fjármálaeftirlitsins, auk beitingar viðurlaga sem felast í stjórnvaldssektum. Samkvæmt frumvarpinu geta sektir sem lagðar eru á einstaklinga numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50 þús. kr. til 75 millj. kr. Ekki er hægt að sjá fyrir í hvaða mæli gæti komið til slíkra sekta sem renna í ríkissjóð og raunar varla hægt að gera ráð fyrir því fyrir fram að til þess komi. Er því einnig erfitt að sjá fyrir hversu mikil þörf verður fyrir eftirlit með því að ekki hafi verið brotið í bága við ákvæði laganna. Að svo stöddu er talið að kostnaður við það ætti að rúmast innan fjárheimilda þeirra aðila sem eiga annast um það, einkum Fjármálaeftirlitið og hugsanlega lögregluyfirvöld og ákæruvaldið.

233. Nefndarálit [189. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónínu S. Lárusdóttur, Jón Þór Sturluson og Þóru Margréti Hjaltested frá viðskiptaráðuneytinu, Sigríði Logadóttur og Tómas Örn Kristjánsson frá Seðlabanka Íslands, Ragnar Hafliðason og Árna Huldar Sveinbjörnsson frá Fjármálaeftirlitinu, Högna Kristjánsson og Sesselju Sigurðardóttur frá utanríkisráðuneytinu, Björn Rúnar Guðmundsson frá forsætisráðuneytinu, Gylfa Arnbjörnsson frá ASÍ, Vilhjálm Egilsson frá Samtökum atvinnulífsins, Eddu Rós Karlsdóttur hagfræðing, Ásgeir Jónsson hagfræðing og Ingólf Bender hagfræðing.

Tilgangur frumvarpsins er að stuðla að stöðugleika á gengi íslensku krónunnar, draga úr hættu á óeðlilegri gengislækkun og tilheyrandi erfiðleikum fyrir þjóðarbúið í heild. Fram kom hjá nefndinni að með frumvarpinu væri ætlað að leiða í lög þær hömlur á gjaldeyrisviðskiptum sem leiða af sameiginlegri áætlun ríkisstjórnar, Seðlabanka og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um efnahagsmál. Í frumvarpinu felst að gjaldeyrishöftum, öðrum en þeim er tengjast viðskiptum með vöru og þjónustu, verði viðhaldið með þeim hætti sem kemur fram í frumvarpinu. Frumvarpið er því mikilvægur liður í heildaráætlun til að koma auknu jafnvægi á íslenskt hagkerfi.

Meginefni frumvarpsins varðar heimildir til handa Seðlabanka Íslands til að takmarka gjaldeyrisviðskipti tímabundið vegna fjármagnsviðskipta. Koma heimildirnar til viðbótar þeim úrræðum sem bankinn hefur til að stemma stigu við útflæði fjármagns þegar möguleikar á gjaldeyrisviðskiptum aukast. Tekið er fram að aðgerðirnar beinast ekki að vöru- og þjónustuviðskiptum heldur fyrst og fremst að gjaldeyrisviðskiptum sem standa í tengslum við fjármagnsviðskipti. Í raun afléttir frumvarpið núverandi höftum af vöru- og þjónustuviðskiptum og fagnar meiri hluti nefndarinnar því.

Stofnunum Evrópska efnahagssvæðisins verður tilkynnt um þessa ráðstöfun í samræmi við ákvæði EES-samningsins. Er það mat stjórnvalda að aðgerðir sem frumvarpið kveður á um rúmist því innan heimilda 43. gr. EES-samningsins.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að 3. gr. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, veiti heimild til að takmarka tiltekna flokka fjármagnsflutninga. Heimildin er tímabundin og einskorðuð við skammtímahreyfingar fjármagns en er ekki talin duga til að sporna við útflæði fjármagns við ríkjandi aðstæður. Þess vegna þarf að leiða í lög fyllri lagaákvæði um þetta efni.

Þá eru í frumvarpinu ákvæði um viðurlagaheimildir Fjármálaeftirlitsins vegna brota á lögum um gjaldeyrismál og er þeim ætlað að treysta þau úrræði sem Seðlabankinn hefur sam-

kvæmt lögunum. Ákvæði þessi byggjast á sams konar ákvæðum í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Við umfjöllun nefndarinnar var ýmsum sjónarmiðum hreyft um frumvarp þetta og markmið þess. Meðal þessara sjónarmiða voru ákvæði til bráðabirgða sem skylda útflutningsaðila til þess að skila erlendum gjaldeyri inn í landið. Nokkuð var rætt um áhrif þessarar skyldu á útflutningsfyrirtæki og almenning í landinu. Vert er að taka það fram að ekki er um að ræða söluskyldu á gjaldeyri heldur einungis skyldu til að koma erlendum gjaldeyri inn í landið.

Þá kom einnig til umræðu sú tímalengd sem frumvarpið gerir ráð fyrir að takmarkanir Seðlabankans geti varað, þ.e. til 30. nóvember 2010 sem er tímalengd sameiginlegrar áætlunar ríkisins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um efnahagsmál. Fram komu áhyggjur af því að tíminn væri of langur. Nefndin telur hins vegar mikilvægt að stjórnvöld og Seðlabanki hafi lagaheimildina út þennan tíma, þótt ljóst sé að þörf fyrir beitingu hennar verði endurmetin reglulega.

Einnig var rætt um sjónarmið í tengslum við skuldbindingar Íslendinga að EES-samningnum um frjálst fjármagnsflæði en það var mat fulltrúa utanríkisráðuneytisins að önnur Evrópulönd muni sýna ráðstöfunum okkar skilning.

Nefndin vill að reglur þær sem getið er um í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins og Seðlabankinn gefur út að fengnu samþykki viðskiptaráðherra verði endurskoðaðar eigi síðar en 1. mars 2009 og ber þá aftur að fá samþykki viðskiptaráðherra.

Nefndin leggur ríka áherslu á hraða afgreiðslu þessa máls í ljósi eðlis málsins en mikilvægt er að afgreiða frumvarpið sem fyrst svo að markaðsaðilar geti ekki nýtt sér upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á lögum sér til hagsbóta en þjóðarbúinu til tjóns.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

Í fyrsta lagi er lögð til viðbót við ákvæði til bráðabirgða á þann hátt að við bætist tilvísun í 9. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991. Í ákvæði þessu er kveðið á um að erlendur aðili, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, skuli eiga rétt á að fá yfirfært í hvern þann erlenda gjaldmiðil sem Seðlabanki Íslands annast reglubundna skráningu á, móttekinn arð eða annan hagnaðarhlut og söluandvirði fjárfestingar. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að þar sé kveðið á um rétt aðila til að flytja arð og söluandvirði eða annað endurgreiðsluverð úr landinu að nýju. Ljóst er að gera þarf undantekningu frá þessu ákvæði til að unnt verði að setja reglur sem kveða á um takmörkun á þessum rétti

Í öðru lagi er lögð til breyting á bráðabirgðaákvæði sem felur í sér að lagt er til að Seðlabanka Íslands verði veitt heimild til að veita undanþágur frá takmörkunum á fjármagnshreyfingum sem kunna að verða settar í reglum á grundvelli 1. mgr. ákvæðisins. Við málsmeðferð slíkra mála gilda ákvæði stjórnsýslulaga. Slíkar ákvarðanir Seðlabanka eru kæranlegar til viðskiptaráðherra, sem fer með framkvæmd laga um gjaldeyrismál. Einnig er lagt til að ekki verði innheimt leyfisgjald ef undanþágur eru veittar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Jón Magnússon áheyrnarfulltrúi sat fundinn.

Alþingi, 28. nóv. 2008.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm.	Ásta Möller.	Ólöf Nordal.
Björk Guðjónsdóttir.	Árni Páll Árnason.	Birgir Ármannsson.

234. Tillaga til þingsályktunar [190. mál]

um úttekt á kjörum og réttindum námsmanna.

Flm.: Katrín Jakobsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir,
Álfheiður Ingadóttir, Atli Gíslason.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að gera úttekt á kjörum og réttindum námsmanna. Vinnu við áætlunina skal lokið 1. apríl 2009.

Markmið úttektarinnar verði:

a. að kanna rétt námsmanna sem veikjast eða lenda í slysi og geta ekki stundað nám til opinberrar aðstoðar og námslána,
b. að kanna rétt námsmanna til fæðingarorlofs, sérstaklega með tilliti til kvenna sem veikjast á meðgöngu og geta af þeim sökum ekki skilað fullnægjandi námsárangri,
c. að skoða þann framfærslugrunn sem miðað er við í úthlutun námslána og endurskoða hann með nýrri framfærslurannsókn.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var áður flutt á 135. löggjafarþingi af varaþingmanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Auði Lilju Erlingsdóttur, ásamt Katrínu Jakobsdóttur og Kolbrúnu Halldórsdóttir. Hún er nú endurflutt lítið breytt.

Árið 2006 stunduðu um 17 þúsund einstaklingar nám á háskólastigi á Íslandi. Þessi stóri hópur er fjölbreyttur og með margvíslegar þarfir. Helmingur hópsins á það þó sameiginlegt að byggja framfærslu sína á námslánum.

Samkvæmt núverandi framfærslugrunni LÍN er gert ráð fyrir að einstaklingur eyði 570 þús. kr. á ári í húsnæði, hita og rafmagn, eða um 47 þús. kr. á mánuði. Á höfuðborgarsvæðinu eru slík kostakjör á leiguhúsnæði vandfundin. Það er mat flutningsmanna að tími sé kominn til að framkvæma nýja metnaðarfulla framfærslurannsókn meðal námsmanna og að miðað verði við þá könnun við úthlutun námslána.

Til að hljóta námslán þarf að uppfylla ýmsar kröfur hvað varðar námsárangur og námsframvindu. Því geta veikindi, slys eða meðganga og fæðing veikt fjárhagsstöðu margra námsmanna. Því er nauðsynlegt að kanna réttindi og kjör námsmanna og kortleggja ástandið til að geta bætt það. Sem dæmi má nefna að þegar námsmenn eignast börn fá þeir fæðingarstyrk. Til að fá fæðingarstyrk þarf námsmaður að skila 75% námsárangri í a.m.k. 6 mánuði af síðustu 12 mánuðum. Þessi krafa gerir það að verkum að ef námsmaður verður veikur á meðgöngunni og nær ekki að skila tilskildum námsárangri fær viðkomandi ekki þennan fæðingarstyrk sem námsmaður, heldur flokkast hann utan vinnumarkaðar. Sú upphæð sem þá er um að ræða dugar ekki fyrir framfærslu.

Það er mat flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu að mikil þörf sé á að greina vandann á þessu sviði og í framhaldinu finna á honum lausnir.

235. Frumvarp til laga [191. mál]

um breytingu á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Flm.: Katrín Jakobsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Álfheiður Ingadóttir, Atli Gíslason.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Fullt námslán miðast að jafnaði við 100% nám samkvæmt skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins. Námslán skerðist hlutfallslega í samræmi við námsframvindu allt að 50%.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a 1. mgr. orðast svo:

Námslán skal veitt til eins missiris í einu og skal lánsfjárhæð greiðast út mánaðarlega fyrir fram þannig að fyrsta greiðsla sé innt af hendi við upphaf missiris.

b 2. mgr. orðast svo:

Í lok hvers missiris skal námsmaður skila vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur. Ef námsmaður sýnir ekki fram á tilskildan námsárangur og skólasókn skal gefa honum kost á endurgreiðslu lánsins á sérstöku skuldabréfi í samræmi við reglur sjóðsins um ofgreidd lán. Stjórn sjóðsins er heimilt að kveða á um nánari útfærslu á endurgreiðslu ofgreiddra lána.

c 5. mgr. orðast svo:

Námsmenn sem fá lán úr sjóðnum skulu undirrita skuldabréf við lántöku.

d 6. og 7. mgr. falla brott.

3. gr.

4. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Viðbótargreiðsla skal fyrst innheimt tveimur árum eftir námslok en föst greiðsla fjórum árum eftir námslok. Sjóðstjórn skilgreinir hvað telja beri námslok samkvæmt lögum þessum og úrskurðar um vafatilfelli.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eldri gerð frumvarps þessa var lögð fram af varaþingmanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Auði Lilju Erlingsdóttur ásamt meðflutningsmönnum, Katrínu Jakobsdóttur og Kolbrúnu Halldórsdóttur, á 135. löggjafarþingi. Þetta nýja frumvarp er þó nokkuð breytt þar sem lagt er til að teknar verði upp mánaðargreiðslur í stað þess yfirdráttarkerfis sem nú er við lýði.

Flestir geta verið sammála um að menntun sé undirstaða velferðar og framfara. Aukin menntun stuðlar að betra mannlífi og betra samfélagi og helst í hendur við hagvöxt. Það skiptir því máli að sem flestir eigi kost á að mennta sig og geti stundað það nám sem hæfileikar, geta og áhugi segja til um, óháð efnahag, félagslegum þáttum eða stöðu að öðru leyti.

Ljóst er að stjórnvöld geta stuðlað að aukinni menntun með hvatningu og með því að búa skólastarfi gott umhverfi. Þess vegna skiptir miklu að reka öflugan lánasjóð með góðum kjörum fyrir námsmenn. Lánasjóður íslenskra námsmanna er mikilvægur sjóður fyrir menntun í landinu og á að gegna því hlutverki að gera sem flestum kleift að stunda nám og jafna aðstöðu til náms.

Frumvarp þetta gerir meðal annars ráð fyrir því að námslán verði greidd út fyrir fram í byrjun hvers mánaðar. Með þessum breytingum vilja flutningsmenn koma til móts við námsmenn sem almennt hafa þurft að leita eftir yfirdráttarláni frá viðskiptabanka sínum fram að útgreiðslu lána við lok hvers missiris en slík yfirdráttarlán eru afar dýr. Sams konar fyrirkomulag er við lýði í nágrannalöndum okkar, þ.e. Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Með fyrirframgreiðslu námslána getur sú staða vissulega komið upp að í lok missiris standi námsmaður sem fengið hefur fyrirgreiðslu ekki skil á tilskildum námsárangri eða skólavist og kemur þá sú fjárhæð sem ofgreidd hefur verið til endurgreiðslu með skuldabréfi útgefnu á viðkomandi námsmann eftir þeim reglum sem sjóðurinn almennt notar um ofgreidd lán.

Þá gerir frumvarpið einnig ráð fyrir því að afnumin verði krafan um ábyrgðarmenn á námslánum, en slíkir ábyrgðarmenn tíðkast ekki heldur í nágrannalöndum okkar, og loks felst í frumvarpinu að tekjutengdar afborganir námslána skuli hefjast tveimur árum eftir að námi lýkur en fastar árlegar afborganir hefjist fjórum árum eftir námslok. Samkvæmt núgildandi reglum hefjast afborganir, hvort sem er tekjutengdar eða fastar, tveimur árum eftir námslok.

Með þessum aðgerðum telja flutningsmenn að námsmönnum verði sköpuð betri kjör, námslánakerfið verði sveigjanlegra og lögin um Lánasjóðinn réttlátari.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að námsmenn fái notið aukins sveigjanleika í námi á þann veg að 50% lán fáist fyrir 50% námsframvindu.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu felst breyting á þann hátt að afnumin eru nokkur ákvæði í núgildandi 6. gr. laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, nr. 21/1992, og nokkrum ákvæðum breytt til samræmis við tillögur flutningsmanna um að námslán skuli greidd út mánaðarlega fyrir fram í stað greiðslu í loks missiris þegar námsmaður hefur skilað vottorði um skólasókn og tilskilinn námsárangur. Auk þess felst í ákvæði þessu brottfall 2. mgr. 6. gr. laganna sem heimilar greiðslu vaxtastyrks, en samkvæmt því fyrirkomulag sem nú er lagt fram er ekki þörf á að tryggja námsmanni vaxtastyrk þar sem námsmaður losnar undan því að taka á sig yfirdráttarlán í viðskiptabönkum með tilheyrandi vaxtakostnaði.

Þá felst í ákvæði þessu einnig tillaga um afnám ábyrgðarmanna á lánum, sbr. 5., 6. og 7. mgr. 6. gr. laganna, enda samræmist hún ekki 1. gr. laganna um jafnrétti til náms. Í ríku samfélagi á ekki að líðast að fólk þurfi að hverfa frá áætlunum um nám vegna þess að það hefur ekki ábyrgðarmenn sem Lánasjóðurinn tekur gilda.

Um 3. og 4. gr.

Lagt er til að endurgreiðsla af námslánum breytist á þann hátt að tveimur árum eftir að námi lýkur hefji námsmaður að greiða tekjutengdar afborganir en þurfi ekki að borga fasta árlega afborgun fyrr en fjórum árum eftir að námi lýkur. Á fyrstu árunum að námi loknu er algengt að fólk sé að koma sér þaki yfir höfuðið og stofna fjölskyldu. Þessi breyting léttir greiðslubyrði af námslánunum fyrstu árin.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

236. Breytingartillaga [189. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar (ÁÓÁ, ÁMöl, ÓN, BjörkG, ÁPÁ, BÁ).

Við ákvæði til bráðabirgða.

a. Á eftir orðunum „þrátt fyrir ákvæði 2. gr.“ í 1. mgr. komi: laganna og 9. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.
b. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ákvæði 7. gr. laganna gilda um heimildir Seðlabanka Íslands til að veita undanþágur frá reglum settum skv. 1. mgr. Þó skal ekki innheimt leyfisgjald þegar undanþágur eru veittar.

237. Frumvarp til laga [189. mál]

um breytingu á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 28. nóv.)

1. gr.

Á eftir 15. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar, 15. gr. a – 15. gr. d, svohljóðandi:

a. (15. gr. a.)

Vakni grunur um brot gegn lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra skal Seðlabanki Íslands tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það. Með tilkynningu Seðlabanka Íslands skulu fylgja afrit þeirra gagna sem varða hið meinta brot. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Seðlabanka Íslands um að tilkynna um málið til Fjármálaeftirlitsins. Seðlabanka Íslands er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem bankinn hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að leggja stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn:

1. Reglum settum á grundvelli 3. gr. um takmarkanir eða stöðvun tiltekinna skammtímahreyfinga fjármagns í allt að sex mánuði.
2. 4. gr. um takmarkanir á gjaldeyrisviðskiptum vegna fjármagnshreyfinga vegna beinna fjárfestinga erlendra aðila í atvinnurekstri, viðskipta erlendra aðila með hlutabréf í innlendum fyrirtækjum og fasteignakaupa erlendra aðila hér á landi.
3. 10. gr. um skyldu aðila sem annast gjaldeyrisviðskipti til að hafa til reiðu upplýsingar um slíka þjónustu.
4. 11. gr. um skyldu aðila til að verða við ósk viðskiptamanns um að ljúka tiltekinni yfirfærslu.

5. 12. gr. um tímamörk til að ljúka yfirfærslu.
6. 15. gr. um þagnarskyldu.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50 þús. kr. til 75 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

b. (15. gr. b.)

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða reglur settar á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

c. (15. gr. c.)

Í máli sem beinist að einstaklingi, sem lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu, hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

d. (15. gr. d.)

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

2. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn:

1. Reglum settum á grundvelli 3. gr. um takmarkanir eða stöðvun tiltekinna skammtímahreyfinga fjármagns í allt að sex mánuði.
2. 4. gr. um takmarkanir á gjaldeyrisviðskiptum vegna fjármagnshreyfinga vegna beinna fjárfestinga erlendra aðila í atvinnurekstri, viðskipta erlendra aðila með hlutabréf í innlendum fyrirtækjum og fasteignakaupa erlendra aðila hér á landi.
3. 15. gr. um þagnarskyldu.

3. gr.

Á eftir 16. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 16. gr. a og 16. gr. b, svohljóðandi:

a. (16. gr. a.)

Brot gegn lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varðar sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

b. (16. gr. b.)

Brot gegn lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra sæta aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins til lögreglu.

Varði meint brot á lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til opinberrar rannsóknar. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Lögreglu og ákæruvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

4. gr.

Við 17. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Seðlabanki Íslands skal fylgjast með að starfsemi aðila sé í samræmi við lög þessi. Fjármálaeftirlitið rannsakar þau mál sem Seðlabanki Íslands tilkynnir um til eftirlitsins.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað binda lög þessi alla þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til 30. nóvember 2010 er Seðlabanka Íslands heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna og 9. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, að ákveða að gefa út reglur, að fengnu samþykki viðskiptaráðherra, sem takmarka eða stöðva tímabundið einhverja eða alla

eftirtalda flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti sem þeim tengjast ef slíkar hreyfingar fjármagns til og frá landinu valda að mati Seðlabankans alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum:

1. Viðskipti og útgáfu verðbréfa, hlutdeildarskírteina í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, peningamarkaðsskjala og annarra framseljanlegra fjármálagerninga.
2. Innlegg á og úttektir af reikningum í lánastofnunum.
3. Lánveitingar, lántökur og útgáfu ábyrgða sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru og þjónustu.
4. Inn- og útflutning verðbréfa og innlends og erlends gjaldeyris.
5. Framvirk viðskipti, afleiðuviðskipti, viðskipti með valrétti, gjaldmiðla- og vaxtaskipti og önnur skyld gjaldeyrisviðskipti þar sem íslenska krónan er annar eða einn gjaldmiðlanna.
6. Gjafir og styrki og aðrar hreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.–5. tölul.

Seðlabanka Íslands er heimilt, að fengnu samþykki viðskiptaráðherra, að setja reglur um að skylt sé að skila erlendum gjaldeyri sem innlendir aðilar hafa eignast fyrir seldar vörur og þjónustu eða á annan hátt.

Ákvæði 7. gr. laganna gilda um heimildir Seðlabanka Íslands til að veita undanþágur frá reglum settum skv. 1. mgr. Þó skal ekki innheimt leyfisgjald þegar undanþágur eru veittar.

Reglur skv. 1. og 2. mgr. skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda og skulu koma til endurskoðunar a.m.k. á sex mánaða fresti frá útgáfu þeirra.

Brot gegn ákvæði þessu varðar stjórnvaldssektum og refsingu skv. 15. gr. a – 15. gr. d, 16. gr., 16. gr. a og 16. gr. b.

238. Lög [189. mál]

um breytingu á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 28. nóvember 2008.)

Samhljóða þskj. 237.

239. Tillaga til þingsályktunar [192. mál]

um náttúruverndaráætlun 2009–2013.

(Lögð fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

Alþingi ályktar, með vísan til 65. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, að á næstu fimm árum skuli unnið að friðlýsingu 13 svæða til þess að stuðla að traustri verndun íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Tilgangurinn er að koma upp neti verndarsvæða til þess að tryggja verndun landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni, þess sem sérstætt er í náttúru landsins, fágætt eða í hættu og að friða náttúruleg landsvæði til náttúruverndar, vísindarannsókna, vöktunar og útivistar.

Eftirtalin svæði og tegundir lífvera verði á náttúruverndaráætlun 2009–2013:

I. Plöntusvæði.
a. Snæfjallaströnd – Kaldalón.
b. Eyjólfsstaðaskógur.
c. Egilsstaðaskógur og Egilsstaðaklettar.
d. Gerpissvæðið.
e. Skóglendi við Hoffell (verður hluti af Vatnajökulsþjóðgarði).
f. Steinadalur í Suðursveit (verður hluti af Vatnajökulsþjóðgarði).

II. Dýrasvæði.
a. Undirhlíðar í Nesjum.
b. Tjarnir á Innri-Hálsum í Berufirði.
c. Hvannstóð undir Reynisfjalli.

III. Vistgerðir á hálendinu.
Tvær vistgerðir á hálendinu verði friðaðar, rústamýravist og breiskjuhraunavist. Vernd þeirra verði m.a. tryggð með því að friðlýsa eftirtalin svæði:
a. Orravatnsrústir,
b. stærra friðland í Þjórsárverum,
c. svæði í Skaftártungum og á Síðuafrétti (sem verða hluti af Vatnajökulsþjóðgarði).

IV. Jarðfræðisvæði.
a. Langisjór og nágrenni (verður hluti af Vatnajökulsþjóðgarði).

V. Tegundir plantna og dýra:
Friðlýstar verði:
a. 24 tegundir háplantna,
b. 45 tegundir mosa,
c. 90 tegundir fléttna,
d. þrjár tegundir hryggleysingja verði friðlýstar: tröllasmiður, tjarnarklukka og brekkubobbi.

Svæði sem eru á fyrstu náttúruverndaráætlun og unnið verður með áfram:
Áfram verði unnið að friðlýsingu svæða sem eru á fyrri náttúruverndaráætlun og ekki hefur verið hrundið í framkvæmd enn. Staða friðlýsingarferlis þessara svæða er mjög misjöfn, en reynt verður að friðlýsa sem flest á tímabilinu.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Inngangur.
Tillaga þessi hefur verið unnin á grundvelli 65. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, en þar er kveðið á um að umhverfisráðherra skuli láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið á fimm ára fresti og leggja hana fyrir Alþingi. Í náttúruverndaráætlun skulu, í samræmi við 66. gr. náttúruverndarlaga, vera sem gleggstar upplýsingar um náttúruminjar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi sem ástæða þykir til þess að friðlýsa. Í lögunum er kveðið á um að náttúruverndaráætlun skuli taka til helstu tegunda vistgerða og vistkerfa, svo og jarðmyndana hér á landi, m.a. með tilliti til menningarlegrar og

sögulegrar arfleifðar, nauðsynjar á endurheimt búsvæða, nýtingar mannsins á náttúrunni og ósnortinna víðerna. Miða skal við að svæði á náttúruverndaráætlun hýsi sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu, séu óvenjutegundarík eða viðkvæm fyrir raski ellegar séu nauðsynleg til viðhalds sterkra stofna mikilvægra tegunda. Jafnframt skal þess gætt að svæðin hafi verulegt vísinda-, félags-, efnahags-, eða menningarlegt gildi, séu mikilvæg fyrir viðhald náttúrulegra þróunarferla, hafi alþjóðlegt náttúruverndargildi eða séu einkennandi fyrir náttúrufar viðkomandi landshluta.

Tilgangurinn með vinnslu náttúruverndaráætlunar er að koma upp neti friðlýstra svæða sem tryggi verndun lífríkis og jarðminja sem þarfnast verndar. Í því felst m.a. að setja fram áætlun um friðlýsingar til fimm ára í senn sem lögð er fyrir Alþingi í samræmi við ákvæði 65. og 66. gr. náttúruverndarlaga. Sú náttúruverndaráætlun sem hér er kynnt er önnur áætlunin sem unnin er frá gildistöku endurskoðaðra náttúruverndarlaga árið 1999 og nær til fimm ára tímabils frá 2009–2013. Gildistíma og framkvæmd fyrstu náttúruverndaráætlunar 2004–2008 lýkur um áramót. Búið er að friðlýsa eitt svæði, Guðlaugstungur, samkvæmt henni og tvö svæði til viðbótar verða væntanlega friðlýst fyrir lok árs 2008, þ.e. Vatnshornsskógur og búsvæðavernd fugla í Heimaey og úteyjum Vestmannaeyja. Vinnu og undirbúningi við friðlýsingu annarra þriggja svæða er vel á veg komin. Vinna við fjögur svæði á gildandi áætlun, þ.e. Öxarfjörð, Flateyjardal, Skeiðarársand og Geysi, auk hluta af svæðum á Reykjanesskaganum, hefur hins vegar verið í biðstöðu.

Hér er fjallað um áherslur í náttúruvernd, einkum hvað varðar friðlýsingar tegunda, búsvæða og vistgerða, hér á landi og stefnu í náttúruvernd á alþjóðlegum vettvangi. Þá verður gerð grein fyrir stöðu og framkvæmd fyrstu náttúruverndaráætlunarinnar, undirbúning og vinnslu nýrrar náttúruverndaráætlunar fyrir tímabilið 2009–2013, tillögur um verndun 13 svæða og forsendur fyrir vali þessara svæða, auk tillagna um friðlýsingu fjölda tegunda plantna og dýra. Í viðauka fylgja jafnframt ítarlegri upplýsingar um hvert svæði fyrir sig og þær tegundir og vistgerðir sem áætlað er að vinna með við framkvæmd náttúruverndaráætlunar næstu fimm árin.

Umhverfisráðherra skipaði starfshóp í júlí 2007 til þess að vinna að undirbúningi nýrrar náttúruverndaráætlunar fyrir árin 2009–2013. Starfshópinn skipuðu forstjórar Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar, þau Jón Gunnar Ottósson og Ellý Katrín Guðmundsdóttir, síðan tók Kristín Linda Árnadóttir hennar sæti, og Sigurður Ármann Þráinsson, umhverfisráðuneytinu, sem var formaður starfshópsins. Auk þeirra störfuðu Snorri Baldursson og María Harðardóttir, starfsmenn Náttúrufræðistofnunar Íslands, og Guðríður Þorvarðardóttir og Hjalti J. Guðmundsson, starfsmenn Umhverfisstofnunar, með samráðshópnum. Í skipunarbréfi hópsins segir: „Við gerð áætlunarinnar verði lögð áhersla á að bæta framkvæmd og eftirlit með þegar friðlýstum svæðum, friðlýsingu á miðhálendi Íslands, svo sem Þjórsárvera og jaðarsvæða Vatnajökulsþjóðgarðs, auk ákveðinna viðkvæmra svæða og náttúrufyrirbæra í hafinu umhverfis Ísland.“ Við gerð áætlunarinnar skyldi starfshópurinn taka mið af fenginni reynslu af gildandi náttúruverndaráætlun 2004 –2008.

Á umhverfisþingi í október árið 2007 var undirbúningur áætlunarinnar kynntur og farið yfir hugmyndir og áherslur sem ætlunin var að leggja til grundvallar við vinnslu hennar. Gerð var grein fyrir því að áhersla yrði lögð á friðlýsingu tegunda háplantna, fléttna og mosa sem teljast vera í hættu og eru á endurskoðuðum válista Náttúrufræðistofnunar Íslands og á friðun plöntusvæða sem mikilvæg eru til styrkingar tegundafriðlýsingum, m.a. í þeim tilgangi að fullnægja alþjóðlegum skuldbindingum, bæði samnings um líffræðilega fjölbreytni og Bernarsamningsins um vernd villtra dýra og plantna og lífsvæða í Evrópu og myndun nets verndarsvæða til verndunar tegundum og vistgerðum. Á umhverfisþingi kom jafnframt fram að áhersla yrði

lögð á friðun hafsvæða og tegunda í hafinu sem teljast vera í hættu, svo sem steinkórals (*Lophelia pertusa*) og annarra kóraltegunda, stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, mat á útbreiðslu og friðlýsingu sérstæðra og sjaldgæfra vistgerða á hálendinu, jaðarsvæða Vatnajökulsþjóðgarðs og mikilvægra eða sérstæðra jarðmyndana sem ástæða þykir til að friðlýsa.

Á þinginu komu fram ábendingar þingfulltrúa um að við undirbúning náttúruverndaráætlunar væri mikilvægt að huga að eftirfarandi svæðum: Langasjó, Jökulsá á Fjöllum, Torfajökulssvæðinu, Brennisteinsfjöllum, Grændal, Jökulsánum í Skagafirði, Þjórsárverum (m.t.t. stækkunar), Hofsjökli, Kverká, og að sérstaklega þurfi að huga að landslagi og votlendissvæðum.

Starfshópurinn ásamt starfsmönnum ofangreindra stofnana hafa haft veg og vanda að því að vinna tillögur að náttúruverndaráætluninni. Þessi vinna hefur tekið lengri tíma en áætlað var og hefur leitt til þess að ekki var svigrúm til þess að fara með tillögur að áætluninni í almennt kynningar- og athugasemdaferli, eins og kynnt hafði verið m.a. á umhverfisþingi í október 2007. Áætlunin er byggð á sömu hugmyndafræði og aðferðafræði og notuð var við undirbúning fyrstu áætlunarinnar þ.e. skipulegri greiningu á tiltækum upplýsingum í gagnagrunnum Náttúrufræðistofnunar Íslands um tegundir, vistgerðir og jarðfræði landsins í þeim tilgangi að þróa áfram net verndarsvæða sem tryggi verndun líffræðilegrar fjölbreytni landsins og annarra náttúruminja. Stuðst hefur verið við þau gögn sem unnin voru við undirbúning fyrri náttúruverndaráætlunar, svo sem tillögur Umhverfisstofnunar sem kynntar voru árið 2003 og tvær skýrslur Náttúrufræðistofnunar Íslands frá árinu 2002, annars vegar *Verndun tegunda og svæða* sem tekur til lífríkis og vistgerða og hins vegar *Verndun jarðminja á Íslandi* sem unnin var í samvinnu við Umhverfisstofnun. Áherslur í vali svæða eru hins vegar aðrar. Í náttúruverndaráætlun 2004–2008 var áhersla lögð á tegundir fugla sem eru í hættu auk nokkurra plöntusvæða. Nú er megináhersla lögð á tegundir lífvera, bæði plantna og dýra, í hættu, friðun ákveðinna svæða þar sem þær tegundir sem eru í mestri hættu finnast og fágætar og verðmætar vistgerðir á hálendinu.

Hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands við undirbúning áætlunarinnar hefur verið að fara kerfisbundið yfir og meta upplýsingar í gagnagrunnum stofnunarinnar og aðrar aðgengilegar upplýsingar um tegundir, vistgerðir, jarðmyndanir og önnur náttúrufyrirbæri og leggja mat á verndargildi þeirra í náttúru Íslands. Sérstaklega eru hafðar í huga sjaldgæfar tegundir, tegundir á válista og ábyrgðartegundir og tegundir sem falla undir alþjóðlega samninga. Í samræmi við markmið samningsins um líffræðilega fjölbeytni, evrópsku áætlunina um plöntuvernd og evrópsku áætlunina um vernd hryggleysingja er áhersla lögð á verndun plantna og búsvæði þeirra sem og nokkrar tegundir dýra og vistgerða sem eru sjaldgæfar og teljast vera í sérstakri hættu. Eldri tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands um friðlýsingu plöntutegunda voru endurskoðaðar og endurmetnar í ljósi betri og meiri upplýsinga um magn og dreifingu þeirra hér á landi.

Umfangsmesta verkefni Umhverfisstofnunar við undirbúning þessarar náttúruverndaráætlunar tengist framkvæmd gildandi áætlunar og samantekt upplýsinga um framgang og stöðu hennar í þeim tilgangi að meta reynsluna og taka mið af henni við gerð þessarar áætlunar. Jafnframt þurfti að taka saman upplýsingar um ástand friðlýstra svæða og vinna tillögur um hvernig best megi bæta framkvæmd og eftirlit með þegar friðlýstum svæðum. Jafnframt vann Umhverfisstofnun greiningu á hugsanlegum hagsmunaárekstrum á þeim svæðum sem komu helst til greina í nýja náttúruverndaráætlun og teknar voru saman upplýsingar um landeigendur á svæðunum og til hvaða sveitarfélaga þau heyrðu.

Í náttúruverndaráætlun 2009–2013 er lagt til að næstu fimm árin verði unnið að friðlýsingu 13 svæða á landinu og að 24 tegundir háplantna, 45 tegundir mosa, 90 tegundir fléttna, þrjár

tegundir hryggleysingja og tvær vistgerðir verði friðlýstar í þeim tilgangi að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni og að halda áfram uppbyggingu nets verndarsvæða sem tryggi verndun tegunda, vistgerða og vistkerfa sem eru í hættu og þarfnast verndar. Þessar áherslur eru í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd um vinnslu náttúruverndaráætlunar sbr. 66. gr. laganna. Jafnframt er verið að vinna að framkvæmd stefnu og markmiða samningsins um líffræðilega fjölbreytni um að stöðva eyðingu líffræðilegrar fjölbreytni árið 2010 á landi og 2012 í höfunum og mynda net verndarsvæða í þeim tilgangi.

Markmið og hlutverk náttúruverndaráætlunar.

Markmiðið með undirbúningi náttúruverndaráætlunar til fimm ára í senn er að móta stefnu í náttúruvernd og friðlýsingum mikilvægra náttúruminja. Um leið verður verndun náttúru Íslands markvissari, markaðar eru skýrar áherslur fyrir val svæða til friðunar og við undirbúning hennar er meðal annars tekið mið af alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að og áherslum og skuldbindingum sem þeim fylgja, m.a. um að koma á fót skipulegu neti verndarsvæða sem tryggi verndun líffræðilegrar fjölbreytni, auk þess sem tekið er mið af stefnumótun og straumum í náttúruvernd á alþjóðlegum vettvangi. Einn mikilvægasti þátturinn í vinnslu og samþykkt náttúruverndaráætlunar er sú kynning og umfjöllum um áætlunina og tillögur hennar sem fram fer á Alþingi.

Með náttúruverndaráætlun 2004–2008 var stigið fyrsta skipulega skrefið í þá átt að koma upp neti verndarsvæða hér á landi sem byggist annars vegar á vísindalegum gagnagrunnum um náttúru landsins og hins vegar á faglegu mati á verndargildi þeirra. Í náttúruverndaráætlun 2009–2013 er haldið áfram við uppbyggingu nets verndarsvæða, en nú með höfuðáherslu á plöntur og plöntusvæði auk þess sem áhersla er lögð á sjaldgæfar vistgerðir á hálendinu og nokkrar tegundir hryggleysingja sem hafa mjög takmarkaða útbreiðslu á landinu. Þetta er í fullu samræmi við þær áherslur sem lagðar hafa verið í alþjóðlegu náttúruverndarstarfi undanfarið. Aðildarríki samningsins um líffræðilega fjölbreytni hafa samþykkt viðamikla stefnu um verndun plantna í heiminum þar sem hvatt er til þess að ríkin setji sér stefnu í verndun plantna í samræmi við 2010 markmiðin um að stöðva rýrnun líffræðilegrar fjölbreytni og í samræmi við þúsaldarmarkmiðin. Í samningnum er lögð rík áhersla á hversu mikilvægur þáttur í verndun náttúrunnar og líffræðilegrar fjölbreytni felst í uppbyggingu nets verndarsvæða. Það miðar að verndun tegunda, erfðabreytileika þeirra, vistgerða og vistkerfa, enda hafa verið samþykkt skýr töluleg markmið um verndun vistkerfa einstakra ríkja, svæða og fyrir heiminn í heild, bæði á þurrlendi og í höfunum.

Á vettvangi Bernarsamningsins hefur jafnframt verið samþykkt evrópsk áætlun um plöntuvernd fyrir 2008–2014 þar sem aðildarríki samningsins skuldbinda sig til þess að vinna að verndun plöntutegunda sem falla undir samninginn og taldar eru í hættu. Í áætluninni eru töluleg markmið um verndun tegunda og mikilvægra svæða. Hluti af þessari áætlun er að tryggja verndun búsvæða viðkomandi plantna og byggjast tillögur í nýrri náttúruverndaráætlun meðal annars á þessum ákvæðum. Einnig hefur sambærileg evrópsk áætlun um vernd hryggleysingja verið samþykkt á vettvangi samningsins.

Á grundvelli samþykkta þessara samninga og skuldbindinga Íslands gagnvart þeim hefur Náttúrufræðistofnun Íslands unnið að því undanfarin ár að safna kerfisbundið upplýsingum um sjaldgæfar plöntutegundir og hefur m.a. kortlagt og lagt mat á útbreiðslu og magn plöntutegunda sem eru á válistum. Í kjölfarið var gefin út skýrsla um þessar rannsóknir, *Vöktun válistaplantna 2002–2006*. Nýverið var svo válisti stofnunarinnar fyrir plöntur endurmetinn á grundvelli nýrri og betri vitneskju og breytt í kjölfarið. Þær tillögur sem settar eru fram í nýrri náttúruverndaráætlun byggjast að verulegu leyti á þessari vinnu sérfræðinga Náttúrufræði-

stofnunar Íslands. Loks ber að nefna í þessu samhengi nýútgefið *Íslenskt plöntutal. Blómplöntur og byrkningar* þar sem stofnunin birtir skrá yfir allar hinar 489 tegundir háplantna sem taldar eru til hinnar villtu íslensku flóru.

Friðlýst svæði.

Fjöldi svæða sem friðlýst hafa verið á grundvelli náttúruverndarlaga eða með sérlögum til náttúruverndar á landinu er nú 96 og er flatarmál þeirra um 19.500 km^2, sem samsvarar tæplega 20% af flatarmáli Íslands, en um 25 þeirra eru eyjar, strand- og sjávarsvæði, samtals um 90.000 ha. 19 þessara svæða, samtals rúmlega 900 ha, eru í þéttbýli og flest, eða 53, eru utan þéttbýlis og ná yfir tæpa 1.600.000 ha. Frá því að náttúruverndaráætlun 2004–2008 var samþykkt á Alþingi árið 2003 hefur friðlýstum svæðum fjölgað um sex. Vatnajökulsþjóðgarður var formlega stofnaður með reglugerð í júní 2008, en við það fækkaði friðlýstum svæðum hins vegar um eitt svæði þar sem bæði Skaftafellsþjóðgarður og þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum sameinuðust honum. Eitt þessara nýju svæða er á náttúruverndaráætlun 2004–2008, en það eru Guðlaugstungur – Álfgeirstungur sem friðlýstar voru árið 2005. Auk þess hafa verið friðlýstir þrír fólkvangar: Hraun í Öxnadal, Krossanesborgir og Einkunnir, eitt náttúruvætti, þ.e. Arnarnesstrýtur í Eyjafirði og friðland við Vífilsstaðavatn. Auk þess var Surtseyjarfriðland stækkað árið 2006 í tengslum við tilnefningu eyjarinnar á heimsminjalista UNESCO og nær friðlandið nú yfir eyjuna, hafsvæðið og hafsbotninn umhverfis eyjuna, alls um 33.000 ha. Samtals eru þetta tæplega 7.000 km^2, en þar af eru um 6.350 km^2 innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

Þessi 96 friðlýstu svæði skiptast þannig eftir friðlýsingarflokkum (Þingvallaþjóðgarður er flokkaður sem þjóðgarður þótt hann sé friðlýstur með sérlögum):

	Fjöldi	Stærð í ha
Þjóðgarðar	3	1.145.000
Sérlög	3	427.000
Náttúruvætti	35	29.000
Friðlönd	38	327.000
Fólkvangar	16	42.000
Búsvæði	1	1.744

Auk friðlýstra svæða og náttúruvætta hefur 31 plöntutegund verið friðlýst, sbr. auglýsingu nr. 184/1978, en síðan þá hafa engar breytingar verið gerðar á friðlýsingum plantna þrátt fyrir stóraukna þekkingu á flóru landsins. Jafnframt eru allir dropsteinar í hellum landsins, en til þeirra teljast allar slíkar myndanir í hellum hvort sem þær hanga úr lofti eða standa á gólfi eða veggjum hellanna, þar með friðlýstir, sbr. auglýsingu nr. 120/1974. Bannað er að brjóta eða skemma á annan hátt umræddar myndanir.

Takmarkaðar upplýsingar eru til um náttúrufar friðlýstra svæða þrátt fyrir að tveir þriðju hlutar þeirra hafi verið friðlýst í yfir 20 ár. Það er því ákveðnum vandkvæðum háð að leggja vísindalegt mat á gildi þeirra fyrir verndun líffræðilegrar fjölbreytni landsins og kerfisbundna uppbyggingu á neti verndarsvæða í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Mikilvægt er að hægt verði að bæta úr þessum þekkingarskorti í tengslum við undirbúning náttúruverndaráætlunar fyrir árin 2014–2018.

Náttúruverndaráætlun 2009–2013, friðlýsing 13 svæða og forsendur.

Náttúruverndaráætlun 2009–2013 er unnin út frá vísindalegum gagnagrunnum Náttúrufræðistofnunar Íslands og er byggð á faglegu mati á því hvaða þættir í náttúru Íslands teljast

verndarþurfi. Áætlunin miðar fyrst og fremst að því að styrkja verndun ákveðinna tegunda plantna og dýra sem taldar eru í útrýmingarhættu og áframhaldandi uppbyggingu heildstæðs nets verndarsvæða á landinu. Eins og að framan greinir hófst skipuleg uppbygging nets verndarsvæða með fyrri áætlun en þá var megináherslan á fuglaverndarsvæði en jafnframt voru tvö mikilvæg plöntusvæði á áætluninni, sem ekki náðist að friðlýsa á gildistíma hennar. Í þessari áætlun er aðaláhersla hins vegar lögð á sjaldgæfar plöntutegundir og tegundir í hættu og áfram verður haldið með uppbyggingu heildstæðs nets verndarsvæða með áherslu á svæði sem skipta máli fyrir verndun plantna og búsvæði þeirra.

Í náttúruverndaráætlun 2009–2013 er lagt til að friðlýst verði þrettán svæði á gildistíma áætlunarinnar. Þau svæði sem lagt er til að verði friðlýst eru:

- Snæfjallaströnd – Kaldalón.
- Eyjólfsstaðaskógur.
- Egilsstaðaskógur og Egilsstaðaklettar.
- Gerpissvæðið.
- Orravatnsrústir.
- Þjórsárver (stækkun verndarsvæðis).
- Fjögur svæði við jaðar Vatnajökulsþjóðgarðs, sem verði sameinuð honum, þ.e. svæði í Skaftártungum og á Síðuafrétti, skóglendi við Hoffellsjökul, Steinadalur í Suðursveit og Langisjór og nágrenni.
- Þrjú verndarsvæði fyrir smádýr/hryggleysingja: Undirhlíðar í Nesjum, hvannstóð undir Reynisfjalli og tjarnasvæði á Innri-Hálsum í Berufirði.

Friðlýsing plöntusvæða.

Í gildandi náttúruverndaráætlun 2004–2008 eru tvö svæði tilgreind sem plöntusvæði en hvorugt þeirra hefur verið friðlýst. Í þessari náttúruverndaráætlun er lagt til að unnið verði að friðlýsingu sex annarra plöntusvæða til viðbótar. Þessi svæði eiga það sameiginlegt að þar vex fjöldi sjaldgæfra háplantna og fléttna sem hafa fáa fundarstaði og í nokkrum tilvikum er um einn eða mjög fáa fundarstaði viðkomandi tegundar að ræða. Snæfjallaströnd – Kaldalón er mikilvægt svæði fyrir sjaldgæfar háplöntur, svo sem dílaburkna, stóraburkna, fjöllaufung, þúsundblaðarós, fjallabláklukku, skollaber og sandmunablóm.

Skógarsvæðin Eyjólfsstaðaskógur og Egilsstaðaskógur eru merkilegust fyrir fjölda sjaldgæfra fléttna sem þrífast sem ásætur á birki þessara svæða. Alls finnast um 25 tegundir sjaldgæfra fléttutegunda á þessum tveimur svæðum og nokkrar þeirra eru á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Auk þess þrífast þarna sjaldgæfar tegundir háplantna eins og ferlaufungur, sjöstjarna og laugamaðra. Á Egilsstaðaklettum er einnig að finna óvenjumikla fjölbreytni fléttna og þar er m.a. annar tveggja fundarstaða tveggja fléttutegunda á landinu.

Á Gerpissvæðinu er sérstætt gróðurfar, en á svæðinu finnast allnokkrar sjaldgæfar háplöntutegundir eins og fjöllaufungur, lensutungljurt, sóldögg, álftalaukur, mýraberjalyng, bjöllulilja, sifjarsóley o.fl. Svæðið er vinsælt til útivistar.

Tvö svæðanna sem friðlýsa á sem hluta af stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs eru fyrst og fremst verndarþurfi vegna gróðurfars og sjaldgæfra plantna, þ.e. skóglendi við Hoffell og Steinadalur í Suðursveit.

Markmið friðlýsingar þessara svæða er að treysta friðun þessara sjaldgæfu tegunda og styðja við friðlýsingar einstakra plöntutegunda.

Friðlýsing vistgerða.

Lagt er til að tvær vistgerðir á hálendi Íslands verði verndaðar, þ.e. *breiskjuhraunavist* og *rústamýravist*. Annars vegar með því að friðlýsa þessar tvær vistgerðir með vísun til 53. gr. náttúruverndarlaga og hins vegar með friðun lykilsvæða þeirra. Alls er um að ræða fjögur svæði þar sem framkvæmdir og athafnir sem leitt geta til röskunar á umræddum vistgerðum yrðu bannaðar og eru þrjú þeirra þegar friðuð að hluta með einhverjum hætti. Breyta þarf mörkum og stækka sum svæðin til að ná tilætluðum markmiðum um verndun lykilsvæða.

Breiskjuhraunavist hefur ekki verið lýst utan Íslands og óvíst er hvort hana sé að finna annars staðar. Hér hefur hún einungis fundist á miðhálendi landsins, ofarlega í vestari álmu Skaftáreldahrauns og er þar útbreidd og áberandi. Lagt er til að verndarstaða vistgerðarinnar innan núverandi marka Vatnajökulsþjóðgarðs verði styrkt og verndarsvæðið stækkað nokkuð, en mikið er um breiskjuhraunavist í þeim hluta þjóðgarðsins sem tilheyrði áður friðlandi umhverfis Lakagíga.

Tillaga er gerð um að friðlöndin í Þjórsárverum og Guðlaugstungum verði stækkuð til þess að auka friðun rústamýravistar. Lagt er til að mörk friðlandsins í Þjórsárverum verði færð út þannig að það nái yfir allt votlendi veranna. Þar með mundu bætast við nokkur rústamýrasvæði sem eru utan friðlandsins auk þess sem ákvæði stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar um verndun hins sérstæða votlendis veranna væru uppfyllt. Jafnframt yrðu friðlýsingarskilmálar styrktir og bann lagt við röskun innan svæðisins. Lagt er til að sambærileg ákvæði verði sett inn í friðlýsingu Guðlaugstungna, þ.e. bann við röskun vistgerða. Mörk friðlands í Guðlaugstungum ná yfir stóran hluta af rústamýrum á því svæði en að svo stöddu eru hér ekki lagðar til breytingar á þeim mörkum. Þegar lokið verður að kortleggja vistgerðir á hálendi Íslands kann að vera tilefni til að endurskoða mörk friðlandsins.

Lagt er til að Orravatnsrústir verði friðaðar en þar er að finna sérstæðasta freðmýrasvæði landsins. Lagt er til að um 90 km^2 svæði umhverfis Orravatnsrústir verði friðað. Þar með yrði meginþorri rústamýra á þessum slóðum innan marka friðlands. Austari-Pollar austan Jökulsár eystri yrðu þó undanskildir. Mörkin mundu ná frá Jökulsá í suðri, þar sem hún sveigir við Illviðrahnjúka, og norður fyrir Reyðarvatn. Í vestri mundu mörkin teygjast eftir vatnaskilum norður um Bleikáluháls og í austri sömuleiðis fylgja vatnaskilum rústamýrasvæðisins við Orravatn. Verndarákvæði væru hliðstæð þeim sem gilda munu um Þjórsárver og Guðlaugstungur.

Nánari grein er gerð fyrir þessum vistgerðum, *breiskjuhraunavist* og *rústamýravist*, í viðauka þar sem fjallað er um útbreiðslu þeirra, einkenni og verndargildi.

Samkvæmt ákvæðum 53. gr. laga um náttúruvernd er heimilt að friðlýsa vistgerðir almennt á landsvísu, auk svæðisbundinna friðlýsinga eins og hér er lagt til. Slík friðun vistgerða væri sambærileg við friðun tegunda plantna og dýra. Unnið verður að reglugerð eða auglýsingu með ákvæðum um almenna vernd *breiskjuhraunavistar* og *rústamýravistar* á hálendi Íslands.

Jarðfræðisvæði.

Lagt er til að Langisjór og nánasta umhverfi hans verði friðlýst og fellt inn í Vatnajökulsþjóðgarð. Langir móbergshryggir úr basalti, myndaðir við sprungugos undir jökli, einkenna svæðið. Eldgjársprungan liggur um svæðið austanvert, en hún er 60 km löng og er lengsta gígaröð sem gosið hefur á landinu á sögulegum tíma. Langisjór og umhverfi hans er þekkt fyrir náttúrufegurð þar sem dökkbrúnt móbergið ásamt svörtum vikrinum frá Veiðivatnagosinu 1477 kallast á við tært fjallavatnið og mosagróður í fjallahlíðum. Á svæðinu er einstakt samspil jarðelds og jökla við mótun landsins.

Tegundafriðun – plöntutegundir.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að tegundir sjaldgæfra plantna sem tilgreindar eru á nýendurskoðuðum válista stofnunarinnar verði friðlýstar. Ráðuneytið telur mikilvægt, í ljósi stöðu þessara tegunda hér á landi og í ljósi alþjóðlegra skuldbindinga og áherslna um plöntuverndun, rétt að friðlýsa þessar tegundir, en um er að ræða 25 háplöntur, 45 mosa og 90 fléttutegundir. Til stuðnings tegundaverndun er síðan lagt til að unnið verði að friðlýsingu mikilvægra plöntusvæða eins og að framan er getið. Með því styrkist friðun fjölda tegunda plantna, ekki aðeins ákveðinna lykiltegunda sem mikilvægastar eru á viðkomandi svæðum heldur jafnframt fjöldi annarra tegunda með takmarkaða útbreiðslu og þekju. Þessi friðun byggist á þeirri vinnu sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur verið að vinna m.a. til þess að framfylgja alþjóðlegum skuldbindingum Íslands.

Plöntutegundir hafa ekki verið friðlýstar á Íslandi í um 30 ár, en með auglýsingu nr. 184/1978 var 31 tegund háplantna friðlýst. Í reglugerð eða auglýsingu um friðun nýrra tegunda verða nánar útfærðar reglur um vernd þeirra. Náttúrufræðistofnun hefur vaktað þessar plöntur og vaxtarstaði þeirra ásamt öðrum plöntutegundum sem eru á válista sem stofnunin hefur tekið saman og verður áfram unnið að slíkri vöktun eftir friðlýsingu þeirra í samvinnu við náttúrustofur. Skoða þarf síðan hugsanlega svæðavernd til að styrkja tegundafriðun við vinnslu Náttúruverndaráætlunar 2014–2018.

Dýrategundir – tegundafriðun.

Hér er í fyrsta skipti lagt til að dýrategundir verði friðaðar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Nú eru tegundir fugla og spendýra friðaðar allt árið eða hluta af árinu með lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og hagamýs eru friðaðar utan húss samkvæmt sömu lögum. Hér er lagt til að tvær tegundir skordýra verði friðlýstar, en það eru tröllasmiður og tjarnarklukka, og ein tegund lindýrs, þ.e. snigillinn brekkubobbi. Allar þessar tegundir hafa takmarkaða útbreiðslu á suðurhluta landsins og eru sjaldgæfar. Það er því talin ástæða til þess að friða tegundirnar og vernda búsvæði þeirra með því að friðlýsa búsvæði tjarnarklukku í tjörnum á Innri-Hálsum í Berufirði, búsvæði tröllasmiðs í Undirhlíðum í Nesjum og búsvæði brekkubobba í hvannstóði undir Reynisfjalli.

Framkvæmd náttúruverndaráætlunar 2009–2013.

Undirbúningur friðlýsinga er í höndum Umhverfisstofnunar sem ber að gera drög að friðlýsingu og leggja fyrir landeigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta, sbr. 58. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999. Með drögum að friðlýsingu er m.a. átt við afmörkun viðkomandi svæða nákvæmar en gert er í náttúruverndaráætlun og nánari skilgreiningu markmiða og skilmála friðlýsingarinnar og vinna tillögur um reglur svæðisins.

Til þess að tryggja sem best samræmi á þessu stigi við grunnvinnu um upplýsingar um náttúrufar á svæðinu er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun hafi náið samstarf við Náttúrufræðistofnun Íslands um afmörkun og verndun landsvæða og um friðlýsingarskilmála sem fullnægi markmiðum og tilgangi friðlýsingarinnar. Reynslan sýnir að það er afar mikilvægt að markmið friðlýsingar, afmörkun svæðis og friðlýsingarskilmálar sem fela í sér kvaðir eða takmarkanir á athöfnum manna séu alveg skýr þegar rætt er við landeigendur og aðra hagsmunaaðila. Við undirbúning náttúruverndaráætlunar 2009–2013 var áhersla þess vegna lögð á þessi atriði eins og fram kemur í svæðalýsingum í viðauka.

Vinna við friðlýsingu svæða sem eru á náttúruverndaráætlun 2009–2013 mun krefjast samvinnu og samráðs við landeigendur, sveitarstjórnir og ýmsa aðra hagsmunaaðila. Við framkvæmd náttúruverndaráætlunar verður lögð áhersla á kynningu og samráð eins snemma í ferl-

inu og hægt er og að þeir sem teljast hafa sérstakra hagsmuna að gæta verði skilgreindir eins fljótt og auðið er. Þessari aðferðafræði er ætlað að stuðla að aðkomu hagsmunaaðila snemma í friðlýsingarferlinu og auka þannig líkur á að sátt náist um friðlýsingu, sem er grunnurinn að því að friðlýsingin nái þeim markmiðum sem að er stefnt.

Umhverfisstofnun mun ræða við landeigendur og aðra hagsmunaaðila um drög að friðlýsingum eftir því sem við á og óska eftir ábendingum og sjónarmiðum þeirra. Á grunni athugasemda og viðræðna verða friðlýsingarákvæði ákveðin. Drög að reglugerð verður síðan kynnt fyrir landeigendum, sveitarstjórnum og öðrum hagsmunaaðilum og þeim gefinn kostur á að gera frekari athugasemdir. Náist samkomulag um friðlýsingu svæðis við þá aðila sem hagsmuna hafa að gæta er málinu vísað til umhverfisráðherra til frekari ákvörðunar. Ef samkomulag næst ekki um friðlýsingu skal skv. 1. mgr. 59. gr. náttúruverndarlaga vísa málinu til meðferðar umhverfisráðherra sem ber að gæta þeirrar málsmeðferðar sem lýst er í 59. gr. laganna.

Framkvæmd fyrstu náttúruverndaráætlunarinnar hefur verið með töluvert öðrum hætti en ráð var fyrir gert, eins og ítarlega er gerð grein fyrir hér á eftir. Aðeins hefur tekist að friðlýsa eitt af fjórtán fyrirhuguðum svæðum, þótt vinna við fjölmörg önnur svæði sé langt komin. Á hinn bóginn hafa önnur svæði verið friðlýst að frumkvæði sveitarfélaga og mikil vinna lögð í hið stóra verkefni að stofna Vatnajökulsþjóðgarð. Þessi reynsla sýnir að vinna þarf markvissar að þeirri stefnumörkun sem sett er fram í þingsályktunartillögum um náttúruverndaráætlun, en einnig að nauðsynlegt er að skoða framkvæmdina reglulega út frá viðræðum við landeigendur og sveitarfélög og hugsanlegum breyttum forsendum. Hvað slíkt varðar má nefna að væntanlega munu koma fram tillögur um friðlýsingar, sem munu byggjast á væntanlegum niðurstöðum rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða.

Umhverfisráðherra bryddaði upp á þeirri nýjung á þessu ári að flytja Alþingi skýrslu um umhverfismál, sem ætlunin er að gera árlega hér eftir. Þar verður greint frá framkvæmd náttúruverndaráætlunar þannig að þingið fái upplýsingar um hvernig gengur að fylgja þingsályktunartillögunni eftir.

Umhverfisráðherra hyggst einnig undirbúa VI. umhverfisþing, sem haldið verður í október 2009, með því að funda með sveitarstjórnum víða um land. Á þeim fundum gefst tækifæri til þess að ræða m.a. náttúruverndaráætlun og svæðisbundna náttúruvernd á hverjum stað, í viðbót við samráðsferli Umhverfisstofnunar við undirbúningu friðlýsingar.

Mikilvægt er að náttúruverndaráætlun hvíli á skýrum faglegum grunni hvað varðar þekkingu á náttúrunni og mat á verndargildi hennar. Fyrir fyrstu náttúruverndaráætlun var lagður góður aðferðafræðilegur grunnur, sem er enn í gildi. Þó liggur fyrir að bæði þekking á náttúrunni eykst og mat á verndargildi þróast, eins og er t.d. raunin hvað varðar mat á verndargildi háhitasvæða í rammaáætlun. Náttúruverndaráætlun verður að taka mið af þessu á hverjum tíma og greina frá breytingum á viðmiðum og þekkingargrunni. Framkvæmd náttúruverndaráætlunar og friðlýsing einstakra svæða er svo háð ýmsum þáttum, svo sem vilja heimamanna og landeigenda á hverjum stað, skipulagsáætlunum sveitarfélaga og hvaða kvaðir fylgja friðlýsingum, sem getur verið mjög mismunandi eftir svæðum. Ákveðinn sveigjanleiki verður að vera í framkvæmd friðlýsinga, en ekki má hvika frá þeirri grunnhugsun í náttúruverndaráætlun að setja upp net verndarsvæða út frá vísindalegum forsendum og faglegu mati.

Eitt af því sem þarf að huga að í tengslum við friðlýsingu er vöktun og eftirlit á viðkomandi svæðum. Umhverfisstofnun er ábyrg fyrir eftirliti og landvörslu á flestum svæðum, en landvarsla fer þó að langmestu leyti fram á nokkrum svæðum þar sem umferð ferðamanna er mikil. Öðrum svæðum er lítið eða jafnvel ekkert sinnt. Umhverfisstofnun hefur í tilraunaskyni staðið fyrir landshlutalandvörslu á Vesturlandi, sem hefur gefist vel. Skoða þarf hvort skilja eigi á milli reksturs friðaðra svæða, svo sem þjónustu við ferðamenn og viðhald bygginga, og vökt-

un þeirra m.t.t. mats á árangri við að ná markmiðum friðlýsinga, t.d. með mati á ástandi lykiltegunda sem ætlunin er að vernda.

Ekki er gert ráð fyrir neinni tiltekinni friðlýsingu í hafinu á tímabilinu. Svæðafriðun í hafi er tiltölulega ný af nálinni og hefur hér á landi verið beitt við friðun á tveimur hverastrýtum í Eyjafirði á grundvelli náttúruverndarlaga og við lokun sjávarútvegsráðherra á fimm kórallasvæðum fyrir veiðum. Einnig hafa nokkur strandsvæði og eyjar verið friðlýst, svo sem Surtsey og Breiðafjörður (samkvæmt sérstökum lögum). Umfangsmiklu samvinnuverkefni, Botndýr á Íslandsmiðum (BioIce) sem umhverfisráðuneytið setti á laggirnar árið 1992 og miðar að því að skrásetja og kortleggja tegundir botnlægra hryggleysingja innan íslenskrar efnahagslögsögu, lýkur formlega árið 2009. Verkefnið hefur aukið verulega þekkingu manna á lífverum og vistkerfi hafsbotnsins. Í stefnumörkun um líffræðilega fjölbreytni, sem ríkisstjórnin samþykkti í ágúst 2008, er að finna ákvæði um að áfram verði unnið að friðun svæða í hafi, auk tillagna nefndar um friðun viðkvæmra hafsvæða við Ísland. Ljóst er að umræða um friðun svæða í hafinu er mikil og vaxandi innan alþjóðasamninga um umhverfisvernd og fiskveiðistjórnun.

Náttúruverndaráætlun 2014–2018.

Samkvæmt náttúruverndarlögum skal umhverfisráðherra leggja náttúruverndaráætlun fyrir Alþingi eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Undirbúningur og vinna við nýja náttúruverndaráætlun þarf að vera stöðugt í gangi og í stöðugri þróun hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun samhliða framkvæmd náttúruverndaráætlunar, m.a. í ljósi nýrra rannsókna og upplýsinga um náttúru landsins. Einnig þarf að gera ítarlega athugun á náttúrufari þegar friðlýstra svæða, en eins og komið hefur fram hér á undan hafa takmarkaðar athuganir farið fram á þeim. Fara þarf skipulega yfir þessi svæði og leggja mat á náttúrufar og gildi þeirra og þýðingu í neti verndarsvæða til verndunar líffræðilegri fjölbreytni og náttúru landsins, m.a. út frá tegundum, búsvæðum, vistgerðum og vistkerfum sem og jarðfræði, landslagi, menningu og fyrir útivist. Þetta þarf að gera skipulega og beita viðurkenndum aðferðum eins og skortgreiningu (Gap Analysis), sbr. þau vinnubrögð sem mótuð hafa verið á vettvangi samningsins um líffræðilega fjölbreytni. Í fyrsta kastinu mætti framkvæma slíka greiningu á grundvelli fyrirliggjandi gagna í gagnagrunnum án þess að leggja út í umfangsmiklar rannsóknir á svæðunum sjálfum. Óhjákvæmilegt væri samt sem áður að einhverjar rannsóknir fylgdu í kjölfar frumgreiningar þeirra takmörkuðu upplýsinga sem fyrir hendi eru um þessi svæði. Mikilvægt er að hefja þessa vinnu sem fyrst m.a. með hliðsjón af 2010 og 2012 markmiðunum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og myndun nets verndarsvæða á landi og í sjó. Einnig með aðild að náttúruverndarneti Evrópu, *Emerald Network*, að leiðarljósi, en vinna við það er hafin hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Miðað við áherslur í þessum fyrstu tveimur náttúruverndaráætlunum er ljóst að leggja þarf áherslu á þá þætti sem hingað til hafa orðið útundan í undirbúningi áætlananna og við friðlýsingar hingað til. Friðlýsingum í hafi hefur lítið verið sinnt þrátt fyrir 2012 markmiðin og þrátt fyrir að skýrar vísbendingar um að stór svæði í hafinu umhverfis landið hafi látið á sjá og gengið hafi verið á ákveðin búsvæði og vistkerfi í hafinu. Þá er mikilvægt að leggja mat á mikilvægi háhitasvæða fyrir líffræðilega fjölbreytni landsins og vinna að friðlýsingu mikilvægustu háhitasvæða landsins sem fyrst og jafnvel strax í kjölfar þess að niðurstöður liggja fyrir úr athugunum Náttúrufræðistofnunar Íslands í tengslum við undirbúning að öðrum áfanga rammaáætlunar og eigi síðar en við lok á því verkefni haustið 2009. Í tillögum að náttúruverndaráætlun 2009–2013 er farið inn á nýja braut með tillögum um friðun vistgerða á hálendinu. Eðlilegt er að huga að framhaldi á því með því að skoða fleiri vistgerðir á hálend-

inu og skilgreina og afmarka vistgerðir á láglendi. Slík vinna er mjög mikilvæg fyrir markvissar ákvarðanir er varða náttúruvernd og ekki síður fyrir alla aðra landnýtingu. Tryggja þarf stofnunum ráðuneytisins á þessu sviði fjármagn til þess að vinna að undirbúningi nýrrar náttúruverndaráætlunar fyrir tímabilið 2014–2018 samhliða framkvæmd þessarar áætlunar. Jafnframt þurfa bæði Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun að vera fjárhagslega í stakk búnar til þess að vinna að framkvæmd þessarar áætlunar með fullnægjandi hætti.

Framkvæmd og staða náttúruverndaráætlunar 2004–2008.

Í náttúruverndaráætlun 2004–2008 var ákveðið að vinna aðallega að þremur stórum verkefnum í náttúruvernd á tímabilinu, þótt þar sé einnig að finna tillögur að friðlýsingum sem ekki tengjast þessum verkefnum, t.d. friðun tveggja plöntusvæða og jarðminja. Alls var stefnt að því að friðlýsa 13 svæði á gildistíma áætlunarinnar og stofna Vatnajökulsþjóðgarð. Meginverkefni áætlunarinnar voru:

1. Að koma upp heildstæðu neti friðaðra fuglasvæða sem hafa verndargildi á alþjóðavísu.
2. Stækkun tveggja þjóðgarða.
3. Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og friðlýsing svæða sem munu tengjast honum.

Umhverfisstofnun hefur haft með höndum framkvæmd náttúruverndaráætlunar 2004–2008 og annast allan undirbúning að friðlýsingu svæðanna enda ber stofnuninni, sbr. 58. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, að gera drög að friðlýsingu og leggja þau fyrir landeigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Með drögum að friðlýsingu er m.a. átt við nákvæmari afmörkun svæðanna en í áætluninni og að skilmálar friðlýsingarinnar séu settir fram. Hluti þeirrar vinnu krefst samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands einkum afmörkun búsvæða tegunda, vistgerða og vistkerfa og ákvörðun um takmarkandi friðlýsingarákvæði á hverju svæði fyrir sig.

Við framkvæmd náttúruverndaráætlunar 2004–2008 hefur Umhverfisstofnun lagt áherslu á að kynning og samráð fari fram eins snemma í ferlinu og hægt er og að þeir aðilar sem teljast hafa sérstakra hagsmuna að gæta verði skilgreindir eins fljótt og auðið er. Stofnunin hefur því í upphafi friðlýsingarferlis boðað til kynningarfunda með landeigendum, sveitarstjórnum, umhverfisráðuneyti og öðrum hagsmunaaðilum til þess að kynna markmið og hugmyndir um friðlýsingu viðkomandi svæðis. Með þessu móti hefur stofnunin viljað stuðla að umræðu um tillögurnar og auka líkur á að sátt náist um friðlýsingu, en það er m.a. grunnurinn að því að friðlýsing nái þeim markmiðum sem að er stefnt. Á grunni athugasemda og viðræðna hefur stofnunin síðan mótað drög að friðlýsingu. Drög að friðlýsingu hafa síðan verið kynnt fyrir landeigendum, sveitarstjórnum og öðrum hagsmunaaðilum og þeim gefinn kostur á að gera frekari athugasemdir. Náist samkomulag milli Umhverfisstofnunar og þessara aðila sendir stofnunin tillögu að friðlýsingu til umhverfisráðuneytisins til frekari ákvörðunar. Samþykki ráðuneytið tillöguna er gengið frá friðlýsingu að fengnu áliti Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Vinna við náttúruverndaráætlun 2004–2008 fór vel af stað. Umhverfisstofnun setti í upphafi fram verkferla sem unnið skyldi eftir við friðlýsingu þeirra svæða sem falla undir náttúruverndaráætlun. Var verkinu skipt upp í þrjá meginverkþætti. Fyrsta stigið var forkönnun, sem var að mestu lokið á árinu 2005, síðan grunngagnaöflun og að lokum þriðja stigið sem felst í gerð samninga og frágangi friðlýsinga. Á forkönnunarstiginu var m.a. kannað eignarhald og helstu landnytjar þar sem stuðst var við gögn Fasteignamats ríkisins og viðkomandi sýslumannsembætta. Annað stig var grunngagnaöflun þar sem m.a. var haft samband við landeigendur og sveitarstjórnir með það í huga að kanna afstöðu þeirra. Í samstarfi við sveitarstjórnir eða náttúrustofur voru haldnir kynningarfundir heima í héraði þar sem mættu fulltrúar ráðuneytisins og Umhverfisstofnunar til þess að kynna áform um friðlýsingu og í sumum tilfellum

fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands til að fjalla um náttúru viðkomandi svæðis. Lokastigið er að ganga frá yfirlýsingu landeigenda og sveitarstjórnar um samkomulag varðandi friðlýsingarskilmála þar sem fram koma reglur sem á svæðinu gilda og hnitsett og kortlögð mörk. Að lokum er tillaga Umhverfisstofnunar að friðlýsingu send ráðherra til ákvörðunar.

Búið er að friða svæðið Guðlaugstungur, en vinna við friðlýsingu nokkurra annarra svæða á náttúruverndaráætlun 2004–2008 er langt komin. Áætlað er að gengið verði frá friðlýsingu svæða sem kennd eru við Vestmannaeyjar og Vatnshornsskóg fyrir lok gildistíma áætlunarinnar. Að mati Umhverfisstofnunar væri unnt að ljúka friðlýsingu svæðanna sem kennd eru við Álftanes–Skerjafjörð, Látrabjarg–Rauðasand og Geysi í Haukadal innan gildistíma náttúruverndaráætlunarinnar. Áhersla er nú lögð á að ljúka við friðlýsingu þeirra svæða sem lengst eru komin í ferlinu með það að markmiði að tvö til fjögur svæði verði friðlýst fyrir árslok 2008.

Í upphafi framkvæmdar áætlunarinnar lá fyrir að umhverfisráðuneytið myndi samhliða vinnu við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs hafa umsjón með þremur svæðum sem tengdust stækkun þjóðgarða þ.e. þeirra sem kennd eru við Öxarfjörð, Jökulsárgljúfur og Skeiðarársand. Þar sem ráðuneytið hefur átt í viðræðum við landeigendur um kaup ríkisins á þeim hluta svæðisins sem er í einkaeigu hefur undirbúningur að friðlýsingu Geysis í Haukadal verið í biðstöðu þar til niðurstaða fæst í því máli.

Hér verður gerð grein fyrir stöðunni í framkvæmd náttúruverndaráætlunar 2004–2008 og hvað gert hefur verið til þess að vinna að friðlýsingu hvers svæðis fyrir sig.

A. Svæði sem hafa verið friðlýst.

Guðlaugstungur – Álfgeirstungur.

Eina hálendissvæðið á náttúruverndaráætlun var friðlýst sbr. auglýsingu nr. 1150/2005. Mikill áhugi var hjá sveitarstjórn Bólstaðarhlíðarhrepps að friðlýsa svæðið. Þar eru mikilvæg varp- og beitilönd heiðagæsar og ein stærstu og fjölbreyttustu rústasvæði utan Þjórsárvera. Svæðið er einnig sérstætt fyrir víðáttumikil heiðalönd og gróskumikið votlendi á hálendi. Friðlýsingarskilmálarnir taka til verndunar dýralífs og gróðurfars og er t.d. óheimilt að fara um varplönd heiðagæsa á varptíma. Að tillögu heimamanna var friðlýst stærra svæði en fyrirhugað var og liggja suðurmörk svæðisins um jaðar Hofsjökuls.

Vatnajökulsþjóðgarður.

Vatnajökulsþjóðgarður var stofnaður á Alþingi með setningu samnefndra laga nr. 60/2007 og reglugerð nr. 608/2008, sem undirrituð var við formlega athöfn 7. júní 2008. Þjóðgarðurinn nær yfir um 12.000 km^2 svæði, eða um 12% af flatarmáli landsins og er þar með stærsti þjóðgarður Evrópu. Landsvæði þjóðgarðsins er einstakt á heimsvísu. Þar er að finna síkvikt samspil jökla og eldvirkni, jökulhlaupa, eldgosa og jarðhita. Jarðfræðileg fjölbreytni á svæðinu er óvenjumikil og innan væntanlegra þjóðgarðsmarka er að finna afar sjaldgæfar landslagsheildir, m.a. ósnortin víðerni.

Vatnajökulsþjóðgarður nær í fyrstu til alls þjóðgarðsins í Skaftafelli, svo og þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum, auk nánast alls Vatnajökuls og helstu áhrifasvæða hans, að vestan, norðan, austan og sunnan. Meðal þeirra eru Tungnafellsjökull, Vonarskarð, Hágönguhraun og Veiðivatnahraun, vestan Vatnajökuls, og Vesturöræfi, Snæfell, Eyjabakkar og hluti Hrauna, norðan Vatnajökuls. Land í Vatnajökulsþjóðgarði verður að mestu í eigu ríkisins, en einnig eru nokkur landsvæði í einkaeigu hluti af þjóðgarðinum. Gert er ráð fyrir að Vatnajökulsþjóðgarður muni stækka frekar á næstu missirum og árum. Viðræður við landeigendur og sveitarfélög um

önnur landsvæði en þau sem nú er ákveðið að verði hluti Vatnajökulsþjóðgarðs við stofnun hafa farið fram.

B. Svæði sem gert er ráð fyrir að verði friðlýst fyrir lok ársins 2008.

Vatnshornsskógur.

Í náttúruverndaráætlun 2004–2008 er lagt til að Klausturskógur í Vatnshornshlíð í Skorradal, alls um 2 km^2 að stærð, verði verndaður. Svæðið sem er í Skorradalshreppi er á náttúruminjaskrá (svæði 238) vegna lítt snortins birkiskógar með hávöxnum trjám og gróskumiklum botngróðri. Drög að auglýsingu ásamt friðlýsingarskilmálum og mörkum hafa verið kynnt Skógrækt ríkisins og fulltrúa Skorradalshrepps. Jörðin Vatnshorn er í eigu sveitarfélagsins og Skógræktar ríkisins. Umhverfisstofnun leitaði álits Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem m.a. hefur bent á að nýverið hafi fundist í skóginum ný fléttutegund, þ.e. birkikræða. Fundað hefur verið með fulltrúum Náttúrufræðistofnunar Íslands og Skógræktar ríkisins, Skorradalshrepps og umhverfisráðuneytisins þar sem farið hefur verið yfir stöðu verkefnisins og friðlýsingarskilmála. Það er mat Umhverfisstofnunar að unnt verði að ganga frá friðlýsingu fyrir árslok 2008.

Vestmannaeyjar.

Í náttúruverndaráætlun 2004–2008 er lagt til að vernda flestar úteyjar Vestmannaeyja ásamt tveggja kílómetra svæði umhverfis eyjarnar og á Heimaey er lagt til að verndunin nái til Ystakletts og Heimakletts. Svæðið er alls um 20 km^2 að stærð og tilheyrir sveitarfélaginu Vestmannaeyjum. Unnið hefur verið að friðlýsingu þess frá árinu 2005 í samstarfi við Vestmannaeyjabæ, Náttúrustofu Suðurlands, setur Háskóla Íslands í Vestmannaeyjum og Náttúrufræðistofnun Íslands. Heimamenn stofnuðu sérstaka umsjónarnefnd með verkefninu sem hefur ásamt fulltrúum Umhverfisstofnunar fundað með hagsmunaaðilum og nytjaréttarhöfum. Heimamenn hafa lagt til að verndarsvæðum á Heimaey verði fjölgað, m.a. að allar úteyjarnar verði innan verndarsvæðisins. Drög að auglýsingu hafa legið fyrir frá árinu 2006 sem unnið hefur verið með. Það er mat Umhverfisstofnunar að samvinna við ofangreinda aðila hafi verið farsæl. Að mati Umhverfisstofnunar er málið á lokastigi þannig að unnt verði að ganga frá friðlýsingu á næstu vikum eða mánuðum.

C. Svæði sem kunna að verða friðlýst fyrir lok ársins 2008.

Álftanes – Skerjafjörður.

Í náttúruverndaráætlun 2004–2008 er lagt til að fjara og grunnsævi við Álftanes og Skerjafjörð, alls um 37 km^2, verði verndað. Svæðið er innan marka Garðabæjar, Sveitarfélagsins Álftaness, Kópavogs, Reykjavíkur og Seltjarnarness og eru landeigendur fjölmargir einstaklingar, sveitarfélög og ríkið. Núverandi landnotkun er fjölbreytt, m.a. landbúnaður, æðarrækt, útivist, fiskveiðar, þaratekja, siglingar og hafnir. Haldnir hafa verið borgarafundir og ráðstefna um tillögu að verndun svæðisins. Haft hefur verið samráð við formenn umhverfisnefnda sveitarfélagana, en það var m.a. að frumkvæði sveitarfélagsins Álftaness að haldin var ráðstefna um verndun Skerjafjarðar þar sem náttúrufræðingar og sérfræðingar á sviði skipulagsmála, útivistar og mengunarhættu fluttu erindi. Unnið hefur verið með Náttúrufræðistofnun Íslands að kortlagningu viðkvæmustu svæðanna með tilliti til fuglalífs, sérstaklega margæsar og rauðbrystings. Komið hefur í ljós skýr vilji hjá nokkrum sveitarfélögum til að vinna að friðlýsingu svæðisins en ekki hefur náðst að vinna að friðlýsingu svæðisins í heild. Óskað hefur verið eftir formlegri afstöðu sveitarfélaganna til friðlýsingar, friðlýsingarskilmála og hvernig viðkomandi sveitarfélag vill halda áfram með verkefnið. Það er mat Umhverfisstofnunar að vinna eigi

að friðlýsingu svæðisins í áföngum þar sem ljóst er að áhugi fyrir friðlýsingu er mismunandi hjá sveitarfélögunum og að erfitt getur reynst að fá svo mörg sveitarfélög til að koma að friðlýsingunni í einu. Samráð hefur verið haft við Náttúrufræðistofnun Íslands um þessar hugmyndir. Gerð hafa verið drög að auglýsingu um friðlýsingu þar sem m.a. hefur verið tekið tillit til smábátahafna og bryggjuhverfa í sveitarfélögunum. Er það mat Umhverfisstofnunar að friðlýsing hluta svæðisins fyrir árslok 2008 sé hugsanleg.

Látrabjarg – Rauðasandur.

Svæðið er um 486 km^2 að stærð og tilheyrir sveitarfélaginu Vesturbyggð og eru fjölmargir eigendur að svæðinu bæði einstaklingar og hið opinbera. Núverandi landnotkun er landbúnaður sem er þó minni en áður og byggð dreifðari og ferðaþjónusta. Rekin hefur verið ferðaþjónusta í Breiðavík yfir sumartímann, safn er á Hnjóti, en svæðið er vinsæll viðkomustaður ferðamanna sérstaklega vegna þess hversu aðgengilegt bjargið er. Nokkur eggjataka hefur verið stunduð í bjarginu og fiskveiðar með ströndinni. Haldnir hafa verið kynningarfundir fyrir landeigendur og aðra heimamenn á Patreksfirði og einnig í Reykjavík. Fundað hefur verið sérstaklega með sveitarstjórn, sem hefur áhuga á friðlýsingu, en taldi rétt að bíða þess að aðalskipulag sveitarfélagsins væri tilbúið. Skiptar skoðanir eru á friðlýsingarhugmyndinni hjá landeigendum. Fyrirhugaður er fundur með sveitarstjórn Vesturbyggðar og einnig með stjórn landeigendafélagsins á Látrum. Heimsækja þarf landeigendur og kanna hug þeirra, hvers og eins. Umhverfisstofnun telur rétt að unnið verði að friðlýsingu svæðisins í áföngum og að byrjað verði á því svæði sem er í ríkiseign, Bæjarbjargi, og ætti að vera unnt að friðlýsa fyrir árslok 2008.

Geysir í Haukadal.

Eins og fram hefur komið hefur Umhverfisstofnun ekki hafið friðlýsingarferlið á Geysissvæðinu þar sem ákveðið var í samráði við umhverfisráðuneytið að bíða eftir kaupum ríkisins á því. Talið er að eignarhald ríkisins á svæðinu einfaldi mjög og greiði fyrir friðlýsingu í þessu tilviki. Beðið er eftir tilkynningu umhverfisráðuneytisins um breytt eignarhald á svæðinu þannig að unnt verði að hefja vinnu við friðlýsingarferlið. Ljúki framangreindum samningum á næstu vikum er ekki útilokað að ljúka friðlýsingu fyrir árslok 2008.

D. Svæði sem ekki er talið unnt að friðlýsa fyrir árslok 2008.

Álftanes – Akrar – Löngufjörur.

Svæðið er um 460 km^2. að stærð og er innan sveitarfélaganna Borgarbyggðar og Eyja- og Miklaholtshrepps. Kynning var haldin á tillögum um friðlýsingu svæðisins á borgarafundi í Lindartungu. Aflað hefur verið upplýsinga hjá Fasteignamati ríkisins og embætti sýslumanns um eignarhald, en landeigendur eru fjölmargir. Unnin hafa verið drög að auglýsingu friðlýsingarskilmála og hafa einstaka landeigendur lýst áhuga á friðun. Áætlað er að hitta landeigendur og kanna frekar hug þeirra til friðlýsingar en ljóst er að vinna við friðlýsingu er tímafrek vegna fjölda jarða og landeigenda. Ekki er talið unnt að ljúka friðlýsingu fyrir árslok 2008, en Umhverfisstofnun leggur til að áfram verði unnið að friðlýsingu svæðisins, sem hefur alþjóðlegt verndargildi vegna afar fjölbreytts fuglalífs og sem mikilvægur viðkomustaður farfugla.

Austara-Eylendið.

Svæðið, sem er um 47 km^2, er hluti af víðfeðmustu flæðilöndum á landinu og tilheyrir sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Fjölmargir eigendur eru að landinu, sem er að mestu

í einkaeigu. Núverandi landnotkun er aðallega landbúnaður með hefðbundinni beit og veiði. Í samráði við Náttúrustofu Norðurlands vestra hafa verið haldnir almennir kynningarfundir með heimamönnum um friðlýsingu svæðisins. Vorið 2008 var á vegum Náttúrustofu Norðurlands vestra haldin ráðstefnan „Náttúra Skagafjarðar“ þar sem kynntar voru hugmyndir um friðlýsingu svæðisins auk fjölmargra erinda um sérstöðu Skagafjarðar. Óskað var eftir athugasemdum og ábendingum við tillögu að friðlýsingu Austara-Eylendisins, en engar hafa borist, hvorki Náttúrustofunni né Umhverfisstofnun. Undanfarin sumur hefur Umhverfisstofnun staðið fyrir landvörslu á svæðinu í samvinnu við Náttúrustofu Norðurlands vestra. Er það mat Umhverfisstofnunar að friðlýsing sé ekki líkleg fyrir árslok en stofnunin leggur til að unnið verði áfram að friðlýsingu svæðisins. Forsendur verndar á svæðinu eru fjölbreytt fuglalíf, sjaldgæfar fuglategundir og votlendi.

Látraströnd – Náttfaravíkur.

Svæðið sem áætlað er að verði verndað er um 604 km^2. að stærð og tilheyrir Grýtubakkahreppi og Þingeyjarsveit. Um er að ræða eyðibyggð þar sem helstu nytjar á svæðinu eru beit, ferðaþjónusta og útivist. Ákveðið var að forgangsraða vinnu við friðlýsingu vesturhluta svæðisins, þ.e. jarða í Grýtubakkahreppi, enda margar þeirra í eigu hreppsins. Haldnir voru borgarafundir á Grenivík þar sem tillögur um friðlýsingu voru kynntar. Landeigendum hafa verið sendar tillögur að reglum og mörkum hins friðlýsta svæðis. Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps hafði áhuga á friðlýsingu svæðisins en vegna þjóðlendukrafna hafnaði Grýtubakkahreppur frekari vinnu við friðlýsingu Gjögurskagans meðan á vinnu við þjóðlendukröfuna stæði. Þar sem niðurstaða liggur fyrir í þjóðlendumálinu hefur að nýju verið óskað eftir samstarfi við Grýtubakkahrepp um friðlýsingu svæðisins. Nýlega kom í ljós að afstaða sveitarfélagsins er óbreytt.

Njarðvík – Loðmundarfjörður.

Unnið hefur verið að því að allur Borgarfjarðarhreppur, alls um 468 km^2, verði verndaður, en svæðið er í eigu fjölmargra einstaklinga og hins opinbera. Núverandi landnotkun er hefðbundinn landbúnaður, ferðaþjónusta, fiskveiðar og útivist. Umhverfisstofnun tók þátt í borgarafundum um skipulag sveitarfélagsins. Einnig hefur verið fundað sérstaklega um náttúruverndaráætlun. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kortlagt útbreiðslu lykiltegunda plantna, sem flestar eru á válista. Hugmyndum um friðlýsingu var í fyrstu tekið vel og töldu heimamenn sig sjá sóknarfæri m.a. í sölu landbúnaðarafurða sem merktar væru friðlýstu svæði og lögðu sumir m.a. til að svæðið yrði gert að þjóðgarði þar sem stundaður væri landbúnaður í anda sjálfbærrar þróunar líkt og finna má víða í Evrópu. Nokkuð virðist hafa dregið úr áhuga á friðlýsingu svæðisins, en benda má á að svæðið er mjög stórt og landeigendur margir. Mat Umhverfisstofnunar er að friðlýsing á næstu árum sé ekki líkleg.

E. Svæði þar sem ekki er talið að friðlýsing nái fram að ganga að svo stöddu.

Reykjanes – Eldvörp – Hafnaberg.

Það svæði sem lagt er til að vernda yst á Reykjanesskaga er um 113 km^2 að stærð og er innan marka sveitarfélaganna Grindavíkur og Reykjanesbæjar. Núverandi landnotkun er m.a. orkuframleiðsla og er hluti svæðisins eitt af þeim svæðum sem metið er á vegum rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Fundað hefur verið með sveitarstjórnum á svæðinu og óskað eftir fundi með fulltrúum Orkuveitu Suðurnesja, en engin viðbrögð hafa borist frá þeim. Umhverfisstofnun telur að bíða eigi niðurstöðu II. áfanga rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða og í framhaldinu verði tekin ákvörðun um hvort halda eigi áfram

vinnu við friðlýsingu svæðisins. Rétt er að árétta að undanþegið tillögu að friðlýsingu var iðnaðarsvæðið á utanverðu nesinu.

Sérstaða svæðisins er mikil bæði út frá jarðmyndunum og lífríki. Þar kemur Mið-Atlantshafshryggurinn, sem klýfur Atlantshafið í tvær úthafsplötur, á land og hvergi annars staðar eru eins glögg merki um jarðhræringar í jarðskorpunni. Þar eru mismunandi gerðir eldstöðva svo sem dyngjur og gígaraðir ásamt því að á utanverðum skaganum er þekkt jarðhitasvæði.

Skeiðarársandur, Jökulsárgljúfur og Öxarfjörður.

Í tengslum við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs hefur umhverfisráðuneytið tekið upp viðræður við landeigendur að Skeiðarársandi og svæðum við Jökulsárgljúfur og Öxarfjörð til þess að kanna vilja og afstöðu þeirra til þess að Skeiðarársandur innan Austur-Skaftafellssýslu og svæði meðfram Jökulsá á Fjöllum verði friðlýst sem hluti af Vatnajökulsþjóðgarði. Þrátt fyrir ítrekaðar viðræður við landeigendur hefur ekki reynst áhugi á því hjá þeim að svæðið verði friðlýsti sem hluti þjóðgarðsins. Tenging þjóðgarðsins til sjávar er að mati ráðuneytisins mjög mikilvæg til þess að skapa heildstæða friðun þeirra náttúruminja sem tengjast samspili elds og íss og landslagsheildum sem mótaðar eru af því. Þótt búið sé að stofna Vatnajökulsþjóðgarð eru enn í gangi viðræður við landeigendur í nágrenni garðsins um að mikilvægum náttúruminjum verði bætt við þjóðgarðinn.

Kostnaðarmat.

Metinn hefur verið kostnaður við framkvæmd náttúruverndaráætlunar 2009–2013 fyrir þau svæði sem náttúruverndaráætlun tekur til. Mat á kostnaði skiptist í tvo þætti. Í fyrsta lagi friðlýsingarferlið og stofnkostnað svæða, þ.e. gerð verndaráætlunar, deiliskipulags, fræðsluefnis og stígagerðar, eftir því sem við á á hverju svæði, og í öðru lagi rekstrarkostnað svæða á ársgrundvelli eftir að friðlýsing hefur tekið gildi. Kostnaður við friðlýsingu er mismunandi eftir svæðum og er tekið tillit til þess við matið eins og fram kemur í neðangreindri töflu.

Ár	2010	2011	2012	2013	Alls	Uppsafnað
Fjöldi svæða sem friðlýst eru árlega:	4	3	3	3	**13**	
(allar tölur í m.kr.)						
Friðlýsing og stofnkostn.:	10,0	10,0	15,0	15,0	**50,0**	**50,0**
Rekstrarkostnaður:						
2,5 landvarðavikur per svæði @ 200 þús.kr.á ári	2,0	1,5	1,5	1,5		
Rekstrarkostnaður alls á ári:	2,0	3,5	5,0	6,5	**6,5**	**17,0**
Aukin fjárveiting á ári	12,0	13,5	20,0	21,5	**67,0**	**67,0**

Heildarkostnaður við náttúruverndaráætlunina á tímabilinu er áætlaður um 67 millj. kr. á verðlagi ársins 2008. Þar af er stofnkostnaður 50 millj. kr. en heildarrekstrarkostnaður er 17 millj. kr. Eykst hann á tímabilinu eftir því sem friðlýstum svæðum fjölgar. Þannig verður árlegur rekstrarkostnaður alls 6,5 millj. kr. á ári þegar friðlýsingum samkvæmt áætluninni er að fullu lokið á árinu 2013. Ekki er gert ráð fyrir að neitt svæði verði friðlýst á árinu 2009 heldur er gengið út frá að friðlýsing svæðanna hefjist á árinu 2010. Sá fyrirvari er gerður á mati á kostnaði náttúruverndaráætlunar 2009–2013 að í kjölfar friðlýsingar má reikna með að frekari uppbyggingar sé þörf á einhverjum þessara svæða m.t.t. aðgengis, þjónustu og frekari landvörslu. Í þeim tilfellum munu verða lagðar fram fjárlagabeiðnir þar að lútandi.

Viðauki.

Hér er gerð grein fyrir friðlýsingartillögum fyrir náttúruverndaráætlun 2009–2013 sem unnar eru á grunni tillagna Náttúrufræðistofnunar Íslands, sbr. skýrslu stofnunarinnar *Verndun svæða, vistgerða og tegunda* (nr. 08-008). Fjallað er um svæði sem lagt er til að verði vernduð vegna mikilvægis þeirra sem búsvæði sjaldgæfra tegunda plantna og smádýra með takmarkaða útbreiðslu og einnig svæði sem ná til vistgerða á miðhálendi Íslands sem taldar eru verndarþurfi. Gerð er grein fyrir markmiðum friðlýsinganna og forsendum fyrir verndun svæðanna og afmörkun þeirra sýnd á kortum. Auk þess er birtur listi yfir tegundir plantna og smádýra sem verða friðlýstar sérstaklega á næstunni. Allar tillögurnar gera ráð fyrir friðlýsingu skv. 53. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd.

I. Plöntusvæði.

a. Snæfjallaströnd – Kaldalón.

Svæðið sem lagt er til að verði friðlýst er um 165,4 km^2 (16.540 ha) að stærð og tilheyrir sveitarfélögunum Ísafjarðarbæ og Strandabyggð. Á svæðinu er líffræðileg fjölbreytni mikil, gróðurfar er sérstætt með háu hlutfalli sjaldgæfra plöntutegunda. Svæðið er að stórum hluta á náttúruminjaskrá (svæði 324) fyrir fjölbreytt og mikilfenglegt landslag með hrikalegum fjöllum, ýmsum berggerðum, jökulgörðum og óshólmum og vegna þess að þar er fjölskrúðugur gróður og dýralíf.



Markmið friðlýsingarinnar: Verndun búsvæða margra fágætra plöntutegunda, þar á meðal nokkurra tegunda á válista. Með búsvæðavernd tegundanna er stuðlað að því að tryggja viðhald líffræðilegrar fjölbreytni svæðisins, sbr. 2010 markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni og evrópsku áætlunina um plöntuvernd 2008–2014.

Mörk: Snæfjallaströnd, frá Súrnadal með strönd að Seleyri við Kaldalón. Þaðan um Háafellshjalla í tind Háafells og þaðan í Jökulholt. Þaðan í Öldugilsvatn, þá í Snæfjöll og til sjávar um Súrnadal.

Mikilvægustu svæði: Norðurhlíðar Háafells og dalurinn inn af Kaldalóni, suðvesturhlíðar Dalsfjalls frá Innri-Skarðsá að Bæjahlíð, ásamt Unaðsdal, suðvesturhlíðar Snæfjalla frá Drangsvík að Sátuvík.

Svæðislýsing: Fjalllendi með hrikalegum fjöllum, grónum dölum og hlíðum. Landslag er fjölbreytt og mikilfenglegt og Drangajökull setur svip sinn á svæðið. Gróðurfar er fjölbreytt og sérstætt því þarna er að finna óvenjuhátt hlutfall sjaldgæfra plöntutegunda.

Núverandi landnotkun: Landbúnaður og útivist.

Ógnir: Engar alvarlegar.

Nauðsynlegar aðgerðir: Ekkert er því til fyrirstöðu að beit búfénaðar verði áfram í svipaðri mynd og nú er. Koma þarf í veg fyrir að ágengar, framandi plöntutegundir verði fluttar inn á svæðið og forðast ber rask á landinu á þeim stöðum sem eru mikilvægust fyrir plöntutegundirnar sem hér eru til umfjöllunar.


Forsendur friðlýsingar: Sérstætt gróðurfar með háu hlutfalli sjaldgæfra tegunda eins og þúsundblaðarós (*Athyrium distentifolium*), fjöllaufungi (*Athyrium filix-femina*), skollakambi *Blechnum spicant*), mánajurt (*Botrychium boreale*), lensutungljurt (*Botrychium lanceolatum*), fjallabláklukku (*Campanula uniflora*), keldustör (*Carex paupercula*), dúnhulstrastör (*Carex pilulifera*), skollaberjum (*Cornus suecica*), sóldögg (*Drosera rotundifolia*), dílaburkna (*Dryopteris expansa*), stóraburkna (*Dryopteris filix-mas*), sandmunablómi (*Myosotis stricta*), grájurt (*Omalotheca sylvatica*), ferlaufungi (*Paris quadrifolia*) og broddkrækli (*Sagina subulata*).

Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengi	Válisti	Forsendur verndar
Hrísastör	*Carex adelostoma*	Háplanta	Sjaldgæf	VU	Einn af nokkrum fundarstöðum
Hlíðaburkni	*Cryptogramma crispa*	Háplanta	Mjög sjaldgæf	VU	Annar af tveimur fundarstöðum
Línarfi	*Stellaria borealis*	Háplanta	Sjaldgæf	VU	Fjórir af 12 fundarstöðum

b. Eyjólfsstaðaskógur.

Svæðið sem hér er lagt til að verði verndað er um 3,3 km^2 að stærð og tilheyrir sveitarfélaginu Fljótsdalshéraði. Um er að ræða birkiskóg sem er mikilvægt búsvæði margra sjaldgæfra plöntutegunda, einkum fléttna. Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda mikilvægt búsvæði fyrir margar sjaldgæfar tegundir ásætufléttna. Með vernd tegunda og búsvæða þeirra er stuðlað að því að tryggja viðhald líffræðilegrar fjölbreytni svæðanna, sbr. 2010 markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni og evrópsku áætlunina um plöntuvernd 2008–2014.



Mörk: Að norðan miðast mörk við læk sem rennur úr Axlardal niður í Gerðisás. Að vestan og sunnan ráðast mörk af útbreiðslu skógarins en frístundabyggðin við Úlfarsstaði er þó utan marka. Austurmörk miðast við 300 m hæðarlínu.

Svæðislýsing: Eyjólfsstaðaskógur er hluti af víðáttumiklu birkiskóglendi í fjallshlíð og nær hann upp í um 250 m hæð. Í skóginn hefur verið plantað barrtrjám og hluti skógarins er skipulagður sem sumarhúsabyggð. Fjölbreytni fléttutegunda er mikil í skóginum. Skógurinn er vinsælt útivistarsvæði.

Núverandi landnotkun: Hluti skógarins er skilgreindur sem frístundabyggð samkvæmt aðalskipulagi. Skógurinn er vinsælt útivistarsvæði.

Ógnir: Stækkandi frístundabyggð.

Nauðsynlegar aðgerðir: Ekki verði sett á skipulag frekari fyrirætlanir en nú þegar eru um frístundabyggð eða aðra mannvirkjagerð eða jarðrask á svæðinu. Sá hluti skógarins sem ekki


er tekinn frá fyrir frístundabyggð ætti að fá að vaxa villtur og þróast eftir eigin lögmálum. Koma ætti í veg fyrir frekari skógrækt barrtrjáa á svæðinu.

Forsendur friðlýsingar: Birkiskógur með fjölbreyttum ásætufléttum en á birkinu og fauskum þess má finna flestar sjaldgæfar ásætufléttur sem helst hafa útbreiðslusvæði sitt um austan- og suðaustanvert landið.

Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengi	Válisti	Forsendur verndar
Birkiskegg	*Bryoria fuscescens*	Flétta			Einn af 12 fundarstöðum
Flatþemba	*Hypogymnia physodes*	Flétta			Einn af allmörgum fundarstöðum
Pípuþemba	*Hypogymnia tubulosa*	Flétta			Einn af allmörgum fundarstöðum
	Japewia subaurifera	Flétta			Einn af fjórum fundarstöðum
Gljádumba	*Melanelia septentrionalis*	Flétta			Einn af 14 fundarstöðum
Grástika	*Parmeliopsis hyperopta*	Flétta			Einn af þremur fundarstöðum
Gulstika	*Parmeliopsis ambigua*	Flétta			Einn af 10 fundarstöðum
Næfurskóf	*Platismatia glauca*	Flétta			Einn af 10 fundarstöðum
Krypplugrös	*Tuckermannopsis chlorophylla*	Flétta			Einn af allmörgum fundarstöðum
Gullinvarp	*Vulpicida pinastri*	Flétta			Einn af sjö fundarstöðum

c. Egilsstaðaskógur, nærliggjandi skóglendi og Egilsstaðaklettar.

Svæðið sem lagt er til að verði friðlýst er um 24,7 km^2 að stærð, eða um 2.470 ha, og tilheyrir sveitarfélaginu Fljótsdalshéraði. Um er að ræða birkiskóg sem er mikilvægt búsvæði margra sjaldgæfra plöntutegunda, einkum fléttna. Einnig nær tillagan til Egilsstaðakletta þar sem tegundafjölbreytni fléttna er óvenjumikil. Svæðið tilheyrir að hluta svæði nr. 611 á náttúruminjaskrá, þ.e. austanverðum Eyvindarárdal og Eyvindarárgili, sem er á skrá vegna fagurs gljúfurs, vatnsmikillar bergvatnsár, skóglendis og jökulgarða. Einnig sem útivistarsvæði í nágrenni Egilsstaða.



Markmið friðlýsingarinnar: Verndun afar mikilvægs búsvæðis fyrir margar sjaldgæfar fléttutegundir og nokkrar tegundir háplantna. Um er að ræða náttúrulegan, lítt snortinn og hávaxinn birkiskóg þar sem gróðurfar er mjög fjölbreytt og einnig kletta við Lagarfljót þar sem óvenjumargar fléttutegundir vaxa á litlu svæði. Með vernd tegunda og búsvæða þeirra er stuðlað að því að tryggja viðhald líffræðilegrar fjölbreytnisvæðanna, sbr. 2010 markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni og evrópsku áætlunina um plöntuvernd 2008–2014.

Mörk: Miðhúsaskógur, Selskógur, Egilsstaðaskógur og Dalhúsaskógur. Að norðan eru mörk dregin austur með Miðhúsaá upp undir Brúnagil. Austurmörk miðast við 500 m hæðarlínu á Gagnheiði suður að Valagili. Niður með Valagilsá, yfir Eyvindará og upp með Köldukvísl upp í 300 m hæð. Að vestan fylgja mörkin útbreiðslu-

mörkum birkisins, vestur fyrir Innri- og Ytri-Vatnshæðir, að Krossásum og í byrjunarpunkt. Við Egilsstaðakletta eru mörkin dregin utan um klettana.

Svæðislýsing: Víðáttumikið og uppvaxandi birkiskóglendi austan Egilsstaða og inn með Eyvindarárdal. Skógurinn er að miklum hluta gamall og sjálfsáður og er hann meðal stærstu skóga á landinu þar sem trén ná allt að 10 m hæð. Lítið hefur verið plantað af erlendum trjátegundum. Á láglendi er skógurinn ósamfelldur þar sem skóglausum mýrum hefur verið breytt með framræslu og túnrækt en þéttastur er hann á Egilsstaðahálsi. Í Egilsstaðaskógi er stærsta útbreiðslusvæði villtrar blæaspar á landinu og þar er hún einnig hæst, eða um 8 m. Í skóginum vex einnig reyniviður og gulvíðir. Gróðurfar er sérstætt og þar vaxa sjaldgæfar plöntutegundir, m.a. mikill fjöldi fléttutegunda. Skógurinn er vinsælt útivistarsvæði.

Egilsstaðaklettar eru við Lagarfljót og á þeim vaxa óvenjumargar fléttutegundir á litlu svæði.

Núverandi landnotkun: Útivist og landbúnaður.

Ógnir: Frístundabyggð.

Nauðsynlegar aðgerðir: Skógurinn fái að vaxa villtur og þróast eftir eigin lögmálum. Ekki skal hirða um hann eins og um nytjaskóg væri að ræða því dauðir trjádrumbar geta verið mikilvæg búsvæði fyrir ákveðnar tegundir. Óheimilt verði að flytja inn á svæðið framandi tegundir og beit bönnuð. Ekki verði sett á skipulag frekari fyrirætlanir en nú þegar eru um frístundabyggð eða aðra mannvirkjagerð á svæðinu.


Forsendur friðlýsingar: Birkiskógur með fjölbreyttum ásætufléttum en einnig má finna nokkrar þyrpingar af villtri blæsöp í skóginum. Í skóginum vaxa nokkrar sjaldgæfar háplöntutegundir t.d.: ferlaufungur (*Paris quadrifolia*), sjöstjarna (*Trientalis europaea*) og laugamaðra (*Galium uliginosum*). Á birkinu og fauskum þess má finna flestar sjaldgæfar ásætufléttur sem helst hafa útbreiðslusvæði sitt um austan- og suðaustanvert landið. Einnig nokkrar tegundir sem aðeins hafa fundist í skóginum en eru lítt þekktar á Íslandi og því ekki hægt að fullyrða hvort séu sjaldgæfar, eins og bleikörðu (*Biatora albohyalina*), *Lepraria elobata*, *Ochrolechia arborea* og *Pertusaria leioplaca*. Á Egilsstaðaklettum er tegundafjölbreytni fléttna afar mikil og þar hefur fundist 141 tegund, m.a. er þar annar tveggja fundarstaða vætlukorpu (*Dermatocarpon deminuens*) og hreisturkorpu (*Dermatocarpon leptophyllodes*).

Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengi	Válisti	Forsendur verndar
Blæösp	*Populus tremula*	Háplanta	Sjaldgæf	VU	Einn af sex fundarstöðum
	Arthonia mediella	Flétta	Sjaldgæf		Eini fundarstaður
Fauskprjónar	*Chaenotheca furfuracea*	Flétta	Sjaldgæf		Einn af fjórum fundarstöðum
Vætlukorpa	*Dermatocarpon deminuens*	Flétta	Sjaldgæf		Annar af tveimur fundarstöðum
Hreisturkorpa	*Dermatocarpon leptophyllodes*	Flétta	Sjaldgæf		Annar af tveimur fundarstöðum
Flatþemba	*Hypogymnia physodes*	Flétta	Sjaldgæf		Einn af allmörgum fundarstöðum
Pípuþemba	*Hypogymnia tubulosa*	Flétta	Sjaldgæf		Einn af allmörgum fundarstöðum
Skrámuklúka	*Japewia subaurifera*	Flétta	Sjaldgæf		Einn af þremur fundarstöðum
	Lecanora cenisia	Flétta	Sjaldgæf		Annar af tveimur fundarstöðum
Grábleðla	*Lobothallia alphoplaca*	Flétta	Sjaldgæf	VU	Einn af 10 fundarstöðum
Gljádumba	*Melanelia septentrionalis*	Flétta	Sjaldgæf	EN	Einn af 14 fundarstöðum
Gulstika	*Parmeliopsis ambigua*	Flétta	Sjaldgæf		Tveir af 10 fundarstöðum
Grástika	*Parmeliopsis hyperopta*	Flétta	Sjaldgæf	CR	Einn af þremur fundarstöðum
Svarðskjóða	*Thrombium epigaeum*	Flétta	Sjaldgæf	EN	Einn af níu fundarstöðum
Krypplugrös	*Tuckermannopsis chlorophylla*	Flétta	Sjaldgæf		Einn af allmörgum fundarstöðum
Gullinvarp	*Vulpicida pinastri*	Flétta	Sjaldgæf	EN	Einn af sjö fundarstöðum

d. Gerpissvæðið.

Svæðið sem hér er lagt til að verði verndað er um 157 km^2 að stærð, eða 15.664 ha, og er í Fjarðabyggð. Það tilheyrir svæði nr. 650 á náttúruminjaskrá sem er í skránni vegna afar fagurs og fjölbreytilegs fjalllendis með líparítinnskotum. Þar er einnig fögur strandlengja og svæðið er austasti hluti Íslands.

Markmið friðlýsingarinnar: Verndun búsvæðis nokkurra sjaldgæfra háplöntutegunda á svæði sem býr yfir sérstæðu gróðurfari sem einkennist af snjódældagróðri. Með því að tryggja búsvæðavernd tegundanna er stuðlað að viðhaldi líffræðilegrar fjölbreytni, sbr. 2010 markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni og evrópska stefnumótum um plöntuvernd 2008–2014.



Mörk: Svæðið markast af línu sem dregin er frá Hellisfjarðarnesi í Grænafell og Grákoll eftir hæstu brúnum í Víkurheiði og til sjávar við Flesjar vestan við Karlskála og er austan þeirrar línu.

Svæðislýsing: Eyðibyggð á austasta hluta landsins. Svæðið einkennist af fjölbreyttu landslagi með fjöllum, grösugum dölum með bröttum hlíðum, víkum og fjörðum. Gróðurfar er sérstætt með snjódældagróðri og þar vaxa allnokkrar sjaldgæfar háplöntutegundir. Svæðið er vinsælt til útivistar og um það liggja áhugaverðar gönguleiðir.

Mikilvægustu svæði: Sandfell milli Viðfjarðar og Sandvíkur, Sandvík, Skammidalur í Viðfirði, Vöðlavík, Víkurvatn og norðurhlíðar Hellisfjarðar frá Götuhjalla að Háa-Járnskara.

Núverandi landnotkun: Beitiland og útivist.

Ógnir: Notkun framandi og ágengra plöntutegunda ógnar svæðinu, t.d. hefur alaskalúpínu verið sáð/plantað í Víkurskarði og Vaðlavík. Uppbygging frístundahúsa á eyðijörðum er óskipulögð.

Nauðsynlegar aðgerðir: Ekkert er því til fyrirstöðu að beit búfénaðar verði áfram í svipaðri mynd og nú er. Koma þarf í veg fyrir að ágengar, framandi plöntutegundir verði fluttar inn á svæðið og uppræta ætti þær sem fyrir eru. Forðast ber allt rask á landinu á þeim stöðum sem eru mikilvægust fyrir plöntutegundirnar sem hér eru til umfjöllunar.

Forsendur fyrir friðlýsingu: Sérstætt gróðurfar en á svæðinu finnast allnokkrar sjaldgæfar háplöntutegundir eins og fjöllaufungur (*Athyrium filix-femina*), lensutungljurt (*Botrychium lanceolata*), dúnhulstrastör (*Carex pilulifera*), hagastör (*Carex pulicaris*), sóldögg (*Drosera rotundifolia*), álftalaukur (*Isoetes echinospora*), mýraberjalyng (*Oxycoccus microcarpus*), bjöllulilja (*Pyrola grandiflora*), sifjarsóley (*Ranunculus auricomus*) og bergsteinbrjótur (*Saxifraga paniculata*).


Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengi	Válisti	Forsendur verndar
Skógelfting	*Equisetum sylvaticum*	Háplanta	Sjaldgæf	VU	Einn af þremur fundarstöðum, sá eini á Austurlandi
Stinnasef	*Juncus squarrosus*	Háplanta	Sjaldgæf	VU	Tveir af tíu fundarstöðum

e. Skóglendi við Hoffellsjökul, sameining Vatnajökulsþjóðgarði.

Svæðið sem hér er lagt til að verði verndað er um 46,1 km^2 að stærð, eða um 4.610 ha, og er staðsett í sveitarfélaginu Hornafirði. Svæðið liggur rétt utan marka Vatnajökulsþjóðgarðs og hluti þess tilheyrir svæði 631 á náttúruminjaskrá sem er á skránni m.a. vegna stórbrotins landslags, kjarrlendis og jarðminja.

Markmið friðlýsingarinnar: Verndun mikilvægs búsvæðis fyrir margar sjaldgæfar fléttutegundir með takmarkaða útbreiðslu og nokkrar tegundir háplantna. Með vernd tegunda og búsvæða þeirra er stuðlað að því að tryggja viðhald líffræðilegrar fjölbreytni svæðanna, sbr. 2010 markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni og evrópsku áætlunina um plöntuvernd 2008–2014. Lagt er til að svæðið verði sameinað Vatnajökulsþjóðgarði.

Mörk: Frá Efstafellsvatni við Svínafellsjökul, upp hlíðar Geitafells um syðri brúnir Efstafellsgil og upp á Geitafellstind. Um efstu brúnir Hoffellsfjalla, um Grasgiljatind og Efstafellstind, Gnjánúpstind og þaðan í Goðahrygg í Vatnajökli. Með jökulrótum að Efstafellsvatni.



Mikilvægustu svæði: Hluti þeirra svæða sem mikilvæg eru fyrir verndun búsvæða sjaldgæfra plantna eru utan svæðisins. Einkum á svæðinu frá Geitafellsbjörgum að Tungufelli (skráðir fundarstaðir Geitafellsbjörg, svæðið milli Kráksgils og Miðfellsgils, Skjól í Geitafellsskógi, Hoffell og Tungufell). Einnig Grjótárdalur og Seltindur.

Svæðislýsing: Landslag á svæðinu er stórbrotið og einkennist af skriðjöklum, lítt grónum fjöllum og grónum dölum. Þarna er birkiskógur með sérstæðu gróðurfari og mörgum sjaldgæfum fléttu- og háplöntutegundum.

Núverandi landnotkun: Landbúnaður, beitiland, útivist og skógrækt.

Ógnir: Engar þekktar.

Nauðsynlegar aðgerðir: Skógurinn fái að vaxa villtur og þróast eftir eigin lögmálum. Ekki skal hirða um hann eins og um nytjaskóg væri að ræða því dauðir trjádrumbar geta verið mikilvæg búsvæði fyrir ákveðnar tegundir. Ekki ætti að heimila innflutning framandi eða ágengra plöntutegunda á svæðið. Ekki ætti að skipuleggja landnotkun á svæðinu sem felur í sér stórfellt jarðrask. Ekki er talið að stöðva þurfi hefðbundna beit búfénaðar eins og hún er nú.

Forsendur fyrir friðlýsingu: Birkiskógur með fjölbreyttum ásætufléttum en á birkinu og fauskum þess má finna flestar sjaldgæfar ásætufléttur sem helst hafa útbreiðslusvæði sitt um austan- og suðaustanvert landið. Einnig vaxa á svæðinu nokkra sjaldgæfar háplöntur eins og bergsteinbrjótur (*Saxifraga paniculata*) og fjallaliðfætla (*Woodsia alpina*).

Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengi	Válisti	Forsendur verndar
Klettaburkni	*Asplenium viride*	Háplanta	Sjaldgæf	VU	Einn af átta fundarstöðum
Birkiskegg	*Bryoria fuscescens*	Flétta			Einn af sjö fundarstöðum
Kvistaskegg	*Bryoria simplicior*	Flétta			Einn af þremur fundarstöðum
Flatþemba	*Hypogymnia physodes*	Flétta			Einn af allmörgum fundarstöðum
Pípuþemba	*Hypogymnia tubulosa*	Flétta			Einn af allmörgum fundarstöðum
Gulstika	*Parmeliopsis ambigua*	Flétta			Einn af átta fundarstöðum
Næfurskóf	*Platismatia glauca*	Flétta			Einn af sjö fundarstöðum
Gullinvarp	*Vulpicida pinastri*	Flétta			Einn af fjórum fundarstöðum

f. Steinadalur.

Svæðið sem hér er lagt til að verði verndað er um 51 km^2 að stærð, eða um 5.106 ha, og er staðsett í sveitarfélaginu Hornafirði. Það tilheyrir svæði 633 á náttúruminjaskrá sem er á skránni m.a. vegna strbrotins landslags, hrikalegs gljúfurs og kjarrlendis.

Markmið friðlýsingarinnar: Verndun mikilvægs búsvæðis fyrir margar sjaldgæfar fléttutegundir með takmarkaða útbreiðslu og nokkrar tegundir háplantna. Með vernd tegunda og búsvæða þeirra er stuðlað að því að tryggja viðhald líffræðilegrar fjölbreytni svæðanna, sbr. 2010 markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni og evrópska stefnumótum um plöntuvernd 2008–2014. Lagt er til að svæðið verði sameinað Vatnajökulsþjóðgarði.

Mörk: Staðarfjall um fjallsbrúnir að Nautastigsgili. Niður með gilinu, með brekkurótum suður fyrir Grenishvammshrygg, yfir Köldukvísl í Steinadal og í Prestsstól í Steinafjalli. Um fjallsbrúnir í Kvennaskálatind, Bæjartind, Þverártind og að jökulrönd. Með mörkum Vatnajökulsþjóðgarðs að Staðarfjalli.



Mikilvægustu svæði: Steinadalur og norðausturbrekkur Staðarfjalls.

Svæðislýsing: Dalir og fjalllendi, með skógum, graslendi og lítt grónu bersvæði.

Núverandi landnotkun: Frístundabyggð, beit, útivist.

Ógnir: Trjárækt þar sem töluvert hefur verið plantað af innfluttum trjám. Lúpína er á svæðinu og gæti breitt úr sér. Frístundabyggð.

Nauðsynlegar aðgerðir: Birkiskógurinn ætti að fá að vaxa villtur og fá að þróast eftir eigin lögmálum. Ekki skal hirða um hann eins og um nytjaskóg væri að ræða því dauðir trjádrumbar geta verið mikilvæg búsvæði fyrir ákveðnar lífverur. Stöðva ætti innflutning framandi tegunda inn á svæðið. Ekki ætti að skipuleggja landnotkun á svæðinu sem felur í sér jarðrask. Ekkert er því til fyrirstöðu að hefðbundinni nýtingu landsins í þágu landbúnaðar verði haldið áfram, þ.e. til beitar búfénaðar.

Forsendur fyrir friðlýsingu: Birkiskógur með fjölbreyttum ásætufléttum en á birkinu og fauskum þess má finna flestar sjaldgæfar ásætufléttur sem helst hafa útbreiðslusvæði sitt um austan- og suðaustanvert landið. Birkið er sérstakt, vex vel og virðist spretta betur en birki frá

öðrum skógum sem prófað var í tilraun Skógræktar ríkisins (Aðalsteinn Sigurgeirsson, munnl. uppl.). Einnig má finna nokkrar sjaldgæfar plöntutegundir á svæðinu eins og fjöllaufung (*Athyrium filix-femina*), dúnhulstrastör (*Carex pilulifera*) og stóraburkna (*Dryopteris filixmas*).


Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengi	Válisti	Forsendur verndar
Klettaburkni	*Asplenium viride*	Háplanta	Sjaldgæf	VU	Einn af átta fundarstöðum
Birkiskegg	*Bryoria fuscescens*	Flétta			Einn af nokkrum fundarstöðum
Flathyrna	*Evernia prunastri*	Flétta			Eini fundarstaðurinn
Flatþemba	*Hypogymnia physodes*	Flétta			Einn af allmörgum fundarstöðum
Pípuþemba	*Hypogymnia tubulosa*	Flétta			Einn af allmörgum fundarstöðum
Elgshyrna	*Pseudevernia furfuracea*	Flétta			Einn af fjórum fundarstöðum
Ljósaskegg	*Usnea subfloridana*	Flétta			Einn af tveimur fundarstöðum
Krypplugrös	*Tuckermannopsis chlorophylla*	Flétta			Einn af allmörgum fundarstöðum
Gullinvarp	*Vulpicida pinastri*	Flétta			Einn af fjórum fundarstöðum

II. Dýrasvæði.

a. Undirhlíðar í Nesjum. Búsvæði tröllasmiðs.

Svæðið sem lagt er til að verði friðlýst er um 20 km2, eða sem svarar 19.980 ha, að stærð í sveitarfélaginu Hornafirði. Hluti svæðisins skarast á við svæði 628 á náttúruminjaskrá sem er Laxárdalur, með fjölbreyttum og litríkum jarðmyndunum, mýrlendi og vötnum og talsverðu fuglalífi. Einnig kemur það inn á svæði 653 sem er fjalllendið utan Skarðsdals sem er á skránni vegna fagurs fjalllendis með margvíslegum bergtegundum.

Markmið friðlýsingarinnar: Verndun búsvæðis fyrir stærstu bjöllutegund landsins, íslenskan tröllasmið *Carabus problematicus islandicus* sem er staðbundinn í brekkurótum fjalla frá Hoffelli og austur fyrir Almannaskarð. Með verndun svæðisins er tegundinni tryggt athvarf til að dafna áfram á eigin forsendum eins og hann hefur gert um aldir. Einnig er friðlýsingin í samræmi við 2010 markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni.



Mörk: Brekkurætur fjalla frá austanverðum Hoffellsdal suður fyrir Rustanöf, að meðtöldum Laxárdal.

Fundarstaðir: Tröllasmiðir hafa aðeins fundist í Nesjum á Suðausturlandi. Flestir hafa fundist nálægt brekkurótum fjallanna allt frá Hoffelli og austur fyrir Almannaskarð. Ekki er um það kunnugt hvort hann sé að finna fjær fjöllunum. Hann heldur sig í þurrlendinu, þ.e gras- og mólendi, og leitar gjarnan skjóls undir steinum undir brekkunum.

Forsendur friðlýsingar: Tröllasmiður er stærsta bjöllutegund sem finnst á Íslandi og um leið eitt stærsta skordýrið. Hann er talinn hafa lifað í landinu frá fornu fari og er það rökstutt með

rannsóknarniðurstöðum Lindroths (1968) sem bar íslensk eintök saman við eintök frá nágrannalöndum. Í ljós kom að íslenski tröllasmiðurinn er það frábrugðinn að hann verðskuldaði að vera skilgreindur sem sérstök undirtegund (*C. p. islandicus*). Talið er að það taki aldir fyrir undirtegund að myndast. Tröllasmiður er mjög staðbundinn og því viðkvæmur fyrir raski á heimkynnunum.

Núverandi landnotkun: Landbúnaður.

Ógnir: Jarðrask, t.d. efnistaka og túnrækt.

Nauðsynlegar aðgerðir: Tryggja þarf að sem minnst rask verði á því umhverfi sem tröllasmiður lifir í við brekkurætur fjallanna. Ekkert er því til fyrirstöðu að hefðbundinni nýtingu landsins í þágu landbúnaðar verði haldið áfram, þ.e. til beitar búfénaðar. Hins vegar ber að forðast allt rask á landinu, svo sem efnistöku og túnrækt.

Annað: Tröllasmiður er heimafólki kunnur og hefur gengið undir heitinu tordýflamóðir. Ekki er vitað hversu gamalt það heiti er en elstu menn í sveitinni ólust upp við það. Tordýfill er staðbundið heiti á járnsmið (*Nebria rufescens*) sem er náinn ættingi og áþekkur að sköpulagi en miklu minni. Það skýrir tilvísunina til móður.

b. Tjarnir á Innri-Hálsum. Búsvæði tjarnarklukku.

Svæðið sem lagt er til að verði friðlýst er um 1 km^2, eða 146 ha, að stærð og er staðsett í Djúpavogshreppi. Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá.

Markmið friðlýsingarinnar: Verndun búsvæðis tjarnarklukku *Agabus uliginosus*, sem er ein fárra tegunda vatnabjallna sem er að finna hér á landi og hefur aðeins fundist í tjörnum á Innri-Hálsum ofan Djúpavogs. Tjarnirnar búa yfir afar fjölskrúðugu smádýralífi og þar finnast nokkrar aðrar tegundir vatnabjallna. Svæðið hefur mikið rannsóknargildi. Með verndun svæðisins er tegundinni tryggt athvarf til að dafna áfram á eigin forsendum. Einnig er friðlýsingin í samræmi við 2010 markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni.



Mörk: Útmörk svæðisins eru dregin um 120 m hæðarlínu utan um Innri-Hálsa.


Svæðislýsing: Innri-Hálsar eru austan Búlandsdals ofan við Djúpavog og ná upp í um 160 m hæð. Á hálsinum er fjöldi smátjarna af ýmsu tagi sem iða af lífi. Sumar eru mjög gróðurríkar en minni gróður í öðrum.

Forsendur friðlýsingar: Tjarnir á Berufjarðarhálsi eru eina þekkta búsvæði tjarnarklukku *Agabus uliginosus* hér á landi en tegundin er ein fárra tegunda vatnabjallna sem er að finna hér á landi. Hún er góður fulltrúi fyrir íslensk skordýr sem ala mestan sinn aldur í vatni. Hún er fágæt og staðbundin á áhugaverðum stað og lifir í tjörnum sem verðskulda nánari rannsóknir. Aðrar tegundir vatnabjallna sem finnast á svæðinu í ríkum mæli eru brunnklukka *Agabus bipustulatus*, fjallaklukka *Colymbetes dolabratus* og lækjaklukka *Hydroporus nigrita*.

Núverandi landnotkun: Sauðfjárbeit.
Ógnir: Engar yfirvofandi.
Nauðsynlegar aðgerðir: Eftir heldur yfirborðskennda skoðun 1990 virðast smátjarnirnar á Berufjarðarhálsi gefa ástæðu til frekari rannsókna. Ekki er kunnugt um aðsteðjandi ógnanir við tjarnasvæðið uppi á Berufjarðarhálsi enda ekki auðvelt að nýta það á annan hátt en til sauðfjárbeitar. Hins vegar er æskilegt að draga fram mikilvægi svæðisins fyrir fágæta tegund sem og aðra ættingja hennar.
Annað: Tilvist tjarnarklukku var staðfest árið 1935 þegar skordýrasafnaranum Geir Gígja var vísað á staðinn þar sem heimamenn höfðu orðið varir við óvenjulitlar brunnklukkur í Tjörn á Berufjarðarhálsi. Lék þá grunur um að tegundin hefði borist þangað skömmu áður (Larsson & Gígja, 1959). Engin rök eru fyrir þeirri tilgátu. Hálfdán Björnsson, Kvískerjum, kom á staðinn í september 1970 og fann bjöllurnar á sínum stað. Hann kom þangað aftur í júní 1990 ásamt Erling Ólafssyni og fundu þeir tjarnarklukkur í allnokkrum tjörnum á svæðinu. Þrátt fyrir að bjöllurnar hafist vel við á hálsinum hefur þeirra ekki orðið vart annars staðar á landinu til þessa.

c. Hvannstóð undir Reynisfjalli. Búsvæði brekkubobba.

Svæðið sem lagt er til að verði friðlýst er um 3 km^2, eða um 301 ha, að stærð og er staðsett í Mýrdalshreppi. Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá.
Markmið friðlýsingarinnar: Verndun búsvæðis fyrir brekkubobba *Cepaea hortensis* sem er sjaldgæfur landhryggleysingi hér á landi sem hefur líklega verið hér þegar á landnámsöld og e.t.v. fyrr. Búsvæði hans er einnig mikilvægt fyrir aðra hryggleysingja og fyrir hagamúsina, heimsins stærstu skógarmús, sem er friðuð samkvæmt lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Með verndun svæðisins er tegundinni tryggt athvarf til að dafna áfram á eigin forsendum. Einnig er friðlýsingin í samræmi við 2010 markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni.



Mörk: Hlíðar Reynisfjalls að austanverðu. Að vestan miðast mörk við kletta en að austan við Víkurá.
Fundarstaðir og mikilvægasta svæðið: Brekkubobbi hefur fundist með vissu á nokkrum stöðum syðst á landinu, frá Drangshlíð undir Eyjafjöllum og austur að Höfðabrekku í Mýrdal. Einnig hefur hann fundist í Heimaey. Þrír aðrir staðir hafa verið tilteknir á SV- og SA-landi en þar hafa brekkubobbar ekki fundist síðan svo ólíklegt má telja að þeir lifi þar lengur ef þeir hafa þá nokkurn tímann átt þar fastan samastað. Töluvert finnst af brekkubobbum í ríkulegum gróðri uppi undir klettum við bæinn Drangshlíð. Að lokum er töluvert um brekkubobba í hvannstóðum og á aðliggjandi klettum við rætur Reynisfjalls, við byggðina í Vík, og er lagt til að það svæði verði nú friðlýst. Ekki er vel kunnugt um fjölda þeirra á öðrum fundarstöðum.

Forsendur friðlýsingar: Brekkubobbi er góður fulltrúi fyrir fágæta landhryggleysingja hér á landi. Brekkubobbi er staðbundinn á landinu en töluvert er um hann þar sem hann finnst. Hann er stór og vel sýnilegur fólki og vekur aðdáun fyrir fallegt randaskraut. Búsvæði hans er einnig mikilvægt fyrir aðra hryggleysingja. Bæði er þar fjölbreytt smádýralíf og fjöldi smádýranna mikill.

Í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar (1772) má lesa lýsingar sem benda til þess að þeir félagar hafi fengið pata af brekkubobbum á ferðalögum sínum um landið. Því er mögulegt að tegundin hafi verið hér viðloðandi allt aftur til landnámsaldar. Hún getur jafnvel hafa borist til landsins fyrr með fuglum, en um það er ekki vitað.

Núverandi landnotkun: Landbúnaður og garðrækt.

Ógnir: Engar yfirvofandi.

Nauðsynlegar aðgerðir: Rétt er að benda á mikilvægi hvannstóða í Vík í Mýrdal fyrir velferð brekkubobba. Ríkulegur gróðurinn, verndunin sem hann veitir sem felustaður og með því að viðhalda raka er afgerandi fyrir brekkubobbann. Bobbar af þessu tagi eru eftirsóttir af fuglum, ekki síst þröstum, og eru felustaðirnir í hvönninni brekkubobbanum því mikils virði. Því skal lögð áhersla á að hvannstóðin undir Reynisfjalli fái að dafna óskert.

III. Vistgerðir á hálendinu.

Tvær vistgerðir á hálendinu verði friðaðar:

a. Rústamýravist.

Verndun hennar verði m.a. tryggð með því að:

– stækka friðlönd í Þjórsárverum,

– friða Orravatnsrústir.

b. Breiskjuhraunavist.

Verndun hennar verði m.a. tryggð með því að:

– svæði í Skaftártungum og á Síðuafrétti verði friðuð sem hluti Vatnajökulsþjóðgarðs.

a. Rústamýravist.

Lagt er til að rústamýravist á hálendi Íslands verði vernduð. Um er að ræða vel gróin votlendi til fjalla samsett úr mörgum ólíkum gróðursamfélögum. Vistgerðin er vel afmörkuð og staðbundin. Rústamýravist er að finna innan marka friðlandanna í Þjórsárverum og Guðlaugstungum og einnig innan nokkurra svæða á náttúruminjaskrá.

Markmið með friðlýsingunni: Verndun staðbundinnar vistgerðar á hálendinu sem telst alþjóðlega verndarþurfi en rústamýrum fer fækkandi hér á landi. Vistgerðin þykir óvenjufjölbreytt miðað við aðrar þekktar vistgerðir á hálendinu og hefur verulegt vísindalegt gildi. Rústamýrar hafa einnig sérstakt verndargildi vegna þess að þær eru meðal þeirra búsvæða sem talin eru í hættu af aðildarþjóðum Bernarsamningsins og njóta því sérstakrar verndar. Í 4. gr. Bernarsamningsins eru ákvæði um verndun búsvæða. Þar er m.a. kveðið á um að tryggja verndun búsvæða þeirra tegunda sem nefndar eru í 1. og 2. viðauka samningsins, svo og þeirra vistgerða sem eru í hættu. Aðildarþjóðunum er jafnframt falið að forðast eða draga eins og kostur er að skerða slík svæði. Verndunin er einnig liður í að stuðla að stöðvun skerðingar líffræðilegrar fjölbreytni fyrir árið 2010, sbr. markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni.

Útbreiðsla: Rústamýravist er bundin við miðhálendið í yfir 450–500 m hæð á svæðum þar sem loftslag er kalt, úrkoma lítil, grunnvatnsstaða há, jarðvegur þykkur og að meiri hluta líffrænn. Hún er útbreidd norðan Vatnajökuls á Vesturöræfum, Fljótsdalsheiði og Jökuldalsheiði. Síðan umhverfis Hofsjökul og vestur að Langjökli, þ.e. í Þjórsárverum sunnan Hofsjökuls, Orravatnsrústum norðan hans og í Guðlaugstungum og Álfgeirstungum norðvestan jökulsins.

Rústamýrar með dreifðum rústum er einnig að finna norðan og sunnan þessa aðalsvæðis. Víðáttumestu og fjölbreyttustu rústasvæði á landinu eru í Þjórsárverum og í Guðlaugstungum.

Lýsing á vistgerð: Rústamýravist er hallalítið, vel gróið votlendi, hátt til fjalla, samsett úr mörgum gróðurfélögum. Yfirborð er breytilegt með tjörnum, flóa- og mýrasundum, lækjum, lækjadrögum og rústum með klakalinsum. Rústirnar eru sérkennilegar bungur sem lyfst hafa upp úr votlendinu og þornað. Þær eru mismunandi að stærð, lögun og gróðurfari. Á þeim er oft mikill fléttugróður. Háplöntuflóra í rústamýrum er fjölbreytt og spannar allt frá þurrlendisgróðri yfir í votlendisgróður. Gróska og hæð gróðurs er breytileg.

Jarðvegur: Jarðvegur í rústamýrum er þykkur, að mestu leyti lífræn jörð en áfoksjörð kemur fyrir allvíða. Sífreri er algengur í jörðu. Magn kolefnis í jarðvegi er breytilegt en að jafnaði mikið en sýrustig lágt miðað við aðrar vistgerðir.

Plöntur: Ríkjandi tegundir eru mismunandi eftir því hvort um er að ræða rústir, tjarnir, mýrar eða flóa. Þekjumiklar háplöntutegundir eru grávíðir, hálmgresi, stinnastör, grasvíðir, klóelfting, kornsúra, klófífa og hengistör. Algengustu mosategundir eru *Sanionia uncinata*, *Warnstorfia sarmentosa*, *Sphagnum teres*, *Straminergon stramineum* og *Warnstorfia exannulata*.

Sjaldgæfar plöntutegundir á landsvísu eru mosinn heiðahnubbi *Didymodon asperifolius* og fléttan *Biatora helvola*.

Fuglar: Varp mófugla er mjög þétt (41,4 pör/km^2) í rústamýravist en tegundir fremur fáar. Lóuþræll og heiðlóa eru einkennistegundir. Þúfutittlingur er einnig mjög áberandi og hvergi eins algengur á hálendinu (12,1 par/km^2) og í rústamýravist. Andfuglar eru einnig áberandi, einkum heiðagæsir og eru rústamýrar landsins meðal mikilvægustu varpsvæða þessarar tegundar á landinu og þar með í heiminum. Álftir eru líka algengar, sem og hávella og kjói.

Smádýr: Smádýralíf er lýsandi fyrir aðstæður í rústamýravist og einkennist af votlendistegundum, þó tegundir sem lifa að öllu jöfnu í þurrara umhverfi og aðrar sem alast upp í tjörnum auki á fjölbreytileikann. Tvívængjan mókryppa *Megaselia sordida* er afgerandi algengust, einkum í virkum rústamýrum. Tvívængjan *Themira dampfi,* sem elst m.a. upp í gæsaskít, er sömuleiðis algeng. Aðeins ein bjöllutegund telst algeng, þ.e. mýruxi *Atheta graminicola*. Hélukeppur *Otiorhynchus nodosus* lifir á þurrum og raklendum rústakollum og gullsmiður *Amara quenseli* þar sem rof er í kollana. Fjallaklukka *Colymbetes dolabratus* er í tjörnunum. Sníkjuvespur eru fágætar nema *Aclastus gracilis* sem verpir í eggjapoka köngulóa. Vorflugan tjarnahulstra *Limnephilus picturatus* elst upp í tjörnunum. Köngulóafána er fáskrúðug.

Núverandi landnotkun: Beitilönd, orkuvinnslusvæði, útivist.


Ógnir: Rústum fer fækkandi hér á landi, einkum vegna loftslagsbreytinga. Einnig eru hugmyndir um virkjanir sem ógnað geta tilvist sumra rústamýra landsins.

Nauðsynlegar aðgerðir: Framkvæmdir sem raskað geta rústamýrum eða ógnað tilvist þeirra, m.a. mannvirkjagerð og jarðrask, skulu ekki heimilar.

Forsendur friðlýsingar: Útbreiðsla rústamýravistar takmarkast við loftslagsleg mörk hennar og geta litlar breytingar í umhverfi haft verulegar afleiðingar á tilvist hennar. Rústamýrum fer fækkandi hér á landi, m.a. vegna loftslagsbreytinga. Í rústamýravist er fjölbreytileiki gróðursamfélaga og tegundafjölbreytni plantna óvenjumikil miðað við aðrar vistgerðir sem skoðaðar hafa verið á hálendinu. Þá er vistgerðin afar mikilvæg til viðhalds varpstofns heiðagæsar sem sækir í að verpa á svæðum þar sem rústamýrar eru. Rústamýravist hefur alþjóðlegt verndargildi. Hún hefur einnig hátt vísinda- og fræðslugildi og þolir illa rask af ýmsu tagi.

Friðun svæða: Lagt er til að tilgreind verði og vernduð lykilsvæði fyrir *rústamýravist* á hálendi Íslands. Þar yrðu allar framkvæmdir og athafnir sem leitt geta til röskunar á vistgerðinni

fortakslaust bannaðar. Alls er um að ræða þrjú svæði og eru tvö þeirra þegar friðuð að hluta með einhverjum hætti. Breyta þarf mörkum og stækka sum þeirra til að tilætluðum markmiðum um verndun lykilsvæða verði náð.




Þjórsárver.

Lagt er til að mörk friðlandsins í Þjórsárverum verði færð út þannig að það nái yfir allt votlendi veranna, sbr. meðfylgjandi kort, og verði alls um 1.152 km^2, eða um 115.160 ha. Þar með mundu bætast við nokkur rústamýrasvæði sem eru utan friðlandsins auk þess sem ákvæði stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar um verndun hins sérstæða votlendis veranna væru uppfyllt. Jafnframt yrðu friðlýsingarskilmálar styrktir og bann lagt við röskun innan svæðisins.

Orravatnsrústir.

Hér er að finna sérstæðasta freðmýrasvæði landsins. Lagt er til vernda um 73 km^2 svæði umhverfis Orravatnsrústir. Þar með yrði meginþorri rústamýra á þessum slóðum innan marka friðlands. Austari-Pollar, austan Jökulsár eystri, yrðu þó undanskildir. Mörkin mundu ná frá Jökulsá í suðri, þar sem hún sveigir við Illviðrahnjúka, og norður fyrir Reyðarvatn. Í vestri mundu mörkin teygjast eftir vatnaskilum norður um Bleikáluháls og í austri sömuleiðis fylgja vatnaskilum rústamýrasvæðisins við Orravatn. Verndarákvæði væru hliðstæð þeim sem gilda munu um Þjórsárver og Guðlaugstungur.



b. Breiskjuhraunavist.

Lagt er til að breiskjuhraunavist á hálendi Íslands verði vernduð. Um er að ræða mjög sjaldgæfa og fremur staðbundna vistgerð sem mótast af fágætum aðstæðum þar sem undirstaðan er víðast hvar afar hrjúft, ungt hraun, með hryggjum og gjótum. Áfok er lítið en úrkoma mikil. Breiskjuhraunavist er að finna í Skaftáreldahrauni, að hluta til við Laka innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

Markmið með friðlýsingunni: Verndun staðbundinnar og afar sjaldgæfrar vistgerðar á hálendinu í einu stærsta hrauni sem runnið hefur á sögulegum tíma á jörðinni. Vistgerðin þykir afar sérstæð og fjölbreytt miðað við þekktar vistgerðir á hálendinu. Verndun breiskjuhraunavistar er liður í að stuðla að stöðvun skerðingar

líffræðilegrar fjölbreytni fyrir árið 2010, sbr. markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni.

Útbreiðsla: Í rannsóknum hefur breiskjuhraunavist enn sem komið er aðeins fundist á hálendi Suðurlands á afréttum Skaftártungu og Síðumanna, þar sem hún þekur stór svæði í Skaftáreldahrauni. Þessari vistgerð hefur ekki verið lýst annars staðar en hér á landi.

Lýsing á vistgerð: Allvel grónar hallalitlar hraunbreiður, einkum á svæðum með ríkulegri úrkomu. Gróður er mjög lágvaxinn (<5 cm) og einkennist af breiskjufléttum (*Stereocaulon*) og mosunum melagambra (*Racomitrium ericoides*) og hraungambra (*R. lanuginosum*) en háplöntur vaxa á stangli. Á snjóléttum stöðum í vistgerðinni, svo sem á gígum, bungum og rindum, er hraungambri ráðandi en þar sem snjór liggur lengur tekur fyrst við melagambri en síðan hélumosi, sem verður ráðandi í lægðum. Breiskjufléttur eru yfirleitt mjög áberandi og mynda víða töluverða þekju. Víðast hvar er hraunið úfið en sums staðar eru sléttar hraunhellur. Yfirborð er yfirleitt stöðugt. Í hrauninu er mikill breytileiki þar sem hryggir, kollar, rindar, drangar, dryli, traðir, rásir, gjótur, glufur og smáhellar skapa fjölbreytileika. Þar finnast einnig melablettir, vikurhólar og vikurskellur. Háplöntuflóra er fremur fábreytt en mosa- og fléttutegundir hlutfallslega margar.

Jarðvegur: Klapparjörð er ráðandi jarðvegsgerð en nokkuð er einnig af sandjörð. Jarðvegur er þunnur, kolefnisinnihald fremur lágt og sýrustig í meðallagi miðað við aðrar vistgerðir.

Plöntur: Af lágplöntum eru melagambri, hraungambri, hélumosi og breiskjufléttur ríkjandi. Af háplöntum er grasvíðir með langmesta þekju en einnig eru lotsveifgras, kornsúra og snæsteinbrjótur algengar. Tófugras hefur ekki mikla þekju en er hins vegar mjög einkennandi fyrir vistgerðina. Algengar mosategundir eru margar, þeirra á meðal eru *Racomitrium ericoides*, *Anthelia juratzkana*, *Lophozia sudetica*, *Lophozia ventricosa*, *Gymnomitrion concinnatum*, *Racomitrium lanuginosum*, *Dicranoweisia crispula* og *Sanionia uncinata*.

Algengustu fléttutegundir eru *Stereocaulon arcticum*, *Porpidia flavicunda*, *Lecanora polytropa*, *Stereocaulon vesuvianum*, *Cladonia borealis*, *Ochrolechia frigida*, *Rhizocarpon geographicum*, *Solorina bispora* og *Baeomyces rufus*.

Sjaldgæfar plöntutegundir á landsvísu eru mosarnir brúnkólfur *Gymnomitrion apiculatum*, rindagletta *Marsupella adusta*, fjallagambri *Racomitrium microcarpon*, fjallasigð *Sanionia georgico-uncinata* og mjallmosi *Sauteria alpina* og flétturnar *Euopsis pulvinata*, *Polyblastia terrestris*, *Pronectria solorinae*, *Raciborskiomyces peltigericola* og *Rhizocarpon parvum*.

Fuglar: Fuglalíf er fremur fábreytt. Mófuglar eru mest áberandi, aðallega heiðlóa og sendlingur. Snjótittlingur er algengastur og er þéttleiki hans meiri en skráður hefur verið í öðrum vistgerðum hér á landi.

Smádýr: Smádýralíf er afar sérstætt og fjölbreytt. Skán sem einkennir gróðurfar í gjótunum skapar undirstöðu þessarar sérstöku fánu. Sveppamý (ættin *Mycetophilidae*) er algjörlega ríkjandi en lirfur þess nærast á sveppum í skáninni. Þar er í fararbroddi tegundin *Exechia frigida* sem hvergi annars staðar finnst í viðlíka fjölda og í þessari vistgerð. Aðrar tegundir eru einnig algengar, t.d. *Allodia embla* og *Mycomya islandica*. Tvívængjan mókryppa (*Megaselia sordida*) er einkar algeng, einnig er heiðakryppa (*Megaselia clara*) áberandi, en hún er annars frekar fágæt á landinu og hvergi eins áberandi og þarna. Þriðja krypputegundin, *Megaselia humeralis*, er mjög sjaldgæf á landsvísu en töluvert er af henni í breiskjuhraunum. Af mjög algengum tvívængjum ber að nefna *Spilogona megastoma*, *S. alpica*, *Delia echinata*, *Zaphne frontata*, *Scathophaga furcata* og *Coenosia pumila*. Nokkrar bjöllutegundir eru áberandi, t.d. járnsmiður (*Nebria rufescens*), hélukeppur (*Otiorhynchus nodosus*), víðiglytta (*Phratora pol-*

aris) og dreyruxi (*Acidota crenata*). Nokkrar tegundir æðvængja eru algengar, þ.e. sníkjuvespurnar *Plectiscidea hyperborea*, *Barycnemis bellator*, *Nodisplata diffinis* og *Aclastus gracilis*. Köngulóafánan er lýsandi fyrir raklendar aðstæður. Kembuló (*Collinsia holmgreni*) er algengust og freraló (*Hilaira frigida*) fylgir fast á eftir. Langleggur (*Mitopus morio*) er algengur.

Smádýr, sem eru sjaldgæf á landsvísu, eru tvívængjurnar *Megaselia humeralis*, *Pegomya ichterina* og *Graphomya maculata*.


Núverandi landnotkun: Afréttur, útivist. Vistgerðin er að stórum hluta til innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

Ógnir: Vistgerðin er viðkvæm fyrir öllu jarðraski.

Nauðsynlegar aðgerðir: Framkvæmdir sem raskað geta breiskjuhraunavist, m.a. mannvirkjagerð og jarðrask, skulu ekki heimilar. Eðlilegt er að mörkum Vatnajökulsþjóðgarðs verði breytt þannig að hann nái til vistgerðarinnar í Skaftártungum og á Síðuafrétti.

Forsendur friðlýsingar: Útbreiðsla breiskjuhraunavistar er afar takmörkuð því hún er sjaldgæf og mjög staðbundin. Vistgerðin er sérstök, bæði ásýndar og að samsetningu. Til að mynda er gróðurfar svæðisins mjög ólíkt gróðurfari annars staðar. Þar er að finna margar algengar tegundir mosa og fléttna en einnig nokkrar sjaldgæfar tegundir. Smádýralíf er afar sérstætt og fjölbreytt. Vistgerðin er lítt snortin, samfelld og víðáttumikil. Hún hefur mikið útivistar-, fræðslu- og vísindagildi. Vistgerðin sem er hluti af Skaftáreldahrauni hefur mikið verndargildi á Íslandi og sennilega einnig á heimsvísu.

Friðun svæða: Lagt er til að tilgreind verði og vernduð lykilsvæði fyrir *breiskjuhraunavist* á hálendi Íslands. Þar yrðu allar framkvæmdir og athafnir sem leitt geta til röskunar vistgerðarinnar fortakslaust bannaðar. *Breiskjuhraunavist* hefur ekki verið lýst utan Íslands og óvíst er hvort hana sé að finna annars staðar. Hér hefur hún einungis fundist á miðhálendinu, ofarlega í vestari álmu Skaftáreldahrauns og er þar útbreidd og áberandi. Til að ná tilætluðum markmiðum um verndun lykilsvæðis *breiskjuhraunavistar* þarf að breyta mörkum Vatnajökulsþjóðgarðs og stækka hann út í Skaftáreldahraun.



Skaftáreldahraun.

Styrkja á verndarstöðu vistgerðarinnar innan núverandi marka Vatnajökulsþjóðgarðs en mikið er af *breiskjuhraunavist* í þeim hluta garðsins sem tilheyrði áður friðlandi umhverfis Lakagíga. Gert er ráð fyrir að breyta mörkum þjóðgarðsins lítillega til að ná utan um drjúgan hluta útbreiðslusvæðis vistgerðarinnar.


IV. Jarðfræðisvæði.

a. Langisjór og Tungnaárfjöll, sameining Vatnajökulsþjóðgarði.

Svæðið sem lagt er til að verði friðlýst er 404 km^2 að flatarmáli (40.400 ha) og tilheyrir Skaftárhreppi. Það liggur í þeim hluta austurgosbeltisins þar sem eldvirkni einkennist af mjög löngum gossprungum, bæði gígaröðum frá nútíma og móbergshryggjum frá síðasta hlýskeiði ísaldar.

Eitt helsta sérkenni eldvirkni í austurgosbeltinu eru langar og beinar gossprungur suðvestur af Vatnajökli. Margar eru tuga kílómetra langar og þær lengstu meira en 60 km. Gígaraðir frá sögulegum tíma njóta nú þegar nokkurrar verndar. Lakagígar (frá árunum 1783–1784) eru innan Vatnajökulsþjóðgarðs og syðsti hluti Veiðivatnagíga (frá 1477) og Vatnaalda (frá því um 870) nær suður fyrir Tungnaá, inn í Friðland að Fjallabaki. Veiðivatnagígar norðan Tungnaár og Vatnaöldur að hálfu eru á náttúruminjaskrá (svæði 707) og um fjórðungur Eldgjársprungunnar (frá því um 940) er einnig á skránni (svæði 706). Móbergshryggir sem eru hliðstæðar gosmyndanir frá ísöld njóta aðeins mjög takmarkaðrar verndar. Snjóöldufjallgarður, Grænifjallgarður og suðurhluti Kattarhryggjar eru innan svæða sem eru á náttúruminjaskrá.

Til að styrkja verndun þessarar jarðfræðilegu heildar er lagt til að móbergshryggirnir, Grænifjallgarður og Fögrufjöll, auk hryggjanna vestan við Langasjó sem ekki bera sérstakt nafn verði í framtíðinni innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Þessir hryggir, ásamt Kattarhrygg og Snjóöldufjallgarði, sem liggja sinn hvorum megin Tungnaár, eru mestu móbergshryggir landsins og jarðmyndanir af þessu tagi er ekki að finna annars staðar á jörðinni. Þá er norðausturhluti Eldgjár innan svæðisins. Á austasta hluta þess er Langisjór, eitt stærsta ósnortna stöðuvatnið á hálendi landsins (25 km^2), rómaður fyrir náttúrufegurð.



Alþjóðlegt jarðfræðiheiti móbergshryggja er íslenska orðið „tindar“. Svæðið suðvestur af Vatnajökli, Tungnaárfjöll og nágrenni, er einkennissvæði „tinda“.

Markmið friðlýsingarinnar: Að friðlýsa svæði sem hefur að geyma einstakar jarðmyndanir sem hafa búið til og mótað afar sérstætt landslag, tilkomumikil víðerni og sérstæðar vistgerðir. Með friðlýsingunni er stuðlað að verndun alþjóðlega mikilvægra jarðminja. Verndun svæðisins er einnig í samræmi við landslagssáttmála Evrópu sem leggur áherslu á að náttúrulegt landslag sé mikilvægur hluti þjóðararfleifðar hvers lands, en einnig sameiginleg arfleifð Evrópu. Þá er verndun vistgerða liður í að stöðva skerðingu líffræðilegrar fjölbreytni fyrir árið 2010, sbr. markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni.

Mörk: Austurmörk svæðisins fylgja mörkum friðlandsins við Lakagíga. Frá suðurenda friðlandsins til suðvesturs að veginum um Fjallabaksleið nyrðri um 1 km austan við Eldgjá. Síðan með veginum til norðvesturs að vegamótum í Faxasund. Þaðan um hápunkt Breiðbaks og í Vatnajökul.

Svæðislýsing: Landslag á svæðinu einkennist af löngum fjallahryggjum sem liggja frá suðvestri til norðausturs. Sums staðar eru fjallahlíðar grænar af mosagróðri en að stærstum

hluta er landið brúnt og svart yfir að líta. Brúnn litur fjallanna á rætur að rekja til móbergs en svarti liturinn sem einkennir neðri hluta fjallanna, dalbotna og nánast allt flatlendi, stafar af svörtum vikri sem féll yfir svæðið í Veiðivatnagosi árið 1477. Rennandi vatn er takmarkað nema með jaðri Vatnajökuls og austan til á svæðinu fellur Skaftá um breiða aura ofan til en neðar um þröngan farveg á hraunasvæði. Í lægð milli móbergshryggja er Langisjór og frá honum fellur Útfall til Skaftár.

Víðáttumestu vistgerðirnar á svæðinu eru sanda- og vikravist og melavistir sem eru útbreiddastar milli Langasjós og Tungnaár og austan Skaftár sunnan við Lyngfellsgíga. Einnig eru stór svæði með breiskjuhraunavist sem er eingöngu í Skaftáreldahrauni austan Skaftár. Allstór svæði eru með eyravist með Skaftá, mosamóavist í Fögrufjöllum og á landi næst byggðinni og svo melagambravist sem einkum finnst í norðanverðum Fögrufjöllum, neðanverðum Grænafjallgarði og víðar. Í öllum þessum vistgerðum er jarðvegur kolefnisrýr en sýrustig hátt, sem er einkennandi fyrir ung vistkerfi. Tegundafjölbreytileiki gróðurs er lítill hvað háplöntur varðar en mosaflóra er víða fjölbreytt. Sérstæðasta vistgerðin er breiskjuhraunavist, sem er sjaldgæf og staðbundin.

Núverandi landnotkun: Ferðamennska, ferðaþjónusta og landbúnaður.

Ógnir: Virkjunaráform.

Forsendur friðlýsingar: Langir móbergshryggir úr basalti, myndaðir við sprungugos undir jökli á ísöld, einkenna svæðið. Ríkjandi berggerð í hryggjunum er móberg og þursaberg ásamt bólstrabergi. Hryggirnir eru myndaðir í mörgum eldgosum og hafa gosefnin iðulega lagst yfir efni úr eldri gosum. Stefna hryggjanna er nær alltaf hin sama (N40–42°A). Yngstu hryggirnir eru mest áberandi, t.d. Grænifjallgarður og Fögrufjöll. Eldgjársprungan liggur um svæðið austanvert en hún er lengsta gígaröð sem gosið hefur á landinu á sögulegum tíma, um 60 km, auk þess sem hún hverfur undir áraura í norðaustri og Mýrdalsjökul í suðvestri. Móbergshryggirnir eru ísaldarásýnd hinna löngu gossprungna sem einkum eru áberandi á svæðinu milli Tungnaár og Þórisvatns, svo sem Veiðivatnasprungan og Vatnaöldur. Austan við svæðið eru svo Lakagígar. Engin megineldstöð er á svæðinu og allar gosmyndanir úr basalti. Þessar löngu gossprungur tengjast stóru megineldstöðvunum suðvestan við svæðið (t.d. Torfajökli og Mýrdalsjökli) og norðaustan þess (t.d. Bárðarbungu og Grímsvötnum).

Norðaustan við Langasjó falla vesturkvíslar Skaftár undan Tungnaárjökli og þaðan suðvestur með Fögrufjöllum að austan. Undanfarna áratugi hafa orðið miklar breytingar á farvegi Skaftár á svæðinu milli Fögrufjalla og Lakagíga vegna mikils aurburðar í Skaftárhlaupum. Aurburður Skaftárhlaupa veldur því að nyrsti hluti Eldgjársprungunnar hverfur smám saman ásamt hraunum frá Lakagígum. Hér fer fram einstakt samspil jarðelds og jökla við mótun landsins.

Stöðuvatnið Langisjór liggur í löngum dal milli tveggja móbergshryggja. Vatnið er um 20 km langt og víðast um 1–2 km breitt. Vatnið og umhverfi þess er þekkt fyrir náttúrufegurð þar sem dökkbrúnt móbergið ásamt svörtum vikrinum frá gosinu í Veiðivötnum árið 1477 kallast á við tært fjallavatnið og mosagróður í fjallahlíðum.

Innan svæðisins eru sérstæðar vistgerðir, sanda- og vikravist og breiskjuhraunavist, en sú síðarnefnda hefur hátt verndargildi á Íslandi og sennilega einnig á heimsvísu. Vistgerðin er lítt snortin, samfelld og víðáttumikil. Hún hefur hátt útivistar-, fræðslu- og vísindagildi.

V. Tegundalistar yfir plöntutegundir.

Háplöntur.

Háplöntur sem þarfnast verndar: verndarstaða, fjöldi fundarstaða og mikilvægustu búsvæði.

Ein af forsendum verndar er sú að tegund sé á válista. Válistaflokkun íslenskra háplantna hefur nýlega verið endurskoðuð samkvæmt nýjum skilgreiningum Alþjóða náttúruverndarsamtakanna frá árinu 2001 (IUCN 2001). Notaðar eru skammstafanir sem lýsa stöðu viðkomandi tegundar á válista, svokallaðir hættuflokkar:

- **ER:** Útdauð í náttúrunni, *regionally extinct*
- **CR:** Í bráðri hættu, *critically endangered*
- **EN:** Í hættu, *endangered*
- **VU:** Í yfirvofandi hættu, *vulnerable*
- **DD:** Upplýsingar ófullnægjandi, *data deficient*
- **NT:** Í nokkurri hættu, *near threatened*
- **LC:** Metin en ekki í hættu, *low concern*
- **NA:** Uppfyllir ekki forsendur mats, *not applicable*

				Forsendur verndar		
Tegund	**Tegundarheiti**	**Algengi**	**Válisti**	**Fundarstaðir**	**Mikilvægustu svæði**	**Athugasemdir**
Ljósalyng	*Andromeda polifolia*	Sjaldg.	VU	4	Rakir móar og súrar mýrarþúfur, A-land	
Ginhafri	*Arrhenatherum elatius*	Mjög sjaldg.	VU	1	Graslendi, S-land	Slæðingur utan aðalútbreiðslusvæðis
Keilutungljurt	*Botrychium minganense*	Líkl. sjaldgæf	DD	>5	Sendinn jarðvegur eða frjóar grasbrekkur. Allnokkrir staðir víða um land	Líklega nokkuð víða
Hrísastör	*Carex adelostoma, sérstök deilitegund*	Sjaldg.	VU	>5	Þéttgrónir hrísmóar og þýft hálfdeigt mýrlendi, N- og NV-land	
Vorstör	*Carex caryophyllea*	Mjög sjaldg.	EN	1	Grasbrekka, SV-land	
Safastör	*Carex diandra*	Takmörkuð útbr.	VU	>5	Mýrar og flóar, V-, S- og SA-land	
Gljástör	*Carex pallescens*	Mjög sjaldg.	VU	2	Þurrar grasbrekkur, S- og V-land	
Skógelfting	*Equisetum sylvaticum*	Sjaldg.	VU	3	Móar og kjarr, Vestfirðir og A-land	
Sandlæðingur	*Glaux maritima*	Sjaldg.	VU	>5	Sjávarfitjar, V- og N-land	
Flæðalófótur	*Hippuris tetraphylla*	Sjaldg.	VU	>5	Sjóflæðatjarnir, N-land og Vestfirðir	
Stinnasef	*Juncus squarrosus*	Sjaldg.	VU	>5	Hálfdeigja, A-land og Vestfirðir	
Rauðkollur	*Knautia arvensis*	Sjaldg.	VU	>5	Gras- og blómlendi, dreift um landið,	Líklega gamall slæðingur
Munkahetta	*Lychnis flos-cuculi*	Takmörkuð útbr.	VU	>5	Deiglendi, mýrar, S-land	Slæðingur utan S-lands
Naðurtunga	*Ophioglossum azoricum*	Sjaldg.	VU	>5	Vex við jarðhita	
Flóajurt	*Persicaria maculosa*	Sjaldg.	VU	>5	Við jarðhita á S- og SV-landi	
Blæösp	*Populus tremula*	Sjaldg.	VU	>5	Móar og kjarrlendi, N- og A-land	
Maríulykill	*Primula stricta*	Sjaldg.	VU	>5	Rök leirflög, á N-landi	
Lónajurt	*Ruppia maritima*	Nokkuð sjaldg.	VU	>5	Nokkrir staðir, ísaltar tjarnir og sjávarlón, víða um land	
Fjallkrækill	*Sagina caespitosa*	Sjaldg.	VU	>5	Fjallamelar, víða um land	
Blátoppa	*Sesleria albicans*	Sjaldg.	VU	>5	Gras og lyngmóar, SV- og SA-land	
Rauðberjalyng	*Vaccinium vitisidaea*	Sjaldg.	VU	>5	Lyngmóar, birkiskógur, A-, SV- og NA-land	
Hagabrúða	*Valeriana sambucifolia*	Sjaldg.	DD	>5	Deigt blóm- og kjarrlendi, S-land	Útbreiðsla illa þekkt
Laugadepla	*Veronica anagallis-aquatica*	Sjaldg.	VU	>5	Við jarðhita á S- og V-landi	Horfin við Kleifarvatn
Giljaflækja	*Vicia sepium*	Sjaldg.	VU	>5	Blóm- og graslendi, S-land	Slæðingur utan aðalútbreiðslusvæðis

Mosar.

Mosar sem þarfnast verndar og lagt er til að verði friðlýstir skv. 53. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd: verndarstaða, fjöldi fundarstaða og mikilvægustu búsvæði.

Ein af forsendum verndar er sú að tegund sé á válista. Válistaflokkun íslenskra mosa byggist á skilgreiningum Alþjóða náttúruverndarsamtakanna frá árinu 1994 (IUCN 1994, sjá einnig Náttúrufræðistofnun Íslands 1996 og 2000a). Notaðar eru skammstafanir sem lýsa stöðu viðkomandi tegundar á válista, svokallaðir hættuflokkar:

- **EW:** Útdauð í náttúrunni, *extinct in the wild*
- **CR:** Í bráðri hættu, *critically endangered*
- **EN:** Í hættu, *endangered*
- **VU:** Í yfirvofandi hættu, *vulnerable*
- **LR:** Í nokkurri hættu, *lower risk*
  1. cd: Háðar verndun, *conservation dependent*
  2. nt: Ekki háðar verndun, *near threatened*
  3. lc: Aðrar tegundir, *least concern*
- **DD:** Upplýsingar ófullnægjandi, *data deficient*
- **NE:** Ekki metin, *not evaluated*

				Forsendur verndar			
Tegund	**Tegundarheiti**	**Algengi**	**Válisti**	**Evr. válisti**	**Fundar-staðir**	**Mikilvægustu svæði**	**Athugasemdir**
Dvergrandi	*Atrichum tenellum*	Mjög sjaldg.	CR		2	Jarðhiti	Virðist horfinn á öðrum staðnum
Laugarandi	*Atrichum angustatum*	Mjög sjaldg.	VU		5	Jarðhiti	
Smáhnokki	*Bryum nitidulum*	Mjög sjaldg.	VU		2	Berangur til fjalla	
Ylhnokki	*Bryum sauteri*	Mjög sjaldg.	CR		3	Jarðhiti	
Dverghnokki	*Bryum vermigerum*	Mjög sjaldg.	EN		1	Berangur til fjalla	
Fjóluhnokki	*Bryum violaceum*	Mjög sjaldg.	EN		3	Jarðhiti	
Bakkabroddur	*Cirriphyllum crassinervium*	Mjög sjaldg.	VU		1	Klettar við læk	Bar ekki íslenskt nafn
Fauskabrúskur	*Dicranum tauricum*	Mjög sjaldg.	EN		1	Dauðar birkileifar	
Klettavendill	*Ditrichum zonatum*	Mjög sjaldg.	VU		2	Klettar við læk	
Keldulufsa	*Drepanocladus sordidus*	Mjög sjaldg.			1	Mýrlendi	Nefndur D. sendtneri
Hæruklukka	*Encalypta brevipes*	Mjög sjaldg.	EN	X	4	Hraun og klettar	Horfinn á einum stað
Laugaseti	*Entosthodon attenuatus*	Sjaldg.	LR		>5	Jarðhiti	Virðist horfinn á einum staðnum
Hveraseti	*Entosthodon obtusus*	Mjög sjaldg.	CR		2	Jarðhiti	Líklega horfinn á öðrum staðnum
Dægurmosi	*Ephemerum serratum*	Mjög sjaldg.	VU		2	Þornaður tjarnarbotn	
Hellafjöður	*Fissidens gracilifolius*	Mjög sjaldg.	EN		1	Hellisskúti	
Lækjafjöður	*Fissidens pusillus*	Mjög sjaldg.	VU		2	Volgir lækir	Horfinn á öðrum staðnum
Hnyðrumosi	*Glyphomitrium daviesii*	Mjög sjaldg.	LR	X	4	Steinar við sjó	
Veggjaskeggi	*Grimmia plagiopodia*	Mjög sjaldg.	VU	X	3	Steypa og sandsteinn	

Fléttur.

Fléttur sem þarfnast verndar: verndarstaða, fjöldi fundarstaða og mikilvægustu búsvæði. Skammstafanir sem lýsa hættuflokkum í válista eru útskýrðar hér að framan.

				Forsendur verndar		
Tegund[1]	**Tegundarheiti**	**Algengi**	**Válisti**	**Fundar-staðir**	**Mikilvægustu svæði**	**Athugasemdir**
	Acarospora badiofusca	Mjög sjaldg.		1	Miðhálendi	
Birkikræða	*Alectoria sarmentosa var. sarmentosa*			1	Birkiskógur, V-land	Fannst 2004
Hraufugláma	*Amygdalaria panaeola*	Mjög sjaldg.		3	Hálendi S-lands, á móbergi	
Setríla	*Arthonia glebosa*	Sjaldg.		9	Hálendi, á sethjöllum	Fimm fundarstaðir horfnir undir Hálslón
	Arthonia gelidae	Sjaldg.		2	Miðhálendi, A-land	Sníkill á skeljaskóf
	Arthonia intexta	Mjög sjaldg.		1	A-land	Sníkill á *Lecidella asema*
	Arthonia mediella	Mjög sjaldg.		1	Birkiskógur, A-land	
	Baeomyces carneus	Sjaldg.		2	Jarðvegur, A- og NA-land	
Törgudoppa	*Buellia adjuncta*	Sjaldg.		4	Vestfjarðarkjálki	Sníkill á lundatörgu
	Buellia badia	Mjög sjaldg.		2	N- og S-land	
Rindadoppa	*Buellia concinna*	Mjög sjaldg.		2	Klettar, N-land	
	Buellia jugorum	Sjaldg.		2	Steinar, N- og S-land	
Steindoppa	*Buellia stellulata*	Sjaldg.		4	Steinar, A- og N-land	
Birkiskegg	*Bryoria fuscescens*	Sjaldg.	VU	>5	Birkistofnar og greinar, SA-land	
Gálgaskegg	*Bryoria pseudofuscescens*	Mjög sjaldg.	CR	1	Hraundrangur, SV-land.	
Kvistaskegg	*Bryoria simplicior*	Mjög sjaldg.	CR	3	Birkistofnar og greinar, A- og SA-land	
	Caloplaca arenaria	Mjög sjaldg.		2	Klettar, A-land	
Birkimerla	*Caloplaca borealis*	Mjög sjaldg.	VU	4	Birkistofnar og greinar, Vestfirðir, V- og A-land	
	Caloplaca festivella	Mjög sjaldg.		3	Á móbergi eða basalti, hálendi S-lands	Greining ekki örugg
	Caloplaca lobulata	Mjög sjaldg.		1	Reyniviður, N-land	
Hellisprjónar	*Chaenotheca cinerea*	Mjög sjaldg.		1	N-land	
Fauskprjónar	*Chaenotheca furfuracea*	Sjaldg.		4	Birki og fauskar, N- og A-land	
	Cladonia conista	Sjaldg.	DD	>5	Jarðvegur, Vestfirðir, N- og A-land	
Ljósálfabikar	*Cladonia cryptochlorophaea*	Mjög sjaldg.	LR	3	Móajarðvegur, N- og SA-land	
Rauðbroddar	*Cladonia macilenta*	Mjög sjaldg.	EN	4	Móajarðvegur, Vesturland.	
Hreisturbikar	*Cladonia squamosa*	Sjaldg.	LR	>5	Móajarðvegur, V-land og Vestfirðir	
Seltulauf	*Cladonia strepsilis*	Mjög sjaldg.	EN	4	Móajarðvegur, Austfirðir	Finnast líklega víðar á A-landi
Raufarbikar	*Cladonia sulphurina*	Mjög sjaldg.	EN	2	Móajarðvegur, Vestfirðir	
Hrukkuslembra	*Collema furfuraceum*	Mjög sjaldg.	EN	3	Utan í klettum, Suðurland	Finnst líklega víðar syðst á landinu
Gróparslembra	*Collema polycarpon*	Mjög sjaldg.		1	Á klettum nálægt jarðhita-gufum, hálendi A-lands	
Víkurslembra	*Collema subflaccidum*	Mjög sjaldg.	EN	3	Utan í klettum, S-land	
Klettakræða	*Cornicularia normoerica*	Sjaldg.	LR	>5	Klettar, A-land	Aðeins á Austurlandi, allvíða þar
Vætukorpa	*Dermatocarpon bachmannii*	Sjaldg.		4	Votir klettar, V- og A-land	
Vætlukorpa	*Dermatocarpon deminuens*	Sjaldg.		2	Votir klettar, V- og A-land	
Hreisturkorpa	*Dermatocarpon leptophyllodes*	Sjaldg.		2	Votir klettar, A-land	
Brúnkorpa	*Dermatocarpon meiophyllizum*	Mjög sjaldg.		1	Votir klettar, A-land	
Strimlaflaga	*Endocarpon pulvinatum*	Mjög sjaldg.		2	Klettar við vatn eða nálægt jarðhitagufum, A-land	
	Endococcus perpusillus	Mjög sjaldg.		4	Á steinum, hálendi og Surtsey	Sníkill á flikrum (*Rhizocarpon* spp.)
Flathyrna	*Evernia prunastri*	Mjög sjaldg.	CR	1	Birkistofnar og greinar, SA-land	
Móaþemba	*Hypogymnia austerodes*	Mjög sjaldg.		1	Móar, N-land	

Tegund[1]	Tegundarheiti	Algengi	Válisti	Fundar-staðir	Mikilvægustu svæði	Athugasemdir
Skógarþemba	*Hypogymnia farinacea*	Mjög sjaldg.	CR	2	Birkistofnar og greinar, A- og N-land	
Flatþemba	*Hypogymnia physodes*	Sjaldg.	LR	>5	Birki og móajarðvegur, A-land	
Pípuþemba	*Hypogymnia tubulosa*	Sjaldg.	LR	>5	Birki og móajarðvegur, A-land	
Prikþemba	*Hypogymnia vittata*	Sjaldg.		3	Jarðvegur og birki, A-land	
Skrámuklúka	*Japewia subaurifera*	Sjaldg.		3	Birki, Vestfirðir og A-land	
	Lecanora cenisia	Sjaldg.		2	Klettar, A- og N-land	
	Leciophysma finmarckicum	Sjaldg.	LR	>5	Móajarðvegur, hálendi	Horfinn á einum stað
	Lempholemma isidioides	Sjaldg.	DD	3	Klappir, V- og N-land	
Gígnæfra	*Lobaria scrobiculata*	Mjög sjaldg.	CR	1	Grasbrekkur, V-land	
Hraunnæfra	*Lobaria virens*	Mjög sjaldg.	CR	1	Hraun, hálendi S-land	
Grábleðla	*Lobothallia alphoplaca*	Sjaldg.	VU	>5	Klettar við ár og læki, A-land	Válisti 1, ranglega nefnd *Physcia phaea*
Gljádumba	*Melanelia septentrionalis*	Sjaldg.	EN	>5	Birkistofnar og greinar, NA- og A-lands	Nokkuð víða við Mývatn og á Fljótsdalshéraði
	Melanelia sorediata	Mjög sjaldg.		1	Klettar, V-land	
	Melanelia subaurifera	Sjaldg.	DD	4	Klettar, Vestfirðir og V-land	Getur líka vaxið á trjám
Dvergdimbill	*Multiclavula coryneoides*	Mjög sjaldg.	EN	2	Skurðbakki, A- og N-land	
Brókarhverfa	*Nephroma bellum*	Mjög sjaldg.	CR	1	Birkistofnar og greinar, V-land	
Loðhverfa	*Nephroma resupinatum*	Sjaldg.		3	Birki og reynir, Vestfirðir, A- og N-land	
	Opegrapha pulvinata	Sjaldg.		3	Klettar, A-land	Sníkill á korpum (*Dermatocarpon* spp.)
Gulstika	*Parmeliopsis ambigua*	Sjaldg.	LR	>5	Birkistofnar og greinar, A-land	
Grástika	*Parmeliopsis hyperopta*	Mjög sjaldg.	CR	3	Birkistofnar og greinar, A- og N-land	
Kylfuskán	*Pertusaria dactylina*	Mjög sjaldg.	EN	1	Móajarðvegur, N-land	E.t.v. víðar í fjöllum N-lands
Bóluskán	*Pertusaria glomerata*	Mjög sjaldg.		2	Jarðvegur, N- og S-land	
Strípamóra	*Phaeophyscia constipata*	Mjög sjaldg.	CR	4	Hraundrangar, NA-land	
Klappamóra	*Phaeophyscia endococcina*	Sjaldg.	DD	>5	Klettar, Miðhálendið, N- og A-land.	Líklega nokkuð algeng um norðan og austanvert landið
Dökkamóra	*Phaeophysica nigricans*	Mjög sjaldg.	DD	1	Trjástofnar, SV-land	
	Phaeorrhiza nimbosa	Sjaldg.	EN	>5	Rök moldarflög, NA- og A-land	Víðar en fyrst var ætlað
Hraufustubbar	*Pilophorus cereolus*	Sjaldg.	VU	>5	Móbergsklettar, S- og V-land	
Næfurskóf	*Platismatia glauca*	Sjaldg.	VU	>5	Birkistofnar og greinar, Austurland	
	Protothelenella corrosa	Mjög sjaldg.		2	Á klettum, hálendi og V-land,	
Elgshyrna	*Pseudevernia furfuracea*	Mjög sjaldg.	CR	4	Birkistofnar og greinar, SA-land	
Gulrenda	*Pseudocyphellaria crocata*	Mjög sjaldg.	CR	2	Utan í klettum S- og V-lands	
	Raciborskiomyces peltigericola	Mjög sjaldg.		2	Í mólendi á hálendi	Sníkill á engjaskófum (*Peltigera* spp.)
Bjargstrý	*Ramalina siliquosa*	Mjög sjaldg.	VU	5	Sjávarhamrar, Vesturland og Vestfirðir	Nefnd bjargskegg í válista 1 frá 1996
	Rhymbocarpus neglectus	Mjög sjaldg.		1	Í gljúfri, S-land	
Vikurhvomsa	*Sarcosagium campestre*	Mjög sjaldg.	EN	1	Rakur vikurjarðvegur á hálendi	
Áttgróagrýta	*Solorina octospora*	Mjög sjaldg.	EN	3	Móajarðvegur, N-, NA- og A-land	
Dílabreyskja	*Stereocaulon paschale*	Sjaldg.		5	Móajarðvegur til fjalla	
Hraufubreyskja	*Stereocaulo uliginosum*	Mjög sjaldg.	VU	4	Lyng- eða grasmóar, NA-land	Flokkunarfræðilegra rannsókna þörf
Búldubreyskja	*Stereocaulon vanoyei*	Frekar sjaldg.	DD	>5	Hraun, S- og SV-land	Flokkunarfræðilegra rannsókna þörf
	Stigmidium stygnospilum	Sjaldg.		3	Klettar, S- og V-land	Sníkill á korpum (*Dermatocarpon* spp.)

Tegund[1]	Tegundarheiti	Algengi	Válisti	Fundar-staðir	Mikilvægustu svæði	Athugasemdir
Svarðskjóða	*Thrombium epigaeum*	Sjaldg.	EN	>5	Nýgræður, N- og A-land	
Krypplugrös	*Tuckermanopsis chlorophylla*	Sjaldg.		>5	Birkistofnar og greinar, V-, N-, A- og SA-land	
Músanafli	*Umbilicara hirsuta*	Mjög sjaldg.	EN	4	Klettar, N- og V-land	
Fjölbleðlanafli	*Umbilicaria polyphylla*	Mjög sjaldg.	VU	4	Klettar, Vestfirðir	
Leðurnafli	*Umbilicaria rigida*	Mjög sjaldg.	EN	1	Háfjallaklettar, hálendi	
Hamranafli	*Umbilicaria vellea*	Mjög sjaldg.	EN	3	Klettaveggir, Vestfirðir og N-land	
Jöklanafli	*Umbilicaria virginis*	Mjög sjaldg.	EN	1	Háfjallaklettar á jökulskerjum SA-lands	
Ljósaskegg	*Usnea subfloridana*	Mjög sjaldg.	VU	2	Birkistofnar og greinar, SA-land	
Gullinvarp	*Vulpicid pinastri*	Mjög sjaldg.	EN	4	Birkistofnar og greinar, A- og SA-land	
Reyniglæða	*Xanthoria polycarpa*	Mjög sjaldg.	LR	2	Reynir og birki í görðum, Vesturland	

[1]Sumar fléttutegundir hafa ekki fengið íslenskt nafn.

240. Frumvarp til laga [193. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, og fleiri lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI
Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætast eftirfarandi orðskýringar í réttri stafrófsröð:

1. *Embætti tollstjóra:* Sú stofnun sem fer með stjórn tollamála samkvæmt lögum þessum, m.a. tollheimtu og tolleftirlit, og er falið að framfylgja öðrum lögum og stjórnvaldsreglum sem varða innflutning, umflutning og útflutning á vörum.
2. *Tollstjóri:* Sá embættismaður sem ber faglega, fjárhagslega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri embættis tollstjóra.
3. *Tollyfirvöld:* Þau stjórnvöld sem fara með tollamál á hverjum tíma.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „tollstjóranum“ í 1. mgr. og hvarvetna annars staðar í lögunum þar sem sama orð er ritað með greini kemur (í viðeigandi beygingarfalli og án greinis): tollstjóra.
b. Orðin „í Reykjavík“ í 1. mgr. og sömu orð hvarvetna annars staðar í lögunum falla brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Orðið „viðkomandi“ í 1. og 3. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „tollstjórum“ í 2. mgr. kemur: honum.

4. gr.

1. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:

SMT- og VEF-tollafgreiðsla er háð leyfi tollstjóra.

5. gr.

Orðið „viðkomandi“ í 1. mgr. 25. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Tollstjórar fara“ í 1. mgr. kemur: Tollstjóri fer.
b. Í stað orðsins „tollstjórar“ í 2. mgr. kemur: tollstjóri.

7. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Landið er eitt tollumdæmi.

8. gr.

40. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Tollstjóri.

Hlutverk tollstjóra er:

1. Að annast tollframkvæmd á landsvísu.
2. Álagning og innheimta tolla og annarra skatta og gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu vöru samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum.
3. Eftirlit með innflutningi, umflutningi og útflutningi á vörum til og frá landinu og ferðum og flutningi fara og fólks til og frá landinu.
4. Aðstoð við fjármálaráðherra varðandi tollamálefni.
5. Að vinna að framþróun, hagræðingu og einföldun tollframkvæmdar, skilvirkri og árangursríkri tollstarfsemi og sem bestri þjónustu tollgæslunnar. Hann skal stuðla að því að tollframkvæmdin verði sem hagfelldust fyrir atvinnulífið, almenning og samfélagið og hafa samstarf við atvinnulífið um málefni sem varða hagsmuni þess og greiða fyrir löglegum viðskiptum og styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækja, eftir því sem við getur átt og að teknu tilliti til fjárhagslegra og lagalegra forsendna og öryggissjónarmiða.
6. Samstarf við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði hans, sbr. 45. gr.
7. Rekstur tölvukerfis og þróun rafrænna samskipta vegna tollafgreiðslu.
8. Greiningarstarf vegna áhættustjórnunar við tolleftirlit.
9. Starfræksla Tollskóla ríkisins sem sér um menntun tollstarfsmanna og annarra eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum eða reglugerðum.
10. Öflun upplýsinga til hagskýrslugerðar um milliríkjaviðskipti.
11. Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi tollyfirvalda.
12. Gerð verklagsreglna varðandi tollframkvæmd.
13. Gerð leiðbeininga um tollamálefni fyrir almenning og fyrirtæki.
14. Ákvörðun um form og efni tollskjala og eyðublaða til nota við tollframkvæmd.
15. Önnur verkefni sem honum eru falin með lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

9. gr.

41. gr. laganna verður 43. gr. og á greininni verða eftirfarandi breytingar:

a. Orðin „í viðkomandi tollumdæmi“ í 2. mgr. falla brott.
b. Orðið „viðkomandi“ í 5. mgr. fellur brott.

10. gr.

Ný 41. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Staðsetning starfsstöðva tollgæslunnar.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum tollstjóra, staðsetningu starfsstöðva tollyfirvalda með tilliti til þess að unnt sé að halda uppi nauðsynlegri tollþjónustu, tollheimtu og tolleftirliti á landsvísu.

11. gr.

42. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Samningar tollstjóra við sýslumenn og lögreglustjóra um tollframkvæmd.

Tollstjóra er heimilt, með samþykki fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra, að gera samninga við sýslumenn og lögreglustjóra um að þeir annist í umboði hans tiltekna þætti tollframkvæmdar í stjórnsýsluumdæmum sínum. Hann getur enn fremur samið við þá um nauðsynlega starfsaðstöðu fyrir tollgæslu í viðkomandi stjórnsýsluumdæmum og aðstoð við tollstarfsmenn við framkvæmd starfans.

12. gr.

Við 45. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 188. gr. skulu ekki vera því til fyrirstöðu að tollstjóri veiti lögreglu aðgang að upplýsingum sem sú grein tekur til, enda sé það nauðsynlegt í þágu greiningarstarfs lögreglu eða rannsóknar lögreglu á ætluðum brotum á lögum þessum, lögum um ávana- og fíkniefni eða öðrum lögum sem tollstjóra ber að framfylgja.

13. gr.

Orðin „í því tollumdæmi þar sem geymslusvæðið er“ í 1. málsl. 1. mgr. 79. gr. laganna falla brott.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 81. gr. laganna:

a. Orðin „sbr. 82. og 83. gr.“ í 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um flutning ótollafgreiddrar vöru á milli geymslusvæða. Hann getur m.a. kveðið á um með hvaða hætti skuli færa sönnur á yfirfærslu vörsluábyrgðar skv. 1. mgr.

15. gr.

82. og 83. gr. laganna falla brott.

16. gr.

Í stað orðsins „Tollstjórar“ í 1. mgr. 109. gr. laganna kemur: Tollstjóri.

17. gr.

4. málsl. 3. mgr. 117. gr. laganna fellur brott.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 118. gr. laganna:

a. 2. mgr. fellur brott.

b. 4. og 5. mgr. orðast svo:
Tollstjóri skal koma fram gagnvart ríkistollanefnd fyrir hönd ríkisins og annarra gjaldkrefjenda.
Ríkistollanefnd skal tafarlaust senda tollstjóra kæru ásamt endurriti af þeim gögnum sem kunna að fylgja kæru. Skal nefndin gefa tollstjóra hæfilegan frest til að leggja fyrir nefndina kröfugerð sína í málinu og nauðsynleg gögn. Ríkistollanefnd skal gefa kæranda kost á andsvörum vegna kröfugerðar tollstjóra innan hæfilegs frests.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 119. gr. laganna:
a. 1. mgr. orðast svo:
Tollstjóri hefur á hendi tollendurskoðun.
b. Í stað orðsins „tollstjórum“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: tollstjóra.
c. 4. mgr. fellur brott.

20. gr.

126. gr. laganna orðast svo:
Aðflutningsgjöld skal greiða tollstjóra.
Tollstjóri getur falið sýslumönnum að veita viðtöku greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 42. gr., sem og bönkum og sparisjóðum og póstrekendum.
Tollstjóra er heimilt að setja reglur um rafræn greiðsluskil vegna aðflutningsgjalda.

21. gr.

Orðið „viðkomandi“ í 140. gr. laganna fellur brott.

22. gr.

142. gr. laganna fellur brott.

23. gr.

2. málsl. 143. gr. laganna fellur brott.

24. gr.

Í stað orðanna „tollstjórar bera“ í 146. gr. laganna kemur: tollstjóri ber.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 147. gr. laganna:
a. 1. mgr. orðast svo:
Tollstjóri, löglærðir fulltrúar hans og tollverðir fara með tollgæsluvald samkvæmt lögum þessum.
b. 3. mgr. orðast svo:
Lögreglustjórar, löglærðir fulltrúar þeirra og lögreglumenn fara með tollgæsluvald þegar þeir annast eða aðstoða við tollgæslu.

26. gr.

1. mgr. 152. gr. laganna orðast svo:
Með samningi skv. 42. gr. getur tollstjóri falið lögreglustjórum að annast tollgæslu jafnframt annarri löggæslu í stjórnsýsluumdæmum sínum.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 183. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Tollstjórar“ í 1. málsl. kemur: Tollstjóri.
b. Í stað orðanna „Skulu þeir“ í 2. málsl. kemur: Skal hann.
c. 3. málsl. fellur brott.

28. gr.

2. mgr. 184. gr. laganna orðast svo:

Berist tollstjóra beiðni erlends tollyfirvalds um aðstoð við rannsókn máls og hann telur að íslenskum stjórnvöldum beri samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum að veita umbeðna aðstoð skal hann annast rannsókn málsins nema rannsókn þess heyri undir lögreglu samkvæmt þessari grein.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna, með síðari breytingum.

29. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Tollstjóri er lögskráningarstjóri í Reykjavík og sýslumenn eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi.

Utan aðsetursstaða sinna er sýslumönnum heimilt að fela hreppstjórum að annast lögskráningar. Einnig er þeim heimilt að skipa fulltrúa til að annast lögskráningar á aðsetursstöðum sínum ef þess gerist þörf. Hreppstjórar og lögskráningarfulltrúar skulu hafa eftirlit með skráningu og skila yfirliti til sýslumanna um lögskráningar í umdæmum sínum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Verði þeir varir við að ekki er farið eftir fyrirmælum laga þessara um lögskráningu skulu þeir tafarlaust tilkynna meint brot til hlutaðeigandi sýslumanns og skipstjóra. Sýslumenn hafa eftirlit með lögskráningarfulltrúum í umdæmum sínum.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

30. gr.

Í stað orðanna „tollalaga, nr. 55/1987“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: tollalaga, nr. 88/2005.

31. gr.

Í stað orðanna „Tollstjórar skulu“ í 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Tollstjóri skal.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „þess tollstjóra“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: tollstjóra.
b. 2. mgr. orðast svo:

   Gjaldskyldur aðili getur skotið úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. til ríkistollanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufrest og málsmeðferð fer eftir ákvæðum 118. gr. tollalaga.

33. gr.

2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði 4. gr., 6. gr. og 2. tölul., 4.–8. tölul. og 12.–15. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga, nr. 88/2005, með síðari breytingum, skulu ná til vörugjalds samkvæmt lögum þessum eftir því sem við getur átt.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 92/1989, um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, með síðari breytingum.

34. gr.

Orðið „tollstjórn“ í 1. gr. laganna fellur brott.

35. gr.

Í stað orðanna „tollstjórinn í Reykjavík“ í 1. málsl. 1. mgr. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: tollstjóri.

V. KAFLI
Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

36. gr.

Í stað orðanna „nr. 55/1987“ í 1. gr. og 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: nr. 88/2005.

37. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „viðkomandi tollyfirvaldi“ í 1. mgr. kemur: tollstjóra.
b. Í stað orðanna „tollyfirvöld meta“ í 2. mgr. kemur: tollstjóri metur.

38. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði 4. gr., 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. og 2. tölul., 4.–8. tölul. og 13. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga, nr. 88/2005, skulu ná til vörugjalds af ökutækjum samkvæmt lögum þessum eftir því sem við getur átt.

39. gr.

Orðið „viðkomandi“ í 2. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna fellur brott.

40. gr.

Í stað orðanna „8.–12. gr. tollalaga, nr. 55/1987“ í 19. gr. laganna kemur: V. kafla tollalaga, nr. 88/2005.

41. gr.

Í stað orðanna „sbr. 8. gr. tollalaga“ í 1. málsl. 20. gr. laganna kemur: sbr. 14. gr. tollalaga.

42. gr.

2. mgr. 25. gr. laganna orðast svo:

Tollstjóri annast álagningu og innheimtu vörugjalds samkvæmt lögum þessum og hefur með höndum eftirlit.

43. gr.

Í stað orðanna „nr. 55/1987“ í 1. mgr. 27. gr. laganna kemur: nr. 88/2005.

VI. KAFLI
Breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum.

44. gr.

Í stað orðanna „Tollstjórar, löglærðir fulltrúar þeirra“ í 4. mgr. 9. gr. laganna kemur: Tollstjóri, löglærðir fulltrúar hans.

45. gr.

Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 1. mgr. skal ekki vera því til fyrirstöðu að lögreglan veiti tollstjóra aðgang að málaskrám sínum og öðrum upplýsingum sem lögregla býr yfir og varða ætluð brot á tollalögum, lögum um ávana- og fíkniefni eða öðrum lögum sem tollstjóra ber að framfylgja, enda séu upplýsingarnar nauðsynlegar í þágu greiningarstarfs tollstjóra.

46. gr.

Í stað orðsins „tollgæslustjóra“ í 26. gr. laganna kemur: tollstjóra.

VII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum.

47. gr.

Í stað orðanna „tollstjórinn í Reykjavík“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: tollstjóri.

48. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara verður embætti tollstjórans í Reykjavík embætti tollstjóra. Tekur embættið frá sama tíma við réttindum og skyldum gagnvart tollvörðum sem starfa hjá tollstjórunum í Vestfjarðaumdæmi, Norðurlandsumdæmi, Austurlandsumdæmi nyrðra, Austurlandsumdæmi syðra, Suðurlandsumdæmi, Vestmannaeyjaumdæmi og Reykjanesumdæmi.

Enn fremur mun embættið á sama tíma taka við umráðum og eignarhaldi á tækjum og búnaði, þ.m.t. ökutækjum, röntgentækjum og áhöldum hvers konar, sem viðkomandi tollstjórar hafa fengið tollvörðum til nota vegna starfa sinna, auk þess sem það ber frá sama tíma ábyrgð á meðferð og afgreiðslu þeirra mála á sviði tollheimtu og tolleftirlits sem þá kunna að vera óafgreidd og til meðferðar hjá viðkomandi tollstjórum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að landið verði gert að einu tollumdæmi. Samhliða verður einu embætti, embætti tollstjórans í Reykjavík, falið að annast tollframkvæmd í landinu öllu, þó þannig að tollstjórinn geti falið sýslumönnum og lögreglustjórum að annast tiltekna þætti

tollframkvæmdar í umdæmum þeirra. Til samræmis við það er lagt til að heiti embættis tollstjórans í Reykjavík breytist í embætti tollstjóra.

Markmið þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu er að einfalda skipulag tollgæslunnar, jafnt faglega, fjárhagslega sem stjórnunarlega, í því skyni að stuðla að aukinni skilvirkni, jafnræði og árangursríkari tollframkvæmd. Þessum breytingum er því ætlað að gera stjórnsýslu tollamála hagfelldari fyrir atvinnulífið, skattborgarana og þar með samfélagið í heild.

Fyrir breytingar sem samþykktar voru á tollastjórnsýslunni árið 2007 voru tollstjórar 26 talsins í jafnmörgum tollumdæmum. Tollembættin 26 heyrðu þá undir þrjú ráðuneyti: fjármálaráðuneytið (tollstjórinn í Reykjavík), utanríkisráðuneytið (sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli) og dómsmálaráðuneytið (aðrir tollstjórar). Við skipulagsbreytingarnar 2007 var bæði horft til þróunar í skipulagsmálum lögreglu í landinu og þeirrar staðreyndar að umfang tollamála í mörgum tollumdæmum var afar takmarkað og sums staðar nánast ekki neitt.

Frá árinu 2007 hafa tollstjórar í landinu verið átta í jafnmörgum tollumdæmum, þ.e. tollstjórinn í Reykjavík í Suðvesturlandsumdæmi, lögreglustjórinn á Ísafirði í Vestfjarðaumdæmi, lögreglustjórinn á Akureyri í Norðurlandsumdæmi, lögreglustjórinn á Seyðisfirði í Austurlandsumdæmi nyrðra, lögreglustjórinn á Eskifirði í Austurlandsumdæmi syðra, lögreglustjórinn á Selfossi í Suðurlandsumdæmi, lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum í Vestmannaeyjaumdæmi og lögreglustjórinn á Suðurnesjum í Reykjanesumdæmi. Í dag heyra tollstjórarnir undir tvö ráðuneyti, þ.e. tollstjórinn í Reykjavík heyrir undir fjármálaráðuneyti en aðrir tollstjórar, sem jafnframt eru lögreglustjórar, undir dómsmálaráðuneyti.

Tölulegar upplýsingar um umfang tollamála í hverju tollumdæmi á árinu 2007.

Umdæmi		Suðvesturlandsumdæmi	Reykjanesumdæmi	Vestfjarðaumdæmi	Norðurlandsumdæmi	Austurlandsumdæmi nyrðra	Austurlandsumdæmi syðra	Suðurlandsumdæmi	Vestmannaeyjaumdæmi	**Samtals**
Aðflutningsgjöld í millj. kr.		106.118	9.851	96	1.584	1.255	4.834	1.281	114	**125.136**
		85,84%	6,65%	0,06%	1,06%	0,77%	4,56%	0,81%	0,25%	
Tollverðir		55	53	1	2	1	2	1	2	**118**
Skipakomur		823	83	24	69	89	282	39	89	**1.498**
Flugkomur		2.772	13.446	3	221	158	35	0	1	**16.636**
Aðflutnings-skýrslur	**SMT/VEF**	289.244	137.447	95	5.603	1.085	1.303	1.635	169	**436.581**
	Pappír	14.365	1.641	21	305	518	90	244	41	**17.225**
Almennar sendingar	**Alls**	303.609	139.088	116	5.908	1.603	1.393	1.879	210	**453.806**
	%	66,9%	30,6%	0,0%	1,3%	0,4%	0,3%	0,4%	0,0%	
Aðflutningsskýrslur	**SMT/VEF**	35.985	0	0	2.798	0	0	0	0	**38.783**
	Pappír	4.173	0	0	253	0	0	0	0	**4.426**
Þar af póstsend.	**Alls**	40.158	0	0	3.051	0	0	0	0	**43.209**
	%	92,9%	0,0%	0,0%	7,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	
Útflutningsskýrslur	**SMT/VEF**	22.812	41.107	21	133	800	1.903	20	903	**67.699**
	Pappír	2.292	904	13	5	76	71	1	797	**4.159**
	Alls	25.104	42.011	34	138	876	1.974	21	1.700	**71.858**
		34,94%	58,46%	0,05%	0,19%	1,22%	2,75	0,03%	2,37%	

Umfang tollstarfseminnar er afar mismunandi í einstökum tollumdæmum. Þrátt fyrir þá einföldun stjórnskipulags tollstjórnar í landinu, sem gerð var árið 2007 þegar tollstjórum var fækkað úr 26 í 8, er umfangið enn afar takmarkað í sumum tollumdæmanna. Til að varpa ljósi á umfangið á landsvísu eru í meðfylgjandi töflu birtar tölulegar upplýsingar um fjölda tollvarða, komu skipa og flugvéla og fjölda tollafgreiddra sendinga í hverju tollumdæmi á árinu 2007.

Eins og fram kemur í töflunni annast embætti tollstjórans í Reykjavík og tollstjórans í Reykjanesumdæmi nánast alla tollframkvæmd í landinu. Þannig eru 92,5% aðflutningsgjalda innheimt við þessi tvö embætti, og nær 98% alls vöruinnflutnings og 93% vöruútflutnings tollafgreidd þar, 97% flugvéla sem koma til landsins og tvær af hverjum þremur skipakomum. Umfang í öðrum tollumdæmum er óverulegt í þessu samhengi. Við þessi tvö embætti starfa enn fremur flestallir tollverðir eða 108 af 118.

Annars staðar á Norðurlöndum hefur tollembættum og tollumdæmum verið fækkað á undanförnum árum. Svíþjóð hefur verið eitt tollumdæmi frá 2004. Sama ár var tollumdæmum í Noregi fækkað úr 10 í 6. Í Finnlandi eru tollumdæmin 5 og í Danmörku eru þau 8 talsins og er fyrirhugað að fækka þeim í 6 árið 2009. Tollembættin í þessum löndum heyra undir fjármálaráðuneyti, nema í Danmörku þar sem málefni tolla og skatta (Told og Skat) heyra undir skattamálaráðuneytið.

Með frumvarpi þessu er lagt til að skrefið verði stigið til fulls í því að fækka tollembættum og tollumdæmum. Með öðrum orðum, landið verði gert að einu umdæmi sem stjórnað sé af einu embætti, embætti tollstjóra. Það fyrirkomulag mun stuðla að aukinni hagræðingu og einföldun í rekstri viðkomandi embætta, jafnframt því að auðvelda stefnumótun í tollamálum, skipulagningu tollframkvæmdar og alla áætlanagerð varðandi tollstarfsemina sjálfa.

Embætti tollstjórans í Reykjavík hefur þegar ákveðna sérstöðu meðal tollembættanna samkvæmt gildandi lögum. Það er stærsta tollembættið, bæði með tilliti til umfangs tollstarfseminnar og starfsmannafjölda. Það heyrir eitt tollembætta undir fagráðuneyti tollamála, þ.e. fjármálaráðuneytið, sem fer með æðstu stjórn tollamála í landinu. Þá hefur það embætti þegar á hendi tiltekið miðlægt hlutverk í tollamálum, m.a. samræmingu tollframkvæmdar og rekstur rafræns tollafgreiðslukerfis. Liggur því beinast við að fela embætti tollstjórans í Reykjavík umsjá tollamála á landinu öllu eins og lagt er til í þessu frumvarpi.

Verði frumvarp þetta að lögum er jafnframt lagt til að heiti embættis tollstjórans í Reykjavík verði breytt í embætti tollstjóra.

Verði heiti embættis tollstjórans í Reykjavík breytt í embætti tollstjóra er jafnframt óhjákvæmilegt að breyta ýmsum öðrum lögum þar sem embættið er nefnt. Er gerð tillaga um það í þessu frumvarpi, sbr. II.–VII. kafla.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.–6. gr.

Í þessum greinum er lagt til að heiti embættis tollstjórans í Reykjavík verði breytt í embætti tollstjóra. Jafnframt eru lagðar til skilgreiningar á hugtökunum „embætti tollstjóra“ „tollstjóri“ og „tollyfirvöld“ þar sem þau hugtök verða notuð áfram í lögunum en þó í breyttri merkingu.

Um 7. gr.

Í greininni er lagt til að landið verði gert að einu tollumdæmi til samræmis við þá megintillögu frumvarpsins að fela einu tollembætti að fara með tollstjórn á landinu öllu. Samhliða verða önnur tollstjóraembætti lögð niður en embætti tollstjórans í Reykjavík breytt í embætti tollstjóra.

Um 8. gr.

Í greininni er lýst verkefnum tollstjóra sem annast rekstur á embætti tollstjóra. Þar er byggt á efni 42. og 43. gr. gildandi tollalaga sem fjalla annars vegar um almennt hlutverk einstakra tollstjóra og hins vegar um sérstakt hlutverk tollstjórans í Reykjavík. Jafnframt er tekið mið af þeirri þróun sem gætt hefur á alþjóðavettvangi, m.a. hjá Alþjóðatollastofnuninni, þar sem auknar áherslur hafa verið lagðar á að það sé hlutverk tollembætta að greiða fyrir löglegum viðskiptum og að styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækja. Um þetta er fjallað í 5. tölul. greinarinnar, auk þess sem þar er lögð áhersla á það eigi að vera hlutverk tollstjóra að vinna að framþróun, hagræðingu og einföldun tollframkvæmdar, skilvirkri og árangursríkri tollstarfsemi og sem bestri þjónustu tollstjóra. Vegna síaukins mikilvægis þess að tolleftirlit sé byggt á áhættustjórnun er lagt til að í greininni komi fram að tollstjóra sé ætlað að sinna slíku greiningarstarfi, sbr. 8. tölul. Þess má geta að hjá embætti tollstjórans í Reykjavík hefur þegar verið unnið talsvert að uppbyggingu slíkrar greiningarstarfsemi.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Greinin miðast við að tollstjóra verði ætlað að halda uppi tollþjónustu á landsvísu. Gert er ráð fyrir að tollstjóri hafi starfsstöðvar á stöðum þar sem það telst eðlilegt miðað við umfang tollstarfseminnar og þarfir atvinnulífs og einstaklinga. Annars staðar, þar sem þarf að vera einhver viðbúnaður vegna tollheimtu eða tolleftirlits þó að umfang starfans kalli ekki á sérstakar starfsstöðvar af hálfu tollstjóra, yrði við það miðað að hann gerði samstarfssamninga við viðkomandi sýslumann eða lögreglustjóra, sbr. 11. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Í greininni er kveðið á um að tollstjóri geri samninga við einstaka sýslumenn eða lögreglustjóra í því skyni að fela þeim að annast tiltekna þætti tollframkvæmdar á sviði tollheimtu eða tolleftirlits. Sýslumenn eru innheimtumenn ríkissjóðs og sem slíkir eðlilegt að þeir geti annast tiltekna þætti varðandi tollheimtu, jafnframt því sem eðlilegt er, og í samræmi við það sem verið hefur um áratugaskeið, að lögreglustjórar geti sinnt tollgæslu, enda geta þeir verið handhafar tollgæsluvalds, sbr. 147. gr. tollalaga.

Gert er ráð fyrir að framsal opinbers valds, sem fælist í slíkum samningum sem um ræðir í greininni, yrði einungis ákveðið með samþykki fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra. Enn fremur er gengið út frá því að í þessum samningum yrði kveðið á um greiðslur til viðkomandi embætta til að standa undir kostnaði við þá þjónustu sem þeim yrði ætlað að láta í té við tollframkvæmd.

Um 12. gr.

Með greininni er lagt til að bætt verði nýrri málsgrein við 45. gr. tollalaga, þar sem m.a. er fjallað um samvinnu tolls og lögreglu. Lagt er til að með skýrum hætti verði kveðið á um að þagnarskylda tollvarða og annarra tollstarfsmanna sé því ekki til fyrirstöðu að tollstjóri veiti lögreglu aðgang að tilteknum upplýsingum sem varða tollgæslu og löggæslu, enda sé það nauðsynlegt í þágu greiningarstarfs eða rannsókna lögreglu. Talið er æskilegt að treysta lagaumgjörð um eðlilega upplýsingamiðlun á milli tolls og lögreglu, einkum vegna baráttunnar gegn fíkniefnabrotum, tollsvikum og öðrum brotum á tollalöggjöf.

Um 13.–17. gr.

Hér er lagt til að viðkomandi greinar tollalaga verði lagaðar að þeim breytingum sem felast í frumvarpinu.

Um 18. gr.

Í greininni er lagt til að 118. gr. laganna, þar sem fjallað er um kærur til ríkistollanefndar, verði löguð að þeirri efnisbreytingu sem í frumvarpinu felst.

Enn fremur leiðir þessi breyting til þess að ekki þarf að gera ráð fyrir því í lögunum að tollstjóri geti kært til ríkistollanefndar. Því er lagt til að 2. mgr. 118. gr. falli brott.

Með tillögu í c-lið um breytingu á 5. mgr. 118. gr. er kveðið á um það, sem tíðkast hefur í framkvæmd, að ríkistollanefnd skuli gefa kæranda kost á andmælarétti vegna kröfugerðar tollstjóra í máli.

Um 19.–24. gr.

Í greinunum er gerð tillaga um aðlögun viðkomandi greina laganna að þeim efnisbreytingum sem af frumvarpinu leiðir.

Í 20. gr. er kveðið á um að greiða skuli tollstjóra aðflutningsgjöld. Að meginstefnu til eru greiðslurnar rafrænar og þarf þá ekki milligöngu sýslumanns.

Um 25. gr.

Í greininni er gerð tillaga um aðlögun 147. gr. laganna að þeim breytingum á tollembættum og hugtakanotkun sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Auk þess er lagt til í b-lið að 3. mgr. verði breytt þannig að þar verði tekið fram að lögreglustjórar, löglærðir fulltrúar þeirra og lögreglumenn fari með tollgæsluvald þegar þeir annist eða aðstoði við tollgæslu. Í gildandi ákvæði laganna eru í þessu sambandi einungis nefndir lögreglumenn. Enda þótt þeir sinni alla jafna umræddum störfum þykir eðlilegt að litið sé til þess að þeir starfa í umboði viðkomandi lögreglustjóra sem þarf því einnig að nefna í lagatextanum sem handhafa tollgæsluvalds. Sama gildir um löglærða fulltrúa lögreglustjóra.

Um 26. gr.

Með greininni er gerð tillaga um aðlögun 152. gr. laganna að því nýmæli sem fólgið er í 11. gr. frumvarpsins og varðar heimild tollstjóra til að fela sýslumönnum og lögreglustjórum að fara með tiltekna þætti tollframkvæmdar með sérstökum samningum.

Um 27. gr.

Í greininni er gerð tillaga um aðlögun 183. gr. laganna að þeim breytingum á tollembættum og hugtakanotkun sem frumvarpið gerir ráð fyrir og þarfnast þær ekki sérstakra skýringa.

Um 28. gr.

Í greininni er lagt til að orðalagi 2. mgr. 184. gr. laganna verði breytt til samræmis við þá tillögu frumvarpsins að það verði einungis eitt tollembætti í landinu. Núgildandi ákvæði byggist á að embættin séu fleiri og að eitt þeirra, embætti tollstjórans í Reykjavík, hafi tiltekið miðlægt hlutverk varðandi afgreiðslur aðstoðarbeiðna frá erlendum tollyfirvöldum. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 29.–47. gr.

Í greinunum er gerð tillaga um aðlögun eftirtalinna laga að þeim breytingum á tollembættum sem frumvarpið gerir ráð fyrir:

1. laga um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum,
2. laga um vörugjald, nr. 97/1987, með síðari breytingum,
3. laga um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989, með síðari breytingum,
4. laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, með síðari breytingum,
5. lögreglulaga, nr. 90/1996, með síðari breytingum,
6. laga um erfðafjárskatt, nr. 14/2004, með síðari breytingum.

Auk þess að laga framangreind lög að þeim breytingum sem lagðar eru til að gerðar verði samkvæmt frumvarpinu eru tilvísanir í eldri tollalög leiðréttar til samræmis við breytingar á tollalögum undanfarin ár. Um einstakar tillögur frumvarpsins skal eftirfarandi tekið fram:

Í 45. gr. er lagt til að í lögreglulög, nr. 90/1996, verði sett ákvæði þar sem tekið yrði fram að þagnarskylduákvæði lögreglulaga sé því ekki til fyrirstöðu að lögreglan veiti tollstjóra aðgang að málaskrám sínum og öðrum upplýsingum sem lögreglan búi yfir og varði ætluð brot á tollalögum, lögum um ávana- og fíkniefni eða öðrum lögum sem tollstjóra beri að framfylgja, enda sé það nauðsynlegt í þágu greiningarstarfs eða tolleftirlits. Slík upplýsingamiðlun er afar mikilvæg vegna tolleftirlits og nauðsynlegt að taka af tvímæli um heimild til hennar í lögreglulögum. Nefna má í þessu sambandi að tollstjórar, aðrir en tollstjórinn í Reykjavík, hafa í krafti embætta sinna sem lögreglustjórar haft heimildir til aðgangs að upplýsingum í málaskrám lögreglu. Því er nauðsynlegt að tryggja að aðstaða tollstjóra til að afla sér upplýsinga verði ekki verri eftir breytingu, samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, en hún var fyrir hana. Um sambærileg ákvæði varðandi upplýsingamiðlun frá tollstjóra til lögreglu er fjallað í 12. gr. frumvarpsins varðandi breytingu á 45. gr. tollalaga.

Að öðru leyti þarfnast greinarnar ekki skýringa.

Um 48. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í bráðabirgðaákvæðinu er kveðið á um að störf þeirra tollvarða sem starfa hjá öðrum tollstjórum en tollstjóranum í Reykjavík flytjist til þess embættis og tollverðirnir haldi áunnum réttindum og embætti tollstjórans í Reykjavík taki við réttindum og skyldum gagnvart þeim. Hann taki og við umráðum og eignarhaldi á tækjum og búnaði hvers konar sem viðkomandi tollverðir hafa til nota vegna starfa sinna. Jafnframt er kveðið á um að frá og með gildistöku laganna breytist heiti embættis tollstjórans í Reykjavík í embætti tollstjóra, sbr. almennar athugasemdir við lagafrumvarpið. Enn fremur er kveðið á um að embættið skuli við gildistöku lagabreytinganna taka við og bera ábyrgð á meðferð og afgreiðslu þeirra mála á sviði tollheimtu og tolleftirlits sem kunna að vera til meðferðar hjá viðkomandi tollstjórum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum, og öðrum lagaákvæðum er varða tollframkvæmdina.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að landið verði gert að einu tollumdæmi og að einu tollembætti, hjá embætti tollstjórans í Reykjavík, verði falin öll tollframkvæmd í landinu. Þó er gert ráð fyrir því að embættið geti falið sýslumönnum og lögreglustjórum tiltekna þætti tollframkvæmdarinnar í umdæmi þeirra teljist það faglega og fjárhagslega hagkvæmt. Eftir breytingar sem gerðar voru á tollalögum árið 2007 eru átta tollstjórar í landinu. Tollstjórinn í Reykjavík hefur haft með höndum tiltekin miðlæg tollstjórnarverkefni fyrir allt landið sem lúta m.a. að samræmingu tollframkvæmdar og rekstri rafræns tollafgreiðslukerfis. Aðrir tollstjórar eru jafnframt sýslumenn og lögreglustjórar, nema lögreglustjórinn á Suðurnesjum sem ekki er sýslumaður. Tollstjórinn í Reykjavík er eini tollstjórinn sem heyrir undir fjármálaráðherra sem fer með faglega yfirstjórn tollamála í landinu. Aðrir tollstjórar heyra undir dómsmálaráðherra þó þeir lúti faglegri yfirstjórn fjármálaráðherra í tollamálum.

Frumvarpið miðar að því að auka hagræði og einfalda rekstrarfyrirkomulag, jafnframt því að gera tollstjóra betur í stakk búinn til að sinna hlutverki sínu t.d. með því að auðvelda stefnumótun í tollamálum, skipulagningu tollframkvæmdar og áætlanagerð varðandi tollstarfsemina. Tollstjórinn í Reykjavík er langstærsta tollembættið og sér ásamt tollstjóranum í Reykjanesumdæmi um nánast alla tollframkvæmd í landinu. Af 118 tollvörðum í landinu starfa 108 hjá þessum tveimur embættum. Þannig er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að allt er lýtur að tollamálum verði á forræði fjármálaráðherra. Hér er um að ræða skipulagsbreytingar sem fela fyrst og fremst í sér tilfærslu á verkefnum og fjárheimildum milli ráðuneyta og er ekki tilefni til þess að ætla að þær hafi umtalsverð áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Verði frumvarpið að lögum er því gert ráð fyrir að breytingar sem af því kann að leiða, t.d. tímabundinn kostnaður við undirbúning og skipulagningu, muni rúmast innan útgjaldaramma dóms- og kirkjumálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis í fjárlögum.

241. Tillaga til þingsályktunar [194. mál]

um skyldu lánastofnana í meirihlutaeigu ríkisins til að leita tilboða í innleyst fyrirtæki og/eða rekstrareiningar.

Flm.: Grétar Mar Jónsson, Guðjón A. Kristjánsson, Jón Magnússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast, með tilmælum og lagasetningu, til um að lánastofnunum í meirihlutaeigu ríkisins verði jafnan skylt að leita tilboða við sölu á fyrirtækjum sem lánastofnunin innleysir að hluta eða í heild, svo og við sölu á einstökum rekstrareiningum viðkomandi rekstraraðila. Skal jafnan tekið hæsta tilboði enda séu viðunandi tryggingar lagðar fram fyrir greiðslu kaupverðs.

Greinargerð.

Við hrun íslenska bankakerfisins hefur fjöldi fyrirtækja og rekstrareininga komist á forræði skilanefnda bankanna eða stjórna nýju bankanna, sem urðu til eftir hrun þeirra eldri. Nú er m.a. unnið að því að ákveða hvað gera skuli við innleystar eignir sem bankarnir hafa tekið í sína vörslu. Það hlýtur að vera keppikefli að hámarka verðið sem fæst fyrir þessar eignir. Að undanförnu hafa borist fréttir af því að skilanefndir ætli sér að selja einstakar eignir án þess að bjóða þær út á almennum markaði, m.a. berast fréttir af því að einstaklingar sem höfðu með þessar eignir að gera með einum eða öðrum hætti gangi nú fyrir þegar endursala þeirra er ákveðin. Slíkt er að mati flutningsmanna andstætt góðu viðskiptasiðferði. Með þessari aðferð er sniðgengin sú leið að leita eftir hæsta verði, auk þess sem áhugasömum kaupendum er mismunað.

Með þessari þingsályktunartillögu er leitast við að koma í veg fyrir að ríkissjóður Íslands verði af umtalsverðum upphæðum með því að reyna ekki að lágmarka þann skaða sem þegar er orðinn í efnahagsfárinu.

242. Tillaga til þingsályktunar [195. mál]

um innlenda fóðurframleiðslu.

Flm.: Þuríður Backman, Atli Gíslason, Jón Bjarnason, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að láta kanna hagkvæmni þess að auka og styrkja innlenda fóðurframleiðslu til notkunar í landbúnaði og möguleika á því.

Greinargerð.

Í ljósi þess að verð á innfluttu kjarnfóðri hefur hækkað mikið að undanförnu vegna vaxandi framleiðslu- og flutningskostnaðar er nú brýnt að styrkja innlenda fóðurframleiðslu. Vandamál í gjaldeyrisviðskiptum og gengi íslensku krónunnar munu á næstunni hafa veruleg áhrif á verð á kjarnfóðri til bænda. Mikilvægt er að leita allra leiða til að halda niðri kostnaði og auka þjóðhagslegan ábata af innlendri landbúnaðarframleiðslu til hagsbóta bæði fyrir neytendur og framleiðendur.

Bændur nota í vaxandi mæli kjarnfóður við eldi á búfé sínu í stað fóðurs sem unnið er úr innlendu gróffóðri. Kjarnfóður er samsett úr hinum ýmsu korntegundum, eins og byggi, hveiti og maís, próteinfóðri á borð við sojabaunir, repjumjöl og fiskimjöl, ásamt ýmsum öðrum efnum, svo sem melassa, sem unninn er úr sykurreyr. Mest allt hráefni í þessar blöndur er flutt inn til landsins. Heildarfóðurnotkun hér á landi er um 300 milljón fóðureiningar í gróffóðri og um 70 milljón fóðureiningar í kjarnfóðri á ári og er fóður handa öllum tegundum búfjár þá þar með talið. Það er umhugsunarvert að af allri notkun kjarnfóðurs í landbúnaði, um 60 þúsund tonnum á ári, skuli einungis um 10–12% af efnisinnihaldi vera framleitt hér á landi.

Í þeim þrengingum sem nú eru á mörkuðum er nauðsynlegt að á Íslandi sé starfræktur sjálfbær landbúnaður. Mikilvægur þáttur í því er að tryggja fóðuröryggi fyrir búfé. Tæknilegir örðugleikar í bankakreppunni gætu leitt til þess að kjarnfóður berist ekki í tíma þeim búum sem eru mest háð aðkeyptu fóðri. Af þeim sökum er mikilvægt að leggja aukna áherslu á innlenda framleiðslu fóðurs til þess að tryggja öryggi íslensks landbúnaðar. Ræktun korns, einkum

byggs, er vaxandi búgrein hér á landi og miklar vonir eru bundnar við áframhaldandi þróun á því sviði. Tilraunir hafa verið gerðar á svokölluðum heykögglum sem nota má í stað kjarnfóðurs og hafa þær gefið góða raun. Nokkrar heykögglaverksmiðjur voru starfandi á tímabili á Íslandi en einnig framleiddu grasköggla verksmiðjur þúsundir tonna af fóðri á áttunda og níunda áratugnum og fram á þann tíunda. Með aukinni innlendri framleiðslu mun draga úr flutningi á hrávöru og efnum á milli heimsálfa með tilheyrandi mengun og kostnaði.

Aukinheldur eru dæmi þess að fullnægjandi upplýsingar liggi ekki fyrir um efnainnihald innfluttra efna sem notuð eru í kjarnfóðurblöndur. Það ætti að skapa sóknarfæri fyrir innlenda framleiðslu með áherslu á lífræna ræktun og upprunalýsingu fóðurinnihalds. Ástand á mörkuðum ætti enn frekar að hvetja til innlendrar, hreinnar framleiðslu sem tryggir bæði framleiðsluöryggi innlends landbúnaðar og fóður sem er ómengað af erfðabreyttum efnum. Við höfum næga hreina orku fyrir minni framleiðslueiningar sem nýtast til enn frekari verðmætasköpunar og virðisauka hér innan lands.

Því er lagt til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra láti kanna kosti þess að styrkja innlenda framleiðslu fóðurs. Með innlendri framleiðslu er unnt að tryggja betur sjálfsforræði Íslands í landbúnaði og skapa lífvænlegri kjör fyrir bændur nú þegar innflutt kjarnfóður hefur hækkað verulega í verði. Innlend framleiðsla er einnig eftirsóknarverð þar sem hún bætir samkeppnishæfni og lækkar framleiðslukostnað innlendra matvæla og stuðlar þannig m.a. að lægra matvælaverði til neytenda.

Verði niðurstaðan sú að aukin framleiðsla fóðurs hér á landi sé hagkvæm er mögulegt að ríkið styðji á einhvern hátt við verkefnið í samstarfi við sveitarfélög, fyrirtæki, bændur og einstaklinga ef það er nauðsynlegt til að tryggja framgang þess.

243. Frumvarp til laga [196. mál]

um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Á eftir 9. gr. laganna kemur ný grein, 9. gr. a, sem orðast svo:

Flugmálastjórn Íslands er heimilt að fela viðurkenndum aðila skrásetningu loftfara af tiltekinni tegund eða flokki í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur. Um skilyrði skráningar, réttaráhrif skráningar og afskráningu gilda að öðru leyti ákvæði þessara laga.

2. gr.

Á eftir 28. gr. laganna koma sex nýjar greinar, 28. gr. a – 28. gr. f, sem orðast svo:

a. (28. gr. a.)

Nú vill aðili hljóta viðurkenningu til eftirlits með starfrækslu og lofthæfi loftfara af tiltekinni tegund eða flokki og skal hann þá sækja um viðurkenningu til Flugmálastjórnar Íslands.

Veita skal viðurkenningu sé þeim skilyrðum fullnægt sem kveðið er á um í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Viðurkenningu má taka aftur ef aðili fullnægir eigi þeim kröfum og skilyrðum sem fyrir starfseminni eru sett eða brýtur í rekstri sínum í mikilvægum atriðum ákvæði laga og reglu-

gerða. Nú verða verulegar breytingar á samþykktum félagsins, umfangi starfsemi og eðli og skal þá á ný sækja um viðurkenningu.

Flugmálastjórn Íslands er heimilt að afturkalla viðurkenningu tímabundið eða takmarka viðurkenningu félagsins að hluta telji stofnunin vafa leika á að félagið geti fullnægt þeim kröfum sem gerðar eru um starfrækslu þess með þeim hætti að telja má að flugöryggi kunni að vera stefnt í hættu.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð m.a. um:

a. heimildarveitingar og eftirlit Flugmálastjórnar Íslands með viðurkenndum aðilum og skilyrði til framsals eftirlits;
b. kröfur um viðurkenningu, framkvæmd og starfrækslu, þ.m.t. um félagaform, fjármögnun, fjárhagsstöðu, reikningsskil og vátryggingar, auk krafna um kennslu, þjálfun, prófanir og eftirlit;
c. menntun og hæfni kennara og þeirra er annast prófanir og eftirlit;
d. trúnaðarmenn og samþykki þeirra;
e. upplýsingamiðlun og skýrslugjöf til Flugmálastjórnar Íslands.

b. (28. gr. b.)

Nú vill aðili hljóta vottun eða viðurkenningu til verklegrar og/eða bóklegrar kennslu, þjálfunar og prófunar:

a. flugliða loftfara;
b. öryggis- og þjónustuliða loftfara;
c. flugvéltækna;
d. viðhaldsvotta;
e. flugumsjónarmanna;
f. á sviði flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnunar flugumferðar; þ.m.t. til stjórnunar flugumferðar; og
g. þeirra er starfa að flugvernd, eftirliti með flugvernd og framkvæmd flugverndar;

og skal aðili þá sækja um vottun eða viðurkenningu til Flugmálastjórnar Íslands.

Veita skal vottun eða viðurkenningu sé þeim skilyrðum fullnægt sem kveðið er á um í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Vottun eða viðurkenningu má taka aftur ef aðili fullnægir eigi þeim kröfum og skilyrðum sem fyrir starfseminni eru sett eða ef aðili brýtur í rekstri sínum í mikilvægum atriðum ákvæði laga og reglugerða.

Flugmálastjórn Íslands er heimilt að afturkalla vottun eða viðurkenningu tímabundið eða takmarka hana að hluta telji stofnunin vafa leika á að aðili geti fullnægt þeim kröfum sem gerðar eru um starfrækslu þess með þeim hætti að telja má að flugöryggi kunni að vera stefnt í hættu.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð m.a. um:

a. heimildarveitingar og eftirlit Flugmálastjórnar Íslands með vottuðu eða viðurkenndum aðilum, þar á meðal heimildir til framsals eftirlits til óháðra viðurkenndra eða vottaðra aðila;
b. eftirlit Eftirlitsstofnunar EFTA með framkvæmd eftirlits;
c. kröfur um vottun eða viðurkenningu, þ.m.t. um fjármögnun, fjárhagsstöðu, reikningsskil og vátryggingar, auk krafna um framkvæmd kennslu, þjálfunar og prófana, afköst og þjónustustig, umráð loftfara og búnaðar;
d. trúnaðarmenn og samþykki þeirra;
e. búnað sem nýttur er til þjálfunar og prófunar og vottun hans;

f. menntun og hæfni kennara og þeirra er annast prófanir; og
g. upplýsingamiðlun og skýrslugjöf til Flugmálastjórnar Íslands.

c. (28. gr. c.)

Nú vill aðili hljóta tilnefningu og samþykki sem fluglæknir eða til reksturs fluglæknaseturs og skal hann þá sækja um slíka tilnefningu og samþykki til Flugmálastjórnar Íslands.

Veita skal tilnefningu og samþykki sé þeim skilyrðum fullnægt sem kveðið er á um í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Tilnefningu og samþykki má taka aftur ef aðili fullnægir eigi þeim kröfum og skilyrðum sem fyrir starfseminni eru sett eða ef aðili brýtur í rekstri sínum í mikilvægum atriðum ákvæði laga og reglugerða.

Flugmálastjórn Íslands er heimilt að afturkalla tilnefningu og samþykki sitt tímabundið eða takmarka það að hluta telji stofnunin vafa leika á að aðili geti fullnægt þeim kröfum sem gerðar eru um starfrækslu þess með þeim hætti að telja má að flugöryggi kunni að vera stefnt í hættu.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð m.a. um tilhögun og fjölda tilnefndra fluglækna og fluglæknasetra, framkvæmd heilbrigðisskoðana, starfrækslu fluglæknasetra, heimildarveitingar og eftirlit Flugmálastjórnar Íslands með fluglæknum og fluglæknasetrum, upplýsingagjöf, menntun á sviði fluglæknisfræði og útgáfu heilbrigðisvottorða.

d. (28. gr. d.)

Flugmálastjórn Íslands skal hafa eftirlit með því að vottaður eða viðurkenndur aðili skv. 28. gr. a, 28. gr. b og 28. gr. c uppfylli þær kröfur sem til starfseminnar eru gerðar og sinni þeim skyldum sem hann tekur að sér. Stofnunin getur m.a. í því skyni beitt úrræðum 84. gr.

e. (28. gr. e.)

Eigendur og umráðendur loftfara sem starfrækt eru í almannaflugi skulu uppfylla þær kröfur sem settar eru í reglugerð sem ráðherra setur um skilyrði til öruggrar starfrækslu. Í reglugerðinni má m.a. kveða nánar á um lofthæfi, undirbúning flugs og verklags í flugi, afkastagetu og starfrækslulágmörk og lágmarksbúnað, þ.m.t flugleiðsögu.

f. (28. gr. f.)

Eigendur og umráðendur loftfara sem starfrækt eru til verkflugs, hvort heldur í einkaflugi eða í verkflugi í atvinnuskyni, skulu uppfylla þær kröfur sem settar eru í reglugerð sem ráðherra setur um örugga starfrækslu. Í reglugerðinni má m.a. kveða nánar á um lofthæfi, heimildir til tegundar verkflugs, undirbúning flugs og verklags í flugi, afkastagetu og starfrækslulágmörk og lágmarksbúnað, þ.m.t. flugleiðsögu.

Um skilyrði til verkflugs í atvinnuskyni gilda ákvæði IX. kafla laga þessara að öðru leyti.

3. gr.

4. mgr. 37. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um réttindi og skyldur flugrekenda, flugverja og viðurkenndra aðila sem sinna flugkennslu og þjálfun hvað varðar:

a. hámarksvinnutíma, hámarksflugvakt og lágmarkshvíldartíma og
b. skráningu flugvaktar, vinnu- og hvíldartíma.

4. gr.

2. og 3. mgr. 47. gr. a laganna orðast svo:

Óheimilt er að veita þriðja aðila aðgang að upplýsingum eða tilkynningum sem berast skv. 47. gr. Þetta á ekki við um upplýsingar sem veittar eru:

a. erlendum ríkjum, stofnunum eða samtökum á grundvelli þjóðréttarlegra skuldbindinga ef tilgangurinn er að vinna að auknu flugöryggi;
b. rekstraraðilum er varða starfsemi þeirra sjálfra; og
c. hagsmunaaðilum sem eru í þeirri stöðu að geta unnið að bættu flugöryggi.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um gagnagrunninn, þar á meðal um:

a. aðgang að upplýsingum úr grunninum;
b. úrvinnslu á grundvelli gagna úr grunninum;
c. miðlun upplýsinga til hagsmunaaðila úr grunninum;
d. form, móttöku, skráningu, málsmeðferð og afgreiðslu beiðna um upplýsingar úr grunninum;
e. þagnarskyldu aðila og starfsmanna á hans vegum auk afléttingar hennar;
f. takmörkun á notkun upplýsinga úr grunninum;
g. skyldu til skráningar grunnupplýsinga um rannsókn flugslysa og alvarlegra flugatvika sem tilkynningarskyld eru skv. 47. gr. í gagnagrunninn meðan á rannsókn stendur.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Flugmálastjórn setur nánari reglur“ í 1 málsl. kemur: Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði.
b. Á eftir orðinu „öryggi“ í 1. og 3. málsl. kemur: og heilbrigði.

6. gr.

57. gr. a laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Flugleiðsöguþjónusta og rekstrarstjórnun flugumferðar.

Með flugleiðsöguþjónustu er átt við flugumferðar- og fjarskiptaþjónustu, leiðsögu- og kögunarþjónustu, veðurþjónustu fyrir flugleiðsögu og upplýsingaþjónustu flugmála. Með rekstrarstjórnun flugumferðar er átt við flugumferðarþjónustu, loftrýmisstjórnun og flæðisstjórnun flugumferðar. Rekstraraðili flugleiðsöguþjónustu er hver sá opinberi aðili, stofnun eða fyrirtæki, sem veitir flugleiðsöguþjónustu fyrir flugumferð og sinnir rekstrarstjórnun flugumferðar að hluta eða öllu leyti.

Nú vill aðili hefja starfrækslu flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnunar flugumferðar og skal þá umráðamaður og/eða eigandi sækja um starfsleyfi til Flugmálastjórnar Íslands minnst þremur mánuðum fyrir upphaf þjónustunnar.

Að fullnægðum þeim kröfum og stöðlum sem Flugmálastjórn metur fullnægjandi skal gefa út starfsleyfi. Í leyfi skal m.a. koma fram nafn leyfishafa og gildistími ásamt þeim takmörkunum og skilyrðum sem í leyfinu felast. Ráðherra staðfestir gjaldskrá þjónustunnar.

Heimilt er ráðherra að tilnefna lögaðila til að sjá um afmarkaða þætti flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnunar flugumferðar. Aðeins má tilnefna þá sem hafa gilt starfsleyfi.

Flugmálastjórn Íslands, eða aðili sem hún samþykkir, skal hafa eftirlit með því að sá sem veitir flugleiðsöguþjónustu og sinnir rekstrarstjórnun flugumferðar uppfylli gerðar kröfur og sinni þeim skyldum sem hann tekur að sér. Stofnunin getur m.a. í því skyni beitt úrræðum 84. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð m.a. um:

a. tilnefningu veitanda þjónustu, þar á meðal framkvæmd tilnefningar, hámarkstímalengd tilnefningar og önnur skilyrði;
b. heimildarveitingar og eftirlit Flugmálastjórnar Íslands með flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðar, þar á meðal heimildir til framsals eftirlits til óháðra viðurkenndra eða vottaðra aðila;
c. eftirlit Eftirlitsstofnunar EFTA með framkvæmd eftirlits á sviði flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnunar flugumferðar;
d. skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis, þ.m.t. um öryggi, stjórnun, fjármögnun, fjárhagsstöðu og reikningsskil, gerð ársskýrslu auk krafna um starfrækslu, afköst og þjónustustig;
e. framkvæmd og starfrækslu flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnunar flugumferðar;
f. búnað og vottun hans vegna flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnunar flugumferðar;
g. menntun og hæfni starfsmanna sem veita flugleiðsöguþjónustu og sinna rekstrarstjórnun flugumferðar;
h. skilyrði fyrir vottun eða viðurkenningu þeirra sem sinna þjálfun á sviði flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnunar flugumferðar;
i. upplýsingamiðlun um eftirlit með flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðarsamstarfs;
j. samvinnu á sviði flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnunar flugumferðar við erlend ríki og alþjóðlegar og svæðisbundnar stofnanir.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr. b laganna:

a. Við greinina bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Nú er flugvöllur, sem opinn er fyrir flugumferð í atvinnuskyni, undir tilgreindum viðmiðunarmörkum er varðar fjölda farþega og magn farms og er rekstraraðila flugvallar heimilt að fengnu samþykki Flugmálastjórnar Íslands, og að þeim skilyrðum uppfylltum sem kveðið er á um í reglugerð sem ráðherra setur, að takmarka fjölda þeirra aðila sem heimilt er að veita flugafgreiðslu. Heimilt er ráðherra að kveða á um eftirlit með þeim sem sinna flugafgreiðslu í reglugerð.
b. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:

   Rekstraraðila flugvallar er heimilt að afhenda þriðja aðila stjórn sérstakra mannvirkja á flugvelli sem notuð eru við flugafgreiðslu og getur hann skyldað þá sem sjá um flugafgreiðslu og flugvallanotendur sem sjá um eigin afgreiðslu til að nota slík mannvirki. Þetta á við um mannvirki sem eru svo flókin eða kostnaðarsöm eða hafa svo mikil umhverfisáhrif að ekki er unnt að skipta þeim niður eða hafa fleiri en eitt af þeim, t.d. stjórn farangursflokkunar, afísingar, vatnshreinsunar og eldsneytisdreifingar. Ráðherra skal kveða nánar á um skilyrði slíks framsals á stjórnun mannvirkja og skyldu til nýtingar þeirra í reglugerð.

8. gr.

Við 57. gr. c laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð, þar á meðal um:

a. tilnefningu flugvallar með tilliti til skipulagningar afgreiðslugetu flugvallarins;
b. skipun samráðs- eða samræmingarstjóra flugvallar og starfsskyldur þeirra;
c. skipun samræmingarnefndar tilnefnds flugvallar auk verkefna hennar;
d. skyldu flugrekenda, m.a. til upplýsingagjafar og starfrækslu flugstarfsemi á ákveðnum tímum;

e. heildarskrá afgreiðslutíma, úthlutun og breytingar á honum;
f. kvaðir á úthlutun afgreiðslutíma vegna opinberrar þjónustu á flugleiðum;
g. kvartanir og áfrýjunarrétt; og
h. takmörkun á bótaábyrgð samræmingarstjóra.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:
a. 3.–6. mgr. falla brott.
b. Greinin fær nýja fyrirsögn sem orðast svo: *Flugvernd.*

10. gr.

Á eftir 70. gr. laganna koma sex nýjar greinar, 70. gr. a – 70. gr. f, sem orðast svo:

a. (70. gr. a.)

Flugmálastjórn Íslands skal hafa eftirlit með því að eftirlitsskyldir aðilar, m.a. rekstraraðilar flugvalla og flugstöðva, flugrekendur og rekstraraðilar flugleiðsöguþjónustu, ræki skyldur sínar á sviði flugverndar í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem um starfsemina gilda og flugverndaráætlun sem stofnunin skal gera og viðhalda fyrir Ísland. Eftirlitsskyldir aðilar skulu leggja flugverndaráætlun sína fyrir stofnunina til samþykktar. Flugmálastjórn Íslands skal gæta þess að kröfum um leynd og varðveislu verndaráætlana og annarra trúnaðarupplýsinga sé fullnægt.

b. (70. gr. b.)

Rekstraraðila flugvallar, með samþykki vegna flugverndar, Flugmálastjórn Íslands eða þeim sem falin er framkvæmd flugverndar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim er heimilt að leita á mönnum, í farangri, farmi, pósti, rekstrarvörum og öðrum varningi áður en hann er færður um borð í loftfar, inn á haftasvæði flugverndar eða aðgreind flugverndarsvæði. Sá sem sætir hand- og líkamsleit getur krafist þess að vitni sé tilkvatt. Handleit og líkamsleit skal ætíð framkvæmd af einstaklingi af sama kyni. Líkamsleit skal aðeins framkvæmd af lögreglu.

Synja skal þeim um aðgang að aðgreindu flugverndarsvæði og haftasvæði flugverndar eða um brottför og komu sem neita að undirgangast leit. Leit skal framkvæmd með eins mikilli tillitssemi og unnt er og hún má aldrei verða víðtækari en nauðsynlegt er.

c. (70. gr. c.)

Flugmálastjórn Íslands eða þeim sem hún felur eftirlit með flugvernd samkvæmt lögum þessum er heimilt, að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi einstaklings, að fela lögreglu athugun á viðkomandi í skrám lögreglu og öflun upplýsinga um bakgrunn og sakaferil sem lið í mati á því hvort óhætt sé að heimila honum aðgang að haftasvæði flugverndar og aðgengi að upplýsingum um framkvæmd og eftirlit flugverndar. Endurtaka skal athugunina með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

Rekstraraðila flugvallar, með samþykki vegna flugverndar, er heimilt að fela lögreglu bakgrunnsathugun vegna útgáfu aðgangsheimilda með sama hætti og greint er í 1. mgr.

Lögregla skal upplýsa um niðurstöður sínar annaðhvort með jákvæðri eða neikvæðri umsögn um viðkomandi einstakling. Einstaklingi er heimilt að óska eftir rökstuðningi sé umsögn neikvæð. Ákvörðun lögreglu um niðurstöður bakgrunnsathugunar sætir kæru til samgönguráðuneytisins samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

d. (70. gr. d.)

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð m.a. um:

a. heimildarveitingar og eftirlit Flugmálastjórnar Íslands á sviði flugverndar, þar á meðal heimildir til framsals eftirlits til sjálfstæðra vottunaraðila;
b. eftirlit Eftirlitsstofnunar EFTA með framkvæmd flugverndar hér á landi;
c. áhættumat og vástig vegna flugverndar;
d. hverjir teljist eftirlitsskyldir aðilar á sviði flugverndar, þ.m.t. erlendir aðilar;
e. efni og útgáfu flugverndaráætlunar og framkvæmd hennar, þ.m.t. takmörkun á birtingu efnis að hluta eða í heild;
f. kröfur til eftirlitsskyldra aðila, þ.m.t kröfur er varða gerð flugverndaráætlunar eftirlitsskyldra aðila, gæðakerfis og þjálfunar- og viðbúnaðaráætlana;
g. hvaða hluti sé óheimilt að flytja í handfarangri, lestarfarangri, pósti og farmi í almenningsflugi;
h. framkvæmd flugverndar, þ.m.t. aðgangsstýringar flugvalla og flugstöðva, útgáfu aðgangsheimilda, leitar á mönnum, í farangri, pósti og farmi, vélknúinna ökutækja, vinnuvéla og búnaðar og aðföngum til starfrækslu almenningsflugs, reksturs flugvalla og flugstöðva, kröfur til búnaðar sem nota skal vegna flugverndaraðgerða og ráðstafana til verndar loftförum og mannvirkjum á flugvelli og nánari kröfur til eftirlitsskyldra aðila sem ekki geta sætt birtingu skv. f-lið;
i. skipulag og skilgreiningu svæða innan flugvallar;
j. hæfniskröfur við ráðningu og þjálfun þeirra er starfa að flugvernd, framkvæmd flugverndar og eftirlits með flugvernd;
k. kröfur um viðurkenningu umboðsaðila og þekktra sendenda;
l. kröfur um vottun eða viðurkenningu þeirra sem sjá um þjálfun á sviði flugverndar;
m. kröfur um útgáfu skírteinis eða vottorðs um hæfni og þjálfun þeirra sem starfa að flugvernd, hafa eftirlit með flugvernd og þeirra sem annast kennslu og þjálfun á sviði flugverndar;
n. athuganir á bakgrunni vegna flugverndar, sem leiðir m.a. af athugun á viðkomandi í skrám lögreglu og öflun upplýsinga um sakaferil sem framkvæmd er af lögreglu að beiðni Flugmálastjórnar Íslands og viðkomandi rekstraraðila flugvallar, og almenn viðmið um slíkt mat;
o. gagnkvæma viðurkenningu á sviði flugverndar við erlend ríki;
p. upplýsingamiðlun um flugvernd; og
q. samstarf og samvinnu á sviði flugverndar við erlend ríki og alþjóðlegar og svæðisbundnar stofnanir.

Ráðherra er heimilt að birta aðeins að hluta eða öllu leyti efni reglugerðar skv. h-lið 1. mgr. þeim einstaklingum sem starfs síns vegna þurfa að hafa vitneskju um efni hennar, enda varði efni reglugerðarinnar beina flugverndarhagsmuni og öryggi og leynd leiði af þjóðréttarlegum skuldbindingum á sviði flugverndar. Miðlun upplýsinga skv. h-lið 1. mgr. skal tryggð með sannanlegum hætti.

Flugmálastjórn Íslands setur reglur um skipan og starfsemi flugverndarráðs og flugverndarnefnda.

Rekstraraðilum flugvalla er heimilt að setja reglur um aðgangsstýringu og afmörkun aðgreindra flugverndarsvæða og haftasvæða á flugvelli.

e. (70. gr. e.)

Þeim sem starfa að flugvernd ber þagnarskylda um þau atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfa sinna og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna eða hagsmuna í þágu flugverndar. Tekur þetta til upplýsinga um einkahagi manna, sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga sem varða framkvæmd flugverndar og fyrirhugaðar aðgerðir vegna flugverndar og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, reglum eða eðli máls.

Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

f. (70. gr. f.)

Nú segir maður, sem falin hafa verið trúnaðargögn í samræmi við 2. mgr. 70. gr. d, frá nokkru er leynt á að fara og hann hefur fengið vitneskju um í starfi sínu eða hann er bundinn trúnaði um og varðar framkvæmd flugverndar, og skal hann þá sæta fangelsi allt að einu ári.

Hafi hann gert það til þess að afla sér eða öðrum óréttmæts ávinnings eða noti hann slíka vitneskju í því skyni má beita fangelsi allt að 3 árum.

Sömu refsingu skal sá sæta sem látið hefur af starfi og eftir það segir frá eða misnotar á sama hátt vitneskju sem hann hafði fengið í stöðu sinni og leynt á að fara.

Brot á þagnarskyldu opinberra starfsmanna skv. 1. og 2. mgr. 70. gr. e, er refsivert skv. 136. gr. almennra hegningarlaga.

11. gr.

71. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Gjaldtaka.

Rekstraraðila flugvallar er heimilt að innheimta gjöld til að standa undir rekstri flugvallar og fyrir þeirri aðstöðu, búnaði og mannvirkjum sem starfsemi tengd flugsamgöngum nýtir á flugvellinum.

Rekstraraðila flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðar er heimilt að innheimta gjöld til að standa undir rekstri flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðar, þar sem slík þjónusta er veitt, og þeim búnaði og mannvirkjum sem starfsemin nýtir.

Gjaldskrá skal birt með tryggum hætti þar sem m.a. er kveðið nánar á um fjárhæð gjalds, sundurliðun þess ef við á og innheimtu. Ráðherra staðfestir gjaldskrá þjónustunnar.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um forsendur og útreikning kostnaðar, forsendur og útreikning gjaldtöku, gagnsæi kostnaðargrunns og gjaldtöku, leyfilegar undanþágur frá gjaldtöku, hvatakerfi, reglubundið samráð við hagsmunaaðila um gjaldtöku, fyrirkomulag við setningu gjaldskrár og málsmeðferð, fyrirkomulag við innheimtu og eftirlit með gjaldtöku.

12. gr.

71. gr. a laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Notendanefnd.

Rekstraraðili flugvallar eða flugvallakerfis þar sem farþegar eru fleiri en ein milljón á ári skal setja á stofn notendanefnd sem er vettvangur skoðanaskipta milli hans og notenda um málefni flugvallar. Fjöldi fulltrúa notenda og samsetning í notendanefnd skal ráðast af stærð og umsvifum flugvallar. Fundir í notendanefnd flugvallar skulu haldnir eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Á notendafundi skal notendum veitt tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en teknar eru mikilvægar ákvarðanir um rekstur, þjónustu, gjaldtöku eða önnur atriði sem snerta mikilvæga hagsmuni þeirra.

Nú vill rekstraraðili flugvallar leggja fram tillögu um ákvörðun um:

a. hækkun gjalds;
b. breytingu gjalds;
c. nýtt gjald; eða
d. aðrar mikilvægar ráðstafanir sem snerta beint hagsmuni notenda;

og skal slík tillaga lögð fram með rökstuðningi a.m.k. fjórum mánuðum fyrir áætlaða gildistöku ákvörðunar. Notendum skulu veittar fullnægjandi upplýsingar með áherslu á gagnsæi svo að þeir geti tekið upplýsta afstöðu til þeirra breytinga og nýmæla sem fyrirhuguð eru.

Notendanefnd skal leitast við að ná samkomulagi um fyrirhugaðar ákvarðanir, en náist ekki samkomulag skal rekstraraðili flugvallar óbundinn af sjónarmiðum notenda flugvallar. Verði ágreiningur í notendanefnd geta notendur farið fram á frekari rökstuðning og annan fund til frekari viðræðna.

Rekstraraðili flugvallar skal tilkynna um ákvörðun sína skv. 2. mgr. með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara fyrir gildistöku.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um notendanefndir flugvalla þar sem m.a. er kveðið á um skipun nefndarinnar, skipunartíma, hlutverk, fundarboðun og meðferð ágreiningsmála og upplýsingaskyldu til Flugmálastjórnar Íslands.

13. gr.

71. gr. b laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Gagnsæi gjalda.

Rekstraraðili flugvallar skal eigi sjaldnar en árlega leggja fram sundurliðun kostnaðar sem lagður er til grundvallar gjaldtöku. Við sundurliðunina skal a.m.k. leggja til grundvallar:

a. þá þjónustu og innviði sem gjald er tekið fyrir;
b. aðferðina við útreikning gjalds;
c. heildarsamsetningu kostnaðar á flugvelli eða innan flugvallakerfis;
d. tekjur af mismunandi gjöldum og heildarkostnað að baki gjaldtöku;
e. fjármögnun ríkis, sveitarfélaga eða annarra opinberra aðila til þeirrar þjónustu sem gjald er tekið fyrir;
f. spá um þróun á viðkomandi flugvelli/flugvöllum varðandi gjaldtöku og flugumferð. Séu fjárfestingar í innviðum hluti af kostnaðargrunni gjalda skulu áætlanir þar um einnig sundurliðaðar;
g. nýtingu stofninnviða og búnaðar yfir tiltekið tímabil; og
h. áætlun um framlegð einstakra fyrirhugaðra fjárfestinga og áhrif þeirra á afkastagetu flugvallarins og gæði þjónustu.

Aðgreina skal í bókhaldi einstaka kostnaðarliði sem lagðir eru til grundvallar gjaldi.

Flugrekendum, sem nýta aðstöðu flugvalla hér á landi, ber að upplýsa rekstraraðila flugvallar reglulega um áætlanir sínar m.a. varðandi tíðni flugs á hverri flugleið, fjölda farþega, samsetningu flugvélaflotans, fyrirhuguð verkefni á flugvelli og þarfir fyrir aðstöðu á honum. Rekstraraðili flugvallar skal meðhöndla upplýsingar, sem veittar eru samkvæmt þessari grein, sem trúnaðarupplýsingar.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði m.a. um sundurliðun gjalda, hvaða gjöld beri að sundurliða, birtingu upplýsinga um gjöld og aðferð við framsetningu.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 78. gr. laganna:

a. Orðin „beiðni hafa borist frá flugrekanda að kröfu erlends ríkis þess efnis“ í 3. mgr. falla brott.
b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerð, að höfðu samráði við dómsmálaráðherra, um hæfni og þjálfun vopnaðra varða sem og fyrirkomulag við vopnaburð, verklag, samþykki þess og eftirlit.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 132. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Ráðherra kveður á um stjórnun leitarstarfs fram til þess að slysstaður finnst, en þá taka lögregluyfirvöld við og bera ábyrgð á vettvangsstjórn. Ráðherra getur með samningi falið félagasamtökum eða fyrirtækjum að hafa umsjón með framkvæmd leitarstarfa að hluta til eða öllu leyti. Rannsóknarnefnd flugslysa fer með yfirstjórn vettvangsrannsóknar og ber lögregluyfirvöldum að aðstoða við hana í hvívetna.
b. Í stað orðanna „skal Flugmálastjórn“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: er.

16. gr.

146. gr. b laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Heimild ríkisstjórnar til samningagerðar.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja og alþjóðlegar og svæðisbundnar stofnanir um gagnkvæma viðurkenningu réttinda, skírteina, heimilda, starfsleyfa, vottunar og úttekta á sviði flugs, þ.m.t. á sviði flugverndar.

17. gr.

Á eftir 146. gr. b laganna kemur ný grein, 146. gr. c, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Tölvufarskráningarkerfi.

Tölvufarskráningarkerfi er kerfi þar sem m.a. er að finna upplýsingar flugrekenda um ferðaáætlanir, laus sæti, fargjöld og aðra tengda þjónustu, ýmist með eða án búnaðar til farskráningar eða útgáfu ferðaheimilda að því marki sem áskrifendur kerfisins fá aðgang að þessari þjónustu að hluta eða að fullu. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð m.a. um starfrækslu slíkra kerfa, aðgengi, áreiðanleika og röðun upplýsinga, skilmála, bann við mismunun, eftirlit með starfsemi tölvufarskráningarkerfa, ráðstafanir til varnar jafnri samkeppni og vernd persónuupplýsinga.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að innheimta gjöld fyrir framkvæmd flugverndar á grundvelli 1. mgr. 11. gr. laga þessara, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 11. gr. og 13. gr., þar til ný gjaldskrá hefur verið birt, eigi síðar en 1. júlí 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru gerðar tillögur til breytinga á nokkrum ákvæðum laga um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum. Um er að ræða breytingar af margvíslegum toga.

Í 1. gr. og a-lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til að Flugmálastjórn Íslands verði heimilt að fela viðurkenndum aðilum skrásetningu og eftirlit með starfrækslu og lofthæfi loftfara af tiltekinni tegund eða flokki. Er þar leitast við að styrkja og bæta heimildir núgildandi laga til að festa frekar í sessi það fyrirkomulag sem komið hefur verið á varðandi hreyfilknúin fis með það fyrir augum að mögulegt sé að koma sama fyrirkomulagi á varðandi aðra flokka loftfara.

Aðrar breytingar lúta m.a. að því að bæta og styrkja lagastoð fyrir setningu reglugerða og innleiðingu gerða á nokkrum sviðum vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Má þar nefna heimildir til vottunar eða viðurkenningar til verklegrar og bóklegrar kennslu í b-lið 2. gr. frumvarpsins og heimildir til setningar reglugerða á sviði almannaflugs og verkflugs, sbr. e- og f-lið 2. gr. frumvarpsins.

Þá er lagt til að lagastoð fyrir setningu reglugerðar um hámarksflugvakt verði bætt í lögin skv. 3. gr. frumvarpsins og ráðherra verði falið að setja reglugerð á sviði öryggis og heilbrigði, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Ákvæði laganna er lúta að flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðar eru styrkt enn frekar í 6. gr. frumvarpsins og í 7. og 8. gr. er kveðið á um skýrari lagastoð fyrir innleiðingu gerða Evrópusambandsins á sviði flugafgreiðslu og flugafgreiðslutíma.

Umfangsmestu breytingarnar snúa að flugvernd og gjaldtöku vegna flugverndar, sjá 9.–14. gr. frumvarpsins. Kveðið er nánar á um eftirlit Flugmálastjórnar Íslands, heimildir til leitar, gerð bakgrunnsathugana og þagnarskyldu. Enn fremur er kveðið á um skýrari lagastoð til setningar reglugerða á sviði flugverndar. Lagt er til að sá skattur sem núgildandi lög ákveða vegna flugverndar verði afnuminn og rekstraraðila flugvallar veitt heimild til gjaldtöku vegna flugverndareftirlits. Enn fremur er lagt til að komið verði á notendanefnd á flugvelli sem verði vettvangur skoðanaskipta milli notenda flugvallar og rekstraraðila um málefni flugvallarins, þ.m.t. gjaldtöku. Kveðið er á um gagnsæi gjalda í 13. gr. frumvarpsins þar sem sú skylda er lögð á rekstraraðila flugvallar að leggja árlega fram sundurliðun kostnaðar sem lögð er til grundvallar gjaldtöku.

Í a-lið 14. gr. frumvarpsins er lagt til að fellt verði brott það skilyrði sem 3. mgr. 78. gr. núgildandi laga um loftferðir áskilur er lýtur að því að beiðni hafi borist frá flugrekanda að kröfu erlends ríkis þess efnis að vopnaðir verðir séu um borð í íslensku loftfari í almenningsflugi.

Sérstök breyting er gerð í 15. gr. frumvarpsins er varðar leiðréttingu á orðalagi 132. gr. núgildandi laga um leit og björgun þar sem ákvörðunarvaldið á fyrirkomulagi við leit og björgun er fært til samgönguráðherra frá Flugmálastjórn Íslands. Er breytingin gerð með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á hlutverki stofnunarinnar í kjölfar breytinga á lögum um loftferðir, nr. 165/2006, laga um Flugmálastjórn Íslands, nr. 100/2006, og laga um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, nr. 102/2006.

Áréttuð er heimild ríkisstjórnar til samningagerðar í 16. gr. frumvarpsins og heimildin útvíkkuð frekar til samninga á sviði flugverndar.

Um nokkurt skeið hefur staðið fyrir dyrum heildarendurskoðun laga um loftferðir í samgönguráðuneytinu. Þar sem sú vinna er komin skammt á veg þótti brýnt að koma að tilteknum breytingum á lögunum ekki síst með tillit til þeirra stjórnskipulegu fyrirvara sem gerðir hafa verið vegna innleiðingar nokkurra reglugerða Evrópusambandsins í íslenskan rétt, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Verði frumvarpið að lögum verður unnt að aflétta þeim fyrirvörum og innleiða

viðkomandi gerðir án frekari tafa. Í öðrum tilvikum þótti mikilvægt að styrkja og bæta lagastoð fyrir setningu reglugerða á tilteknum sviðum.

Frumvarpið er samið í samgönguráðuneytinu og var sent út til umsagnar flugráðs og hagsmunaaðila auk þess sem einstök ákvæði voru unnin í samráði við dómsmálaráðuneytið, fjármálaráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild Flugmálastjórnar Íslands til að fela viðurkenndum aðila skrásetningu loftfara af tiltekinni tegund eða flokki. Með tiltekinni tegund loftfara eða flokki er horft til flokkunar loftfara samkvæmt ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu,[1] bæði hvað varðar flokkun loftfara sem falla undir gildissvið reglugerðarinnar og þeirra sem reglugerðin skilgreinir að falli tímabundið utan gildissviðs hennar.

Ákvæðinu er fyrst og fremst ætlað að ná til skráningar hreyfilknúinna fisa og léttra flugvéla og svifflugvéla síðar meir. Um nokkurt skeið hefur Flugmálastjórn Íslands falið viðurkenndu fisfélagi skráningu hreyfilknúinna fisa auk eftirlits með starfrækslu þeirra og lofthæfi og hefur slíkt fyrirkomulag almennt gefist vel. Byggt hefur verið á 2. mgr. 12. gr. laganna varðandi fyrirkomulag skráningar, en fram hafa komið athugasemdir við framkvæmdina af hálfu umboðsmanns Alþingis sem hefur talið að fullnægjandi lagastoð hafi skort. Með ákvæðinu er úr því bætt. Í samræmi við athugasemdirnar er því hér mælt fyrir um skýra heimild til slíks framsals á skráningu sem og setningu reglugerðar um þá flokka og tegundir loftfara sem sætt geta slíku framsali.

Um 2. gr.

Um a-lið (28. gr. a).

Í greininni er lagt til að Flugmálastjórn Íslands sé heimilt að viðurkenna aðila til eftirlits með starfrækslu og lofthæfi loftfara af tiltekinni tegund eða flokki. Í 2. mgr. 21. gr. laganna er kveðið á um að Flugmálastjórn sé heimilt að láta íslenskan eða erlendan aðila eða erlent stjórnvald, sem hún velur og til þess er hæft, framkvæma skoðun og eftirlit er varðar lofthæfi. Nauðsynlegt er talið að útvíkka þessa heimild frekar þannig að hún nái ekki aðeins til lofthæfis heldur einnig starfrækslu loftfarsins, með sérstöku ákvæði um tilhögun viðurkenningar slíks aðila og afturköllunar eða sviptingu viðurkenningar fullnægi aðili ekki lengur þeim kröfum og skilyrðum sem fyrir starfseminni eru sett. Ráðgert er að aðili sem hlotið hefur viðurkenningu geti haft almennt eftirlit með starfrækslu og lofthæfi loftfars, unnið grunnvinnu varðandi t.a.m. útgáfu lofthæfisvottorða en hafi ekki heimild til útgáfu þess sem áfram verður á hendi Flugmálastjórnar Íslands.

Þá er í 5. mgr. kveðið á um heimild ráðherra til að setja nánari reglur til fyllingar greininni, þ.m.t. til að kveða á um eftirlit, kröfur um viðurkenningu, framkvæmd og starfrækslu, félagaform, fjármögnun, fjárhagsstöðu, reikningsskil, vátryggingar, kennslu, þjálfun, prófanir,

---

[1] Reglugerð (EB) nr. 1592/2002 var innleidd hér á landi með reglugerð um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um sameiginlegar reglur um almenningsflug og stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, nr. 612/2005, með síðari breytingum.

menntun og hæfni kennara og fleira, auk upplýsingamiðlunar og skýrslugjafar til Flugmálastjórnar Íslands.

Um b-lið (28. gr. b).

Í greininni er lagt til að sett verði almennt ákvæði um vottun eða viðurkenningu aðila sem fara með verklega eða bóklega kennslu, þjálfun eða prófun á sviði loftferða. Slíkt ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum, en svipað ákvæði í 6. mgr. 57. gr. a loftferðalaga tekur einungis til skólastarfsemi á sviði flugleiðsöguþjónustu.

Ísland hefur þegar undirgengist víðtækar skuldbindingar er lúta að veitingu réttinda á þeim sviðum er 1. mgr. greinarinnar tiltekur. Annars vegar er um að ræða viðauka Chicago-samningsins svonefnda[2] og hins vegar skuldbindingar er leiðir af aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Ákvæðið tekur almennt til vottunar eða viðurkenningar á þeim aðilum er hyggjast bjóða verklega og/eða bóklega kennslu, þjálfun og prófun skv. a–g-lið 1. mgr. Liðirnir skýra sig að mestu sjálfir en rétt er að taka fram að a-liður tekur til flugmanna loftfara og er ekki bundinn við tiltekna tegund eða flokk loftfars. Til flugliða teljast einnig flugvélstjórar en kennsla til slíkra réttinda er nú að mestu að leggjast af. B-liður 1. mgr. tekur til öryggis- og þjónustuliða sem starfa í farþegarými loftfars og f-liður 1. mgr. tekur m.a. til flugumferðarstjóra en einnig annars starfsfólks sem starfar að flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðar.

Umfangsmikið safn reglugerða er þegar í gildi um framkvæmd verklegrar og bóklegrar kennslu þeirra aðila er að framan greinir. Vegna frekari flutnings verkefna til Flugöryggisstofnunar Evrópu á næstunni munu fjölmargar þessara reglugerða verða endurútgefnar og taka breytingum. Því er nauðsynlegt að tryggja að fullnægjandi lagastoð sé fyrir hendi til innleiðingar á reglugerðunum og er í því skyni gerð tillaga að mjög ítarlegri heimild ráðherra til setningar reglugerða á þessu sviði í 5. mgr. greinarinnar.

Um c-lið (28. gr. c).

Um langt skeið hafa verið í gildi hér á landi ákvæði í reglugerð um heilbrigði flugliða og flugumferðarstjóra. Setning reglugerða um heilbrigði hefur byggst á ákvæðum 31. og 73. gr. laga um loftferðir. Lögin hafa hingað til ekki tekið til þeirrar starfsemi fluglækna sem tilnefndir eru eða fluglæknasetra sem samþykkt eru af flugmálayfirvöldum til vottunar á heilbrigði á grundvelli reglugerða um heilbrigði og reglugerða um skírteini flugliða og flugumferðarstjóra.

Vegna frekari flutnings verkefna til Flugöryggisstofnunar Evrópu, m.a. á sviði skírteinamála á næstunni, munu þessar reglugerðir verða endurútgefnar og taka breytingum. Því er nauðsynlegt að tryggja að fullnægjandi lagastoð sé fyrir hendi til innleiðingar á reglugerðunum og er í því skyni gert ráð fyrir heimild ráðherra til setningar reglugerða á þessu sviði í 5. mgr. greinarinnar.

Um d-lið (28. gr. d).

Hér er frekar áréttað um eftirlit Flugmálastjórnar Íslands með vottuðum og viðurkenndum aðilum skv. 28. gr. a, 28. gr. b og 28. gr. c, sbr. a–c-lið greinarinnar.

Um e-lið (28. gr. e).

Í gildandi lögum hefur skort ákvæði um starfrækslu almannaflugs, að lofthæfikröfum undanskildum. Til að bæta úr því er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð þar sem kveðið verður á um skyldu eigenda og umráðenda loftfars til að uppfylla þær kröfur og skil-

---

[2] Sjá viðauka 1 um skírteini, viðauka 6 um flugrekstur og almannaflug, viðauka 8 um lofthæfi, viðauka 17 um flugvernd og viðauka 11 og 12 um flugumferðarþjónustu og leit og björgun loftfara.

yrði sem nauðsynleg eru til öruggrar starfrækslu þess. Heimildin tekur til alls almannaflugs, þ.m.t. einka- og kennsluflugs.

Um f-lið (28. gr. f).

Í gildandi lögum hefur skort ákvæði um starfrækslu verkflugs, hvort heldur það er stundað í einkaflugi eða í atvinnuskyni. Til að bæta úr því er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð þar sem kveðið verður á um skyldu eiganda og umráðanda loftfars til að uppfylla þær kröfur og skilyrði sem nauðsynleg eru til öruggrar starfrækslu. Heimildin tekur til verkflugs, hvort heldur það er starfrækt í einkaflugi eða í atvinnuskyni.

Um 3. gr.

Í gildandi lögum er kveðið á um það í 4. mgr. 37. gr. að samgönguráðherra sé heimilt að kveða á um lágmarkshvíldartíma í reglugerð. Hvergi er þess getið hvernig farið skuli með hámarksvinnutíma eða hámarksflugvakttíma. Þá skortir á ákvæði er kveða á um skyldu til að fylgja reglum um vinnu- og hvíldartíma eða hverjir skuli njóta réttinda samkvæmt þeim.

Með ákvæðinu er bætt úr þessu þar sem kveðið er á um heimild ráðherra til að setja ákvæði í reglugerð um réttindi og skyldur flugrekenda og flugverja, þ.e. öryggis- og þjónustuliða og flugliða, um þau atriði sem upp eru talin í ákvæðinu. Jafnframt er með ákvæðinu veitt heimild til samgönguráðherra til að kveða á um réttindi og skyldur samþykktra flugskóla og aðila á þeirra vegum að því er varðar sömu atriði.

Með málsgreininni er m.a. tryggð nægileg lagastoð fyrir setningu reglugerðar um flug- og vakttíma sem byggist á ákvæðum þriggja reglugerða Evrópusambandsins um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála, þ.e. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1899/2006 frá 12. desember 2006, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2007, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 8/2008 frá 11. desember 2007, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2008, og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 859/2008 frá 20. ágúst 2008.

Um 4. gr.

Lagt er til að gerðar verði breytingar á orðalagi 47. gr. a núgildandi laga með vísan til stjórnskipulegs fyrirvara vegna innleiðingar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1330/2007 frá 24. september 2007 um skráningu og miðlun upplýsinga til hagsmunaaðila og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 frá 12. nóvember 2007 um rekstur miðlægs gagnagrunns um tilkynnt slys og atvik.

1. mgr. tilgreinir frekari frávik frá meginreglunni um takmarkaðan aðgang að upplýsingum eða tilkynningum sem berast skv. 47. gr. laganna. 1. málsl. kveður á um að óheimilt sé að veita slíkan aðgang. Undanþágan heimilar hins vegar aðgang í tveimur tilvikum samkvæmt núgildandi lögum en lagt er til í frumvarpinu að þriðja tilvikinu verði bætt við, þ.e. í þeim tilvikum þegar hagsmunaaðilar, sem eru í þeirri stöðu að geta unnið að bættu flugöryggi, óska eftir aðgangi að upplýsingum. Verði frumvarpið að lögum er því gert ráð fyrir að þeir hagsmunaaðilar, sem taldir eru þar upp og sem vinna að bættu flugöryggi, geti sótt um aðgang að upplýsingum úr gagnagrunninum og fengið umsóknir sínar metnar og afgreiddar í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar sem samgönguráðherra setur. Gert er ráð fyrir að mat á því hvort um hagsmunaaðila sé að ræða, sem fellur undir lögin, liggi í höndum aðila sem falið verður að taka á móti umsögnum og vinna úr þeim á grundvelli reglugerðar. Miðlun upplýsinga til hagsmunaaðila skal takmarkast við þær upplýsingar sem teljast vera nauðsynlegar fyrir notendur þeirra í þágu flugöryggis svo að unnt sé að tryggja viðeigandi leynd upplýsinganna.

Eins og málum er háttað í dag er gert ráð fyrir því að Flugmálastjórn Íslands verði falið að taka á móti og afgreiða þær beiðnir sem berast frá hagsmunaaðilum vegna þessa. Ekkert er því til fyrirstöðu að í framtíðinni verði þessari framkvæmd fyrirkomið með öðrum hætti.

Gengið er út frá því í 2. mgr. að samgönguráðherra geti sett reglugerð um nánari útfærslu á þeim atriðum sem upp eru talin í ákvæðinu. Í núgildandi lögum er heimild ráðherra til að setja reglugerð talsvert þrengri en frumvarpið mælir fyrir um. Með tilkomu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1330/2007 frá 24. september 2007 um skráningu og miðlun upplýsinga til hagsmunaaðila og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 frá 12. nóvember 2007 um rekstur miðlægs gagnagrunns um tilkynnt slys og atvik, er nú talin þörf á að víkka nokkuð út heimild ráðherra til setningar reglugerðar. Er það m.a. gert með því að veita honum heimild til að setja frekari ákvæði um miðlun upplýsinga úr grunninum til hagsmunaaðila, form beiðna um aðgang að upplýsingum og um móttöku, skráningu, málsmeðferð og afgreiðslu beiðna um upplýsingar úr grunninum.

Þá er sérstaklega vikið að heimild ráðherra til að kveða á um þagnarskyldu aðila og starfsmanna á hans vegum. Í ákveðnum tilvikum er gert ráð fyrir því að þeir aðilar, sem skráð hafa upplýsingar í grunninn, geti undir vissum kringumstæðum aflétt þagnarskyldu af tilteknum upplýsingum. Er ráðherra falið að kveða á um umfang og skilyrði slíkrar afléttingar en ljóst er að frumskilyrði hennar er að hún sé veitt með sannanlegum og formlegum hætti. Gengið er út frá því að hagsmunaaðilar noti þær upplýsingar, sem þeim berast á grundvelli þessarar heimildar, sem trúnaðargögn og að upplýsingarnar verði eingöngu notaðar í þeim tilgangi sem tilgreindur var í beiðni um aðgang að gögnum.

Lagt er til það nýmæli að ráðherra geti í reglugerð kveðið á um skyldu til skráningar upplýsinga í gagnagrunninn meðan á rannsókn stendur. Er hér vísað til grunnupplýsinga um rannsóknir flugslysa og alvarlegra flugatvika sem tilkynningarskyld eru skv. 47. gr. núgildandi laga. Samkvæmt gildandi lögum er enginn áskilnaður um tímamörk varðandi skráningu upplýsinga í gagnagrunninn. Telja verður að það geti leitt til aukins flugöryggis í ákveðnum tilvikum ef þetta tímamark er gert ljóst. Miðað er við að fyrsta skráning hefjist við upphaf rannsóknar og síðan sé skráningu viðhaldið og hún uppfærð meðan á rannsókn stendur eftir atvikum. Framangreint fyrirkomulag er til samræmis við ákvæði fyrrgreindrar reglugerðar (EB) nr. 1321/2007.

Um 5. gr.

Í 54. gr. laganna er kveðið á um að Flugmálastjórn setji nánari reglur um ýmis atriði er varða aðbúnað og hollustuhætti um borð í loftförum. Er hér lagt til að ráðherra setji slíka reglugerð í stað reglna sem Flugmálastjórn gæti sett. Jafnframt er lagt til að frekar verði útvíkkað gildissvið slíkra reglna til atriða er lúta að heilbrigði flugverja.

Viðamikil löggjöf Evrópusambandsins á sviði vinnuverndar tekur að takmörkuðu leyti til flugstarfsemi þar sem slík starfsemi er almennt undanskilin gildissviði hennar. Tiltekin efnisatriði er lúta að almennri vinnuvernd og hollustuháttum geta þó átt við um starfsumhverfi flugverja um borð í loftförum. Skýr lagaheimild til setningar reglugerðar á þessu sviði er því nauðsynleg.

Um 6. gr.

Með lögum nr. 75/2005 var flugleiðsöguþjónusta fyrst skilgreind og kveðið á um starfsleyfisskyldu vegna hennar. Með breytingu á 1. mgr. 57. gr. a, sem hér er ráðgerð, er skilgreiningu hugtaksins „flugleiðsöguþjónusta“ breytt lítils háttar og hún samræmd því hugtaki sem nú hefur verið innleitt í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með löggjöf Evrópusambandsins

á sviði flugleiðsögu,[3] þ.e. fjarskipta- og ratsjárþjónusta verður leiðsögu- og kögunarþjónusta. Fjarskiptaþjónusta *(Communication services)* tekur til faststöðva- og farstöðvaþjónustu fyrir flug til að gera möguleg fjarskipti milli landstöðva, milli loftfara og landstöðva og milli loftfara að því er varðar flugstjórnarþjónustu og kögunarþjónusta *(Surveillance services)* er sá búnaður og þjónusta sem eru notuð til að ákvarða staðsetningu sérhvers loftfars til að tryggja örugga fjarlægð milli loftfara.

Rekstrarstjórnun flugumferðar *(Air Traffic Management)* tekur til samstilltrar stjórnunar í lofti og á jörðu niðri (flugumferðarþjónustu, loftrýmisstjórnun og flæðisstjórnun flugumferðar) sem krafist er til að tryggja örugga og skilvirka hreyfingu loftfars á öllum stigum starfrækslu. Flugumferðarþjónusta *(Alir traffic services)* er yfirhugtak sem nær til mismunandi flugupplýsingaþjónustu, viðbúnaðarþjónustu, ráðgjafarþjónustu og flugstjórnarþjónustu (aðflugsstjórnarþjónustu, flugstjórnarsvæðisþjónustu og flugturnsþjónustu). Flæðisstjórnun flugumferðar *(Air traffic flow management)* er sú þjónusta sem hefur það að markmiði að stuðla að öruggu, skipulegu og hröðu flæði flugumferðar með því að tryggja að geta flugumferðarstjórnar sé nýtt til hins ýtrasta og að umfang flugumferðar sé í samræmi við getuna sem viðeigandi þjónustuveitendur flugumferðar hafa gefið upp.

2. og 3. mgr. greinarinnar eru samhljóða núgildandi málsgreinum 57. gr. a nema að bætt hefur verið í 2. mgr. vísun til rekstrarstjórnunar flugumferðar.

Í samræmi við reglugerðir Evrópusambandsins á sviði flugleiðsöguþjónustu er hér lagt til í 4. mgr. að ráðherra geti tilnefnt þjónustuveitanda til að sjá um afmarkaða þjónustuþætti flugleiðsögu og rekstrarstjórnunar flugumferðar. Um er að ræða skyldu ríkisins til að tryggja þjónustuna á grundvelli þjóðréttarlegra skuldbindinga og að viðkomandi þjónustuaðila er veittur einkaréttur, að hluta, til að sinna slíkri starfsemi. Á þetta eingöngu við um starfsemi flugumferðarþjónustu, þjónustupakka eða eina tegund flugleiðsöguþjónustu, innan tiltekinna loftrýmisumdæma að því er varðar loftrými á ábyrgð íslenska ríkisins. Loftrýmisumdæmi *(Airspace block)* er loftrými af skilgreindri stærð, að því er varðar rúm og tíma, þar sem veitt er flugleiðsöguþjónusta. Þá getur samgönguráðherra tilnefnt þjónustuveitanda sem hefur einkarétt á því að láta í té öll veðurfræðileg gögn eða hluta af þeim í öllu eða hluta af loftrýminu sem er á ábyrgð íslenska ríkisins, að teknu tilliti til öryggisráðstafana.

Í 5. mgr. er áréttað að Flugmálastjórn Íslands eða aðili sem hún samþykkir skal fara með eftirlit með þeim sem veitir flugleiðsöguþjónustu og sinnir rekstrarstjórnun flugumferðar.

Í 6. mgr. er samgönguráðherra veitt heimild til að setja reglugerð um framkvæmd, starfrækslu og eftirlit með flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðar. Fyrirsjáanlegt er að á næsta ári muni verkefni er lúta að flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðar flytjast til Flugöryggisstofnunar Evrópu. Þrátt fyrir að þegar hafi verið innleiddar fjölmargar reglugerðir er tengjast framkvæmd flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðar vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er fyrirséð að þeim mun fjölga mjög

---

[3] Sjá reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007 sem er innleiðing á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku flugumferðarsvæði (rammareglugerðin), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu á samevrópska flugumferðarsvæðinu (þjónustureglugerðin), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis á samevrópska flugumferðarsvæðinu (loftrýmisreglugerðin) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin).

á næstunni. Um afar sérhæft svið er að ræða og því brýn nauðsyn að skýr lagaheimild sé til staðar til innleiðingar regluverksins.

Um 7. gr.

Með þeim breytingum sem ráðgerðar eru á 57. gr. b er leitast við að styrkja enn frekar þann grundvöll sem byggt er á við innleiðingu á tilskipun ráðsins 96/67/EB frá 15. október 1996 um aðgang að flugafgreiðslumarkaðinum á flugvöllum bandalagsins, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2000. Talið er nauðsynlegt að árétta að sé flugvöllur sem opinn er fyrir flugumferð í atvinnuskyni undir tilteknum viðmiðunarmörkum hvað varðar fjölda farþega og magn farms þá er rekstraraðila heimilt að takmarka fjölda þeirra aðila sem heimilt er að veita flugafgreiðslu á viðkomandi flugvelli, enda uppfylli rekstraraðili þau skilyrði sem kveðið er á um í reglugerð. Þá er lagt til að ráðherra geti kveðið á um eftirlit með þeim sem sinna flugafgreiðslu í reglugerð. Er þar m.a. horft til reksturs þeirra sem sinna flugafgreiðslu, flugöryggi og flugvernd innan athafnasvæðis flugvallar.

Í b-lið er kveðið á um heimild rekstraraðila flugvallar til að afhenda þriðja aðila stjórn sérstakra mannvirkja til flugafgreiðslu þar sem ekki getur talist hagkvæmt og skilvirkt að margir reki sams konar mannvirki. Í heimildinni felst að rekstraraðili flugvallar getur skyldað þá sem sjá um flugafgreiðslu og flugvallanotendur sem sjá um eigin afgreiðslu til að nota slík mannvirki. Ákvæðið tekur samkvæmt orðanna hljóðan til sérstakra mannvirkja sem notuð eru við flugafgreiðslu og eru svo flókin eða kostnaðarsöm eða hafa svo mikil umhverfisáhrif að ekki er unnt að skipta þeim niður eða hafa fleiri en eitt af þeim. Í dæmaskyni eru talin upp mannvirki sem notuð eru til stjórnar farangursflokkunar, afísingar, vatnshreinsunar og eldsneytisdreifingar. Ekki er loku fyrir það skotið að ákvæðið gæti átt við fleiri mannvirki sem nýtt eru við flugafgreiðslu.

Um 8. gr.

Lagt er til að ný málsgrein bætist við 57. gr. c laganna sem kveði nánar á um afgreiðslugetu flugvalla, í hvaða tilvikum eigi að taka hana til skoðunar og hverjir geti farið fram á það. Afgreiðslugetan kemur aðeins til skoðunar ef umferðarmagn um flugvöll leiðir til útgáfu sérstakra afgreiðslutíma *(slot allocation)* til lendingar eða brottflugs. Jafnframt er kveðið á um heimild samgönguráðherra til að setja nánari reglur um fyrirkomulagið.

Tekið er mið af áskilnaði reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 95/93 frá 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á bandalagsflugvöllum og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 793/2004 frá 21. apríl 2004 um breytingu á fyrrgreindu reglugerðinni.

Samkvæmt a-lið er ráðherra veitt heimild til að kveða á um tilnefningu flugvallar. Annars vegar er gert ráð fyrir að flugvöllur geti verið tilnefndur sem flugvöllur með skammtaðan afgreiðslutíma. Hins vegar mun verða hægt að tilnefna flugvöll sem flugvöll með afgreiðslutíma eftir samráði. Í b-lið er gert ráð fyrir að settar verði reglur um skipun samráðs- eða samræmingarstjóra flugvalla og starfsskyldur þeirra. Mikilvægt er að þeir ræki störf sín í hvívetna á sjálfstæðan, hlutlausan og skýran hátt og án mismununar. Gert er ráð fyrir að samræmingarstjóri komi til með að bera ábyrgð á úthlutun afgreiðslutíma og hafa eftirlit með að starfsemi flugrekenda samræmist þeim afgreiðslutíma sem úthlutað er, í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Samráðsstjóra er ætlað að hafa eftirlit með að starfsemi flugrekenda samræmist þeim áætlunum sem þeim er gert að fylgja. Um skyldur samráðs- og samræmingarstjóra verður að öðru leyti kveðið á um í reglugerðinni.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjórn flugvallar verði falið að skipa samræmingarnefnd flugvallar með skammtaðan afgreiðslutíma skv. c-lið. Nánari ákvæði um ábyrgð og verksvið nefndarinnar verða í reglugerð. Jafnframt verður kveðið á um skyldu flugrekenda, m.a. til upplýsingagjafar og starfrækslu flugstarfsemi á ákveðnum tímum og um afleiðingar þess að gögnum er ekki skilað á tilsettum tíma, sbr. d-lið.

Þá er kveðið á um heimild ráðherra skv. e-lið til að setja ákvæði í reglugerð um skyldu til að halda heildarskrá um afgreiðslutíma, úthlutun og breytingar á honum (hreyfanleiki afgreiðslutíma). Eðlilegt er að flugrekendum verði gert óheimilt að starfrækja flugstarfsemi, ítrekað og af ásetningi, á tímum sem eru verulega frábrugðnir úthlutuðum afgreiðslutímum eða nota afgreiðslutíma á verulega frábrugðinn hátt frá því sem kveðið er á um í úthlutun ef það raskar starfsemi flugvallar eða flugumferð.

Í þeim tilvikum þegar flugleið á Evrópska efnahagssvæðinu á undir högg að sækja af einhverjum orsökum er gert ráð fyrir heimild ráðherra til að leggja kvaðir um opinbera þjónustu á viðkomandi flugleið. Er í slíkum tilvikum gert ráð fyrir að ráðherra geti óskað eftir því að tekinn verði frá nauðsynlegur afgreiðslutími fyrir fyrirhugaðan rekstur á þeirri leið, sbr. f-lið.

Í g-lið er ráðherra veitt heimild til að setja ákvæði í reglugerð um kvartanir og áfrýjunarrétt.

Að lokum er ráðherra veitt heimild til að setja reglur um takmörkun á bótaábyrgð samræmingarstjóra, sbr. h-lið. Hér er um að ræða nýmæli þar sem horft er til þess að rétturinn til að raða afgreiðslutíma hafi ekki í för með sér rétt til skaðabóta vegna takmarkana, hamla eða afnáms afgreiðslutímans samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða, einkum við beitingu reglna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er varða loftflutninga. Þetta hefur það í för með sér að telji aðili sig verða fyrir tjóni vegna úthlutaðs afgreiðslutíma, sem tekið hefur breytingum eða vegna þess að hann hefur ekki hlotið umbeðinn afgreiðslutíma, á hann ekki rétt á skaðabótum á grundvelli þessa. Eðlilegt má telja að samræmingarstjóri verði ekki gerður bótaskyldur vegna þeirra ráðstafana sem grípa þarf til og tengjast störfum hans samkvæmt ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur, nema í þeim tilvikum þegar um er að ræða stórfellt gáleysi eða misferli af hans hálfu.

Um 9. og 10. gr.

Flugvernd er skilgreind sem sambland af ráðstöfunum og mannlegum og náttúrulegum úrræðum til að vernda almenningsflug gegn ólögmætum aðgerðum. Frá því að núgildandi 70. gr. laga um loftferðir var sett í kjölfar atburðanna 11. september 2001 í Bandaríkjunum, með lögum nr. 21/2002 og síðari breytingu með lögum nr. 75/2005, hefur umhverfi flugverndarmála í heiminum tekið breytingum.

Fyrir dyrum er nú innleiðing nýrrar reglugerðar Evrópusambandsins á sviði flugverndar, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur á sviði flugverndar og leysir af hólmi reglugerð (EB) nr. 2320/2002 sama efnis. Þá er einnig fram komin ný reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 820/2008 frá 8. ágúst 2008 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd sem kemur til með að leysa af hólmi hluta af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 með síðari breytingum (svonefnd innleiðingarreglugerð verklags).[4]

---

[4] Reglugerð um flugvernd nr. 361/2005 með síðari breytingum innleiðir bæði reglugerð (EB) nr. 2320/2003 og reglugerð (EB) nr. 622/2003. Auk þessa hefur tekið gildi reglugerð um innleiðingu reglugerða á sviði flugverndar nr. 125/2006 sem innleiðir þrjár reglugerðir: reglugerð (EB) nr. 1217/2003 um gæðaeftirlit með flugvernd, reglugerð (EB) nr. 1486/2003 um verklagsreglur við eftirlit á vegum framkvæmdastjórnar-

Báðar þær reglugerðir Evrópusambandsins, sem nú falla niður, voru innleiddar hér á landi í reglugerð um flugvernd nr. 361/2005.

Þann hluta reglugerðar (EB) nr. 633/2003, sem ekki er innleiddur í reglugerð (EB) nr. 820/2008, hefur framkvæmdastjórnin aðgreint frá reglugerðinni og gefið út í formi ákvörðunar sem beint er til aðildarríkja Evrópusambandsins og er ekki birt í Stjórnartíðindum EB.[5] Ákvörðunin hefur að geyma viðkvæmt efni og lýsingu á verklagi sem flokkað er sem leynilegt. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar verður einungis birt aðildarríkjunum. Gert er ráð fyrir því að ákvörðun þessi verði innleidd í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eins og aðrar reglugerðir á sviði flugverndar. Umfjöllun í d-lið 10. gr. (70. gr. b) miðast því við þær forsendur.

Um 10. gr.

Um a-lið (70. gr. a).

Í a-lið er lagt til að ný grein, 70. gr. a, bætist við lögin. Greinin byggist að hluta til á núgildandi 3. mgr. 70. gr. en gerðar hafa verið lítils háttar breytingar á henni. Í síðasta málslið greinarinnar er að finna nýmæli er varðar leynd og vernd verndaráætlana og annarra trúnaðarupplýsinga. Í ljósi þess hversu viðkvæmar upplýsingar er um að ræða þykir rétt að Flugmálastjórn hafi sérstakt eftirlit með því að upplýsingar berist einungis til þeirra aðila sem fullnægja skilyrðum um trúnað.

Um b-lið (70. gr. b).

Í b-lið er lagt til að ný grein, 70. gr. b, bætist við lögin. Greinin byggist að hluta til á núgildandi 4. mgr. 70. gr. Í greininni er kveðið á um leit sem tekur til hvers konar leitar, skimunar, handleitar og líkamsleitar. Skimun er skilgreind sem beiting tæknilegra aðferða eða annarra aðferða til að bera kennsl á og/eða finna bannaða hluti. Áréttað er að handleit og líkamsleit sé framkvæmd af einstaklingi af sama kyni þar sem hún felur í sér nána snertingu þess sem leitar á þeim sem sætir leitinni. Líkamsleit er sú leit er gengur næst þeim sem sætir leit og tekur m.a. til leitar í líkamsopum. Líkamsleit skal aðeins framkvæmd af lögreglu.

Um c-lið (70. gr. c).

Í c-lið er lagt til að ný grein, 70. gr. c, bætist við lögin. Greinin byggist að hluta til á 5. mgr. 70. gr. núgildandi laga þar sem fjallað er um heimildir flugmálayfirvalda til að setja reglur um takmarkaðan aðgang starfsmanna að flugvöllum og flugvallarsvæðum vegna flugverndar, sem m.a. leiðir af athugun á viðkomandi í skrám lögreglu og öflun upplýsinga um sakaferil.

Skv. 1. og 2. mgr. greinarinnar er Flugmálastjórn Íslands eða þeim sem hún felur eftirlit með flugvernd og rekstraraðila flugvallar, að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi einstaklings, heimilt að fela lögreglu athugun á viðkomandi einstaklingi í skrám lögreglu og öflun upplýsinga um bakgrunn og sakaferil sem lið í mati á því hvort óhætt sé að heimila viðkomandi aðgang að haftasvæði flugverndar og aðgengi að upplýsingum um framkvæmd og eftirliti með flugvernd. Í d-lið 10. gr. frumvarpsins er í n-lið nýrrar 70. gr. d lagt til að ráðherra verði í reglugerð heimilt að útfæra frekar þau viðmið og kröfur sem gera má með tilliti til slíkra athugana á bakgrunni einstaklinga í þessum tilgangi.

---

innar á sviði flugverndar og reglugerð (EB) nr. 1138/2004 um skilgreiningu á viðkvæmustu hlutum haftasvæða flugverndar á flugvöllum.

[5] Sjá *Commission Decision of 8/VIII72008 laying down additional measures for the implementation of the common basic standards of aviation security.*

Um d-lið (70. gr. d).

Í ákvæðinu er kveðið á um heimild samgönguráðherra til að setja reglugerð um fjölmörg atriði er lúta að flugvernd, eftirliti og framkvæmd flugverndar auk krafna til samþykktar, viðurkenningar og upplýsingamiðlunar á sviði flugverndar. Í núgildandi 6. mgr. 70. gr. er að finna heimild ráðherra til setningar reglna á sviði flugverndar. Ástæða þótti til þess að tilgreina skýrari heimild til setningar reglugerðar á sviði flugverndar.

Í 2. mgr. er lagt til að lögfest verði sérstök heimild samgönguráðherra til að birta aðeins að hluta eða öllu leyti efni reglugerðar skv. h-lið 1. mgr. þeim einstaklingum sem starfs síns vegna þurfa að hafa vitneskju um efni hennar, enda varði efni reglugerðarinnar beina flugverndarhagsmuni og öryggi og leynd leiði af þjóðréttarlegum skuldbindingum á sviði flugverndar.

Eins og tæpt var á í inngangi athugasemda um 9. og 10. gr. frumvarpsins er hluti af því efni sem til stendur að innleiða í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið á sviði flugverndar í formi ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar sem ekki sætir birtingu í Stjórnartíðindum EB. Ákvörðuninni er beint til aðildarríkja Evrópusambandsins og hefur hún að geyma nákvæmar lýsingar á því verklagi sem viðhaft skal við flugvernd. Í ákvörðuninni er kveðið á um að frá og með 1. október 2008 skuli aðildarríkin tryggja beitingu ákvæða í viðauka við ákvörðunina. Í 4. mgr. 1. gr. segir jafnframt að reglur í viðaukanum skuli ekki birtar. Upplýsingar um reglurnar skuli aðildarríkin gera aðgengilegar þeim sem þurfa að hafa þekkingu á efni þeirra í samræmi við innlendar reglur um dreifingu viðkvæmra upplýsinga.

Viðaukinn hefur að geyma sambærilegar reglur og þær sem áður voru leynilegar í reglugerð (EB) nr. 633/2003 en fáein atriði hafa verið tekin út og birt í reglugerð (EB) nr. 820/2008. Viðaukinn við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, sem beint er til aðildarríkjanna, hefur því áfram að geyma leynilegar reglur um verklag sem fjölmargir aðilar og einstaklingar (almenningur) þurfa að fara eftir. Aðgerðir þessar og verklag sæta eftirliti Flugmálastjórnar Íslands.

Ljóst er að séu verklagsreglurnar birtar og aðgengilegar almenningi, þar á meðal þeim sem hyggja á ólögmætar aðgerðir gegn flugstarfsemi, eru brostnar forsendur fyrir því að verklagið nái því markmiði sínu að koma í veg fyrir slíkar aðgerðir. Verklagsreglurnar ná til fjölmargra ólíkra aðila, svo sem flugrekenda, rekstraraðila flugvalla, farmflytjenda, póst- og hraðsendingarfyrirtækja og ekki aðeins stjórnvalda eða handhafa opinbers valds. Verklagsreglurnar eru ólíkar öðrum reglum sem sæta leynd að því leyti sem þeim er ætlað að binda fjölmarga aðra aðila en stjórnvöld.

Hér á landi er almennt ekki til að dreifa ákvæðum í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum um dreifingu og leynd viðkvæmra upplýsinga umfram það sem tiltekið er í lögum um Stjórnartíðindi og varðar einungis stjórnvöld (þ.e. að óbirt stjórnvaldsfyrirmæli bindi aðeins stjórnvöld, sbr. 8. gr. laga nr. 15/2005). Er því hér mælt fyrir um sérstaka lagaheimild til þess að takmarka birtingu verklagsreglna skv. h-lið 2. mgr. Framkvæmd miðlunar upplýsinga um verklagsreglur skv. h-lið 2. mgr. færi því fram eingöngu til þeirra aðila sem undirgengist hafa bakgrunnsathugun og miðlun upplýsinga tryggð með áritun viðkomandi til staðfestingar á móttöku eða öðrum sambærilega tryggum hætti.

Leitast var við að takmarka efnislega heimild 2. mgr. með vísan eingöngu til h-liðar 1. mgr. Því er ljóst að ákvæði reglugerðar er taka til heimildarveitinga, eftirlits, krafna til eftirlitsskyldra aðila, bannaðra hluta, skilgreiningar haftasvæða og aðgreindra flugverndarsvæða, aðgangs, bakgrunnsathugana og fleira verða birtar almenningi. Aðeins kröfur er lúta að framkvæmd (verklagi) og starfrækslu flugverndar verða háðar leynd.

Um e-lið (70. gr. e).

Í ákvæðinu er kveðið á um þagnarskyldu vegna flugverndar. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um f-lið (70. gr. f).

Í ákvæðinu er kveðið á um refsingu við broti á þagnarskyldu. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 11. gr.

Lagt er til að tilteknar breytingar verði gerðar á 71. gr. og 71. gr. a og 71. gr. b, sbr. 1. og 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Skilið er á milli heimilda til gjaldtöku vegna reksturs flugvalla annars vegar og gjaldtöku fyrir flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðar hins vegar.

1. mgr. 11. gr. frumvarpsins tekur til gjaldtöku á flugvöllum og byggist að hluta til á 1. mgr. 71. gr. laganna. Ákvæðið leysir af hólmi ákvæði 1. mgr. 71. gr., 71. gr. a og 71. gr. b í lögunum.

Eitt markmið þessara breytinga er að leggja af töku skatts, öryggisgjaldsins sem lagt er á þar sem vopna- og öryggisleit fer fram, sbr. núgildandi 71. gr. b, og taka upp gjaldtöku í formi þjónustugjalds. Almennt mun gjaldtaka skv. 1. og 2. mgr. því byggjast á því sérgreinda endurgjaldi sem fæst gegn greiðslu gjaldsins og miðast fjárhæðin við þann kostnað sem almennt hlýst af því að veita þá þjónustu sem í hlut á. Gjaldi er því ætlað að standa undir þeim kostnaði við þá þjónustu sem gjaldanda er veitt.

Stærð og umfang starfsemi á flugvöllum hér á landi er misjafnt og er því fyrirséð að eftir sem áður kunni ríkið eða aðrir opinberir aðilar að þurfa leggja fram fé til reksturs flugvalla til að varna því að gjaldtaka tiltekinna þátta í starfsemi flugvallar eftir atvikum geri notendum ókleift að færa sér í nyt þjónustu flugvallar og geri flugvöllinn með öllu ósamkeppnishæfan. Er því ráðgert að rekstraraðili flugvallar standi að gerð kostnaðargrunns að baki hverju gjaldi sem sé gagnsær og forsendur og útreikningar á gjaldtöku séu skýr og traust.

Sú breyting sem hér er ráðgerð með niðurlagningu vopna- og öryggisgjaldsins sem skatts er tilkomin vegna heildarendurskoðunar skattheimtu á Keflavíkurflugvelli í kjölfar stofnunar opinbers hlutafélags, Keflavíkurflugvallar ohf., í tengslum við sameiningu Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar í samræmi við lög nr. 76/2008, um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl.

Brýnt þykir að breyta formi gjaldtökunnar nú þegar, m.a. í ljósi hins breytta rekstrarforms. Flugstoðir ohf. sjá einnig um framkvæmd flugverndar í millilandaflugi frá Reykjavík, Akureyri og Egilsstöðum og tekur ákvæðið einnig til gjaldheimtu á vegum þeirra. Innheimta skattsins hefur staðið undir framkvæmd flugverndar á Keflavíkurflugvelli en með breytingu á formi gjaldsins er gert ráð fyrir að greint verði milli einstakra kostnaðarþátta og að hver gjaldandi standi undir sínum hluta. Þessi breyting mun væntanlega leiða til lækkunar gjalda á flugfarþega í millilandaflugi vegna flugverndar, m.a. þar sem gjaldtakan mun dreifast með jafnari hætti á fleiri aðila en eingöngu farþega. Með vísan til ákvæðis til bráðabirgða mun núverandi skattheimta öryggisgjalds leggjast af við gildistöku laganna, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Í 1. og 2. mgr. er stuðst við leiðbeiningarefni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um gjaldtöku[6] og ákvæði 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur á sviði flugverndar sem fyrirhugað er á næstunni að innleiða í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið þar sem áhersla er lögð á skýran grundvöll gjaldtöku vegna flugverndar, gagnsæi gjaldtökunnar og virkt samráð við hagsmunaaðila.

2. mgr. tekur til gjaldtöku til að standa undir rekstri flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðar. Ákvæðið byggist á núgildandi 2. mgr. 71. gr. laganna. Um lítils háttar orðalagsbreytingar er að ræða, áréttað er að gjaldtaka taki einnig til kostnaðar af búnaði og mannvirkjum sem starfsemin nýtir.

Í 3. mgr. er kveðið á um að birta skuli gjaldskrá rekstraraðilans með tryggum hætti. Þetta mætti t.d. gera á heimasíðu viðkomandi rekstraraðila. Þá er ráðgert að ráðherra staðfesti gjaldskrá þjónustunnar. Þar sem í dag hefur ekki verið komið á virku eftirliti með gjaldtöku flugvalla, sem m.a. skýrist af sögulegu fyrirkomulagi við rekstur þeirra, er brýnt að rekstraraðilar sæti aðhaldi og notendur flugvallar vernd gagnvart mögulegri misnotkun í skjóli einokunar sem rekstraraðili hefur með rekstri sínum, sbr. 1. og 2. mgr. ákvæðisins. Með því að óska þurfi eftir staðfestingu ráðherra á gjaldskrá er leitast við að stemma stigu við breytingum á gjaldskrá sem ekki fær staðist með tilliti til kostnaðar við þá þjónustu sem veitt er.

Í 4. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð um ýmis atriði er lúta að gjaldtöku, innheimtu og eftirliti með gjaldtöku. Telja má mikilvægt að í reglugerð séu frekar útfærðar þær meginreglur sem gjaldtaka byggist á og forsendur þess kostnaðar sem leggja má til grundvallar gjaldtöku. Þegar hefur verið innleidd reglugerð Evrópusambandsins (EB) nr. 1794/2006 frá 6. desember 2006 um sameiginlegt gjaldtökukerfi vegna flugleiðsöguþjónustu, sbr. reglugerð nr. 1020/2008 um sameiginlegt gjaldtökukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu, en gildissvið reglugerðarinnar tekur þó hvorki til þess svæðis sem Ísland veitir þjónustu á á úthafinu né að svo stöddu til þjónustu sem veitt er innan íslenskrar lofthelgi.

Um 12. gr.

Í greininni, sem er nýmæli, er kveðið á um að rekstraraðili flugvallar eða rekstraraðili sem rekur tvo eða fleiri flugvelli, flugvallakerfi, þar sem farþegafjöldi er yfir tilteknum mörkum skuli setja á stofn notendanefnd. Með notanda flugvallar er átt við einstakling eða lögaðila sem stundar flutninga í lofti á farþegum, pósti og/eða farmi til eða frá viðkomandi flugvelli. Með þessu er kveðið á um að komið verði á vettvangi fyrir skoðanaskipti milli rekstraraðilans og notenda flugvallar um málefni sem varða rekstur flugvallarins og sem m.a. hafa áhrif á gjaldtöku. Þetta er m.a. gert sem liður í að auka gagnsæi í rekstri og gjaldtöku á flugvöllum sem eru í reynd í einokunaraðstöðu gagnvart notendum. Gert er ráð fyrir að fjöldi fulltrúa og samsetning nefndarinnar ráðist að öðru leyti af stærð og umsvifum á flugvellinum. Með þessu er verið að auka aðkomu notenda að rekstri flugvalla og veita þeim tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, áður en mikilvægar ákvarðanir, er varða rekstur flugvalla, þ.m.t. um þjónustu, gjaldtöku eða önnur atriði sem snerta mikilvæga hagsmuni þeirra, eru teknar.

Í 2. mgr. er nánar kveðið á um í hvaða tilvikum sé skylt að leggja fram rökstudda tillögu um breytingar og nýmæli. Tillaga skal lögð fram a.m.k. fjórum mánuðum fyrir áætlaða gildis-

---

[6] *ICAO's Policies on Charges for Airports and Air Navigation Services, Seventh Edition 2004, Doc 9082/7; ICAO's Policies on Taxation in the Field of International Air Transport, Third Edition 2000, Doc 8632; Airport Economics Manual, Doc 9562.*

töku. Með þessu er verið að leggja áherslu á að notendur hafi nægan fyrirvara á breytingum er varða hagsmuni þeirra, þ.m.t. á gjöldum, og hafi tíma til að kynna sér forsendur fyrirhugaðra breytinga eða gjaldtöku. Þetta á að auðvelda þeim að taka afstöðu til breytinga og kalla eftir upplýsingum til að auka gagnsæi. Þá er gert ráð fyrir að fundir í notendanefnd verði haldnir eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Lagt er til í 3. mgr. að notendanefndin leitist við að ná samkomulagi um þær breytingar sem fyrirhugaðar eru. Náist ekki samkomulag er rekstraraðili flugvallar þó óbundinn af afstöðu notenda. Með þessu er undirstrikað að þó að ágreiningur sé um nýja eða breytta gjaldtöku eða einstaka þjónustuþætti þá gæti sá ágreiningur ekki orðið til þess að koma í veg fyrir breytingar á gjöldum eða að nauðsynlegar rekstrarákvarðanir nái fram að ganga. En gert er ráð fyrir að ef ágreiningur rís geti notendur farið fram á ítarlegri rökstuðning fyrir ákvörðun og frekari viðræður. Þá er gert ráð fyrir að rekstraraðili flugvallar tilkynni um mikilvægar ákvarðanir er varða hagsmuni notenda með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara. Ætla verður að það sé algjör lágmarksfrestur og miða ætti almennt við mun lengri tíma vegna breytinga á gjaldtöku af tillitssemi við flugrekendur sem iðulega selja farseðla langt fram í tímann.

Í 4. mgr. er almenn heimild ráðherra til að kveða nánar á um framkvæmd greinarinnar í reglugerð. Gert er ráð fyrir að í henni verði m.a. kveðið nánar á um meðferð ágreinings hjá nefndinni og upplýsingaskyldu til Flugmálastjórnar Íslands.

Um 13. gr.

Í greininni, sem er nýmæli, er frekar kveðið á um gagnsæi gjaldtöku á flugvöllum þar sem lögð er sú skylda á rekstraraðila flugvallar að leggja fram sundurliðun kostnaðar sem lagður er til grundvallar gjaldtöku. Þetta ber að gera eigi sjaldnar en árlega. Í ákvæðinu er í dæmaskyni upptalning á helstu liðum sem leggja ber til grundvallar við sundurliðun gjalda. Þá er gerð sú krafa að einstakir kostnaðarliðir, sem lagðir eru til grundvallar gjaldi, skuli aðgreindir í bókhaldi.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu flugrekstraraðila sem nýta aðstöðu flugvalla til að upplýsa rekstraraðila flugvallar reglulega um áætlanir sínar varðandi ýmsa þætti sem áhrif geta haft á rekstur flugvallar, þ.m.t. umfang þjónustu, aðstöðu og uppbyggingu innviða á flugvelli. Þetta eru m.a. upplýsingar er lúta að áætlunum um tíðni flugs, fjölda farþega, samsetningu flugvélaflotans eða breytingu þar á. Þá er kveðið á um að með slíkar upplýsingar skuli fara sem trúnaðarmál.

Þá er í 3. mgr. almenn heimild ráðherra til að kveða nánar á um framkvæmd greinarinnar í reglugerð.

Um 14. gr.

Í a-lið er lagt til að fellt sé brott það skilyrði sem 3. mgr. 78. gr. laganna áskilur, er lýtur að því að beiðni hafi borist frá flugrekanda að kröfu erlends ríkis þess efnis að vopnaðir verðir séu um borð í íslensku loftfari í almenningsflugi. Skilyrðið sem slíkt er talið of takmarkandi þar sem það bindur hendur ríkisvaldsins til sjálfstæðrar ákvörðunartöku. Í ákvæðinu er miðað við að skapist slíkt ástand, sem byggist á mjög brýnum ástæðum, þar sem til athugunar er hvort setja eigi vopnaða verði um borð í íslenskt loftfar verði samgönguráðherra að ráðfæra sig við dómsmála- og utanríkisráðherra. Sú ráðagerð, sem 3. mgr. 78. gr. felur í sér, takmarkar slíka heimild og bindur hana við það ástand eitt að erlent ríki hafi krafist slíks af hendi íslensks flugrekanda.

Breytingin sem hér er lögð til grundvallast á inngangsorðum reglugerðar (EB) nr. 300/2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd sem til stendur að innleiða í íslenskan rétt á næstunni,

sbr. inngang að athugasemdum við 9. og 10. gr. hér á undan. Þar er sérstök áhersla lögð á ákvörðunarrétt aðildarríkjanna varðandi vopnaða verði. Kröfur og fyrirmæli er lúta að því að setja vopnaða verði um borð í borgaraleg loftför í almenningsflugi eru og verða á forræði hvers ríkis fyrir sig. Það er því mikilvægt að afnema skilyrði 78. gr. sem viðhalda íhlutunarrétti erlendra ríkja til ráðstafana sem þessara.

B-liður kveður á um reglugerðarheimild til handa samgönguráðherra að höfðu samráði við dómsmálaráðherra til setningar reglugerðar um hæfni og þjálfun vopnaðra varða sem og fyrirkomulag við vopnaburð, verklag og samþykki þess og eftirlit.

Um 15. gr.

Hér er lögð til sú breyting að samgönguráðherra geti kveðið á um fyrirkomulag við stjórnun leitarstarfs fram til þess að slysstaður finnst. Þetta hlutverk hefur verið í höndum Flugmálastjórnar Íslands samkvæmt ákvæðinu. Með lögum nr. 100/2006, um Flugmálastjórn Íslands, var stofnuninni falin stjórnsýsla og eftirlit en framkvæmdir og rekstur flugvalla og rekstur flugleiðsöguþjónustu færð í sérstakt opinbert hlutafélag sem stofnað var með lögum nr. 102/2006. Eftir þessar breytingar hefur Flugmálastjórn annað hlutverk en hún hafði áður er varðar leit og björgun loftfara. Nú er stofnunin fyrst og fremst eftirlitsaðili með framkvæmd laga og reglna er lúta að leit og björgun, sbr. ákvæði er lúta að þætti veitanda flugleiðsöguþjónustu.

Á íslenska ríkinu hvílir ábyrgð á leitar- og björgunarstarfi innan íslenskrar lofthelgi og á því svæði utan hennar sem ríkið hefur sérstaklega undirgengist þjóðréttarlegar skuldbindingar til að annast leitar- og björgunarstarf á. Hvað alþjóðlegar flugsamgöngur áhrærir eru þær skuldbindingar nokkrar. Mikilvægt er því að þessu hlutverki verði sinnt á sem hagkvæmastan og skilvirkastan hátt. Lagt er til að ákvörðun um hvaða aðili, félag eða fyrirtæki tekst á hendur verkefnið verði í höndum samgönguráðherra.

Um 16. gr.

Lagt er til að 146. gr. b verði umorðuð. Ákvæðið kom fyrst inn í lögin með lögum nr. 165/2006, um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998. Horft var þá sérstaklega til þeirra samninga sem voru í bígerð varðandi gagnkvæma viðurkenningu á sviði flugöryggismála, þ.e. tegundaskírteina loftfara, lofthæfis, viðhalds og mögulega síðar skírteina einstaklinga til réttinda á sviði loftflutninga. Vegna þeirra breytinga sem þegar eru orðnar á viðfangsefnum Flugöryggisstofnunar Evrópu eru frekari samningar um gagnkvæma viðurkenningu í sjónmáli. Má þar m.a. nefna samninga sem byggjast á gagnkvæmri viðurkenningu á flugverndarráðstöfunum við þriðju ríki og samninga um gagnkvæma nýtingu úttekta á grundvelli viðauka 17 við Chicago-samninginn um úttektir á sviði flugverndar. Þegar er hafin undirbúningur milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Bandaríkjanna að gagnkvæmri viðurkenningu á sviði flugverndar með vísan til samstarfs þjóðanna samkvæmt loftferðasamningi ríkjanna. Þegar hafa hafist viðræður við aðildarríki Evrópusambandsins og Bandaríkin um aðild Íslands að loftferðasamningnum. Gagnkvæm viðurkenning á sviði flugverndar við t.a.m. Bandaríkin fæli mögulega í sér afnám leitar á farþegum, farangri og farmi við komu hingað til lands frá Bandaríkjunum.

Um 17. gr.

Hér er lagt til að nýju ákvæði, 146. gr. c, verði bætt inn í lögin. Ákvæðið fjallar um starfrækslu tölvufarskráningarkerfa og hefur að geyma lagastoð til setningar frekari reglugerða um starfsemi slíkra kerfa. Reglugerðir um starfrækslu slíkra kerfa voru fyrst teknar inn í EES-

samninginn við gerð hans. Aðeins er fyrir hendi almenn reglugerðarheimild í 145. gr. laganna og er hér lagt til að úr því verði bætt.

Tölvufarskráningarkerfi eru kerfi þar sem m.a. er að finna upplýsingar flugrekenda um ferðaáætlanir, laus sæti, fargjöld og aðra tengda þjónustu, ýmist með eða án búnaðar til farskráningar eða útgáfu ferðaheimilda að því marki sem áskrifendur kerfisins fá aðgang að þessari þjónustu að hluta eða öllu leyti. Meginhlutverk starfsreglna um rekstur tölvufarskráningarkerfa er því að stuðla að samkeppni, jöfnu aðgengi þeirra sem nýta kerfin, hvort heldur flugrekenda eða neytenda, tryggja bann gegn misnotkun eða mismunun og vernda hagsmuni neytenda. Tryggja verður að tölvufarskráningarkerfin séu hlutlaus í samkeppninni gagnvart flugfélögunum að því er varðar sams konar öryggi gagna, einkum sama aðgang að upplýsingum/gögnum og notkun skilflata og skal skýrt greint á milli eigin kerfis flugfélaganna og miðlunarkerfisins.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ljóst er að ef frumvarpið verður að lögum munu rekstraraðilar flugvallar þurfa að undirbúa gjaldtöku í samræmi við 11. gr. frumvarpsins og hafa virkt samráð við notendur flugvallarins. Nauðsynlegur frestur vegna þessa er a.m.k. 6 mánuðir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

Helstu breytingarnar sem felast í frumvarpinu eru annars vegar þær að lagt er til að Flugmálastjórn Íslands verði heimilt að fela viðurkenndum aðilum skrásetningu og eftirlit með starfrækslu og lofthæfi loftfara af tiltekinni tegund eða flokki. Umfangsmestu breytingarnar snúa hins vegar að flugvernd og gjaldtöku vegna hennar. Samkvæmt frumvarpinu munu ákvæði 71. gr. laganna um skyldu flugrekstraraðila til að greiða lendingargjald og öryggisgjald verða lögð af. Þess í stað verður rekstraraðila flugvallar heimilt að innheimta gjöld í samræmi við gjaldskrá vegna lendinga og framkvæmdar flugverndar. Er sá skilningur lagður í þessa breytingu að tekjur af lendingargjöldum og öryggisgjöldum verði ekki lengur markaðar ríkistekjur heldur þjónustutekjur þess hlutafélags sem fer með rekstur flugvallarins. Samkvæmt 11. gr. frumvarpsins verður rekstraraðila flugvallar veitt heimild til að innheimta gjöld til að standa undir rekstri flugvallar, flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðar. Gert er ráð fyrir að ráðherra staðfesti gjaldskrá þjónustunnar. Almennt mun gjaldtakan skv. 11. gr. frumvarpsins miðast við þann kostnað sem hlýst af því að veita þá þjónustu sem í hlut á.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs til Keflavíkurflugvallar ohf. vegna tekna af öryggisgjaldi verði 513,9 m.kr. og 639,1 m.kr. vegna lendingar-

gjalda í millilandaflugi. Framlag ríkissjóðs til Flugstoða ohf. vegna tekna af lendingargjöldum í innanlandsflugi var hins vegar 65 m.kr. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs og gjöld, sem færast á fjárlagalið *10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta*, lækki sem þessari gjaldheimtu nemur eða um 1.218 m.kr. Velta ríkissjóðs lækkar sem því nemur en afkoma ríkissjóðs verður óbreytt eftir sem áður.

244. Tillaga til þingsályktunar [197. mál]

um staðfestingu tveggja viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Albaníu og Króatíu.

(Lögð fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd tvo viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild lýðveldisins Albaníu og lýðveldisins Króatíu sem gerðir voru í Brussel 9. júlí 2008.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á tveimur viðbótarsamningum við Norður-Atlantshafssamninginn frá 4. apríl 1949 um aðild lýðveldisins Albaníu og lýðveldisins Króatíu sem gerðir voru í Brussel 9. júlí 2008. Viðbótarsamningarnir eru prentaðir sem fylgiskjöl með tillögu þessari.

Hér á eftir er gerð stutt grein fyrir helstu efnisatriðum viðbótarsamninganna, sem eru samhljóða, ásamt aðdraganda þeirra og þýðingu.

Helstu efnisatriði.

Samkvæmt I. gr. viðbótarsamninganna skal framkvæmdastjóri Norður-Atlantshafsbandalagsins bjóða ríkisstjórnum ríkjanna tveggja að gerast aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum þegar viðbótarsamningarnir hafa öðlast gildi. Kveðið er á um að hvert ríki verði aðili að Norður-Atlantshafssamningnum þann dag sem það afhendir ríkisstjórn Bandaríkjanna aðildarskjal sitt skv. 10. gr. Norður-Atlantshafssamningsins.

Í II. gr. viðbótarsamninganna er kveðið á um að þeir öðlist gildi þegar allir aðilar Norður-Atlantshafssamningsins hafa tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkjanna um staðfestingu sína á þeim. Ríkisstjórn Bandaríkjanna er sem vörsluaðila viðbótarsamninganna gert að tilkynna öllum aðilum Norður-Atlantshafssamningsins hvenær henni berst hver einstök tilkynning um staðfestingu, svo og hvenær viðbótarsamningarnir öðlast gildi.

Í III. gr. kemur fram að viðbótarsamningarnir, sem gerðir eru á ensku og frönsku þannig að báðir textar eru jafngildir, skuli varðveittir í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkjanna.

Aðdragandi og þýðing.

Í 10. gr. Norður-Atlantshafssamningsins, sem undirritaður var í Washington D.C. 4. apríl 1949, segir m.a. að aðilar geti samþykkt samhljóða að bjóða öðrum ríkjum í Evrópu aðild að samningnum, enda stuðli það að framgangi meginreglna hans og eflingu öryggis á gildissvæði hans. Á grundvelli þessa ákvæðis var Grikklandi og Tyrklandi veitt aðild að samningnum árið 1951, Sambandslýðveldinu Þýskalandi árið 1954 og Spáni árið 1982.

Í kjölfar þeirra miklu breytinga, sem áttu sér stað í evrópskum öryggismálum með upplausn Sovétríkjanna og Varsjárbandalagsins og sameiningu Þýskalands, hófst hröð aðlögun Atlantshafsbandalagsins að breyttum aðstæðum og fjölþættari viðfangsefnum. Bandalagið stofnaði m.a. Norður-Atlantshafssamstarfsráðið (NACC) og Friðarsamstarfið (PfP) sem fljótlega leiddi til víðtæks samstarfs við Evrópuríki utan bandalagsins. Þessi þróun varð til þess að stjórnvöld í tólf ríkjum í Mið- og Austur-Evrópu lýstu á næstu árum yfir vilja til að fá aðild að bandalaginu.

Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Brussel árið 1994 var áréttað að bandalagið stæði opið nýjum aðildarríkjum. Í kjölfar þess gerði bandalagið úttekt á forsendum og markmiðum hugsanlegrar fjölgunar aðildarríkja og var hún samþykkt árið 1995. Um svipað leyti hófu fulltrúar bandalagsins viðræður við stjórnvöld í svonefndum umsóknarríkjum til að meta pólitískar og hernaðarlegar aðstæður í einstökum ríkjum á grundvelli framangreindrar úttektar.

Af hálfu Atlantshafsbandalagsins hefur ávallt verið lögð áhersla á að fyrirhuguð stækkun leiði til aukins stöðugleika og öryggis í Evrópu og komi til með að styrkja enn frekar þá lýðræðisþróun sem átt hefur sér stað í viðkomandi ríkjum. Bandalagið hefur jafnframt ítrekað að stækkunin sé eingöngu einn liður í margþættri viðleitni þess til að stuðla að auknum stöðugleika og öryggi í Evrópu. Í samræmi við það var ákveðið á vormánuðum 1997 að efla Friðarsamstarfið og stofna Evró-Atlantshafssamvinnuráðið (EAPC) sem kom í stað Norður- Atlantshafssamstarfsráðsins. Stofnsáttmáli Atlantshafsbandalagsins og Rússlands um formfast samstarf var undirritaður og þar með lagður grunnur að Samstarfsráði bandalagsins og Rússlands (PJC) sem breytt var í sameiginlegt ráð í Reykjavík árið 2002. Árið 1997 var einnig sett á fót Samstarfsnefnd bandalagsins og Úkraínu.

Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Madríd árið 1997 var ákveðið að bjóða Póllandi, Tékklandi og Ungverjalandi aðild að bandalaginu. Jafnframt var ítrekað að bandalagið yrði áfram opið lýðræðisríkjum í Evrópu sem gætu stuðlað að framkvæmd markmiða Norður-Atlantshafssamningsins óháð landfræðilegri legu. Viðbótarsamningar um aðild ríkjanna þriggja voru undirritaðir í Brussel í lok ársins 1997 og urðu þau formlegir aðilar að bandalaginu í mars 1999.

Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Prag í nóvember 2002 var ákveðið að bjóða sjö ríkjum aðild að bandalaginu: Búlgaríu, Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Rúmeníu, Slóvakíu og Slóveníu. Voru viðbótarsamningar um aðild ríkjanna sjö undirritaðir í Brussel í mars 2003 og urðu þau formlegir aðilar að bandalaginu í mars 2004.

Öll þessi ríki höfðu frá árinu 1999 tekið þátt í svonefndri aðgerðaáætlun bandalagsins til undirbúnings aðildar ásamt Albaníu og Makedóníu og á árinu 2002 bættist Króatía í hóp umsóknarríkja. Aðgerðaáætlunin miðar að því að aðstoða umsóknarríkin við undirbúning aðildar, en umsóknarríki þurfa að uppfylla ýmis pólitísk, efnahagsleg og hernaðarleg skilyrði áður en af henni getur orðið. Þá hefur aðlögun bandalagsins að breyttum aðstæðum haldið áfram og samstarf við ríki við Miðjarðarhaf og Persaflóa orðið til.

Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Búkarest 2.–4. apríl 2008 var ákveðið að bjóða Albaníu og Króatíu aðild að bandalaginu, enda höfðu ríkin uppfyllt skilyrði aðgerðaáætlunarinnar. Ríkin tvö munu sjálf greiða kostnað við aðlögun eigin varna að samræmdu varnarkerfi bandalagsins og ekki er gert ráð fyrir að núverandi aðildarríki þurfi að breyta eigin varnaráætlunum eða auka útgjöld til varnarmála vegna fjölgunar aðildarríkja.

Fylgiskjal I.

VIÐBÓTARSAMNINGUR
við Norður-Atlantshafssamninginn
um aðild Lýðveldisins Albaníu

Aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum, sem var undirritaður í Washington hinn 4. apríl 1949,

sem eru sannfærðir um að öryggi á Norður-Atlantshafi muni aukast samfara aðild Lýðveldisins Albaníu að samningnum,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

I. gr.

Við gildistöku viðbótarsamnings þessa skal framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins senda ríkisstjórn Lýðveldisins Albaníu, fyrir hönd fyrrnefndra aðila, boð um aðild að Norður-Atlantshafssamningnum. Samkvæmt 10. gr. samningsins skal Lýðveldið Albanía fá aðild þann dag þegar það afhendir ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skjal sitt um aðild til vörslu.

II. gr.

Viðbótarsamningur þessi öðlast gildi þegar hver og einn aðili að Norður-Atlantshafssamningnum hefur tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku um að hann hafi staðfest hann. Ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skal tilkynna öllum aðilum að Norður-Atlantshafssamningnum um dagsetningu viðtöku hverrar slíkrar tilkynningar og um gildistökudag viðbótarsamnings þessa.

III. gr.

Viðbótarsamning þennan, en textar hans á ensku og frönsku eru jafngildir, skal afhenda til vörslu í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku. Fyrrnefnd ríkisstjórn skal senda ríkisstjórnum allra aðila að Norður-Atlantshafssamningnum endurrit hans staðfest með réttum hætti.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem hafa til þess fullt umboð, undirritað viðbótarsamning þennan.

Undirritað í Brussel 9. júlí 2008.

PROTOCOL
to the North Atlantic Treaty
on the Accession of the Republic of Albania

The Parties to the North Atlantic Treaty, signed at Washington on April 4, 1949,

Being satisfied that the security of the North Atlantic area will be enhanced by the accession of the Republic of Albania to that Treaty,

Agree as follows:

Article I

Upon the entry into force of this Protocol, the Secretary General of the North Atlantic Treaty Organisation shall, on behalf of all the Parties, communicate to the Government of the Republic of Albania an invitation to accede to the North Atlantic Treaty. In accordance with article 10 of the Treaty, the Republic of Albania shall become a Party on the date when it deposits its instrument of accession with the Government of the United States of America.

Article II

The present Protocol shall enter into force when each of the Parties to the North Atlantic Treaty has notified the Government of the United States of America of its acceptance thereof. The Government of the United States of America shall inform all the Parties to the North Atlantic Treaty of the date of receipt of each such notification and of the date of the entry into force of the present Protocol.

Article III

The present Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited in the Archives of the Government of the United States of America. Duly certified copies thereof shall be transmitted by that Government to the Governments of all the Parties to the North Atlantic Treaty.

In witness whereof, the undersigned plenipotentiaries have signed the present Protocol.

Signed at Brussels on this 9th day of July 2008.

Fylgiskjal II.

VIÐBÓTARSAMNINGUR
við Norður-Atlantshafssamninginn
um aðild Lýðveldisins Króatíu

Aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum, sem var undirritaður í Washington hinn 4. apríl 1949,

sem eru sannfærðir um að öryggi á Norður-Atlantshafi muni aukast samfara aðild Lýðveldisins Króatíu að samningnum,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

I. gr.

Við gildistöku viðbótarsamnings þessa skal framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins senda ríkisstjórn Lýðveldisins Króatíu, fyrir hönd fyrrnefndra aðila, boð um aðild að Norður-Atlantshafssamningnum. Samkvæmt 10. gr. samningsins skal Lýðveldið Króatía fá aðild þann dag þegar það afhendir ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skjal sitt um aðild til vörslu.

II. gr.

Viðbótarsamningur þessi öðlast gildi þegar hver og einn aðili að Norður-Atlantshafssamningnum hefur tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku um að hann hafi staðfest hann. Ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skal tilkynna öllum aðilum að Norður-Atlantshafssamningnum um dagsetningu viðtöku hverrar slíkrar tilkynningar og um gildistökudag viðbótarsamnings þessa.

III. gr.

Viðbótarsamning þennan, en textar hans á ensku og frönsku eru jafngildir, skal afhenda til vörslu í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku. Fyrrnefnd ríkisstjórn skal senda ríkisstjórnum allra aðila að Norður-Atlantshafssamningnum endurrit hans staðfest með réttum hætti.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem hafa til þess fullt umboð, undirritað viðbótarsamning þennan.

Undirritað í Brussel 9. júlí 2008.

PROTOCOL
to the North Atlantic Treaty
on the Accession of the Republic of Croatia

The Parties to the North Atlantic Treaty, signed at Washington on April 4, 1949,

Being satisfied that the security of the North Atlantic area will be enhanced by the accession of the Republic of Croatia to that Treaty,

Agree as follows:

Article I

Upon the entry into force of this Protocol, the Secretary General of the North Atlantic Treaty Organisation shall, on behalf of all the Parties, communicate to the Government of the Republic of Croatia an invitation to accede to the North Atlantic Treaty. In accordance with article 10 of the Treaty, the Republic of Croatia shall become a Party on the date when it deposits its instrument of accession with the Government of the United States of America.

Article II

The present Protocol shall enter into force when each of the Parties to the North Atlantic Treaty has notified the Government of the United States of America of its acceptance thereof. The Government of the United States of America shall inform all the Parties to the North Atlantic Treaty of the date of receipt of each such notification and of the date of the entry into force of the present Protocol.

Article III

The present Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited in the Archives of the Government of the United States of America. Duly certified copies thereof shall be transmitted by that Government to the Governments of all the Parties to the North Atlantic Treaty.

In witness whereof, the undersigned plenipotentiaries have signed the present Protocol.

Signed at Brussels on this 9th day of July 2008.

245. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til l. um niðurlagningu úrskurðarnefnda á sviði siglingamála.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Unni Gunnarsdóttur og Ólaf Pál Vignisson frá samgönguráðuneyti.

Umsagnir bárust frá Siglingastofnun Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, ríkislögreglustjóra, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Landssambandi björgunarsveita, Félagi skipstjórnarmanna, Persónuvernd, Hafnasambandi sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, tollstjóranum í Reykjavík, Umhverfisstofnun, Olíufélaginu hf., Olíudreifingu ehf., Eyþingi – sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum og Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að leggja niður tvær sjálfstæðar úrskurðarnefndir á sviði siglingamála en það er liður í þeirri stefnu að fækka skuli sjálfstæðum úrskurðarnefndum. Er það gert til að auka ráðdeild í meðferð ríkisfjármála auk þess sem það er í samræmi við þá meginreglu að ráðherra fari með yfirstjórn stjórnarmálefna.

Nefndin ræddi þá tilhögun sem lögð er til í frumvarpinu og fjallaði m.a. um hvort breytingin geti haft í för með sér takmörkun á kæruleiðum fyrir hlutaðeigandi aðila. Nefndin telur svo ekki vera heldur miði breytingin fremur að hagræðingu og einföldun í skipulagi stjórnsýslu. Nefndin telur að breytingin samræmist meginreglunni um að ráðherra sem æðra sett stjórnvald beri ábyrgðina og því eðlilegt að úrskurðarvaldi í málum sem þessum sé hans.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 3. gr. komi ný grein sem orðist svo:
Í stað orðanna „farbannsnefndar skv. 24. og 25. gr.“ í 27. gr. laganna kemur: ráðuneytis.

Ármann Kr. Ólafsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. des. 2008.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm. | Ólöf Nordal. | Herdís Þórðardóttir.

Karl V. Matthíasson. | Árni Þór Sigurðsson. | Árni Johnsen.

Helga Sigrún Harðardóttir. | Guðjón A. Kristjánsson.

246. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur, Guðmund Jóhann Árnason og Ögmund Hrafn Magnússon frá fjármálaráðuneyti, Jónu Björk Guðnadóttur og Kjartan Gunnarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Signýju Sigurðardóttur frá Samtökum verslunar og þjónustu, Gunnar Val Steinsson og Bergþór Karlsson frá Samtökum ferðaþjónustu, Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Özur Lárusson frá Bílgreinasambandinu og Úlfar Steindórsson frá Toyota á Íslandi.

Lagt er til í frumvarpinu að heimilt verði að endurgreiða vörugjald og virðisaukaskatt af áður skráðu vélknúnu ökutæki sem er afskráð og flutt úr landi, að nánar greindum skilyrðum.

Þeir sem komu á fund nefndarinnar voru almennt sammála tilgangi frumvarpsins. Fram kom sú gagnrýni að gildistími þess væri allt of stuttur og kynni að valda óðagoti við útflutning auk þess sem sumir töldu að reglur frumvarpsins væru eðlilegar og ættu að gilda til frambúðar. Gerðar voru athugasemdir við afskriftaviðmið (fyrningarstuðul) er liggur til grundvallar útreikningi á endurgreiðslu og talið að það endurspeglaði ekki nægilega vel raunverulegt verðfall á bifreiðum. Einnig voru gagnrýnd tilmæli frumvarpsins um sérstaka ástandsskoðun tollstjóra og heimild til töku gjalds vegna hennar.

Meiri hlutinn bendir á að sú ráðstöfun sem í frumvarpinu felst er tímabundin og til komin vegna sérstakra aðstæðna í efnahagsmálum þjóðarinnar. Ætlunin er að auka möguleika eigenda bifreiða á að koma þeim í verð með tilheyrandi öflun gjaldeyristekna sem ætla má að verði varið til niðurgreiðslu skulda, enda tóku margir gengislán til bílakaupa. Hefur einnig verið vísað til þess að frumvarpið liðki fyrir endurnýjun íslenska bílaflotans og sé þar af leiðandi til hagsbóta fyrir umhverfið.

Meiri hlutinn leggur til að gildistími frumvarpsins verði lengdur til og með 31. desember 2009. Er það gert til samræmis við þá breytingu sem nefndin lagði til í tengslum við afgreiðslu laga nr. 132/2008, um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald.

Fram kom á fundum nefndarinnar að fyrningarstuðull frumvarpsins feli í sér að heimild til endurgreiðslu er ekki lengur til staðar fimm árum eftir nýskráningu ökutækis. Meiri hlutinn gerir ekki athugasemdir við það þar sem flest gengistryggð lán voru til kaupa á nýlegum bifreiðum.

Meiri hlutinn telur einnig rétt að hnykkja á því að áður en ráðist verður í innheimtu skoðunargjalds liggi skýrt fyrir hvernig útreikningi þess sé háttað og hvort þörf sé á slíku gjaldi en um innheimtu þess gildir heimildarákvæði.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „til 1. apríl 2009“ í 3. efnismgr. 1. og 2. gr. komi: til og með 31. desember 2009.

Ögmundur Jónasson, Bjarni Benediktsson og Gunnar Svavarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og gerir fyrirvara við álitið.

Alþingi, 2. des. 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Birkir J. Jónsson.
Lúðvík Bergvinsson.	Rósa Guðbjartsdóttir.	

247. Svar [134. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Valgerðar Sverrisdóttur um aðstoðarmenn ráðherra og tímabundnar ráðningar.

1. *Hversu marga aðstoðarmenn er ráðherrum heimilt að ráða?*

Í 15. gr. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands, ásamt síðari breytingum segir: „Ráðherra er heimilt að kveðja sér til aðstoðar, meðan hann gegnir embætti, mann utan ráðuneytis, sem starfi þar sem skrifstofustjóri, enda hverfi hann úr starfi jafnskjótt sem ráðherra, en njóti þá launa þrjá mánuði, hafi hann ekki áður verið ríkisstarfsmaður, en ella eigi hann rétt á að hverfa til fyrra starfs síns eða annars starfs eigi lakara að föstum launum í þjónustu ríkisins.“

Samkvæmt þessu er ráðherrum heimilt að ráða til sín einn aðstoðarmann.

2. *Hversu margir aðstoðarmenn ráðherra eru starfandi í dag?*

Hver ráðherra er með einn aðstoðarmann, sbr. svar í 1. tölul., og eru aðstoðarmenn ráðherra í Stjórnarráðinu samtals 12.

3. *Hversu margir starfsmenn hvers ráðuneytis hafa fengið tímabundna ráðningu og hvenær var ráðið í viðkomandi stöður?*

Forsætisráðuneytið.

Í ráðuneytinu eru fimm starfsmenn með tímabundna ráðningu. Einn starfsmaður var ráðinn frá 1. ágúst 2008, tveir starfsmenn frá 1. nóvember 2008, einn starfsmaður frá 12. nóvember 2008 og einn starfsmaður frá 13. nóvember 2008.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Í ráðuneytinu eru þrír starfsmenn með tímabundna ráðningu (þ.m.t. Þjóðskrá). Einn starfsmaður var ráðinn frá 12. ágúst 2008 og tveir starfsmenn ráðnir frá 2. september 2008.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Í ráðuneytinu eru sex starfsmenn með tímabundna ráðningu og voru þeir ráðnir 7. janúar 2007, 26. júní 2007, 24. janúar 2008, 1. maí 2008, 5. maí 2008 og 9. september 2008.

Fjármálaráðuneytið.
Í ráðuneytinu eru sjö starfsmenn með tímabundna ráðningu. Þrír voru ráðnir frá 1. janúar 2008, einn var ráðinn frá 16. maí 2008 og tveir voru ráðnir frá 1. júní 2008. Þá réð ráðuneytið starfsmann í hlutastarf með námi frá 1. september 2008.

Heilbrigðisráðuneytið.
Í ráðuneytinu eru tveir starfsmenn með tímabundna ráðningu, annar frá 1. október 2007 til 30. september 2008 en sú ráðning hefur verið framlengd til 31. desember 2008. Hinn starfsmaðurinn var ráðinn 1. júní 2008 til 11. júlí 2008 en samningurinn var endurnýjaður frá 1. september til 31. desember 2008.

Iðnaðarráðuneytið.
Í ráðuneytinu eru tveir starfsmenn með tímabundna ráðningu, annar frá 8. febrúar 2008 og hinn frá 1. mars 2008. Einnig var ráðinn laganemi í tímabundna stöðu og hóf hann störf 15. maí 2008.

Menntamálaráðuneytið.
Í ráðuneytinu eru sex starfsmenn með tímabundnar ráðningar og voru þeir ráðnir 14. janúar 2008, 1. febrúar 2008, 20. maí 2008, 1. september 2008 og 29. september 2008.

Samgönguráðuneytið.
Í ráðuneytinu eru engar tímabundnar ráðningar.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.
Í ráðuneytinu eru engar tímabundnar ráðningar aðrar en í afleysingum við almenn störf á skrifstofu.

Umhverfisráðuneytið.
Í ráðuneytinu eru engar tímabundnar ráðningar.

Utanríkisráðuneytið.
Í ráðuneytinu eru níu starfsmenn með tímabundna ráðningu. Tveir starfsmenn voru ráðnir frá 1. maí 2008, einn starfsmaður frá 11. júní 2008, einn starfsmaður frá 1. júlí 2008, einn frá 12. júlí 2008, tveir starfsmenn frá 1. ágúst 2008, einn frá 8. september sl. og einn frá 16. nóvember 2008.

Viðskiptaráðuneytið.
Í ráðuneytinu eru tveir starfsmenn með tímabundnar ráðningar, annar frá 1. maí 2008 og hinn frá 9. október 2008.

248. Tillaga til þingsályktunar [198. mál]

um íslenska málstefnu.

(Lögð fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

Alþingi ályktar að tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu verði samþykktar sem opinber stefna í málum er varða íslenska tungu.

Alþingi lýsir yfir stuðningi við það meginmarkmið tillagna Íslenskrar málnefndar að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Lagt er til að Alþingi álykti um að tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu verði samþykktar sem opinber málstefna fyrir íslenska tungu. Í 9. gr. laga um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, nr. 40/2006, er mælt fyrir um að Íslensk málnefnd skuli vera stjórnvöldum til ráðgjafar „um málefni íslenskrar tungu og gera tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu, auk þess að ályktа árlega um stöðu íslenskrar tungu“. Þær tillögur að íslenskri málstefnu sem hér eru kynntar eru hinar fyrstu sem lagðar eru fram eftir samþykkt laganna. Er við hæfi að fjallað sé um tillögurnar á Alþingi og að þingið álykti um þær, enda þótt ekki sé sérstaklega mælt fyrir um það í lögum. Þar með gefst Alþingi færi á að ræða efni tillagnanna og þær áherslur sem í þeim koma fram. Ekki er vafi á að það gefur íslenskri málstefnu styrkari stoð að um hana sé fjallað á Alþingi og að þingið taki afstöðu til hennar með þessum hætti.

Sú málstefna sem hér er kynnt er afrakstur af starfi vinnuhópa Íslenskrar málnefndar til að undirbúa stefnumótun á einstökum sviðum sem málstefnan nær til. Haldin voru 11 málþing á vegum nefndarinnar þar sem rætt var um stöðu og horfur íslenskrar tungu og kallað eftir sjónarmiðum og ábendingum um stefnumið og áherslur. Í stefnuskrá Íslenskrar málnefndar segir: „Á tímum hraðvaxandi alþjóðasamskipta þar sem notkun erlendra tungumála, einkum ensku, verður æ ríkari þáttur í íslensku samfélagi er brýnt að tryggja stöðu íslenskrar tungu. Eitt af mikilvægustu verkefnum Íslenskrar málnefndar er að vinna markvisst að því að íslenska haldi gildi sínu í þessu breytta umhverfi og verði áfram nothæf og notuð á öllum sviðum íslensks þjóðlífs.“ Í ljósi þessa og á grundvelli afraksturs málþinganna ákvað Íslensk málnefnd að meginmarkmið málstefnunnar skyldi vera að íslenskan yrði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.

Samþykki Alþingi þingsályktunartillöguna mun menntamálaráðherra hafa forgöngu um að kynna málstefnuna og stuðla að umræðu um málefni íslenskrar tungu. Mikilvægt er að almenn samstaða skapist um málstefnuna, markmið hennar og leiðir að þeim. Víðtækur stuðningur við málstefnuna er forsenda þess að unnt sé að hrinda henni í framkvæmd á farsælan hátt og að markmiðum hennar verði náð.

Tillögur íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu eru birtar sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Fylgiskjal.

Íslenska til alls.

Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu.
(Menntamálaráðuneyti 3. nóv. 2008.)

FORMÁLI

Í skjalinu *Íslenska til alls* eru birtar tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu en eitt af viðfangsefnum málnefndarinnar er samkvæmt lögum að vinna að slíkum tillögum fyrir menntamálaráðherra. Tillögurnar eru settar fram í ellefu köflum og snerta mikilvægustu svið þjóðlífsins að mati nefndarinnar.

Íslensk málnefnd varð sammála um að stjórnin skrifaði drög að köflum í málstefnuna sem málnefndin í heild færi síðan yfir og var hafist handa í ársbyrjun 2007. Í inngangi er starfinu lýst nánar og vísast til þess.

Þeir sem skrifuðu drög að einstökum köflum voru Guðrún Kvaran, prófessor og formaður Íslenskar málnefndar (formáli, inngangur, íslenska í háskólum, íslenska í vísindum og fræðum, lokaorð), Þórarinn Eldjárn, rithöfundur og varaformaður Íslenskrar málnefndar (íslenska í listum), Haraldur Bernharðsson, málfræðingur og sérfræðingur í rannsóknarstöðu Árna Magnússonar á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (lagaleg staða íslenskrar tungu, íslenska í atvinnulífinu, þýðingar og túlkun, íslenska sem annað mál), Sigríður Sigurjónsdóttir, dósent á hugvísindasviði Háskóla Íslands og varamaður Sigurðar Konráðssonar í stjórn (leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar), og Steinunn Stefánsdóttir, blaðamaður og aðstoðarritstjóri *Fréttablaðsins* (íslenska í fjölmiðlum). Sigurður Konráðsson, prófessor á menntavísindasviði Háskóla Íslands, sem er aðalmaður í stjórn, var í rannsóknarleyfi á árunum 2007–2008 en kom að málstefnunni á lokastigum. Öll stjórnin kom að því að samræma kafla og lesa þá yfir.

Stjórnin leitaði til tveggja manna utan málnefndarinnar um skrif tveggja kafla vegna sérþekkingar þeirra. Annar þeirra, Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor á hugvísindasviði Háskóla Íslands, skrifaði drög að kaflanum *Íslenska í tölvuheiminum*, og Úlfar Bragason, rannsóknarprófessor á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, skrifaði drög að kaflanum *Íslenska erlendis*.

Þegar tillögurnar voru að mestu mótaðar voru þær annars vegar sendar í menntamálaráðuneytið í yfirlestur en hins vegar til fulltrúa Íslenskrar málnefndar. Á vegum ráðuneytisins lásu yfir: Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri, Kristín Jónsdóttir skrifstofustjóri, Guðni Olgeirsson sérfræðingur, Stefán Stefánsson deildarstjóri, Sigurjón Mýrdal deildarstjóri, Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir sérfræðingur, Guðný Helgadóttir deildarstjóri, Elfa Ýr Gylfadóttir deildarstjóri, Njörður P. Njarðvík, fyrrverandi prófessor við Háskóla Íslands, og Ólöf Nordal þingmaður.

Athugasemdir og ábendingar bárust frá eftirfarandi nefndarmönnum og varamönnum Íslenskrar málnefndar: Brynhildi Þórarinsdóttur, fulltrúa Háskólans á Akureyri, Gunnari Stefánssyni, fulltrúa Ríkisútvarpsins, Jóhanni G. Jóhannssyni, fulltrúa Þjóðleikhússins, Sigrúnu Helgadóttur, fulltrúa orðanefnda, og Sigurði Jónssyni, varamanni hennar, Sigurjóni B. Sigurðssyni, varafulltrúa Listaháskóla Íslands, Sæmundi Helgasyni, fulltrúa Samtaka móðurmálskennara, og Þorláki Karlssyni, fulltrúa Háskólans í Reykjavík.

Auk þessara tóku að sér að lesa ýmist allt skjalið eða einstaka kafla þess: Ari Páll Kristinsson, rannsóknardósent og stofustjóri málræktarsviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, las allt skjalið. Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, las kaflann *Lagaleg staða íslenskrar tungu*, Þóra Björk Hjartardóttir, dósent á hugvísindasviði Háskóla Íslands, og Knútur Hafsteinsson, kennari við Menntaskólann í Reykjavík, lásu kaflann *Leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar*, Þóra Björk Hjartardóttir og Birna Arnbjörnsdóttir, dósent á hugvísindasviði Háskóla Íslands, lásu kaflann *Íslenska sem annað mál*, Arna Schram, formaður Blaðamannafélags Íslands, og Björn Gíslason, fréttastjóri á *Vísi*, lásu kaflann *Íslenska í fjölmiðlum*, Pétur Gunnarsson, rithöfundur og formaður Rithöfundasambands Íslands, Ragnheiður Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri rithöfundasambandsins, og Ágúst Guðmundsson, forseti Bandalags íslenskra listamanna, lásu kaflann *Íslenska í listum*, Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á málræktarsviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Gauti Kristmansson, dósent á hugvísindasviði Háskóla Íslands, og Gunnhildur Stefánsdóttir, forstöðumaður Þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins, lásu kaflann *Þýðingar og túlkun*.

Málræktarsvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tók að sér að lesa skjalið yfir með tilliti til málfars og frágangs og fékk til þess Kára Kaaber, deildarstjóra stjórnsýslusviðs, og Jóhannes Bjarna Sigtryggsson, verkefnisstjóra á málræktarsviði.

Öllu þessu fólki eru þakkaðar góðar ábendingar, athugasemdir og tillögur að viðbótum sem tekið var tillit til eins og mögulega var unnt. Yfirlesarar bera þó enga ábyrgð á þeim göllum sem enn kunna að finnast á þessu riti.

INNGANGUR

Íslensk málnefnd á samkvæmt 9. grein laga nr. 40/2006 að vinna að tillögum að íslenskri málstefnu fyrir menntamálaráðherra. Að því verki hefur verið unnið undanfarin tvö ár og liggja tillögurnar nú fyrir. Aðalmarkmið þeirra er:

– að tryggja að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.

Þá er átt við vandaða íslensku sem nýtist sem tjáningarmiðill við hvers kyns kringumstæður. Framtíðarhorfur tungumáls ráðast fyrst og fremst af stöðu þess innan málsamfélagsins en ekki af stærð málsamfélagsins. Ef tungumál er notað á öllum sviðum er staða þess sterk. Á hinn bóginn er staða hvaða tungumáls sem er veik ef það er ekki notað eða jafnvel ekki talið nothæft nema á sumum sviðum samfélagsins og það látið víkja fyrir öðrum málum. Staða íslenskrar tungu verður best treyst með því að nota íslensku sem víðast í íslensku samfélagi og á sem fjölbreyttastan hátt þannig að engin svið verði út undan. Þar er mikilvægt að þjóðin sjálf taki einarða afstöðu með íslenskri tungu.

Í tillögunum hér á eftir er því fyrst lýst hvert ástand tungumálsins sé á mikilvægum sviðum þjóðlífsins, horfurnar eru metnar, markmið sett og að lokum leggur Íslensk málnefnd til aðgerðir sem nota má til að ná settum markmiðum. Áður en að þeim köflum kemur verður stuttlega gerð grein fyrir því hvað átt er við með málstefnu og nokkur hugtök skýrð. Þá verður rætt um hlutverk Íslenskrar málnefndar en síðan um yfirlýsingu um norræna málstefnu og stöðu málstefnu á Norðurlöndum. Þá verður skýrt frá undirbúningsvinnu málnefndarinnar, sex vinnuhópum og vinnubrögðum þeirra og málræktarþingi málnefndarinnar 2007 þar sem

vinnuhóparnir gerðu grein fyrir skýrslum sínum. Að lokum verður greint frá ellefu málþingum um viðfangsefni málstefnunnar og viðbrögðum við þeim.

Íslensk málstefna

Umræðan um íslenska málstefnu nú um stundir er órjúfanlega tengd því að varðveita og efla tunguna. Þegar hugtakið *íslensk málstefna* er nefnt gera margir ráð fyrir að átt sé við sérstakan texta sem skilgreindur hefur verið og settur á blað af opinberum aðilum, menntamálaráðuneyti eða Alþingi og vísa megi til í ræðu og riti. Slíkur texti er þó enn ekki til þótt til séu bæði lög og samþykktir sem á einhvern hátt snerta meðferð tungumálsins. En hvað er átt við með hugtakinu *íslensk málstefna*? Til eru skilgreiningar á því, misjafnlega víðar.

Í grein eftir Ara Pál Kristinsson málfræðing (2007:99) segir að *málstefna* tiltekins málsamfélags miði ávallt að einhverjum samfélagslegum markmiðum enda þótt það sé misjafnlega sýnilegt. Síðar í sömu grein skilgreinir hann málstefnu á þennan hátt (2007:103):

> *Málstefna*: ráðandi málfélagsleg vitund og dulin og sýnileg ferli í tilteknu málsamfélagi; varðar bæði stöðu og form máls.

Með *sýnilegri* málstefnu á Ari við til dæmis námskrár, orðabækur, aðgerðaáætlanir og ýmiss konar fyrirmæli, svo sem opinberar stafsetningarreglur. Með *dulinni* málstefnu er átt við áhrif á stöðu og form máls sem oft er erfitt að benda á hvaðan koma.

Í ritinu *Handbók um málfræði* eftir Höskuld Þráinsson prófessor er málstefna skilgreind á þennan hátt (1995:93):

> Með MÁLSTEFNU er átt við þá stefnu sem fylgt er í skólum og opinberum stofnunum varðandi málnotkun.

Sams konar skýring er á *málstefnu* í *Íslenskri orðabók* (2002:976). Eins og sjá má er síðari skýringin þrengri en hin fyrri. Hún nær aðeins til skóla og opinberra stofnana en í hverju samfélagi ríkir einhvers konar málstefna. Ari Páll Kristinsson fjallar um þetta í riti sínu *Handbók um málfar í talmiðlum*. Hann skrifar (1998:10):

> Það er í sjálfu sér liður í málstefnu þegar málnotendur á tilteknu landsvæði koma sér saman um að nota eitt tungumál en ekki annað. Einhvers konar samræmdar reglur og skráðar og óskráðar venjur um meðferð máls (t.d. á opinberum vettvangi, við trúarathafnir eða í skólum) virðast fylgja öllum málsamfélögum. Ríkjandi málstefna er þá sú að slíkum reglum og venjum skuli fylgt.

Skýring Höskulds og *Íslenskrar orðabókar* vísar aðeins til opinberra samþykkta sem gerðar hafa verið um meðferð tungumálsins, til dæmis í námskrám fyrir skólastigin og í lögum um Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, mannanöfn, örnefni, fyrirtækjanöfn og stjórnvaldsfyrirmæli um stafsetningu og greinarmerkjasetningu, svo að einhver séu nefnd, þar sem áhersla er lögð á vandaða meðferð íslensks máls og varðveislu þess. Um þetta efni vísast í grein Þórs Vilhjálmssonar, *Réttarreglur um íslenska tungu* (2001). Íslensk málnefnd notar hugtakið *málstefna* í víðari merkingu eins og Ari Páll.

Mikilvæg í umræðunni um *málstefnu* í víðari merkingu er ályktun frá Alþingi frá 22. maí 1984:

> Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að í ríkisfjölmiðlum og í grunnskólanámi verði aukin rækt lögð við málvöndun og kennslu í framburði íslenskrar tungu.

Í framhaldi af þessari ályktun Alþingis skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, nefnd til að gera tillögur um málvöndun og framburðarkennslu í grunnskólum. Nefndin var að störfum 1985–1986 og skilaði af sér álitsgerð sem gefin var út 1986. Að henni stóðu Guðmundur B. Kristmundsson, Baldur Jónsson, Höskuldur Þráinsson og Indriði Gíslason. Sömu höfundar gáfu síðan út bókina *Mál og samfélag* tveimur árum síðar (1988). Í síðari hluta hennar er álitsgerðin endurprentuð.

Höfundar álitsgerðarinnar telja eftirfarandi meginatriði vera í íslenskri málstefnu (Guðmundur B. Kristmundsson o.fl. 1986:26):

> Íslendingar hafa sett sér það mark að varðveita tungu sína og efla hana.
>
> Með varðveislu íslenskrar tungu er átt við að halda órofnu samhengi í máli frá kynslóð til kynslóðar, einkum að gæta þess að ekki fari forgörðum þau tengsl sem verið hafa og eru enn milli lifandi máls og bókmennta allt frá upphafi ritaldar.
>
> Með eflingu tungunnar er einkum átt við að auðga orðaforðann svo að ávallt verði unnt að tala og skrifa á íslensku um hvað sem er, enn fremur að treysta kunnáttu í meðferð tungunnar og styrkja trú á gildi hennar.
>
> Varðveisla og efling eru ekki andstæður. Eðli málsins, formgerð þess og einkenni eiga að haldast. En málið á að vaxa líkt og tré sem heldur áfram að vera sama tré þótt það þroskist og dafni.

Undir þessi orð tekur Íslensk málnefnd tveimur áratugum síðar en þjóðfélagsbreytingar og vaxandi hnattvæðing krefst þess að litið sé til fleiri þátta samfélagsins en áður til þess að hvergi verði hætta á að umdæmi hverfi yfir til ensku.

Líta má á álitsgerðina sem kveikjuna að þeirri umræðu sem fór fram á málþingi Samtaka móðurmálskennara 12.–13. apríl 1985 undir heitinu *Íslensk málstefna* og þeim greinum sem birtust í tímaritinu *Skímu*, málgagni móðurmálskennara, árið 1985. Áhersla var lögð á að kennarar sæktu ráðstefnuna og hafði menntamálaráðherra gefið þeim kennurum leyfi frá störfum fyrri daginn (föstudag) sem sækja vildu málþingið. Í *Skímu* höfðu allir höfundarnir fjórir skrifað greinar en auk þeirra sjö aðrir málfræðingar og áhugamenn um íslenskt mál.

Í tengslum við þessa umræðu alla kannaði Halldór Halldórsson prófessor árið 1986 viðhorf stjórnvalda og allra þáverandi stjórnmálaflokka til íslenskrar málstefnu og kom þá í ljós að allir stjórnmálaflokkarnir aðhylltust málvernd og málrækt í hefðbundnum skilningi. Íslensk málnefnd skrifaði öllum starfandi stjórnmálaflokkum bréf, dagsett 25. júlí 2008, og spurðist fyrir um hvernig málum væri háttað nú. Svar barst einungis frá Vinstrihreyfingunni grænu framboði 5. ágúst og kom þar fram að ekkert hefði formlega verið samþykkt á landsfundum eða flokksráðsfundum um málstefnu. Aðrir stjórnmálaflokkar hafa ekki sent svar við fyrirspurninni.

Umræða um íslenska málstefnu er ekki ný. Íslensk málnefnd hefur til dæmis oftar en einu sinni haft hana til umræðu í einhverri mynd á málræktarþingum sínum (sjá til dæmis Kristján Árnason 2001). Mikið hefur verið rætt og ritað um hana og margir komið þar við sögu. Ræki-

lega samantekt um helstu greinar um efnið er að finna á heimasíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum undir heitinu *Málstefna – ýmsar heimildir* (www.arnastofnun.is).

Málvernd, málrækt og málvöndun

Orðin *málvernd og málrækt* hafa bæði þegar verið nefnd og þau koma fyrir í tillögum Íslenskrar málnefndar og er því rétt að gera grein fyrir því hvað átt er við. Þessi hugtök hafa lengi verið notuð þegar rætt er um að varðveita íslenska tungu og efla hana. Menn hafa löngum haft skiptar skoðanir á því hversu langt skuli ganga í verndun íslenskrar tungu, deilt og rökrætt um einstök atriði en umræðan um efnið hefur haft jákvæð áhrif og beint sjónum manna að tungumálinu og notkun þess. Tungumál er þá fyrst í verulegri hættu þegar menn hafa ekki lengur áhuga á að ræða það.

Umræðan um íslenska málvernd er ekki ný af nálinni. Hún hófst í raun þegar á 16. öld með skrifum Arngríms Jónssonar lærða en hann var brautryðjandi í málhreinsunarstarfi og málhreinsunarkenningu (Jakob Benediktsson 1987:68) og umræðan hefur haldist óslitið í einhverri mynd fram á þennan dag og haft veruleg áhrif á þróun tungunnar. Sú stefna, sem hún tók þegar í upphafi 17. aldar, er talsvert ólík þeirri sem tíðkast hefur hjá nágrannaþjóðunum. Áherslan á að mynda fremur ný íslensk orð en taka við aðkomuorðum á rætur í skrifum Arngríms en með *aðkomuorði* er bæði átt við tökuorð sem fyllilega hafa aðlagast málinu og orð sem bera uppruna sínum merki í rithætti og framburði. Málverndin efldist á 18. öld, var í miklum blóma á dögum Fjölnismanna á 19. öld og lifir enn góðu lífi bæði í lærðri og virkri orðmyndun. Ekki eru tök á að rekja þessa sögu hér en bent er á rækilega umfjöllun Kjartans G. Ottóssonar prófessors frá 1990.

Hugtökin *málvernd og málrækt* snúa að formi málsins en *málvöndun* snýr fremur að beygingar- og setningafræði, framburði, merkingu og orðaforða. Á þann hátt eru þau notuð í tillögum málnefndarinnar. Baldur Jónsson prófessor vildi leggja enn víðari merkingu í orðið *málrækt* og notar það sem yfirhugtak yfir málhreinsun, málvernd og málvöndun, þ.e. að málrækt nái bæði yfir „ræktun málsins og ræktarsemi við það“ (2002:414).

Hugtökin *málstefna, málpólitík, málstýring, formstýring* og *stöðustýring* eru yngri en hin sem þegar hafa verið nefnd. Þótt þau komi ekki öll fyrir í tillögunum þykir rétt að hafa þau með hér til frekari skilnings á viðfangsefninu. *Málpólitík* er málstefna sem snýr að stöðu málsins. Hún lýtur að útbreiðslu og notkunarsviði máls, þ.e. þeirri stöðu sem það skipar í stjórnsýslu, atvinnu- og menningarlífi. *Málstýring* er sá hluti málstefnu sem felst í sýnilegri viðleitni til að hafa áhrif bæði á form málsins og stöðu þess. Með *stöðustýringu* er átt við þá málstýringu sem reynir að hafa áhrif á stöðu málsins gagnvart öðrum málum en með *formstýringu* er að sama skapi reynt að hafa áhrif á formið. Um þessi hugtök má lesa nánar í grein Ara Páls Kristinssonar málfræðings (2007:106–107) og hjá Kristjáni Árnasyni prófessor (2001:3–4).

Tvö hugtök enn hafa á síðari árum verið ofarlega í umræðunni í nágrannalöndunum en það eru *umdæmisvandi* og *umdæmismissir*. Bæði eru notuð í tillögunum hér á eftir. Málráð Norðurlanda stóð fyrir málþingi í Ósló 2004 þar sem stjórnmálamenn jafnt sem háskólamenn lýstu áhyggjum sínum yfir stöðu tungumálanna og hvöttu til þess að gripið yrði til aðgerða. Sú umræða, sem fram fór á þinginu, hafði mikil áhrif á það starf sem í hönd fór á öllum Norðurlöndum og beindist að réttarstöðu tungunnar og hugsanlegum lögum um tungumálið (sjá kaflann S*taða málstefnu á Norðurlöndum* hér á eftir). Með umdæmisvanda er átt við þá stöðu sem ákveðið svið þjóðlífsins getur lent í ef tungumálið er ekki talið nýtast til tjáskipta á því

en með *umdæmismissi* er átt við það að heilt svið tekur upp erlent tungumál í öllum sínum samskiptum innanlands sem utan.

Íslensk málstefna og Íslensk málnefnd

Þótt engar opinberar samþykktir séu til um heildarmálstefnu kom hún þó þegar óbeint fram í *Reglum um starfsemi Íslenzkrar málnefndar* í bréfi frá menntamálaráðherra, dagsettu 30. júlí 1964. Þar var lögð áhersla á að nefndin annaðist söfnun nýyrða og útgáfu þeirra. Hún átti að aðstoða við val nýyrða og við nýyrðasmíði, hafa samvinnu við nýyrðanefndir, svara fyrirspurnum og vera í samstarfi við norrænu málnefndirnar.

Lög voru sett um Íslenska málnefnd (nr. 80/1984) og öðluðust þau gildi 1. janúar 1985. Þær reglur, sem gilt höfðu um hlutverk nefndarinnar og verkefni hennar, urðu áfram kjarni laganna. Mikilvægasta breytingin var ákvæði um stofnun Íslenskrar málstöðvar.

Halldór Halldórsson prófessor og Baldur Jónsson, prófessor og fyrrum forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar, skrifuðu ítarlega um sögu málnefndarinnar 1964–1989 og vísast til þess rits um fyrstu starfsár nefndarinnar (Halldór Halldórsson og Baldur Jónsson 1993).

Ný lög voru samþykkt um Íslenska málnefnd 1990 (nr. 2/1990) og giltu þau þar til málnefndin tengdist Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum með því að 9. gr. fyrrnefndra laga um stofnunina fjallar um Íslenska málnefnd. Við sömu lagabreytingu hætti Íslensk málstöð að vera sjálfstæð stofnun. Þegar í 1. grein laganna frá 1990 kom fram kjarninn í starfssviði nefndarinnar: „Íslensk málnefnd hefur það meginhlutverk að vinna að eflingu íslenskrar tungu og varðveislu hennar í ræðu og riti.“ Í næstu greinum var kveðið nánar á um verkefni nefndarinnar, meðal annars átti hún að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um íslenskt mál og til hennar skyldi leitað áður en settar væru reglugerðir eða annars konar fyrirmæli um íslenska tungu. Málnefndin átti að vera í samvinnu við þá sem hefðu með mannanöfn og örnefni að gera og sömuleiðis þá sem hefðu mikil áhrif á málfar almennings en þar var átt við fjölmiðla og skóla. Mikilvægt atriði í starfi málnefndarinnar var að annast söfnun nýyrða, vera til aðstoðar við val nýrra orða og við myndun nýyrða, meðal annars með því að vinna að skipulegri nýyrðastarfsemi í landinu og vera í samvinnu við starfandi orðanefndir.

Árið 2006 voru fimm stofnanir, er unnu að íslenskum fræðum á einn eða annan hátt, sameinaðar og um hina nýju stofnun, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, gilda lög nr. 40/2006. Í 9. grein þeirra laga er fjallað um Íslenska málnefnd og kveðið á um hlutverk nefndarinnar. Málnefndin á að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu og gera tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu, auk þess sem hún á að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Málnefndin getur átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi. Íslensk málnefnd semur íslenskar ritreglur sem gilda meðal annars um stafsetningarkennslu í skólum og menntamálaráðherra gefur út. Grundvallarbreytingar á ritreglum eru háðar samþykki menntamálaráðherra.

Af framansögðu má sjá að ýmislegt breyttist með nýjum lögum og sum af verkefnum málnefndarinnar, meðal annars nýyrðastarfsemin, falla nú undir verksvið málræktarsviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ný Íslensk málnefnd var skipuð 1. nóvember 2006 og hefur meginverkefni hennar verið að vinna að þeim tillögum um íslenska málstefnu sem birtar verða hér á eftir. Vísað er til stefnuskrár Íslenskrar málnefndar fyrir árin 2006–2010 á vefsíðu málnefndarinnar (www.íslenskan.is):

> Á tímum hraðvaxandi alþjóðasamskipta þar sem notkun erlendra tungumála, einkum ensku, verður æ ríkari þáttur í íslensku samfélagi er brýnt að tryggja stöðu íslenskrar tungu. Eitt af mikilvægustu verkefnum Íslenskrar málnefndar er að vinna markvisst að því að íslenska haldi gildi sínu í þessu breytta umhverfi og verði áfram nothæf og notuð á öllum sviðum íslensks þjóðlífs.

Þessi áhersla á að íslenska haldi gildi sínu hvar sem er í þjóðfélaginu er kjarninn í þeim tillögum sem birtast hér á eftir og komu fram í ályktun málnefndarinnar um stöðu íslenskrar tungu 2007. Hún er birt á vefsíðu málnefndarinnar (www.íslenskan.is).

Yfirlýsing norrænu ráðherranefndarinnar um norræna málstefnu
Norræna ráðherranefndin kom sér saman um norræna málstefnu sem birt var í ritlingnum *Deklaration om nordisk språkpolitik* 2007. Yfirlýsinguna má nálgast á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (www.arnastofnun.is). Norræn málstefna á meðal annars að miða að því:

– *að* allir Norðurlandabúar geti lesið og skrifað það eða þau tungumál sem nýtt eru í samfélaginu þar sem þeir búa
– *að* allir Norðurlandabúar geti átt samskipti hver við annan, fyrst og fremst á skandinavísku máli
– *að* allir Norðurlandabúar hafi undirstöðuþekkingu á tungumálaréttindum og stöðu tungumála á Norðurlöndum
– *að* allir Norðurlandabúar kunni eitt alþjóðatungumál mjög vel og annað erlent tungumál vel
– *að* allir Norðurlandabúar hafi almenna þekkingu á því hvað tungumálið er og hvað það felur í sér

Allnokkur umræða var um norrænu málstefnuna í Málráði Norðurlanda og einnig í norrænu málnefndunum og var það sameiginlegt mat manna að stórt skref hefði verið stigið í rétta átt. Ef þessi markmið eiga aftur á móti að nást, einkum hið fyrsta og hið síðasta, er brýnt að huga að tungumálinu (tungumálunum) í hverju landi og stöðu þess (þeirra) á öllum sviðum þjóðlífsins til þess að hvergi komi til þess að umdæmi hverfi yfir til ensku eða hugsanlega annarra erlendra mála. Þá verða Íslendingar, rétt eins og aðrar Norðurlandaþjóðir, að halda vöku sinni og er það kjarninn í tillögum Íslenskrar málnefndar.

Staða málstefnu á Norðurlöndum
Á undanförnum áratug hefur málstefna verið ofarlega á dagskrá norrænu málnefndanna. Þær hafa hver af annarri safnað efni og gert tillögur að opinberri málstefnu landsins og hafa þar í huga meðal annars vaxandi áhrif ensku á mörgum sviðum þjóðfélagsins, norrænar tungur sem annað mál íbúa á Norðurlöndum og kennslu á háskólastigi. Tillögur sínar hafa þær nær allar sent stjórnvöldum og eru þær flestar á umræðustigi en misjafnlega langt komnar:

– Finnar voru fyrstir til að samþykkja lög um tungumálið en það gerðu þeir þegar 2004. Þegar um 1920 var samþykkt stjórnarskrárákvæði um að opinber mál skuli vera tvö, finnska og sænska.

- Svíar sendu frá sér samantektina *Mål i mun* 2002 og síðan *Bästa språket* 2005. Í báðum ritlingunum eru settar fram tillögur að málstefnu. Málin standa þannig að menntamálaráðuneytið (kulturdepartementet) sendi frá sér fyrr á þessu ári *Värna språken – förslag till språklag* og stefnt mun vera að því að ljúka málinu með lagasetningu 2009.
- Danska menntamálaráðuneytið sendi frá sér bæklinginn *Sprog på spil* árið 2003 og frekari útfærslu á stefnu sinni í ritlingnum *Sprog til tiden. Rapport fra sprogudvalget* frá 2008 þar sem settar eru fram tillögur um danska málstefnu og framkvæmd hennar.
- Sænska málnefndin í Finnlandi tók saman rækilegt rit um stöðu sænskunnar í Finnlandi 2003, *Tänk om ... Svenska språknämndens förslag till handlingsprogram för svenskan i Finland* (Tandefeldt 2003).
- Norska málnefndin gaf 2005 út ritið *Norsk i hundre! Norsk som nasjonalspråk i globaliseringens tidsalder*. Et forslag til strategi. Málið hefur talsvert verið rætt opinberlega og lagði ríkisstjórnin fram skjalið *Mål og meining. Ein heilskapleg norsk språkpolitikk* (St. meld. nr. 35) sem upphaflega kom frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu (Det kongelige Kultur- og kyrkjedepartement). Það var síðan sent ríkisstjórninni 27. júní 2008 sem samþykkti það sama dag. Gert er ráð fyrir að frumvarp til laga um norska tungu verði lagt fram 2009.
- Færeyingar settu á laggirnar málstefnunefnd sem sendi ásamt menntamálaráði Færeyja frá sér skýrsluna *Málmørk. Álit um almennan málpolitikk* árið 2007 með tillögum um aðgerðir í málfarslegum efnum og er þar mælt með því að færeyska verði „almenna málið í Føroyum og tjóðarmál føroyinga“ (2007:9). Tillögurnar eru nú til umræðu.
- Grænlendingar hafa unnið talsvert í sinni málstefnu en 2001 birtu þeir ritlinginn ... *men ordet. Rekommendationer fra Arbejdsgruppen for sprogpolitisk redegørelse*. Grænlenska málnefndin gerir ráð fyrir því að lög verði sett á næsta ári.

Undirbúningsvinna Íslenskrar málnefndar að tillögum um málstefnu

Íslensk málnefnd taldi mikilvægt að hefja undirbúning málstefnutillagnanna á því að velja þau svið þjóðlífsins sem mest ástæða væri til að kanna. Hafði hún sem fyrirmynd að vali sviða danska ritið *Sprog på spil* (2003). Stjórn málnefndarinnar skipti sviðunum á milli sín til frumundirbúnings og tók saman hvað mikilvægast væri að athuga á hverju þeirra. Að því loknu voru settir á laggirnar fimm vinnuhópar sem höfðu eftirfarandi svið til skoðunar:

- Fyrsti vinnuhópur: leikskóli, grunnskóli, framhaldsskóli. Formaður: Sæmundur Helgason, kennari við Langholtsskóla.
- Annar vinnuhópur: háskólar, vísindi og fræði, tungutækni, handbækur um íslensku. Formaður: Brynhildur Þórarinsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri.
- Þriðji vinnuhópur: íslenska sem annað mál, norrænt málsamfélag, íslenska erlendis. Formaður: Veturliði Óskarsson, prófessor við Kennaraháskóla Íslands.
- Fjórði vinnuhópur: fjölmiðlar, listir. Formaður: Björn Gíslason, fréttastjóri á *Vísi*.
- Fimmti vinnuhópur: stjórnsýsla, viðskiptalíf. Formaður: Þorlákur Karlsson, forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík.

Fljótlega kom í ljós að betra yrði að mynda sérstakan hóp um máltækni (tungutækni) og tók Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor við Háskóla Íslands, að sér að stýra þeim hópi. Formenn vinnuhópanna völdu sjálfir samstarfsmenn sem hefðu gott yfirlit yfir þau svið sem skoða átti.

Starf vinnuhópanna
Vinnuhóparnir hófu störf síðsumars 2007 og skiluðu lokaskýrslum um áramót eða í upphafi nýs árs. Verkefnið kynntu þeir á málræktarþingi Íslenskrar málnefndar sem haldið er árlega í tengslum við dag íslenskrar tungu, 16. nóvember. Málnefndin áleit mikilvægt að gefa almenningi kost á að fylgjast eins vel með og kostur væri og kynnast því verki sem unnið væri að. Þingið var haldið 10. nóvember 2007 og voru flutt fimm erindi:

– Halldóra Björt Ewen, kennari við Menntaskólann við Hamrahlíð: Leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar.
– Brynhildur Þórarinsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri: Háskólar, vísindi og fræði.
– Veturliði Óskarsson, prófessor við Kennaraháskóla Íslands: Tungan og tengslin – Um íslensku sem annað mál, íslenskukennslu erlendis og tengslin við norrænt málsamfélag.
– Björn Gíslason, fréttastjóri á *Vísi*: Fjölmiðlar og listir.
– Dagný Jónsdóttir, fyrrverandi alþingismaður: Tungumál og málfar í viðskiptum og stjórnsýslu.

Máltæknihópurinn hafði ekki tekið til starfa þegar þingið var haldið. Vinnuhóparnir fengu gott veganesti frá umræðum á þinginu til að ganga frá skýrslum sínum og stuðningsgögnum sem safnað hafði verið. Rækilegum útdráttum úr erindunum var dreift á þinginu til þess að umræður yrðu sem markvissastar. Þá má nálgast á heimasíðu Íslenskrar málnefndar (www.íslenskan.is) undir liðnum *Málræktarþing Íslenskrar málnefndar og MS*.

Málþing Íslenskrar málnefndar og samstarfsaðila
Þótt málræktarþingið þætti takast afar vel var Íslensk málnefnd sammála um að efna til málþingaraðar þar sem hvert svið fengi verðuga umfjöllun. Nefndinni þótti mikilvægt að koma af stað umræðu í samfélaginu. Menntamálaráðuneytið styrkti málþingin og menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, setti málþingaröðina á fyrsta þinginu 25. janúar 2008. Málnefndin leitaði að samstarfsaðilum í því skyni að ná til sem flestra áhugasamra á hverju sviði og til þess að taka þátt í kostnaði. Haldin voru ellefu þing:

1. Lagaleg staða íslenskunnar (25. janúar).
   Fyrirlesarar: Guðrún Kvaran, formaður Íslenskrar málnefndar, Mörður Árnason, fv. alþingismaður, Sigurður Líndal prófessor, Þór Vilhjálmsson, fv. hæstaréttardómari. Fundarstjóri Haraldur Bernharðsson, Íslenskri málnefnd.
2. Móðurmálskennsla. Í samvinnu við Samtök móðurmálskennara (1. febrúar).
   Fyrirlesarar: Sigríður Sigurjónsdóttir, Íslenskri málnefnd, Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir, Kennaraháskóla Íslands, Guðríður Óskarsdóttir, kennari í Setbergsskóla, Hrönn Bergþórsdóttir, kennari í Setbergsskóla, Guðlaug Guðmundsdóttir, formaður Samtaka móðurmálskennara, Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft Íslandi. Fundarstjóri Ingibjörg Einarsdóttir, skrifstofustjóri Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.
3. Málnotkun í vísindum og fræðum. Í samvinnu við Vísindafélag Íslendinga (15. febrúar).
   Fyrirlesarar: Haraldur Bernharðsson, Íslenskri málnefnd, Ástráður Eysteinsson prófessor, Sigurður Júlíus Grétarsson prófessor, Þorsteinn Vilhjálmsson prófessor, Örnólfur Thorlacius, fv. rektor Menntaskólans við Hamrahlíð. Fundarstjóri Einar Sigurbjörnsson, prófessor og forseti Vísindafélags Íslendinga.

4. Tungutækni. Í samvinnu við Tungutæknisetur (7. mars).
   Fyrirlesarar: Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor og stjórnarformaður Tungutæknisetur, Trond Trosterud, Háskólanum í Tromsø, Hjálmar Gíslason Símanum, Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft Íslandi, Bogi Örn Emilsson, Skjali þýðingastofu. Fundarstjóri Hrafn Loftsson, stjórnarmaður í Tungutæknisetri.
5. Íslenska í listum. Í samvinnu við Rithöfundasamband Íslands og Bandalag íslenskra listamanna (14. mars).
   Fyrirlesarar: Þórarinn Eldjárn, Íslenskri málnefnd, Þórunn Erlu Valdemarsdóttir rithöfundur, Hilmar Oddsson kvikmyndaleikstjóri, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson rithöfundur, Sigurður Pálsson rithöfundur. Fundarstjóri Pétur Gunnarsson, formaður Rithöfundasambands Íslands.
6. Íslenska sem annað mál. Í samvinnu við Alþjóðahúsið (28. mars).
   Fyrirlesarar: Haraldur Bernharðsson, Íslenskri málnefnd, Kolbrún Friðriksdóttir, aðjunkt í íslensku fyrir erlenda stúdenta við Háskóla Íslands, Paul Nikolov varaþingmaður, Tatjana Latinovic, formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, Þorbjörg Halldórsdóttir, verkefnastjóri og íslenskukennari hjá Mími símenntun. Fundarstjóri Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss.
7. Íslenska í fjölmiðlum. Í samvinnu við Blaðamannafélag Íslands (4. apríl).
   Fyrirlesarar: Steinunn Stefánsdóttir, Íslenskri málnefnd, Svanhildur Hólm Valsdóttir, ritstjóri *Íslands í dag*, Aðalsteinn Davíðsson, málfarsráðunautur Ríkisútvarpsins, Þröstur Helgason, ritstjórnarfulltrúi á *Lesbók Morgunblaðsins*, Silja Aðalsteinsdóttir, ritstjóri *Tímarits Máls og menningar*. Fundarstjóri Arna Schram, formaður Blaðamannafélags Íslands.
8. Íslenska í háskólum. Í samvinnu við Háskólann á Akureyri (11. apríl á Akureyri).
   Fyrirlesarar: Haraldur Bernharðsson, Íslenskri málnefnd, Magnús Diðrik Baldursson, fulltrúi rektors Háskóla Íslands, Skúli Skúlason, rektor Háskólans á Hólum, Þorlákur Karlsson, fulltrúi rektors Háskólans í Reykjavík, Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri. Fundarstjóri Elín Una Jónsdóttir íslenskufræðingur og laganemi.
9. Íslenska erlendis. Í samvinnu við Bókmenntasjóð (18. apríl).
   Fyrirlesarar: Úlfar Bragason fyrir hönd Íslenskrar málnefndar, Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, verkefnisstjóri í Laugalækjarskóla, Jón Gíslason, stundakennari í íslensku við Háskóla Íslands, Annette Lassen, dósent í dönsku við Háskóla Íslands, Philip Roughton þýðandi, Sigurjón Birgir Sigurðsson (Sjón) rithöfundur. Fundarstjóri Njörður Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Bókmenntasjóðs.
10. Íslenska í þýðingum. Í samvinnu við Bandalag þýðenda og túlka (9. maí).
    Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra ávarpaði þingið. Fyrirlesarar: Gauti Kristmannsson, dósent í þýðingafræði við Háskóla Íslands og formaður Bandalags þýðenda og túlka, Sabine Leskopf, verkefnisstjóri túlka- og þýðingaþjónustu Alþjóðahúss, Kristján Árnason prófessor, Rúnar Helgi Vignisson, rithöfundur og þýðandi, Halldór Guðmundsson, rithöfundur og verkefnisstjóri. Fundarstjóri Haraldur Bernharðsson, Íslenskri málnefnd.
11. Íslenska í viðskiptalífinu. Í samvinnu við Viðskiptaráð Íslands, Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga og viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík (23. september).
    Fyrirlesarar: Haraldur Bernharðsson, Íslenskri málnefnd, Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri Promens, Þorlákur Karlsson, forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík,

Agnar Hansson, bankastjóri Icebank. Fundarstjóri Þröstur Olaf Sigurjónsson, lektor við Háskólann í Reykjavík.

Viðbrögð við þingunum voru afar góð. Þau voru öll mjög vel sótt, fjölmiðlar sýndu þeim áhuga, birtu dagskrá þinganna og viðtöl við aðstandendur eða fyrirlesara og Ríkisútvarpið tók upp erindi og umræður á allnokkrum þingum og sendi út í kvölddagskrá sinni. Segja má því að vinnan við málstefnudrögin hafi verið allvel kynnt og áhugasömum hafi gefist kostur á að koma skoðunum sínum á framfæri.

LAGALEG STAÐA ÍSLENSKRAR TUNGU

Ástand

Íslenskt samfélag hefur tekið örum breytingum á undanförnum árum. Íslendingar taka upp erlenda löggjöf í ríkara mæli en áður. Íslenskt atvinnulíf er orðið alþjóðlegra en áður og hafa bæði íslensk fyrirtæki haslað sér völl erlendis og erlend fyrirtæki hafið starfsemi á Íslandi. Samfara þessu hefur íslenskur vinnumarkaður orðið fjölþjóðlegur. Samfélagsbreytingar á borð við þessar skapa margvísleg álitamál og ný lögfræðileg úrlausnarefni. Þeirra á meðal eru spurningar er varða íslenska tungu. Er lagaleg staða hennar í íslensku samfélagi nægilega trygg?

Í gildandi íslenskum lögum er að finna ákvæði er varða notkun íslenskrar tungu á einstökum sviðum samfélagsins. Til að mynda er mælt fyrir um það í lögum um meðferð sakamála (12. gr. laga nr. 88/2008) að íslenska sé þingmálið og áþekkt ákvæði er í lögum um meðferð opinberra mála (13. gr. laga nr. 19/1991). Í lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins (nr. 57/2005) segir að auglýsingar sem höfða eigi til íslenskra neytenda skuli vera á íslensku (8. gr.), svo og almennir skilmálar þjónustuaðila (9. gr.) og skriflegar ábyrgðaryfirlýsingar (11. gr.). Þá er í læknalögum (nr. 53/1988, með breytingum í lögum nr. 116/1993 og 76/2002) ákvæði um að læknar utan Evrópska efnahagssvæðisins og Sviss þurfi að sanna kunnáttu í mæltu og rituðu íslensku máli til að öðlast starfsleyfi hér á landi (3. gr.). Skilyrði um íslenskukunnáttu útlendinga er einnig að finna í lögum um félagsráðgjöf (2. gr. laga nr. 95/1990), hjúkrunarlögum (2. gr. laga nr. 8/1974, með breytingum í lögum nr. 116/1993) og ljósmæðralögum (2. gr. laga nr. 67/1984, með breytingum í lögum nr. 116/1993). Nýlega voru stigin fyrstu skrefin til að treysta stöðu íslenskrar tungu í skólakerfinu en í nýjum lögum um grunnskóla (nr. 91/2008, 16. gr.) og framhaldsskóla (nr. 92/2008, 35. gr.) segir að kennsla í þessum skólum skuli fara fram á íslensku.

Þá má finna í lögum ákvæði um eflingu og rækt íslenskrar tungu, önnur en þau er varða Íslenska málnefnd (9. gr. laga nr. 40/2006). Til að mynda segir í útvarpslögum (7. gr. laga nr. 53/2000) að útvarpsstöðvar skuli efla íslenska tungu en þó er heimilt ef sérstaklega stendur á að veita leyfi til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku. Í nýlegum lögum um Ríkisútvarpið ohf. (3. gr. laga nr. 6/2007) kemur einnig fram að meðal hlutverka þeirrar stofnunar sé að leggja rækt við íslenska tungu. Þá er í leiklistarlögum (4. gr. laga nr. 138/1998) kveðið á um það að Þjóðleikhúsið, sem er eign íslensku þjóðarinnar, skuli vera til fyrirmyndar um meðferð íslenskrar tungu.

Þessi lagaákvæði, sem hér hafa verið nefnd sem dæmi, mæla fyrir um notkun eða rækt íslenskrar tungu á afmörkuðum sviðum (sjá einnig Þór Vilhjálmsson 2001). Þau eru hluti af lögum er varða önnur efni enda eru ekki til sérstök lög er fjalla skipulega um stöðu íslenskrar

tungu í íslensku samfélagi. Lagaleg staða íslenskrar tungu er því í heild ekki eins traust og hún gæti verið. Taka má fáein dæmi:

– Hvergi er í stjórnarskrá eða lögum kveðið á um það að íslenska sé hið opinbera tungumál lýðveldisins Íslands.
– Hvergi er í lögum kveðið á um það að íslenska skuli notuð í störfum Alþingis Íslendinga.
– Hvergi er kveðið á um það að lög, reglugerðir og lögskýringargögn á Íslandi skuli vera á íslensku.
– Hvergi er kveðið á um það í lögum að íslenska skuli notuð í störfum Stjórnarráðs Íslands eða sveitarstjórna á Íslandi.
– Hvergi er kveðið á um það í lögum að íslenska skuli notuð í almannaþjónustu sem kostuð er af opinberu fé, svo sem í heilbrigðiskerfi.
– Aðgangur íslenskra ríkisborgara, sem lengi hafa búið erlendis, að kennslu í íslensku er ekki tryggður í lögum.
– Réttur íslenskra ríkisborgara af erlendum uppruna til íslenskukennslu er ekki tryggður í lögum.

Í gildandi lögum er meira að segja að finna ákvæði sem beinlínis veikja stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu. Í lögum nr. 60/1998, um loftferðir, er kveðið á um það í 140. grein að Flugmálastjórn skuli í flugmálahandbók birta ákvarðanir þær sem teknar eru á grundvelli umræddra laga og reglna settra samkvæmt þeim. Þessar ákvarðanir skulu vera „á íslensku eða ensku eftir því sem við á“. Í reglugerð nr. 326/2000, um flugmálahandbók, er nánar kveðið á um þetta og þar segir í 4. gr. að heimilt skuli að „birta tæknilega staðla á ensku eingöngu“.

Sagan segir okkur að það hafa ekki alltaf þótt sjálfsögð réttindi Íslendinga að geta átt samskipti við yfirvöld og stjórnkerfi í eigin landi á íslensku. Ekki er ýkja langt síðan Íslendingar háðu harða baráttu fyrir lagalegri stöðu íslenskrar tungu í íslensku samfélagi undir danskri stjórn (sjá Kjartan G. Ottósson 1990, einkum bls. 80–93). Sú spurning hlýtur því að vakna hvort ekki sé rétt að taka af allan vafa um stöðu íslenskrar tungu í íslensku samfélagi og reyndar hefur réttarstaða hennar verið rædd á Alþingi. Fyrir nokkrum misserum var þar lögð fram þingsályktunartillaga um að setja á fót nefnd er kannaði réttarstöðu tungunnar og leiðir til úrbóta ef þörf krefði (130. löggjafarþing 2003–2004; þskj. 517, 387. mál). Ekki hefur enn orðið af stofnun þeirrar nefndar.

Jafnframt er nauðsynlegt að taka tillit til þeirra er hafa íslenska táknmálið að móðurmáli. Brýnt er að tryggja lagalega stöðu íslenska táknmálsins og þar með rétt þeirra er hafa það að fyrsta máli. Oftar en einu sinni hefur verið lagt fyrir Alþingi frumvarp um íslenska táknmálið (nú síðast á 135. löggjafarþingi 2007–2008; þskj. 12, 12. mál) en það hefur enn ekki orðið að lögum.

Horfur

Um leið og íslenskt samfélag hefur orðið alþjóðlegra en áður var hefur þeim tungumálum, sem notuð eru á Íslandi, fjölgað ört. Sú þróun þarf ekki að vera skaðleg íslenskri tungu ef íslenska verður áfram aðalsamskiptamálið í fjölmenningarsamfélagi á Íslandi. Lagaleg staða íslenskrar tungu í samfélaginu er þó ekki eins traust og hún gæti verið eins og hér hefur verið rakið. Á fjölmörgum sviðum samfélagsins getur skapast lagaleg óvissa um málnotkun. Brýnt er þess vegna að treysta lagagrundvöll íslenskunnar til að tryggja að hún geti áfram verið

aðalsamskiptamálið á Íslandi og koma í veg fyrir að hún hörfi fyrir öðrum tungumálum á mikilvægum sviðum þjóðlífsins; þau svið getur reynst erfitt að endurheimta.

Íslendingar taka þátt í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi og eiga aðild að ýmsum alþjóðastofnunum. Hætt er við að Íslendingum muni ganga illa að standa vörð um notkun íslensku á þeim vettvangi – til að mynda er varðar þýðingar og túlkun – ef ekki er hægt að vísa í trausta lagalega stöðu íslenskrar tungu heima við.

Markmið í íslenskri málstefnu

Íslensk málnefnd leggur til eftirfarandi markmið:

- Að tryggð verði lagaleg staða íslenskrar tungu sem þjóðtunga Íslendinga til þess að hún megi áfram vera það tungumál sem sameinar íbúa þessa lands, óháð uppruna.
- Að tryggður verði réttur íslenskra ríkisborgara af erlendum uppruna og erlendra ríkisborgara, er hér fá dvalar- eða atvinnuleyfi, til kennslu í íslensku svo að þeir geti tekið fullan þátt í íslensku samfélagi á íslensku. Jafnframt verði þeim gefinn kostur á að rækta eigið tungumál og menningu.
- Að jafnframt verði lagaleg staða íslensks táknmáls tryggð.

Um leið og Íslendingar hafa lögvarinn rétt til að vernda menningarleg verðmæti sín er skylt að virða rétt þeirra er ekki tala íslensku og tryggja þeim tækifæri til að læra íslensku. Þetta á einkum við um íslenska ríkisborgara sem ekki hafa íslensku að móðurmáli en einnig erlenda ríkisborgara er fengið hafa dvalar- eða atvinnuleyfi á Íslandi. Jafnframt verður að gefa þeim kost á að rækta eigið tungumál og menningu. Þá er eðlilegt að tryggja stöðu íslenska táknmálsins við hlið íslensku.

Aðgerðir

Til að ofangreind markmið náist leggur Íslensk málnefnd til:

- Að þegar í stað verði skipuð nefnd sérfróðra manna til að finna skynsamlegustu leiðina til að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls í íslensku samfélagi.

Verkefni nefndarinnar verði meðal annars að leggja á það mat hvort skynsamlegt sé að bæta í stjórnarskrá sérstöku ákvæði um að íslenska sé þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál íslenska ríkisins. Annar kostur gæti verið að setja sérstök lög um stöðu íslenskrar tungu og gera þar skýra grein fyrir lögvernduðum umdæmum hennar í íslensku samfélagi. Á sama hátt þarf að finna skynsamlega leið til að tryggja stöðu íslensks táknmáls.

LEIKSKÓLAR, GRUNNSKÓLAR OG FRAMHALDSSKÓLAR

Ástand

Á síðustu öld breyttist íslenskt samfélag meira en nokkru sinni áður. Hægt er að færa fyrir því rök að hið svokallaða kynslóðabil hafi enn aukist á síðustu árum og áratugum þar sem báðir foreldrar vinna nú yfirleitt úti og börn eyða meginþorra dagsins með jafnöldrum í skólum og í frístundastarfi. Hraðinn í nútímasamfélagi er mikill og minni samskipti barna við foreldra og eldri kynslóðir en áður hafa margs konar áhrif, meðal annars á tungutak barna. Íslenskt samfélag er einnig orðið alþjóðlegra en áður með tilkomu Netsins og erlends vinnuafls

á Íslandi. Enska er ráðandi tungumál jafnt í tölvubúnaði, afþreyingu og á Netinu og hún ryður sér til rúms í atvinnulífinu og á efri skólastigum. Þessar samfélagsbreytingar móta það málumhverfi sem börn alast upp við og vegna þeirra gegna leik-, grunn- og framhaldsskólar enn veigameira hlutverki en áður í að skila tungunni og menningararfinum til nýrra kynslóða. Því skýtur skökku við að á undanförnum árum hefur dregið úr móðurmálskennslu í skólum (sjá hér á eftir). Mikilvægt er að átta sig á því að skólakerfið getur haft mikil áhrif á vöxt og viðgang íslenskunnar og er það svið þjóðlífsins sem, auk foreldra og forráðamanna, hefur hvað mesta möguleika á að efla færni í móðurmálinu. Mjög mikilvægt er því að tryggja stöðu íslenskrar tungu í skólakerfinu.

Máltaka barna

Á leik- og grunnskólaaldri tileinka börn sér móðurmál sitt. Aðalmáltökuskeið barna er frá fæðingu og fram að kynþroska en til þess að ná fullu valdi á móðurmálinu þarf máltakan að fara fram fyrir fimm til sex ára aldur. Á þeim aldri eru flest börn orðin altalandi, þ.e. þau hafa náð valdi á málkerfinu í meginatriðum þótt þau eigi enn eftir að tileinka sér ýmis óregluleg atriði í beygingum og setningagerð og afla sér meiri orðaforða. Aldrei á lífsleiðinni eru börn jafnmóttækileg fyrir máli og á fyrstu sex árum ævinnar. Börn á leikskólaaldri eru að byggja upp málkerfi sitt og málkennd þeirra að mótast. Á þessum aldri og á fyrstu árum grunnskólans er því afar mikilvægt að börn hafi góðar málfyrirmyndir og fái nauðsynlega málörvun. Framtíð íslenskrar tungu veltur meðal annars á því hversu vel tekst til á þessu mikla mótunarskeiði í ævi hvers einstaklings. Mikilvægt er að foreldrar, yfirmenn menntamála og þeir sem starfa á leikskólum og í grunnskólum átti sig á því tækifæri sem gefst til málörvunar á heimilum og í skólum landsins. Rannsóknir sýna að börn, sem mikið er talað við og lesið fyrir, hafa meiri orðaforða en börn sem ekki hljóta slíkt máluppeldi og þau ná einnig fyrr valdi á ýmsum atriðum í málkerfi móðurmálsins. Hversu góðir málnotendur börn verða fer því að miklu leyti eftir því hve gott máluppeldi þau hljóta.

Leikskólar

Leikskólakennarar gegna veigamiklu hlutverki í máluppeldi barna. Flestir þeirra eru meðvitaðir um málræktarskyldu sína enda er kveðið á um hana í lögum um leikskóla, nr. 90/2008. Þar kemur fram að eitt af meginmarkmiðum uppeldis og kennslu í leikskóla skuli vera „að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku“ (2. gr. b). Í *Aðalnámskrá leikskóla* (1999) eru áhersluþættir í leikskólauppeldi greindir í námssvið. Eitt þessara námssviða er málrækt og undir það svið fellur að „auka orðaforða, ræða við barn í leik og starfi, hvetja barn til að tjá sig: segja frá, ræða við aðra, lesa fyrir barn, segja því sögur og ævintýri og fara með þulur og kvæði“. Allt eru þetta mikilvæg atriði sem stuðla að auknum málþroska barna. Þegar skólanámskrár leikskóla eru skoðaðar kemur í ljós að í mörgum leikskólum er lögð áhersla á markvissa málörvun og að starfsfólk leikskólanna sé góðar málfyrirmyndir. Sífellt fleiri leikskólar gera grein fyrir málræktarstarfi sínu í skólanámskrá þótt umfjöllunin sé misjafnlega ítarleg. Þá er víða gerð sérstök námskrá fyrir elstu börn leikskólans, sem eru í svokölluðum skólahópi, og þar má sjá aukna áherslu á undirbúning lestrarnáms. Góð samvinna heimila og skóla um máluppeldi er lykilatriði. Foreldrar og aðrir forráðamenn gegna veigamiklu hlutverki í málörvun barna og að kynna þeim bókmenntir sem hæfa þroska þeirra og áhugasviði.

En til þess að leikskólakennarar geti gegnt því hlutverki að efla málkennd og málþroska ungra barna á máltökuskeiði verða þeir að fá haldgóða kennslu í íslensku máli, málnotkun


og barnabókmenntum í námi sínu. Því er athyglisvert að verðandi leikskólakennarar fá nú litla íslenskukennslu. Samkvæmt námskrá Kennaraháskóla Íslands, nú menntavísindasviðs Háskóla Íslands, sem tók gildi haustið 2007, fá nemendur á leikskólabraut kennslu í fræðilegri ritun og framsögn eins og allir nemendur skólans. Þeir sitja einnig eitt námskeið um máltöku barna, málþroska, málörvun og byrjendalæsi. Samkvæmt námskrá hug- og félagsvísindadeildar Háskólans á Akureyri sitja allir nemendur á leikskólabraut eitt námskeið í íslensku á fyrsta ári og taka námskeið um bernskulæsi og barnabókmenntir á þriðja ári. Nemar á leikskólabraut við þá tvo háskóla sem sinna menntun leikskólakennara á landinu fá því nær enga kennslu um íslenskt mál, hvorki fræðilega umfjöllun um tungumálið, sem þó er forsenda skilnings á ýmsum einkennum íslensks máls og fræðilegu lesefni um málþroska barna, né kennslu í málnotkun sem er forsenda þess að þeir styrki sig sem góða málfyrirmynd. Þessa menntun er brýnt að allir leikskólakennarar fái í grunnnámi sínu. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og hefur verið það samkvæmt lögum frá 1994. Það er viðurkenning á því að leikskólakennarar eru fyrstu kennarar íslenskra barna og þar með fyrstu móðurmálskennararnir. Í lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008, er starfsheitið *leikskólakennari* lögverndað og kveðið á um að leyfi til þess að nota starfsheitið *leikskólakennari* megi framvegis aðeins veita þeim sem lokið hafi meistaraprófi, eða öðru námi sem jafngildir meistaraprófi, á fræðasviði sem ráðherra viðurkennir til kennslu á leikskólastigi. Með þessum lögum gefst tækifæri til að efla íslenskukennslu í námi leikskólakennara og auka þannig færni þeirra til að takast á við það mikilvæga hlutverk að efla málþroska margbreytilegs nemendahóps. Í þessu sambandi er vert að benda á að börnum af erlendum uppruna, börnum sem hafa annað móðurmál en íslensku og börnum íslenskumælandi foreldra, sem dvalist hafa lengi erlendis, hefur fjölgað gríðarlega í íslensku skólakerfi á síðustu árum. Þetta veldur því að oft þarf að fara fram bein íslenskukennsla á leikskólum.

Á undanförnum árum hefur starfsmönnum af erlendum uppruna fjölgað mjög á leikskólum landsins. Algengt er að erlendir starfsmenn séu einn af hverjum þremur eða fjórum starfsmönnum á deild og þeir starfa einnig í eldhúsi. Þessir starfsmenn kynna börnunum aðra menningu og tungumál og efla víðsýni þeirra. Þetta er jákvætt og mikilvægt er að leikskólar landsins nýti þann auð sem felst í starfsfólki af erlendum uppruna. En til þess að börn á leikskólaaldri nái góðum tökum á íslensku er þó nauðsynlegt að þau njóti umönnunar og kennslu fólks sem hefur íslensku að móðurmáli. Málræktarskylda leikskólastigsins gerir það að verkum að meginþorri starfsmanna á leikskólum verður að hafa íslensku að móðurmáli. Full ástæða er að setja viðmið um hlutfall erlendra starfsmanna á hverri deild í leikskólum, kunnáttu þeirra í íslensku og tilgreina verksvið þeirra. Það sama á við um grunnskólastigið þótt þar hafi starfsmönnum af erlendum uppruna ekki fjölgað jafnmikið og í leikskólunum. Í lögum um leikskóla er ekki kveðið á um þetta atriði en í nýjum grunn- og framhaldsskólalögum (nr. 91/2008 og 92/2008) er tekið fram að kennsla á þessum skólastigum skuli fara fram á íslensku þótt heimilt sé að nám fari fram á öðrum tungumálum en íslensku þegar það leiðir af eðli máls eða aðalnámskrá. Ekki er þó síður ástæða til að tryggja stöðu íslenskunnar í reglugerð um leikskóla þar sem börn á aðalmáltökuskeiði dvelja mörg hver í allt að 45 stundir á viku á leikskóla.

Grunnskólar

Í grunnskóla á að halda því málræktarstarfi áfram sem hafið var í leikskóla. Í lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, er kveðið á um að grunnskóli skuli „efla færni nemenda í íslensku

máli“ (2. gr.). Í *Aðalnámskrá grunnskóla – íslenska* (2007) segir: „Íslenskunám er stór þáttur í námi allra grunnskólanemenda, óháð því hvert móðurmál þeirra er, og námsgreinin íslenska varðar þá alla.“ Íslenska er viðamesta námsgrein grunnskólans með 960 mínútur að lágmarki á viku í 1.–4. bekk og 600 mínútur að lágmarki á viku í 5.–10. bekk *(Aðalnámskrá grunnskóla – almennur hluti* 2006:14). Samanburður á lengd kennslu í móðurmáli á Norðurlöndum sýnir þó að Íslendingar verja minni tíma til móðurmálskennslu í grunnskólum sínum en aðrar Norðurlandaþjóðir. Danskir nemendur fá til dæmis 78% meiri móðurmálskennslu en íslenskir nemendur; sjá *mynd 1* (sbr. *Viðmiðunarstundaskrár í íslenskum, norskum og dönskum grunnskólum*). Nýleg Pisarannsókn (2006) leiddi í ljós að íslenskir unglingar, sérstaklega drengir, hafa mun lakari lesskilning en jafnaldrar þeirra í þeim löndum Evrópu sem við berum okkur saman við (Norðurlöndin og lönd Vestur-Evrópu) og þeir hafa dregist hratt aftur úr miðað við eldri kannanir (sjá Almar Miðvík Halldórsson o.fl. 2007). Efla þarf kennslu í íslensku í grunnskólum og gera hlutdeild móðurmáls í náminu líkari því sem er í nágrannalöndum okkar. Með því búum við nemendur betur undir þau fjölbreytilegu störf sem bíða þeirra í nútímasamfélagi eða eins og segir í íslenskuhluta *Aðalnámskrár grunnskóla* (2007:4): „Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða haldgóðrar menntunar, lestur öflugasta tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti forsenda þátttöku í samfélaginu.“



Mynd 1: Hlutfall (af hundraði) móðurmálskennslu af heildarkennslustundafjölda í grunnskólum á Íslandi, í Noregi og Danmörku.

Íslenskukennsla þarf að standa undir nafni og því þurfa grunnskólakennarar sjálfir að hafa trausta kunnáttu í íslensku. Allir kennarar grunnskólans eru málfarsfyrirmyndir barna á máltökuskeiði. Námskrár menntavísindasviðs Háskóla Íslands (2007) og hug- og félagsvísindadeildar Háskólans á Akureyri virðast þó ekki taka nógu mikið mið af þessu veigamikla hlutverki íslenskra grunnskólakennara. Eins og kom fram í umfjöllun um menntun nemenda á leikskólabraut fá allir nemendur í kennaranámi eitt námskeið í íslensku á fyrsta ári. Þetta er eina íslenskukennsla nemenda sem ekki hafa valið íslensku eða bekkjarkennslu eldri barna grunnskólans sem kjörsvið. Kennari, sem lokið hefur kennaraprófi af öðru sviði, hefur ekki fengið þann undirbúning sem hann þarf til þess að vera málfyrirmynd barna á máltökuskeiði. Á undanförnum árum hefur stórlega verið dregið úr íslenskukennslu í kjarna í þriggja ára

kennaranámi en B.Ed.-próf veitir kennurum réttindi til að kenna hvaða námsgrein sem er á hvaða stigi grunnskólans sem er. Nýta þarf það tækifæri sem gefst með fyrirhugaðri lengingu kennaranáms (úr þremur árum í fimm) til þess að auka þátt íslenskunnar og efla þannig íslenskukunnáttu kennaranema. Hlut íslenskukennslu í öllu kennaranámi þarf að auka til að skólakerfið axli þá ábyrgð sína að efla vöxt og viðgang íslenskunnar.

Þótt allir kennarar grunnskólans þurfi að vera góðar málfyrirmyndir og hafi hlutverki að gegna í því að þroska málkennd nemenda getur þó ekki hver sem er kennt íslensku eða íslensku sem annað mál. Íslenska er margþætt námsgrein sem felur í sér sérfræðiþekkingu á ýmsum sviðum, til dæmis framsögn, lestri, bókmenntum, ritun og málfræði. Íslenskukennarar í grunnskóla þurfa að hafa víðtæka þekkingu á íslensku máli og bókmenntum, auk þess sem þeir þurfa að kunna skil á fjölbreyttum leiðum til að þjálfa málbeitingu, framsögn, lestur og ritun nemenda sinna. Þeir þurfa að geta virkjað sköpunarmátt nemenda við beitingu tungumálsins til að kveikja áhuga þeirra og miðlað bókmenntaarfi okkar þannig að þekking og áhugi á honum lifi áfram með komandi kynslóðum. Á undanförnum árum hefur hlutverk íslenskukennslu í skólakerfinu breyst. Íslenskukennarar þurfa nú bæði að vera færir um að kenna íslensku sem móðurmál og sem annað mál, auk þess sem þeir þurfa að kunna að koma til móts við nemendur sem eru börn íslenskra foreldra en hafa alist upp að mestum hluta erlendis. Þessar breyttu aðstæður kalla á aukna menntun íslenskukennara sem þurfa nú ekki aðeins að vera sérfróðir um íslensku og undirgreinar hennar heldur einnig um það hvernig á að nýta sérfræðiþekkingu á íslensku máli til að kenna íslensku sem annað mál.

Námsefni í íslensku í grunnskóla þarf að taka tillit til mismunandi getu, þarfa og áhuga allra nemenda. Það þarf að vera vandað og vel valið og mikilvægt er að allir nemendur grunnskólans hafi fengið þá tilsögn í bókmenntum og málfræði sem kveðið er á um í íslenskuhluta aðalnámskrár. Þeir þurfa að fá tilsögn í upplestri og ritgerðasmíð og hafa kynnst margbreytilegum menningararfi okkar, til dæmis fornbókmenntum, nútímabókmenntum og ljóðum. Eins og í leikskóla er góð samvinna heimila og skóla um máluppeldi og lestrarþjálfun lykilatriði. Foreldrar og forráðamenn móta málkennd barna og hafa meiri áhrif en aðrir á bóklestur nemenda. Hvetja þarf foreldra til að styðja við lestrarþjálfun grunnskólanema og efla áhuga þeirra á íslensku máli og bókmenntum.

Í þessum efnum er margt gott gert núna. Grunnskólar, Námsgagnastofnun, Íslensk málnefnd, Samtök móðurmálskennara, bæjarfélög, Heimili og skóli – landssamtök foreldra, Mjólkursamsalan og fleiri stofnanir vinna gott þróunarstarf sem allt miðar að því að efla vald nemenda á móðurmálinu og þekkingu þeirra á íslenskum menningararfi. Þessar stofnanir og fleiri standa fyrir ýmsum viðburðum og samkeppni, til dæmis stóru upplestrarkeppninni í 7. bekk grunnskóla, ritgerðasamkeppni, samkeppni um nýyrðasmíð, ljóðasamkeppni og mörgu fleira.

Framhaldsskólar

Í íslenskum framhaldsskólum er móðurmálskennsla minni en í framhaldsskólum annars staðar á Norðurlöndum (sbr. *Samanburðarkönnun á skólakerfum á Íslandi, í Danmörku og í Svíþjóð 2002*). Kjarni í íslensku er núna 15 einingar (af 140 einingum til stúdentsprófs). Þó er hægt að færa sömu rök fyrir gildi þróttmikillar móðurmálskennslu í framhaldsskóla og í grunnskóla. Það er reynsla margra kennara að sumir nemendur, sem lokið hafa stúdentsprófi, eiga erfitt með að tjá sig á skýran og skipulegan hátt, hvort sem er í ræðu eða riti. Þá vantar undirstöðukunnáttu í málfræði, þekkja ekki málfræðihugtök og hafa ekki náð nægilegri leikni í að beita þeim á íslenskt mál. Málfræðiþekking er þó ekki aðeins nauðsynleg til að fjalla um

og greina íslenskt mál heldur er hún besti undirbúningurinn fyrir nám í öðrum tungumálum. Alþekkt er að færni í móðurmálinu og greiningu þess nýtist vel í frekara málanámi. Lestrarfærni nemenda er heldur ekki eins og hún ætti að vera og er það umhugsunarefni þar sem drjúgur hluti náms í framhaldsskóla er bóklegt nám sem byggist meðal annars á lestrarfærni og lesskilningi. Eins og í grunnskóla þarf að efla móðurmálskennslu í framhaldsskólum og þjálfa nemendur betur í ritun, framsögn og málfræði.

Framhaldsskólakennarar hafa að jafnaði meiri formlega menntun í íslensku en grunn- og leikskólakennarar. Mikill skortur virðist þó vera á kennurum í framhaldsskóla sem hafa nauðsynlegan undirbúning til þess að kenna ýmis námskeið sem finna má í áfangalýsingum skólanna. Þar er einkum um að ræða áfanga um íslenskt mál, málfræði, málsögu og almenn málvísindi því að menntun margra íslenskukennara byggist að miklum hluta á bókmenntanámi.

Fjölbreyttur nemendahópur

Leik-, grunn- og framhaldsskólakennarar sinna fjölbreyttum nemendahópi í starfi sínu, meðal annars ört vaxandi fjölda barna og unglinga af erlendum uppruna. Rannsóknir sýna að þessir nemendur eiga undir högg að sækja í skólakerfinu og afar fáir nemendur af erlendum uppruna ljúka til dæmis stúdentsprófi (sbr. Solveigu Brynju Grétarsdóttur 2007). Þessir nemendur þurfa oft meiri og annars konar kennslu og málörvun en börn sem hafa íslensku að móðurmáli. Þessi nýi nemendahópur kallar á aukna og breytta menntun íslenskukennara sem þurfa nú bæði að hafa sérþekkingu á íslensku máli og bókmenntum og vera færir um að kenna íslensku sem annað mál. Til að geta sinnt þörfum þessa nemendahóps þarf kennari meðal annars að hafa sérfræðiþekkingu á íslenskri málfræði, kennslufræði íslensku sem annars máls og á málvísindum eða almennri tungumálakennslu.

Horfur

Íslenskt samfélag er orðið mun alþjóðlegra en áður var, enskan sækir á og erlent vinnuafl er orðið hluti af íslensku atvinnulífi. Hraðinn í nútímasamfélagi er mikill og lítil samskipti barna við eldri kynslóðir hafa margs konar áhrif, meðal annars á tungutak ungs fólks. Teikn eru á lofti um að íslenskt málkerfi sé nú að breytast meira en áður eru dæmi um. Rannsóknir sýna að málkennd ungs fólks nú um stundir er töluvert önnur en eldra fólks og málbreytingar á ýmsum sviðum málkerfisins virðast nú vera fleiri og ganga hraðar fyrir sig en áður (sbr. niðurstöður verkefnisins „Tilbrigði í setningagerð“). Mjög mikilvægt er að foreldrar og skólakerfið bregðist við þessum breytingum og standi vörð um stöðu íslenskunnar. Foreldrar og aðrir aðstandendur barna geta haft mikil áhrif á máltilfinningu þeirra, bókmenntaáhuga og lestrarþjálfun. Einnig þarf að auka íslenskukennslu í skólakerfinu, velja vandað námsefni sem vekur áhuga nemenda og mennta kennara á öllum skólastigum betur til að auka færni þeirra og kunnáttu í að efla málkennd og málþroska margbreytilegs nemendahóps.

Mikilvægt er að íslenska verði áfram notuð á öllum sviðum samfélagsins og að hún verði jafnframt nothæfur tjáningarmiðill. Eitt svið, þar sem enska er mjög ráðandi í skólakerfinu, er upplýsingamennt og tölvunotkun. Til þess að íslenska missi ekki alveg þetta umdæmi sitt er mikilvægt að stýrikerfi tölva og allur helsti hugbúnaður í íslenskum leik-, grunn- og framhaldsskólum sé á íslensku. Tölvur eru mikilvægur þáttur í lífi barna og unglinga og miklu skiptir að nemendur hafi aðgang að tölvum með hugbúnaði á íslensku. Þetta mun auka tölvulæsi nemenda og koma í veg fyrir að íslenskan hörfi fyrir ensku á þessu ört vaxandi sviði þjóðlífsins.

Markmið í íslenskri málstefnu
Íslensk málnefnd leggur til eftirfarandi markmið:

– Að íslenskir grunn- og framhaldsskólanemendur standi jafnfætis jafnöldrum sínum annars staðar í Evrópu í móðurmálsfærni (þ.m.t. lesskilningi).

Íslendingar verja nú minni tíma til móðurmálskennslu í grunn- og framhaldsskólum en aðrar Norðurlandaþjóðir. Þessu þarf að breyta og gera hlut móðurmáls á öllum skólastigum líkari því sem er í nágrannalöndum okkar. Skólakerfið í heild, allt frá leikskóla upp í háskóla, gegnir afar mikilvægu hlutverki í að þroska færni í móðurmálinu. Smæð málsamfélagsins og sú alþjóðavæðing sem við búum við gerir það að verkum að íslensk tunga verður að njóta forgangs í menntakerfinu. Skólakerfið verður að axla þá ábyrgð að efla vöxt og viðgang íslensku.

– Að íslenskir kennarar á öllum skólastigum séu þjálfaðir í málbeitingu og hæfir til þess að efla málkennd og málþroska barna og unglinga.

Auka þarf íslenskukennslu í námi leikskólakennara og kennara í yngri bekkjum grunnskólans sem eru málfyrirmyndir ungra barna á máltökuskeiði. Efla þarf færni þessara kennara í málnotkun, auka við nám þeirra í íslensku máli til að byggja upp fræðilega þekkingu þeirra á móðurmálinu og styrkja þá almennt sem málfyrirmyndir barna á máltökuskeiði.

– Að íslenskukennarar í grunnskólum séu sérmenntaðir í námsgreininni íslensku.

Íslenska er margþætt námsgrein sem felur í sér sérfræðiþekkingu á ýmsum sviðum. Íslenskukennarar í grunnskólum þurfa að hafa þekkingu á íslensku máli og bókmenntum, auk þess sem þeir þurfa að kunna skil á fjölbreyttum leiðum til að þjálfa málbeitingu, framsögn, lestur og ritun nemenda sinna. Að öllu jöfnu má búast við því að kennari sem hefur sérmenntun í íslensku sé færari um að sinna sínu starfi en sá sem ekki hefur slíka sérmenntun.

– Að menntun móðurmálskennara á öllum skólastigum til að kenna íslensku sem annað mál verði efld.

Nemendum, sem hafa annað móðurmál en íslensku, hefur fjölgað mjög í íslensku skólakerfi undanfarin ár. Þessir nemendur þurfa oft meiri og annars konar kennslu og málörvun en börn sem hafa íslensku að móðurmáli. Íslenskukennarar þurfa nú bæði að vera færir um að kenna íslensku sem móðurmál og sem annað mál, auk þess sem þeir þurfa að kunna að bregðast við nemendum sem eru börn íslenskra foreldra en hafa alist upp að mestum hluta erlendis (sjá einnig kaflann *Íslenska sem annað mál*).

– Tryggja þarf með reglugerð að kennsla og umönnun barna á leikskólum fari að mestu fram á íslensku.

Í lögum um leikskóla (nr. 90/2008) er ekki kveðið á um þetta atriði en í grunn- og framhaldsskólalögum (nr. 91/2008 og nr. 92/2008) er tekið fram að kennsla á þessum skólastigum skuli

fara fram á íslensku þótt heimilt sé að nám fari fram á öðrum tungumálum en íslensku þegar það leiðir af eðli máls eða aðalnámskrá.

Vegna þess hve miklu hlutverki leikskólar og grunnskólar gegna í máltöku og málörvun barna verði sett viðmið um fjölda erlendra starfsmanna á hverri deild leikskóla, kunnáttu þeirra í íslensku og verksvið. Það sama á við um grunnskólastigið þótt þar hafi starfsmönnum af erlendum uppruna ekki fjölgað jafnmikið og í leikskólum. Kveða þarf á um rétt þessara erlendu starfsmanna til íslenskunáms í vinnutíma og skyldu þeirra til að sækja sér það nám.

– Að allt notendaviðmót í tölvum í íslenskum leik-, grunn- og framhaldsskólum sé á íslensku.

Tölvur eru mikilvægur þáttur í lífi barna og unglinga og miklu skiptir að nemendur hafi aðgang að tölvum með hugbúnaði á íslensku. Þetta yki tölvulæsi nemenda og kæmi í veg fyrir að íslenskan hörfaði fyrir ensku á þessu ört vaxandi sviði þjóðlífsins (sjá einnig *Íslenska í tölvuheiminum*).

Aðgerðir

Til að ofangreind markmið náist leggur Íslensk málnefnd til:

– Að yfirvöld menntamála sjái til þess að hlutur móðurmálskennslu verði aukinn í öllu skólakerfinu, frá leikskóla upp í háskóla. Í leikskóla þurfa börn að fá nauðsynlega málörvun og í grunn- og framhaldsskólum þarf að verja meiri tíma til móðurmálskennslu en nú er gert.
– Að menntun kennara í íslensku verði aukin. Lágmarkskrafan verði sú að grunnskólakennarar hafi að minnsta kosti 60 eininga nám (eins árs nám) að baki í íslensku máli, bókmenntum og kennslu íslensku sem annars máls af 300 einingum í fimm ára námi til kennaraprófs. Inni í þeim einingafjölda eiga ekki að vera námskeið sem snúa að tæknilegum atriðum eins og ritgerðasmíð. Sérhver kennari, frá leikskóla upp í framhaldsskóla, þarf að vera góð málfyrirmynd og hæfur til þess að efla málkennd og málþroska barna og unglinga.
– Að ekki kenni aðrir móðurmál í grunnskóla en þeir sem lokið hafa háskólaprófi í íslensku, þ.m.t. af íslenskukjörsviði í kennaranámi, og ekki kenni aðrir íslensku í framhaldsskóla en þeir sem lokið hafa meistaraprófi í íslenskri málfræði, íslenskum bókmenntum eða íslenskum fræðum. Þetta er í samræmi við lög til dæmis í Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku (sbr. *Samanburðarkönnun á skólakerfum á Íslandi, í Danmörku og í Svíþjóð* 2002).
– Að íslenskar barna- og unglingabókmenntir eigi greiða leið inn í skólakerfið og hvatt verði til lestrarátaks á öllum skólastigum. Menntun leik- og grunnskólakennaranema í barnabókmenntum verði efld með það að markmiði að auka áhuga barna og unglinga á lestri.
– Að þáttur sköpunar og tjáningar á íslensku verði efldur á öllum skólastigum.
– Að samstarf verði aukið á milli framhaldsskóla og viðeigandi sviða innan Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri við gerð námskrár í íslensku í framhaldsskólum og þegar ákvarðanir eru teknar um kjarnanámskeið á menntavísindasviði Háskóla Íslands og í hug og félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri. Þannig verður menntun framhaldsskólakennara á öllum sviðum íslensku betur tryggð.

- Að menntun leik-, grunn- og framhaldsskólakennara taki mið af breyttu hlutverki íslenskukennara í skólakerfinu. Kennarar sinna nú fjölbreyttari nemendahópi í starfi sínu en áður, meðal annars ört vaxandi fjölda barna og unglinga af erlendum uppruna.
- Að í reglugerð um leikskóla verði kveðið á um að kennsla og umönnun barna í leikskólum skuli að mestu fara fram á íslensku.
- Að sett verði viðmið um fjölda erlendra starfsmanna í leik- og grunnskólum, kunnáttu þeirra í íslensku og verksvið.
- Að fræðsluyfirvöld setji sér það markmið að innan þriggja ára verði allt notendaviðmót í tölvum í íslenskum leik-, grunn- og framhaldsskólum á íslensku.

ÍSLENSKA Í HÁSKÓLUM

Ástand

Árið 2006 voru samþykkt frá Alþingi lög nr. 63, um háskóla á Íslandi. Í fyrsta kafla þeirra laga er fjallað um gildissvið og hlutverk háskóla. Í annarri grein kaflans stendur:

> Háskóli er sjálfstæð menntastofnun sem sinnir kennslu, rannsóknum, varðveislu þekkingar, þekkingarleit og sköpun á sviðum vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista. Hlutverk háskóla er að stuðla að sköpun og miðlun þekkingar og færni til nemenda og samfélagsins alls. Starf háskóla miðar að því að styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti. Háskóli er miðstöð þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi. Háskólar mennta nemendur með kennslu og þátttöku í vísindarannsóknum og búa þá undir að gegna störfum sem krefjast vísindalegra vinnubragða, þekkingar og færni. Menntun, sem háskólar veita, tekur mið af þörfum samfélagsins hverju sinni og getur verið fræðilegs eðlis og starfsmiðuð. Háskólar hafa sjálfdæmi um starfsemi sína að öðru leyti en því sem kveðið er á um í lögum, reglum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem veitt eru á grundvelli þeirra. Viðurkenning felur ekki í sér að stjórnvöld séu skuldbundin til að veita fé til viðkomandi háskóla. Menntamálaráðherra skal setja reglur um erlendar þýðingar á heitum þeirra háskóla sem hann veitir viðurkenningu.

Þótt hvergi sé í lögunum minnst á íslenskt mál sem megintungumál íslenskra háskóla beinum orðum hlýtur það þó að vera frumskilyrði þess að háskólar geti styrkt innviði íslensks samfélags. Án traustrar stöðu tungumálsins stendur samfélagið völtum fótum sem íslenskt samfélag og innviðirnir fúna. Hlutverk háskóla samkvæmt þessum lögum er meðal annars að stuðla að miðlun þekkingar og færni til samfélagsins alls. Þar öðlast nemendur menntun á flestum sviðum vísinda og tækni og dreifast að námi loknu um þjóðfélagið allt til þess að vinna að sérgreinum sínum og miðla vitneskju sinni til samfélagsins. En þekkingu og færni verður ekki miðlað til íslensks samfélags á öðru máli en íslensku ef sem flestir eiga að geta nýtt sér það sem í boði er. Íslenska þarf þess vegna að vera nothæf í vísindum og fræðum og búa yfir öllum þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til þess að eðlileg samskipti geti orðið á milli þess sem þekkinguna hefur numið og þess sem tekur við henni.

Á Íslandi eru nú sjö háskólar: Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Bifröst, Háskólinn á Hólum, Landbúnaðarháskóli Íslands og Listaháskóli Íslands. Kennaraháskóli Íslands hefur verið sameinaður Háskóla Íslands. Mestur hluti starfsmanna allra háskólanna er af íslenskum uppruna en erlendum starfsmönnum hefur fjölgað

á liðnum árum. Þorri nemenda er íslenskur en skólarnir sækjast í vaxandi mæli eftir erlendum nemendum.

Úr málstefnu Háskóla Íslands
Háskóli Íslands er íslensk vísinda- og menntastofnun og hluti af hinu alþjóðlega fræðasamfélagi. Málstefna Háskólans tekur mið af þessu tvíþætta hlutverki hans. Málstefnan hefur að leiðarljósi að talmál og ritmál Háskólans er íslenska, jafnt í kennslu, rannsóknum sem stjórnsýslu. Þetta felur m.a. í sér að kennsla og próf til fyrstu háskólagráðu fara að mestu fram á íslensku. Víkja má frá þessari meginreglu ef sérstök ástæða er til, svo sem við kennslu í erlendum málum, ef kennari er erlendur eða kennsla er einnig ætluð útlendingum. Rannsóknum og framhaldsnámi fylgja erlend samskipti og fleiri mál en íslenska eru notuð í því starfi, einkum enska. Meginkennslumál í framhaldsnámi er þó íslenska, eftir því sem við verður komið. Háskólinn vill stuðla að því að gera kennurum, sérfræðingum og nemendum kleift að tala og skrifa um öll vísindi á íslensku og gera þau jafnframt aðgengileg almenningi eins og kostur er. Málnotkun í Háskóla Íslands skal vera til fyrirmyndar.

Aðeins tveir háskólanna, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri, hafa markað sér málstefnu. Málstefna Háskóla Íslands var samþykkt í háskólaráði 21. maí 2004 og ber rektor ábyrgð á að henni sé framfylgt en deildir hafa umsjón með framkvæmd hennar. Helstu framkvæmdaratriði málstefnunnar eru að hvetja skal erlenda starfsmenn til að sækja námskeið í íslensku og sömuleiðis eru allir starfsmenn skólans hvattir til þess að sinna málrækt, til dæmis með því að rita um fræði sín á íslensku og taka saman orðasöfn. Vinna starfsmanna við gerð orðasafna er reyndar mismikil eftir greinum og eftir tímabilum. Nýlega kom þó út nýtt lagaorðasafn og unnið er að að orðasafni í tannlækningum. Margir kennarar eru snjallir orðasmiðir og láta nemendum sínum í té orðalista í námskeiðum og margir. Vænta mætti að áhugi á íðorðastarfi yrði meira hjá kennurum ef þeir fengju þetta starf á einhvern hátt metið (sjá einnig *Íslenska í vísindum og fræðum*).

Háskóli Íslands hyggst einnig leitast við að tryggja erlendum skiptinemum, sem til hans leita í skamman tíma í samræmi við alþjóðlega samninga, nægilegt framboð af sérhæfðum námskeiðum á ensku. Deildir Háskóla Íslands geta boðið upp á heilar námsleiðir í framhaldsnámi eða einstök námskeið á erlendum málum eftir því sem ástæður leyfa. Málstefnu Háskóla Íslands má nálgast á heimasíðu skólans (www.hi.is).

Málstefna Háskólans á Akureyri var samþykkt 22. febrúar 2008 og er hún metnaðarfull hvað íslenskt mál varðar. Þar er skýrt tekið fram að háskólanum beri að rækja skyldur sínar við íslenskt samfélag um uppfræðslu, sköpun og miðlun þekkingar og að skólinn geri þær kröfur til sín og starfsmanna sinna að vera til fyrirmyndar um notkun, kennslu og þróun íslenskrar tungu og efla eftir föngum framlag sitt til íslenskrar menningar. Skólinn hyggst leita leiða til að veita starfsfólki sínu leiðsögn um málfar og er markmiðið að kennarar skólans verði til fyrirmyndar um málnotkun, hvort sem um er að ræða íslensku, ensku eða önnur mál. Hvatt er til aukinna kennara- og nemendaskipta og erlendum starfsmönnum og skiptinemum eru boðin námskeið í íslenskri tungu og menningu. Starfsmenn eru hvattir til að birta rannsóknir á íslensku jafnt sem ensku eða öðrum erlendum málum. Með því telur skólinn að hann komi til móts við tvíþætt hlutverk háskólans gagnvart íslensku og erlendu samfélagi. Deildir háskólans eiga að sjá til þess að íslenskir nemendur fái fræðilegan orðaforða á íslensku, hvort sem námið fer fram á íslensku eða ensku, og þær verða einnig að gera nemendum grein fyrir því að lokaritgerðir verði að vera á vönduðu og hnökralausu máli. Hægt er að nálgast málstefnuna á heimasíðu skólans (www.unak.is).

Málstefna Háskólans á Akureyri

1. gr. Tvíþætt hlutverk háskóla

a) Háskólanum ber að rækja skyldur sínar við íslenskt samfélag um uppfræðslu, sköpun og miðlun þekkingar. Háskólinn gerir þær kröfur til sín og starfsmanna sinna að vera til fyrirmyndar um notkun, kennslu og þróun íslenskrar tungu, og efla eftir föngum framlag sitt til íslenskrar menningar.

b) Í annan stað skiptir meginmáli að styrkja hlutverk háskólans í alþjóðlegu samhengi, ástunda kennara- og nemendaskipti og samstarf við erlenda háskóla og fræðslustofnanir, og tryggja framlag skólans til fræðimennsku og þekkingarsköpunar á erlendum vettvangi. Til að Háskólinn á Akureyri geti sem best sinnt starfi sínu við rannsóknir og kennslu ber að leggja á það áherslu að notkun tungumála innan skólans styðji og endurspegli þetta tvíþætta hlutverk skólans.

2. gr. Skyldur við íslenskt samfélag

Til að uppfylla skyldur sínar við eigið samfélag skal Háskólinn á Akureyri leitast við að efla notkun íslenskrar tungu á sem flestum sviðum innan skólans. Í þessu samhengi þurfa nemendur að kunna skil á íslenskum fræðiheitum og leggja sérstaka áherslu á að tileinka sér þau þar sem námskeið eru kennd á ensku eða öðru erlendu tungumáli, enda þurfa þeir að geta talað og skrifað um fræðigreinar sínar á móðurmálinu og stutt þannig fræðsluhlutverk háskólans innan eigin samfélags. Leggja ber sérstaka áherslu á að málfar í lokaverkefnum nemenda sé vandað og hnökralaust.

3. gr. Íslenska opinbert tungumál

Háskólinn á Akureyri starfar innan íslensks samfélags, á íslensku málsvæði, og íslenska er opinbert tungumál skólans. Öll skjöl sem skólinn lætur frá sér fara teljast í frumriti á íslensku, en útgáfur á öðrum tungumálum teljast þýðingar og skal íslenska útgáfan gilda ef málfarslegur ágreiningur kemur upp. Fundir innan stjórnsýslunnar skulu að jafnaði fara fram á íslensku, en fari þeir fram á ensku eða öðru erlendu tungumáli skal þess getið sérstaklega í fundarboði. Ætlast er til að fastráðnir, erlendir kennarar leggi sig fram um að læra íslensku enda veitir Háskólinn þeim aðstoð í þeim efnum. Fastráðnir kennarar sem ekki hafa íslensku að móðurmáli skulu innan fimm ára hafa öðlast nægilega færni í tungumálinu til að eiga almenn samskipti, geta setið fundi og geta hagnýtt sér upplýsingar frá stjórnsýslu háskólans.

4. gr. Þróttmikil alþjóðleg starfsemi

Stuðningur við þátttöku í alþjóðlegri starfsemi felst fyrst og fremst í öflugu hlutverki enskunnar svo og annarra erlendra tungumála (t.d. Norðurlandamála) innan háskólans. Tryggja verður nægt framboð námsleiða (og jafnvel heilla námsbrauta, sér í lagi í framhaldsnámi) á ensku til að sinna þörfum skiptinema. Jafnframt skal starfsmönnum gefinn kostur á að kenna námskeið á ensku, m.a. til að efla eigin færni og sjálfstraust, svo og nemenda, í notkun þess tungumáls. Gerðar eru ríkar kröfur um vandað málfar í kennslu á ensku, rétt eins og á íslensku. Háskólinn á Akureyri leggur áherslu á að háskólakennarar séu færir um að fjalla um fræðasvið sín á fleiri en einu tungumáli. Slík umfjöllun veitir betri innsýn í fræðin og skerpir skilning á þeim hugtökum sem koma þarf á framfæri. Sú meginregla gildir um samspil íslensku og ensku innan háskólans að starfsmenn noti ensku ásamt með íslensku, en ekki í stað hennar. Háskólinn hefur hag af fjölbreyttri tungumálakunnáttu starfsfólks, t.d. þeirra sem hlotið hafa menntun erlendis, utan hins enskumælandi heims, svo og erlendra starfsmanna er færa skólanum mismunandi móðurmál sín. Slík kunnátta er Háskólanum á Akureyri afar dýrmæt og hvetur til fjölbreyttari starfsemi á alþjóðavettvangi en enskan ein getur leitt af sér.

5. gr. Málfarslegur stuðningur háskólans

Mikilvægt framlag háskólans til eflingar málnotkunar, fyrst og fremst á íslensku og ensku, felst í víðtækum málfarslegum stuðningi við kennara í nánast öllum störfum þeirra. Háskólinn býður upp á námskeið í íslensku og íslenskri menningu fyrir fastráðna kennara erlendis frá.

6. gr. Ábyrgð, umsjón og framkvæmd

Rektor ber ábyrgð á málstefnu Háskólans á Akureyri, en deildir hafa umsjón með framkvæmd hennar.

Aðrir háskólar hafa ekki markað sér málstefnu eftir því sem næst verður komist og gera mismiklar kröfur til nemenda um tungumálakunnáttu. Öllum nemendum Listaháskóla Íslands og Háskólans á Hólum er kennt á íslensku í grunnnámi, hvaðan sem þeir koma. Í vaxandi mæli er boðið upp á kennslu á ensku í framhaldsnámi allra skólanna og jafnvel er svo komið að heilar námsbrautir eru kenndar á ensku. Sífellt fleiri doktorsritgerðir eru skrifaðar á ensku og sumar deildir gera þá kröfu að ritgerðirnar séu skrifaðar á ensku.

Háskólarnir hafa birt stefnuskrár sínar. Í stefnuskrá Háskóla Íslands fyrir árin 2006–2011 stendur:

> Háskóli Íslands gegnir lykilhlutverki í íslensku samfélagi. Það er skylda hans að ávaxta íslenskan menningararf og stunda öflugar rannsóknir á íslenskri tungu, menningu og samfélagi. Háskólanum ber því að leggja rækt við fræðigreinar og rannsóknir sem varða Ísland og Íslendinga sérstaklega.

Hvergi kemur hins vegar fram í stefnunni að sjá eigi til þess að talmál og ritmál Háskóla Íslands sé íslenska „jafnt í kennslu, rannsóknum sem stjórnsýslu“ eins og stendur þó í málstefnunni. Stefnuskrána er að finna á heimasíðu skólans (www.hi.is).

Í *Stefnu Háskólans á Akureyri 2007–2011* í kaflanum um *Framtíðarsýn* er vikið að tungumálinu: „Opinbert tungumál háskólans er íslenska en tryggt verði námsframboð á ensku sem svarar þörfum alþjóðlegs umhverfis í háskólanum“ (bls. 8). Stefnuskráin er birt á heimasíðu skólans (www.unak.is).

Í stefnuskrá Háskólans í Reykjavík er ekki vikið að íslensku sem opinberu máli skólans. Hins vegar er tekið fram að háskólinn muni verða „að fullu tvítyngdur skóli árið 2010“ og er þá átt við að allt starf við skólann verði tvímála. Stefnuskrána má finna á heimasíðu skólans (www.ru.is).

Í stefnuskrám Háskólans á Hólum og Bifröst, Listaháskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands er hvergi minnst á íslensku sem kennslugrein eða í samskiptum innan skólanna.

Í lögum frá Alþingi um opinbera háskóla (nr. 85/2008) er ekki minnst á að íslenska skuli að jafnaði vera það mál sem kennt er á eða notað er í samskiptum kennara og nemenda.

Hvergi er gerð sú krafa að háskólarnir sjái til þess að tungumáli fræðasviðsins sé haldið við með vandaðri nýyrðasmíð þannig að bæði kennarar og nemendur getið talað á íslensku um fræðasvið sitt án aðkomuorða. Háskóli Íslands sýndi metnað á þessu sviði fyrir fáeinum áratugum þegar ráðgert var að setja á laggirnar sérstaka orðanefnd í hverri deild en minna varð úr framkvæmd en að var stefnt (Guðrún Kvaran 2003). Háskólinn á Akureyri tekur fram í málstefnu sinni að nemendur þurfi „að kunna skil á íslenskum fræðiheitum og leggja sérstaka áherslu á að tileinka sér þau þar sem námskeið eru kennd á ensku eða öðru erlendu tungumáli“ en ekki er tekið fram hvort háskólinn hyggist styðja og efla nýyrðasmíð í þeim greinum sem þar eru kenndar. Meginforsenda þess að íslensk tunga geti þjónað öllum sviðum íslensks samfélags er að hún sé notuð til samskipta og í miðlun sérþekkingar. Þetta krefst þess að til séu á íslensku orð og orðasambönd, viðurkennd íðorð tiltekinna greina, sem eru grundvöllur undir faglega orðræðu á íslensku.

Horfur

Ef svo fer sem horfir að sífellt fleiri námskeið verði boðin á ensku í íslenskum háskólum, jafnvel þótt kennarinn og langstærstur hluti nemenda séu Íslendingar, hljótum við að standa frammi fyrir umdæmismissi og að íslenska verði ónothæf á sumum sviðum vísindasamfélags-

ins bæði í kennslu og skrifum. Tækið til boðskipta, tungumálið sjálft, verður úrelt, orðaforðann, sem nauðsynlegur er til að ræða eða skrifa um fræðasviðið á eðlilegu, vönduðu máli, vantar ef íðorðasmíð er ekki sinnt og sömuleiðis vantar færnina til að ræða fræðilegt efni við aðra fræðimenn og til að kynna það fyrir almenningi. Ef kennari í námsgrein verður að kenna á ensku í stað íslensku en er ekki menntaður í enskumælandi landi kennir hann á máli sem honum er ekki eðlilegt að tjá sig á og kennslan hlýtur að verða lakari en ella. Hér gildir það sem oft hefur verið bent á að á móðurmálinu getur málnotandinn sagt það sem hann vill en á erlendu máli segir hann aðeins það sem hann getur sagt. Notkun framandi máls sem mælandinn hefur ekki eru full tök á dregur úr tjáningarfærni en hún er eitt meginatriði góðrar kennslu.

Íslenskir háskólar vilja laða til sín erlenda kennara og nemendur í alþjóðlegri samkeppni. Kennsla fer þá vanalega fram á ensku þótt íslenskir nemendur sitji námskeiðin, umræður eru á ensku, ritgerðaskrif á ensku. Ef fram vindur sem horfir verða íslensku nemarnir ófærir um að tjá sig um sviðið, sem kennt er, nema á ensku og erlendu nemendurnir tileinka sér ekki nema að litlu leyti íslenskt mál.

Á útmánuðum 2008 var auglýst Raunvísindaþing við raunvísindadeild Háskóla Íslands þar sem haldnir voru fleiri tugir erinda fyrst og fremst af Íslendingum fyrir Íslendinga. Aðeins fimm þeirra voru á íslensku og sérmerktir í dagskrá. Hin voru á ensku. Í *Fréttablaðinu* 5. júní 2008 birtist auglýsing frá Háskólanum á Bifröst um málþing í vændum. Auglýsingin var eingöngu á ensku. Ef ekki er unnt að halda málþing á Íslandi á íslensku eða auglýsa þau á íslensku og þróunin verður sú að þau færist alfarið yfir á ensku verður fljótt úti um íslensku sem kennslu- og fræðamál innan háskóla sem utan.

Markmið í íslenskri málstefnu

Íslensk málnefnd leggur til eftirfarandi markmið:

– Íslenska sé opinbert mál allra háskóla á Íslandi og kennsla fari þar að jafnaði fram á íslensku.

Kennsla í grunnnámi ætti öll að fara fram á íslensku, nema um sé að ræða nám í erlendum tungumálum, og lokaritgerðir í grunnnámi ættu einnig að vera skrifaðar á íslensku.

– Háskólar á Íslandi hvetji til umhugsunar um íslenska tungu með markvissri og raunhæfri málstefnu.

Íslenska ríkið ver þegar miklum fjármunum til háskóla, jafnt ríkisrekinna sem einkaskóla. Það er eðlileg krafa að því fé sé varið til að byggja upp háskólastarf þar sem íslenskt mál hefur forgang.

– Framhaldsnám í háskólum á Íslandi verði að jafnaði á íslensku.

Ef ástæða þykir til að kenna á erlendu máli verður að vanda til slíkra námskeiða og velja kennara sem fullt vald hafa á hinu erlenda máli. Íslenskir stúdentar, sem þurfa að sækja námskeið á erlendu máli, ættu að fá leiðsögn í orðaforða námskeiðsins á íslensku og einnig ættu þeir að fá faglega aðstoð við frágang námsritgerða á erlendu máli.

– Allir erlendir kennarar og nemendur eigi kost á námskeiði í íslensku. Erlendir kennarar, sem hljóta fasta stöðu við íslenskan háskóla, kenni á íslensku eins fljótt og auðið er.

Þeir erlendu nemendur, sem kjósa að stunda fullt nám við íslenskan háskóla, ættu að þurfa að hafa einhverja færni í íslensku. Gera ætti það að skyldu að þeir sæktu undirbúningsnám í íslensku ef þeir hafa litla kunnáttu í málinu, rétt eins og erlendir stúdentar verða að standast inntökupróf í mörgum öðrum Evrópulöndum áður en þeir hefja nám og sækja námskeið í máli landsins standist þeir ekki prófið.

– Viðmót í tölvum háskólanna sé á íslensku fyrir íslenska nemendur og þá erlenda nemendur sem tileinka vilja sér málið.

Mikilvægt er að Íslendingar hafi þann metnað að nota aðeins íslenskt viðmót á tölvum sínum.

Þau markmið sem hér eru sett fram eru ekki kostnaðarsöm en sé stefnt að þeim af festu og fullum heilindum geta þau eflt og styrkt íslenska tungu og fest hana í sessi sem innlent tungumál vísinda og fræða.

Aðgerðir

Til að þessi markmið náist leggur Íslensk málnefnd til eftirfarandi aðgerðir:

– Stefna ætti að því að allir háskólar á Íslandi setji sér skýra málstefnu þar sem staða íslenskrar tungu sé tryggð. Menntamálaráðuneytið hafi eftirlit með því að málstefnu háskólanna sé fylgt.
– Hvetja ætti til þess að samskiptamál innan háskóla á Íslandi sé að öllum jafnaði íslenska og að kennsla fari almennt fram á íslensku. Kennsla á öðru tungumáli á að heyra til undantekninga og gera á þá kröfu að fylgst verði með málfarslegum gæðum þeirrar kennslu. Sömuleiðis þarf að fylgjast með því að íslenskum stúdentum sé kynntur fræðiorðaforði á íslensku.
– Stefna ætti að því að allir háskólar á Íslandi bjóði hagnýta kennslu í íslensku fyrir erlenda kennara sína og nemendur.
– Efla verður íðorðasmíð innan allra háskólanna og koma þarf á samvinnu um íðorðanotkun milli þeirra skóla sem bjóða kennslu í sömu greinum. Best verður að íðorðasmíð staðið ef þeir sem taka hana að sér fá kennslu í fræðilegum vinnubrögðum.
– Gerð verði sú krafa til háskóla á Íslandi að þeir noti tölvur með íslensku viðmóti í tölvuverum sínum.
– Gerð verði sú krafa til háskólasamfélagsins að það kynni fræði sín fyrir almenningi á lýtalausri íslensku bæði í skrifum og töluðu máli.

ÍSLENSKA Í VÍSINDUM OG FRÆÐUM

Ástand

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að vísindasamfélagið á Íslandi verður sífellt alþjóðlegra á dögum vaxandi hnattvæðingar. Það er í sjálfu sér fagnaðarefni en þó er hætt við að sú þróun geti orðið á kostnað íslenskrar tungu. Reynsla nágrannaþjóðanna er að þessi þróun, einkum í læknisfræði, náttúruvísindum og tæknigreinum, hafi orðið á kostnað þjóðtungunnar. Tímabært er að spyrja hvort rúm sé fyrir íslensku í alþjóðlegu vísindasamfélagi á Íslandi eða hvort

hún verði brátt ónothæf, meðal annars sökum skorts á fræðilegum heitum og reynslu í að koma fræðunum til skila á vönduðu íslensku máli.

Vísindi og fræði þróast fyrst og fremst innan háskólanna. Þar fer kennsla fram og nemendur mótast af þeim anda sem þar ríkir. Sumir þeirra vinna síðar fræðastörf tengd rannsóknum og kennslu, aðrir starfa á almennum markaði en öllum er það sameiginlegt að þeir eiga að geta tjáð sig á vönduðu rituðu máli og rætt um starfsviðið á góðri íslensku.

Mál hafa þróast á þann veg á síðustu áratugum að kennurum og sérfræðingum ríkisháskólanna er umbunað árlega fyrir birtar greinar og hefur þetta afkastahvetjandi kerfi vissulega eflt íslenskar rannsóknir. Samkvæmt matsreglum Félags háskólakennara og Háskóla Íslands frá 2003, sem nálgast má á heimasíðu félagsins (www.fh.hi.is), eru greinar birtar í tímariti á lista *Institute for Scientific Information* (*ISI*) eða öðru sambærilegu tímariti metnar til 15 stiga en ritrýndar greinar birtar í öðru fræðiriti til 10 stiga. Aðeins eitt íslenskt tímarit er á þeim lista eftir því sem næst verður komist (*Jökull*, tímarit Jöklarannsóknafélags Íslands og Jarðfræðafélags Íslands; flestar greinar sem birtast í því riti eru skrifaðar á ensku). Kerfið skapar þrýsting á íslenska fræðimenn til að skrifa á erlendum málum fremur en á íslensku.

Vísindaleg gæði tímaritsgreina ráðast ekki fyrst og fremst af útbreiðslu tímaritsins eða tungumáli tímaritsgreinarinnar heldur af ritstjórn tímaritsins og þeim ritrýnum sem fengnir eru til þess að meta fræðileg gæði þeirra greina sem höfundar senda inn. Það er afar misjafnt eftir fræðigreinum hvar líkur eru á að finna bestu ritstjórnirnar og ritrýnina en í þeim fræðigreinum, sem varða Ísland sérstaklega, má búast við að ákjósanlegast sé að leita til íslenskra fræðimanna. Vel má hugsa sér að hægt sé að birta lítt vísindalega grein um fræði er varða íslenskt mál, bókmenntir, sögu, jarðvísindi og sjávarlíffræði, svo að dæmi séu tekin, í alþjóðlegu ritrýndu fræðitímariti ef ritstjórn þess og ritrýni er ófullnægjandi (þ.e. ef þeir sem eiga að meta gæði greina hafa ónóga þekkingu á fræðasviðinu og ekki er leitað til íslenskra fræðimanna). Ef hliðsjón er höfð af því ættu að minnsta kosti sum íslensk ritrýnd fræðitímarit í fræðum er varða Ísland sérstaklega að vera jafnhátt metin eða jafnvel meira en alþjóðleg ritrýnd tímarit. Mikið skortir þó á að svo sé. Þá má nefna að ýmis ritrýnd tímarit, til dæmis í íslenskum fræðum (*Íslenskt mál og almenn málfræði*, *Gripla*, *Orð og tunga*, *Saga* og fleiri), eru í raun alþjóðleg því að fræðimenn af ýmsu þjóðerni víða um heim fylgjast með þeim og eru áskrifendur að þeim.

Alþjóðleg viðurkenning er vissulega mikilvæg en íslenskt fræðasamfélag er ekki síður mikilvægt og góð tengsl íslenskra fræðimanna við íslenskt vísindasamfélag og almenning er undirstaðan undir vel menntað og öflugt þjóðfélag. Það er réttur almennings að geta kynnt sér fræðileg skrif um öll þau svið sem snerta Ísland og íslenska menningu sérstaklega.

Sums staðar í háskólasamfélaginu þykir ekki boðlegt að skrifa doktorsritgerð á íslensku. Í sumum deildum Háskóla Íslands var beinlínis ætlast til þess að doktorsritgerð væri skrifuð á ensku (ekki til dæmis öðru Norðurlandamáli, þýsku eða frönsku). Deildaskipan innan skólans hefur nú breyst mikið en nýjar reglur hafa ekki verið samdar fyrir hin nýju svið. Enn sem komið er er því aðeins hægt að vísa í eldri reglur deilda sem nálgast má á vef Háskóla Íslands (www.hi.is):

– Félagsvísindadeild Háskóla Íslands (nú innan félagsvísindasviðs): „Doktorsritgerð skal vera skrifuð á ensku nema sérstök rök séu fyrir því að hafa hana á íslensku.“ (Reglur nr. 797/2006, um doktorsnám við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, 11. grein).
– Læknadeild Háskóla Íslands (nú innan heilbrigðisvísindasviðs): „Doktorsritgerð skal skrifa á ensku.“ Þar er líka kveðið á um að útdráttur skuli fylgja bæði á íslensku og

ensku. (Reglur um doktorsnám og doktorspróf við læknadeild Háskóla Íslands, 17. grein.)
– Lyfjafræðideild Háskóla Íslands (nú innan heilbrigðisvísindasviðs): „Doktorsritgerðina skal skrifa á ensku.“ (Reglur nr. 140 frá 5. febrúar 2004, um doktorsnám við lyfjafræðideild Háskóla Íslands, 10. grein)
– Hjúkrunarfræðideild (nú innan heilbrigðisvísindasviðs): „Gert er ráð fyrir að doktorsritgerð sé rituð á ensku og henni skal fylgja útdráttur á íslensku og ensku.“ (Reglur nr. 256 frá 25. febrúar 2004, um doktorsnám við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, 12. grein).

Sums staðar virðist íslenska þó að minnsta kosti jafnrétthá og enska:

– Hugvísindadeild Háskóla Íslands (nú innan hugvísindasviðs): „Doktorsritgerð skal að jafnaði vera skrifuð á íslensku eða ensku. Í hverri ritgerð skal vera útdráttur á íslensku og ensku.“ (Reglur um doktorsnám við hugvísindadeild Háskóla Íslands frá 26. mars 2007, 12. grein).

Dæmi eru þó um að íslenska sé hið sjálfgefna mál:

– Lagadeild Háskóla Íslands: „Óski umsækjandi eftir því að skrifa ritgerð sína á öðru tungumáli en íslensku getur rannsóknanámsnefnd gert það að skilyrði að umsækjandi sanni færni sína í viðkomandi tungumáli með því að láta hann gangast undir próf eða leggja fram sérstakt vottorð þar að lútandi.“ (Reglur um doktorsnám og rannsóknanámsnefnd við lagadeild Háskóla Íslands, nr. 134/2005, með áorðnum breytingum, í 5. grein.)

Doktorsnám við Kennaraháskóla Íslands (nú menntavísindasvið Háskóla Íslands) var nýtt af nálinni þegar hann sameinaðist Háskóla Íslands og reglur um doktorsnám tóku ekki skýrt á notkun tungumála.

Dæmi af sama toga er að finna í öðrum íslenskum háskólum. Í reglum Landbúnaðarháskóla Íslands um doktorsnám frá 3. mars 2006 segir í 14. grein um skil og frágang doktorsritgerða (sjá www.lbhi.is): „Ritgerð skal að jafnaði vera á ensku en útdráttur á íslensku og ensku skal fylgja hverri doktorsritgerð.“

Eftir því sem næst verður komist voru varðar 74 doktorsritgerðir við Háskóla Íslands á árunum 2000–2007 (sjá www.hi.is/page/doktorsvarnir). Af þeim var 21 á íslensku (28%) en 53 voru á ensku (72%). Við Háskóla Íslands er sem sagt innan við þriðjungur doktorsritgerða á íslensku.

Doktorsritgerðir á ensku

Það er vissulega ekki sérislensk þróun að æ fleiri doktorsritgerðir séu skrifaðar á ensku. Aðeins sjö af hundraði doktorsritgerða, sem varðar voru við sænska háskóla, voru skrifaðar á sænsku 2006. Árið 2006 undirrituðu 223 norskir prófessorar skjal sem birt var opinberlega, meðal annars í dagblöðum, undir yfirskriftinni „Til forsvar for norsk som forskningsspråk“. Þar benda þeir á að í ákafanum eftir að umbuna þeim sem birta greinar í tímaritum á ensku hafi gleymst að því fylgi að norskan líði fyrir sem mál í vísindum og fræðum. Norskir fræðimenn séu í raun hvattir til að skrifa ekki á norsku heldur ensku til að hljóta umbun fyrir skrif sín.

Vandkvæði tengd því að skrifa doktorsritgerð á íslensku eru vissulega auðséð: Það getur verið erfiðleikum bundið að skipa doktorsnefnd og fá andmælendur sem lesa íslensku. Ritgerðin sjálf fær takmarkaðri útbreiðslu utan Íslands. En íslenskum nemanda getur einnig reynst erfitt að skrifa ritgerðina á ensku eða öðru erlendu máli hjálparlaust og svara athugasemdum. Tjáningargeta hans er skert, hann stendur þar verr að vígi en sá sem hefur kost á því að skrifa á íslensku. Á móðurmálinu getur hver og einn sagt það sem hann vill segja en á erlendu máli aðeins það sem hann kann að segja.

Tæknilegur orðaforði er undirstaðan undir samskipti á öllum fræðasviðum en staða nýyrðastarfsemi er ekki eins og best væri á kosið. Háskólaráð Háskóla Íslands samþykkti á fundi sínum 25. október 1990 tvær ályktanir um nýyrðastarfsemi innan háskólans. Þeim eindregnu tilmælum var beint til allra háskóladeilda.

> … að þær vinni skipulega að því að til verði íslenskt íðorðasafn á kennslusviði deildarinnar. Líta skal á vinnu við íðorðagerð sem sjálfsagðan þátt í fræðastarfi kennara og sérfræðinga í Háskóla Íslands.

Hver háskóladeild átti síðan að skipa starfshóp um skipulagningu íðorðastarfsins. Árið 2003 gerði formaður Íslenskrar málnefndar könnun í öllum deildum skólans og varð niðurstaðan sú að nánast ekkert hefði gerst á vegum deildanna sérstaklega á þeim þrettán árum sem liðin voru (Guðrún Kvaran 2003). Skýringar voru á einn veg: Kennarar deilda voru almennt ekki reiðubúnir til að fórna tíma sínum til þess að sinna íðorðastarfi á vegum deildar án þess að umbun kæmi fyrir í vinnumati Félags háskólakennara, Félags prófessora við ríkisháskóla eða í lýsingu á vinnuskyldu kennara þannig að íðorðastarfið færi fram í vinnutíma.

Enginn vafi er á mikilvægi þess að fagmál sérfræðinga í hverri fræðigrein sé vandað og markvisst og orðaforðinn íslenskur. Fagmál greinarinnar litar alla umræðu bæði meðal sérfræðinga og í samskiptum þeirra við samfélagið. Þótt flestir sérfræðingar komi úr háskólaumhverfi er rétt að benda á að iðngreinar hafa einnig sinn orðaforða og þar með sitt eigið fagmál sem einnig þarf að gefa gaum og hlúa að.

Vegna reglna vinnumatskerfis eru margir fræðimenn tregir til að leggja á sig að kynna fræði sín fyrir almenningi þar sem lítil sem engin umbun og viðurkenning er fyrir slík skrif. Opinberir fyrirlestrar fræðasamfélagsins eða greinar í vísindaritum ná sjaldnast til almennings þar sem matreiða þarf slíkt efni þannig að þeir skilji sem ekki eru vel heima á fræðasviðinu. Tímarit um vísindi ætluð almenningi sýna hins vegar að hann skortir ekki áhuga á að fylgjast með því sem fræðimenn fást við og sama á við um fyrirlestra.

Ýmsir fræðimenn taka vissulega þátt í starfi íðorðanefnda og munu á annan tug slíkra nefnda vera starfandi um þessar mundir. Ómetanlegt gagn er einnig að Orðabanka málræktarsviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (sjá www.arnastofnun.is) en bæði nefndirnar og Orðabankinn þurfa öflugan stuðning fræðasamfélagsins.

Horfur

Margt bendir til að greinaskrif á ensku aukist á kostnað íslensku. Fleiri munu sækja í erlend vísindarit í þeirri von að þeim takist að afla sér viðurkenningar í alþjóðlegu fræðasamfélagi, og er það af hinu góða, en fái fræðimenn og stúdentar enga hvatningu frá íslenskum háskólum til þess að tjá sig og rita á íslensku verður áhugi á því að efla orðaforða fræðigreinarinnar og tileinka sér íslensk fræðiheiti lítill sem enginn.

Ef mönnum, sem stunda vilja íðorðasmíð, verður ekki umbunað á einhvern hátt verður ekki um markvissa vinnu að ræða á því sviði og án vel myndaðra fræðiheita verða íslenskar fræðigreinar ekki á vönduðu máli. Íslenska hættir að vera nothæf í umræðu um fræðileg efni. Í vísindum og fræðum á enginn neitt (hvorki kenningar né hugmyndir) fyrr en það hefur verið birt opinberlega. Sú hætta getur skapast að birting á íslensku teljist ekki fullgild birting. Þá hefur íslenska glatað mikilvægu umdæmi. Nú nýlega hefur íslenska glatað gildi sínu hjá Rannsóknamiðstöð Íslands (*RANNÍS*; sjá www.rannis.is) þar sem meginreglan er núna sú að umsóknir séu skrifaðar á ensku.

Sjálfsagt verður erfitt að breyta stefnu þeirra deilda og háskóla sem krefjast doktorsritgerða á ensku en telja verður þá kvöð skilaboð til vísindasamfélagsins um að íslenska sé nánast ónothæf til birtingar rannsóknarniðurstaðna.

Markmið í íslenskri málstefnu

Íslensk málnefnd leggur til eftirfarandi markmið:

– Eitt af markmiðum fræðasamfélagsins á Íslandi sé að efla íslenska tungu sem best á öllum þeim sviðum sem unnið er á.

Slík markmið eiga að vera sameiginleg öllum háskólum landsins, rannsóknastofnunum og fræðafélögum. Íslendingar ættu að læra af nágrannaþjóðunum sem misst hafa heilu fræðasviðin yfir til ensku.

– Gera þarf þær kröfur til fræðimanna og stúdenta að þeir séu færir um að skrifa um fræði sín á vönduðu íslensku máli þannig að íslenska verði nothæf hvar sem er í vísindasamfélaginu á Íslandi og hvarvetna í íslensku þjóðfélagi.

Ákvæði 2. gr. laga nr. 63/2006, um háskóla, verða vart túlkuð á aðra lund en að það sé eitt af hlutverkum háskóla á Íslandi að styrkja íslenska tungu og stuðla að miðlun þekkingar og færni á íslensku. Þetta þarf að vera leiðarljós í öllu háskólastarfi á Íslandi. Háskólarnir þurfa að ganga fram með góðu fordæmi.

– Hvetja þarf háskóla- og fræðasamfélagið til þess að efla íslensk fræðitímarit eins og unnt er og gera þeim að standast sams konar kröfur og gerðar eru til tímarita á lista *ISI*.

Vissulega hentar ekki öllum fræðigreinum jafn vel að birta greinar á íslensku og erfitt gæti orðið að halda úti ritrýndum fræðitímaritum í öllum greinum. Rafræn birting á grein bæði á íslensku og ensku eða öðru erlendu tungumáli gæti bætt úr þessu. Leggja ætti áherslu á að gefin verði út ritrýnd tímarit á íslensku á fræðasviðum sem snúa að íslensku samfélagi, tungu og menningu.

– Gefa verður jafnt kennurum sem nemendum íslenskra háskóla kost á námskeiðum í meðferð ritaðs máls þannig að þeir verði sem hæfastir til að kynna fræði sín, hvort heldur er í vísindasamfélaginu eða fyrir almenningi.

Ef þeir sem kenna stúdentum fræði sín og þeir sem útskrifast frá háskólunum og stunda fræðigreinar sínar úti í þjóðfélaginu hafa tamið sér vandað mál, skrifa og tala um fræðin á góðri íslensku, er minni hætta á að umdæmi glatist.

– Skylda ætti að vera að kynna nemendum íslenskan fræðiorðaforða ef kenna þarf námskeið á ensku eða öðru erlendu máli.

Að þessu er stefnt í málstefnu Háskólans á Akureyri (2. gr.) sem áður var vitnað til: „… þurfa nemendur að kunna skil á íslenskum fræðiheitum og leggja sérstaka áherslu á að tileinka sér þau þar sem námskeið eru kennd á ensku eða öðru erlendu tungumáli …“ Ef þetta er gert ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að nemendur geti rætt um efni námskeiðsins og skrifað námsritgerð og hugsanlega lokaritgerð á íslensku með íslenskum orðaforða. Þeim verður þá tamt að ræða um fræði sín á óbjagaðri íslensku og taka þá færni með sér út í rannsóknar- eða atvinnulífið.

– Allir háskólar á Íslandi ættu markvisst að sinna íðorðastarfsemi.

Æskilegt væri að fræðasamfélagið hefði samvinnu um notkun fræðiorða á sviðum sem kennd eru í fleiri en einum skóla og notuð eru við rannsóknir og birtingu rannsóknarniðurstaðna. Á þann hátt verður best unnið að því að festa í sessi íslenskan fræðiorðaforða.

Aðgerðir
Til þess að þessi markmið náist leggur Íslensk málnefnd til:

– Háskólar, rannsóknastofnanir og fræðafélög á Íslandi verði hvött til að hafa forystu um vandað íslenskt mál á fræðasviðum sínum.
– Háskólar á Íslandi hvetji kennara og nemendur til að birta fræðilegt efni á íslensku og sjái til þess að það verði ekki lægra metið en skrif á erlendum málum.
– Hvetja þarf útgefendur fræðilegra tímarita á íslensku til að koma ritum sínum inn á lista *ISI*.
– Taka þarf upp markvissa kennslu í íðorðasmíð og málfarsráðgjöf fyrir orðanefndir deilda eða faghópa. Háskólakennarar og aðrir sem þekkingu hafa á ákveðnum sviðum verði hvattir til að vinna við íðorðasmíð og efla þarf viðurkenningu á íðorðastarfi í háskólum og fræðasamfélaginu almennt. (Sjá einnig *Þýðingar og túlkun*.)
– Nemendur verði hvattir til að skrifa lokaritgerðir (meistara- og doktorsritgerðir) á íslensku. Þeir fái hjálp til að koma rannsóknarniðurstöðum á framfæri í alþjóðlegum tímaritum og þeim bjóðist fagleg aðstoð við að þýða efnið á erlent mál.
– Ef doktorsritgerð er birt á erlendu máli ætti að gera þá kröfu til doktorsefnis að það birti vandaðan útdrátt, lengri en nú tíðkast, úr ritgerðinni á íslensku og birti greinar í ritrýndu íslensku tímariti um efni ritgerðarinnar og rannsóknarniðurstöður.
– Hvetja á fræðimenn hvarvetna í þjóðfélaginu til að kynna fræði sín fyrir almenningi í fyrirlestrum og greinum með því að meta slíkar kynningar til eininga í matskerfi skólanna.
– Brýna verður útgefendur fræðirita og fræðibóka til að halda áfram að gefa út á íslensku og leita þarf leiða til að tryggja að fræðibækur geti komið út bæði á íslensku og erlendu máli.

ÍSLENSKA Í TÖLVUHEIMINUM

Ástand

Á undanförnum árum hefur tölvu- og upplýsingatæknin haldið innreið sína á æ fleiri svið og er nú orðin mikilvægur þáttur í daglegu lífi alls almennings í landinu. Því skiptir sífellt meira máli að þessi tækni sé á íslensku og geti unnið með íslenskt mál, bæði talað og ritað. Mikið skortir á að svo sé og Íslendingar standa þar langt að baki flestum grannþjóðum sínum. Enska er það mál sem blasir við flestum Íslendingum sem setjast við tölvu og hugbúnaður, sem vinnur með íslensku og aðstoðar íslenska málnotendur, er mjög fábreyttur.

Stýrikerfi Macintosh-tölva var lengi vel þýtt á íslensku en flestallur annar algengur notendahugbúnaður var til skamms tíma eingöngu fáanlegur á ensku. Undanfarin ár hefur langútbreiddasta stýrikerfið (*Windows*) og notendahugbúnaðurinn (*Office*) þó verið til á íslensku en þrátt fyrir að íslensku þýðingarnar séu ókeypis fyrir eigendur kerfanna hafa þær ekki fengið þá útbreiðslu sem vænta mætti. Nær allt skólakerfið, frá grunnskólum til háskóla, notar Windows á ensku (Hulda Hreiðarsdóttir 2008) og sama máli virðist gegna um meginhluta almennra notenda. Þetta er gerólíkt því sem gerist í flestum grannlöndum okkar þar sem almennir tölvunotendur nota undantekningarlítið flestan hugbúnað á móðurmáli sínu. Þá eru langflestir tölvuleikir á ensku, svo og viðmót ýmissa tækja á borð við tónlistarspilara (til dæmis iPod) og símakerfi fyrirtækja og stofnana. Allflestar tegundir farsíma er þó nú orðið unnt að fá með íslensku viðmóti.

Á árunum 2000–2004 stóð menntamálaráðuneytið fyrir átaki til að efla íslenska máltækni (tungutækni). Alls var varið 133 milljónum króna til átaksins sem skilaði margvíslegum árangri. Kennsla í máltækni og samstarf við erlenda háskóla á þessu sviði er hafið, mikilvæg gagnasöfn hafa verið byggð upp og ýmsum rannsóknar- og þróunarverkefnum hefur verið ýtt af stað. Mörg brýn verkefni bíða þó enn. Það er til dæmis ekki til neinn hugbúnaður til að leiðbeina um og lagfæra málfar og sáralítið hefur verið gert á sviði vélrænna þýðinga. Einn helsti vaxtarbroddurinn í máltækni erlendis er þróun ýmiss konar samskiptakerfa þar sem menn nota tungumálið til að sækja sér hvers kyns upplýsingar úr gagnasöfnum og þjónustuverum og hafa þar samskipti við tölvur á svipaðan hátt og við annað fólk. Ef íslenska á að verða nothæf í slíkum búnaði þarf mikil rannsóknar- og þróunarvinna að koma til.

Horfur

Það er ljóst að hlutverk tungumálsins innan tölvu- og upplýsingatækninnar fer sívaxandi. Stöðug þróun er til dæmis í vélrænum þýðingum, í margmála leit á Netinu og í gagnabönkum, í samskiptakerfum og þjónustuverum þar sem menn hafa samskipti við tölvur og í því að nota tungumálið (ritað eða talað) við stjórn ýmiss konar tölvustýrðs búnaðar. Engin ástæða er til annars en ætla að Íslendingar taki alla þessa tækni í þjónustu sína jafnóðum og hún kemur á markað. En tungumál tækninnar er enska og svo verður áfram nema eitthvað sé að gert – einnig á Íslandi.

Eftir að áðurnefndu átaki menntamálaráðuneytisins lauk fyrir fjórum árum hefur hins vegar dregið mjög úr uppbyggingu, þróun og nýsköpun á þessu sviði hér á landi. Það kostar jafnmikið að byggja upp málleg gagnasöfn og máltæknibúnað fyrir tungumál sem 300 þúsund manns tala og fyrir tungumál milljónaþjóða og því er ekki von að fyrirtæki sjái sér hag í því að leggja í mikinn kostnað við að þróa og aðlaga slíkan búnað fyrir íslensku. Að óbreyttu munum við því dragast hægt en örugglega aftur úr á þessu sviði og þar sem tölvutæknin sækir ört á í umhverfi okkar má búast við að enskan yfirtaki fleiri og fleiri þætti daglegs lífs. Þá getur verið skammt í að íslenskan verði eingöngu heimilismál sem unga kynslóðin sér ekki

tilgang í að læra almennilega vegna þess að hún er ekki nothæf í nýrri tækni og öðru sem er nýtt og spennandi, á sviðum þar sem nýsköpun af ýmsu tagi á sér stað eða þar sem ný atvinnutækifæri bjóðast.

Markmið í íslenskri málstefnu
Íslensk málnefnd leggur til eftirfarandi markmið:

– Að íslensk tunga verði nothæf – og notuð – á öllum þeim sviðum innan tölvu- og upplýsingatækninnar sem varða daglegt líf alls almennings.

Þetta merkir í fyrsta lagi að viðmót algengs hugbúnaðar (valmyndir, hjálpartextar o.s.frv.) þarf að vera íslenskt; í öðru lagi að til þarf að vera ýmiss konar hugbúnaður sem liðsinnir og leiðbeinir notendum við notkun íslensks máls (leiðréttingarforrit, þýðingarforrit, hjálparforrit fyrir fatlaða); og í þriðja lagi að unnt á að vera að nota íslensku sem samskiptamál við ýmiss konar tölvu- og tæknibúnað (upplýsingakerfi, þjónustuver, tölvustýrð tæki af ýmsu tagi).

Það skiptir miklu máli að notendur venjist því frá byrjun að nota íslensku innan tölvu- og upplýsingatækni. Með því er annars vegar átt við að börn alist upp við að það sé eðlilegt að nota íslensku á þessu sviði og þess vegna er höfuðatriði að hugbúnaður í skólakerfinu sé á íslensku. Hins vegar er mikilvægt að þegar tækninýjungar koma fram líði sem stystur tími þangað til hægt er að nota íslensku innan þeirra. Að öðrum kosti er hætt við að málnotendur venjist á að nota ensku á fleiri og fleiri sviðum og umdæmi íslenskunnar minnki þannig smátt og smátt.

Aðgerðir
Til að framangreint markmið náist leggur Íslensk málnefnd til:

– Að allur almennur notendhugbúnaður í íslensku skólakerfi, frá leikskólum til háskóla, verði á íslensku innan þriggja ára.
– Að notendahugbúnaður í Stjórnarráði Íslands og öllum opinberum stofnunum verði á íslensku innan þriggja ára og hið opinbera gangi þar á undan með góðu fordæmi.
– Að gerð verði áætlun um stuðning við uppbyggingu og þróun íslenskrar máltækni næsta áratug.
– Að stöðugt verði unnið að uppbyggingu og eflingu mállegra gagnasafna sem eru forsenda fyrir þróun og smíði margs kyns máltæknibúnaðar.
– Að málleg gagnasöfn og hugbúnaður til að vinna með íslenskt mál verði gerð opin og frjáls eftir því sem kostur er (sbr. stefnu stjórnvalda um frjálsan og opinn hugbúnað; sjá vef forsætisráðuneytisins: www.forsaetisraduneyti.is).
– Að hugbúnaður til að lagfæra og leiðrétta íslenskt málfar verði gerður og kominn í notkun innan þriggja ára.
– Að nothæf þýðingarforrit milli íslensku og valinna erlendra mála, a.m.k. ensku, verði gerð innan fimm ára.
– Að íslenskur talgervill og talgreinir sem gerðir voru á vegum tungutækniátaks menntamálaráðuneytisins verði endurbættir og lagaðir að nýjustu tækni.
– Að unnið verði markvisst að þróun mállegra samskiptakerfa milli manns og tölvu fyrir íslensku.

ÍSLENSKA Í ATVINNULÍFINU

Ástand

Íslenskt atvinnulíf hefur á fáum árum orðið mun alþjóðlegra en áður var og þótt það gangi nú í gegnum tímabundnar þrengingar má telja víst að það verði áfram alþjóðlegt að einhverju marki. Fjölmörg íslensk fyrirtæki hafa starfsstöðvar utan Íslands með erlendu starfsfólki og jafnframt hefur erlendum starfsmönnum fyrirtækja hér á landi, bæði ófaglærðum og sérfræðingum, fjölgað mikið. Þá eiga erlendir fjárfestar hlut í íslenskum fyrirtækjum og sitja í stjórnum þeirra. Þess vegna hefur það færst í vöxt að önnur mál en íslenska, einkum enska, séu notuð sem samskiptamál í íslensku atvinnulífi á Íslandi.

Á sumum sviðum, til að mynda í byggingariðnaði, notar hluti starfsmanna ekki íslensku við störf sín heldur önnur tungumál, stundum eitt tungumál sín á milli (til dæmis pólsku) en annað (oftast ensku) í samskiptum við íslenska yfirmenn sína. Í verslun og þjónustu hefur erlendum starfsmönnum fjölgað mjög á undanförnum árum og æði oft þurfa þeir að sinna störfum sínum og samskiptum við íslenska viðskiptavini á ensku þar sem íslenskukunnátta þeirra er ónóg. Þar sem erlendir sérfræðingar hafa verið ráðnir til starfa er vinnumálið sums staðar enska, til dæmis á fundum og í bréfa- eða tölvupóstsamskiptum, enda þótt meirihluti starfsmanna sé Íslendingar. Könnun á samskiptamáli í fimmtíu stærstu fyrirtækjunum á Íslandi sýndi að þótt íslenska væri enn aðalsamskiptamálið í flestum þeirra, í tölvupósti, á fundum og í fundargerðum, er oft gripið til ensku ef einn útlendingur er í hópnum og málnotkun getur því verið misjöfn eftir deildum í fyrirtækjunum (Þorlákur Karlsson og Dagný Jónsdóttir 2008). Æ fleiri íslensk fyrirtæki halda aðalfundi sína á ensku enda þótt fundirnir séu oftast haldnir á Íslandi og allur þorri fundarmanna sé íslenskur. Ársskýrslur margra íslenskra fyrirtækja og ýmis gögn um rekstur þeirra, þar á meðal vefir sumra fyrirtækjanna, eru einnig einvörðungu á ensku enda þótt fyrirtækin séu í meirihlutaeigu Íslendinga.

Því var meira að segja spáð fyrir fáum misserum að nauðsynlegt gæti reynst fyrir íslensk fjármálafyrirtæki að taka upp ensku sem vinnumál til þess að auðvelda ráðningu erlendra sérfræðinga þar sem að því gæti komið að íslenskur vinnumarkaður annaði ekki eftirspurn íslensku fjármálafyrirtækjanna eftir vinnuafli. Þá hefur þeirri hugmynd verið hreyft að Íslendingar ættu að huga að því að taka upp tvímála stjórnsýslu, á íslensku og ensku, til þess að laða að erlenda fjárfesta og auðvelda samskipti við umheiminn. Tímabundnar þrengingar í efnahagslífi undanfarið hafa vitanlega dregið úr þörf fyrir erlent vinnuafl hér á landi en líklegt er að sú þörf aukist aftur um leið og úr rætist í efnahagslífinu.

Nöfn margra íslenskra fyrirtækja hafa á sér erlendan blæ. Sum nöfnin eru alfarið á erlendu máli (til dæmis *Actavis*, *Alfesca*, *Exista*, *Icelandair* eða *Milestone*) en önnur eru blendingur úr íslenskum og erlendum orðum (til dæmis *Atorka Group*, *Bakkavör Group*, *Baugur Group*, *Eyrir Invest*, *Stoðir Invest* eða *Styrkur Invest*). Þessi erlendu nöfn falla illa að íslensku málkerfi og tilhneigingar gætir til að beygja ekki íslensku orðin í blendingsnöfnunum; er þá til dæmis talað um *aðalfund Bakkavör Group* í stað *aðalfund Bakkavarar Group* eða *forstjóra Baugur Group* í stað *forstjóra Baugs Group*. Hinn íslenski hluti nafnsins tekur því að haga sér eins og erlent orð.

Horfur

Enda þótt nú séu alvarlegir erfiðleikar í íslensku og alþjóðlegu efnahagslífi verður að teljast líklegt að íslenskur vinnumarkaður verði áfram fjölþjóðlegur að einhverju marki og alþjóðleg starfsemi verði í framtíðinni mikilvægur hluti af íslensku atvinnulífi. Jafnframt má búast við að notkun ensku (eða annarra mála) muni heldur aukast en hitt. Við slíkar aðstæður er brýnt

að hyggja að stöðu íslenskrar tungu í atvinnulífinu á Íslandi. Með aukinni notkun ensku (eða annarra mála) vofir yfir sú hætta að íslenska hörfi og hverfi jafnvel alveg af ákveðnum sviðum viðskiptalífsins. Slíkur umdæmismissir yrði óbætanlegur. Staða íslenskrar tungu myndi veikjast þar sem hún yrði ekki lengur gjaldgeng á öllum sviðum íslensks samfélags og Íslendingar gætu ekki lengur treyst því að geta starfað og átt viðskipti á móðurmáli sínu í eigin landi; lífsgæði Íslendinga myndu því skerðast. Enn fremur myndi vöxtur íslensks sérfræðiorðaforða á glötuðum sviðum stöðvast og íslensk málvenja og sá sérfræðiorðaforði sem nú er til gæti glatast. Þess vegna gæti reynst afar erfitt að endurvinna glötuð svið.

Markmið í íslenskri málstefnu
Íslensk málnefnd leggur til eftirfarandi markmið:

– Að íslenska verði áfram aðalsamskiptamálið í atvinnulífi á Íslandi.

Þetta markmið felur það í sér að tryggt skuli að hér á landi geti fólk áfram unnið sín störf á íslensku og viðskiptavinir geti áfram átt samskipti við fyrirtæki á Íslandi á íslensku. Enn fremur að ársskýrslur og önnur gögn um íslensk fyrirtæki verði áfram á íslensku (þótt nauðsynlegt kunni að reynast að hafa þau einnig aðgengileg á ensku eða einhverju öðru máli) og meginreglan verði áfram sú að fyrirtæki á Íslandi heiti íslenskum heitum sem samræmast íslenskri málvenju. Markmiðið er ekki að útrýma ensku eða öðrum tungumálum úr atvinnulífi á Íslandi, enda er notkun ensku eða annarra tungumála óhjákvæmileg í alþjóðlegum samskiptum, heldur er markmiðið að tryggja farsæla sambúð íslensku og ensku í umhverfi þar sem íslenska er aðalsamskiptamálið.

Aðgerðir
Til þess að þetta markmið náist leggur Íslensk málnefnd til:

– Að reglulega fari fram jákvæð umræða í samfélaginu og fyrirtækjunum um ávinninginn af því að íslenska sé aðalsamskiptamálið í atvinnulífi á Íslandi og þau lífsgæði fyrir Íslendinga sem í því felast.

Í þessu efni hvílir ábyrgðin hjá þjóðinni sjálfri. Vilja Íslendingar geta keypt vörur og þjónustu á íslensku hér á landi? Vilja Íslendingar geta unnið störf sín á íslensku á Íslandi? Í þessu efni munu lög og reglur koma að litlu gagni ef þjóðin sjálf tekur ekki einarða afstöðu með íslenskri tungu.

– Að íslensk fyrirtæki verði hvött og eftir föngum studd til að móta sér skýra málstefnu sem hafi það að markmiði að tryggja stöðu íslenskrar tungu í atvinnulífinu.

Háskólarnir, sem mennta stjórnendur framtíðarinnar, gegna hér veigamiklu hlutverki. Mótun stefnu um málnotkun ætti að vera sjálfsagður hluti af allri stefnumótun hjá íslenskum fyrirtækjum. Eins og áður sagði getur það ekki verið markmið að útrýma notkun erlendra tungumála í alþjóðlegu atvinnuumhverfi; þar er óhjákvæmilegt að nota þurfi erlend tungumál að einhverju marki. En erlend tungumál mega þó ekki koma í stað íslensku heldur verður íslensk tunga að halda sínum sess við hlið annarra tungumála. Stuðning við mótun slíkrar málstefnu

geta fyrirtækin sótt til sérfræðinga í máli og málnotkun, til að mynda málræktarsviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

– Að íslensk fyrirtæki verði hvött og eftir föngum studd til þess að bjóða erlendum starfsmönnum sínum starfsmiðaða íslenskukennslu í vinnutíma.

Hvatning og tækifæri til að læra íslensku eru lykilatriði hér. Erlendir starfsmenn íslenskra fyrirtækja þurfa að fá hvatningu til að læra íslensku. Stundum heyrist það viðhorf að á Íslandi sé hægur vandi að búa og starfa án þess að læra íslensku, enda séu Íslendingar upp til hópa mjög góðir í ensku (og ef til vill öðrum erlendum tungumálum). Ekkert verður hér fullyrt um enskukunnáttu Íslendinga en á það bent að Íslendingar eru allajafna bestir í íslensku. Íslenska er því óumdeilanlega afar mikilvægur þáttur í því að geta lifað sem bestu lífi í íslensku samfélagi og rækt störf sín þar af alúð. Afar mikilvægt er að hvatning til að læra íslensku komi frá vinnuveitendum og samstarfsmönnum. Hvatningu þurfa að fylgja tækifæri. Vinnuveitendur þurfa að gefa erlendum starfsmönnum sínum kost á starfsmiðaðri kennslu í íslensku í vinnutíma. Sú kennsla ætti að vera sjálfsagður hluti af allri starfsþjálfun. Eðlilegt er að menntamálayfirvöld hafi gæðaeftirlit með kennslu í íslensku fyrir útlendinga og sjái til þess að völ sé á vandaðri kennslu (sjá *Íslenska sem annað mál*).

– Að skipulega verði unnið að íðorðasmíð og orðasöfn gerð aðgengileg á bók eða með rafrænum hætti.

Íslenskur orðaforði er forsenda þess að hægt sé að tala og rita um sérhæfð efni á íslensku. Mikilvægt íðorðastarf hefur nú þegar verið unnið og brýnt er að því verði haldið áfram af krafti þannig að sérfræðimál haldi áfram að þróast á íslensku. Hvetja þarf fagfélög til að vinna skipulega að íðorðasmíð og koma orðasmíð sinni á framfæri með þeim hætti að orðaforðinn hljóti sem mesta útbreiðslu. Góður kostur gæti verið að nota Orðabanka Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum en hann er öllum opinn án endurgjalds á www.arnastofnun.is (sjá einnig *Þýðingar og túlkun*).

– Að íslensk fyrirtæki verði hvött til að styrkja ímynd sína með vandaðri íslenskunotkun.

Íslensk stórfyrirtæki ættu að hafa á sínum snærum sérfræðinga í íslensku máli og málnotkun sem haldið gætu námskeið innan fyrirtækjanna, veitt ráðgjöf og lesið yfir. Vönduð málnotkun ætti að vera sjálfsagður hluti af skynsamlegri ímyndarsköpun fyrirtækjanna.

ÍSLENSKA Í FJÖLMIÐLUM

Ástand

Notkun fjölmiðla hefur aukist jafnt og þétt undanfarna áratugi. Framboðið er mikið og margvíslegt: nokkur dagblöð, margar sjónvarpsrásir og enn fleiri útvarpsrásir. Fjölmiðlun á íslensku er því í sókn meðan íslenskan á undir högg að sækja á ýmsum öðrum sviðum. Umræða um stöðu íslenskrar tungu í fjölmiðlum, öðrum en sjónvarpi, snýst því aðallega um form hennar. Í sjónvarpi er hlutfall efnis á íslensku einnig viðfangsefni.

Segja má að fjölmiðlar endurspegli stöðu tungunnar frá degi til dags um leið og þeir gegna talsverðu hlutverki í þróun tungumálsins. Þess vegna er mikilvægt að hlúa vel að íslensku

máli í fjölmiðlum. Íslenskur fjölmiðlaheimur hefur breyst mikið undanfarna áratugi og óstöðugleiki hefur verið nokkur, nýir miðlar eru stofnaðir og aðrir lagðir niður. Þetta ástand er ekki til þess fallið að skapa festu, ekki heldur á því sviði sem snýr að meðferð íslensks máls.

Þegar þetta er skrifað eru gefin út tvö dagblöð á Íslandi í stóru upplagi og tvö minni. Sjónvarpsstöðvar munu vera átta talsins og útvarpsstöðvar á þriðja tug. Fimm netmiðlar flytja fréttir daglega. Þá eru ótalin tímarit, héraðsfréttablöð og netmiðlar (Björn Gíslason o.fl. 2008). Tilkoma netmiðla hefur einnig gerbreytt fjölmiðlun. Í stað þess að fjölmiðlanotkun sé bundin við blaðalestur og fréttir útvarps og sjónvarps á ákveðnum tímum fer notkun þeirra fram jafnt og þétt allan daginn, í það minnsta hjá stórum hópi fólks. Í samræmi við aukna fjölmiðlun hefur því fólki fjölgað sem við fjölmiðlana starfar. Hópurinn er því afar margbreytilegur með tilliti til menntunar og fyrri starfsreynslu.

Margir telja að með auknum hraða og samkeppni um að vera fyrstur með fréttirnar hafi málfari hrakað í fjölmiðlum. Þessi skoðun getur þó einnig helgast af því að nú birtast fleiri málsnið í fjölmiðlum en áður. Rödd almennings heyrist mun meira en áður bæði í útvarpi og sjónvarpi og með auknu umfangi dagblaðaútgáfu er þar einnig að finna mun fjölbreytilegri texta en áður. Hitt er ljóst að dregið hefur úr málfarsráðgjöf ljósvakamiðla frá því að bæði Stöð 2 og Ríkisútvarpið höfðu málfarsráðunaut í fullu starfi á sínum snærum. Nú er enginn málfarsráðgjafi á Stöð 2 en ráðgjafi í hálfu starfi á Ríkisútvarpinu. Prófarkalesarar starfa við öll dagblöðin en þeim hefur fækkað. Skjátextar eru prófarkalesnir í Ríkissjónvarpinu og á Stöð 2 en ekki á öðrum sjónvarpsstöðvum.

Meirihluti prófarkalesara á fjölmiðlum hefur einhverja háskólamenntun í íslensku (Björn Gíslason o.fl. 2008). Menntun blaða- og fréttamanna er margvísleg en í fæstum tilvikum hafa þeir menntun í íslensku umfram framhaldsskólanám. Á flestum miðlum gangast umsækjendur um störf blaða- og fréttamanna undir próf þar sem meðal annars er könnuð færni í íslensku. Formleg fræðsla um íslensku fer ekki fram á fjölmiðlunum. Hins vegar halda prófarkalesarar víða fundi með fréttamönnum, ýmist reglulega eða óreglulega, og/eða senda út málfarspistla eða ábendingar í tölvupósti um það sem betur má fara.

Metnaður fyrir íslensku máli virðist ríkja hjá blaðamannastéttinni. Þannig var aðsókn afar góð að málþingi um stöðu íslenskunnar í fjölmiðlum sem Íslensk málnefnd efndi til í samstarfi við Blaðamannafélag Íslands. Öll erindi málþingsins voru birt í *Blaðamanninum*, félagstíðindum Blaðamannafélags Íslands. Í *Blaðamanninum* birtist einnig reglulega málfarshorn með ábendingum um málfar.

Þrátt fyrir að útlendingum hafi fjölgað verulega á Íslandi undanfarin ár fer fjölmiðlun hér á landi nær eingöngu fram á íslensku og sárafáir fjölmiðlamenn eiga sér annað móðurmál en íslensku. Einn vefmiðill birtir sumar fréttir sínar á pólsku og fáein tímarit eru gefin út á ensku.

Málstefna

Ríkisútvarpið er eini fjölmiðillinn sem markað hefur sér skriflega málstefnu (samþykkt á fundi Útvarpsráðs 13. september 1985; sjá *Ársskýrslu Ríkisútvarpsins* 1985:100–101). Þó að málstefnan hafi verið samþykkt tæpum tveimur árum eftir að farið var að útvarpa á Rás 2 ber hún þess glöggt vitni að miðast fyrst og fremst við útvarp þar sem lesinn er upp undirbúinn texti. Engu að síður hefur málstefna Ríkisútvarpsins staðist vel tímans tönn og henni er fylgt, í það minnsta þegar um er að ræða flutning á undirbúnum texta, bæði í útvarpi og sjónvarpi. Sérstaklega er litið eftir málfari á fréttum og kappkostað að það sé skýrt og vandað.

Málstefna Ríkisútvarpsins
Ríkisútvarpið skal samkvæmt lögum efla íslenska tungu og menningu. Útvarpsráð telur að stofnunin hafi mikilvægu fræðslu- og uppeldishlutverki að gegna á þessu sviði.

Allt málfar í Ríkisútvarpinu á að vera til fyrirmyndar, og allt sem frá stofnuninni kemur, á vandaðri íslensku, flutt með góðum framburði.

Erlend orð sem ekki verður komist hjá að nota, ber að samræma lögum íslenskrar tungu, eftir því sem fært þykir og góð venja býður.

Um einstök atriði

1. Vandað mál er markvisst og felst í góðu orðavali, réttum beygingum, eðlilegri orðskipan, skýrri hljóðmótun, réttum áherslum og eðlilegu hljómfalli samfellds máls. Starfsmenn Ríkisútvarpsins eiga að leggjast á eitt til að málfar í útvarpi og sjónvarpi sé til fyrirmyndar.
2. Þeir sem vinna að dagskrárgerð, skulu jafnan gæta þess að málfar sé vandað og svo auðugt sem skynsamlegt er eftir aðstæðum. Þeir bera ábyrgð á að texti sá sem flytjandi fær í hendur, sé réttur og fullnægi þessum skilyrðum.
3. Flytjendum dagskrárefnis ber að vanda framburð sinn og flutning á alla lund. Þeir eiga að gæta þess eftir mætti að málfar textans fullnægi ofangreindum skilyrðum. Málvillur eiga þeir að leiðrétta en mega ekki breyta málfari að öðru leyti án samráðs við ábyrgðarmann textans. Verkstjóra ber að sjá um að hlutaðeigandi starfsmaður dagskrár fái hið fyrsta upplýsingar um vangá sem hann hefur gert sig sekan um í þessu efni.
4. Aðsent efni á að fullnægja eðlilegum kröfum um málfar.
5. Auglýsingar skulu vera á gallalausri íslensku og fluttar með góðum framburði. Ef sérstök ástæða er til, getur útvarpsstjóri þó leyft að sungið sé eða talað á erlendu máli í auglýsingu.
6. Ríkisútvarpinu ber stöðugt að gefa starfsmönnum sínum kost á að auðga íslenskukunnáttu sína og bæta málfar sitt og framsögn, bæði á námskeiðum og með einstaklingsfræðslu. Starfsmönnum er skylt að nýta sér slíka fræðslu ef málfarsráðunautur telur það nauðsynlegt. Málfarsráðunautur hefur umsjá með þessari starfsemi stofnunarinnar.
7. Málfarsráðunautur eða annar sérfróður maður á að vera starfsmönnum á fréttastofum, auglýsingastofum og öðrum slíkum vinnustöðum Ríkisútvarpsins til halds og trausts, meðal annars með það að lesa yfir handrit fyrir útsendingu eftir því sem unnt er.
8. Forðast skal útlent mál í efni sem samið er til flutnings í Ríkisútvarpinu, en þegar ekki verður hjá því komist, svo sem í fréttum, viðtölum við útlendinga og svo framvegis, ber jafnan að flytja eða sýna íslenska þýðingu samtímis nema bein ástæða sé til annars.
9. Sjónvarpsefni sem ætlað er börnum og unglingum sérstaklega, skal flutt á íslensku eftir því sem kostur er.
10. Sérnöfn úr erlendum málum ber að fara með í samræmi við góða íslenska málhefð. Ríki, lönd, borgir, héruð, höf, fljót, fjöll og annað slíkt ber að nefna hefðbundnum íslenskum heitum, ef þau eru til, svo sem *Hjaltland* (ekki Shetland), *Kaupmannahöfn* eða *Höfn* (ekki *København* né *Køben*), *Björgvin* (ekki *Bergen*), *Saxelfur* (ekki *Elbe* né *Elba*). Sé þessa ekki kostur ber að nota eftir því sem unnt er þau heiti sem íbúar viðkomandi landa tíðka sjálfir, svo sem *Nuuk* (ekki *Godthåb*), *München* (ekki *Munich*), *Nice* (ekki *Nizza*), *Westfalen* (ekki *Westphalia*).
11. Heiti á útlendum mönnum skal fara með að hætti viðkomandi þjóðar eftir því sem unnt er, nema íslensk hefð sé fyrir öðru, eins og er um mörg heiti erlendra þjóðhöfðingja sem erfa ríki, og heiti pápa. Heiti stofnana, hljómsveita, listaverka og þess háttar er rétt að íslenska þegar fært þykir, og gæta þá samræmis eftir því sem unnt er.

Dagblöð

Efni dagblaða er nú mun fjölbreyttara en áður tíðkaðist. Auk hefðbundinna frétta og fréttaskýringa er í dagblöðum að finna mismikið af svokölluðum dægurmálafréttum og annars konar umfjöllun. Einnig eru í flestum dagblöðum svokallaðir smáletursdálkar þar sem greint er

frá orðrómi eða slúðri. Loks er að geta aðsendra greina og persónulegra pistla blaðamanna og annarra höfunda. Málsnið þessara efnisþátta er allólíkt, hefðbundnast er það í daglegum fréttum og mestu frávikin er að finna í persónulegum pistlum.

Þorri blaðamanna á íslenskum dagblöðum hefur ágætt vald á tungunni og leggur sig fram um að skrifa vandaðan og góðan texta. Hitt er þó einnig til að blaðamenn hafi íslensku ekki sem best á valdi sínu. Því skiptir sköpum að prófarkalestur sé nákvæmur.

Prófarkalesurum dagblaða hefur fækkað þannig að fullvíst má telja að prófarkalestur dagblaða sé ekki jafnmikill og áður tíðkaðist. Þó starfa prófarkalesarar við öll dagblöðin. Ekki er vitað um umfang prófarkalestrar á héraðsfréttablöðum.

Sjónvarp

Samkvæmt samkomulagi milli menntamálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins um útvarpsþjónustu í almannaþágu, sem gert var árið 2007, á hlutfall íslensks sjónvarpsefnis milli klukkan sjö og ellefu á kvöldin að vera 65% árið 2012. Þetta hlutfall var 44% árið 2005 (http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr./4004). Samkomulagið sýnir að yfirvöld menntamála í landinu hafa metnað til þess að auka verulega hlut íslensks sjónvarpsefnis í Ríkissjónvarpinu. Ljóst er að það yrði íslensku máli til framdráttar ef þetta samkomulag verður haldið.

Vinnuhópur um stöðu tungunnar í fjölmiðlum og listum kannaði hlutfall íslensks dagskrárefnis í dagskrá þriggja stærstu sjónvarpsstöðvanna eina viku í október 2007 frá klukkan fimm síðdegis fram til miðnættis. Í ljós kom að 46% efnis voru íslensk í Ríkissjónvarpinu, þar af 41% frumsýnt. Rúmur fjórðungur efnis á Stöð 2 reyndist íslenskur, 22% sé einungis frumsýnt efni talið. Á Skjá einum var um fimmtungur efnis íslenskur en 6% ef eingöngu frumsýnt efni er talið (Björn Gíslason o.fl. 2008).

Íslenskt dagskrárefni mun vera dýrara í innkaupum en erlent og hefur þetta verið helsta röksemd forráðamanna sjónvarpsstöðva fyrir háu hlutfalli erlends sjónvarpsefnis á dagskránni. Hins vegar ríkir nú ákveðin gróska í íslenskri sjónvarpsþáttagerð því að veturinn 2007–2008 var slegið met í frumsýningum íslenskra sjónvarpsþáttaraða og margt bendir til að veturinn 2008–2009 verði síst minna sýnt af íslensku sjónvarpsefni.

Þessi gróska hefur þó ekki náð til barnaefnis og stærstur hluti barnaefnis sem sýnt er á íslensku sjónvarpsstöðvunum er erlendur. Þannig er barnaþátturinn *Stundin okkar* eina barnaefnið í sjónvarpi sem er alíslenskt. Talsverður hluti erlends barnaefnis er þó talsettur og er það mikil framför miðað við það sem áður tíðkaðist. Á Stöð 2 voru 60–70% barnaefnis talsett haustið 2007 og hefur hlutfallið farið hækkandi. Auk þess sýnir Stöð 2 nokkuð af talsettum bíómyndum. Hjá Ríkissjónvarpinu er efni ætlað ungum börnum talsett og barnaefni einvörðungu sýnt textað sé það ætlað stálpuðum börnum og unglingum (Björn Gíslason o.fl. 2008).

Sjónvarpsþýðendur gegna miklu hlutverki þar sem hlutfall erlends dagskrárefnis er svo hátt sem raun ber vitni. Þýðendur sjónvarpsefnis eru þó ekki í föstu starfi hjá stöðvunum heldur eru þeir verktakar.

Undanfarin átta ár hefur textun sjónvarpsefnis fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta verið aukin í Ríkissjónvarpinu. Þeir sem það vilja geta þá sótt sér texta á sérstakri síðu í textavarpi. Því fer þó fjarri að allt efni á íslensku sé textað með þessum hætti. Þjónusta við heyrnarlausa og heyrnarskerta er enn lakari þegar kemur að beinum útsendingum á íslensku. Þó ber stöku sinnum við að slíkt efni sé túlkað jafnharðan á táknmál.

„Eigum við að ræða þetta eitthvað?“
Þáttaraðirnar *Næturvaktin* og *Dagvaktin* hafa notið mikilla vinsælda meðal þjóðarinnar. Orðatiltæki persóna í þáttunum hafa verið á allra vörum og sýna glögglega áhrif sjónvarpsefnis á málnotkun áhorfenda. Íslenskt sjónvarpsefni styrkir íslenska tungu.

Útvarp

Mikið vatn er runnið til sjávar á þeim tæpu 30 árum sem liðin eru frá því að einungis var ein útvarpsstöð á Íslandi þar sem drýgstur hluti talaðs máls var lesinn af blaði. Nú eru útvarpsstöðvar margar og flytja að mestu frjálslega spjallþætti ásamt tónlist.

Skipta má útvarpsrásum í tvennt með tilliti til meðferðar íslenskunnar. Annars vegar Rás 1 Ríkisútvarpsins og hins vegar aðrar útvarpsrásir. Dagskrá Rásar 1 byggist á unnum þáttum sem langflestir eru teknir upp fyrir fram. Í þeim þáttum eru samtöl að vísu fyrirferðarmikil. Einnig eru á dagskránni samdir textar, sögur, leikrit og jafnvel ljóð. Á Rás 1 er málfar í þáttum fremur formlegt og reynt að forðast erlendar slettur. Á öðrum útvarpsrásum, þar sem talmál er notað á annað borð, byggist dagskrá á beinum útsendingum. Þar af leiðandi er málfar þar óformlegra og líkara daglegu tali fólks.

Netmiðlar

Hvergi er hraðinn í fréttavinnslu meiri en á netmiðlunum enda samkeppnin um að verða fyrstur með fréttirnar enn meiri þar en á öðrum fjölmiðlum. Þetta leiðir til þess að framsetning frétta á netmiðlum er stundum óvönduð þótt vissulega tíðkist að leiðrétta þar villur eftir á.

Netmiðlar birta ekki bara ritaðan texta. Þar er einnig að finna sjónvarpsefni. Netið hefur þannig lengt líf ýmissa sjónvarpsþátta sem áður voru aðeins sýndir einu sinni og voru ekki aðgengilegir eftir það. Ólíklegt verður að teljast að netmiðlar eigi eftir að útrýma öðrum fjölmiðlum. Hins vegar er ljóst að á Netinu verður, ef að líkum lætur, að finna mesta vöxtinn á fjölmiðlasviðinu næstu árin.

Bloggsíður einstaklinga á Netinu eru einnig mikið lesnar. Þó að bloggsvæði tengist netmiðlum og að í prentmiðlum birtist reglulega glefsur úr bloggi er ekki hægt að skilgreina blogg sem fjölmiðla. Því er ekki fjallað sérstaklega um blogg hér.

Auglýsingar

Auglýsingar skipa mikinn sess í fjölmiðlum. Ábyrgð auglýsenda er því talsverð þegar kemur að tungumálinu. Notkun málsins í auglýsingum er afar misjöfn. Vinnuhópur um stöðu íslenskunnar í fjölmiðlum og listum sendi spurningalista til nokkurra stærstu auglýsingastofa landsins þar sem meðal annars var spurt um málstefnu. Ekki bárust svör nema frá einni þeirra og bera þau dræmu viðbrögð væntanlega áhugaleysi þessa geira vitni. Í eina svarinu, sem barst, kom þó fram að þar á bæ væri unnið að gerð vinnureglna um meðferð íslensks máls og erlendra mála (Björn Gíslason o.fl. 2008).

Allmargar auglýsingar verða til hjá auglýsendum sjálfum og fara þaðan beint til fjölmiðlanna. Stærri auglýsendur skipta þó flestir við auglýsingastofur og greinilegt er að meðferð íslenskunnar er að jafnaði talsvert betri þegar fagmenn á sviði auglýsingagerðar hafa verið að verki en í fyrrnefndu tilvikunum.

Fjölmiðlarnir gera þær kröfur að í auglýsingum sé farið að lögum. Sumir þeirra setja einnig skilyrði um að þær misbjóði ekki siðferðiskennd almennings. Einnig eru gerðar við það athugasemdir ef villur finnast í auglýsingum eða óvandaður frágangur, meðal annars með til-

liti til málfars. Tímaþröng kemur þó oft í veg fyrir að hægt sé að bregðast við. Ekki er gerð krafa um að auglýsingar séu á íslensku máli og verða auglýsingar, sem eingöngu eru birtar á erlendum tungumálum, æ algengari. Þetta á þó fyrst og fremst við um auglýsingar um aðalfundi í fyrirtækjum sem starfa að hluta erlendis og sumar atvinnuauglýsingar.

Fyrir fáeinum misserum óskaði Íslensk málnefnd eftir að fá að taka þátt í að veita árleg verðlaun fyrir auglýsingar. Málnefndin hugðist veita verðlaun fyrir gott málfar í auglýsingum. Umleitaninni var hins vegar hafnað af samtökum auglýsenda.

Umræðuvettvangur fyrir íslenskt mál

Fjölmiðlar hafa gegnt því hlutverki að vera umræðuvettvangur um íslenskt mál. Í *Morgunblaðinu* hafa málfarspistlar birst reglulega í áratugi og í *Fréttablaðinu* var um skeið vikulegur pistill um íslenskt mál.

Þá er ótalinn hlutur Ríkisútvarpsins. Orðfræðisvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (áður Orðabók Háskólans) átti í samstarfi við Ríkisútvarpið á árum áður um þáttinn *Íslenskt mál* en nú hin síðari ár í þættinum *Vítt og breitt* á Rás 1. Þar halda starfsmenn orðfræðisviðs uppi samræðum við hlustendur um íslenskt mál. Á árum áður var einnig reglulega á dagskrá Ríkisútvarpsins þátturinn *Daglegt mál*, stuttur útvarpsþáttur þar sem fjallað var um málfar. Þessi þáttur er ekki lengur á dagskrá og enginn þáttur hefur leyst hann af hólmi.

Rétt er að lokum að nefna krossgátur sem birtast reglulega í dagblöðum og tímaritum. Þær eru til þess fallnar að auka leikni þeirra sem þær ráða í meðferð málsins. Einnig má nefna vísnaþætti sem haldið er úti bæði í dagblöðum og útvarpi.

Orð skulu standa

Útvarpsþátturinn *Orð skulu standa* er gott dæmi um fjölmiðlaefni sem hvetur til skapandi hugsunar um íslenskt mál. Þar keppa tvö lið um að finna rétta merkingu sjaldgæfra orða og orðatiltækja auk þess sem þátttakendur spreyta sig á að botna vísur. *Orð skulu standa* og sunnudagskrossgáta *Morgunblaðsins* hlutu viðurkenningu Íslenskrar málnefndar á degi íslenskrar tungu 2007.

Horfur

Ábyrgð fjölmiðla gagnvart íslensku máli og þróun þess er augljós. Annars vegar snýr ábyrgðin að því að halda áfram að nota íslensku í fjölmiðlum og hins vegar að því að notuð sé góð íslenska í fjölmiðlunum. Hafa ber í huga að margs konar málsnið er notað í fjölmiðlum, formlegt og óformlegt, og um leið minna á að hægt er að vanda til framsetningar bæði á formlegu og óformlegu máli.

Ljóst er einnig að þrátt fyrir að fjölmiðlar liggi undir talsverðu ámæli vegna meðferðar málsins þá virðast forráðamenn þeirra hafa viljann til að vanda málfar (Björn Gíslason o.fl. 2008). Horft er í kostnað á þessu sviði sem öðrum. Þess vegna hefur dregið úr prófarkalestri og öðrum yfirlestri á fjölmiðlum. Þarna vantar því nokkuð á að viljinn birtist í verki. Rétt er að geta hér sérstöðu Ríkisútvarpsins og -sjónvarps sem enn eru einu fjölmiðlarnir sem samþykkt hafa skráða málstefnu. Sérstaða þeirra felst einnig í því að vegna þess að íslenska ríkið á Ríkisútvarpið og rekur getur menntamálaráðuneytið með beinum hætti knúið á um aukið hlutfall íslensku og bætta málnotkun í miðlum þess.

Best væri að ekki réðist fólk til starfa á fjölmiðlum nema það hefði íslensku sérlega vel á valdi sínu. Þar sem tungumálið er eitt aðalatvinnutæki fjölmiðlamannsins ætti þetta ekki

að vera fjarri lagi. Við þær aðstæður væri hlutverk prófarka- og yfirlesara allnokkuð annað en það er nú. Þangað til þessu takmarki er náð skiptir miklu máli að frekar verði aukið við en dregið úr prófarka- og yfirlestri á fjölmiðlum.

Æskilegt væri að fjölmiðlamenn legðu meiri rækt við tunguna en verið hefur, til dæmis með því að sækja endurmenntunarnámskeið á þessu sviði. Enska á sífellt sterkari ítök í málvitund fólks. Þess sér stað í fjölmiðlum eins og annars staðar. Hér er ekki fyrst og fremst átt við hinar augljósu slettur og tökuorð heldur fremur ensk áhrif á setningaskipan og orðaröð og önnur áhrif á kerfi málsins sem blasa ekki endilega alveg við en eru þó fyrir hendi. Það er ekki síst vegna þessara áhrifa sem svo miklu skiptir að fjölmiðlamenn hafi ekki bara tungumálið sjálft vel á valdi sínu heldur þekki einnig uppbyggingu þess og hafi helstu málfræðihugtök á takteinum. Þannig verða þeir færir um að skilja og taka þátt í umræðu um íslenskt mál. Benda má á að í námi í fjölmiðlafræði við íslenska háskóla eru engin skyldunámskeið í íslensku.

Ef ekkert verður að gert gæti þróunin orðið sú að hlutfall fjölmiðlamanna, sem ekki hafa íslensku vel á valdi sínu, hækki á sama tíma og dregur úr yfirlestri. Þeir verði einnig stöðugt færri í fjölmiðlastétt sem eru færir um að skilja og taka þátt í umræðu um íslenskt mál. Með þverrandi vitund fjölmiðlafólks um málið og minnkandi málfarslegri ábyrgð fjölmiðla gæti málfari hrakað ört í fjölmiðlum og þeir þar með stuðlað að hnignun íslenskunnar en ekki uppbyggingu. Fjölmiðlar eru mikilvæg málfyrirmynd, ekki bara börnum og ungu fólki heldur einnig innflytjendum sem eru að ná tökum á málinu.

Eftir nokkra lægð í gerð íslensks sjónvarpsefnis er nú talsverð gróska á því sviði. Vinsælar íslenskar sjónvarpsþáttaraðir eru íslensku máli til mikils framdráttar. Gerð slíkra þátta verður þannig fjárfesting til framtíðar. Mikilvægt er að íslenskum sjónvarpsáhorfendum standi til boða fjölbreytt sjónvarpsefni sem endurspeglar íslenskan veruleika og er á íslensku, bæði fræðsluefni og afþreying.

Textun íslensks sjónvarpsefnis fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta ætti að vera sjálfsagður liður í útsendingu slíks efnis. Ríkissjónvarpið hefur undanfarin átta ár aukið við textun á sjónvarpsefni í gegnum textavarpið. Því fer þó fjarri að allt íslenskt efni sé textað. Benda má á að textun nýtist ekki bara heyrnarlausum og heyrnarskertum heldur einnig eldri borgurum og útlendingum sem eru að tileinka sér íslensku. Stöku sinnum er efni, sem sent er út í beinni útsendingu, túlkað á táknmál. Þarna mætti einnig gera betur.

Umfjöllun um íslensku hefur dregist saman í íslenskum fjölmiðlum. Í því sambandi má benda á að í mörgum erlendum stórblöðum er daglegt málfarshorn þar sem haldið er uppi samræðum við lesendur um tungumálið. Enginn slíkur þáttur er fyrir hendi í íslensku dagblaði. Þátturinn *Daglegt mál* er ekki lengur á dagskrá Ríkisútvarpsins og enginn þáttur hefur leyst hann af hólmi. Jákvæð og fræðandi umræða um íslenskt mál er líkleg til að vera vinsælt fjölmiðlaefni. Þar er því sóknarfæri fyrir fjölmiðla og áhugamenn um viðgang tungunnar að koma á framfæri slíku efni sem væri í senn uppbyggilegt og áhugavert. Benda má á að Netið gæti verið skemmtilegur og frjór vettvangur til fræðslu og gagnvirkrar umræðu um íslenskt mál.

Ástæða er til að fagna þeirri miklu grósku sem er á Netinu hér á landi. Fréttamiðlar og blogg er til þess fallið að stuðla að viðgangi tungunnar. Sömuleiðis er fagnaðarefni að dagblöð eru nú lesin meira en nokkru sinni fyrr.

Þrátt fyrir að allt ritstjórnarefni íslenskra dagblaða sé á íslensku verður æ algengara að auglýsingar birtist á erlendum málum. Velta má fyrir sér hvort íslensk dagblöð ættu að setja sem skilyrði fyrir birtingu auglýsinga á erlendu máli að þær birtist samhliða á íslensku.

Markmið í íslenskri málstefnu
Íslensk málnefnd leggur til eftirfarandi markmið:

– Fjölmiðlar og auglýsingastofur setji sér málstefnu.

Metnaður virðist standa til þess á fjölmiðlum að vanda til málfars. Skrifleg málstefna myndi gera þennan metnað sýnilegan auk þess sem gagnleg umræða myndi fara fram í tengslum við gerð málstefnunnar.

– Fjölmiðlar standi vörð um íslenskt mál og auki metnað varðandi meðferð hennar, meðal annars með því að gera kröfur um íslenskukunnáttu þeirra sem ráðnir eru til starfa sem blaða og fréttamenn.

Þótt þorri fjölmiðlamanna hafi íslenskt mál vel á valdi sínu og sumir séu framúrskarandi þá eru þeir of margir sem eiga langt í land með að vera færir um að koma frá sér texta, töluðum eða rituðum, á nægilega vandaðan hátt.

– Íslenskir fjölmiðlar haldi áfram að stuðla að umræðu og fræðslu um íslenskt mál og efli þennan þátt í starfsemi sinni. Íslensk tunga er sameign þjóðarinnar og því ekki óeðlilegt að umræða um þessa sameign fari fram í útbreiddum fjölmiðlum.

Ríkisútvarpið og *Morgunblaðið* eru með fasta þætti um íslenskt mál. Aðrir fjölmiðlar eru ekki vettvangur umræðu um íslenskt mál. Benda má á að Netið gæti verið skemmtilegur vettvangur fyrir gagnvirka umræðu og fræðslu um íslenskt mál.

– Fjölmiðlamenn sýni meiri ábyrgð gagnvart íslensku máli en nú er og fagfélög þeirra ýti undir þann metnað með því að sýna frumkvæði að gerð málstefnu fyrir fjölmiðlamenn.

Fagleg umræða fjölmiðlamanna er talsverð. Umræða um tungumálið, sem er eitt aðalatvinnutæki fjölmiðlafólks, hefur ekki verið mikil. Góð þátttaka á málþingi Blaðamannafélagsins og Íslenskrar málnefndar í apríl 2008 bendir þó til að í stéttinni sé talsverður áhugi á þessu málefni.

– Vandað sé til verka við þýðingar og yfirlestur skjátexta.

Skjátextar eru mikið lesnir. Mikilvægt er að til þeirra sé vandað og að virðing sé borin fyrir starfi sjónvarpsþýðenda.

– Hvatt verði til metnaðarfullrar og fjölbreytilegrar íslenskrar dagskrárgerðar, einnig fyrir börn.

Sjónvarpsefni á íslensku, sem endurspeglar íslenskan veruleika, er afar mikilvægt mótvægi við allt það erlenda sjónvarpsefni sem stendur áhorfendum til boða.

– Talsetning á sjónvarpsefni fyrir börn sé á vönduðu og góðu máli og framburður sé skýr og eðlilegur.

Mikið ríður á að vandað sé til framsetningar íslensks máls í sjónvarpsefni sem ætlað er börnum.

– Íslenska sé meðal kennslugreina í fjölmiðlafræðinámi á háskólastigi og blaðamönnum standi til boða endurmenntunarnámskeið í íslensku.

Ekki má gleyma því að íslenskan er eitt helsta atvinnutæki fjölmiðlamanna. Því er mikilvægt að þeir hafi málið vel á valdi sínu og séu einnig færir um að taka þátt í umræðum um það.

Aðgerðir
Til þess að ofangreind markmið náist leggur Íslensk málnefnd til:

– Menntamálaráðuneyti, Blaðamannafélag Íslands, Íslensk málnefnd og málræktarsvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum myndi samstarfshóp er komi af stað málstefnuvinnu á fjölmiðlum. Stefnt er að því að allir fjölmiðlar verði komnir með málstefnu fyrir árslok 2009.
– Málnefndir verði settar á fót innan fagfélaga fjölmiðlamanna sem beiti sér meðal annars fyrir gerð málstefnu.
– Haldin verði reglulega námskeið í meðferð tungumálsins fyrir nemendur í fjölmiðlafræði, starfandi fjölmiðlafólk og aðra sem hafa textagerð með höndum í starfi sínu. Fagfélög og háskólar gætu átt samvinnu um að koma slíkum námskeiðum á laggirnar.
– Sjónvarpsstöðvar verði hvattar til að halda áfram að sýna fjölbreytt innlent dagskrárefni.

ÍSLENSKA Í LISTUM

Ástand
Listir og listiðkun eru órofa hluti af menningu hverrar þjóðar og þýðingarmikill vaxtarbroddur menningarlífs. Óhætt mun að fullyrða að íslensk menning sé í óvenjuríkum mæli tengd tungumálinu eða eigi sér rætur í því. Koma þar til sögulegar ástæður. Flestum mun þykja erfitt að gera sér í hugarlund íslenska menningu án íslenskrar tungu. Íslensk tunga hlýtur því að vera veigamikill þáttur í mörgum listgreinum, iðkun þeirra og umfjöllun um þær þótt í mismiklum mæli sé eftir listgreinum.

Bókmenntir
Af sjálfu sér leiðir að bókmenntir hljóta að vera sú listgrein sem tengdust er tungunni. Þótt umfjöllunarefni og efnistök bókmennta og skáldskapar séu af ýmsu tagi eru orðin og tungumálið í senn efniviður þeirra og verkfæri. Því hefur verið haldið fram að bókmenntir séu almennt forsenda þess að fámennar þjóðtungur geti lifað af. Oft hafa þannig verið færð rök fyrir því að bókmenntahefð Íslendinga og þau sígildu verk, sem urðu til í öndverðu, hafi auk landfræðilegrar einangrunar átt einna ríkastan þátt í að varðveita tunguna á tímum erlendra yfirráða. Í sjálfstæðisbaráttunni varð íslenska sem sérstök þjóðtunga síðan ein helsta röksemdin fyrir því að Íslendingar væru sérstök þjóð og sjálfstæðiskröfur þeirra réttmætar.

Íslenskar bókmenntir hafa því alltaf verið og hljóta áfram að verða einn af hyrningarsteinum íslenskrar tungu. Af þessu leiðir að öll iðkun bókmennta og skáldskapar, umhugsun um hann og umfjöllun eru í eðli sínu málræktarstarf. Sköpunarkraftur og fjölbreytni tungunnar birtist þar með skýrum hætti. Hvergi sést betur hvað hún er skemmtileg. Fá svið eru því betur

til þess fallin að efla ást á tungunni. Trúverðug málstefna hlýtur að hvetja til þess að vegur íslenskra bókmennta að fornu og nýju skuli gerður sem mestur með öllum tiltækum ráðum.

Ekki verður annað sagt en að staða íslensku sem bókmenntamáls á Íslandi sé sterk að því leyti að íslenskum skáldum og rithöfundum virðist þykja sjálfsagt að semja verk sín á íslensku þótt markaðurinn sé dvergvaxinn í samanburði við stóru heimstungurnar. En það er hollt að minnast þess að þetta hefur ekki ætíð verið svo. Ekki er liðin nema um það bil ein öld frá því að allt annað var uppi á teningnum. Þá sáu margir af framsæknustu og metnaðarfyllstu höfundum þjóðarinnar sér þann kost vænstan að hasla sér völl á dönsku. Má þar nefna höfunda eins og Jóhann Sigurjónsson, Guðmund Kamban og Gunnar Gunnarsson. Íslenskir voru þeir þó áfram í þeim skilningi að flest verk þeirra voru á einhvern hátt sprottin úr íslenskum veruleika. Allir náðu þeir miklum árangri og hið sama má til dæmis segja um fjölmarga írska höfunda á nítjándu og tuttugustu öld sem ritað hafa á ensku eftir að írsk tunga fór halloka. Út frá þessu má ef til vill halda því fram að skáldskapurinn sé tungunni nauðsynlegri en hún honum.

Launasjóður rithöfunda hefur miklu hlutverki að gegna, ekki síst ef litið er til þess að ýmsar tegundir fagurbókmennta geta aldrei staðið undir sér fjárhagslega á markaði. Sú er raunin um allan heim, hversu stór sem málsvæðin eru, og gildir því enn frekar um okkar litla markað. Sjóðurinn hefur þó ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að sinna nema litlum hluta þeirra umsókna sem berast. Við úthlutun 2008 deildust 444 mánaðarlaun á 74 umsóknir. Umsækjendur voru hins vegar 144 og sóttu um 3.019 mánaðarlaun alls. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um listamannalaun, nr. 35/1991, ásamt síðari breytingum, nr. 144/1996, nr. 138/1998, og reglugerð um listamannalaun, nr. 679/1997.

Bókasöfn eru afar þýðingarmikil fyrir framgang bókmennta og skáldskapar. Ekki síst sem uppeldisstöðvar fyrir lesendur framtíðarinnar. Af árlegu framlagi úr ríkissjóði er úthlutað samkvæmt lögum nr. 91/2007 til rithöfunda, þýðenda, myndhöfunda og annarra rétthafa sem eiga bækur á Landsbókasafni Háskólabókasafni, almenningsbókasöfnum, skólabókasöfnum og bókasöfnum stofnana sem kostuð eru af ríkissjóði eða sveitarfélögum. Lög um bókmenntasjóð og fleira tóku gildi 17. mars 2007 og þá féllu úr gildi lögin um Bókasafnssjóð höfunda frá 1. janúar 1998. Bókasafnssjóðurinn varð upphaflega til eftir áralanga baráttu rithöfunda og annarra rétthafa fyrir greiðslum vegna útlána á bókum. Greiðslur eru þó enn sem komið er langt undir því sem tíðkast í ýmsum nágrannalöndum okkar, svo sem Danmörku, þar sem bókasafnsgreiðslur eru meðal helstu tekjulinda höfunda.

Bókmenntasjóður, sem til varð samkvæmt ofangreindum lögum nr. 91/2007 sem gildi tóku 17. mars 2007, tók við hlutverki þriggja eldri sjóða, Bókmenntakynningarsjóðs, Menningarsjóðs og Þýðingarsjóðs. Sjóðurinn rækir hlutverk sitt með því:

– Að styrkja útgáfu frumsaminna íslenskra skáldverka og vandaðra rita sem eru til þess fallin að efla íslenska menningu.
– Að styrkja útgáfu vandaðra erlendra bókmennta á íslensku.
– Að stuðla að kynningu á íslenskum bókmenntum hér á landi og erlendis og sinna öðrum verkefnum er falla undir verksvið stjórnar Bókmenntasjóðs.

Lítil reynsla er enn fengin af störfum þessa nýja sameinaða sjóðs en vilyrði um aukið fjármagn fylgdi breytingunni auk þess sem vænta má aukinnar hagkvæmni og skilvirkni í starfi hans vegna samlegðaráhrifa. Ekki eru síst bundnar vonir við aukið kynningarstarf erlendis

nú í aðdraganda þess að Ísland og íslenskar bókmenntir verða í öndvegi á bókastefnunni í Frankfurt 2011. Frekari upplýsingar um sjóðinn er að finna á vefsíðu hans: www.bok.is.

Hræringar hafa verið nokkrar á útgáfumarkaði á undanförnum árum, bókaforlög hafa komið og farið, sameinast og sundrast. Samt má segja að bókaútgáfa sé blómleg og hlutur frumsaminna íslenskra skáldverka og vandaðra þýðinga erlendra bókmennta vel viðunandi. Áhyggjuefni er þó að svo virðist sem frumsömdum íslenskum barnabókum fari fækkandi á bókamarkaði. Fáir rithöfundar helga sig skrifum fyrir börn enda er erfitt að lifa af tekjum af sölu barnabóka og barnabókahöfundar hafa ekki verið fjölmennir í hópi starfslaunaþega. Mikilvægt er að allar kynslóðir íslenskra barna eigi sínar barnabækur; án bókmenntauppeldis verða engir lesendur í framtíðinni.

Leiklist

Leiklist á sviði er mikilvægur vettvangur íslenskrar tungu. Gildir það jafnt um atvinnu- og stofnanaleikhús sem smærri hópa. Minnt skal á það að Þjóðleikhúsinu var í öndverðu ætlað að vera „musteri íslenskrar tungu“. Áhugamannaleikfélög víða um land og í skólum gegna einnig þýðingarmiklu hlutverki. Leikrit eru bókmenntaverk, þau túlka fjölbreytt tungutak jafnt líðandi stundar sem liðinna tíma og eru þar af leiðandi mikilvæg tungumálinu. Íslensk leikverk eru einnig til þess fallin að endurspegla veruleika okkar og efla sjálfsskilning. Þau eru afar mikilvæg í holskeflu erlends afþreyingarefnis. Leiklistarþjálfun og leiklistariðkun efla tilfinningu fyrir framsögn og framburði.

Uppeldisgildi leiklistar er ótvírætt og því er mikilvægt að leggja rækt við ritun og þýðingar leikverka fyrir börn og unglinga. Enn fremur er brýnt að börn séu hvött og örvuð til að taka þátt í leiklistarstarfi og þeim veitt góð tilsögn í upplestri og framsögn strax í upphafi skólagöngu. Ýmislegt jákvætt hefur þó gerst á því sviði og má þar helst nefna *Stóru upplestrarkeppnina* sem orðin er árlegur viðburður í 7. bekk grunnskóla um land allt á vegum Radda, samtaka um vandaðan upplestur og framsögn.

Leikhúsáhugi er mjög almennur á Íslandi og íslensk verk hafa jafnan notið vinsælda þegar vel tekst til. Ljóst er að fyrir þeim er mikill hljómgrunnur meðal almennings. Á undanförnum árum hafa orðið nokkrar umræður um hvernig efla megi íslenska leikritun. Leikritunarsjóður Leikfélags Reykjavíkur var stofnaður í október 2007, meðal annars til að „efla nýsköpun og fjölbreytni í íslenskri leikritun, auka vægi leikritunar í samfélaginu og stuðla að því að hún njóti virðingar í samfélagi lista. Meðal leiða að markmiðum þessum er að tryggja að alltaf verði að minnsta kosti eitt leikskáld starfandi við Borgarleikhúsið“. Þjóðleikhúsið hefur löngum leitast við að ráða höfunda til ákveðinna verkefna og vorið 2008 var stofnaður sjóður, *Prologus*, til þess ætlaður sérstaklega að efla hlut innlendrar leikritunar á verkefnaskránni.

Kvikmyndir og leikið sjónvarpsefni

Kvikmyndir og leikið sjónvarpsefni byggist einnig að stórum hluta á hinu talaða orði. Útbreiðsla og áhrifamáttur þessara miðla er mikill. Yfirgnæfandi meirihluti slíks efnis sem völ er á hérlendis hefur um langt árabil fyrst og fremst verið á ensku. Má segja að í því felist í raun gríðarlegur umdæmismissir á mjög mikilvægu sviði.

Það er því brýnt fyrir íslenska tungu að kvikmyndagerð og íslensk dagskrárgerð eflist. Einkum og sér í lagi þarf að efla gerð sjónvarps- og útvarpsleikrita, leikinna framhaldsþátta og hvers kyns afþreyingar annarrar auk vandaðs efnis til gagns og gamans fyrir börn. Þegar rekstrarformi Ríkisútvarpsins var breytt voru gefin fyrirheit um að breytingin mundi meðal annars veita stóraukið svigrúm til öflugrar framleiðslu á leiknu innlendu efni, jafnt kvik-

myndum sem framhaldsþáttum. Síðan þá hafa verið gerðir samningar við að minnsta kosti einn aðila um þátttöku í slíkum verkefnum. Fróðlegt verður að fylgjast með því hvort þessi fyrirheit ganga eftir. Miklu hlýtur einnig að varða samkomulag menntamálaráðherra, fjármálaráðherra og samtaka í íslenskri kvikmyndagerð frá 14. nóvember 2006 um stefnumörkun til að efla íslenska kvikmyndagerð (http://www. menntamalaraduneyti.is/frettir/rettarheimildir/nr/3788; sjá rammagrein).

Menntamálaráðherra og fjármálaráðherra og samtök í íslenskri kvikmyndagerð gera með sér eftirfarandi

SAMKOMULAG
um stefnumörkun til að efla íslenska kvikmyndagerð

1. gr.

Aðilar eru sammála um að stefnt skuli að því að árlega séu gerðar eigi færri en 4 leiknar íslenskar kvikmyndir í fullri lengd og að stefnt skuli að því að hlutfall framleiðslustyrks úr Kvikmyndasjóði af kostnaðaráætlun sé 50%.
Með íslenskri kvikmynd er átt við kvikmyndir eins og þær hafa verið skilgreindar til þess að geta hlotið framleiðslustyrk úr Kvikmyndasjóði skv. lögum nr. 137/2001 og reglugerð nr. 229/2003 um sjóðinn.
Stefnt er að því að leggja áherslu á barna- og fjölskyldumyndir í fullri lengd með væntingar um að myndir í þeim flokki verði framleiddar annað hvert ár að minnsta kosti.

2. gr.

Aðilar eru sammála um að miða við að meðalframleiðslukostnaður kvikmynda verði í lok samningstímans 210 milljónir króna. Heildarframlag til framleiðslustyrkja kvikmynda verði því 420 milljónir króna árið 2010.

3. gr.

Aðilar eru sammála um að veita stuðning við samframleiðslu kvikmynda í fullri lengd.
Stefnt skal að því að Kvikmyndasjóður geti varið 30 milljónum króna árlega til þátttöku í erlendum samframleiðslusjóðum.

4. gr.

Aðilar eru sammála um að efla aðrar greinar kvikmyndagerðar en framleiðslu leikinna kvikmynda í fullri lengd, s.s. gerð heimildamynda, stuttmynda og hreyfimynda. Aðilar eru sammála um að stefnt skuli að því að Kvikmyndasjóður geti í lok samningstímans varið 125 milljónum króna árlega til framleiðslustyrkja vegna slíkra verkefna. Hlutfall framleiðslustyrks vegna heimilda- og stuttmynda verði allt að 50%.

5. gr.

Aðilar eru sammála um að efla framleiðslu á íslenskum þáttaröðum fyrir sjónvarp og að í lok samningstímans verði 125 milljónum króna varið til slíkra verkefna.
Við úthlutun úr Sjónvarpssjóði skal stefnt að því að leggja áherslu á barna- og fjölskylduefni.

6. gr.

Aðilar eru sammála um að með þessum framleiðslustyrkjum geti íslensk kvikmyndagerð betur gegnt hlutverki sínu í íslensku menningarlífi.

7. gr.
Aðilar eru sammála um að umfang annarrar starfsemi Kvikmyndamiðstöðvar verði í svipuðu horfi og nú, að teknu tilliti til aukinnar kynningarstarfsemi vegna fleiri verkefna. Kostnaður vegna reksturs og kynningarverkefna skal áfram vera aðskilinn frá kvikmyndasjóðum.

8. gr.
Við framkvæmd 2., 3., 4. og 5. gr. samningsins er miðað við að áfangaskipting verði með þessum hætti:

	2007	**2008**	**2009**	**2010**
Sjónvarpssjóður	50	80	95	125
Heimildamyndasjóður	100	110	115	125
Kvikmyndasjóður	310	340	380	420
Samframleiðsla	30	30	30	30
Samtals	**490**	**560**	**620**	**700**

9. gr.
Menntamálaráðherra og fjármálaráðherra munu, með fyrirvara um samþykki Alþingis, beita sér fyrir því að markmið samkomulagsins náist í þeim áföngum sem lýst er í 8. gr.

Textagerð við dægurtónlist
Segja má með nokkrum rétti að einn helsti vettvangur ljóðlistar í nútímasamfélagi sé á sviði dægurtónlistar. Það er því mikil óheillaþróun fyrir íslenska tungu ef svo fer fram sem horfir að enska þyki eðlileg og sjálfsögð sem helsta söngmál íslenskra dægurtónlistarmanna. Erfitt er við slíkt að ráða með fyrirmælum eða valdboði en full ástæða er þó til að hvetja þessa listamenn til að sýna meiri metnað fyrir hönd þjóðtungunnar. Mörgum þeirra ætti að vera í lófa lagið að gera bæði íslenska og enska útgáfu af lögum sínum. Fordæmi þeirra söngskálda sem mestra vinsælda njóta og syngja einvörðungu á íslensku ætti að geta verið yngra fólki til eftirbreytni.

Annað
Það hefur orðið æ algengara á undanförnum árum að íslenskir listviðburðir og sýningar, einkum á sviði tónlistar, danslistar og myndlistar nefnist enskum nöfnum, til dæmis *Iceland Airwaves* og *Act Alone* eða *Akureyri International Music Festival*, *Sequences* (myndlistarhátíð) og *Local* (leiklistarhátíð), svo að fátt eitt sé nefnt. Virðist þar gilda einu hvort viðburðirnir eru sérstaklega ætlaðir erlendum áheyrendum eða ekki. Æ sjaldnar er haft fyrir því að slíkir viðburðir séu einnig látnir bera íslenskt heiti til jafns við hið enska. Sama gildir um ensk nöfn kvikmynda í auglýsingum kvikmyndahúsa og dagskrárkynningum sjónvarpsstöðva sem ekki þykir lengur ástæða til að þýða ef þau eru á ensku. Þeirrar tilhneigingar gætir nú einnig í vaxandi mæli í nöfnum leiksýninga. Nýleg dæmi: *Killer Joe* og *A Fool for Love*. Allt ýtir þetta undir þá hugmynd eða tilfinningu að Ísland sé eða eigi að verða málsvæði þar sem enska sé fullkomlega jafngjaldgeng og íslenska.

Horfur
Menningarlíf er öflugt á Íslandi og flestar greinar lista í blóma. Fátt bendir til annars en að þar geti íslensk tunga átt sér fjölbreytilegan og vaxandi vettvang ef rétt er á haldið. Allar horfur eru á að svo geti orðið ef vitundin um þýðingu tungunnar á þessum sviðum helst vak-

andi. Bókmenntirnar varða þar mestu og fátt bendir til annars en að íslenska sé þar í fyrirrúmi ef dægurlagatextar eru undanskildir. Margir eru þó uggandi um framtíðina þar sem bóklestur almennt fari þverrandi, láti æ meir í minni pokann fyrir annars konar afþreyingu. Ekki er slíkt þó einhlítt og alveg eins má halda því fram að hið stóraukna upplýsingaflæði sem fylgir Netinu og tölvutækninni hafi líka eflt eða geti orðið til að efla lestraráhuga almennt.

Markmið í íslenskri málstefnu
Íslensk málnefnd leggur til eftirfarandi markmið:

- Sú vitund þarf að verða almenn að íslenskar bókmenntir og allt starf, sem tengist þeim, sé meðal lykilatriða í varðveislu og þróun íslenskrar tungu. Mikilvægt er að tungan haldi áfram að nýtast, dafna og þróast á þessu sviði þar sem ótal vaxtarbrodda er að finna og skapandi hugsun skiptir meginmáli.
- Bókasöfn og skólar eru meðal helstu uppeldisstöðva nýrra lesenda og mikilvægur liður í útbreiðslu bókmenntanna. Á það ekki síst við um barnabækur. Það er í þágu íslenskrar tungu að almenningsbókasöfn og skólasöfn eflist að bókakosti og umsvifum öllum.
- Það er afar mikilvægt að styrkja stöðu íslenskrar tungu í kvikmyndum og hvers kyns leiknu sjónvarpsefni.
- Stórefla þarf kynningu íslenskra bókmennta erlendis og hvetja til þýðinga á erlendar tungur til að breikka lesendahóp og auka áhuga á frumtexta víða um heim. Þýðendum íslenskra bókmennta þarf að veita aukna athygli, hlúa að þeim á alla lund og fjölga þeim með námsframboði og styrkjum. Jafnframt þarf að ýta undir þýðingar erlendra skáldverka á íslensku, jafnt sígildra verka sem nýjustu metsölubóka. Á íslensku á allt að vera til og allt hægt. Með tilkomu hins nýja Bókmenntasjóðs er yfirumsjón þessara mála öll á einni hendi. Þannig hafa myndast sóknarfæri sem ber að nýta.
- Innlenda leikritun þarf að efla mjög til dáða. Of fá verk verða til sem sprottin eru úr íslensku umhverfi.

Aðgerðir
Til að ofangreind markmið náist leggur Íslensk málnefnd til eftirfarandi aðgerðir:

- Launasjóður rithöfunda gegni áfram lykilhlutverki sínu.
- Bókmenntasjóði verði gert kleift að ná þeim árangri sem að var stefnt með sameiningu sjóðanna þriggja sem í hann runnu.
- Áhersla verði áfram lögð á hvers kyns stuðning við innlenda leikritun og framleiðslu innlendra kvikmynda og leikins sjónvarpsefnis.
- Hvetja þarf fyrirtæki og einstaklinga til að styrkja listsköpun á íslensku.
- Sértækar aðgerðir þarf til að efla útgáfu frumsaminna barnabóka.
- Virðisaukaskattur á bækur haldist áfram sem lægstur.
- Stofna þarf til markvissrar kennslu í að yrkja á íslensku í skólum.
- Ríkisfjölmiðlar sýni gott fordæmi og sjái til þess að keppt verði eingöngu á íslensku hér heima um framlag Íslands til söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.

ÞÝÐINGAR OG TÚLKUN

Ástand

Íslendingar eru virkir í alþjóðlegu samstarfi á ýmsum sviðum, í viðskiptum, stjórnmálum og menningu, svo að eitthvað sé nefnt. Slíkt samstarf krefst skjótrar og áreiðanlegrar miðlunar margvíslegra upplýsinga á milli ólíkra menningarheima. Þýðingar eru afar mikilvægur þáttur í þeirri miðlun, bæði á íslensku og einnig af íslensku á önnur mál. Túlkun er ekki síður mikilvæg, bæði á ráðstefnum, fundum og fyrir dómstólum. Skjótvirk og áreiðanleg miðlun á milli ólíkra menningarheima krefst sérfræðiþekkingar og langrar reynslu; meta þarf upplýsingar, staðfæra og flytja á milli kerfa. Efniviðurinn er ærið fjölbreyttur, allt frá flóknu tæknimáli þar sem reynir á nákvæma hugtakanotkun til fagurbókmennta þar sem listrænir hæfileikar eru í öndvegi. Hraði og nákvæmni skipta miklu máli í þýðingum og túlkun, ekki síst á tímum mikillar fjölmiðlunar þar sem brýnt er að tryggja Íslendingum íslenskar þýðingar og túlkun erlendra frétta og ýmiss konar menningar- og afþreyingarefnis.

Á Íslandi er fyrir hendi allnokkur sérþekking í þessum efnum, einkum þýðingum á íslensku. Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins var stofnuð árið 1990 til að þýða samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og tilskipanir, reglugerðir, ákvarðanir og tilmæli sem heyra undir EES-samninginn. Þessir textar, sem eru oft æðiflóknir og á köflum mjög tæknilegir, varða réttindi og hagsmuni íslenskra borgara á fjölmörgum sviðum, til dæmis í félagsmálum, jafnréttismálum, neytendamálum, umhverfismálum og menntamálum. Íslenskar þýðingar þessara texta verða síðan hluti af íslenskum lögum og reglugerðum eða mynda grunn að þeim. Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins hefur á að skipa sérþjálfuðu starfsliði sem leitast við að koma þessum flóknu textum til skila á skýru og skiljanlegu máli. Jafnframt hefur Þýðingamiðstöðin víðtækt samstarf við sérfræðinga í orðanefndum, á háskólastiginu, í opinberum stofnunum og atvinnulífinu. Auk Þýðingamiðstöðvarinnar sinna ýmis sjálfstæð fyrirtæki þýðingarþjónustu.

Þróttmikið íðorðastarf er forsenda þess að unnt sé að tala um ýmis sérfræðileg efni á íslensku. Á Íslandi er löng hefð fyrir nýyrðasmíð og fjöldi fagfélaga hefur á sínum snærum orðanefndir. Í þessum efnum er ástandið þó misjafnt eftir greinum og sums staðar er sérfræðimál mjög litað af erlendum orðum, einkum enskum, jafnvel svo að einhverjum kunni að þykja auðveldara að nota eingöngu ensku sem samskiptamál á sínu sérsviði. Skortur á íslenskum íðorðum getur því átt þátt í umdæmismissi íslenskrar tungu á ákveðnum sérsviðum.

Málræktarsvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (áður Íslensk málstöð) hefur stutt starf orðanefnda eftir föngum og meðal annars starfrækt rafrænan orðabanka frá árinu 1997. Orðabankinn geymir fjölda sérhæfðra íðorðasafna sem einstaklingar og orðanefndir hafa unnið. Þar má fá yfirsýn yfir íslenskan íðorðaforða og ýmis nýyrði úr almennu máli og um leið veitir hann aðgang að þýðingum á erlendum íðorðum og hugtakaskilgreiningum. Orðabankinn er öllum aðgengilegur á Netinu á www.arnastofnun.is.

Í starfi Þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins hefur orðið til gríðarmikið safn hugtaka á sviði laga og stjórnsýslu og einnig fjöldi tæknilegra hugtaka sem notuð eru á hinum fjölmörgu sérsviðum EES-samningsins. Þetta hugtakasafn hefur verið öllum aðgengilegt frá 1995 á Netinu á slóðinni www.hugtakasafn.utn.stjr.is. Grunntungumálin eru íslenska og enska en einnig er að finna þar færslur á öðrum tungumálum.

Þýðingafræði er ung háskólagrein á Íslandi. Árið 2001 kom Háskóli Íslands á fót sérstakri námsbraut í þýðingafræðum. Þýðingafræði þjálfar nemendur í miðlun upplýsinga á milli menningarheima með ýmsum aðferðum.

Sá sem ekki er mæltur á íslensku á lögum samkvæmt rétt á túlkunarþjónustu fyrir dómstólum og þegar hann þarf að leita læknisaðstoðar. Íslendingar eiga sama rétt víða erlendis. Túlkun hér á landi er mikilvægur liður í aðlögun útlendinga að íslensku samfélagi og því um leið grundvöllur að íslenskunámi. Alþjóðahús og Alþjóðastofa á Akureyri reka túlkaþjónustu og dóms- og kirkjumálaráðuneytið heldur úti lista yfir þá sem réttindi hafa til að túlka fyrir dómi. Ekki er þó enn boðið upp á þjálfun í túlkun á Íslandi, hvorki ráðstefnutúlkun né samfélagstúlkun.

Horfur

Íslendingar verða áfram virkir í ýmiss konar alþjóðasamstarfi og þörfin fyrir þýðingar, túlkun og menningarmiðlun af ýmsum toga mun því ugglaust aukast á komandi árum. Það er sjálfsögð krafa Íslendinga að hafa aðgang að margvíslegu efni af erlendum uppruna á íslensku. Lög, reglugerðir, viðskiptasamninga, tæknilega staðla, notkunarleiðbeiningar, fræðileg skrif, fagurbókmenntir og kvikmyndir, svo að fátt eitt sé nefnt, þarf að þýða á íslensku svo að Íslendingar geti nýtt og notið á móðurmálinu. Íslendingar þurfa enn fremur að geta miðlað efni af íslensku til annarra þjóða. Þá þarf íslenska að vera gjaldgeng hjá alþjóðastofnunum og á alþjóðaráðstefnum þar sem fram fer túlkun á milli ýmissa þjóðtungna. Fjöldi ferðamanna sækir Ísland heim ár hvert og hingað kemur líka fólk hvaðanæva sem býr hér skamma hríð vegna atvinnu sinnar. Þetta fólk þarf að eiga kost á vandaðri samfélagstúlkun.

Brýnt er þess vegna að Íslendingar hafi á að skipa öflugri sveit manna með sérþekkingu á þýðingum, túlkun og menningarmiðlun. Að öðrum kosti verða Íslendingar út undan í samfélagi þjóðanna og íslensk tunga verður hornreka.

Markmið í íslenskri málstefnu

Íslensk málnefnd leggur því til eftirfarandi markmið:

– Að íslenska standi jafnfætis tungumálum grannþjóðanna í þýðingum og túlkun.

Í því felst að Íslendingar hafi á að skipa stétt vel menntaðra og þjálfaðra sérfræðinga í þýðingum og túlkun er tryggt geti að Íslendingar eigi ætíð kost á vönduðum íslenskum þýðingum á hvers kyns textum, lögum og reglugerðum, fræðilegum textum, fréttatextum og fagurbókmenntum, og jafnframt túlkun yfir á íslensku í fjölmiðlum, á alþjóðlegum ráðstefnum, fundum og fyrir dómstólum. Enn fremur að Íslendingar verði færir um að veita sams konar þýðingar og túlkun af íslensku á önnur tungumál.

Aðgerðir

Til þess að ofangreint markmið náist leggur Íslensk málnefnd til:

– Að kennsla í þýðingafræðum við íslenska háskóla verði efld.
– Að komið verði á fót hagnýtu námi í þýðingum og textavinnu í samvinnu við atvinnulífið þar sem lögð verði áhersla á þýðingar laga- og tæknitexta og meðferð nytjatexta.
– Að komið verði á fót skipulegri þjálfun túlka á Íslandi.
– Að stutt verði við þróun hugbúnaðar er gagnast megi við vélrænar þýðingar á íslensku og af íslensku (sjá *Íslenska í tölvuheiminum*).

- Að stutt verði við íðorðastarfsemi, bæði með kennslu í íðorðasmíð, skipulegum stuðningi við orðanefndir og viðurkenningu á íðorðastarfi í háskólum og fræðasamfélaginu almennt.
- Að orðabankar á Netinu verði efldir og kynntir.
- Að í engu verið hvikað frá þeirri stefnu að þýða á íslensku allar erlendar tilskipanir, reglugerðir, ákvarðanir eða tilmæli sem gildi hafa fyrir Íslendinga, þar með talið allt það efni sem heyrir undir EES-samninginn.
- Að allir íslenskir fjölmiðlar (prentmiðlar, vefmiðlar og ljósvakamiðlar) verði hvattir til þess að birta ekki efni á erlendu máli nema því fylgi vönduð íslensk þýðing. Auglýsingar verði þar ekki undanþegnar.
- Að hugbúnaðarþýðingar verði stórefldar svo að Íslendingar eigi kost á notendaviðmóti á móðurmáli sínu (sjá *Íslenska í tölvuheiminum*).
- Að íslenska ríkið noti aðeins hugbúnað með íslensku viðmóti þar sem því verður við komið. Þetta er einkum brýnt í skólakerfinu (sjá *Íslenska í tölvuheiminum* og *Leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar*).

ÍSLENSKA SEM ANNAÐ MÁL

Ástand

Á undanförnum árum hefur fjöldi fólks af erlendum uppruna flust til Íslands. Í töflu 1 eru tölur frá Hagstofu Íslands um hlutfall erlendra ríkisborgara af mannfjölda.

1. desember 1988	4.829	1,9%
1. janúar 1998	5.635	2,1%
1. janúar 2008	21.434	6,8%

Tafla 1: Hlutfall erlendra ríkisborgara af mannfjölda.
Heimild: Hagstofa Íslands (www.hagstofa.is).

Þessar tölur sýna glögglega hve erlendum ríkisborgurum hér á landi hefur fjölgað mikið undanfarin tíu ár (1998–2008), miklu meira en næstu tíu ár þar á undan (1988–1998). Erlendum ríkisborgurum hér á landi mun líklega fækka verulega á næstu misserum vegna efnahagsörðugleika og minnkandi atvinnu en jafnlíklegt má teljast að þeim fjölgi á nýjaleik þegar úr rætist.

Við blasir að jafnframt fjölgun erlendra ríkisborgara hefur tungumálum í íslensku samfélagi fjölgað mikið. Hætt er við að stór hluti þeirra erlendu ríkisborgara, sem hingað hafa flust á allra síðustu árum, noti annað mál en íslensku við dagleg störf sín hér á landi. Þetta á ekki síst við um atvinnugreinar þar sem fjöldi erlendra starfsmanna af ólíkum uppruna vinnur saman. Við þær aðstæður er samskiptamálið oft enska enda þótt fæstir starfsmannanna hafi ensku að móðurmáli. Nokkur umræða hefur orðið í fjölmiðlum um málnotkun í ýmsum þjónustugreinum þar sem rakin hafa verið dæmi um að afgreiðslufólk í verslunum geti ekki notað íslensku í störfum sínum og það hafi valdið neikvæðum viðbrögðum hjá íslenskum neytendum.

Fjölgun erlendra ríkisborgara hefur verið hröð og átt sér stað á tímum mikillar þenslu á íslenskum vinnumarkaði. Líklegt má teljast að margir þeirra sem hingað hefur flust hafi í hyggju að dveljast hér aðeins skamma hríð. Greiðan aðgang þarf að góðri og ódýrri íslensku-

kennslu og mikla hvatningu til að fólk ráðist í það verkefni að læra íslensku. Hindranir í veginum eru þó því miður of margar. Alltof algengt er að útlendingar, sem hér setjast að, þurfi að stunda íslenskunám sitt að loknum löngum vinnudegi. Þreyta kemur þá í veg fyrir að námið skili tilætluðum árangri og kennsla nýtist sem skyldi. Kostnaður við íslenskunámið, bæði er varðar námskeiðsgjöld og bókakaup, er enn fremur hindrun í mörgum tilvikum. Við það bætist að ekki er víst að allir finni kennslu og kennslugögn við sitt hæfi. Þeir sem þurfa að læra íslensku hafa afar ólíkan bakgrunn, ólík móðurmál, breytilega tungumálakunnáttu og misjafna lestrarfærni. Afar fjölbreytt kennslugögn þarf til að þjóna þörfum allra.

Hætt er við að útlendingar hér á landi fái ekki næga hvatningu til að læra íslensku. Það viðhorf er því miður útbreitt meðal Íslendinga að íslenska sé „lítið tungumál“ vegna þess hve fáir tala það og því borgi sig ef til vill ekki fyrir útlendinga að læra það; einnig að íslenska sé fornlegt tungumál og flókið og því sé afskaplega erfitt fyrir útlendinga að læra það. Ofan á það bætist sú algenga skoðun Íslendinga að þeir séu sjálfir svo færir í ensku að hægur vandi sé að búa og starfa á Íslandi án þess að læra íslensku, enska sé gjaldgeng hvarvetna á Íslandi. Því verður vitanlega ekki á móti mælt að fjöldi þeirra er talar íslensku er ekki mikill í alþjóðlegum samanburði. Hitt er þó mikilvægara að íslenska er tungumál heils samfélags; á Íslandi er íslenska aðalmálið á öllum sviðum samfélagsins. Íslenska er því langmikilvægasta tungumálið á Íslandi. Til þess að geta tekið fullan þátt í íslensku samfélagi og notið til hlítar allra þeirra lífsgæða, sem þar eru í boði, er nauðsynlegt að hafa vald á tungumálinu – *íslenska er lykillinn að íslensku samfélagi*.

Loks er vert að vekja athygli á því að Íslendingar hafa margir hverjir litla þolinmæði til að hlusta á íslensku með erlendum hreim og minnstu frávikum frá venjulegri íslenskri orðanotkun, beygingum eða setningagerð. Útlendingar, sem ráðast í það að læra íslensku, kvarta alltof oft yfir því að þeim gangi illa að nota íslenskukunnáttu sína hér á landi vegna þess að oft vilji það brenna við að um leið og erlend einkenni í máli heyrist skipti Íslendingar yfir í ensku. Ástæða virðist til að óttast að viðhorf Íslendinga sjálfra til íslensku, íslenskukennslu fyrir útlendinga og íslensku með erlendum einkennum efli ekki útlendinga í þeirri viðleitni sinni að læra íslensku og geti beinlínis dregið úr þeim.

Horfur

Fjölgun þeirra tungumála sem notuð eru á Íslandi þarf ekki að vera skaðleg íslenskri tungu ef íslenska verður áfram aðalsamskiptamálið í fjölmenningarsamfélagi hér á landi. Á hinn bóginn steðjar að sú hætta að íslenska taki að hörfa fyrir öðrum tungumálum á þeim sviðum atvinnulífsins þar sem fjölgun erlends vinnuafls hefur verið hvað mest. Við þeirri hættu þarf að bregðast.

Margt gott hefur vissulega áunnist í þessum efnum á undanförnum misserum. Má þar nefna stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda sem samþykkt var í ársbyrjun 2007 en þar er einmitt lögð áhersla á íslenskukennslu (sjá vef félagsmálaráðuneytisins: www.felagsmalaraduneyti.is). Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er einnig að finna kafla um málefni innflytjenda þar sem lýst er yfir vilja til að gera átak í íslenskukennslu fyrir útlendinga. Í kjölfarið hefur ríkisstjórnin veitt sérstaka styrki til kennslu í íslensku fyrir útlendinga og skipaði menntamálaráðherra sérstaka verkefnisstjórn til að hafa yfirumsjón með ráðstöfun fjárins. Verkefnisstjórnin hefur nú skilað greinargerð um stöðu verkefnisins (*Íslenska með hreim er líka íslenska* 2008) og í september 2008 gaf menntamálaráðuneytið út námskrá í íslensku fyrir útlendinga (*Íslenska fyrir útlendinga – grunnnám* 2008). Þá hefur menntamálaráðuneyt-

ið gert samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um undirbúning og framkvæmd verkefna á sviði íslenskukennslu fyrir útlendinga. En verkefnið er stórt og því er hvergi nærri lokið.

Markmið í íslenskri málstefnu
Íslensk málnefnd leggur til eftirfarandi markmið:

– Að íslenska verði áfram aðalsamskiptamálið í fjölþjóðlegu samfélagi á Íslandi.

Brýnt er að útlendingum, sem hér setjast að, séu búnar þær aðstæður að þeir geti náð tökum á íslensku og orðið virkir þátttakendur í íslensku samfélagi á íslensku. Forsendurnar fyrir því að þetta markmið geti náðst eru að minnsta kosti þessar:

– Fyrir hendi þarf að vera traust fræðileg þekking á tileinkun og kennslu íslensku sem annars máls.
– Fyrir hendi þarf að vera traust fræðileg þekking á einkennum íslensku sem annars máls og tilbrigðum eftir uppruna þeirra sem hana tala.
– Völ þarf að vera á reyndum kennurum sem eru sérmenntaðir til að kenna íslensku sem annað mál.
– Kennsla í íslensku þarf að vera vönduð og fjölbreytt og miðast við þarfir ólíkra hópa. Taka þarf tillit til þess að þeir sem þurfa á íslenskukennslu að halda hafa afar ólíkan bakgrunn, mismikla menntun og móðurmál þeirra eru ólík.
– Kennsluefni í íslensku þarf að vera vandað og fjölbreytt og miðast við þarfir ólíkra hópa. Tryggja þarf að allir fái efni við sitt hæfi. Meðal annars þarf að taka tillit til þess að lestrarfærni þeirra sem þurfa á íslenskukennslu að halda er afar misjöfn.
– Kennsla í íslensku þarf að vera ódýr og helst endurgjaldslaus.
– Kennsla í íslensku þarf að vera aðgengileg. Vænlegra er að bjóða upp á starfsmiðaða íslenskukennslu í vinnutíma en að ætlast til þess að íslenskunámi sé bætt ofan á fullt starf.
– Hvatning til að læra íslensku þarf að vera fyrir hendi.
– Viðhorf Íslendinga til íslensku með erlendum einkennum þarf að vera jákvætt.

Starfsmiðuð íslenskukennsla í vinnutíma
Hjá sjávarútvegsfyrirtækinu HB Granda hf. voru árið 2003 um 60 af hundraði starfsmanna af erlendum uppruna og ef áhafnir fiskiskipa eru undanskildar og aðeins litið til fiskvinnslu í landi á vegum fyrirtækisins var hlutfall erlendra starfsmanna þar yfir 80%. Árið 2003 skipulagði Fjölmenning námskeið í íslensku fyrir erlenda starfsmenn HB Granda hf. með stuðningi Landsmenntar og Starfsafls sem eru fræðslusjóðir innan vébanda Samtaka atvinnulífsins. Námskeiðin voru starfsmiðuð og fór kennslan fram á vinnustaðnum í vinnutíma. Þátttakendur í námskeiðunum báru engan kostnað af þeim.

Próf voru haldin og árangurinn af þessum námskeiðum skilaði miklum framförum í íslensku. Aukin færni í íslensku hafði svo aftur jákvæð áhrif á ýmsum öðrum sviðum (Birna Arnbjörnsdóttir 2006):

– Það dró úr fjarvistum starfsfólks.
– Starfsmannavelta minnkaði.
– Þátttaka erlendra starfsmanna í félagslífi innan fyrirtækisins jókst.
– Andinn í fyrirtækinu batnaði.

Aðgerðir
Til að ofangreint markmið náist leggur Íslensk málnefnd til:

- Að stefnt verði að stofnun rannsóknastofnunar á háskólastigi er hafi það hlutverk að vinna að rannsóknum á tileinkun og kennslu íslensku sem annars máls og miðla þekkingu á þeim fræðum, meðal annars með því að byggja upp sérstaka námsbraut á háskólastigi í kennslufræði íslensku sem annars máls og vera fræðilegur bakhjarl fyrir þróun kennsluefnis.
- Að áfram verði veitt fé til íslenskukennslu fyrir útlendinga (fullorðinsfræðslu).
- Að áfram verði veitt fé til þróunar og útgáfu kennsluefnis í íslensku.
- Að vinnuveitendur fái sérstaka hvatningu og stuðning til að veita starfsmönnum sínum starfsmiðaða kennslu í íslensku í vinnutíma.
- Að hlúð verði sérstaklega að börnum innflytjenda í íslensku skólakerfi og leitast verði við að tryggja að þau fái fullnægjandi málörvun, bæði í móðurmáli sínu og íslensku.
- Að efnt verði til jákvæðrar umræðu og fræðslu um íslensku sem annað mál og markvisst unnið að því að bæði útrýma fordómum gagnvart íslensku með erlendum einkennum og hvetja innflytjendur til að læra íslensku.
- Að innflytjendur verði hvattir til að segja sögu sína og tjá sig á íslensku þannig að íslenska sem annað mál fái sess í íslenskri bókmenntasköpun. Efna mætti til námskeiða í skapandi skrifum fyrir þá sem tala íslensku sem annað mál.

ÍSLENSKA ERLENDIS

Ástand
Áhugi á að læra íslensku sem annað eða erlent mál er ekki nýr af nálinni en hefur aukist jafnt og þétt síðan um miðja síðustu öld. Hann má bæði rekja til aukinnar þekkingar erlendis á sérkennum íslensks máls og bókmennta og aukinna samskipta Íslendinga við aðrar þjóðir. Hvatinn til náms er því bæði af fræðilegum og hagnýtum rótum. Þessum aukna áhuga á málinu meðal útlendinga hefur að nokkru leyti verið svarað með auknu kennsluframboði.

Þeim útlendingum fjölgar stöðugt sem koma hingað til lands í þeim tilgangi helstum að læra íslensku sem annað mál á háskólastigi. Við Háskóla Íslands er hægt að ljúka BA-prófi í íslensku fyrir erlenda stúdenta. Þá er líka boðið upp á fjarnám á byrjendanámskeiðum og nokkur mismunandi sumarnámskeið. Frá og með haustinu 2008 var boðið upp á nýja námsleið við Háskóla Íslands: hagnýtt nám í íslensku fyrir útlendinga sem aðeins vilja læra málið en ekki stunda akademískt nám í íslensku. Þess má geta að inn í námsgreinina íslenska fyrir erlenda stúdenta voru teknir 150 nýnemar skólaárið 2007–2008 eða nærri helmingi fleiri en 2005. Undanfarin ár hafa 50–60 manns verið á öðru og þriðja ári og milli 12–15 manns útskrifast með BA-próf ár hvert. Nemarnir koma víða að eins og sjá má á *töflu 2* með yfirliti yfir fyrsta árs nema haustið 2005.

Einnig fjölgar stöðugt útlendingum sem vilja læra íslensku í heimalandi sínu, á námskeiðum eða í háskólanámi. Nú er nútímaíslenska kennd við um 40 háskóla erlendis og styðja íslensk stjórnvöld þessa kennslu fjárhagslega á 18 stöðum, mismikið þó. Forníslenska er kennd enn víðar. Á annað þúsund nemar sækja kennslu í nútímaíslensku við erlenda háskóla árlega.

Einnig er rétt er að muna eftir því að á nokkrum stöðum erlendis er börnum og fullorðnum boðið upp á námskeið í íslensku utan háskóla, meðal annars í fornum byggðum Íslendinga í Kanada.

9	frá Asíu
1	frá Afríku
7	frá Rómönsku-Ameríku
8	frá Norður-Ameríku
14	frá Norðurlöndum
23	frá Austur-Evrópu
16	frá Mið- og Suður-Evrópu
Samtals 78	manns frá 32 löndum sem töluðu 26 mismunandi tungumál.

Tafla 2: Fyrsta árs nemar í íslensku fyrir erlenda stúdenta í Háskóla Íslands haustið 2005

Þá er móðurmálskennsla íslenskra barna, sem búa erlendis, stunduð nokkuð víða þar sem Íslendingar eru fjölmennir, ekki síst þar sem stjórnvöld í landinu styðja móðurmálskennslu barna af erlendum uppruna (það sem á sænsku er kallað *hemspråk* og mætti kalla *heimamál* á íslensku). Íslensk stjórnvöld hafa einnig komið til móts við móðurmálskennslu íslenskra barna erlendis með smástyrkveitingum. Þá var Íslenskuskólanum komið á fót á Netinu fyrir atbeina þeirra árið 2004. Í apríl 2004 voru yfir 400 nemendur skráðir í skólann og voru þeir búsettir í 28 löndum og 5 heimsálfum. Árið 2005 tóku foreldrar og kennarar við rekstrinum. Vegna fjárskorts hefur skólastarf legið niðri síðan haustið 2007 (sjá www.netskoli.is). Samkvæmt tölum frá árinu 2000 bjuggu 8,3% Íslendinga erlendis og var tæpur þriðjungur þeirra á aldrinum 0–16 ára (Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir 2004:5). Stærsti hluti þessara barna, eða um 85%, var búsettur í Evrópulöndum og flest voru þau á Norðurlöndum.

Einkum þrennt hefur staðið kennslu í íslensku erlendis fyrir þrifum, þ.e.a.s. skortur á fjármagni til að greiða fyrir kennsluna, skortur á kennurum sem hafa lagt stund á nám í kennslu íslensku sem erlends máls eða í móðurmálskennslu íslenskra barna og skortur á kennsluefni og orðabókum sem ætlaðar eru mismunandi hópum með ólíkar þarfir.

Samfara auknum áhuga á íslenskunámi erlendis hefur áhugi á íslenskum bókmenntum vaxið, bæði á frummálinu og í þýðingum. Ekki síst hefur áhugi á íslenskum sakamálasögum og barnabókum aukist. Miklu fleiri verk eru nú gefin út í þýðingum en fyrir svo sem 15–20 árum enda hafa íslensk bókaforlög aukið mjög kynningu á íslenskum samtímabókmenntum erlendis og Bókmenntakynningarsjóður, nú Bókmenntasjóður, hefur meira fjármagn en áður til að styðja þýðingar á íslenskum bókmenntum á önnur mál. Þýtt er á fleiri mál en áður þótt enn sé mest þýtt á Norðurlandamál og þýsku.

Rannsóknir á íslensku sem öðru og erlendu máli hafa legið í láginni og stutt er síðan farið var að bjóða upp á misserisnám í kennslufræði íslensku sem annars og erlends máls. Mikill áhugi er nú á að efla rannsóknir á þessu sviði og bæta kennsluhætti.

Horfur

Vegna stöðugt aukinna samskipta Íslendinga við aðrar þjóðir og fjölda Íslendinga, sem búa erlendis um lengri eða skemmri tíma, er ekkert sem bendir til annars en þeim útlendingum fjölgi sem vilja læra íslensku og hópur þeirra íslenskra barna, sem ættu að njóta stuðnings í

íslenskunámi erlendis, muni stækka. Þótt kennslu í íslensku sem öðru eða erlendu máli hafi þokað mjög áfram á undanförnum tveimur áratugum er nauðsynlegt að efla hana enn frekar. Nú getur Háskóli Íslands tekið við flestum stúdentum sem sækja um nám í íslensku fyrir útlendinga en þó tæpast sinnt þeim svo vel sem æskilegt væri. Meira en helmingi fleiri sækja um sumarnámskeið í íslensku en unnt er að taka á móti. Margir vilja læra íslensku við erlenda háskóla en eiga ekki kost á því í heimalöndum sínum. Vefnámskeiðið *Icelandic Online* er mikið framfaraskref en nú nota það á degi hverjum 300–400 manns með mjög góðum árangri. En sjálfstýrt nám eða fjarkennsla á Netinu kemur þó ekki að öllu leyti í stað hefðbundinnar kennslu á staðnum og þess vegna er brýnt að áfram verði boðið upp á íslenskukennslu við erlenda háskóla og kennslan studd af íslenskum stjórnvöldum þar sem nægur fjöldi stúdenta er. Þá er einnig æskilegt að unnt verði að bjóða fleiri styrki útlendingum sem vilja læra íslensku við Háskóla Íslands, hvort sem það er í vetrarnámi eða á sumarnámskeiðum.

Brýnt er að auka bæði fræðilegar og hagnýtar rannsóknir á íslensku sem öðru og erlendu máli, máltileinkun íslensku, tvítyngi, menningarlæsi og kennslufræði tungumálanáms. Jafnframt er nauðsynlegt að efla kennaranám. Þá er æskilegt að menn komi sér saman um merkingu fagorða sem notuð eru um íslensku sem annað og erlent mál og menningarlæsi svo að umræða um greinina verði markviss.

Jafnframt þarf að efla kennsluefnis- og orðabókagerð en skortur á hvoru tveggja hefur gjarnan staðið íslenskukennslu nokkuð fyrir þrifum og gert ýmsum íslenskunemum námið erfitt. Fagna ber þeirri áherslu sem nú er lögð á að gera íslenskskandinavískar orðabækur innan *ISLEX*-verkefnisins. Væri æskilegt að verkefnið tæki til fleiri tungumála, svo sem þýsku og frönsku.

Markmið í íslenskri málstefnu

Það eitt að fjölmargir útlendingar hafa einlægan áhuga á að læra íslensku er ómetanlegur stuðningur fyrir framtíð tungumálsins. Og það er í samræmi við aukna áherslu á alþjóðasamstarf og gæslu hagsmuna okkar erlendis að styrkja hvers kyns menningarsamskipti. Íslenska ætti að vera hluti af íslenskri útrás. Íslensk málnefnd leggur því til eftirfarandi markmið:

– Að efla kennslu í íslensku erlendis þannig að sem flestir eigi kost á henni.

Það er í samræmi við íslenska málstefnu að veita sem flestum sem besta kennslu í íslensku, hvort sem þeir eru fæddir Íslendingar, útlendingar sem hafa flust til landsins eða erlendir ríkisborgarar sem vilja læra íslensku sér til gagns eða gamans. Enda styrkir kennsla í íslensku sem öðru og erlendu máli útbreiðslu tungunnar og gerir hana sterkari á alþjóðavettvangi.

– Að styðja eftir föngum rannsóknir á íslensku og íslenskum bókmenntum erlendis.

Rannsóknir, sem stundaðar eru á íslensku og íslenskum bókmenntum erlendis, efla fræðasamfélagið og útbreiðsla íslenskra bókmennta í þýðingum erlendis væri ekki hugsanleg án stuðnings þess fjölda útlendinga sem lagt hefur stund á íslenskunám og gjörva hönd að því að þýða úr íslensku á sínar tungur.

– Að íslensk börn erlendis eigi kost á vandaðri íslenskukennslu.

Það á að vera keppikefli stjórnvalda að auðvelda íslenskum börnum, sem búa erlendis um lengri eða skemmri tíma, að tileinka sér íslensku og koma til móts við foreldra þeirra með því að styrkja skólastarf á þeirra vegum, ekki síst með stuðningi við áframhaldandi starf Íslenskuskólans á Netinu. Góð þekking barnanna á íslensku máli auðveldar þeim aðlögun að íslensku samfélagi og eflir útbreiðslu íslenskrar tungu.

Aðgerðir

Til að ofangreind markmið náist leggur Íslensk málnefnd til:

- Að stefnt verði að stofnun rannsóknarstofu á háskólastigi sem hafi það hlutverk að vinna að fræðilegum og hagnýtum rannsóknum íslensku sem annars og erlends máls, máltileinkun, tvítyngi, menningarlæsi og kennslufræði og miðla þekkingu á þeim, meðal annars með því að byggja upp sérstaka námsbraut á háskólastigi í fræðum íslensku sem annars eða erlends máls og vera fræðilegur bakhjarl fyrir þróun kennsluefnis. Þessi stofa byggðist á reynslu annarra þjóða og þróaði jafnframt íslenska stefnu á sviði kennslu íslensku sem annars eða erlends máls og menningarlæsi (íslenskt líkan).
- Að myndarlega verið staðið að íslenskukennslu fyrir erlenda stúdenta og íslensk börn erlendis og stefnt verði að því að fjölga möguleikum til íslenskunáms í skólum, á kvöldnámskeiðum og í fjarnámi.
- Að leitað verði leiða til að þróa enn frekar og gefa út námsefni sem hæfir ólíkum nemendahópum, bæði í prentformi og á Netinu.
- Að leitað verði leiða til að fjölga orðabókum á Netinu.
- Að stuðlað verði að útrás íslenskunnar henni til hagsbóta með því að efla íslensk fræði við erlenda háskóla og kynningu á íslenskri bókmenningu erlendis.

LOKAORÐ

Í köflunum ellefu hér á undan liggja fyrir tillögur Íslenskar málnefndar um markmið og aðgerðir til þess að hlúa að íslenskri tungu, efla hana og styrkja þannig að íslenska verði nothæf á öllum sviðum íslensks samfélags. Staða tungunnar nú um stundir er sterk en mikilvægt er að sofna ekki á verðinum þannig að einstök umdæmi glatist og erlent mál verði þar ríkjandi. Þar eru sum svið í meiri hættu en önnur og reynsla annarra þjóða sýnir að erfitt er að vinna svið aftur sem þegar hefur tapast.

Tungan er sameign allrar þjóðarinnar. Enginn ber jafnmikla ábyrgð á íslenskri tungu og þjóðin sjálf. Þetta vita allir innst inni. Foreldrar eru fyrirmyndir barna að góðu og vönduðu máli. Flestir foreldrar leggja sig fram við að leiðbeina börnum sínum með því að tala við þau strax frá fæðingu og lesa fyrir þau á meðan þau eru ekki fær um að lesa sjálf. En ábyrgð foreldra lýkur ekki við upphaf skólagöngu. Mikilvægi góðra málfyrirmynda tekur aldrei enda.

Í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum eignast börnin nýjar fyrirmyndir sem eru kennarar í öllum námsgreinum og er mikilvægi þeirra óumdeilt. Ef kennarinn er góð málfyrirmynd, leiðbeinir og skýrir á vönduðu, lifandi máli, fara börn og unglingar með gott veganesti út í lífið.

Hlutverk háskólanna í því að styðja og efla tunguna er ekki síður mikilvægt bæði í ræðu og í riti. Ef slegið er af kröfum og fræðamálið er blanda af íslensku og ensku fara stúdentar út í þjóðfélagið ófærir um að tala við samstarfsmenn, almenna borgara eða skrifa um sviðið

á vandaðri íslensku. Allt skólakerfið, frá upphafi leikskóla til loka háskólanáms, þarf að vera markviss, jákvæð þjálfun í notkun íslensku. Að henni býr allt þjóðfélagið.

Ábyrgð hvers kyns fjölmiðla er augljós. Vönduð blaða- og fréttamennska og góður yfirlestur málfarsráðunautar og prófarkalesara á að vera í fyrirrúmi á hverjum fjölmiðli. Áhrif þeirra á málnotkun eru meiri en þeir gera sér ef til vill alltaf grein fyrir.

Tillögurnar ná til fleiri mikilvægra sviða eins og íslensku í tölvuheiminum, viðskiptum, listum, þýðingum, íslensku sem annars máls og íslensku erlendis. Hvert af þessum sviðum ber ásamt öllum hinum ábyrgð á íslenskri tungu og því að hún verði gjaldgeng hvar og hvenær sem er í íslensku þjóðfélagi. Hætturnar eru mismiklar en með samstilltu átaki má koma miklu til leiðar.

Einn kaflinn í málstefnunni er ónefndur en hann er um stöðu íslensku í lögum. Norðurlandaþjóðirnar hafa séð nauðsyn þess í vaxandi alþjóðavæðingu að tryggja stöðu þjóðtungna sinna og því leggur málnefndin til að hugað verði að hinu sama hérlendis. Þjóðtungan er aldrei nógu vel tryggð.

Ýmislegt af því sem lagt er til í málstefnunni kostar ekki mikið fé, sumt aðeins hvatningu, annað kallar á viðhorfsbreytingar. Sumt kostar litla vinnu, annað meiri, sum markmiðin er unnt að takast á við nú þegar, önnur eru langtímamarkmið sem þarfnast aukinna fjárveitinga. Öll markmiðin, stór og smá, eru mikilvæg til þess að þjóðin muni um ókomin ár geta haldið fast í það sem er sameign allra Íslendinga – íslenskt mál.

RITASKRÁ

Aðalnámskrá framhaldsskóla. Íslenska. 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Aðalnámskrá grunnskóla. Íslenska. 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Aðalnámskrá grunnskóla. Íslenska. 2007. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Aðalnámskrá leikskóla. 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Almar Miðvík Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson. 2007. *Færni og þekking nemenda við lok grunnskóla. Helstu niðurstöður PISA 2006 í náttúrufræði, stærðfræði og lesskilningi*. Námsmatsstofnun, Reykjavík.

Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir, Halldóra Björt Ewen, Ingibjörg Einarsdóttir og Sæmundur Helgason. 2008. *Skýrsla vinnuhóps Íslenskrar málnefndar um stöðu og framtíð málstefnu í leik-, grunn- og framhaldsskólum.* Íslensk málnefnd, Reykjavík.

Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir. 2008. Málstefna í leikskólum. *Skíma* 31(1):6–10. [Erindi flutt á málþingi um málstefnu og móðurmálskennslu 1. febrúar 2008. Íslensk málnefnd og Samtök móðurmálskennara, Reykjavík.]

Ari Páll Kristinsson. 1998. *Handbók um málfar í talmiðlum.* Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Ari Páll Kristinsson. 2007. Málræktarfræði. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 29:99–124.

Arngrímur Jónsson. 1985. *Crymogæa. Þættir úr sögu Íslands*. Jakob Benediktsson þýddi og samdi inngang og skýringar. Safn Sögufélags 2. Sögufélag, Reykjavík.

Ályktun um stöðu íslenskrar tungu. 2007. Á vef Íslenskrar málnefndar: www.íslenskan.is.

Ársskýrsla Ríkisútvarpsins 1985. Ríkisútvarpið, Reykjavík.

Baldur Jónsson. 2002. Málræktarspjall. *Málsgreinar. Afmælisrit Baldurs Jónssonar með úrvali greina eftir hann*, bls. 413–421. Íslensk málnefnd, Reykjavík.

Birna Arnbjörnsdóttir. 2006. The HB Grandi experiment. A Workplace Language Program. Karen-Margrete Frederiksen o.fl. (ritstj.): *Second Language at Work*, bls. 37–64. IRIS publications, Roskilde University.

Birna Arnbjörnsdóttir, Úlfar Bragason og Veturliði G. Óskarsson. 2008. *Um íslensku sem annað mál, íslenskukennslu erlendis og tengslin við norrænt málsamfélag.* Tekið saman að beiðni Íslenskrar málnefndar. Íslensk málnefnd, Reykjavík.

Bästa språket. En samlad svensk språkpolitik. Regeringens proposition 2005/06:2. Kulturdepartementet, Stockholm. Sjá www.regeringen.se.

Björn Gíslason, Ingimar Karl Helgason og Kristín Helga Gunnarsdóttir. 2008. *Skýrsla vinnuhóps á vegum Íslenskrar málnefndar um fjölmiðla og listir*. Íslensk málnefnd, Reykjavík.

Brynhildur Þórarinsdóttir, Finnur Friðriksson og Rafn Kjartansson. 2008. *Skýrsla vinnuhóps II. Háskólar, vísindi og fræði og handbækur um íslensku.* Íslensk málnefnd, Reykjavík.

Deklaration om nordisk språkpolitik. 2007. Nordisk Ministerråd, København. Sjá www.norden.org.

Guðlaug Guðmundsdóttir. 2008. Leiðarljós að málstefnu í skólum. *Skíma* 31(1):4–5. [Erindi flutt á málþingi um málstefnu og móðurmálskennslu 1. febrúar 2008. Íslensk málnefnd og Samtök móðurmálskennara, Reykjavík.]

Guðmundur B. Kristmundsson, Baldur Jónsson, Höskuldur Þráinsson og Indriði Gíslason. 1986. *Álitsgerð um málvöndun og framburðarkennslu í grunnskólum*. Samin af nefnd á vegum menntamálaráðherra 1985–1986. Rit Kennaraháskóla Íslands. B-flokkur: Fræðirit og greinar I. Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík.

Guðmundur B. Kristmundsson. 1987. Er móðurmálskennsla á krossgötum? Í *Móðurmálið: Fjórtán erindi um vanda íslenskrar tungu á vorum dögum*, bls. 45–49. Ólafur Halldórsson sá um útgáfuna. Vísindafélag Íslendinga, Reykjavík.

Guðrún Kvaran. 2003. Eilítið um íðorðastarf Háskóla Íslands. *Málfregnir* 22:21–24.

Halldór Halldórsson. 1986. Afstaða íslenzkra stjórnmálaflokka og stjórnvalda til íslenzkrar málstefnu. *Ævisögur orða*, bls. 219–236. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Halldór Halldórsson og Baldur Jónsson. 1993. *Íslensk málnefnd 1964–1989*. Afmælisrit. Rit Íslenskrar málnefndar 8. Íslensk málnefnd, Reykjavík.

Hulda Hreiðarsdóttir. 2008. *Getur tungan leyst hugvit úr læðingi? Umfjöllun um áhrif notkunar á stýrikerfi í íslenskri þýðingu á tölvulæsi og notkun tölvunýyrða.* BA-ritgerð í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands.

Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði.* Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Indriði Gíslason. 1987. Hvaða kröfur þarf að gera til móðurmálskennara? *Móðurmálið: Fjórtán erindi um vanda íslenskrar tungu á vorum dögum*, bls. 57–61. Ólafur Halldórsson sá um útgáfuna. Vísindafélag Íslendinga, Reykjavík.

Indriði Gíslason, Baldur Jónsson, Guðmundur B. Kristmundsson, Höskuldur Þráinsson. 1988. *Mál og samfélag.* Iðunn, Reykjavík.

Íslensk orðabók 1–2. 2002. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Ritstjóri Mörður Árnason. Edda, Reykjavík.

Íslenska fyrir útlendinga – grunnnám. 2008. Rit 42. Menntamálaráðuneyti, Reykjavík.

Íslenska með hreim er líka íslenska. 2008. Rit 43. Menntamálaráðuneyti, Reykjavík.

Jakob Benediktsson. 1987. Arngrímur lærði og íslensk málhreinsun. *Lærdómslistir. Afmælisrit 20. júlí 1987*, bls. 47–68. Mál og menning – Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík. (Ritgerðin var áður birt í *Afmæliskveðju til Alexanders Jóhannessonar* 1953.)

Kjartan G. Ottósson. 1990. *Íslensk málhreinsun. Sögulegt yfirlit.* Rit Íslenskrar málnefndar 6. Íslensk málnefnd, Reykjavík.
Kristján Árnason. 2001. Málstefna 21. aldar. *Málfregnir* 20:3–9.
Málmørk. Álit um almennan málpolitikk. 2007. Málstevnunevndin og Mentamálaráðið, Tórshavn. Sjá www.tjodveldi.fo.
Málstefna – ýmsar heimildir. Á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: www.arnastofnun.is.
Málstefna Háskóla Íslands. Á vef Háskóla Íslands: www.hi.is.
Málstefna Háskólans á Akureyri. Á vef Háskólans á Akureyri: www.unak.is.
Mål i mun. Förslag till handlingsprogram för svenska språket. 2002. Kulturdepartementet, Stockholm. Sjá www.sweden.gov.se.
Mål og meining. Ein heilskapleg norsk språkpolitikk. 2008. Kultur- og kyrkjedepartementet, Oslo. Sjá www.regjeringen.no.
... men ordet. Rekommendationer fra Arbejdsgruppen for sprogpolitisk redegørelse. 2001. Oqaasileriffik, Nuuk.
Norsk i hundre! Norsk som nasjonalspråk i globaliseringens tidsalder. Et forslag til strategi. 2005. Språkrådet, Oslo. Sjá www.sprakrad.no.
Samanburðarkönnun á skólakerfum á Íslandi, í Danmörku og í Svíþjóð. 2002. Unnið fyrir menntamálaráðuneytið af Allyson Mcdonald, Andreu G. Dofradóttur, Jóni Torfa Jónassyni, Michael Dal, Rögnu B. Garðarsdóttur og Þuríði Jóhannsdóttur. Félagsvísindastofnun HÍ og Rannsóknarstofnun KHÍ, Reykjavík.
Skíma. Málgagn móðurmálskennara. 8. árg., 1. tbl. 1985.
Solveig Brynja Grétarsdóttir. 2007. *Málskipti – hvað skiptir máli? Rannsókn á námsframvindu 119 unglinga með annað móðurmál en íslensku í framhaldsskólum.* M.Paed.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
Sólveig Jakobsdóttir. 2005. Tölvumenning íslenskra skóla 1998, 2002 og 2004. Erindi flutt á vegum Rannsóknarstofnunar KHÍ, Reykjavík, 19. janúar 2005. Sjá http://soljak.khi.is/erindi/tolvumenning98_02_04ust.ppt. (Sótt í janúar 2008.)
Sprog på spil. Et udspil til en dansk sprogpolitik. 2003. Kulturministeriet, København. Sjá www.kum.dk.
Sprog til tiden. Rapport fra sprogudvalget. 2008. Kulturministeriet, København. Sjá www.kum.dk.
Stefna Háskóla Íslands 2006–2011. Á vef Háskóla Íslands: www.hi.is.
Stefna Háskólans á Akureyri 2007–2011. Á vef Háskólans á Akureyri: www.unak.is.
Stefna Háskólans í Reykjavík. Á vef Háskólans í Reykjavík: www.ru.is.
Stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2006–2010. Íslensk málnefnd, Reykjavík. Á vef Íslenskrar málnefndar: www.íslenskan.is.
Tandefeldt, Marika. 2003. *Tänk om ... Svenska språknämndens förslag till handlingsprogram för svenskan i Finland*. Forskningscentralen för de inhemska språken, Helsingfors. Sjá scripta.kotus.fi/www/verkkojulkaisut/tank_om/.
Tilbrigði í setningagerð. Öndvegisverkefni styrkt af RANNÍS 2005–2007. Umsjónarmaður Höskuldur Þráinsson. Háskóla Íslands, Reykjavík.
Viðmiðunarstundaskrá fyrir danska grunnskóla. http://us.uvm.dk/folkeskolen/fagogundervisning/undervisnings.htm?menuid=100825. (Sótt 4. október 2008.)
Viðmiðunarstundaskrá fyrir íslenska grunnskóla. http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/agalmennurhluti_2006.pdf. (Sótt 6. október 2008.)

Viðmiðunarstundaskrá fyrir norska grunnskóla. http://www.regjeringen.no/upload/KD/ Vedlegg/Brev/brev%20til%20kommuner%20om%20fag%20og%20timefordeling%20i%20Kunnskapsløftet.pdf. (Sótt 4. október 2008.)
Värna språken – förslag till språklag. 2008. Kulturdepartementet, Stockholm. Sjá www.sweden.gov.se.
Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir. 2004. *Íslenskuskólar erlendis. Staðbundin íslenskukennsla grunnskólabarna.* Óprentuð ritgerð. Sjá http://www.islenskuskolinn.is/ymislegt/tobba/ritgerd_2004.pdf.
Þorlákur Karlsson og Dagný Jónsdóttir. 2008. *Tungumál og málfar í viðskiptalífi og stjórnsýslu.* Óútgefin skýrsla unnin fyrir Íslenska málnefnd. Reykjavík.
Þór Vilhjálmsson. 2001. Réttarreglur um íslenska tungu. *Líndæla*. Sigurður Líndal sjötugur 2. júlí 2001. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

249. Svar [155. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar um úrræði til greiðsluaðlögunar fyrir einstaklinga og fyrirtæki vegna sérstakra aðstæðna á vinnu- og fjármálamarkaði.

1. *Eru áform um sérstakar aðgerðir af hálfu stjórnvalda til þess að fresta gjaldþrotaskiptaferli gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum um ákveðinn tíma vegna sérstakra aðstæðna á vinnu- og fjármálamarkaði?*

Ekki eru áformaðar sérstakar aðgerðir af hálfu stjórnvalda til þess að fresta gjaldþrotaskiptaferli gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum um ákveðinn tíma vegna sérstakra aðstæðna á vinnu- og fjármálamarkaði.

2. *Eru uppi áform af hálfu stjórnvalda til þess að rýmka skilyrði gjaldþrotalaga um gjaldþrotaskipti, greiðslustöðvun og nauðasamninga?*

Í ráðuneytinu er unnið að breytingum á 3. þætti gjaldþrotaskiptalaga um nauðasamninga án undanfarandi gjaldþrotaskipta með það að markmiði að einfalda málsmeðferðina og auðvelda einstaklingum sem ekki hafa stundað atvinnurekstur að leita nauðasamninga.

3. *Eru möguleikar í núgildandi lögum um gjaldþrotaskipti til þess að fresta gjaldþrotameðferð einstaklinga í tiltekinn tíma?*

Samkvæmt 123. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skal skiptastjóri svo fljótt sem tök eru á eftir skipun sína hefjast handa um ráðstöfun á þeim eignum og réttindum sem tilheyra þrotabúinu. Honum er heimilt að fresta þessum ráðstöfunum um sinn telji hann það hagkvæmara eða þjóna betur hagsmunum lánardrottna og að þrotabúið muni þá bera meira út býtum fjárhagslega.

Eftir að úrskurður um að bú manns skuli tekið til gjaldþrotaskipta og þar til frumvarp er gert til úthlutunar úr búinu getur þrotamaður leitað nauðasamnings við kröfuhafa. Komist nauðasamningur á lýkur gjaldþrotaskiptum og þrotamaður fær bú sitt aftur til umráða. Sama gerist ef þeir sem lýst hafa kröfum í þrotabú afturkalla kröfur sínar.

4. *Hvernig miðar vinnu við frumvarp um greiðsluaðlögun til einstaklinga og fyrirtækja vegna erfiðleika á vinnu- og fjármálamarkaði?*

Unnið hefur verið að breytingu á gjaldþrotaskiptalögum með það að markmiði að frumvarp verði lagt fyrir Alþingi nú í desember.

250. Fyrirspurn [199. mál]

til menntamálaráðherra um úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Frá Katrínu Jakobsdóttur.

Telur ráðherra koma til greina að breyta úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna þannig að nám á framhaldsskólastigi teljist lánshæft fyrir alla sem náð hafa tilteknum aldri, t.d. 20 ára aldri?

251. Fyrirspurn [200. mál]

til fjármálaráðherra um yfirdráttarlán námsmanna.

Frá Katrínu Jakobsdóttur.

1. Er vitað hve stór hluti yfirdráttarlána viðskiptabankanna er til kominn vegna lána frá Lánasjóði íslenskra námsmanna og um hversu háar fjárhæðir er þar að ræða?
2. Hver er vaxtaprósentan á þessum lánum?

252. Fyrirspurn [201. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um gengistryggð húsnæðislán.

Frá Helgu Sigrúnu Harðardóttur.

1. Hver hefur hækkun gengistryggðra húsnæðislána verið í samanburði við hækkun íslenskra verðtryggðra lána síðastliðið ár?
2. Hvað eru gengistryggð lán stór hluti húsnæðislána, í krónum talið og fjölda lántakenda?
3. Telur ráðherra koma til greina að fara þá leið sem viðskiptaráðherra kynnti í viðtali við DV 7. október um yfirtöku Íbúðalánasjóðs á gengistryggðum húsnæðislánum og að gengi þeirra verði fært niður til þess gengis sem í gildi var þegar lánin voru tekin?

4. Ef ráðherra telur þessa leið færa, hvenær má gera ráð fyrir að hún komi til framkvæmda og ef ekki, hvers vegna og hvaða leiðir koma þá til greina við að leysa úr þeim yfirþyrmandi vanda sem fjölskyldur með gengistryggð húsnæðislán standa frammi fyrir?

Skriflegt svar óskast.

253. Fyrirspurn [202. mál]

til fjármálaráðherra um opinber gjöld banka, stöðugildi og launagreiðslur.

Frá Jóni Magnússyni.

1. Hversu mikil opinber gjöld greiddi Landsbanki Íslands til ríkissjóðs og annarra opinberra aðila frá því að ríkið seldi hlut sinn í bankanum og þangað til lög um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008, tóku gildi?
2. Hversu mikil opinber gjöld greiddi Kaupþing banki frá því að ríkið seldi hlut sinn í Búnaðarbankanum og þangað til lög nr. 125/2008 tóku gildi?
3. Hversu mikil opinber gjöld greiddi Glitnir banki, áður Íslandsbanki, frá árinu 2002 og þangað til fyrrnefnd lög tóku gildi?
4. Hversu mörg stöðugildi voru í Landsbanka, Glitni og Kaupþingi árið 2002 og hver var þróunin til þess tíma að lög nr. 125/2008 tóku gildi?
5. Hverjar voru heildarlaunagreiðslur Landsbanka, Glitnis og Kaupþings frá árinu 2002 og fram til gildistöku laga nr. 125/2008 og hvernig þróuðust þær, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

254. Svar [107. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um hlut áliðju og ferðaþjónustu í þjóðarframleiðslu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er hlutur áliðju annars vegar og ferðaþjónustu hins vegar í þjóðarframleiðslu 1998–2007, þ.e. virðisaukinn fyrir þjóðarbúið, að teknu tilliti m.a. til kostnaðar við aðföng og uppbyggingu hérlendis (svo sem virkjana, hótelbygginga o.s.frv.), þ.m.t. kostnaðar við lántöku erlendis og hagnaðar sem flyst úr landi?

Hlutur rekstrar og fjárfestinga í áliðju nam frá 3% til 16% af innlendum þáttatekjum (sjá hugtök aftast í þessu svari) á tímabilinu 1998–2007. Að meðaltali var hlutfallið 8,1%. Hlutur rekstrar og fjárfestinga í ferðaþjónustu í heild nam 14% til 18% á tímabilinu 1998–2007. Á tímabilinu var hlutfallið að meðaltali 15,8%.

Hlutdeild vegna *reksturs* áliðju og ferðaþjónustu í hreinum innlendum þáttatekjum.

Árin 1998–2007 jukust tekjur sem tengja má *rekstri* áliðju úr 9 milljörðum kr. í 44 milljarða kr. Áætlað hlutfall af hreinum innlendum þáttatekjum hækkaði úr 2% í rúm 5%. Á sama tíma má ætla að tekjur sem tengja má rekstri ferðaþjónustu hafa hækkað úr 55 milljörðum kr. í 145 milljarða kr. Hlutfall af hreinum innlendum þáttatekjum óx úr 13% í 17% á tímabilinu. Þar af eru tekjur sem tengjast *erlendum* ferðamönnum á milli 7% og 9% af hreinum innlendum þáttatekjum.

Tafla 1. Hlutdeild vegna *reksturs* áliðju og ferðaþjónustu í hreinum innlendum þáttatekjum.

	Hreinar þjóðartekjur	Hreinar innlendar þáttatekjur alls	Áliðja og virkjanir	Áætlaður hluti af innlendum þáttatekjum	Ferða-þjónusta	Áætlaður hluti af innlendum þáttatekjum	Þar af þjónusta við erlenda ferðamenn	Áætlaður hluti af innlendum þáttatekjum
1998	508	427	9	2%	55	13%	31	7%
1999	545	450	9	2%	62	14%	33	7%
2000	584	487	14	3%	71	14%	37	8%
2001	654	561	18	3%	81	14%	42	8%
2002	717	617	19	3%	84	14%	44	7%
2003	727	618	16	3%	87	14%	46	7%
2004	784	653	18	3%	99	15%	52	8%
2005	870	712	18	3%	110	16%	58	8%
2006	939	759	35	5%	124	16%	65	9%
2007	1.064	860	44	5%	145	17%	76	9%
Meðaltöl				3,3%		15%		7,9%
Heimildir: Útreikningar Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, byggðir á tölum frá Hagstofu Íslands.								

Hlutdeild *fjárfestinga* í áliðju og ferðaþjónustu í hreinum innlendum þáttatekjum.

Tekjur sem tengjast *fjárfestingum* í áliðju og virkjunum tengdum þeim sveiflast frá 3 milljörðum kr. upp í 88 milljarða kr. á árunum 1998–2007 og fara úr 1% af hreinum innlendum þáttatekjum alls í 12% (sjá töflu 2). Fjárfestingar eru minni í ferðaþjónustu, en tekjur tengdar þessum fjárfestingum sveiflast frá 2 og upp í 8 milljarða króna, og eru lengst af nálægt 1% af hreinum innlendum þáttatekjum en 0,5% ef einungis er litið til þjónustu við erlenda ferðamenn.

Tafla 2. Innlendar þáttatekjur tengdar *fjárfestingum* í áliðju og ferðaþjónustu (milljarðar kr. á verðlagi hvers árs).

	Hreinar þjóðartekjur	Hreinar innlendar þáttatekjur	Áliðja og virkjanir	Áætlaður hluti af innlendum þáttatekjum	Ferða-þjónusta alls	Áætlaður hluti af innlendum þáttatekjum	Þar af þjónusta við erlenda ferðamenn	Áætlaður hluti af innlendum þáttatekjum
1998	508	427	13	3%	3	1%	2	0%
1999	545	450	6	1%	3	1%	2	0%
2000	584	487	7	1%	5	1%	3	1%
2001	654	561	5	1%	3	1%	2	0%
2002	717	617	3	1%	2	0%	1	0%
2003	727	618	14	2%	3	1%	2	0%
2004	784	653	29	4%	6	1%	3	1%
2005	870	712	68	10%	7	1%	4	1%
2006	939	759	88	12%	7	1%	4	1%
2007	1064	860	62	7%	8	1%	5	1%
Meðaltöl				4,8%		0,8%		0,5%
Heimildir: Útreikningar Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, byggðir á tölum frá Hagstofu Íslands.								

Hlutdeild áliðju og ferðaþjónustu í hreinum innlendum þáttatekjum.

Í töflu 3 má sjá samanlögð áhrif áliðju annars vegar og ferðaþjónustu hins vegar í hreinum innlendum þáttatekjum. Hér eru tekin saman áhrif vegna rekstrar og fjárfestinga og taflan sýnir því heildarframlag hvorrar greinar fyrir sig.

Tafla 3. Heildaráhrif áliðju og ferðaþjónustu (rekstur og fjárfestingar), hlutfall af heild.

	Áliðja	Ferðaþjónusta alls	Ferðaþjónusta við erlenda ferðamenn
1998	5%	14%	7%
1999	3%	14%	7%
2000	4%	16%	9%
2001	4%	15%	8%
2002	4%	14%	7%
2003	5%	15%	7%
2004	7%	16%	9%
2005	12%	17%	9%
2006	16%	17%	10%
2007	12%	18%	10%
Meðaltöl	8,1%	15,8%	8,4%
Heimildir: Útreikningar Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, byggðir á tölum frá Hagstofu Íslands.			

Aðferðir og túlkun.

Svar við fyrirspurninni er byggt á athugunum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands en það er erfiðleikum bundið að meta hlut þessara ólíku atvinnugreina í þjóðarframleiðslu, sérstaklega þar sem ferðaþjónusta er ekki skilgreind sem sérstök atvinnugrein í tölum Hagstofu

Íslands.[1] Einnig skiptir miklu máli hvort og hvernig tekið er tillit til *fjárfestinga* í útreikningunum. Af þessum sökum er svarið við fyrirspurn þessari í þrennu lagi. Fyrst er horft á þau áhrif sem *rekstur* í viðkomandi atvinnugreinum hefur í íslensku hagkerfi. Síðan er skoðað hvaða áhrif *fjárfestingar* í þessum greinum hafa á efnahagslífið. Að síðustu eru þessi áhrif tekin saman.

Tölur um þjóðarframleiðslu eru *hreinar* (nettó)[2] en auk þess eru óbeinir skattar dregnir frá og framleiðslustyrkjum er bætt við, þar sem þessir liðir eru yfirleitt ekki flokkaðir niður á atvinnugreinar í íslenskum þjóðhagsreikningum. Það sem út kemur eru *hreinar innlendar þáttatekjur* sem eru það sama og hrein þjóðarframleiðsla nema hvað varðar framangreinda framleiðslustyrki og óbeinu skattana. Sökum þess að ekki er vitað hvernig framleiðslustyrkir og óbeinir skattar dreifast á atvinnugreinar er nauðsynlegt að notast við hreinar innlendar þáttatekjur í stað þjóðarframleiðslu. Þess má þó geta að ekki er um framleiðslustyrki að ræða í áliðnaði og ferðaþjónustu. Í framangreindum töflum 1–3 eru heildartölur bæði um þjóðartekjur og þáttatekjur sýndar til að draga fram muninn á þessum tveimur stærðum.

Ferðaþjónusta er ekki skilgreind sem sérstök atvinnugrein í þjóðhagsreikningum, en Hagstofa Íslands hefur nýlega metið tekjur í greininni á árunum 2000–2006 ásamt útflutningstekjum af ferðamennsku á árunum 2000–2007. Hér er stuðst við þessar áætlanir. Framleiðsluvirði í ferðaþjónustu árin 1998 og 1999 var lauslega áætlað fyrir þessa samantekt. Jafnframt var áætlað sérstaklega hvert væri framleiðsluvirði í áliðju og ferðaþjónustu árið 2007 og gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum árin 1998 og 1999. Við það mat var einkum stuðst við útflutningstölur frá Hagstofu Íslands og Seðlabanka.

Þar sem forsendur þessara útreikninga eru nokkuð flóknar er brugðið á það ráð að sýna fyrst niðurstöður þeirra, en láta nánari skýringar á hugtökum og aðferðum fylgja þar á eftir. Í eftirfarandi töflum má sjá niðurstöður útreikninganna en allar upphæðir eru á verðlagi hvers árs. Í þessari greiningu er litið til þess hvað áliðja og ferðaþjónusta leiða til mikilla umsvifa *innlendra* framleiðsluþátta. Stuðst er við svokallaða aðfanga- og afurðagreiningu. Tökum dæmi af áliðnaði til útskýringar: Starfsmenn í áliðnaði fá laun og verja þeim til kaupa á vörum og þjónustu. Þær vörur og sú þjónusta sem heimilin kaupa koma að hluta frá útlöndum og hverfa úr hagkerfinu, en hluti þeirra er innlendur. Innlendir framleiðendur sem heimilin kaupa af þurfa einnig að kaupa vörur og þjónustu. Það leiðir af sér enn meiri innlend umsvif. Rekstrarafgangur álvera fer að miklu leyti til eigenda fjármagnsins sem er að langmestu leyti erlent, en hluti verður eftir í landinu sem tekjuskattur. Þá má ætla að rekstrarafgangurinn sé nýttur að hluta í endurfjárfestingar hér á landi, en fjárfestingar eru meðhöndlaðar sérstaklega í þessari greiningu. Álver kaupa einnig erlend aðföng sem ekki koma frekar við sögu, en innlend aðföng þeirra eru einnig mörg. Þar munar mest um rafmagnið.

Með afurða- og aðfangagreiningu er leitast við að rekja þessa þræði til enda og meta heildaráhrif tiltekinnar eftirspurnar á innlenda framleiðslu. Stuðst er við afurða- og aðfangatöflur, sem að stofni til eru frá Hagstofu Íslands, en hafa verið þróaðar áfram á Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Afurða- og aðfangatöflur frá árunum 2002 og 2003 eru grunnur útreikninganna. Niðurstaða greiningarinnar er sú að framleiðsluvirði *áliðju* megi margfalda með nálægt hálfum til þess að fá heildaráhrif á hreinar innlendar þáttatekjur, en framleiðsluvirði *ferðaþjónustu* megi margfalda með liðlega einum til að finna heildaráhrifin. Töluverð óvissa er um tölur fyrir báðar greinar, en munurinn á þeim liggur fyrst og fremst í því að mikið er

---

[1] Rétt er að taka fram að hjá Hagstofu Íslands er ekki notast lengur við hugtakið þjóðarframleiðsla. Þess í stað er talað um þjóðartekjur. Hér eru þessi tvö hugtök notuð jöfnum höndum enda tákna þau það sama.

[2] Það þýðir að ekki er tekið tillit til afskrifta.

notað af erlendum aðföngum í áliðju auk þess sem hlutur fjármagns, sem er að langmestu leyti erlent, er mikill við álframleiðslu. Álverð var hátt á árunum 2006–2008. Af þeim sökum jukust tekjur íslenskra orkufyrirtækja, því að orkuverð til stóriðju er tengt álverði. Áhrif þessa voru áætluð sérstaklega og því mati bætt við innlendar þáttatekjur áranna 2006 og 2007.

Hafa ber í huga að þegar skoðuð eru umsvif sem tengjast viðskiptum Íslendinga eru líkur á tví- og jafnvel margtalningu þegar lögð eru saman umsvif sem tengjast mörgum atvinnugreinum. Auðveldara er að túlka áhrif *útflutningstekna* á efnahagsumsvif eða jafnvel á byggð hér á landi. Sérstaklega er því í þessari samantekt horft á greiðslur sem tengja má þjónustu við *erlenda ferðamenn* eins og sjá má í töflum 1 og 2.

Óvissa er meiri þegar hlutur fjárfestinga er metinn en þegar reksturinn er skoðaður. Yfirleitt er hér ekki litið til þess hvaða kröfur fjárfestingar í áliðju og ferðaþjónustu gera um fjárfestingar í öðrum greinum, til dæmis íbúðarhúsnæði og gatnagerð. Með fjárfestingum í álverum eru þó taldar virkjanir á tímabilinu, enda fjárfestingarnar nátengdar. Virkjanir fyrir stóriðju eru ekki sérgreindar í hagtölum. Hér er gert ráð fyrir að fjárfesting í áliðju dreifist þannig að hún sé á hverju ári jöfn meðaltalsfjárfestingu þess árs og tveggja næstu ára. Þegar fjárfesting í ferðamennsku er áætluð er fylgt yfirliti Hagstofunnar um hlut atvinnugreina í þessari atvinnugrein. Fjárfestingum í flugvélum er sleppt. Reiknað er með að innlendur kostnaður við álvers- og virkjanaframkvæmdir sé um 40%,[3] en það er mun minna en í mannvirkjagerð almennt.

Hugtök.

Þáttatekjur eru laun starfsmanna og tengd gjöld og tekjur af fjármagni. Hér er horft á hreinar þáttatekjur, það er án afskrifta fjármagns. Þáttatekjur renna ýmist til Íslendinga eða útlendinga. Grunnhugtakið sem unnið er með hér eru *hreinar innlendar þáttatekjur*. Það eru þær tekjur sem gera má ráð fyrir að komi í hlut íslenskra heimila. Til hreinna innlendra þáttatekna einstakra atvinnugreina eru hér taldar allar launatekjur hér á landi og tekjur af fjármagni sem er í íslenskri eigu. Ef bætt er við óbeinum sköttum og framleiðslustyrkir dregnir frá fást *hreinar þjóðartekjur*. Þegar auk þess er bætt við afskriftum fást *vergar þjóðartekjur* eða *verg þjóðarframleiðsla*. Verg þjóðarframleiðsla eða vergar þjóðartekjur eru þannig allar tekjur þjóðarinnar á tilteknu tímabili. *Framleiðsluvirði* er söluverð framleiðslunnar, að meðtöldum aðföngum.

---

[3] Sjá: Hagfræðistofnun (2005): Þjóðhagsleg áhrif álverksmiðju Fjarðaáls í Reyðarfirði, http://www.alcoa.com/iceland/ic/pdf/2006_04_vidauki_11_ic.pdf og Kristján Már Sigurjónsson og Sigurður St. Arnalds: Kárahnjúkavirkjun, grein í Tæknivísi, 2003, http://www.karahnjukar.is/article.asp?ArtId=655&catID=340.

255. Frumvarp til laga [137. mál]

um breytingu á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 4. des.)

1. gr.

Á eftir 7. tölul. 9. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Að leigja eða fela öðrum með samningi að annast leigumiðlun með íbúðarhúsnæði sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið á nauðungaruppboði samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „15 ára“ í 1. mgr. kemur: 30 ára.
b. Í stað orðanna „15 ár“ í 4. mgr. kemur: 30 ár.
c. Í stað orðanna „55 ár“ í 4. mgr. kemur: 70 ár.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

256. Frumvarp til laga [175. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 4. des.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða vörugjald af áður skráðu vélknúnu ökutæki sem hefur verið afskráð og flutt úr landi enda sé ástand ökutækisins í samræmi við eðlilega notkun og aldur að mati tollstjóra. Fjárhæð endurgreiðslu skal miða við það vörugjald sem greitt var við innflutning ökutækisins. Sú fjárhæð skal lækka um 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð fyrstu 12 mánuðina eftir nýskráningu ökutækisins og 1,5% fyrir hvern byrjaðan mánuð eftir það þar til 100% fyrningu er náð.

Tollstjóra er heimilt að innheimta skoðunargjald vegna skoðunar á notuðum ökutækjum sem flytja á úr landi skv. 1. mgr. Gjald þetta skal standa straum af launakostnaði tollstarfsmanna og aksturskostnaði vegna framkvæmdar skoðunarinnar.

Heimild til endurgreiðslu vörugjalds skv. 1. mgr. gildir til og með 31. desember 2009. Tollstjórinn í Reykjavík annast endurgreiðslu.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem nánari skilyrði fyrir endurgreiðslu, um ástand ökutækja, um gögn sem leggja þarf fram með umsókn um endurgreiðslu og um eftirlit og kæruheimildir.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskatt af áður skráðu vélknúnu ökutæki sem hefur verið afskráð og flutt úr landi enda sé ástand ökutækisins í samræmi við eðlilega notkun og aldur að mati tollstjóra. Fjárhæð endurgreiðslu skal miða við þann virðisaukaskatt sem greiddur var við innflutning ökutækisins. Sú fjárhæð skal lækka um 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð fyrstu 12 mánuðina eftir nýskráningu ökutækisins og 1,5% fyrir hvern byrjaðan mánuð eftir það þar til 100% fyrningu er náð. Hafi eigandi hins útflutta ökutækis fengið virðisaukaskatt af því endurgreiddan í formi innskatts skapast ekki réttur til endurgreiðslu.

Tollstjóra er heimilt að innheimta skoðunargjald vegna skoðunar á notuðum ökutækjum sem flytja á úr landi skv. 1. mgr. Gjald þetta skal standa straum af launakostnaði tollstarfsmanna og aksturskostnaði vegna framkvæmdar skoðunarinnar.

Heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts skv. 1. mgr. gildir til og með 31. desember 2009. Tollstjórinn í Reykjavík annast endurgreiðslu.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem nánari skilyrði fyrir endurgreiðslu, um ástand ökutækja, um gögn sem leggja þarf fram með umsókn um endurgreiðslu og um eftirlit og kæruheimildir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

257. Frumvarp til laga [94. mál]

um niðurlagningu úrskurðarnefnda á sviði siglingamála.

(Eftir 2. umr., 4. des.)

Breyting á lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, með síðari breytingum.

1. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Ákvörðunum Siglingastofnunar Íslands samkvæmt lögum þessum má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

Breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003.

2. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Útgerðarmaður og skipstjóri geta kært farbann til samgönguráðherra. Telji ráðherra að sérkunnáttu þurfi til að skera úr um málið getur hann kvatt til einn eða tvo ráðgjafa sem hafa slíka sérkunnáttu. Um málsmeðferð að öðru leyti fer samkvæmt stjórnsýslulögum. Málshöfðun til ógildingar á úrskurði ráðuneytis frestar ekki réttaráhrifum hans.

3. gr.

25. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Í stað orðanna „farbannsnefndar skv. 24. og 25. gr.“ í 27. gr. laganna kemur: ráðuneytis.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

258. Frumvarp til laga [203. mál]

um breytingu á lögum nr. 97/2008, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðisnefnd.

1. gr.

Síðari málsliður 13. gr. laganna, sbr. lög nr. 120/2008, orðast svo: Þó skal ákvæði 10. gr., hvað varðar smásöluaðila, taka gildi 1. apríl 2009.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til að frestað verði að hluta gildistöku 10. gr. laga nr. 97/2008, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, til 1. apríl 2009 og þá eingöngu hvað varðar smásölu lyfja. Þessum hluta ákvæðisins var frestað til 1. janúar 2009 með lögum nr. 120/2008, um breytingu á lögum nr. 97/2008, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, því að gert var ráð fyrir að nýtt greiðsluþátttökukerfi lyfja kæmi til framkvæmda á þeim tíma. Þær breytingar munu frestast og þar sem mikilvægt er að afslættir af lyfjum í smásölu haldist í hendur við nýtt greiðsluþátttökukerfi lyfja er lagt til að ákvæðið taki ekki gildi fyrr en 1. apríl 2009, en þá er gert ráð fyrir að nýtt greiðsluþátttökukerfi taki gildi.

259. Nefndarálit [177. mál]

um till. til þál. um samninga varðandi ábyrgð ríkissjóðs á innstæðutryggingum vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu.

Frá 1. minni hluta utanríkismálanefndar.

Í umfjöllun um málið kallaði utanríkismálanefnd fulltrúa skilanefnda Landsbankans og Kaupþings á sinn fund. Fulltrúarnir gerðu grein fyrir eigna- og skuldastöðu bankanna og hvernig horfði við með að greiða út innstæðureikninga erlendis. Ekki er búist við að neinn kostnaður falli á Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta vegna innstæðureikninga Kaupþings en önnur staða blasir við í tilfelli Landsbankans. Fram kom að eignir bankans eru metnar á um 1.000 milljarða kr. en jafnframt að mikil óvissa væri um það mat. Ríkið þarf að ábyrgjast greiðslur á 628 milljörðum kr. í lágmarkstryggingar vegna svokallaðra Icesave-reikninga Landsbankans. Eitthvað mun koma upp í á móti af eignum bankans en mikil óvissa ríkir um hve háar upphæðir sé þar um að ræða. Annað sem getur haft áhrif til íþyngingar ábyrgða ríkissjóðs er ef röð forgangskröfuhafa í eigur Landsbankans verður breytt, t.d. með dómi.

Ljóst er að hér er þjóðin að taka á sig gríðarlegar skuldbindingar sem munu hafa áhrif á afkomu okkar nú – og komandi kynslóða um mörg ókomin ár. Telur 1. minni hluti með ólíkindum hversu illa ríkisstjórnarflokkarnir og lykilstofnanir hafa haldið á málum og skal þar m.a. eftirfarandi undirstrikað:

Fram hefur komið að stjórnvöld hafa frá því á síðasta ári vitað af hættunni á því að innlán íslensku bankanna erlendis sem tryggð eru af Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta gætu fallið á sjóðinn. Stjórnvöld og eftirlitsstofnanir höfðu því um eitt ár til að bregðast við og grípa til aðgerða. Benda má á í þessu sambandi að heimilað var að opna svokallaða Icesave-reikninga í Hollandi í maí, mörgum mánuðum eftir viðvörunarbjöllurnar byrjuðu að hringja.

Þá eru samskipti íslenskra ráðamanna við breska starfsbræður sína í aðdraganda og eftir beitingu hryðjuverkalaga í Bretlandi ámælisverð. Ráðherrum sem með þessi mál hafa farið tókst, með afar misvísandi og óskýrum skilaboðum til starfsbræðra sinna í Bretlandi, að koma málinu í frekara uppnám í stað þess að skýra það. Geir H. Haarde forsætisráðherra hefur átt samtöl við breska ráðamenn sem virðast ekki hafa dugað til að skýra stöðu mála fyrir þeim. Í þessu sambandi vísast einnig í fund Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra og fleiri með Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, 2. september sl. og símtal Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra við sama ráðherra 7. október sl.

Daginn eftir, þann 8. október, sagði Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta, í útvarpsviðtali í Bretlandi: „Ríkisstjórn Íslands, hvort sem þið trúið því eða ekki, tjáði mér í gær að hún hafi ekki í hyggju að standa við skuldbindingar sínar.“

Eðlilegt er að nefna í þessu sambandi að símtal fjármálaráðherranna lak til fjölmiðla og birtist opinberlega fyrst á Íslandi. Upplýsingaleki af þessum toga veldur óbætanlegum álitshnekki á íslenskri stjórnsýslu og stórskaðar stöðu Íslands í samskiptum við stjórnvöld annarra landa. Í kjölfar þessa er ólíklegt að ráðherrar annarra landa treysti sér til að eiga trúnaðarviðræður við íslenska stjórnvöld og ráðherra um nokkuð sem máli skipti um langt skeið.

Seðlabankastjóri lýsti í ræðu sinni á morgunverðarfundi Viðskiptaráðs 18. nóvember sl. að hann byggi yfir upplýsingum um af hverju breskum hryðjuverkalögum var beitt. Seðlabankastjóri sagði þar: „Þeir hafa hins vegar skýrt hvers vegna þeir gripu til þessa óyndisúrræðis. Það hafa ekki öll samtöl verið birt hvað þessi mál varðar og þess vegna er auðveldara að bera fram tilbúnar sakir og koma þeim inn hjá trúgjörnu fólki í gegnum þá fjölmiðla sem – grímulaust hafa verið misnotaðir í mörg ár – eins og það var orðað af sjónvarpsmanninum. Ég hef engar áhyggjur af þessu vegna þess að þegar málin verða rannsökuð þá hljóta fleiri samtöl að verða birt. Mér er kunnugt um efni þeirra og mér er kunnugt um hvað í raun réði afstöðu breskra yfirvalda.“ Þrátt fyrir þessi orð seðlabankastjóra hafa stjórnvöld ekki getað upplýst utanríkismálanefnd um orsakir beitingar bresku hryðjuverkalöggjafarinnar né heldur af hverju eignir séu enn frystar eftir að gengið var frá samkomulagi, m.a. við Breta, um sameiginleg viðmið.

Ráðamenn í Bretlandi hafa hins vegar gefið sínar skýringar, svo sem Ian Pearson, aðstoðarráðherra efnahagsmála í breska fjármálaráðuneytinu, sem sagði í umræðum um fyrirskipun um kyrrsetningu eigna Landsbankans 2008 á öðrum fundi allsherjarnefndar neðri deildar breska þingsins 27. október 2008: „Ýmsar yfirlýsingar voru gefnar af forsætisráðherra Íslands um að íslenskir innstæðueigendur yrðu verndaðir, sem merkir að réttindi breskra kröfuhafa hefðu getað raskast í samanburði við réttindi annarra. Þrátt fyrir endurteknar tilraunir til að leita fullvissu gat ríkisstjórn Bretlands ekki fengið skýringar frá Íslandi um stöðu breskra kröfuhafa við upplausn Landsbankans. Í ljósi þessarar stöðu var fyrirskipun um kyrrsetningu eigna Landsbankans 2008 gefin út 8. október.“ Og síðar á sama fundi: „Ekki var gripið til aðgerða af hálfu Bretlands á grundvelli valdheimilda gegn hryðjuverkum í lögunum. Talið var nauðsynlegt að grípa til þessara aðgerða þar sem ríkisstjórn Íslands gat ekki skýrt stöðu breskra kröfuhafa við meðferð málsins og því var uppi ógn gegn efnahagslegum hagsmunum Bretlands.“

Fram hefur komið að Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra gerði á fundi fjármálaráðherra ESB og EFTA-ríkjanna 4. nóvember sl. samkomulag um að leggja lagadeilu Íslands og nokkurra ESB-ríkja um túlkun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EBE um innlánatryggingakerfi í mat sérstaks lagahóps. Lagahópurinn var skipaður fulltrúum ráðherraráðs ESB, framkvæmdastjórnar ESB, EFTA, Eftirlitsstofnunar EFTA og loks oddamanni tilnefndum af Seðlabanka Evrópu. Ekki tókst betur til við afmörkun starfsumboðs hópsins að íslensk stjórnvöld drógu sig út úr vinnu hans 7. nóvember. Hringlandaháttur og uppákomur af þessu tagi er ekki til þess fallið að auka traust á framferði stjórnvalda.

Málatilbúnaður og framganga íslenskra stjórnvalda gagnvart Icesave-ábyrgðunum varð til þess að Ísland stóð að lokum eitt og einangrað. Öll ríki ESB, þar með talin hin norrænu, snerust gegn lagatúlkun íslenskra stjórnvalda.

Fyrsti minni hluti átelur málsmeðferð vegna samkomulags íslenskra stjórnvalda við nokkur ríki ESB um sameiginleg viðmið til grundvallar frekari samningaviðræðum um innlánstryggingar. Minnt er á bókun undirritaðrar frá 14. nóvember sl. þess efnis að samkomulag um sameiginleg viðmið skyldi lagt fyrir Alþingi áður en það yrði undirritað af íslenskum stjórnvöldum, en ekki eftir á. Við þeirri ósk var ekki orðið. Veitti utanríkisráðherra sendiherra Íslands í Brussel umboð til undirritunar, án þess að Alþingi hefði fjallað um málið á eðlilegan hátt. Var samkomulagið undirritað 16. nóvember sl.

Fyrsti minni hluti telur að með samkomulagi um sameiginleg viðmið, lið 1 og lið 2, hafi íslensk stjórnvöld í raun viðurkennt lagatúlkun ríkja Evrópusambandsins á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EBE um innlánatryggingakerfi. Sú lagatúlkun kveður á um að ríkj-

um beri að ábyrgjast lágmarksgreiðslur til innlánseigenda fari þær fram úr því sem tryggingarsjóðir innlánseigenda gætu staðið undir. Í viðmiðunum er óvissunni um lagatúlkun, sem íslensk stjórnvöld hafa haldið á lofti, ekki haldið til haga, hún hefur gufað upp og sést hvergi.

Náist ekki viðunandi samningar, skv. lið 2 í viðmiðunum, við þau ríki þar sem svokallaðar Icesave-ábyrgðir fyrirfinnast er að mati 1. minni hluta útilokað í raun að stíga til baka og standa á margyfirlýstri fyrri skoðun um að vafi leiki á ábyrgð ríkja á tryggingarsjóðum, ekki síst undir kringumstæðum þar sem fjármálakerfi aðildarríkis hrynur nánast að fullu eins og gerðist hér á landi.

Forustumenn þjóðarinnar, með forsætisráðherra í broddi fylkingar, hafa lýst því yfir að ekki sé boðlegt að tengja lausn á Icesave-deilunni við afgreiðslu láns frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Smátt og smátt varð hins vegar ljóst að afgreiðslu láns Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til Íslands var ítrekað frestað vegna krafna viðsemjenda okkar um að lausn fengist á Icesave-ábyrgðunum. Málatilbúnaður og framganga íslenskra stjórnvalda einangraði stöðu Íslands þannig að líta ber á umsömdu viðmiðin í því ljósi. Með samþykkt viðmiðanna losnaði um þau höft sem lögð voru á afgreiðslu láns til Íslands frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Voru íslensk stjórnvöld algerlega komin út í horn í báðum þessum málum, lánsbeiðninni hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Icesave-ábyrgðunum. Viðmiðin eru niðurstaðan sem íslensk stjórnvöld samþykktu í þeirri veiku samningsstöðu sem þau sjálf höfðu komið sér í. Fyrsti minni hluti er ekki tilbúinn til að bera ábyrgð á þeirri stöðu sem ríkisstjórnarflokkarnir komu sér sjálfir í með framgöngu sinni allt frá því að viðvaranir um stöðu bankanna komu fram á seinni hluta síðasta árs til dagsins í dag. Fyrsti minni hluti er því ekki samþykkur þingsályktunartillögu þessari heldur mun sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. des. 2008.

Siv Friðleifsdóttir.

260. Nefndarálit [177. mál]

um till. til þál. um samninga varðandi ábyrgð ríkissjóðs á innstæðutryggingum vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu.

Frá 2. minni hluta utanríkismálanefndar.

Annar minni hluti utanríkismálanefndar gagnrýnir vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í þessu máli harðlega. Mikið vantar upp á að málatilbúnaður sé ásættanlegur. Gildir það jafnt um aðdraganda málsins og það hvernig ríkisstjórnin hélt á málstað Íslands í deilum fyrst við Breta og Hollendinga og síðan Evrópusambandið sem og um það hvernig staðið var að samkomulagi við deiluaðilana og hvernig málið er nú borið fyrir Alþingi.

Þegar ljóst varð eftir fall bankanna, einkum Landsbankans, að gríðarlegir fjármunir væru á svonefndum Icesave-reikningum í Bretlandi og Hollandi, og að einhverju leyti á bankareikningum víðar, höfðu talsmenn ríkisstjórnarinnar uppi stór orð um að ekki kæmi til greina að láta kúga Íslendinga til uppgjafar í Icesave-deilunni. Talað var um lagalegan ágreining sem Ísland ætti skýlausan rétt á að láta á reyna eftir lögformlegum leiðum fyrir gerðardómi

eða dómstóli. Þegar ákveðið var að sækja um lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum varaði undirritaður strax sterklega við að í þeirri ákvörðun og því ferli sem Ísland lenti þar inn í gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fælist jafnframt baneitruð tenging yfir í hina óleystu deilu um Icesave-reikningana. Þessu var í fyrstu neitað og sagt að ekki kæmi til greina að láta kúga okkur til uppgjafar í því deilumáli til þess eins að geta leitað á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Allt var þetta síðan gefið eftir af ríkisstjórninni. Það sem menn hafa í þessu sambandi kallað „lausn“ er í raun ekkert annað en uppgjöf, ósigur, tap.

Ríkisstjórnin í heild, viðkomandi ráðherrar sérstaklega, þ.e. forsætisráðherra, viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra, sem og Fjármálaeftirlit og Seðlabanki, bera á því mikla ábyrgð að umfang þessara innlánsreikninga varð slíkt sem raun ber vitni. Andvara- og aðgerðaleysi þessara aðila, svo ekki sé sagt bein vanræksla, er nú að valda íslenska þjóðarbúinu og skattgreiðendum komandi ára og jafnvel áratuga ómældum skaða. Ekki skal lítið gert úr ábyrgð bankanna sjálfra sem héldu áfram að safna innstæðum inn á reikningana löngu eftir að ljóst varð að í óefni stefndi. Ríkisstjórn og eftirlitsaðilar brugðust hins vegar augljóslega sínu hlutverki og þessir aðilar, ásamt bönkunum, og þá fyrst og fremst Landsbankinn, brugðust allir saman þjóðinni.

Hin umsömdu viðmið til lausnar deilunni frá 16. nóvember 2008 virðast fela í sér, eftir því sem næst verður komist, að Ísland afsali sér réttinum til að fá skorið úr hinni lagalegu óvissu hvað varðar umfang ábyrgðar okkar á innlánsreikningunum. Spurningin er hvort Ísland hafi gert skyldu sína og fullnægt ákvæðum tilskipunar um innstæðutryggingar nr. 99/19/EB með því að setja á fót innlánstryggingarsjóð og láta greiða til hans 1% af hinum tryggðu innstæðum árlega eða hvort um lagalega eða þjóðréttarlega skuldbindingu er að ræða þar sem ríkissjóður Íslands sé bakábyrgur upp að lágmarkstryggingarupphæðinni, 20.887 evrum. Sé þetta réttur skilningur á 1. tölul. samkomulagsins, hinna umsömdu viðmiða, er ljóst að aldrei fæst úr því skorið hvort Ísland var eingöngu ábyrgt fyrir þeim fjármunum sem til staðar áttu að vera í innlánstryggingarsjóðnum eða hvort íslenska ríkið er bakábyrgt fyrir fjárhæðum sem geta numið allt að 630–640 milljörðum króna miðað við gengi á evru og pundi eins og það hefur verið að undanförnu. Upp í þá upphæð koma að líkindum allnokkrar eignir Landsbankans en hversu langt það hrekkur er enn óvíst. Einnig benda allar líkur til að kröfuhafar muni láta reyna á það ákvæði neyðarlaganna að færa innlánsreikninga fram fyrir í kröfuröð og getur það skipt stórum fjárhæðum, hundruðum milljarða, hver útkoman úr því verður.

Í 2. tölul. samkomulagsins, eða hinna umsömdu viðmiða, sem birt eru sem fylgiskjal með tillögunni, er talað um að viðurkenning aðila, þ.e. deiluaðila, á hinni lagalegu stöðu, muni greiða fyrir samningaviðræðum um fjárhagsaðstoð við Ísland, þ.m.t. við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Í því felst að Ísland fallist í reynd (de facto) á að landið sé ábyrgt fyrir innlánstryggingu í útibúum íslenskra banka erlendis upp að 20.887 evrum. Síðan segir að samningaviðræður deiluaðila skuli fara fram með samhæfðum og samræmdum hætti og að tekið skuli tillit til hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í og knýjandi nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt. Með öðrum orðum, að menn ætli inn í samninga við Evrópusambandið eða samninga undir forustu Evrópusambandsins við gagnaðila Íslands, þar sem menn hafa nú ekki fram að þessu átt góðu að mæta, með ekkert í farteskinu nema slík innihaldslítil orð á blaði.

Það er mat undirritaðs að með því að undirrita samkomulagið eða hin umsömdu viðmið 18. nóvember sl. hafi Ísland tapað að verulegu leyti vígstöðu sinni eða samningsstöðu í þessu máli og sé nú í afar erfiðri stöðu nema að málið verði fært aftur á byrjunarreit, sem mundi að

sjálfsögðu gerast ef Alþingi hafnaði því að veita stjórnvöldum galopið umboð til samninga á þessum grundvelli.

Að sjálfsögðu er ljóst að málið er í hinu mesta óefni og að baki liggja jafnvel lítt dulbúnar hótanir Evrópusambandsins eða þeirrar blokkar sem myndaðist innan Evrópusambandsins í þessu máli um að beita okkur þvingunaraðgerðum. Látið hefur verið í það skína að einhver hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið verði settur í uppnám ef við föllumst ekki á að hverfa frá öllum hugmyndum um lögformlegan eða lagalegan úrskurðarfarveg í málinu og ganga til þessa pólitíska þvingunarsamkomulags sem Evrópusambandið er að knýja fram, samkomulag sem hýtur að mega flokka sem ógildanlegan nauðasamning að lögum og þjóðarétti. Þetta eru að mati undirritaðs óásættanlegir afarkostir og ekki boðlegt að ætla að taka á íslenska ríkið, og þar með íslenska skattgreiðendur, á komandi árum skuldbindingar sem geta hlaupið á fleiri hundruðum milljarða króna, jafnvel numið heilum til einum og hálfum fjárlögum íslenska ríkisins eins og þau eru um þessar mundir, á jafnveikum forsendum og hér er lagt til.

Þess ber að geta sérstaklega að þrátt fyrir undirritun samkomulagsins, hinna umsömdu viðmiða, 18. nóvember sl. stendur frysting breskra stjórnvalda á eignum Landsbankans á grundvelli hryðjuverkalaga enn og allt er óljóst um hvenær eða hvernig henni verður aflétt sem og hvað fyrir Bretum vakir með því að halda henni enn til streitu. Spurningin er hvort Bretar hyggjast hafa eignirnar í haldi til að fá mögulega upp í þá viðbótartryggingu sem bresk lög fela í sér gagnvart sparifjáreigendum (50.000 pund á reikning) og/eða hvort Bretar hyggjast nýta eignir Landsbankans til að bæta að einhverju leyti þeim stofnanafjárfestum, sveitarfélögum, líknarfélögum o.fl. aðilum sem áttu miklar innstæður á Icesave-reikningum, upp tapið. Loks getur skipt máli í þessu sambandi hvort ákvæði neyðarlaganna um að gera innlánsreikninga að forgangskröfum halda, eins og áður sagði.

Mikil óvissa er því um alla stöðu málsins, bæði stærðargráðu ábyrgðanna sem í húfi geta verið, ekki síst í ljósi óvissu um raunverulegt verðmæti eigna Landsbankans, svo og vegna þess að enn hafa engar eiginlegar samningaviðræður farið fram milli deiluaðila eftir að samkomulagið var gert 16. nóvember sl.

Það er því til mikils mælst, svo ekki sé fastar að orði kveðið, að ríkisstjórnin skuli ætlast til þess að Alþingi veiti henni galopið samningsumboð til að leiða til lykta þetta mál sem getur falið í sér skuldbindingar til frambúðar fyrir íslenska ríkið svo nemi fleiri hundruðum milljarða króna á grundvelli ekki traustari gagna en enn er við að styðjast og í ljósi þess hversu málsatvik og málsaðstæður allar eru ótraustar.

Annar minni hluti leggur því til að ríkisstjórninni verði falið að taka upp samningaviðræður við deiluaðilana að nýju á hreinu borði og leita eftir og sækja fast á um lögformlegan úrskurðarfarveg í deilumálinu og/eða samningsniðurstöðu á sanngjörnum forsendum. Í ljósi þessa leggur 2. minni hluti til að tillögunni verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með vísan til rökstuðnings hér að framan leggur 2. minni hluti til að Alþingi ákveði að aðhafast ekki frekar í málinu að svo stöddu og feli ríkisstjórninni að taka upp viðræður á nýjan leik og að málinu verði vísað frá og tekið fyrir næsta mál á dagskrá.

Verði tillaga um rökstudda dagskrá ekki samþykkt mun koma til atkvæða varatillaga 2. minni hluta sem felur í sér skilyrta gildistöku samningsumboðs til ríkisstjórnarinnar og þá

þannig að samningsumboð íslenskra stjórnvalda til að ganga til viðræðna um lausn deilunnar á grundvelli hinna umsömdu viðmiða stofnist ekki fyrr en Bretar hafa aflétt frystingu á eignum Landsbankans í Bretlandi á grundvelli hryðjuverkalaga og málin hafa skýrst hvað varðar verðmæti þeirra eigna sem til ráðstöfunar verða á móti skuldbindingunum.

Alþingi, 3. des. 2008.

Steingrímur J. Sigfússon.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Ábyrgð ríkisins á innlánum. Lárus Blöndal og Stefán Már Stefánsson. (Morgunblaðið, 15. okt. 2008. Aðsent efni.)
II. Ábyrgð, milljarðar og íslensk þjóð. Pétur Blöndal. (Morgunblaðið, 16. okt. 2008. Pistlar.)
III. Að bjóða hæst og fá sem flesta. Þórður Snær Júlíusson. (Morgunblaðið, 16. okt. 2008. Viðskiptablað.)
IV. Ekki kveðið á um ábyrgð ríkisins. Steinþór Guðbjartsson. (Morgunblaðið, 22. okt. 2008. Innlendar fréttir.)
V. Breytt staða í Evrópu og á Íslandi. Magnús Ingi Erlingsson. (Morgunblaðið, 3. nóv. 2008. Aðsent efni.)
VI. Dómstólaleiðin greið. (Morgunblaðið, 7. nóv. 2008. Innlendar fréttir.)

261. Breytingartillaga [177. mál]

við till. til þál. um samninga varðandi ábyrgð ríkissjóðs á innstæðutryggingum vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu.

Frá 2. minni hluta utanríkismálanefndar (SJS).

Varatillaga:

Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í tillögugreininni komi: þegar Bretar hafa aflétt frystingu á eignum Landsbankans í Bretlandi samkvæmt ákvæðum hryðjuverkalaga.

262. Nefndarálit [177. mál]

um till. til þál. um samninga varðandi ábyrgð ríkissjóðs á innstæðutryggingum vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu.

Frá 3. minni hluta utanríkismálanefndar.

Tillaga þessi gengur út á það að Alþingi veiti opna heimild til samningagerðar um ábyrgð Íslands vegna svokallaðra Icesave-reikninga í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu. 3. minni hluti fellst ekki á slíkt opið samþykki án þess að gerðar séu eftirfarandi kröfur:

a. Að áður en til samninga verður gengið aflétti Bretar beitingu hryðjuverkalaga gagnvart íslenskum aðilum.
b. Lagt verði mat á eignatapið og Bretar bæti þann skaða sem beiting hryðjuverkalaga hefur haft á verðmæti eigna þeirra aðila sem hryðjuverkalögin bitnuðu á.
c. Bretar samþykki að þær bætur gangi til þess að greiða ábyrgðir af Icesave-reikningum og leggi fram ábyrgð breska ríkisins fyrir þeim upphæðum sem tapast hafa vegna beitingar hryðjuverkalaga.

Að þessu gerðu verði gengið til samninga um ábyrgð Íslands og að verðmæti eignasölu gangi fyrst á móti ábyrgðum sem Íslendingar taka á sig.

Sá samningur sem gerður verður og kveður á um fjárskuldbindingar og greiðslur Íslendinga vegna Icesave-reikninga verði lagður í heild sinni fyrir Alþingi Íslendinga til samþykktar.

Þriðji minni hluti mælist til þess að málinu verði breytt eða það unnið með þeim hætti að látið verði reyna á framangreind skilyrði í samningum við Breta áður en gengið verður frá endanlegu samkomulagi við þá. Verði ekki fallist á þessar tillögur munu þingmenn Frjálslynda flokksins ekki sjá sér fært að samþykkja tillögu þessa.

Alþingi, 4. des. 2008.

Jón Magnússon.

263. Nefndarálit [177. mál]

um till. til þál. um samninga varðandi ábyrgð ríkissjóðs á innstæðutryggingum vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björn Rúnar Guðmundsson og Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneyti, Benedikt Jónsson og Högna S. Kristjánsson frá utanríkisráðuneyti, Lárus Finnbogason og Ársæl Hafsteinsson frá skilanefnd Landsbanka Íslands og Steinar Þór Guðgeirsson frá skilanefnd Kaupþings. Nefndin kynnti sér fjölmörg gögn sem orðið hafa til í tengslum við málið, svo sem minnisblöð og bréfleg samskipti stjórnvalda og

Eftirlitsstofnunar EFTA frá því í október og nóvember 2008, frásagnir af fundum íslenskra stjórnvalda og samninganefndar Íslands með fulltrúum Hollands og Bretlands frá því í október 2008, fundi fjármálaráðherra ESB og EFTA-ríkjanna og fundi sjö fastafulltrúa ESB með Íslandi frá 4. nóvember 2008 og fundi með sendiherrum sjö ESB-ríkja vegna álits lögfræðihóps um innstæðutryggingar frá 12. nóvember. Jafnframt kynnti nefndin sér ýmsar lögfræðilegar greinargerðir um málið sem unnar voru á tímabilinu október–nóvember 2008.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis ríkisstjórninni til handa til að leiða til lykta samninga við viðeigandi stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli þeirra sameiginlegu viðmiða sem aðilar hafa komið sér saman um.

Nefndin ræddi efnisþætti málsins á fundum sínum. Fram kom að málið snýst nær einvörðungu um skuldir gamla Landsbanka Íslands vegna svokallaðra Icesave-reikninga. Talið er að ekki muni reyna á Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta vegna skulda gamla Kaupþings, en formaður skilanefndar upplýsti að útlit væri fyrir að sala á eignum bankans gæti staðið undir kröfum í búið vegna svokallaðra Kaupþing Edge reikninga. Þá var starfsemi gamla Glitnis erlendis með þeim hætti að afar ólíklegt er að reyni á tryggingarsjóðinn.

Nefndin kynnti sér eigna- og skuldastöðu gamla Landsbanka Íslands, væntanlegar kröfur tryggingarsjóðsins á hann og hvað mætti gera ráð fyrir að fengist upp í þær kröfur við sölu á eignum bankans. Mikil óvissa er enn um það virði sem fæst fyrir eignirnar en á grundvelli upplýsinga frá skilanefnd Landsbanka Íslands má áætla að um 150 milljarðar kr. geti staðið út af að því ferli loknu. Þessi niðurstaða er eins og áður segir háð mikilli óvissu. Sá möguleiki er því fyrir hendi að eignir Landsbankans dugi fyrir forgangskröfum þannig að ekkert falli á ríkissjóð. Niðurstaða um þetta atriði ræðst fyrst og fremst af tvennu. Annars vegar af endanlegu virði eigna gamla Landsbankans, en talið er að hámarksverðmæti fáist fyrir þær með því að selja þær ekki að svo stöddu. Er gert ráð fyrir að eignirnar verði varðveittar í gamla Landsbankanum í u.þ.b. 3 ár. Hins vegar ræðst niðurstaðan af þeim samningum sem hér er leitað heimildar til að gera.

Eins og fram kemur í athugasemdum við tillöguna varðandi lagalega stöðu málsins hafa íslensk stjórnvöld byggt á því sjónarmiði að skýr lagaskylda væri ekki til staðar um ábyrgð íslenska ríkisins ef greiðslur til innlánseigenda færu fram úr því sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta gæti staðið undir. Nefndin hefur farið yfir þau lögfræðilegu álitaefni sem málið snýst um og ljóst er að önnur aðildarríki EES-samningsins eru ekki sammála skilningi íslenskra stjórnvalda um að óvissa ríki að þessu leyti. Hugmyndir um að úr þessu yrði skorið fyrir hlutlausum úrskurðaraðila eða dómstól hafa ekki náð fram að ganga í viðræðum aðila.

Ljóst er að miklir hagsmunir eru í húfi um niðurstöðu slíks máls fyrir báða aðila. Óhagstæð niðurstaða úr slíku máli um skuldbindingu Íslands hefði alvarlegar afleiðingar fyrir ríkissjóð. Á hinn bóginn má leiða að því líkur að lagaleg óvissa um þetta atriði gæti vegið að fjárhagslegum stöðugleika og trúverðugleika þess lagaumhverfis sem fjármálafyrirtækjum sem starfa innan vébanda Evrópusambandsins hefur verið skapað. Hagur þess að lausn finnist við samningaviðræður er því ótvíræður. Þess má geta að á meðan ágreiningur aðila um þetta efni var óleystur var sú hætta fyrir hendi að Evrópusambandsríkin gripu til aðgerða gagnvart Íslandi sem settu EES-samninginn að hluta eða í heild í hættu. Þá var ljóst að Norðurlöndin voru sammála um að nauðsynlegt væri að Ísland semdi um lausn á þessu máli, til að þau gætu séð sér fært að taka þátt í fjárhagslegri fyrirgreiðslu í tengslum við efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Sama gilti um afstöðu annarra ríkja sem Ísland

leitaði fyrirgreiðslu hjá. Með vísan í allt sem að framan greinir er að áliti meiri hlutans ljóst að leita þurfti pólitískrar lausnar á vandamálinu.

Frumforsenda þess að leitað væri pólitískrar lausnar á málinu var að tryggt yrði að tekið yrði tillit til hinna erfiðu aðstæðna sem nú eru uppi á Íslandi. Þau umsömdu viðmið sem þingsályktunartillagan fjallar um fela í sér viðunandi forsendur fyrir lausn að áliti meiri hlutans. Ekki er fallið frá þeim lagarökum sem Ísland hefur sett fram, en fallist á að leita samninga á grundvelli sameiginlegra viðmiða. Þau eru annars vegar að tilskipunin gildi með sama hætti hér á landi og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu og hins vegar að samningar um lausn taki mið af sérstakri og fordæmislausri stöðu Íslands. Hvorugar þessara forsendna geta talist íþyngjandi fyrir Ísland eða íslenska hagsmuni. Í þessu sambandi var nefndin upplýst um þau meginsamningsmarkmið sem stjórnvöld hafa sett sér og fram kom að stöðu Íslands verði haldið á lofti í þeim viðræðum sem í hönd fara þannig að sem hagstæðust niðurstaða fáist fyrir Ísland. Leiði samningar ekki til ásættanlegrar niðurstöðu fyrir Ísland er það sjálfstætt úrlausnarefni hvernig stjórnvöld og Alþingi vinna úr þeirri stöðu, en hin umsömdu viðmið fela ekki í sér að stjórnvöld afsali sér með einhverjum hætti lagalegri stöðu að þjóðarétti sem ríkið hefur í dag.

Meiri hlutinn lítur svo á að í samþykkt þessarar tillögu felist pólitískur stuðningur við stefnumörkun stjórnvalda í yfirstandandi samningum. Í tillögunni kemur fram að endanlegar niðurstöður samninga sem nást í viðræðunum verði lagðar fyrir Alþingi til öflunar viðeigandi fjárheimilda eftir því sem aðstæður krefjast. Álit meiri hlutans er að þetta verði að sjálfsögðu gert í samræmi við stjórnskipulegar kröfur og eðli þeirra samninga sem nást. Þá hefur komið fram af hálfu utanríkisráðherra að utanríkismálanefnd verði upplýst um framgang samningaviðræðna eftir því sem þeim vindur fram, í samræmi við ákvæði 24. gr. þingskapalaga.

Í meðferð nefndarinnar kom einnig til umræðu hvernig ríkissjóður mundi standa undir skuldbindingum sem samningar sem hér er óskað eftir heimild til að leiða til lykta leggja á hann. Ákveðið var að ræða þau atriði í samfellu við efnislega úrlausn á 161. máli, tillögu til þingsályktunar um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið telur meiri hlutinn óhjákvæmilegt að ráðast í þá samningagerð sem tillagan gerir ráð fyrir og leggur til að hún verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 5. des. 2008.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Árni Páll Árnason.	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Lúðvík Bergvinsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.

264. Nefndarálit [161. mál]

um till. til þál. um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Frá 1. minni hluta utanríkismálanefndar.

Í umfjöllun um málið kallaði utanríkismálanefnd fulltrúa forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands á sinn fund. Um þá gesti sem nefndin hefur fengið á fund sinn og almenna lýsingu á efni tillögunnar vísar 1. minni hluti til umsagnar meiri hluta nefndarinnar.

Fyrsti minni hluti telur að miðað við hvernig komið var í efnahagsmálum landsins eftir bankahrunið í byrjun október hafi verið rétt af hálfu stjórnvalda að leita eftir samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. 1. minni hluti telur að jafnvel hafi verið efni til þess að leita eftir samstarfinu fyrr, enda hefur komið fram að ríkisstjórnin hafi í nokkurn tíma verið vöruð við vægast sagt ótryggri stöðu bankakerfisins.

Fyrsti minni hluti átelur hins vegar hvernig stjórnvöld hafa staðið að málinu og telur alvarlegt hvernig Alþingi hefur verið sniðgengið. Þetta mikilvæga mál mun fyrirsjáanlega hafa víðtæk áhrif á öll svið íslensks samfélags og á þróun þess á næstu árum og áratugum. Samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er eitt stærsta mál sem komið hefur til kasta þingsins. Sú efnahagsáætlun og þær aðgerðir sem lagðar eru til grundvallar í áætlun ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans hafa nú þegar og til framtíðar mikil áhrif á samfélag okkar. Lítið má út af að bera til þess að há skuldsetning og þung endurgreiðslubyrði sem leggst á ríkissjóð sligi heimili landsins og fyrirtæki. Hættan er sú að við missum ungu kynslóðina úr landi líkt og gerðist í fjármálakreppunni í Færeyjum á 10. áratug síðustu aldar. Því er afar brýnt að vel sé á málum haldið en framganga ríkisstjórnarinnar hingað til er ekki traustsvekjandi. Virðingarleysi fyrir þinginu hefur verið með eindæmum og upplýsingagjöf í molum.

Í aðdraganda málsins og meðan á samningaviðræðum stóð við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hefur Alþingi ekki átt lýðræðislega aðkomu að málum. Ríkisstjórnin hefur haldið mikilli leynd yfir samningaviðræðunum en inn í þær fléttaðist dæmalaust ferli þar sem ráðherrar ríkisstjórnarinnar kepptust við að lýsa því yfir að engin tengsl væru á milli fyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og lausnar svokallaðrar Icesave-deilu við Breta og Hollendinga. Ríkisstjórnarflokkarnir á Alþingi og lykilstofnanir framkvæmdarvaldsins komu þessu máli í hnút þegar afgreiðslu stjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var ítrekað frestað vegna krafna viðsemjenda um að fyrst yrði samið um lausn vegna Icesave-ábyrgða.

Eftir að ríkisstjórnin náði samkomulagi við sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðins var leyndinni gagnvart þinginu ekki aflétt. Meira að segja í utanríkismálanefnd, þar sem fullur trúnaður ríkir, neitaði ríkisstjórnin að leggja fram samkomulagið þrátt fyrir lögboðið samráð við nefndina um öll meiri háttar utanríkismál. Leynd stjórnvalda á samkomulaginu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn var fyrst aflétt eftir að dagblaðið DV hafði birt hluta skilyrðanna.

Í dag stendur þingið frammi fyrir orðnum hlut sem ríkisstjórnin og Seðlabankinn hafa nú þegar staðfest með undirritun sinni. Nú er Alþingi ætlað að staðfesta orðinn hlut með þingsályktun sem í raun er þegar komin til framkvæmdar að nokkru innan stjórnsýslunnar. Með þessari framkomu hefur ríkisstjórnin sýnt yfirgang gagnvart löggjafarvaldinu. 1. minni hluti gagnrýnir þessi ólýðræðislegu vinnubrögð af hálfu framkvæmdarvaldsins og lýsir fullri ábyrgð á hendur stjórnarmeirihlutans á Alþingi.

Við afgreiðslu þessa máls hefur verið kallað eftir upplýsingum en heildaryfirsýn skortir sárlega. Stjórnvöld hafa ekki látið meta efnahagshorfur og ný þjóðhagsspá hefur ekki verið birt sem tekur mið af gjörbreyttum aðstæðum á Íslandi eftir hrun bankakerfisins. Ómögulegt hefur reynst að fá fram tölulegar upplýsingar um hvernig til standi að nýta þau lán sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og samstarfsaðilar hans við björgun Íslands hafa boðið fram, hvenær þau verði tekin og hvernig þau verði endurgreidd.

Þrátt fyrir að rétt hafi verið að leita eftir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, miðað við hvernig komið var í efnahagsmálum eftir bankahrunið í byrjun október, hefur framkvæmdarvaldið með vítaverðri framkomu sett Alþingi í þá stöðu að mjög erfitt er að átta sig til hlítar á efnisþáttum og afleiðingum þessa samkomulags um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Með vísan til framangreinds rökstuðnings mun 1. minni hluti sitja hjá við endanlega afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. des. 2008.

Magnús Stefánsson.

265. Nefndarálit [161. mál]

um till. til þál. um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Frá 2. minni hluta utanríkismálanefndar.

Þingsályktunartillaga þessi er svohljóðandi: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta áform um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á grundvelli fyrirliggjandi viljayfirlýsingar íslenskra stjórnvalda.“

Í athugasemdum við tillöguna kemur fram að viðræður fulltrúa Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um „fyrirkomulag samstarfsins“ hafi staðið yfir „um nokkurt skeið“. Einnig kemur fram að unnið hafi verið „ítarleg efnahagsáætlun“ sem hafi þrjú meginmarkmið: „Í fyrsta lagi að endurvekja traust á íslenskum efnahag og ná stöðugu gengi krónunnar með markvissum og öflugum aðgerðum, í öðru lagi að styrkja stöðu ríkissjóðs og í þriðja lagi að endurreisa íslenskt bankakerfi.“

Athygli vekur að í svokallaðri „efnahagsáætlun“ stjórnvalda sem kveðið er á um í þessari þingsályktunartillögu er ekki minnst einu orði á heimilin í landinu né heldur íslenskt atvinnulíf. Má enda ljóst vera að aðgerðaáætlun sú og þeir skilmálar sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn krefst af íslensku þjóðinni, í „samstarfi“ við ríkisstjórnina, eru ekki endilega til þess fallin að tryggja öryggi, velsæld og atvinnustig á Íslandi heldur fyrst og fremst að aðstoða erlenda fjármagnseigendur að halda sínum hlut. Gjaldeyriskreppan svokallaða er í fyrirrúmi en sú kreppa sem ríður nú yfir heimilin í landinu og atvinnulíf er hunsuð og jafnvel gerð verri viðureignar. Leiða má líkur að því að þær tröllvöxnu skuldabyrðar sem þessu láni fylgja, og þeir skilmálar sem fyrirgreiðslunni eru settir, geri íslensku samfélagi mun erfiðara og sársaukafyllra um vik að vinna sig út úr þeirri kreppu sem nú herðir að heimilum landsmanna og atvinnulífi.

Vanvirðing við þing og þjóð og afdrifaríkar afleiðingar.

Ekki þarf að að fara mörgum orðum um þær efnahagsþrengingar sem Íslendingar standa nú frammi fyrir. Horfurnar eru einhverjar þær verstu sem nokkru sinni hafa blasað við þjóðinni eftir að hún endurheimti sjálfstæði sitt.

Við slíkar aðstæður er það frumskylda stjórnvalda að halda þjóð og þingi vel upplýstu um staðreyndir og gang mála, leita víðtæks samráðs á opinberum vettvangi um stórar ákvarðanir sem hafa afleiðingar langt inn í framtíðina og fylgja í einu og öllu lýðræðislegum, opnum og gagnsæjum vinnubrögðum við ákvarðanatöku. Í þessum efnum hafa stjórnvöld alfarið brugðist og með pukri og leynd leitt þjóðina inn í öngstræti þess eina úrræðis sem boðið hefur verið upp á – áframhaldandi skuldsetningu upp á annað þúsund milljarða í gegnum Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og skilmála hans.

Með því að ganga að þeim skilmálum sem þessi þingsályktunartillaga ber með sér hneppa stjórnvöld íslensku þjóðina í sársaukafulla skuldafjötra og gangast inn á skilyrði á borð við vaxtahækkanir, niðurskurð á útgjöldum hins opinbera og önnur pólitísk skilyrði sem ganga beinlínis gegn hagsmunum þjóðarinnar. Þessu tengd er alhliða uppgjöf ríkisstjórnarinnar fyrir Evrópusambandinu í nauðasamningum sem snúa að ábyrgð íslenska ríkisins á Icesave-reikningum Landsbankans. Þar með er íslenskri alþýðu gert að borga dýrum dómum fyrir áhættufíkn auðvaldsins og ábyrgðarleysi íslenskra stjórnvalda. Öll vinnubrögð í þessum efnum hafa einkennst af vanvirðingu fyrir þingræðis- og lýðræðishefðum. Alþingi Íslendinga er ítrekað sniðgengið í ákvarðanatöku um þessi feikilegu hagsmunamál og leynt og ljóst haldið frá upplýsingum. Þá er almenningi öllum, sem borga á brúsann, gert að búa við stöðugan skort á upplýsingum og misvísandi, áróðurskennd skilaboð um stöðu mála.

Þingsályktunartillaga þessi ber í sjálfu sér með sér hvernig staðið hefur verið að málum af hálfu ríkisstjórnarinnar. Alþingi er í orði kveðnu ætlað að „fela“ ríkisstjórninni það sem hún hefur þegar skrifað upp á án nokkurrar upplýsingagjafar eða samráðs. Engin opin umræða eða samráð hefur farið fram um þær forsendur sem leggja ætti til grundvallar láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eða öðrum risavöxnum skuldabyrðum þjóðarinnar og engir aðrir möguleikar virðast hafa verið skoðaðir í stefnu til framtíðar. Nú þegar búið er að skrifa undir, nú þegar búið er að leggjast á hnén gagnvart erlendum lánardrottnum, er Alþingi gert að stimpla gjörninginn eftir á.

Miklar efasemdir hafa komið fram, m.a. hjá fræðimönnum á sviði lögfræði og þjóðarréttar, að Íslendingum sé skylt að ganga að skilmálum Evrópusambandsins og því ljóst að hér er fyrst og fremst um pólitíska gjörning að ræða. Gjörning sem hefur að því er virðist þann tilgang einan að styggja ekki Evrópusambandsveldið.

Við blasir að á síðustu dögum og vikum hefur ríkisstjórn Íslands tekið ákvörðun um að skuldsetja íslenska þjóðarbúið sem nemur allt að 1.600 milljörðum króna eða meira. Íslenskt samfélag er fyrir skuldugasta þróaða hagkerfið í heimi. Með þessum gjörningi er ótæpilegum skuldaklyfjum hlaðið á herðar komandi kynslóða og landsmanna allra, og enn reynist erfitt að fá svo mikið sem grunnupplýsingar um þau plögg sem undirrituð hafa verið fyrir hönd þjóðarinnar.

Engin frumplögg samkomulags og viljayfirlýsinga hafa verið birt opinberlega. Leynimakkið hefur verið slíkt að það var fyrst í dagblaðinu DV 17. nóvember sl. sem þingheimur og þjóðin fékk að lesa um skilmála samkomulags íslenskra stjórnvalda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Að öðru leyti hefur þjóðþingið verið hunsað og skellt hefur verið skollaeyrum við

þeirri eðlilegu kröfu almennings í lýðræðissamfélagi að fá að vita hvernig málum er háttað. Fréttin í DV virðist að endingu hafa neytt stjórnvöld til að upplýsa Alþingi um málið, vikum eftir að undirskrift átti sér stað.

Nú þegar málið loks kemur á borð Alþingis er enn ýmsu haldið leyndu og mýmörgum spurningum ósvarað. Sú umræða og yfirferð sem farið hefur fram á Alþingi um málið á síðustu dögum er í reynd um orðinn hlut. Forustumenn ríkisstjórnarinnar hafa jafnvel látið hafa eftir sér að vel hefði komið til álita að ganga endanlega frá málinu án nokkurrar aðkomu Alþingis yfirhöfuð! Þingsályktunartillagan nú er því í besta falli til málamynda, svo einhvers konar þingræðislegur bragur sé á þessum gerræðislegu ákvörðunum ríkisstjórnarinnar, sem munu að líkindum gera þjóðina verr í stakk búna til að vinna sig út úr kreppunni en nokkur þörf er á.

Óboðlegir skilmálar.

Lántakan sjálf og greiðslubyrðin af henni fyrir þjóðina alla verður sem fyrr segir þungur baggi að bera fyrir ungar axlir upprennandi kynslóða og landsmenn alla. En lánið sjálft og byrðarnar sem af því leiða eru bara hluti vandans. Skilmálarnir sem hengdir eru í lánið eru jafnvel enn verri og meira eyðileggjandi fyrir íslenskt velferðarsamfélag til framtíðar. Það hefur margsannað sig víða erlendis að skilmálar sem þeir sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn boða nú á Íslandi hafa dýpkað fjármálakreppur og gert þær verri í stað þess að leysa úr þeim. Sporin hræða í þessum efnum hvort heldur eru í Evrópu, Asíu eða Suður-Ameríku. Það er óboðlegt að Alþingi Íslendinga gangi að slíkum skilmálum án vandaðri skoðunar á öllum málsástæðum og endurtaki þau mistök sem annars staðar hafa skilið eftir sig sviðna jörð.

Einn liður „skilmálanna“ er áframhaldandi hávaxtastefna. Í kjölfarið á undirritun „samkomulagsins“ voru stýrivextir nær umsvifalaust hækkaðir í 18% hinn 28. október sl. Boðað er að þeir verði jafnvel hækkaðir enn frekar. Í kjölfarið á þessari hækkun stýrivaxta komu misvísandi skilaboð frá ráðherrum ríkisstjórnarinnar, þar sem einn sagði að ríkisstjórnin hefði ákveðið hækkunina, annar að Seðlabankinn hefði gert það og enn annar að þetta væri verknaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Yfirstjórn Seðlabankans birti þá einn tölulið 19. gr. samkomulagsins, þar sem kveðið er á um hækkun vaxta, og leysti þar með úr þessari lotu misvísandi skilaboða ráðamanna, en aðeins einn töluliður samkomulagsins var birtur og allt annað í samkomulaginu hulin ráðgáta.

Það hefur ekki heldur fengist upplýst hversu mjög reyndi á samningatækni íslenskra stjórnvalda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn þegar kemur að hækkun vaxta. Það kæmi ekki á óvart ef stjórnvöld hefðu hreinlega skrifað blindandi upp á þetta skilyrði þar eð það er í takt við þá misheppnuðu peningamála- og hávaxtastefnu sem stjórnvöld hérlendis hafa hingað til fylgt. Þetta er landsmönnum og venjulegum almannahagsmunum hins vegar bersýnilega mjög mótdrægt og hið mesta feigðarbragð.

Ef hagur almennings, hagur heimilanna og hagur fyrirtækjanna í landinu væri settur í forgang ætti að fara í þveröfuga átt og lækka vexti. Slíkt er lífsnauðsynlegt til að bjarga því sem bjargað verður. Önnur ríki í Evrópu og Norður-Ameríku keppast nú við að lækka stýrivexti og reka ríkissjóð með halla til að geta örvað eftirspurn í hagkerfunum og haldið uppi atvinnustigi. Undir forustu nýfrjálshyggguboðskaps Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ætla íslensk stjórnvöld að keyra í þveröfuga átt með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Skilmálar þeir sem lúta að ríkisfjármálum eru sömuleiðis mikið áhyggjuefni og munu þegar fram í sækir vega að rótum íslenska velferðarsamfélagsins. Spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem þingheimi birtist í Morgunblaðinu á fullveldisdaginn 1. desember sl., virðist

gefa til kynna að halli ríkissjóðs til ársloka 2011 verði nærri 470 milljörðum kr. og þar af verði hallinn á næsta ári hartnær 200 milljarðar kr. Áætlað er að fjármagna hallareksturinn með útgáfu skuldabréfa og varlega áætlað mun vaxtakostnaður verða um 280 milljarðar kr. Heildarkostnaður vegna hallareksturins mun því verða um 750 milljarðar kr. Reiknað er með að vergar skuldir hins opinbera verði 109% af landsframleiðslu í árslok 2009.

Það getur með engu móti talist ráðlegt að keyra ríkissjóð niður úr kannski 200 milljörðum niður í núll á nokkrum árum þar á eftir. Slíkt felur augljóslega í sér óboðlegan niðurskurð í íslenska velferðarsamfélaginu og væntanlega hækkun skatta um leið. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ætlast til að skuldirnar séu greiddar hratt og örugglega, í þágu hagsmuna alþjóðlegra fjármagnseigenda, og er þá að engu haft þótt það bitni með skelfilegum afleiðingum á innri samfélagsgerð okkar, velferðarkerfi og atvinnustigi.

Ýmsir aðrir skilmálar í „samkomulagi“ ríkisstjórnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru álíka varhugaverðir. Þannig hlýtur til að mynda ýmsum að bregða í brún við skilyrði sem lúta að kjarasamningum og þá vekur furðu að sérstaklega sé tekið fram að ráðlegt gæti verið að einkavæða bankana sem fyrst aftur. Hvað með reynslu okkar sjálfra? Stríðir hún ekki gegn þessari blindu hugmyndafræði, höfum við þá ekkert lært? Þá hlýtur það að vera fullkomin niðurlæging og sér í lagi ólýðræðislegt að gangast undir svo mikið forræði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem „samkomulagið“ ber með sér. Með samkomulagi þessu er skrifað undir þá staðreynd að það sé í raun Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sem stjórni efnhagsáherslum Íslendinga á komandi árum. Þá brennur spurningin enn frekar: Ber Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hag íslenska velferðarsamfélagsins fyrir brjósti eða stendur honum nær að passa fyrst og fremst upp á framgang alþjóðlegra fjármagnseigenda? Reynslan víða gefur skýr svör við þessari spurningu og er dapurt til þess að vita að öfl, sem ekki standa velferð íslensks samfélag nærri, skuli nú ráða hér lögum og lofum.

Hvað á að gera við peningana?

Samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins er bannað að greiða fé úr ríkissjóði nema með heimild í fjárlögum eða öðrum lögmætum fjárheimildum. Íslensk stjórnvöld hafa hins vegar skuldbundið hendur þjóðarinnar upp á að því er virðist þúsundir milljarða án þess svo mikið að gefa upp hvernig verja eigi fjármununum sem fást frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, seðlabönkum nágrannaríkja, og fleirum. Enn hafa ekki fengist svör við því hversu miklu menn eru t.d. tilbúnir að fórna af þessum fjármunum til að halda uppi gengi krónunnar. Eins og dæmin sanna annars staðar frá væri slíkt glapræði og til þess eins gert að láta fjármagnið flæða til alþjóðlegra spákaupmanna. Slíkt gerðist m.a. í kreppunni í Argentínu, Argentínumenn sáu að lokum þann kost vænstan að flýja undan viðjum Alþjóðgjaldeyrissjóðsins. Engin skýr svör hafa fengist í þessum efnum af hálfu íslenskra stjórnvalda. Ekki hefur fengist gefið upp hversu mikið á að styrkja gjaldeyrisvaraforðann né heldur með hvaða hætti á að verja fénu til endurfjármögnunar bankanna og jafnvel til skuldajöfnunar við kröfuhafa gömlu bankanna. Ljóst er hins vegar að fjármunirnir virðast ekki eiga að fara til styrktar atvinnuuppbyggingar í landinu enda ganga skilmálar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ekki út á að efla innviði íslensks samfélags.

Það er ólíðandi að stjórnvöld skuli ekki gefa upp skýra aðgerðaáætlun um ráðstöfun fjárins og að þau skuli ekki telja nauðsynlegt að kynna haldbæra áætlun um slíkt. Þingheimur les helst um það í blöðunum hvað hugsanlega eigi að gera við peningana og hvað ekki.

Tengingin við Icesave.

Lengi framan af héldu íslensk stjórnvöld því fram að engin tenging væri á milli ábyrgðar á Icesave-innstæðum Landsbankans í Bretlandi, Hollandi og Kaupþings í Þýskalandi o.s.frv. og hugsanlegrar fyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hið gagnstæða hefur þó ítrekað komið í ljós. Lánsumsókn íslenskra stjórnvalda hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum var haldið í gíslingu af ESB-ríkjum sem kröfðust þess að Íslendingar skuldbindu sig til að borga að fullu Icesave-reikningana. Með því má segja að íslensk stjórnvöld hafi með óréttmætum hætti látið nauðbeygja sig með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Ekkert færi var gefið á því að láta á málið reyna fyrir dómstólum og krefjast sanngjarnrar málsmeðferðar. Það er því enn óljóst hverjar þjóðréttarlegar skyldur Íslands í þessum efnum voru og eru í raun. Til samanburðar má hins vegar geta þess að í nauðasamningum í Versölum á sinni tíð, sem lagðir voru á Þjóðverja eftir seinni heimsstyrjöld var hverjum einstaklingi gert að greiða sem samsvarar 0,7 kg af gulli. Íslenskri alþýðu er nú gert að borga nærri 2 kg af gulli hverjum og einum einasta manni og líklega meira þegar allt verður talið. Þessi skuldaáþján bætir sem fyrr segir olíu á þann eld sem hrun fjármálakerfisins á Íslandi hefur þegar haft í för með sér fyrir allan almenning.

Samkvæmt reglugerðum Evrópusambandsins á bankakerfið að greiða fyrir innlánstryggingar með því að greiða 0,15% af innlánum inn í innlánstryggingarsjóð þar til 1% er náð á tæpum sjö árum. Hvergi er orð um ríkisábyrgð eða að greiðslubyrðin skuli flutt frá bankakerfinu og yfir til skattgreiðenda. Ný túlkun og stefnubreyting í þessum efnum af hálfu Evrópusambandsins er til þess eins gerð að láta Íslendinga borga fyrir traust breskra og hollenskra sparifjáreigenda á evrópska bankakerfinu, sem augljóslega er meingallað. Þannig hefur breski fjármálaráðherrann, herra Darling, lagt til breytingar á Evróputilskipuninni um innstæðutryggingar og styrkir það málstað Íslands í málinu.

Með því að ekki var látið á málið reyna fyrir dómstólum er ljóst að ægivald eitt og aflsmunur réð för en hvorki sanngirni né réttlát málsmeðferð. Það hefði verið meiri sæmd af því af hálfu Íslendinga að verja rétt smáríkja á alþjóðlegum vettvangi og gefa þeim gott fordæmi í málum sem þessum með því að láta á málið reyna fyrir dómi. Þess í stað lyppuðust stjórnvöld niður og ætla nú að láta alþýðu fólks borga brúsann fyrir annarra manna sakir.

Fjölmargir þættir Icesave deilunnar hafa enn ekki verið upplýstir. Ekki hefur t.d. verið upplýst hvort það var samkvæmt tilskipun, tillögu, ábendingu eða kröfu

Evrópusambandsins eða undirstofnana þess að Seðlabankinn felldi niður innlánsbindingu í útibúum íslensku bankanna í mars sl. Í fjölmiðlum var fullyrt að svo væri og að tilgangurinn væri að styrkja samkeppnisstöðu evrópsku bankanna gagnvart þeim íslensku. Þá hefur heldur ekki verið upplýst hverju það hefði breytt ef viðskiptaráðuneytið hefði hlustað á ábendingar, m.a. frá samtökum fjármálafyrirtækja, og nýtt sér undanþágu frá skyldutryggingunni fyrir sveitarfélög og aðra lögaðila.

Rökin sem íslensk stjórnvöld gáfu opinberlega fyrir uppgjöf sinni í Icesave-málinu voru þau að annars mundu Íslendingar ekki fá fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Á eina hlið var því haldið fram að til þess að fá lánið frá sjóðnum yrði að borga Icesave-reikninginn. Á hinn bóginn er lán sagt vera nauðsynlegt til að geta borgað Icesave. Röksemdafærslan bítur því í skottið á sér en uppi stendur fólkið í landinu með hátt á annað hundrað milljarða skuldbindingar á bakinu.

Breyttar forsendur – hvar er varaáætlunin?

Eftir ítrekaðar fyrirspurnir virðist ljóst að íslensk stjórnvöld hafa ekki haft neina varaáætlun í málinu og engar aðrar sviðsmyndir hafa verið skoðaðar en sú að fá lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Engir útreikningar virðast til að mynda hafa verið gerðir á því hvort við gætum komist í gegnum þá erfiðu kreppu sem við blasir án láns frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, frjáls frá klyfjum þeirra nýfrjálshyggjuskilyrða sem sjóðurinn setur. Stjórnvöld hafa engu getað svarað um aðrar mögulegar leiðir og hafa augljóslega ekki látið kanna þær með nokkrum hætti.

Ríkisstjórnin virðist þannig ekki hafa hugað að því að takast á við vandann á lengri tíma en hér er áætlað, með því til að mynda að leyfa viðvarandi halla á ríkissjóði til lengri tíma í stað þess að fara út á þá ómögulegu braut að reka ríkissjóð hallalausan strax árið 2012. Slíkt þýðir sem fyrir segir heiftarlegan niðurskurð á opinberri fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar, skólakerfisins og allra opinberra framkvæmda í landinu og stríðir gegn þjóðarvilja um íslenskt velferðarsamfélag.

Í þessu samhengi er vert að geta margvíslegra sjónarmiða ólíkra fræðimanna sem hafa varað mjög eindregið við stefnu stjórnvalda og bent á að forsendur núna séu gjörbreyttar frá því að fyrst var rætt um lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Í grein sem hagfræðingarnir Daði Már Kristófersson, Jón Daníelsson og Ragnar Árnason skrifuðu 19. nóvember sl. (sjá fskj. I) benda þeir á að forsendurnar sem fyrir hendi voru 24. október sl., þegar ákveðið var að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hafi breyst verulega. Það sé því ástæða til að efast um að taka þurfi lánið.

Í greininni segir m.a.: „Þar er fyrst til að taka, að frá því að þessi yfirlýsing íslenskra stjórnvalda var samin fyrir meira en tveimur vikum hafa aðstæður á gjaldeyrismarkaði breyst mjög mikið. Krónan sem ætlunin var að styrkja hefur á þessu tímabili fallið um nálægt 10% á innanlandsmarkaði. Erlendis hefur gengismarkaður fyrir krónuna hins vegar myndast á nýjan leik og þar hefur gangverð krónunnar hækkað og færst nær skráðu gengi innanlands. Greið alþjóðleg markaðsviðskipti með krónuna og jafnvægisgengi hennar innanlands og erlendis virðist því tiltölulega skammt undan. Það meginhlutverk lánsfjár frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að styðja við bakið á gjaldmiðli í „frjálsu falli“ er því ekki lengur til staðar. Það er því ástæða til að efast um að raunveruleg efnahagsleg þörf sé fyrir þetta lán. Að minnsta kosti eiga ýmis skilyrði sem þessu láni tengjast ekki lengur við.“

Síðar í greininni er m.a. talað um mikilvægi þess að lækka vexti og að gera tafarlausar ráðstafanir vegna afkomu heimila og fyrirtækja, m.a. með skuldbreytingum, frestunum afborgana og lánalengingum. Slíkt er hvergi að finna í forgangsröðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og íslenskra stjórnvalda.

Spurningin sem eftir situr er því hvort íslensk stjórnvöld hafi leitt þjóðina niður blindgötu í svokölluðum „björgunaraðgerðum“ sínum sem hún batt alfarið og eingöngu við fyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Staðreyndir málsins virðast nefnilega þessar: Auk nauðungarkostanna sem að óbreyttu stefnir í hvað varðar lyktir Icesave-deilunnar er hugsanlegt að það sé einmitt þessi lántaka sem geti orðið okkar mesta böl. Íslendingar búa að stórkostlegum tekjuskapandi útflutningsgreinum, svo sem sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Þróunin að undanförnu hefur verið sú að innflutningur hefur minnkað en útflutningur aukist. Ef ekki væri verið að sliga íslensku þjóðina með þessum skuldaklyfjum sem ríkissjórnin hyggst nú skrifa undir, og ef ekki væri gengið að þeim ógnarskilmálum sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn setur fram, ætti samfélagið ef til vill mun raunhæfari möguleika á að ná sér hratt og vel út úr kreppunni en með þeirri áþján

sem hér er borin á borð. Útflutningsgreinarnar geta skilað íslensku þjóðarbúi gríðarlegum verðmætum á næstu missirum ef rétt er á málum haldið, og öflugur landbúnaður sér okkur fyrir góðri og hollri fæðu. Eftir ekki mjög langan tíma ættum við að geta unnið okkur út úr vandanum, ef stjórnvöld stíga ekki það glapræðisskref að leggja á þjóðina þúsund milljarða skuldir. Augljóst er að ef mannauðurinn fer úr landi, ef unga fólkið okkur flytur brott, hafa óafturkræf skemmdarverk verið unnin á íslensku samfélagi sem gera okkur enn síður í stakk búin að vinna okkur út úr þessum erfiðu tímum.

Sama Fjármálaeftirlit og gaf íslensku bönkunum heilbrigðisvottorð, sami Seðlabanki og rak glórulausa peningamálastefnu og sama ríkisstjórn og sat aðgerðalaus hjá og skrifaði upp á ruglið, sama fólkið og sömu flokkarnir og hafa keyrt íslenskt samfélag í þrot, ætla nú fyrir hönd komandi kynslóða að ráðstafa þúsundum milljarða. Það var einmitt líka sá hinn sami Alþjóðagjaldeyrissjóður og nú ræður lögum og lofum á Íslandi sem lýsti sérstakri aðdáun sinni á einkavæðingu íslensku bankanna, útrás og vexti. Þegar staðreyndirnar á bak við þennan gjörning allan eru skoðaðar, þegar pukrið og ólýðræðisleg málsmeðferð situr enn í fyrirrúmi, er engan veginn hægt að skrifa upp á þessa þingsályktunartillögu. Þessi gjörningur stjórnvalda getur með engu móti verið túlkaður sem góðs viti fyrir framtíð íslenska velferðarsamfélagsins, sem nú þarf á öllu sínu þreki að halda til að vinna sig út úr kreppunni.

Annar minni hluti utanríkismálanefndar telur því allar forsendur skorta fyrir því að undirgangast skilyrði Alþjóðagjadeyrissjóðsins og heimila ríksstjórn að ganga til frekara samstarfs og þátttöku í þvingunarprógrammi sjóðsins. Verkefnið eigi því að vera að velja leið fyrir landið út úr þrengingunum sem feli í sér sem minnsta erlenda lántöku, áherslu á að mannauður, auðlindir og möguleikar okkar sem sjálfstæðrar þjóðar verði nýttir eftir föngum til að hefja endurreisnarskeið án þess að óbærilegur skuldaklafi og utanaðkomandi þvingunarskilmálar geri landsmönnum það verkefni óleysanlegt og óbærilegt. Með hliðsjón af framansögðu og þeim rökstuðningi sem fram hefur verið settur leggur 2. minni hluti utanríkismálanefndar til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og henni falið, eftir atvikum, að semja um lágmarkslánveitingar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, eða aðra alþjóðlega aðila eða ríki um þau gjaldeyrislán sem nauðsyn ber til að taka, án þess að Ísland afsali sér sjálfstjórn í innri málum.

Alþingi 5. desember 2008.

Steingrímur J. Sigfússon.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Seðlabankinn á að hætta að reyna að stýra gengi krónunnar. Daði Már Kristófersson, Jón Daníelsson, Ragnar Árnason. (Morgunblaðið, 19. nóv. 2008.)
II. Umsögn frá 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar. Sjá samhljóða fylgiskjal í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar, þskj. 267, bls. 1316.
III. Umsögn frá minni hluta fjárlaganefndar. Sjá samhljóða fylgiskjal í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar, þskj. 267, bls. 1310.
IV. IMF spáir 470 milljarða króna halla á ríkissjóði. (Morgunblaðið, 1. des. 2008.)
V. Fjármögnunarþörf ríkisins. (Morgunblaðið, 4. des. 2008.)

266. Nefndarálit [161. mál]

um till. til þál. um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Frá 3. minni hluta utanríkismálanefndar.

Miðað við þau gögn og munnlegar upplýsingar sem legið hafa fyrir í utanríkismálanefnd við afgreiðslu málsins verður nú við afgreiðslu þess að gera í upphafi þann almenna fyrirvara að flest bendir til þess að það taki þjóðina fimm til tíu ár að vinna sig út úr þeim vanda sem við blasir. Það geta liðið mörg ár þar til ríkisfjármálin verða aftur án halla á hverju ári. Það liggur því fyrir að auknar byrðar verða lagðar á almenning á næstu árum. Niðurskurður á fjárlögum mun verða staðreynd og næsta víst að greiðslubyrði vaxta og afborgun lána verður stór þáttur í fjárlögum næstu ára sem m.a. verður mætt með mismunandi tillögum um skattahækkanir. Ríkisstjórnin og Seðlabankinn tóku þá stefnu að leita samninga við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Aðrar leiðir voru ekki fullreyndar. Sá skilyrðapakki sem ríkisstjórnin lýsti yfir að fjallaði um „áform íslenskra stjórnvalda vegna fjárhagslegrar fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum“ var um síðir kynntur Alþingi en hann hafði áður birst í DV.

Öll ábyrgð málsins og meðferð þess hvílir því á herðum ríkisstjórnarinnar enda Alþingi ekki upplýst um málatilbúnað. Áætlun ríkisstjórnarinnar og samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er stærsta mál sem þjóðin hefur staðið frammi fyrir í áratugi og að mörgu leyti gjörbreyttu samfélagi. Verja þarf sérstaklega heimilin og velferðarkerfið í komandi þrengingum. Auka þarf tekjur með öllum ráðum og sömuleiðis atvinnu í landinu.

Mikið hefur skort á það að skýrar upplýsingar væru til staðar um þær heildarskuldir sem íslenska ríkið þarf að taka til sín með erlendum lántökum. Mat á vaxtabyrði liggur heldur ekki fyrir né afborgunarskilmálar. Líklegt er að yfir 400 milljarða kr. halli verði á ríkissjóði næstu þrjú árin og að samdráttur verði í þjóðarframleiðslu.

Við tökum því mikla áhættu um framtíð okkar næstu árin og göngumst í raun undir það að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi framkvæmd efnahagsstefnunnar að miklu leyti á sínu valdi. Margt er óljóst um þau árangurstengdu markmið sem miða skal við í eftirliti Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Alþingi stendur frammi fyrir orðnum hlut að því er varðar lántöku hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og málið er þannig unnið af hálfu ríkisstjórnar og Seðlabanka að ekki verður aftur snúið og krónan komin á flot í skjóli þess gjaldeyris sem lánið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum veitir. Áætlun ríkisstjórnar um ferlið fram undan liggur ekki fyrir nú og jafnan er vísað á áætlanir og spár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þegar óskað er upplýsinga. Sjaldan hefur Þjóðhagsstofnunar verið eins saknað seinni árin og nú við mat á þeim aðstæðum sem bíða fólksins í landinu á komandi árum og munu birtast í verulega skertum lífskjörum.

Alþingi, 5. des. 2008.

Guðjón A. Kristjánsson.

267. Nefndarálit [161. mál]

um till. til þál. um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björn Rúnar Guðmundsson og Tómas Brynjólfsson frá forsætisráðuneyti, Ingimund Friðriksson og Jón Þ. Sigurgeirsson frá Seðlabanka Íslands og Þórhall Arason frá fjármálaráðuneyti. Nefndin óskaði jafnframt eftir umsögnum efnahags- og skattanefndar, félags- og tryggingamálanefndar, fjárlaganefndar og viðskiptanefndar um þá þætti málsins sem snúa að málefnasviðum þeirra. Umsagnir fagnefndanna birtast sem fylgiskjöl með áliti þessu. Þá óskaði nefndin eftir gögnum frá forsætisráðuneyti, m.a. um greiðslubyrði ríkissjóðs af mögulegum lánveitingum, bæði vegna láns frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og frá þjóðum sem veitt hafa Íslandi lánsloforð, og grófri afkomuáætlun ríkissjóðs til næstu fimm ára. Nefndin fékk einnig send gögn frá Seðlabanka Íslands varðandi þær forsendur sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn byggir mat sitt á greiðsluhæfi ríkissjóðs á.

Þingsályktunartillagan er lögð fram í því skyni að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimild til að leiða til lykta áform um fjárhagslega fyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á grundvelli fyrirliggjandi viljayfirlýsingar íslenskra stjórnvalda, en ríkisstjórnin leitaði þangað eftir bankahrunið í októberbyrjun 2008. Í samvinnu við fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var unnin ítarleg efnahagsáætlun sem hefur þau meginmarkmið að endurvekja traust á íslenskum efnahag og ná stöðugu gengi krónunnar, í öðru lagi að styrkja stöðu ríkissjóðs og í þriðja lagi að endurreisa íslenskt bankakerfi. Viljayfirlýsing íslenskra stjórnvalda til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins skiptist upp í 27 töluliði sem einkum taka á atriðum varðandi efnahagsmál, ríkisfjármál, málefni vinnumarkaðarins og málefni bankanna. Í áætluninni er m.a. gert ráð fyrir því að til skamms tíma verði komið í veg fyrir of miklar sveiflur í gengi krónunnar með beitingu stýrivaxta, aðhaldi í lánum til bankanna, tímabundnum gjaldeyrishöftum og notkun gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans. Með þessu móti eykst stöðugleiki á gjaldeyrismarkaði sem hefur það í för með sér að verðbólga lækkar ört, en það skapar aftur svigrúm til stýrivaxtalækkana. Samhliða er gert ráð fyrir verulegu aðhaldi í ríkisfjármálum næstu ár. Engu að síður verður nauðsynlegt að auka fjárlagahallann til að forðast frekari samdrátt í þjóðarbúskapnum. Þá gerir áætlunin ráð fyrir algjörri enduruppbyggingu bankakerfisins og endurskoðun gjaldþrotareglna. M.a. þarf að gera samkomulag við erlenda aðila sem eiga hagsmuna að gæta gagnvart Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta, gæta þess að sannvirði fáist fyrir þær eignir sem fluttar hafa verið frá gömlu bönkunum til þeirra nýju og endurskoða alla regluumgjörð fjármálastarfsemi og framkvæmd bankaeftirlits sem og að laga gjaldþrotalöggjöf að breyttu ástandi heimila og fyrirtækja.

Nefndin ræddi mikilvægi þess að ríkisstjórnin og Seðlabanki Íslands kynntu ítarlega áætlun um fyrirkomulag efnahagsstjórnar á næstu mánuðum og settu í því skyni fram yfirlit yfir áfanga á leið til frjálsra gjaldeyrisviðskipta í þeim tilgangi að auka trú á þær aðgerðir sem ráðist verður í og draga um leið úr óvissu og áhyggjum heimila og fyrirtækja. Í því sambandi lagði forsætisráðuneytið fram grófa tímaáætlun fyrir efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar vegna fyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem tekur til næstu tveggja ára. Tímaáætlunin er birt sem fylgiskjal I með áliti þessu.

Forsætisráðuneytið hefur allt frá upphafi haft með höndum samræmingu og heildarskipulagningu á aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að lausn þess efnahagsvanda sem nú er við að glíma. Á fyrstu stigum málsins, í byrjun október, áttu sér stað undirbúningsviðræður undir stjórn forsætisráðuneytisins með fulltrúum annarra ráðuneyta og Seðlabanka Íslands við sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Einnig var á þessum tíma haft samráð við aðila vinnumarkaðarins. Frá þeim tíma hefur forsætisráðuneytið ásamt Seðlabanka Íslands verið aðaltengiliður stjórnvalda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn varðandi fjárhagslega fyrirgreiðslu sjóðsins og þá efnahagsáætlun sem lögð hefur verið fyrir sjóðinn. Frá því skrifað var undir viljayfirlýsinguna hefur ráðuneytið haft með höndum verkstjórn og eftirlit með framkvæmd þeirrar efnahagsáætlunar sem viljayfirlýsingin felur í sér. Mikil áhersla hefur verið lögð á að samræma sjónarmið og skilning á efnahagsáætluninni bæði innan stjórnkerfisins sem og út á við. Meiri hlutinn ítrekar mikilvægi þess að áfram verði unnið að þessu verkefni enda skiptir fátt meira máli til að tryggja árangursríka framkvæmd en gott upplýsingaflæði og samræmi í aðgerðum einstakra ráðuneyta og stofnana.

Þá bendir meiri hlutinn á að mikilvægur þáttur í þessu sambandi er að ná samkomulagi um stefnu í kjaramálum til næstu ára sem stutt gæti við endurreisn efnahagslífsins og stöðugleika. Til að það megi takast þarf við framkvæmd áætlunarinnar að tryggja samráð við þá aðila sem málið varðar: stéttarfélög, samtök atvinnurekenda og sveitarfélög.

Meiri hlutinn ítrekar einnig að þótt efnahagsáætlunin samanstandi af nokkrum meginþáttum, svo sem verkefnum á sviði peninga- og gjaldeyrismála, ríkisfjármála og endurskipulagningu bankakerfisins, er hér um heildstæða áætlun að ræða sem ekki mun skila tilætluðum árangri nema heildarskipulagning sé í réttum farvegi. Forsætisráðuneytið sem ráðuneyti efnahagsmála gegnir því augljóslega lykilhlutverki í þessu sambandi.

Nefndin tók til sérstakrar umfjöllunar hvernig ríkissjóður mundi standa undir þeim skuldbindingum sem fælust í fjárhagslegri fyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og öðrum mögulegum lánveitingum. Nefndin taldi nauðsynlegt að fyrir lægi heildaryfirlit þeirrar greiðslubyrðar sem íslenska ríkið tæki á sig vegna þessara skuldbindinga. Í því skyni kynnti nefndin sér gögn frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum um forsendur sjóðsins fyrir greiðsluhæfi ríkissjóðs vegna skuldbindinga hans. Einnig fékk nefndin upplýsingar frá forsætisráðuneyti um öll lán sem tekin hafa verið eða áætlað er að taka í tengslum við efnahagsþrengingarnar, sem og áætlun um endurgreiðslubyrði þeirra á næstu fimm árum. Hér er m.a. um að ræða lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, lán frá þjóðum sem þegar hafa verið veitt eða hefur verið lofað í kjölfar lánsins frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, lán sem ætlað er að endurfjármagna Seðlabanka Íslands og viðskiptabankana og lán sem ætlað er til að fjármagna halla ríkissjóðs, en fyrirséð er að ríkissjóður verður rekinn með halla sem nemur um 10% af landsframleiðslu árið 2009. Ljóst er að um endanlega greiðslubyrði vegna nýrrar lántöku ríkissjóðs er enn töluverð óvissa. Bæði er það vegna þess að óvíst er um endanleg lánskjör og hvort eða að hve miklu leyti dregið verður á lánalínur sem opnaðar verða.

Þá óskaði nefndin eftir upplýsingum um afkomu ríkissjóðs á næstu fimm árum en samkvæmt spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem unnin hefur verið í samvinnu við stjórnvöld, er gert ráð fyrir að innan fimm ára geti ríkissjóður skilað afgangi að nýju. Augljóslega mun spáin sæta stöðugri endurnýjun, nú stendur yfir vinna við gerð fjárlaga og á næstu vikum verður áfram unnið að gerð langtímaáætlunar í ríkisfjármálum

Að teknu tilliti til þeirra upplýsinga sem nefndin hefur aflað sér telur meiri hlutinn þá áætlun sem sett hefur verið upp í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til þess fallna að koma efnahagslegum stöðugleika að nýju á fót hér á landi á næstu árum. Meiri hlutinn leggur því til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**


Alþingi, 4. des. 2008.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Árni Páll Árnason.	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Lúðvík Bergvinsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.

Fylgiskjal I.

Forsætisráðuneyti.

Gróf tímaáætlun fyrir efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar vegna fjárhagslegrar fyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.



Fylgiskjal II.

Umsögn frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Fjárlaganefnd hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, 161. mál, en utanríkismálanefnd óskaði eftir umsögn nefndarinnar með bréfi dagsettu 21. nóvember sl. Umfjöllun nefndarinnar er afmörkuð við töluliði 12–16 í samkomulaginu sem fjalla um stefnuna í opinberum fjármálum. Fjárlaganefnd fékk Þorgeir Þorgeirsson frá fjármálaráðuneyti, Gunnar Haraldsson frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Markús Möller og Gunnar Gunnarsson frá Seðlabanka Íslands til fundar við sig.

Miðað við fyrirliggjandi gögn telur meiri hluti fjárlaganefndar að gera þurfi ráð fyrir því í áætlunum stjórnvalda að vegna almennt verri efnahagshorfa í helstu viðskiptalöndum Íslands geti tekið lengri tíma en tvö til þrjú ár að vinna þjóðina upp úr efnahagsörðugleikunum.

Greiðslubyrði af lánum sem tekin hafa verið vegna yfirtöku viðskiptabankanna í kjölfar lagasetningar nr. 125/2008 veltur að miklu leyti á því hvaða fjármunir fást fyrir sölu á eignum gömlu bankanna. Þar geta tímasetningar og söluferli eignanna skipt miklu máli. Þá bendir meiri hlutinn á að útfæra þarf nánar hvernig haga beri aukinni skattheimtu og hagræðingu í ríkisrekstri sem boðuð er í skilmálunum, sbr. yfirlýsinguna um að bankakreppan muni „leggja auknar byrðar á almenning á næstu árum“. Mismunandi útfærslur á skattahækkunum og skipulagsbreytingar í ríkisrekstri munu hafa áhrif á hvernig til tekst með aðgerðaáætlunina.

Meiri hlutinn bendir á að upphafleg markmið fjárlagafrumvarpsins munu ekki öll ná fram að ganga. Það er ljóst að mikið mun reyna á sjálfvirka sveiflujöfnun á næstu árum. Stjórnvöld verða því að líta lengra fram á veginn hvað fjármál hins opinbera varðar. Ef efnahagslífið réttir ekki eins hratt úr kútnum og stjórnvöld áætla, t.d. vegna efnahagsástands erlendis, verður að hugsa að nýju um hvernig ríkisfjármálum verður háttað. Þá er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir muni kaupa ríkisskuldabréf og þannig muni draga úr þrýstingi á fjármagnsmarkaði. Í þessu sambandi verður að hafa hugfast að lífeyrissjóðirnir fjárfesta þá ekki í öðrum skuldabréfum eða verðbréfum fyrir sama fé.

Meiri hlutinn telur að áform um afgang af rekstri ríkissjóðs á komandi árum séu metnaðarfull en miklu máli skipti hvernig þau verði útfærð. Þá verður enn og aftur að horfa til þess að Ísland er hluti af hinu alþjóðlega hagkerfi og ástand á erlendum mörkuðum getur sett þjóðinni skorður varðandi fjárhagslegar skuldbindingar ríkissjóðs. Af þeim sökum er mikilvægt að stjórnvöld haldi sig við ársfjórðungslega endurskoðun áætlunarinnar sem lögð verður fram og grípi til nauðsynlegra aðgerða komi fram óhagfelld frávik. Í ljósi laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og reglugerðar nr. 1061/2004, um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta, vill fjárlaganefnd Alþingis ítreka mikilvægi þess að ráðuneyti bregðist skjótt við og svari beiðni um upplýsingar.

Jafnframt er minnt á frumkvæðisskyldu ráðuneyta við eftirlit, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 1061/2004, um framkvæmd fjárlaga, og skyldur forstöðumanna vegna umframútgjalda, sbr. 15. gr. sömu reglugerðar. Við umfjöllun um frávik frá áætlunum telur meiri hlutinn að ráðuneytin þurfi að leggja sjálfstætt mat á framkomnar skýringar, sbr. 17. gr. reglugerðarinnar, og minnir á ábyrgð ráðuneyta samkvæmt 18. gr. hennar en þar segir: „Ráðuneyti ber ábyrgð á því að forstöðumaður grípi til nauðsynlegra úrræða til þess að ráða bót á rekstrarvandanum. Það getur sett forstöðumanni og eftir atvikum stjórn stofnunar tímafrest til þess að bregðast við fyrirmælum sínum um úrbætur.“ Í þeim tilfellum þegar frávik frá fjárheimildum er hærra

en 4% leggur fjárlaganefnd áherslu á að upplýsingar verði veittar um hvaða fyrirmæli voru gefin til að ná markmiðum fjárheimilda.

Meiri hlutinn telur að gera þurfi haldbærar áætlanir um „sjálfbærni opinberra skulda“ og að fylgja þurfi þeim vel eftir. Þá mun reyna mjög á fjármál sveitarfélaga á næstu misserum. Hafa ber í huga að tekjustreymi sveitarfélaga er mjög mismunandi og afkoma margra sveitarsjóða er mjög háð ríkistekjum og framlögum.

Meiri hlutinn vekur athygli á þeim takmörkunum sem virðast felast í því að hið opinbera muni ekki taka á sig frekari skuldbindingar vegna bankanna. Ef ákvæðið er skilgreint mjög þröngt þýðir það að ríkið mun ekki veita meira fé inn í nýju bankana. Einhverjar líkur er á að slíkt gæti þó verið skynsamlegt við ákveðnar aðstæður.

Alþingi, 2. des. 2008.

Gunnar Svavarsson, form.,
Kristján Þór Júlíusson,
Guðbjartur Hannesson,
Illugi Gunnarsson,
Ásta Möller,
Steinunn Valdís Óskarsdóttir,
Ármann Kr. Ólafsson.

Fylgiskjal III.

Umsögn frá minni hluta fjárlaganefndar.

Að beiðni utanríkismálanefndar hefur fjárlaganefnd fjallað um töluliði 12–16 í samkomulagi milli ríkisstjórnar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um skilyrði fyrir lánveitingu af hálfu sjóðsins. Efni töluliðanna varðar einkum stefnuna í opinberum fjármálum. Fjárlaganefnd fékk á sinn fund Þorstein Þorgeirsson, skrifstofustjóra efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, og hagfræðingana Gunnar Gunnarsson og Markús Möller frá Seðlabanka Íslands. Einnig Gunnar Haraldsson, forstöðumann Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Í aðdraganda þess að ríkisstjórnin og Seðlabankinn tóku upp samninga við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn var ekkert samráð haft við Alþingi. Mikil leynd hvíldi yfir þeim samningum af hálfu íslenskra stjórnvalda og Alþingi var haldið algjörlega utan við þá vinnu. Dagblaðið DV var fyrst til að birta þinginu og þjóðinni samkomulagið og í framhaldi af því fjallaði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sjálfur opinberlega um málið. Þrátt fyrir að fram hafi komið ítrekaðar óskir á vettvangi Alþingis um upplýsingar um málið voru þær ekki veittar þinginu. Minni hlutinn gagnrýnir harðlega þessi ólýðræðislegu vinnubrögð framkvæmdarvaldsins, það að Alþingi hafi ekkert komið að undirbúningi og vinnslu málsins er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans á Alþingi.

Áætlun ríkisstjórnarinnar og Seðlabanka Íslands og samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er eitt stærsta viðfangsefni samfélagsins til lengri og skemmri tíma litið. Það er álit minni hlutans að með þessu sé verið að leggja drög að gjörbreyttu íslensku samfélagi til langs

tíma. Við blasir gríðarleg skuldsetning ríkissjóðs, með tilheyrandi kostnaði vegna lána og mjög þungri endurgreiðslubyrði. Afleiðingarnar verða mjög miklar ef litið er til ríkisrekstrarins næstu árin og munu hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir heimilin og atvinnulíf í landinu. Þessi mikla skuldsetning ríkissjóðs mun hafa þau áhrif að draga verður úr ríkisútgjöldum með einkar harkalegum hætti. Slíkt setur íslenska velferðarkerfið í mikla hættu. Fyrir liggur að fara verður yfir forgangsröðun ríkisútgjalda út frá nýjum grunni og leggur minni hlutinn áherslu á að heimilin í landinu og velferðarkerfið verði sett í skilyrðislausan forgang og það varið með öllum tiltækum ráðum.

Ekki liggur fyrir þjóðhagsspá út frá breyttum aðstæðum. Þjóðhagsspá ætti að vera grundvöllur þessarar áætlunar, en svo er ekki. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjárlaganefnd óskuðu eftir ýmsum tölulegum upplýsingum á fundum nefndarinnar. Engar slíkar upplýsingar hafa verið lagðar fram í nefndinni. Minni hlutinn gagnrýni þessa tilhögun mála. Hins vegar hefur komið fram af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að verg landsframleiðsla muni dragast saman um 9,6% árið 2009 og að frekari samdráttur verði árið 2010. Í ljósi þessa er mikilvægt að halda uppi atvinnustiginu og auka útflutnings- og nettótekjur þjóðarbúsins.

Á fundum fjárlaganefndar kom fram hjá gestum að samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn gengur m.a. út á það, að sögn í það minnsta, að íslensk stjórnvöld geti að nokkru ráðið til hvaða aðgerða skuli grípa til þess að ná markmiðum samkomulagsins. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn mun hins vegar fylgjast grannt með því hvernig framkvæmdin gengur eftir og beita sínum ráðum ef honum líkar ekki framgangur mála. Lánveitingar sjóðsins verða þannig afgreiddar í samræmi við þau árangurstengdu markmið sem sjóðurinn setur ríkisfjármálunum. Fyrsti hluti lánsins, 827 milljónir bandaríkjadala, hefur nú borist til Seðlabankans og síðan verður lánið afgreitt í átta jöfnum áföngum, um 155 milljónir bandaríkjadala hvert sinn, á þriggja mánaða fresti. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn mun kanna hvort tiltekin árangurstengd markmið hafi náðst áður en sérhver útborgun lánsins er innt af hendi, og hefur að samþykktri þessari þingsályktunartillögu því framkvæmd efnahagsstefnunnar að ýmsu leyti í hendi sér. Minni hlutinn hefur óskað eftir upplýsingum um hver þessi árangurstengdu markmið eru og gagnrýnir að þær upplýsingar hafi ekki verið lagðar fram á fundum fjárlaganefndar. Ætlunin mun vera að greiða lánið frá sjóðnum til baka á árunum 2012–2015 en minni hlutinn bendir á að ekki hafa verið lagðar fram greiðsluáætlanir sem sýna með hvaða hætti ætlunin er að ná þeim markmiðum. Þá hefur minni hlutinn óskað eftir upplýsingum um lántökur frá öðrum aðilum en Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem ríkisstjórnin hefur kynnt og háðar voru samkomulaginu við sjóðinn, upphæð og kjör á þeim lánum, lánstíma og vaxtakjör. Engar slíkar upplýsingar hafa verið lagðar fram í nefndinni.

Það liggur fyrir að fram undan eru mjög erfið ár í ríkisfjármálum. Það er gríðarlega stórt og erfitt viðfangsefni að ná þeim markmiðum sem áætlunin gerir ráð fyrir. Þannig má gera ráð fyrir að við gerð fjárlaga næstu ára þurfi að ráðast í sársaukafullan niðurskurð ríkisútgjalda. Ekki er ljóst hver staða og hlutverk Alþingis við að bæta verulega verklag og framkvæmd fjárlaga og eftirlit með því verður í framhaldinu. Hingað til hafa stjórnvöld haldið Alþingi markvisst frá undirbúningi og afgreiðslu mála sem lúta að þessu samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, en ljóst er að hlutverk Alþingis í þessum efnum verður að styrkja til muna. Alþingi stendur í raun frammi fyrir gerðum hlut án nokkurrar aðkomu að vinnslu þess samkomulags sem ríkisstjórn og Seðlabanki hafa nú þegar staðfest og undirritað.

Það er augljóst að allmörg næstu ár verða tekjur ríkissjóðs mun minni en verið hefur undanfarin ár. Fyrir liggur að fjármagnstekjuskattur skili óverulegum tekjum í ríkissjóð, a.m.k. fyrstu tvö til þrjú árin. Á sama hátt munu tekjur ríkissjóðs vegna tekjuskatta lögaðila verða

mun minni en verið hefur síðustu árin. Vegna fyrirsjáanlegs samdráttar í atvinnulífinu og aukins atvinnuleysis munu tekjuskattar einstaklinga dragast mikið saman, a.m.k. fyrstu árin. Vegna samdráttar einkaneyslu og minni umsvifa í hagkerfinu blasir við að neysluskattar dragist verulega saman.

Kallað er eftir trúverðugri áætlun ríkisstjórnarinnar sem geri ráð fyrir því að sjálfbærni skulda ríkissjóðs verði náð, sbr. ákvæði í 15. lið yfirlýsingarinnar. Slík áætlun liggur ekki fyrir.

Sú tekjuspá sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn leggur til grundvallar er að margra mati byggð á of mikilli bjartsýni, þannig að vera kann að enn meiri þörf verði fyrir samdrátt á gjaldahlið fjárlaga næstu ára en sjóðurinn gerir ráð fyrir. Því er varað við því að innbyggður halli á fjárlögum kunni að verða meiri en gert verður ráð fyrir í áætlunum. Í þessu sambandi er mikilvægt að varast niðurskurð á útgjöldum sem muni leiða fram aukin útgjöld í framtíðinni, svo sem í heilbrigðisþjónustu vegna forvarna og læknisaðstoðar.

Áhrifin af áfallinu munu verða mikil á rekstur sveitarfélaganna. Gera má ráð fyrir að útgjöld þeirra aukist, m.a. vegna félagsþjónustu. Einnig að framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dragist saman, annars vegar vegna falls á skatttekjum ríkissjóðs og hins vegar vegna þess að ríkissjóður hafi minna svigrúm til að leggja Jöfnunarsjóði til sérstakar fjárveitingar. Þá má reikna með að útsvarstekjur dragist saman vegna aukins atvinnuleysis og minni umsvifa í atvinnulífinu, a.m.k. næstu 2–3 árin. Það má því ljóst vera að mörg sveitarfélög munu eiga í miklum vanda í sínum rekstri næstu árin. Það er ámælisvert að við gerð áætlunarinnar og vegna viðræðna við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn var ekkert samráð haft við sveitarfélögin í landinu. Engu að síður er í áætluninni fjallað um fjármál hins opinbera, þ.m.t. um fjármál sveitarfélaganna. Full ástæða er til að gagnrýna ríkisstjórnina harðlega fyrir það að hafa ekkert samráð við sveitarfélögin í þessu sambandi.

Engin varaáætlun eða „plan B“ liggur fyrir, t.d. áætlun um það hvernig bregðast skal við ef tilraunir til að koma krónunni á „flot“ mistakast og ef efnahagserfiðleikar verða mun meiri og alvarlegri en nú er gert ráð fyrir.

Engin áætlun liggur fyrir um hvenær ríkissjóður muni hefja þau lán sem um er að ræða, til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans, til að endurreisa fjármálakerfið á Íslandi, né lán til að standa undir skuldbindingum vegna innstæðueigenda í útibúum íslensku bankanna erlendis. Þá liggur ekki fyrir hvaða lánakjör um er að ræða, né áætlun um afborganir viðkomandi lána.

Engin áætlun liggur heldur fyrir um til hvers á að nota önnur þau lán sem íslenska ríkið hefur fengið heimild fyrir á grundvelli samkomulagsins við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Engin áætlun er um hvernig ríkissjóði verði gert kleift að endurgreiða þessi lán eða endurfjármagna eftir 2012.

Þau skilyrði í 16. lið áætlunarinnar að ekki megi koma að fjármögnun fjármálafyrirtækja eru órökstudd. Ekki er búið að ganga frá málefnum sparisjóðanna og ekki er ljóst hvort aðstoða megi nýju viðskiptabankana lendi þeir í vandræðum. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja frá 2. desember sl. segir í lið nr. 1 um reglurnar sem starfað verður eftir: „Reglurnar taki m.a. til lengingar lána, niðurfærslu skulda, breytingar lána í eigið fé og sameiningar fyrirtækja.“ Ef skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verða túlkuð það þröngt að ríkissjóður geti ekki komið með frekari fjárhagslega fyrirgreiðslu til nýju bankanna lýsir minni hlutinn yfir áhyggjum sínum að þessi markmið nái ekki fram að ganga nema í mjög takmörkuðum mæli. Jafnframt vekur minni hlutinn athygli á yfirlýs-

ingu formanns skilanefndar Glitnis hf. í hádegisfréttum RÚV 3. desember sl. en að hans mati eiga erlendir kröfuhafar í raun bæði gömlu og nýju bankana hér á landi.

Minni hlutinn gagnrýnir að ríkisstjórnin skuli einhliða hafa farið þá leið til lausnar efnahagsvandanum að semja við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og gangast undir öll skilyrði hans. Ýmsir þekktir innlendir og erlendir hagfræðingar hafa bent á að við ættum aðra möguleika út úr þrengingunum, sem þó virðast ekkert hafa verið skoðaðir. Nú þegar er deilt harkalega um ýmis skilyrði sjóðsins sem eru komin til framkvæmda, svo sem vaxtahækkanir, niðurskurð og víðtæk höft á gjaldeyris viðskiptum inn og út úr landinu. Deilt er um hvort og með hvaða hætti íslenska krónan skuli sett á flot.

Mat á valkostum í efnahagsaðgerðum, þó í erfiðri stöðu sé, vantar og enn fremur rökstuðning fyrir þeirri ákvörðun sem tekin er. Aðgerðir ríkisvaldsins eru því ótrúverðugar og lítt til þess fallnar að endurvekja traust á stjórnvöldum. Að endurvinna traust er þó er eitt brýnasta viðfangsefnið bæði til skemmri og lengri tíma.

Þeim spurningum sem minni hlutinn hefur óskað eftir að fjármálaráðuneytið svari í tengslum við lántökuna hefur ekki enn verið svarað og því margt óljósara en vera þyrfti. Fjármálaráðuneytið er strax farið að beita ákvæðum í samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn án þess að þau hafi verið samþykkt á Alþingi. Þar má nefna dreifibréf á öll ráðuneyti með skipan um 10% niðurskurð á ríkisútgjöldum á næsta ári þótt fjárlagafrumvarpið sé stjórnsýslulega í höndum fjárlaganefndar og Alþingis.

Minni hlutinn telur að ekki hafi enn verið lögð fram þau gögn sem nauðsynleg eru til að unnt sé að fjalla ítarlega um þessa lántöku og gagnrýnir ólýðræðisleg og ófagleg vinnubrögð stjórnvalda í þessu risamáli og enn fremur þann upplýsingaskort sem nefndarmenn þurfa að búa við. Það er því miklum erfiðleikum bundið að átta sig til hlítar á efnisþáttum og afleiðingum þessa samkomulags við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Ljóst er hins vegar að með þessu samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er verið að staðfesta gífurlegar skuldabyrðar á íslensku þjóðina jafnvel til næstu kynslóða. Sú staða sem nú blasir við í efnahagsmálum og þær aðgerðir sem hér er ráðgert að grípa til munu skerða lífskjör stórlega frá því sem nú er og reyna mjög á einstaklinga, heimili og atvinnulíf í landinu til margra ókominna ára. Þetta eru meðal annars afleiðingar af aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar í aðdraganda bankahrunsins, sem margir höfðu varað við að gæti orðið. Ýmis teikn hafa verið á lofti undanfarna 12–15 mánuði um að vélegir tímar væru í vændum í efnahagsmálum, en því miður lét ríkisstjórnin sig það engu varða.

Alþingi, 4. des. 2008.

Jón Bjarnason,
Guðjón A. Kristjánsson,
Magnús Stefánsson.

Fylgiskjal IV.

Umsögn frá 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Hinn 21. nóvember 2008 barst efnahags- og skattanefnd erindi utanríkismálanefndar þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, 161. mál.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Þórhallsson og Björn Rúnar Guðmundsson frá forsætisráðuneytinu, Baldur Guðlaugsson og Þorstein Þorgeirsson frá fjármálaráðuneytinu, Martin Eyjólfsson og Högna Kristjánsson frá utanríkisráðuneytinu, Ingimund Friðriksson, Lilju D. Alfreðsdóttur og Jón Þ. Sigurgeirsson frá Seðlabanka Íslands, Árna Huldar Sveinbjörnsson frá Fjármálaeftirlitinu, Heiðrúnu Lind Marteinsdóttur frá Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta, Lárus Finnbogason og Ársæl Hafsteinsson frá skilanefnd Landsbanka Íslands, Jóhannes Karl Sveinsson hrl., Guðjón Rúnarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Helgu Jónsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Hannes Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Frosta Ólafsson frá Viðskiptaráði Íslands, Eddu Rós Karlsdóttur frá hagfræðideild Nýja Landsbankans, Ingólf Bender frá greiningardeild Nýja Glitnis, Ásgeir Jónsson frá greiningardeild Nýja Kaupþings og Gylfa Zoëga frá Háskóla Íslands.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimild til að leiða til lykta áform um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Tilgangur fyrirgreiðslunnar er að koma á efnahagsstöðugleika hér á landi. Tillögunni fylgir viljayfirlýsing íslensku ríkisstjórnarinnar þar sem lýst er aðgerðaáætlun hennar á vettvangi peningamála, ríkisfjármála og fjármálakerfis.

Fram kom á fundum nefndarinnar að aðstæður í efnahagsmálum kölluðu á óvenjulegar aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það sjónarmið var rætt að án alþjóðlegrar aðstoðar yrði erfitt fyrir Íslendinga að vinna sig út úr fyrirsjáanlegum efnahagsvanda. Vandi þjóðarinnar er þríþættur. Hrun bankakerfisins og afleidd áhrif á eignastöðu mjög margra fyrirtækja og einstaklinga skapar mjög alvarlega stöðu eitt sér. Hætta er á vaxandi atvinnuleysi, gjaldþrotum fjölskyldna og fyrirtækja og félagslegum vandamálum sem bregðast þarf við. Annar vandi eru deilur við mörg nágrannaríki vegna stöðu innlánsreikninga hjá íslenskum bönkum erlendis og staða Íslands í samfélagi þjóðanna. Þriðji vandinn eru gífurlegar lánveitingar erlendra lánardrottna til íslensku einkabankanna sem hafa tapast að hluta. Ísland mun þurfa á áframhaldandi lánstrausti að halda og því er mikilvægt að lánardrottnarnir séu sáttir við þá lausn sem fundin verður. Mikilvægt er að öll þessi vandamál verði leyst saman með þeim skilningi allra aðila að mesta auðlind þjóðarinnar, mannauðurinn, haldist í landi því það er forsenda þess að Ísland geti í framtíðinni greitt eitthvað af kröfum ríkisstjórna og erlendra lánardrottna.

Fyrsta skrefið í áætlun ríkisstjórnarinnar er að koma á eðlilegum gjaldeyrisviðskiptum og að ná stöðugleika í gengi krónunnar. Áhætta fylgir því að setja krónuna á flot. Erlendir fjárfestar gætu kosið að losa um stöður í krónum með þeim afleiðingum að gengið félli umtalsvert í skamman tíma. Í 19. lið efnahagsáætlunarinnar er lýst þeim úrræðum sem Seðlabanki Íslands hefur til að verjast þessari áhættu. Kom fram að gjaldeyrisforði yrði nýttur til að jafna sveiflur í gengi krónunnar, kaupa og selja krónur, en ekki til að mynda gengi sem ekki fær

staðist. Rætt var um möguleika yfirvalda á því að leita viðræðna við eigendur „hræddra“ króna og hversu mikið fé væri um að ræða.

Heimili og fyrirtæki, sérstaklega þau, sem skulda í erlendri mynt, eiga mikið undir því að hér verði til stöðugleiki í gengismálum og að gengið styrkist. Að mati gesta sem nefndin ræddi við er gengi krónunnar undir raunvirði. Búast má við að hún styrkist þegar óvissutímabilinu lýkur. Rök fyrir því eru að ýmsir grunnþættir hagkerfisins standa vel, þróun vöruskipta- og viðskiptajafnaðar við útlönd er hagstæð og helstu innviðir stjórnkerfisins eru sterkir. Flestum ber þó saman um að stjórnvöld þurfi ofar öðru að sýna trúverðugleika áætlunarinnar og framfylgja henni af festu eigi markmið um stöðugt gengi að nást. Enn fremur er mikilvægt að búið verði í haginn fyrir þá aðila sem afla erlendra tekna og að þeir komi með gjaldeyri til landsins.

Fyrirsjáanlegt er að aðgerðir ríkisstjórnarinnar sem boðaðar eru í umræddri efnahagsáætlun muni leiða til mikillar skuldaaukningar fyrir ríkissjóð. Helstu kostnaðarliðir sem þar eru tilgreindir snerta fjármögnun nýju bankanna, skuldbindingar vegna innstæðureikninga í útibúum íslenskra banka erlendis og endurfjármögnun Seðlabanka Íslands. Nefndin ræddi almennt um hvaða leiðir hinu opinbera væru færar til að draga úr fjárlagahalla, þ.e. í formi meiri skatta eða minni umsvifa. Á opnum fundi sem nefndin átti með fulltrúum forsætisráðuneytisins í lok október sl. kom fram sá skilningur að það væri fyrst og fremst í verkahring stjórnmálamanna að taka ákvörðun um leiðir í þessum efnum. Lánafyrirgreiðsla sjóðsins krefst eftir sem áður mikils aðhalds í ríkisfjármálum eins og ráða má af 12.–16. lið viljayfirlýsingar ríkisstjórnarinnar.

Nefndin tók til sérstakrar umfjöllunar hverjir væru lánaskilmálar og endurgreiðslubyrði á þeim lánum sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og aðrar þjóðir hefðu boðið íslenska ríkinu. Fulltrúar Seðlabanka upplýstu nefndina um kjörin á láni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Var jafnframt tekið fram að bankanum væri ekki kunnugt um að búið væri að semja um lánakjör í tengslum við lánafyrirgreiðslu sem norræn ríki hefðu boðist til að veita.

Nefndin ræddi ítarlega um skuldbindingar Íslands vegna innlánsreikninga í útibúum íslensku bankanna erlendis og spurðist fyrir um þá aðferðafræði sem íslensk stjórnvöld hefðu reitt sig á í samningum um lausn ICESAVE-deilunnar. Fram kom að í framhaldi af bráðabirgðasamkomulagi á vettvangi Evrópusambandsins væri gert ráð fyrir að hlutaðeigandi ríki mundu veita lán til Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta í samræmi við ákvæði Evróputilskipunar um lágmarksvernd til tryggðra innstæðueigenda. Sjóðurinn eignist í kjölfarið kröfur á hendur gömlu bönkunum sem njóti forgangsréttar á grundvelli hinna svokölluðu neyðarlaga, nr. 125/2008. Fulltrúar skilanefndar Landsbanka fóru yfir áætlað verðmæti krafna sjóðsins og áætlað verðmæti eigna bankans til að standa undir þeim skuldbindingum.

Fram kemur í athugasemdum við þingsályktunartillögu sem utanríkisráðherra hefur lagt fram (þskj. 219, 177. mál) að íslenska ríkið hafi í ljósi þeirra aðstæðna er þar greinir talið það þjóna hagsmunum Íslands að gangast í ábyrgðir fyrir lánveitingum til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda. Þá hefur komið fram að á næstunni fari í hönd framhaldsviðræður um frekari útfærslu lánanna. 1. minni hluti hvetur til þess að þá verði sérstaklega hugað að greiðslugetu Íslands og hagsmunum komandi kynslóða hérlendis. Má í því sambandi benda á að það sjónarmið kom fram á fundum nefndarinnar að ekki hvíldi þjóðréttarleg skylda á íslenska ríkinu til að bera ábyrgð á innlánum íslensku bankanna í útibúum erlendis.

Athygli nefndarinnar hefur einnig verið vakin á því að breski fjármálaráðherrann hafi lagt til breytingar á Evróputilskipun um innstæðutryggingar sem miðar að því að koma á fót sameiginlegum tryggingarsjóði meðal aðildarríkja Evrópusambandsins. 1. minni hluti telur

að áformin renni stoðum undir ábendingar Íslands um að núverandi fyrirkomulag sé gallað og telur eðlilegt að Ísland fengi kröfu á sjóðinn vegna þeirra ábyrgða sem ríkið þarf að standa undir vegna lánanna til Tryggingasjóðs.

Loks ræddi nefndin um hvernig íslensk stjórnvöld hefðu staðið að samskiptum við erlenda kröfuhafa, lánardrottna, gömlu bankanna. Kom fram að þau mál hefðu verið sett í farveg skilanefndanna. Íslenskt atvinnulíf mun þurfa mikla lánafyrirgreiðslu á næstu árum og því var á fundum nefndarinnar undirstrikað mikilvægi þess fyrir íslenskt atvinnulíf að tryggja hagsmuni kröfuhafanna eftir því sem framast er unnt og að þeir verði sáttir við lyktir mála. 1. minni hluti leggur áherslu á að aðilar komi sameiginlega að lausn allra þessara mála þannig að heildstæð lausn finnist.

Fyrsti minni hluti er samþykkur tillögunni.

Alþingi, 2. des. 2008.

Pétur H. Blöndal, form.,
Ellert B. Schram,
Lúðvík Bergvinsson,
Rósa Guðbjartsdóttir.

Fylgiskjal V.

Umsögn frá 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Þingsályktunartillaga þessi er svohljóðandi: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta áform um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á grundvelli fyrirliggjandi viljayfirlýsingar íslenskra stjórnvalda.“

Í athugasemdum við tillöguna kemur fram að viðræður fulltrúa Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um „fyrirkomulag samstarfsins“ hafi staðið yfir „um nokkurt skeið“. Einnig kemur fram að unnið hafi verið „ítarleg efnahagsáætlun“ sem hafi þrjú meginmarkmið: „Í fyrsta lagi að endurvekja traust á íslenskum efnahag og ná stöðugu gengi krónunnar með markvissum og öflugum aðgerðum, í öðru lagi að styrkja stöðu ríkissjóðs og í þriðja lagi að endurreisa íslenskt bankakerfi.“

Í svokallaðri „efnahagsáætlun“ stjórnvalda sem kveðið er á um í þessari þingsályktunartillögu er ekki minnst einu orði á heimilin í landinu né heldur íslenskt atvinnulíf. Má enda ljóst vera að aðgerðaáætlun sú og þeir skilmálar sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn krefst af íslensku þjóðinni, í „samstarfi“ við ríkisstjórnina, eru ekki endilega til þess fallin að tryggja öryggi, velsæld og atvinnustig á Íslandi heldur fyrst og fremst að aðstoða erlenda fjármagnseigendur að halda sínum hlut. Gjaldeyriskreppan svokallaða er í fyrirrúmi en sú kreppa sem ríður nú yfir heimilin í landinu og atvinnulíf er hunsuð og jafnvel gerð verri viðureignar. Leiða má líkur að því að þær tröllvöxnu skuldabyrðar sem þessu láni fylgja, og þeir skilmálar sem fyrirgreiðslunni eru settir, geri íslensku samfélagi mun erfiðara og sársaukafyllra að vinna sig út úr þeirri kreppu sem nú herðir að heimilum landsmanna og atvinnulífi.

Við blasir að á síðustu dögum og vikum hefur ríkisstjórn Íslands tekið ákvörðun um að skuldsetja íslenska þjóðarbúið sem nemur allt að 1.600 milljörðum kr. eða meira. Íslenskt

samfélag er fyrir skuldugasta þróaða hagkerfið í heimi. Með þessum gjörningi er ótæpilegum skuldaklyfjum hlaðið á herðar komandi kynslóða og landsmanna allra og enn reynist erfitt að fá svo mikið sem grunnupplýsingar um þau plögg sem undirrituð hafa verið fyrir hönd þjóðarinnar.

Óboðlegir skilmálar.

Lántakan sjálf og greiðslubyrðin af henni fyrir þjóðina alla verður sem fyrr segir þungur baggi að bera fyrir ungar axlir upprennandi kynslóða og landsmenn alla. En lánið sjálft og byrðarnar sem af því leiða er bara hluti vandamálsins. Skilmálarnir sem hengdir eru í lánið geta einnig verið eyðileggjandi fyrir íslenskt velferðarsamfélag til framtíðar. Það hefur sýnt sig víða erlendis að skilmálar sem þeir sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn boðar nú á Íslandi hafa dýpkað fjármálakreppur og gert þær verri í stað þess að leysa úr þeim. Sporin hræða í þessum efnum hvort heldur er í Evrópu, Asíu eða Suður-Ameríku. Það er óboðlegt að íslensk stjórnvöld gangi að slíkum skilmálum með þeim hætti sem hér hefur verið gert og endurtaki þau mistök sem víða hafa skilið eftir sig sviðna jörð.

Einn liður „skilmálanna“ er áframhaldandi hávaxtastefna. Í kjölfarið á undirritun „samkomulagsins“ voru stýrivextir því umsvifalaust hækkaðir í 18% hinn 28. október sl. Boðað er að þeir verði jafnvel hækkaðir enn frekar. Í kjölfarið á þessari hækkun stýrivaxta komu misvísandi skilaboð frá ráðherrum ríkisstjórnarinnar, þar sem einn sagði að ríkisstjórnin hefði ákveðið hækkunina, annar að Seðlabankinn hefði gert það og enn annar að þetta væri verknaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Yfirstjórn Seðlabankans birti þá einn tölulið 19. greinar samkomulagsins þar sem kveðið er á um hækkun vaxta og leysti þar með úr þeirri lotu misvísandi skilaboða ráðamanna en aðeins einn töluliður samkomulagsins var birtur og allt annað í samkomulaginu hulin ráðgáta.

Ef hagur almennings, hagur heimilanna og hagur fyrirtækjanna í landinu væri settur í forgang þá ætti að fara í þveröfuga átt og lækka vexti. Slíkt er nauðsynlegt til að bjarga því sem bjargað verður. Önnur ríki í Evrópu og Norður-Ameríku keppast nú við að lækka stýrivexti og reka ríkissjóð með halla til að geta örvað eftirspurn í hagkerfunum og haldið uppi atvinnustigi. Undir forustu nýfrjálshyggjuboðskapar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ætla íslensk stjórnvöld að keyra í öfuga átt með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Breyttar forsendur – hvar er varaáætlun?

Eftir ítrekaðar fyrirspurnir virðist ljóst að íslensk stjórnvöld hafa ekki haft neina varaáætlun í málinu og engar aðrar sviðsmyndir hafa verið skoðaðar en sú að fá lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Engir útreikningar virðast til að mynda hafa verið gerðir á því hvort við gætum komist í gegnum þá erfiðu kreppu sem við blasir án láns frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, frjáls frá klyfjum þeirra nýfrjálshyggjuskilyrða sem sjóðurinn setur. Stjórnvöld hafa engu getað svarað um mögulegar aðrar leiðir og hafa augljóslega ekki látið kanna þær.

Ríkisstjórnin virðist þannig ekki hafa hugað að því að takast á við vandann á lengri tíma en hér er áætlað, með því til að mynda að leyfa viðvarandi halla á ríkissjóði til lengri tíma í stað þess að fara út á þá ómögulegu braut að reka ríkissjóð hallalausan árið 2012. Slíkt boðar í reynd heiftarlegan niðurskurð á opinberri fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar, skólakerfisins og opinberra framkvæmda í landinu og stríðir gegn þjóðarvilja um íslenskt velferðarsamfélag.

Í þessu samhengi er vert að geta margvíslegra sjónarmiða ólíkra fræðimanna sem hafa varað við stefnu stjórnvalda og benda á að forsendur núna séu gjörbreyttar frá því að fyrst var rætt um lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Í grein sem hagfræðingarnir Daði Már Kristófersson, Jón Daníelsson og Ragnar Árnason skrifuðu 19. nóvember sl. (sjá fylgiskjal) benda þeir m.a. á að forsendurnar sem fyrir hendi voru 24. október sl., þegar ákveðið var að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hafi breyst verulega. Það sé því ástæða til að efast um að taka þurfi lánið.

Í greininni segir m.a.: „Þar er fyrst til að taka, að frá því að þessi yfirlýsing íslenskra stjórnvalda var samin fyrir meira en tveimur vikum hafa aðstæður á gjaldeyrismarkaði breyst mjög mikið. Krónan sem ætlunin var að styrkja hefur á þessu tímabili fallið um nálægt 10% á innanlandsmarkaði. Erlendis hefur gengismarkaður fyrir krónuna hins vegar myndast á nýjan leik og þar hefur gangverð krónunnar hækkað og færst nær skráðu gengi innanlands. Greið alþjóðleg markaðsviðskipti með krónuna og jafnvægisgengi hennar innan lands og erlendis virðist því tiltölulega skammt undan. Það meginhlutverk lánsfjár frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að styðja við bakið á gjaldmiðli í „frjálsu falli“ er því ekki lengur til staðar. Það er því ástæða til að efast um að raunveruleg efnahagsleg þörf sé fyrir þetta lán. Að minnsta kosti eiga ýmis skilyrði sem þessu láni tengjast ekki lengur við.“

Síðar í greininni er m.a. talað um mikilvægi þess að lækka vexti og að gera tafarlausar ráðstafanir vegna afkomu heimila og fyrirtækja, m.a. með skuldbreytingum, frestunum afborgana og lánalengingum. Slíkt er hvergi að finna í forgangsröðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og íslenskra stjórnvalda.

Spurningin sem eftir situr er því hvort íslensk stjórnvöld hafi leitt þjóðina niður blindgötu í svokölluðum „björgunaraðgerðum“ sínum. Ríkisstjórnin hefur alfarið bundið „björgun“ við fyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og skilmála hans. Verður slíkt að teljast orka mjög tvímælis í ljósi reynslunnar annars staðar frá.

Alþingi, 2. des. 2008.

Árni Þór Sigurðsson.

Fskj.

Daði Már Kristófersson,
Jón Daníelsson,
Ragnar Árnason:

Seðlabankinn á að hætta að reyna að stýra gengi krónunnar.
(Morgunblaðið, 19. nóv. 2008.)

Í „yfirlýsingu um áform“ sem íslensk stjórnvöld hafa sent Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og DV birti á vefnum kemur fram undir lið 19 að íslensk stjórnvöld séu „reiðubúin til að nota gjaldeyrisforðann til að koma í veg fyrir of miklar sveiflur í gengi krónunnar“. Þessi yfirlýsing bendir til þess að til standi að nota erlent lánsfé til að styðja við gengi krónunnar.

Það er vissulega svo að fall á verði krónunnar leiðir til hækkunar verðlags innfluttra vara og hækkunar erlendra skulda í íslenskum krónum. Hvort tveggja kemur sér illa fyrir heimili

og fyrirtæki, sem nú þegar eru í miklum þrengingum. Engu að síður er nauðsynlegt að vara sterklega við því að nota takmarkaðan og dýrkeyptan gjaldeyrisforða með þessum hætti.

Þar er fyrst til að taka, að frá því þessi yfirlýsing íslenskra stjórnvalda var samin fyrir meira en tveimur vikum hafa aðstæður á gjaldeyrismarkaði breyst mjög mikið. Krónan sem ætlunin var að styrkja hefur á þessu tímabili fallið um nálægt 10% á innanlandsmarkaði. Erlendis hefur gengismarkaður fyrir krónuna hins vegar myndast á nýjan leik og þar hefur gangverð krónunnar hækkað og færst nær skráðu gengi innanlands. Greið alþjóðleg markaðsviðskipti með krónuna og jafnvægisgengi hennar innanlands og erlendis virðist því tiltölulega skammt undan. Það meginhlutverk lánsfjár frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að styðja við bakið á gjaldmiðli í „frjálsu falli“ er því ekki lengur til staðar. Það er því ástæða til að efast um að raunveruleg efnahagsleg þörf sé fyrir þetta lán. Að minnsta kosti eiga ýmis skilyrði sem þessu láni tengjast ekki lengur við.

Í annan stað er mikilvægt að hafa í huga að umtalsverðar upphæðir í krónum bíða þess að verða breytt í erlenda mynt. Stórfelld sala Seðlabankans á gjaldeyri í skiptum fyrir krónur í því skyni að halda uppi eða jafnvel hækka gengi krónunnar mun einungis leiða til þess að þeir sem flytja fjármagn út geta selt krónur sínar á hærra verði en ella. Með öðrum orðum í slíkri viðleitni Seðlabankans felst í rauninni niðurgreiðsla á erlendum gjaldeyri til þeirra sem hyggjast flýja Ísland með sitt fjármagn.

Í þriðja lagi er rétt að minna á þá staðreynd að hversu auðug sem stjórnvöld eru af erlendri mynt geta þau ekki haldið gengi gjaldmiðils fyrir ofan markaðsvirði hans til lengri tíma. Hversu illa sem það kann að koma við þjóðina að krónan veikist er ljóst að gengisskráning hennar verður að endurspegla framboð og eftirspurn eftir krónum. Allt annað er óraunhæft. Margföld reynsla af hliðstæðum gjaldeyriskreppum erlendis hefur sýnt að þar sem gjaldeyrisforðinn er notaður til stuðnings við gjaldmiðilinn hverfur þorri hans einfaldlega í vasa spákaupmanna, og landið situr eftir verr sett en áður.

Miklu ódýrari og efnahagslega skynsamlegri leið er að opna gjaldeyrismarkað að nýju og leyfa krónunni að falla eins og nauðsynlegt er þar til jafnvægi næst milli framboðs og eftirspurnar. Hlutverk Seðlabankans í þessu ferli er einungis að vera viðskiptavaki. Í því felst að hann greiðir fyrir og tekur þátt í viðskiptum með krónuna á sem næst jafnvægisgengi, en án þess að auka eða minnka gjaldeyrisforða sinn að marki hvern viðskiptadag.

Slík hlutlaus afstaða Seðlabankans gæti þýtt umtalsvert fall á genginu til skemmri tíma litið meðan það fjármagn sem býður flutnings fer úr landi. Það er hins vegar ástæða til að ætla að þetta gengisfall verði hvorki mikið né langvarandi. Grunnskilyrði þjóðarbúsins gefa til kynna að jafnvægisgengi krónunnar til lengri tíma sé að minnsta kost 25% hærra en nú gildir á innanlandsmarkaði. Nýjustu tölur um viðskiptajöfnuð sýna jafnframt mikinn afgang og horfur eru á að hann vaxi fremur en hitt. Það eru því allar líkur á að gengi krónunnar hækki aftur á nýjan leik innan tiltölulega skamms tíma sem fremur verður talinn í mánuðum en misserum. Þetta vita auðvitað þeir sem sækjast eftir að breyta krónum sínum í gjaldeyri. Þeir munu því í mörgum tilfellum kjósa að bíða gengishækkunar fremur en að kaupa gjaldeyri fyrir krónuna á óhagstæðu gengi. Þetta er auðvitað þeim mun líklegra sem krónan lækkar meira í kjölfar þess að hún verður gefin frjáls. Af þessum ástæðum er ólíklegt að gengisfallið verði mikið, nema e.t.v. í fáa daga, og það getur ekki verið langvarandi.

Enda þótt frekara gengisfall verði tiltölulega lítið og skammvinnt og allar líkur eru á að gengið muni styrkjast mjög á næstu mánuðum, er engu að síður ljóst að hið lága gengi nú hefur afar neikvæð áhrif á kaupmátt launa, afkomu margra fyrirtækja og skuldir bæði heimila og fyrirtækja. Afar brýnt er að bregðast nú þegar við þessu með viðeigandi ráðstöfunum.

Þessar ráðstafanir þurfa að fela í sér skuldbreytingar, frestanir afborgana og lánalengingar. Má hvað það snertir m.a. benda á tillögur Jóns Daníelssonar og Gylfa Zoëga um björgun heimilanna og fyrirtækjanna. Í annan stað þurfa vextir að lækka sem allra fyrst og síðan hröðum skrefum niður í vexti nágrannalandanna á næstu vikum. Þetta er unnt því viðfangsefnið er ekki lengur að halda uppi óraunhæfu gengi krónunnar og falsa þannig tímabundið mælingar á verðbólgu. Í þriðja lagi á Seðlabankinn að fylgja fordæmi annarra Seðlabanka og beita öllu sínu afli til að gera lánsfé í íslenskum krónum sem ódýrast og aðgengilegast fyrir þau fyrirtæki landsmanna sem lífvænlegust eru. Þetta er nauðsynlegt til að forðast stærstu boðaföll og hörmungar kreppunnar sem hafin er.

Fylgiskjal VI.

Umsögn frá 3. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Um þá gesti sem nefndin hefur fengið á fund sinn og hlutlausa málavaxtalýsingu á efni tillögunnar og þeirri viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem með henni fylgir vísar 3. minni hluti til umsagnar 1. minni hluta.

Þriðji minni hluti vill taka fram í upphafi að miðað við erfiða stöðu efnahagsmála telur hann að rétt hafi verið af Íslands hálfu að leita eftir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Þriðji minni hluti er hins vegar ósáttur við hvernig staðið hefur verið að framgangi málsins af hálfu ríkisstjórnarinnar. Má í því sambandi nefna tvö atriði sem miklu máli skipta þegar tekin er afstaða til tillögunnar og þeirrar viljayfirlýsingar ríkisstjórnarinnar sem henni fylgir. Í fyrsta lagi gætir enn verulegrar óvissu um hverjar framtíðarskuldbindingar Íslands eru vegna bankahrunsins og áætlanir um það efni fátæklegar. Þá verður heldur ekki ráðið í hver geta landsins er til skuldsetningar. Óásættanlegt er að slíkt liggi ekki fyrir en það gerir í raun alla áætlanagerð óraunhæfa.

Í annan stað er mikið deilt um hvernig staðið skuli að innleiðingu 19. og 22. liðar í viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem varða tímabundnar heimildir Seðlabanka til að leggja höft á gjaldeyrisviðskipti vegna fjármagnsflutninga í tengslum við skammtímaáhættu sem er samfara fleytingu krónunnar. Nýverið voru samþykkt á Alþingi lög um þetta efni, nr. 134/2008. Við þinglega meðferð málsins sem tók ríflega eina kvöldstund kom fram hörð gagnrýni aðila vinnumarkaðarins sem bæði kvörtuðu undan skorti á samráði og að sú haftastefna sem frumvarpið bæri með sér væri einkar varhugaverð ekki síst með hliðsjón af ákvæði um skilaskyldu á gjaldeyri. Með þessari leið var verið að færa íslenskt samfélag aftur um marga áratugi undir forustu Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar.

Yfirgangur framkvæmdarvaldsins gagnvart löggjafarvaldinu síðustu vikurnar er með eindæmum. Þingmenn fá ekki aðgang að fjölda gagna og lásu t.d. um skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í DV. Það er með öllu óásættanlegt að Alþingi Íslendinga skuli vera líkt við afgreiðslustofnun í mestu þrengingum sem íslensk þjóð hefur gengið í gegnum á undangengnum áratugum. Því miður hefur áður boðað samráð ríkisstjórnarinnar við stjórnarandstöðu verið í skötulíki. Með nýafgreiddum gjaldeyrishöftum kom jafnframt í ljós að samráði stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins var verulega ábótavant, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Framferði ríkisstjórnarinnar er til þess fallið að valda óróa í samskiptum stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins sem og að hunsa algjörlega Alþingi Íslendinga í mikilvægri ákvarðana-

töku. Eins og sakir standa tilkynna fulltrúar framkvæmdarvaldsins þingmönnum um ákvarðanir ríkisstjórnarinnar og síðan eru málin afgreidd með ótrúlegum hraða í gegnum þingið í skjóli mikils meiri hluta þingmanna, sem fæstir koma þó að málum. Þetta er með öllu óásættanlegt, sérstaklega í ljósi þess hversu óhönduglega hefur tekist til með ákvarðanatöku og framgang flestra mála sem ríkisstjórnin hefur unnið að undanfarnar vikur.

Með vísan til framangreinds styður 3. minni hluti ekki tillöguna.

Alþingi, 2. des. 2008.

Birkir J. Jónsson.

Fylgiskjal VII.

Umsögn frá viðskiptanefnd.

Viðskiptanefnd barst þann 21. nóvember 2008 erindi frá utanríkismálanefnd þar sem óskað er álits nefndarinnar á þeim þáttum sem snúa að málefnasviði viðskiptanefndar í 161. máli, þingsályktunartillögu um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Nefndin tók til umfjöllunar þá liði þingsályktunartillögunnar sem snúa að banka-, fjármála- og samkeppnismarkaði þar sem lýst er þeim leiðum sem íslenska ríkið hyggst fara í framhaldi af lánafyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Nefndin fékk á sinn fund Jónínu S. Lárusdóttur frá viðskiptaráðuneyti, Jónas Fr. Jónsson frá Fjármálaeftirlitinu, Stefán Svavarsson frá Seðlabanka Íslands, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Guðjón Guðmundsson frá Samtökum íslenskra sparisjóða, Gunnar Viðar frá NBI hf. (Nýja Landsbankanum) og Rósant Torfason frá Nýja Glitni banka hf.

Ýmsum sjónarmiðum var hreyft fyrir nefndinni í tengslum við þingsályktunartillögu þessa og þær aðgerðir sem í henni eru boðaðar eða nú þegar eru hafnar. Meðal þessara sjónarmiða bar hvað hæst efasemdir um lið 7 í viljayfirlýsingunni þar sem segir að eiginfjárhlutfall nýju bankanna verði 10%. Það hlutfall var talið vera of lágt með tilliti til þess að verulega muni reyna á fjárhagslegan styrk bankanna á næstu missirum.

Þá var því sjónarmiði einnig hreyft fyrir nefndinni að afar nauðsynlegt væri að tryggt yrði jafnræði milli nýju ríkisfjármálafyrirtækjanna og annarra fjármálafyrirtækja sem ekki eru í ríkiseigu. Slíkt jafnræði sé forsenda þess að eðlileg samkeppnisstaða myndist á markaði. Þá kom það sjónarmið einnig fram á fundi nefndarinnar að við frágang gömlu bankanna væri afar nauðsynlegt að tryggja aðkomu erlendra lánardrottna að ferlinu og tryggja sátt þeirra við uppgjörið, í þeim tilgangi að traust skapist á ný á íslenska fjármálakerfinu.

Að lokum telur nefndin brýnt að tryggður verði réttur skilningur á lið 16 í viljayfirlýsingunni sem fylgir þingsályktunartillögu þeirri sem hér er um rætt, en þar kemur fram að hið opinbera taki ekki á sig frekari skuldbindingar vegna bankakerfisins. Ekki þykir ljóst, með þessum lið, hvort hið opinbera geti nýtt sér eða hyggist nýta sér ákvæði í 2. gr. laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, nr. 125/2008.

Það er mat nefndarinnar að þingsályktunartillaga þessi sé nauðsynlegur liður í áframhaldandi uppbyggingu fjármála- og efnahagskerfis Íslands og mælir með samþykkt hennar.

Jón Bjarnason, Birkir J. Jónsson og áheyrnarfulltrúi, Jón Magnússon, voru fjarverandi við staðfestingu umsagnar þessarar.

Meðfylgjandi er fylgiskjal frá bankastjóra Nýja Kaupþings banka hf.

Alþingi 26.nóv. 2008.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form.,
Guðfinna S. Bjarnadóttir,
Birgir Ármannsson,
Árni Páll Árnason,
Jón Gunnarsson,
Björk Guðjónsdóttir,
Höskuldur Þórhallsson, með fyrirvara.

Fskj.

Athugasemdir frá bankastjóra Nýja Kaupþings banka hf.

Eina athugasemdin sem ég vil gera við liði nr. 4-10 í viljayfirlýsingunni snýr að lið nr. 7. Mér er til efs að 10% eiginfjárhlutfall sé nóg fyrir nýju bankana. Fyrir því eru einkum þrenn rök:
1. Ég reikna fastlega með því að Fjármálaeftirlitið muni í framtíðinni krefjast þess að íslenskir bankar hafi tiltölulega hátt eiginfjárhlutfall. Það kæmi mér ekki á óvart þótt miðað yrði við 12%.
2. Breið samstaða virðist vera að myndast á alþjóðlegum vettvangi um að ýmsar reglur um starfsemi banka og annarra fjármálafyrirtækja verði hertar í kjölfar fjármálakreppunnar. Ég reikna fastlega með að þar á meðal verði eiginfjárreglurnar.
3. Fjármál heimila og fyrirtækja eru löskuð. Það mun reyna verulega á fjárhagslegan styrk bankanna að taka á árinni með heimilum og fyrirtækjum á næstu misserum.

Auk þess gerum við eftirfarandi athugasemdir:
Ýmis smærri fjármálafyrirtæki eiga við erfiðleika að etja. Vandi þeirra verður því miður ekki leystur nema til komi aukið eigið fé, jafnvel þótt um samruna meðal smærri fyrirtækja verði að ræða eða samruna smærri fyrirtækja við einhvern af stóru bönkunum. Þar geta fáir lagt hönd á plóg nema ríkissjóður. Því hef ég nokkrar áhyggjur af lið nr. 16 í yfirlýsingunni.

Loks má nefna undirlið 2 í lið nr. 19 í yfirlýsingunni (aðgangur bankanna að lausafé í Seðlabankanum). Ætla má að í bönkunum þremur séu umtalsverðar innstæður í eigu erlendra aðila eða innlendra aðila með starfsemi erlendis (í krónum og erlendum gjaldmiðli). Þessir innstæðueigendur munu án efa vilja flytja innstæðurnar úr landi um leið og færi gefst. Til að bankarnir geti sinnt þessum óskum viðskiptavina sinna munu þeir þurfa aðgang að lausafé í Seðlabankanum. Svipað gildir um þátttöku bankanna í endurreisn hagkerfisins, hún kostar fjármagn og sem stendur eiga bankarnir ekki í önnur hús að venda en Seðlabankann og Íbúðalánasjóð (með því að selja íbúðalán).

Fylgiskjal VIII.

Umsögn frá félags- og tryggingamálanefndar.

Félags- og tryggingamálanefnd hefur borist erindi frá utanríkismálanefnd þar sem óskað er álits nefndarinnar á þeim þáttum sem snúa að málefnasviði hennar í 161. máli, tillögu til þingsályktunar um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Nefndin hefur fjallað um þann hluta málsins sem varðar stefnu í kjaramálum, sbr. 23. tölul. í fylgiskjali með tillögunni.

Nefndin fékk á sinn fund Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Helgu Jónsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Guðlaugu Kristjánsdóttur frá Bandalagi háskólamanna og Ernu Guðmundsdóttur frá Bandalagi háskólamanna og Kennarasambandi Íslands.

Tekið er undir mikilvægi þess að víðtækt samkomulag náist um stefnu í kjaramálum til næstu ára, sem styður við endurreisn efnahagslífsins og stöðugleika.

Til að ná fram slíku samkomulagi telur nefndin það skipta miklu máli að formlegt ferli sé sett af stað sem fyrst og kallaðir verði til viðræðna þeir aðilar sem málið varða, t.a.m. ríki, sveitarfélög, stéttarfélög og Samtök atvinnulífsins. Áréttar nefndin að slíkt samkomulag þarf að hafa að markmiði að tryggja atvinnustig ásamt því að líta til fleiri þátta sem hafa áhrif á kjör einstaklinga og fjölskyldna, svo sem gjaldskrár hins opinbera, velferðarmál og húsnæðismál.

Nefndin lýsir áhyggjum sínum af þeim miklu fjárskuldbindingum sem ríkissjóður er að taka á sig í kjölfar hruns bankanna. Nefndin bendir jafnframt á að almennt sé mikilvægt að þess sé gætt í viðræðum við alla viðsemjendur að ráðstafanir verði samræmdar og niðurstaðan feli í sér að ekki komi til of harkalegra skerðinga á þeim hluta velferðakerfisins, sem heyrir undir nefndina. Þá ítrekar nefndin mikilvægi þess að standa vörð um hag heimila og fjölskyldna og að tryggja að fólk flytjist ekki úr landi.

Nefndin gerir ekki frekari athugasemdir varðandi þau atriði tillögunnar sem snúa að málefnasviði hennar.

Helga Sigrún Harðardóttir skrifar undir umsögn þessa með almennum fyrirvara við málið.

Kristinn H. Gunnarsson, Árni Johnsen, Ásta R. Jóhannesdóttir og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. nóv. 2008.

Guðbjartur Hannesson, form.,
Ármann Kr. Ólafsson,
Pétur H. Blöndal,
Helga Sigrún Harðardóttir, með fyrirvara,
Kristján Þór Júlíusson.

268. Lög [137. mál]

um breytingu á lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 255.

269. Lög [94. mál]

um niðurlagningu úrskurðarnefnda á sviði siglingamála.

(Afgreidd frá Alþingi 5. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 257.

270. Svar [112. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um tilboð Breta um að færa reikninga Icesave yfir í breska lögsögu.

1. *Hafði ráðherra, fyrir yfirtöku íslenska ríkisins á Landsbanka Íslands, vitneskju um tilboð breska fjármálaeftirlitsins (FSA) um að gegn 200 milljóna punda fyrirgreiðslu væri FSA tilbúið að færa reikninga Icesave yfir í breska lögsögu?*
   Nei.

2. *Í hvað er ráðherra að vísa með eftirfarandi tilsvari í símtali við Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta:*
   Darling: „Ég tek því þá sem svo að loforðið sem Landsbankinn gaf okkur um að hann fengi 200 milljónir punda í reiðufé sé einnig fyrir bí?“
   Ráðherra: „Já, þeir fengu ekki það fé.“?
   Óskað er eftir því að ráðherra birti í svarinu minnisblöð sem tengjast þessu tilsvari.
   Fjármálaráðherra taldi að fjármálaráðherra Breta væri að vísa til fyrirgreiðslu sem Landsbankinn hefði farið fram á í Seðlabanka Íslands en ekki fengið.
   Ráðherra hefur engin minnisblöð um það mál.

271. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [177. mál]

í málinu: Till. til þál. um samninga varðandi ábyrgð ríkissjóðs á innstæðutryggingum vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu.

Frá Jóni Magnússyni.

Með vísan til þess sem kemur fram í nefndaráliti 3. minni hluta utanríkismálanefndar er lagt til að Alþingi hafni því að svo stöddu að veita opna heimild til samningagerðar um ábyrgð Íslands vegna svokallaðra Icesave-reikninga í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu án þess að gerðar séu eftirfarandi kröfur:

a. Að áður en til samninga verður gengið aflétti Bretar beitingu hryðjuverkalaga gagnvart íslenskum aðilum.
b. Að lagt verði mat á eignatapið og Bretar bæti þann skaða sem beiting hryðjuverkalaga hefur haft á verðmæti eigna þeirra aðila sem hryðjuverkalögin bitnuðu á.
c. Að Bretar samþykki að þær bætur gangi til þess að greiða ábyrgðir af Icesave-reikningum og leggi fram ábyrgð breska ríkisins fyrir þeim fjárhæðum sem tapast hafa vegna beitingar hryðjuverkalaga.

Í ljósi þessa samþykkir Alþingi að aðhafast ekki frekar í málinu að svo stöddu, fela ríkisstjórninni að látið verði reyna á framangreind skilyrði í samningum við Breta áður en gengið verður frá endanlegu samkomulagi við þá, að **málinu verði vísað frá** og tekið verði fyrir næsta mál á dagskrá.

272. Breytingartillaga [177. mál]

við till. til þál. um samninga varðandi ábyrgð ríkissjóðs á innstæðutryggingum vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu.

Frá Pétri H. Blöndal.

Við tillögugreinina bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Bera skal samningana undir Alþingi.

273. Fyrirspurn [204. mál]

til umhverfisráðherra um umhverfismat.

Frá Ármanni Kr. Ólafssyni.

1. Hverju munar á framkvæmd umhverfismats annars staðar á Norðurlöndunum og í Þýskalandi annars vegar og hins vegar hér á landi, hvað varðar:
   a. lengd á heildartímaramma matsins,
   b. reglur um tímamörk einstakra þátta matsins meðan á matsferlinu stendur og
   c. viðurlög, ef tímamörk standast ekki af hálfu annars hvors eða beggja aðila?
2. Hvernig hafa tímamörk opinberra aðila við mat á umhverfisáhrifum staðist frá árinu 2003? Óskað er eftir sundurliðaðri töflu sem sýnir upphaf tímafrests í einstökum tilvikum, hversu langur hann var, eða er, ef ferlið er enni í gangi, og hvenær endanleg niðurstaða lá fyrir, eða mun liggja fyrir, ef matinu er ekki lokið þegar unnið er að svari við fyrirspurn þessari.
3. Hvaða reglur gilda um útgáfu starfsleyfa á Íslandi, annars staðar á Norðurlöndunum og í Þýskalandi til fyrirtækja sem tengjast mati á umhverfisáhrifum meðan á umhverfismatsferli stendur?

Skriflegt svar óskast.

274. Þingsályktun [161. mál]

um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 189.

275. Þingsályktun [177. mál]

um samninga varðandi ábyrgð ríkissjóðs á innstæðutryggingum vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu.

(Afgreidd frá Alþingi 5. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 219.

276. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurgeir Þorgeirsson og Kristján Frey Helgason frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Illuga Gunnarsson, formann starfshóps sem ráðherra skipaði um málefnið, Steingrím Leifsson, Þorgrím Leifsson og Albert Svavarsson frá Samtökum fiskframleiðenda og útflytjenda, Guðberg Rúnarsson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Friðrik Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Arthur Bogason og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda.

Umsagnir bárust frá Reiknistofu fiskmarkaða, Samtökum fiskvinnslustöðva, Náttúrufræðistofnun Íslands, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnuninni, Landssambandi smábátaeigenda, Samtökum fiskframleiðenda og útflytjenda, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Matís ohf., Háskólanum á Akureyri, viðskipta- og raunvísindadeild, Sjómannasambandi Íslands, Starfsgreinasambandi Íslands og Veiðimálastofnun.

Samkvæmt frumvarpinu getur ráðherra heimilað útflutning óvegins ísfisks, enda sé fiskurinn seldur á opinberum markaði sem vottaður hefur verið af Fiskistofu. Frumvarpið tekur á þáttum sem til þess eru fallnir að bæta aðgengi fiskkaupenda að afla sem fyrirhugað er að flytja úr landi og byggist á vinnu starfshóps sem ráðherra skipaði samhliða afnámi útflutningsálags á óunninn botnfiskafla sem fluttur var úr landi. Lagt er til að útgerðarmönnum sem hyggjast flytja afla úr landi sé gert skylt að senda upplýsingar um afla til Fiskistofu sem sendir upplýsingarnar til birtingar á opnum uppboðsvef uppboðsmarkaðar með sjávarafla. Auk þess er gert ráð fyrir að gefið sé upp lágmarksverð fyrir aflann.

Lögð er áhersla á auknar kröfur til vigtunarbúnaðar hjá fiskmörkuðum erlendis. Talið er nauðsynlegt að tryggja fullnægjandi eftirlit með þessari tegund af útflutningi á afla og í því skyni rýmkaðar heimildir Fiskistofu til að innheimta kostnað sem hlýst af eftirliti erlendis. Loks er lagt til að leyfi erlends markaðar til að taka á móti íslenskum afla verði afturkallað sé ekki farið að ákvæðum III. kafla laganna.

Á fundum sínum ræddi nefndin tillögu þá sem lögð er til í frumvarpinu og telur meiri hlutinn ráðstöfunina vera vænlegan kost til að koma til móts við innlenda fiskkaupendur og til þess fallna að bæta aðgengi þeirra að afla sem flytja á úr landi. Telur meiri hlutinn að skráning afla sem flytja á út á uppboðsmarkað á þann hátt sem mælt er fyrir um í frumvarpinu auki jafnræði milli innlendra og erlendra aðila og tryggi frekari möguleika innlendra fiskverkenda á að bjóða í fisk sem ella yrði fluttur úr landi óunninn. Meiri hlutinn kom einnig inn á mikilvægi þess að styrkja innlenda fiskverkun m.a. vegna þess fjölda starfa sem þar getur skapast og skiptir miklu máli þegar atvinnuleysi er að aukast.

Fjallað var um skilyrði frumvarpsins um lágmarksverð og möguleg áhrif þess á viðskipti, auk þess sem rætt var um vigtunarreglur í tengslum við heimild ráðherra til að heimila útflutning óvegins afla og eftirlit Fiskistofu með þeim útflutningi.

Loks var rætt um tæknilegar útfærslur á uppboðsferlinu. Fram komu sjónarmið um að lengri tíma þyrfti til að undirbúa jarðveginn, prufukeyra uppboðskerfið og samhæfa aðgerðir til að tryggja að ferlið gangi hnökralaust þegar farið verður af stað. Að mati meiri hlutans

gefst ekki tími til að vinna þessa undirbúningsvinnu ef miðað væri við núverandi gildistökuákvæði frumvarpsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

3. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 2009.

Atli Gíslason skrifar undir álitið með fyrirvara og áskilur sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Gunnar Svavarsson og Jón Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. des. 2008.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Atli Gíslason, með fyrirvara.	Kjartan Ólafsson.
Helgi Hjörvar.	Valgerður Sverrisdóttir.	Karl V. Matthíasson.

277. Svar [154. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um fjármögnun á kaupum á verðbréfum úr peningamarkaðssjóðum Glitnis, Landsbanka Íslands og Kaupþings.

1. *Hversu mikið fé hefur ríkissjóður lagt til í þeim tilgangi að styrkja eiginfjárstöðu bankanna þriggja, Glitnis, Landsbanka Íslands og Kaupþings, síðan Fjármálaeftirlitið f.h. ríkissjóðs tók yfir rekstur þeirra í byrjun október sl.?*

Enn sem komið er hefur ríkissjóður ekkert fé lagt fram í þeim tilgangi að styrkja eiginfjárstöðu nýju bankanna en ríkissjóður þurfti að leggja fram stofnfé að upphæð 775 millj. kr. vegna stofnunar hvers þeirra eða samtals 2.325 millj. kr. Gert er ráð fyrir að þegar endanlegur efnahagsreikningur nýju bankanna liggi fyrir um miðjan janúar á næsta ári verði tekin ákvörðun um hversu hátt eigið fé ríkissjóðs verður í hverjum banka fyrir sig. Í drögum að efnahagsreikningum sem gefin hafa verið út af Fjármálaeftirlitinu er gert ráð fyrir að eigið fé NBI hf. verði 200 milljarðar kr., eigið fé Nýja Glitnis hf. verði 110 milljarðar kr. og Nýja Kaupþings hf. verði 75 milljarðar kr. Endanleg niðurstaða um fjárhæðir vegna eignfjárframlags verður tekin þegar niðurstaða matsnefnda um efnahag nýju bankanna liggur fyrir.

2. *Hefur ríkissjóður veitt bönkunum eða hlutafélögum í eigu þeirra annars konar fjárhagslega fyrirgreiðslu, og ef svo er óskast upplýsingar um það í hverju hún er fólgin og fjárhæð hennar?*

Ríkissjóður hefur ekki veitt bönkunum eða hlutafélögum í þeirra eigu annars konar fjárhagslega fyrirgreiðslu.

3. *Hversu háar fjárhæðir hafa nýju bankarnir, hver um sig, reitt af hendi til kaupa á verðbréfum úr peningamarkaðssjóðum gömlu bankanna þriggja?*

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um einstök viðskipti bankanna og hefur ekki óskað eftir upplýsingum um þær. Sú ákvörðun bankanna að kaupa verðbréf af peningamarkaðssjóðum var gerð á ábyrgð bankanna og viðkomandi bankastjórna og var gerð á viðskiptalegum forsendum án afskipta ráðherra eða ráðuneytis.

4. *Á hverju byggðist verðmat á bréfum sjóðanna, hver verðmat og hver tók ákvörðun um að nýju bankarnir keyptu bréfin því verði?*

Með vísan til svars við 3. lið fyrirspurnarinnar er ráðherra ekki kunnugt um verðmöt sem bankarnir, hver um sig, létu gera áður en viðskiptin fóru fram. Ákvörðunin var á valdi hvers banka og bankaráðs eða bankastjórnar.

5. *Hvernig voru greiðslur til kaupa á verðbréfum sjóðanna fjármagnaðar og hver tók ákvörðun um kaup á þeim?*

Fjármögnun var í gegnum hvern banka fyrir sig, án atbeina eða afskipta ríkissjóðs, fjármálaráðherra eða Fjármálaráðuneytis. Með vísan til fyrri svara var ákvörðun um viðskiptin á hendi hvers banka fyrir sig og eftir atvikum bankaráða eða bankastjórna þeirra.

6. *Hver var aðkoma ráðuneytisins og ráðherra í þessari atburðarás?*

Aðkoma ráðherra og ráðuneytisins var engin í þessari atburðarrás.

7. *Telur ráðherra að framkvæmdin standist jafnræðisreglu gagnvart eigendum verðbréfa í öðrum sjóðum í þessum þremur bönkum eða öðrum bönkum og ákvæði stjórnarskrár um fjárheimildir?*

Ráðherra er ekki kunnugt um að nein lög eða reglur hafi verið brotnar í þessu sambandi.

8. *Eru fyrir hendi minnisblöð, tölvupóstar, fyrirmæli eða aðrar skriflegar heimildir um kaup nýju bankanna á bréfum peningamarkaðssjóða gömlu bankanna og ef svo er, hvert er efnislegt inntak þeirra?*

Viðskiptaráðherra kynnti fyrir fjármálaráðherra á sínum tíma áætlaða stöðu einstakra sjóða sem var byggð á áætlun frá Fjármálaeftirlitinu. Fljótt kom í ljós að staðan var ekki eins slæm og þar var gert ráð fyrir. Fjármálaráðherra gerði ekki nein minnisblöð eða voru afhent önnur minnisblöð en að fyrr eru nefnt eða gaf nein fyrirmæli um kaup nýju bankanna á bréfum peningamarkaðssjóðanna. Eins og áður hefur komið fram hafði fjármálaráðherra eða Fjármálaráðuneytið engin afskipti af þessum viðskiptum heldur voru þau alfarið ákvörðun og á ábyrgð bankanna sjálfra og eftir atvikum þeirra bankastjórna eða bankaráða sem þá fóru fyrir bönkunum. Rétt er að geta þess að peningamarkaðssjóðir voru reknir í sérstökum rekstrarfélögum sem voru óháðar bönkunum sjálfum þó að rekstur þeirra hafi verið undir sama þaki.

278. Fyrirspurn [205. mál]

til forsætisráðherra um EES-samninginn.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver er áætlaður samanlagður ávinningur þjóðarbúsins af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið mældur í fjárhæðum og sem hlutfall af landsframleiðslu?
2. Hver hafa áætluð áhrif samningsins verið á atvinnustig, kaupmáttarþróun og tekjur hins opinbera?
3. Hver hefur sérstaklega verið áætlaður ávinningur af samningnum vegna ákvæða hans um frjálsa fjármagnsflutninga?

Skriflegt svar óskast.

279. Frumvarp til laga [206. mál]

um breyting á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Í stað orðanna „sbr. ÍSAT 95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02“ í 2. gr. laganna kemur: sbr. ÍSAT2008, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.61, 01.62, 01.63, 01.64, 01.70 og 02.40.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er brugðist við setningu nýs staðals um atvinnugreinaflokkun, ÍSAT2008 í stað ÍSAT95. Með frumvarpinu verða á hinn bóginn engar efnisbreytingar á álagningu búnaðargjalds.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald.

Markmið þessa frumvarps er að innleiða nýjan staðal um atvinnuvegaflokkun fyrir álagningu búnaðargjalds þannig að í stað IST95 staðalsins komi IST 2008. Ekki eru gerðar efnisbreytingar á álagningunni að öðru leyti.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

280. Frumvarp til laga [207. mál]

um breytingu á lögum nr. 116 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Í stað ártalanna „2009/2010“ í ákvæði til bráðabirgða I í lögunum kemur: 2014/2015.

2. gr.

Í stað orðanna „1. september 2009“ í ákvæði til bráðabirgða V í lögunum kemur: 1. september 2012.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu að tilhlutan sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Með því er annars vegar lagt til að framlengdur verði gildistími ákvæðis til bráðabirgða I í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, sem veitir ráðherra heimild til að úthluta tilteknum aflaheimildum til áframeldis þorsks og hins vegar að framlengdur verði gildistími ákvæðis til bráðabirgða V í sömu lögum um frest aðila til að ráðstafa krókaaflahlutdeild þannig að hún rúmist innan tiltekinna marka sem sett eru í 2. og 3. mgr. 13. gr. laganna.

Með b-lið 16. gr. laga nr. 85 16. maí 2002, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, voru fyrst sett ákvæði í lög um úthlutun þorskeldiskvótans en með þeim var ráðherra heimilað að ráðstafa aflaheimildum sem námu allt að 500 lestum af óslægðum þorski til tilrauna með áframeldi. Heimild ráðherra til úthlutunar þorskeldiskvótans samkvæmt þeim lögum gilti til loka fiskveiðiársins 2005/2006. Með lögum nr. 28 14. apríl 2005 var heimildin framlengd um þrjú fiskveiðiár og gildir hún samkvæmt gildandi lögum til loka fiskveiðiársins 2009/2010 sem lýkur 31. ágúst 2010. Heimildin er nú í ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr.

116/2006. Ljóst er að miklar væntingar eru bundnar við eldi á sjávarfiski og því nauðsynlegt að styrkja frekari tilraunir á því sviði. Er því í 1. gr. þessa frumvarps lagt til að heimild þessi fyrir ráðherra til úthlutunar þorskeldiskvótans verði framlengd til loka fiskveiðiársins 2014/2015 eða um fimm fiskveiðiár. Með því móti verður kleift að efla frekari tilraunir og marka stefnu til lengri tíma.

Þorskeldiskvótanum hefur að mestu leyti verið ráðstafað til tilrauna í þorskeldi. Tilraunir með eldi þorsks byggjast að mestu á söfnun ungþorsks og eldi hans. Tilraunaframleiðslan hefur á undanförnum árum verið 1–2 þúsund tonn á ári. Til að stuðla enn frekar að uppbyggingu þorskeldis hefur ráðuneytið veitt árlegan 25 millj. kr. styrk til kynbótastarfs og rannsókna í þorskeldi auk úthlutunar þorskeldiskvótans. Gert er ráð fyrir að á næstu árum muni kynbótastarfsemin leiða til þess að hægt verði að afnema úthlutun þorskeldiskvóta og framleiðslan í þorskeldinu byggist alfarið á eldisseiðum. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir tilteknum aðlögunartíma áður en unnt verður að breyta framkvæmdinni í samræmi við framangreind áform.

Með 2. gr. laga nr. 42 12. júní 2006, um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, voru settar takmarkanir á krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila. Þessi ákvæði eru í 2. og 3. mgr. 13. gr. núgildandi laga. Má samanlögð krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila ekki nema hærra hlutfalli en 4% af þorski, 5% af ýsu og 5% af heildarverðmæti krókaaflahlutdeildar.

Í ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 42/2006 sagði að ef krókaaflahlutdeild einstakra aðila reyndist hærri en fyrr greindi þá skyldi hlutaðeigandi aðili fyrir 1. september 2009 gera ráðstafanir þannig að krókaaflahlutdeildin yrði innan settra marka. Þetta ákvæði er nú ákvæði V til bráðabirgða í lögum nr. 116/2006.

Í frumvarpi þessu er lagt til að frestur aðila til að ráðstafa krókaaflahlutdeild, þannig að hún rúmist innan settra marka, verði lengdur um þrjú ár eða til 1. september 2012. Ástæða þess að þetta er lagt til er sú að vegna sérstakra aðstæðna í íslensku efnahagslífi er mjög erfitt að fjármagna viðskipti með krókaaflahlutdeildir og því lítill markaður fyrir þær. Þeir aðilar sem enn eru yfir tilsettum mörkum eiga þannig takmarkaða möguleika til þess að komast undir tilskilin mörk. Með því að fresta gildistöku umrædds bráðabirgðaákvæðis er aðilum veittur frekari aðlögunartími. Vænta má að sá frestur geri þeim kleift að komast undir tilsett mörk eftir að markaður fyrir krókaaflahlutdeildir hefur opnast að nýju.

Gert er ráð fyrir að ákvæði laganna öðlist þegar gildi. Ákvæði 1. gr. mun hins vegar koma til framkvæmda þegar gildistími ákvæðis til bráðabirgða I rennur út 1. september 2010 eða við upphaf fiskveiðiársins 2010/2011 og ákvæði 2. gr. þegar gildistími ákvæðis til bráðabirgða V rennur út 1. september 2009 eða við upphaf fiskveiðiársins 2009/2010.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er annars vegar lagt til að framlengdur verði gildistími ákvæðis til bráðabirgða I í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, sem veitir ráðherra heimild til að úthluta tilteknum hluta heildarafla til áframeldis í þorski. Hins vegar er lagt til að framlengdur verði gildistími ákvæðis til bráðabirgða V í sömu lögum um frest aðila til að ráðstafa krókaaflahlutdeild þannig að hún rúmist innan tiltekinna marka sem sett eru í 2. og 3. mgr. 13. gr. laganna.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

281. Frumvarp til laga [208. mál]

um skattlagningu kolvetnisvinnslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI
Almennt.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til skattlagningar á tekjum af leit, rannsóknum og vinnslu kolvetnis og afleiddrar starfsemi:

a. í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands,
b. á samliggjandi hafsvæði þar sem kolvetnisauðlind nær yfir miðlínu annars ríkis þegar réttur til kolvetnis fellur til Íslands samkvæmt samningi við hitt ríkið,
c. fyrir utan svæðið sem nefnt er í a-lið, enda hafi Ísland rétt til að skattleggja þá starfsemi og vinnu samkvæmt almennum rétti eða sérstökum samningum við erlent ríki.

Lögin taka einnig til vinnslu og annarrar meðhöndlunar á kolvetni á svæðum skv. 1. mgr., þar með talið til flutnings í leiðslum, skipum eða með öðrum hætti óháð uppruna kolvetnisins.

2. gr.
Skilgreiningar.

Kolvetni merkir í lögum þessum jarðolía, jarðgas eða annars konar kolvetni sem er til staðar í jarðlögum undir hafsbotni frá náttúrunnar hendi og nýtanlegt er í loftkenndu eða fljótandi formi.

Leyfishafi merkir í lögum þessum sá aðili sem fengið hefur leyfi til leitar, rannsókna eða vinnslu kolvetnis samkvæmt lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Landgrunn merkir í lögum þessum hafsbotninn og neðansjávarsvæði utan landhelgi, sem eru framlenging landsvæðisins, allt að ytri mörkum landgrunnssvæðisins, þó að 200 sjómílna fjarlægð frá grunnlínum landhelginnar þar sem ytri mörk landgrunnssvæðisins ná ekki þeirri fjarlægð, sbr. lög nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Milli Íslands annars vegar og Færeyja og Grænlands hins vegar, þar sem minna en 400 sjómílur eru milli grunnlína, afmarkast efnahagslögsaga og landgrunn Íslands af miðlínu.

Tunna eða ígildi hennar merkir í lögum þessum mælieining fyrir jarðolíu þar sem ein tunna jafngildir 0,15898 rúmmetrum eða samsvarandi magn af öðru kolvetni með sama orkuinnihaldi, svo sem af jarðgasi.

3. gr.

Skattskyldir aðilar.

Skylda til að greiða skatta og gjöld, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum, hvílir á þeim aðilum sem fengið hafa leyfi til leitar, rannsókna og/eða vinnslu kolvetnis á svæði skv. 1. gr., svo og öðrum aðilum sem taka með beinum eða óbeinum hætti þátt í vinnslu og dreifingu kolvetnisafurða. Skattskyldir samkvæmt lögum þessum eru þannig lögaðilar, sjálfstætt starfandi menn og launþegar sem afla tekna við starfsemi sem fram fer á svæði skv. 1. gr.

4. gr.

Almenn skattskylda.

Af tekjum sem verða til í þeirri starfsemi sem fjallað er um í 1. gr., þ.m.t. launum, skal auk skatta og gjalda samkvæmt lögum þessum greiða alla aðra skatta og önnur opinber gjöld sem almennt eru lögð á hér á landi eftir þeim lögum og reglum sem um þau gilda á hverjum tíma.

II. KAFLI
Vinnslugjald.

5. gr.

Gjaldskylda.

Skattskyldur leyfishafi skv. 3. gr. skal greiða sérstakt vinnslugjald sem reiknast af því magni í tunnum talið sem hann vinnur árlega af kolvetni á grundvelli hinnar leyfisskyldu starfsemi. Með vinnslu er átt við allt það kolvetni sem afhent er úr auðlindinni, þar á meðal til framhaldsvinnslu og eigin nota.

Ekkert vinnslugjald reiknast af fyrstu 10 milljón tunnunum eða ígildi þeirra á hverju tekjuári.

6. gr.

Viðmiðunarverð vinnslugjalds.

Fjármálaráðherra skipar þrjá menn í nefnd til fimm ára í senn og jafnmarga til vara til að ákvarða viðmiðunarverð á kolvetni og skulu þeir hafa þekkingu á sviði lögfræði, hagfræði eða kolvetnisvinnslu. Nefndin skal í upphafi hvers mánaðar ákvarða viðmiðunarverð á kolvetni fyrir næstliðinn mánuð. Viðmiðunarverðið skal taka mið af meðalverði á kolvetni eins

og það var á viðurkenndum alþjóðlegum markaði með sambærilegar kolvetnisafurðir, m.a. að teknu tilliti til sölukostnaðar og afhendingarstaðar.

Ákvarðanir viðmiðunarverðsnefndar sæta ekki stjórnsýslukæru. Ráðherra setur nánari reglur um ákvörðun viðmiðunarverðs og störf nefndarinnar.

7. gr.

Gjaldhlutfall, gjaldstofn og fjárhæð vinnslugjalds.

Vinnslugjald skv. 5. gr. er stighækkandi miðað við unnið magn leyfishafa af kolvetni. Gjaldhlutfall þess er ákvarðað með eftirfarandi hætti miðað við milljón tunnur eða ígildi þeirra: (Unnið magn í milljónum tunna – 10 milljónir tunna) / 1.000.000 * 0,5.

Gjaldstofn vinnslugjalds miðast við verðmæti heildarvinnslu leyfishafa á hverju ári og ákvarðast sem margfeldi unnins magns og viðmiðunarverðs skv. 6. gr.

Fjárhæð vinnslugjalds er margfeldi gjaldhlutfalls skv. 1. mgr. og gjaldstofns skv. 2. mgr.

8. gr.

Um skil á vinnslugjaldi.

Hvert uppgjörstímabil vinnslugjalds er einn mánuður.

Fyrir árslok skal gjaldskyldur aðili senda ríkisskattstjóra áætlun um áformaða heildarvinnslu kolvetnis á næsta ári og skal hún staðfest af Orkustofnun. Áætlunin skal endurskoðuð ársfjórðungslega og skulu leiðréttingar vera staðfestar af Orkustofnun.

Áætlunin skv. 2. mgr. skal vera ákvarðandi um gjaldhlutfall, gjaldstofn og fjárhæð vinnslugjalds sem skilað er í staðgreiðslu uns endanlegt uppgjör eða álagning hefur farið fram skv. 6. mgr. Mánaðarleg staðgreiðsla miðast við einn tólfta af áætlaðri heildarvinnslu kolvetnis, sbr. 2. mgr.

Gjaldskyldir aðilar skulu eftir lok hvers uppgjörstímabils greiða ótilkvaddir til innheimtumanns ríkissjóðs það vinnslugjald sem þeim ber að standa skil á samkvæmt skilagrein sem ríkisskattstjóri ákveður. Gjalddagi vinnslugjalds er 1. dagur hvers mánaðar og eindagi 14 dögum síðar.

Að öðru leyti fer um staðgreiðslu vinnslugjalds eftir lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, en hvað varðar viðurlög og málsmeðferð gilda ákvæði VI. kafla þeirra laga eftir því sem við á.

Samhliða álagningu opinberra gjalda samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal fara fram endanlegt uppgjör eða álagning vinnslugjalds fyrir næstliðið ár eftir því sem við á. Frávik sem verður á milli áætlunar skv. 2. mgr. og endanlegs unnins magns skal gert upp á meðalviðmiðunarverði ársins.

III. KAFLI

Kolvetnisskattur.

9. gr.

Gjaldskylda.

Þegar skattskyldur hagnaður aðila skv. 3. gr. nær 20% af skattskyldum rekstrartekjum hans á heilu skattári skal á þann hagnað lagður sérstakur kolvetnisskattur sem kemur í stað vinnslugjalds hjá þeim sem það hafa greitt.

10. gr.

Skattskyldar rekstrartekjur.

Til skattstofns kolvetnisskatts teljast allar tekjur skv. B- og C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Hafi mánaðarleg sala á kolvetni farið fram á lægra verði en viðmiðunarverði skv. 6. gr. skal við útreikning skattstofns miða við viðmiðunarverðið.

Við ákvörðun á skattstofni kolvetnisskatts skal að öðru leyti en framan greinir miða við ákvæði laga nr. 90/2003 eftir því sem við getur átt.

11. gr.

Frádráttur frá skattskyldum rekstrartekjum.

Frá tekjum skv. 10. gr. er heimilt að draga rekstrarkostnað skv. 31. gr. og niðurfærslu eigna skv. 32. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með þeim undantekningum sem fram koma í lögum þessum.

Við ákvörðun á stofni til kolvetnisskatts er þó eigi heimilt að draga frá tekjum ársins hærri fjármagnskostnað en sem nemur 5% af stöðu skulda að frádregnum peningalegum eignum, þar með talið kröfum og birgðum, í lok viðkomandi reikningsárs. Ráðherra er heimilt að hækka eða lækka viðmiðunarhlutfallið með hliðsjón af starfrækslu- og fjármögnunargjaldmiðli leyfishafa og almennu vaxtastigi í viðkomandi mynt. Við útreikning á þeim stofni skal ekki telja til skuldar reiknaðan ógreiddan tekjuskatt eða reiknaðan ógreiddan kolvetnisskatt. Sama gildir um reiknaðar skattskuldbindingar og skattinneignir vegna varanlegs tímamismunar á reikningsskilum og skattskilum. Til fjármagnskostnaðar teljast öll vaxtagjöld, verðbætur, afföll og gengismunur af bókfærðum skuldum, sbr. 49. gr. laga nr. 90/2003, eftir að frá þeim hafa verið dregnar vaxtatekjur, verðbætur, afföll og gengismunur af bókfærðum eignum í samræmi við 8. gr. sömu laga. Falli slíkur fjármagnskostnaður til við öflun annarra eigna en þeirra sem nýttar eru í hinni leyfisskyldu starfsemi skal honum skipt í réttu hlutfalli við eftirstöðvar skattalegs fyrningarverðs allra fyrnanlegra eigna í lok árs og kemur þá sá hluti fjármagnskostnaðarins sem tengist eignum sem ekki eru nýttar til kolvetnisvinnslu ekki til frádráttar tekjum við ákvörðun á skattstofninum.

Óheimilt er að færa til frádráttar tekjum hærri leigu af mannvirkjum eða búnaði sem nýttur er til leitar, rannsóknar eða öflunar á kolvetni en sem nemur eðlilegum afskriftum og vöxtum af viðkomandi eignum miðað við nýtingartíma á hverju ári. Við mat á því hvað skuli telja eðlilegar afskriftir og vexti skal taka mið af ákvæðum laga nr. 90/2003 og öðrum þeim reglum sem settar hafa verið með vísan til þeirra laga. Sé búnaður leigður af tengdum aðila geta skattyfirvöld hafnað gjaldfærslu á leigunni nema leigutaki framvísi upplýsingum og gögnum um kostnaðarverð og uppsafnaðar afskriftir slíks búnaðar í hendi leigusala þannig að hægt sé að ganga úr skugga um að framangreindum skilyrðum sé fullnægt.

Kostnað við leigu á vinnuafli er því aðeins heimilt að færa til frádráttar tekjum að starfsmannaleigan hafi skráð sig hér á landi, sbr. 3. og 4. mgr. 7. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Á því ári sem vinnslusvæði er lokað, sbr. 16. gr. laga nr. 13/2001, er heimilt að færa 10% af rekstrartekjum næstliðins árs til tekjufærslu á því ári.

12. gr.

Gjaldstofn kolvetnisskatts.

Gjaldstofn kolvetnisskatts er skattskyldar rekstrartekjur skattskylds aðila skv. 10. gr., að frádregnum rekstrarkostnaði skv. 11. gr. Sé mismunur jákvæður myndast skattskyldur hagn-

aður af leyfisskyldri starfsemi. Nemi sá hagnaður 20% af skattskyldum rekstrartekjum leyfishafa á heilu skattári skal á þann hagnað lagður sérstakur kolvetnisskattur sem kemur í stað vinnslugjalds, sbr. 9. gr.

Við ákvörðun á gjaldstofni kolvetnisskatts er eigi heimilt að draga frá eftirtalinn kostnað og frádráttarliði:

a. Vinnslugjald skv. 5. gr.
b. Tap af sölu eigna til tengdra aðila.
c. Hvers konar gjafir og framlög, svo sem til líknarstarfsemi, menningarmála, stjórnmálaflokka og íþróttafélaga.
d. Niðurfærslu viðskiptakrafna og vörubirgða.
e. Tap eða kostnað af starfsemi sem fellur utan gildissviðs laga þessara.
f. Tap af leyfisskyldri starfsemi verður hvorki flutt á milli leyfishafa né einstakra leyfissvæða.
g. Tap eða kostnað sem myndast hefur fyrir gildistöku laga þessara.

13. gr.

Gjaldhlutfall og fjárhæð kolvetnisskatts.

Gjaldhlutfall kolvetnisskatts er stighækkandi og reiknast með eftirfarandi hætti: (Hagnaðarhlutfall mælt í prósentustigum skv. 9. gr. og 1. mgr. 12. gr. – 10 prósentustig) * 0,55.

Fjárhæð kolvetnisskatts er margfeldi gjaldhlutfalls skv. 1. mgr. og gjaldstofns skv. 12. gr.

14. gr.

Um skil á kolvetnisskatti.

Álagning kolvetnisskatts skal fara fram samhliða álagningu opinberra gjalda samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, á því framtalsformi sem ríkisskattstjóri ákveður. Komi í ljós að kolvetnisskattur skv. III. kafla verði lagður á tekjur þess árs sem vinnslugjald hefur verið greitt af skal fjárhæð vinnslugjaldsins skoðast sem fyrirframgreiðsla upp í álagðan kolvetnisskatt.

Skattskyldur leyfishafi sem vinnur árlega meira en 50 milljón tunnur á ári getur sótt um til ríkisskattstjóra að vinnslugjald sem hann greiðir sem bráðabirgðagreiðslu upp í kolvetnisskatt miðist við vinnslu upp á 50 milljón tunnur enda sýni hann fram á að skilyrði 1. mgr. séu uppfyllt.

Rekstraraðilar sem ekki hafa greitt vinnslugjald en sæta álagningu kolvetnisskatts skulu greiða fyrirframgreiðslu upp í væntanlega álagningu kolvetnisskatts með sama hætti og áskilið er um fyrirframgreiðslu tekjuskatts í lögum nr. 90/2003.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði um tekjur.

15. gr.

Varði kostnaður, annar en fjármagnskostnaður, í senn bæði öflun tekna af hinni leyfisskyldu starfsemi og öflun annarra tekna, að frátöldum fjármagnstekjum, skal skipta kostnaðinum í réttu hlutfalli við tekjurnar.

16. gr.

Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna vegna hinnar leyfisskyldu starfsemi skal ákvarðaður og skattlagður með sama hætti og af fyrnanlegum eignum samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Leyfishafar sem greiða skatt samkvæmt lögum þessum skulu halda tekjum og gjöldum af leyfisskyldri starfsemi sinni aðgreindum frá tekjum og gjöldum af annarri starfsemi í bókhaldi sínu.

18. gr.

Reikningsár lögaðila eða útibús sem skráð er hér á landi vegna starfsemi skv. 1. gr. skal vera almanaksárið. Skattskylda aðila samkvæmt lögum þessum hefst frá og með því almanaksári þegar leyfinu sem starfsemin byggist á var úthlutað.

19. gr.

Leyfishafa er óheimilt að úthluta tekjuafgangi ef það verður til þess að hlutfall eigin fjár verður lægra en 15% af skattalegu bókfærðu verði heildareigna.

VI. KAFLI
Framtöl, skýrslugjafir, álagning, eftirlit, kærur, innheimta o.fl.

20. gr.

Að öðru leyti en greinir í þessum lögum skulu um framtöl, skýrslugjafir, álagningu, eftirlit, kærur, og innheimtu vinnslugjalds og kolvetnisskatts gilda ákvæði IX.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, en varðandi viðurlög er sérstaklega vísað til XII. kafla þeirra laga.

21. gr.

Álagning, innheimta og ábyrgð á skattgreiðslum.

Skattar samkvæmt lögum þessum skulu lagðir á af skattstjóranum í Reykjavík og renna í ríkissjóð. Tollstjórinn í Reykjavík hefur á hendi innheimtu þeirra.

Allir aðilar sem inna af hendi greiðslur vegna starfsemi skv. 1. gr., og viðtakandinn er ekki skattskyldur skv. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu halda eftir afdráttarskatti í samræmi við ákvæði A-liðar 2. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Fjármálaráðherra getur krafist þess að skattskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum setji tryggingu fyrir væntanlegum sköttum sínum og gjöldum svo og fyrir skattgreiðslum annarra aðila sem þeir eru ábyrgir fyrir.

22. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, svo sem um nánari ákvörðun tekna og eigna, störf skattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins, ríkisskattstjóra og yfirskattanefndar og um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsókna.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um sérstakt bókhald framtalsskyldra aðila, þar á meðal birgðabókhald. Einnig getur hann kveðið á um form reikningsskila og geymslu bókhalds og annarra gagna er varða skattframtöl.

23. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá árinu 1997 hefur með markvissum hætti verið kannað hvort olía eða gas finnist á landgrunni Íslands. Þær kannanir benda til þess að líkur séu á að olía eða gas, hér eftir í einu nafni nefnt kolvetni, finnist á landgrunninu. Á árinu 2001 voru að frumkvæði iðnaðarráðuneytisins samþykkt á Alþingi lög nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Í lögunum eru meðal annars ákvæði um eignarrétt, ýmsa öryggisþætti, stjórnsýslu og gjaldtöku vegna útgáfu leyfa og eftirlits sem tengist kolvetnisvinnslu.

Í mars 2006 samþykkti ríkisstjórn Íslands að hefja undirbúning að útgáfu leyfa til rannsókna og vinnslu kolvetnis í lögsögu Íslands, nánar tiltekið á svokölluðu Drekasvæði. Þegar hefur verið ákveðið að fyrstu leyfin til rannsókna á vinnslu kolvetnis verði boðin út 15. janúar 2009. Það frumvarp sem hér er kynnt er lagt fram í beinum tengslum við komandi útboð enda afar mikilvægt að reglur um skattlagningu kolvetnisvinnslu liggi fyrir gagnvart þeim aðilum sem hug hafa á að bjóða í leyfin.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að sérlög gildi um skattskyldu og skattlagningu kolvetnisvinnslu enda um mjög sérhæfða vinnslu að ræða. Þannig er lagt til að á aðila sem stunda kolvetnisvinnslu eða taka með beinum hætti þátt í öflun og dreifingu kolvetnis verði lagður sérstakur skattur, annaðhvort í formi vinnslugjalds, sem er óháð afkomu vinnslunnar, eða í formi kolvetnisskatts, þegar vinnslan er farin að skila tilteknum lágmarkshagnaði.

Í frumvarpinu er miðað við að aðilar sem verða skattskyldir samkvæmt þessum lögum greiði einnig skatta og önnur gjöld sem almennt eru lögð á atvinnurekstur hér á landi óháð lögum þessum. Það kallar óhjákvæmilega á breytingar á öðrum skattalögum eins og lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, en miðað er við að tillögur að breytingum á þeim lögum verði lagðar fyrir á næstkomandi vorþingi.

Sérstakur starfshópur sem fjármálaráðherra skipaði vann að framangreindri útfærslu, en hann skipuðu Ingvi Már Pálsson og Þórður Reynisson frá fjármálaráðuneytinu og Aðalsteinn Hákonarson og Ingvar Rögnvaldsson frá ríkisskattstjóra. Með starfshópnum starfaði einnig Björn Ragnar Björnsson frá fjármálaráðuneytinu. Við mótun og útfærslu frumvarpsins hafði starfshópurinn náið samstarf við iðnaðarráðuneytið og Orkustofnun.

Það frumvarp sem hér er lagt fram er í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um skattlagningu kolvetnisvinnslu og voru eftirtalin meginmarkmið höfð að leiðarljósi við mótun á þeim tillögum sem fram koma í frumvarpinu:

- *Að ríkinu verði tryggð ásættanleg hlutdeild í þeim hagnaði sem fellur til vegna nýtingar á takmarkaðri auðlind í eigu þjóðarinnar.*
- *Að Ísland verði í skattalegu tilliti samkeppnishæft við nágrannaríki okkar (Noreg, Færeyjar, Kanada, Írland og Grænland).*
- *Að skattlagning kolvetnisvinnslu á Íslandi verði einföld og skilvirk.*

Sérstaða kolvetnisvinnslu.

Fyrirtæki í kolvetnisvinnslu greina á milli ríkja eftir því hversu vel kannaðar olíulindir þeirra eru, hversu auðvelt er að nálgast þær, hvað er vitað um jarðlög og hver skattheimta ríkjanna er. Eigi að laða hingað til lands fyrirtæki til að vinna kolvetni þarf skattlagning á starfsemi þeirra hérlendis að vera vel samkeppnishæf við skattareglur annarra ríkja um sam-

bærilega starfsemi. Sérstaða kolvetnisvinnslu liggur fyrst og fremst í mjög löngum tíma og kostnaði vegna leitar og vinnslu en á móti kemur að ábatinn getur verið gríðarlegur ef vel gengur.

Orkustofnun hefur bent á að óraunhæft sé að ætla að styttri tími en níu ár líði frá því kolvetnisvinnslufyrirtæki fær leyfi til leitar og rannsóknar þar til vinnsla getur hafist. Þá er óvarlegt að ætla að fjárfestingar þessara fyrirtækja, sem eru í eðli sínu langtímafjárfestingar, skili hagnaði fyrr en að nokkrum tíma liðnum eftir að vinnsla hefst. Með hliðsjón af þessu hefur almennt verið talið að önnur sjónarmið gildi um skattlagningu þessa iðnaðar enda getur ábati ríkisins verið mikill ef vel tekst til. Samhliða þarf að tryggja að ríkið fái ásættanlega hlutdeild í þeim hagnaði sem verður af nýtingu á þessari takmörkuðu þjóðarauðlind.

Skattlagning kolvetnisvinnslu.

Sem fyrr segir er skattaumhverfið einn af þeim ákvörðunarþáttum sem vinnslufyrirtæki horfa gjarnan til þegar þau standa frammi fyrir því að bjóða í leitarleyfi í einstökum ríkjum. Starfshópur fjármálaráðherra kannaði sérstaklega með hvaða hætti nágrannalönd okkar hafa skattlagt slíka starfsemi. Almennt má segja að hægt sé að skipta skattlagningu á kolvetnisvinnslu upp í þrjá meginflokka:

- *Svæðisgjöld:*
  Það eru gjöld sem greidd eru fyrir leitarleyfi á ákveðnu svæði og miðast fjárhæð gjaldsins vanalega við stærð leitarsvæðisins. Jafnframt getur leitarleyfið veitt mismunandi heimildir og í sumum ríkjum eru svæðisgjöld vegna leitarleyfis töluvert hærri ef leyfið felur í sér borunarleyfi. Hér á landi eru ákvæði um svæðisgjöld í lögum nr. 13/2001.
- *Vinnslugjald:*
  Vinnslugjald, þ.e. ákveðið gjaldhlutfall, þar sem gjaldstofninn miðast við það söluverð sem fæst fyrir þá olíu sem dælt er úr auðlindinni á hverjum tíma. Vinnslugjaldið er óháð afkomu kolvetnisvinnslunnar og tekjur af því tiltölulega öruggar eftir að vinnsla hefst. Í því þarf þó að felast hvati til frekari vinnslu með eðlilegum ábata.
- *Skattur af hagnaði:*
  Hagnaður kolvetnisvinnslu (olíu- og gasfyrirtækja) vegna nýtingar á olíuauðlindum þjóða getur orðið gríðarlega mikill beri leit árangur. Því þykir rökrétt að slík vinnslufyrirtæki greiði hærri skatt en almenn fyrirtæki af hagnaði sínum. Í nágrannalöndum okkar er skattlagning á hagnað olíufyrirtækja mun hærri en á hagnað fyrirtækja almennt og hafa flest þeirra farið þá leið að leggja sérstakan skatt á þessi fyrirtæki, svokallaðan kolvetnisskatt. Sem dæmi má nefna að í Noregi er kolvetnisskatturinn 50% sem leggst ofan á almennan fyrirtækjaskatt, sem er 28%, þannig að hagnaður olíufyrirtækja þar í landi ber samanlagt 78% skatt. Þá er gjaldstofn kolvetnisskatts gjarnan annar en almenna tekjuskattsins vegna mismunandi frádráttarliða.

Þær tekjur sem íslenska ríkið ætlar sér af kolvetnisvinnslu eru fyrst og fremst kolvetnisskattur og tekjuskattur Ef ekki reynist unnt að vinna kolvetni með hagnaði hefur ríkið takmarkaða hagsmuni af vinnslunni. Því er lagt til að greitt verði vinnslugjald af magni kolvetnis ef hagnaður er lítill eða enginn. Í þessu felst hvatning til vinnsluaðila að starfsemin skili hagnaði og jafnframt fæst afgjald fyrir eyðingu hinnar takmörkuðu auðlindar ef hagnaður er óverulegur eða enginn.

Efnahagsleg áhrif kolvetnisvinnslu.

Ef olía finnst við Ísland í nægilegu magni til vinnslu má gera ráð fyrir að efnahagsleg áhrif þess á íslenskan þjóðarbúskap verði umtalsverð. Áætlað lágmarksmagn olíu til vinnslu úr einni olíulind með hagnaði er á bilinu 10–20 milljónir rúmmetra, sem gerir 63–126 milljónir tunna. Bein og óbein starfsemi vegna olíuvinnslu hefði áhrif til að stórauka tekjustreymi í ríkissjóð. Reikna má með að eigi færri en 200 manns hefðu beina atvinnu af slíkri starfsemi. Á sama tíma má jafnframt gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs aukist vegna olíuvinnslunnar, svo sem vegna eftirlits með vinnslu, vinnuöryggi og umhverfi. Í sumum olíuvinnsluríkjum hefur verið lagt eftirlitsgjald á olíufyrirtæki til að standa undir slíkum kostnaði. Gera má ráð fyrir að útgjöld hins opinbera vegna olíustarfsemi hér á landi verði aðeins lítið brot af þeim tekjum sem búast má við að skili sér í beinum og óbeinum sköttum í ríkissjóð takist að vinna olíu hér við land.

Að mati sérfræðinga geta leit og rannsóknir tekið 9–12 ár. Áætlað er að kostnaður vinnsluaðila við leitina nemi tugum milljarða króna hvort sem kolvetnisauðlindir finnast eður ei. Áhrifin á umsvif í hagkerfinu verða þó óveruleg ef leit gengur illa. Finnist ekkert kolvetni á Drekasvæðinu verða áhrif á þjóðartekjur nærri núlli.

Í stuttu máli má segja að möguleikarnir í efnahagslegu tilliti séu eftirfarandi:

1. Leit skilar engu. Óveruleg áhrif á ríkissjóð og íslenskt efnahagslíf almennt.
2. Vinnsluhæfar kolvetnislindir finnast í hóflegu magni 9–13 árum eftir að leit hefst, þ.e. 2019–2023. Skatttekjur skila sér ekki í verulegum mæli fyrr en að einhverjum tíma liðnum. Innheimta vinnslugjalds hefst þó um leið og vinnsla hefst. Vinnslu gæti lokið á 10 árum. Tekjur ríkissjóðs gætu numið einhverjum tugum milljarða króna umfram kostnað og áhrif þess á íslenskt efnahagslíf yrðu tiltölulega hófleg.
3. Vinnsluhæfar kolvetnislindir finnast í miklu magni. Vinnsla hefst 2019–2023, eins og áður, en efnahagsleg áhrif, jafnt á ríkissjóð sem þjóðarbúið í heild, yrðu hlutfallslega miklu meiri. Finnist einnig gas gæti það lengt heildarvinnslutímann með tilheyrandi margfeldisáhrifum á íslenskan efnahag. Við slíkar aðstæður mundu tekjur ríkissjóðs margfaldast frá því sem nú er.

Engin leið er að segja til um það með einhverri vissu hve mikil umsvif möguleg kolvetnisvinnsla á Drekasvæðinu muni skapa í íslensku efnahagslífi, ef frá eru taldar áætlaðar skatttekjur. Ef vel gengur má ætla að þau nemi að lágmarki einhverjum hundruðum milljóna króna árlega í formi keyptrar þjónustu eða afleiddrar starfsemi. Á móti kemur kostnaður í tengslum við eftirlit, þjónustu og öryggisviðbúnað sem íslensk stjórnvöld munu væntanlega þurfa að taka á sig, nema lögð verði á umrædda vinnslu gjöld í takt við veitta þjónustu. Ýmis rök hníga í átt að því að reynt verði að ljúka vinnslu á sem stystum tíma þegar um er að ræða svæði þar sem sjávardýpi er jafn mikið og á Drekasvæðinu. Það er því mögulegt að finnist vinnsluhæfar olíulindir, en í litlum mæli, þá ljúki vinnslu á örfáum árum.

Tillögur frumvarpsins að skattlagningu kolvetnisvinnslu.

Eins og áður sagði taka tillögur frumvarpsins mið af stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um skattlagningu kolvetnisframleiðslu. Lagt er til að af slíkri starfsemi verði greitt annaðhvort vinnslugjald eða kolvetnisskattur auk almenns tekjuskatts af hagnaði starfseminnar óháð frumvarpi þessu og án nokkurra sérreglna líkt og gildir um önnur fyrirtæki.

Vinnslugjaldið er stighækkandi gjald sem tekur mið af verðmæti þess magns af kolvetni sem nýtt er úr auðlindinni óháð kostnaði vinnsluaðila. Ekkert vinnslugjald er greitt af fyrstu 10 milljón tunnunum á hverju ári en gjaldhlutfallið hækkar með aukinni vinnslu. Gjaldhlut-

fallið er ákvarðað með eftirfarandi hætti: Unnið magn í milljónum tunna að frádregnum 10 milljónum tunna. Í þá fjárhæð er deilt með milljón og sú útkoma er margfölduð með stuðlinum 0,5. Fjárhæð vinnslugjaldsins er margfeldi gjaldhlutfallsins og verðmætis unnins magns. Í eftirfarandi töflu eru tekin dæmi af útreikningi vinnslugjalds við mismunandi magn vinnslu og miðað við viðmiðunarverðið 10.000 krónur á hverja tunnu.

Unnið magn af kolvetni (millj. tunna)	20	40	50	60	80	100	125
Gjaldhlutfall	5%	15%	20%	25%	35%	45%	58%
Gjaldstofn vinnslugjalds í milljörðum króna miðað við viðmiðunarverð 10.000 kr. á tunnu	200	400	500	600	800	1.000	1.250
Vinnslugjald (milljarðar kr.)	10	60	100	150	280	450	719


Þegar árleg kolvetnisvinnsla leyfishafa er farin að skila hagnaði umfram 20% af skattskyldum rekstrartekjum fer hann að greiða kolvetnisskatt í stað vinnslugjalds.


Kolvetnisskattur er greiddur af hagnaði og er stighækkandi eftir því sem hagnaður eykst. Gjaldhlutfall hans reiknast þannig að frá hagnaðarhlutfalli eru dregin 10 prósentustig og sá munur margfaldaður með stuðlinum 0,55. Í eftirfarandi töflu eru tekin dæmi af útreikningi kolvetnisskatts hjá aðila með 500 milljarða króna í rekstrartekjur á ári.

Rekstrartekjur (milljarðar kr.)	500	500	500	500	500	500	500
Rekstrargjöld (milljarðar kr.)	400	350	300	250	200	100	50
Hagnaðarhlutfall	20%	30%	40%	50%	60%	80%	90%
Gjaldhlutfall	5,5%	11,0%	16,5%	22,0%	27,5%	38,5%	44,0%
Kolvetnisskattur (milljarðar kr.)	5,5	16,5	33	55	82,5	154	198

Tekju- og skattaflæði í sviðsmyndum ásamt samanburði við Noreg.

Til að gefa hugmynd um tekju- og skattaflæði hefur eftirfarandi sviðsmyndum verið stillt upp sem sýna tekjur og skatta, í samræmi við tillögur frumvarpsins, ásamt samanburði við norska skattlagningu sömu starfsemi. Sviðsmyndirnar eru byggðar á sviðsmyndum úr skýrslu iðnaðarráðuneytisins um olíuleit og vinnslu á Drekasvæðinu frá árinu 2006 og þess vegna eru þær merktar sem sviðsmyndir 3.





Fyrri sviðsmyndin er miðuð við 50 dollara á olíutunnu og síðari við 80 dollara á tunnu. Miðað er við 6,5 norskar krónur á dollar og 20 íslenskar krónur fyrir hverja norska.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla er að fjallað um gildissvið laganna, skilgreiningar á helstu hugtökum og hverjir teljast skattskyldir aðilar.

Um 1. gr.

Í þessu upphafsákvæði frumvarpsins er kveðið á um gildissvið laganna og er lagt til að það taki til skattlagningar á tekjum vegna leitar, rannsóknar og vinnslu kolvetnis og annarrar starfsemi. Þetta ákvæði laganna ber að túlka rúmt enda taka þau skv. 2. mgr. einnig til allra afleiddra tekna af vinnslu og annarrar meðhöndlunar kolvetnis á nánar tilgreindum svæðum óháð uppruna kolvetnisins þegar réttur til þess fellur til íslenska ríkisins á grundvelli samninga við annað ríki.

Um 2. gr.

Í greininni er að finna orðskýringar þar sem helstu hugtök sem fram koma í frumvarpinu eru skilgreind. Í lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, eru skýrð hugtök sem fram koma í þessu frumvarpi en ekki þykir ástæða til að skýra þau hugtök jafnframt í þessu frumvarpi.

Um 3. gr.

Í þessari grein er fjallað um skattskylda aðila, þ.e. þá aðila sem bera skyldu til að greiða skatt og gjöld samkvæmt lögum þessum. Skattskylda samkvæmt lögum þessum nær til þeirra aðila sem hafa fengið leyfi til leitar, rannsóknar og/eða vinnslu kolvetnis á þeim svæðum sem skilgreind eru í 1. gr. Skattskyldan nær einnig allra annarra aðila sem taka með beinum hætti þátt í öflun og dreifingu kolvetnisafurða. Sem dæmi má nefna að greinin tekur til þeirra aðila sem hafa með dælingu og flutning á kolvetni að gera en þeir eru ótvírætt skattskyldir aðilar samkvæmt frumvarpinu. Aðili sem fær leyfi til leitar og leigir eða selur leitarniðurstöðurnar sínar til rannsóknar- og vinnsluleyfishafa eða aflar sér slíkra leyfa sjálfur er skattskyldur samkvæmt greininni. Skattskyldan samkvæmt þessari grein tekur jafnframt til starfsmanna þeirra fyrirtækja sem starfa á grundvelli 1. gr. og bera þeir því skattskyldu af launum sínum hér á landi í samræmi við lög nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Um 4. gr.

Með greininni eru tekin af öll tvímæli um það að skattskyldum aðilum samkvæmt frumvarpi þessu ber að greiða alla skatta og önnur gjöld sem lögð eru á hér á landi óháð lögum þessum. Skattskylda aðila samkvæmt frumvarpinu hefur ekki áhrif á skattskyldu þeirra samkvæmt öðrum lögum og viðkomandi aðila ber til dæmis að greiða tekjuskatt samkvæmt lögum þar um án tillits til laga þessara. Skattar og gjöld sem lögð eru á samkvæmt frumvarpinu eru vinnslugjald og kolvetnisskattur. Þessir skattar eru annars vegar lagðir á unnið kolvetni og hins vegar hagnað af kolvetnisvinnslu. Sá sem nýtir auðlindina greiðir þannig eftir atvikum vinnslugjald eða kolvetnisskatt af slíkum tekjum og að auki önnur opinber gjöld, svo sem þau sem lögð eru á á grundvelli laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Þjónustuaðilar og launamenn sem skattskyldir verða vegna starfa sinna á landgrunninu samkvæmt lögum þessum og

bera hvorki vinnslugjald né kolvetnisskatt yrðu þannig skattlagðir á grundvelli laga nr. 90/2003.

Um II. kafla.

Í kaflanum er fjallað um vinnslugjald sem leggst á verðmæti unnins magns af kolvetni. Ólíkt kolvetnisskatti er vinnslugjald óháð kostnaðarliðum í rekstri gjaldskylds aðila og miðast fjárhæð gjaldsins við unnið magn og verðmæti þess kolvetnis sem nýtt er úr auðlindinni á hverju gjaldtímabili.

Um 5. gr.

Með greininni er lagt til að skattskyldur leyfishafi greiði vinnslugjald af því kolvetni sem hann vinnur á grundvelli hinnar leyfisskyldu starfsemi. Með vinnslu er átt við allt það kolvetni sem afhent er úr auðlindinni, þar á meðal til framhaldsvinnslu og eigin nota. Skattskyldan tekur því til alls þess kolvetnis sem varanlega er tekið úr auðlindinni.

Með 2. mgr. er áréttað að ekkert vinnslugjald er greitt af fyrstu 10 milljón tunnunum á hverju ári. Sama á við um ígildi tunna, t.d. ef um er að ræða gasvinnslu.

Um 6. gr.

Í greininni er fjallað um viðmiðunarverð kolvetnis þegar fjárhæð vinnslugjaldsins er reiknuð. Áþekk ákvæði tíðkast í þeirri löggjöf grannríkja sem höfð hefur verið til hliðsjónar. Mikilvægt er að til grundvallar útreikningi vinnslugjalds sé miðað við raunverulegt verðmæti kolvetnis, þ.e. það verð sem telja má að leyfishafi geti fengið fyrir það kolvetni sem hann nýtir úr auðlindinni. Líkur er taldar á því að leyfishafar selji unnið kolvetni til tengdra aðila og verð í viðskiptum tengdra aðila getur orkað tvímælis. Því er lagt til að við útreikning á vinnslugjaldi verði notað viðmiðunarverð sem ákvarðað er af þriggja manna nefnd sem fjármálaráðherra skipar til fimm ára í senn. Í upphafi hvers mánaðar birtir nefndin ákvarðað viðmiðunarverð fyrir næstliðinn mánuð. Verðið miðast við meðalverð á sams konar kolvetni og um ræðir eins og það var í viðskiptum óháðra aðila á frjálsum markaði næstliðinn mánuð. Nefndin skal við ákvörðun á viðmiðunarverði taka tillit til sölukostnaðar, afhendingarstaðar og eftir atvikum annars kostnaðar sem fallið hefur á afurðina eða á eftir að falla á hana. Þar sem kolvetni er nokkuð einsleit vara sem seld er á mörkuðum víða í Evrópu má ætla að kolvetnisverð á slíkum mörkuðum endurspegli raunverulegt verðmæti þess kolvetnis sem nýtt er úr auðlindum Íslands. Enn fremur skal nefndin birta stuðul fyrir ígildisafurðir jarðolíu. Með því er til dæmis átt við jarðgas og aðrar kolvetnistegundir sem nýttar eru úr auðlindinni.

Í 2. mgr. er lagt til að ákvarðanir viðmiðunarnefndar séu endanlegar á stjórnsýslustigi og sæti ekki stjórnsýslukæru. Ráðgert er að ráðherra setji nánari reglur um ákvörðun viðmiðunarverðs kolvetnis samkvæmt greininni.

Um 7. gr.

Í greininni er gert grein fyrir útreikningi á gjaldhlutfalli, gjaldstofni og fjárhæð vinnslugjalds. Það er stighækkandi miðað við unnið magn af kolvetni á ári umfram 10 milljónir tunna. Sé árleg vinnsla kolvetnis af viðkomandi svæði undir 10 milljónum tunna greiðist ekkert vinnslugjald af þeirri vinnslu. Prósentutala gjaldsins er reiknuð þannig að frá unnu magni í milljónum tunna eru dregnar 10 milljónir tunna og deilt í útkomuna með milljón. Sú niðurstaða er margfölduð með 0,5. Ef unnið heildarmagn væri 50 milljón tunnur reiknaðist

vinnslugjaldsprósentan þannig: (50.000.000 – 10.000.000) / 1.000.000 x 0,5 þannig að vinnslugjaldsprósentan yrði 20%.

Í eftirfarandi töflu má sjá fleiri dæmi um útreikning á gjaldhlutfalli vinnslugjaldsins:

Unnið magn (millj. tunna)	10	20	30	40	60	80	100	120	150	200
Gjaldhlutfall vinnslugjalds	0%	5%	10%	15%	25%	35%	45%	55%	70%	95%

Leiða má að því líkur að vinnslugjaldsprósentan verði ekki mjög há í raun því þegar vinnslan er orðin töluverð má gera ráð fyrir að kolvetnisskattur leggist á í stað vinnslugjalds.

Með 2. mgr. er áréttað að gjaldstofn vinnslugjalds miðast við verðmæti heildarvinnslu leyfishafa á hverju ári en verðmæti heildarvinnslu er margfeldi unnins magns og viðmiðunarverðs eins og það er ákvarðað á hverjum tíma, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

Til að taka af öll tvímæli um fjárhæð vinnslugjaldsins er í 3. mgr. tekið fram að það sé margfeldi gjaldhlutfalls skv. 1. mgr. og gjaldstofns skv. 2. mgr. Sem dæmi má nefna að ef unnið magn er 40 milljónir tunna er gjaldhlutfall vinnslugjaldsins 15%. Ef viðmiðunarverð umrædds kolvetnis væri 10.000 á tímabilinu væri gjaldstofn vinnslugjaldsins 400 milljarðar króna (40 millj. x 10.000). Fjárhæð vinnslugjaldsins miðað við framangreindar forsendur væri því 60 milljarðar króna.

Um 8. gr.

Í þessari grein er fjallað um skil á vinnslugjaldi. Miðað er við að hvert uppgjörstímabil sé almanaksmánuðurinn.

Með 2. mgr. er tekið fram að fyrir árslok skuli gjaldskyldur aðili senda ríkisskattstjóra áætlun um áformaða heildarvinnslu á kolvetni fyrir næsta ár. Þessi áætlun skal hljóta staðfestingu Orkustofnunar og endurskoðast ársfjórðungslega.

Í 3. mgr. kemur fram að áætlunin skuli vera ákvarðandi um það gjaldhlutfall vinnslugjalds sem skila á í staðgreiðslu. Endanlegt uppgjör vinnslugjaldsins miðast þó við unnið heildarmagn á árinu.

Samkvæmt 4. mgr. skulu gjaldskyldir aðilar eftir lok hvers uppgjörstímabils, þ.e. í hverjum mánuði, greiða ótilkvaddir til innheimtumanns ríkissjóðs það vinnslugjald sem þeim bera að standa skil á samkvæmt skilagrein sem ríkisskattstjóri ákveður.

Samkvæmt 5. mgr. fer að öðru leyti um staðgreiðslu vinnslugjalds eftir lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Hvað varðar viðurlög og málsmeðferð skulu gilda ákvæði VI. kafla laga nr. 45/1987 eftir því sem við á.

Samkvæmt 6. mgr. skal endanlegt uppgjör eða álagning vinnslugjalds fyrir næstliðið ár fara fram samhliða álagningu opinberra gjalda samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Um III. kafla.

Í kaflanum er fjallað um kolvetnisskatt sem kemur í stað vinnslugjalds þegar hagnaður nær 20% af skattskyldum rekstrartekjum á heilu skattári.

Um 9. gr.

Samkvæmt greininni skal skattskyldur aðili samkvæmt lögum þessum greiða sérstakan kolvetnisskatt í stað vinnslugjalds ef hagnaður hans nær 20% eða meira af skattskyldum rekstrartekjum hans á heilu skattári. Vinnslugjald skal eftir sem áður greitt í hverjum mánuði eins og fram hefur komið.

Um 10. gr.

Í greininni er fjallað um skattskyldar rekstrartekjur. Í greininni kemur fram að til skattstofns kolvetnisskatts teljist allar tekjur skv. B- og C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Sem dæmi um slíkar tekjur má nefna endurgjald fyrir selt kolvetni, þjónustu, ráðgjöf, umboðslaun, þóknanir, leigutekjur, arð, vexti, verðbætur, afföll, gengishagnað, hagnað af sölu eigna og aðrar tekjur sem eru ekki sérstaklega undanþegnar í lögum nr. 90/2003 eða sérlögum. Einnig kemur fram í greininni að ef mánaðarleg sala á kolvetni fer fram á lægra verði en viðmiðunarverði eins og það er ákvarðað af þar til bærri nefnd skv. 6. gr. skal hækka skattstofninn um fjárhæð sem nemur þeim mismun. Sem dæmi má nefna að hafi sala á kolvetni í júní farið fram á 70 bandaríkjadölum á hverja tunnu en viðmiðunarverð fyrir þann mánuð sbr. 6. gr. var 85 bandaríkjadalir á hverja tunnu skal hækka skattstofninn sem nemur þessum mismun eða um 21,43%. Gert er ráð fyrir að við mat á söluverði og viðmiðunarverði í þessu samhengi sé til þess horft að söluverðið sé samanburðarhæft við markaðsverðið þannig að tekið sé tillit til áfallins kostnaðar eða óáfallins kostnaðar við sölu eins og t.d. afsláttar, flutningsgjalda, sölu- og umboðslauna sbr. 6. gr. eftir því sem við á.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um frádrátt frá skattskyldum tekjum til kolvetnisskatts. Að meginstofni gilda sömu reglur og um almennan rekstrarkostnað í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, en þar er heimilaðan frádrátt að finna í 31. og 32. gr. laganna. Fyrri greinin fjallar almennt um rekstrarkostnað en hin síðari um gjaldfærslu stofnkostnaðar og undirbúningskostnaðar sem til fellur m.a. við starfsemi eins og þessa. Í stórum dráttum má segja að leyfishafar geti að eigin vali gjaldfært allan stofnkostnað og rekstrarkostnað jafnóðum og hann fellur til og myndað með því tap sem yfirfæranlegt er í 10 ár eða eignfært kostnaðinn og gjaldfært hann þegar tekjuöflunin hefst.

Aðilar sem koma að kolvetnisvinnslu eru venjulega fyrirtæki sem eru hluti af fjölþjóðlegum félagasamstæðum. Með því að selja afurðir til félaga innan samstæðunnar eða kaupa af þeim þjónustu er hægt að flytja til hagnað innan samstæðunnar og hafa þannig áhrif á hvar skattlagningin fer fram. Því þótti nauðsynlegt að setja ákveðin milliverðlagsákvæði inn í greinina til að tryggja sem best skattlagningu á raunhagnaði leyfishafans. Í greininni eru t.d. ákvæði um að ekki sé heimilt að gjaldfæra hærri vexti í starfsemi leyfishafans en sem nemur 5% af nettóskuldum. Þessu hlutfalli getur ráðherra þó breytt með hliðsjón af starfrækslu- og fjármögnunargjaldmiðli leyfishafans. Þá eru ákvæði sem takmarka leigugreiðslur fyrir mannvirki, búnað og vinnuafl nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í stað þess að endurgreiða hluta af kostnaði við lokun á vinnslusvæðum, eins og gert er í sumum öðrum löndum, er farin sú leið að heimila frestun á tekjufærslu á árinu fyrir lokun með það fyrir augum að þær tekjur nái að dekka þann kostnað sem til fellur við lokunina.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um gjaldstofn kolvetnisskatts en hann er skattskyldar tekjur skattskylds aðila skv. 10. gr. að frádregnum rekstrarkostnaði skv. 11. gr.

Þrátt fyrir að frádráttarheimildir í kolvetnisskatti séu í meginatriðum þær sömu og í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, þótti engu að síður ástæða til, m.a. með hliðsjón af reynslu annarra þjóða, að heimila ekki frádrátt á tilteknum rekstrarkostnaði. Í 2. mgr. eru talin upp í sjö stafliðum gjöld og kostnaður sem ekki verða dregin frá við ákvörðun á gjaldstofni kolvetnisskatts. Í fyrsta lagi má nefna vinnslugjaldið sem fellur niður sem skattur þegar kolvetnisskatt-

ur leggst á. Ekki þótti eðlilegt að það gjald hefði áhrif á hvenær skattheimtan færðist yfir í arðsemistengda skattlagningu. Tap af sölu eigna til tengdra aðila verður ekki frádráttarbært og eru þá milliverðlagningarsjónarmið höfð í huga. Gjafir og framlög hvers konar verða ekki heimiluð til frádráttar en reynsla annarra ríkja sýnir að óheppilegt geti verið að heimila slíkan frádrátt. Þá er ekki heimiluð aukaniðurfærsla á birgðum eða viðskiptakröfum í kolvetnisskattlagningu. Slík gjaldfærsla fer einungis fram ef birgðir þarf að afskrifa eða kröfur tapast endanlega. Þá verður ekki heimilað að færa til gjalda kostnað sem til hefur fallið í annarri starfsemi, kostnað sem til hefur fallið fyrir gildistöku laga þessara og tap verður ekki flutt á milli leyfishafa eða leyfissvæða, hvorki í formi sameiningar né samsköttunar.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um gjaldhlutfall og fjárhæð kolvetnisskatts. Gjaldhlutfall kolvetnisskattsins er stighækkandi og hækkar með auknum hagnaði, þ.e. árlegum heildarhagnaði gjaldskylds aðila. Gjaldhlutfall kolvetnisskattsins reiknast þannig að frá hagnaðarhlutfalli gjaldskylds aðila eru dregin 10 prósentustig og sú samtala er margfölduð með stuðlinum 0,55. Þannig má sem dæmi nefna að ef hagnaðarhlutfall gjaldskylds aðila er 50% þá verður kolvetnisskatturinn 22% sem reiknast þannig: (50–10) x 0,55.

Í eftirfarandi töflu má sjá hvernig kolvetnisskatturinn er reiknaður samkvæmt greininni:

Hagnaðarhlutfall	10	20	30	40	50	60	70	80	90
Gjaldhlutfall kolvetnisskatts	0	5,5	11	16,5	22	27,5	33	38,5	44

Með 2. mgr. er áréttað að fjárhæð kolvetnisskatts er margfeldi gjaldhlutfallsins sem greint var frá í 1. mgr. og gjaldstofns skv. 12. gr.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að álagning kolvetnisskatts skuli fara fram samhliða álagningu tekjuskatts skv. lögum nr. 90/2003 og gert er ráð fyrir að ríkisskattstjóri ákveði framtalsform sérstaklega fyrir aðila sem eru skattskyldir samkvæmt lögum þessum. Komi í ljós að kolvetnisskattur skv. III. kafla verði lagður á tekjur þess árs sem vinnslugjald hefur verið greitt af skal líta á greitt vinnslugjald fyrir viðkomandi skattár sem fyrirframgreiðslu upp í álagðan kolvetnisskatt.

Í 2. mgr. er kveðið á um að skattskyldur leyfishafi sem vinnur árlega meira en 50 milljón tunnur á ári geti sótt um til ríkisskattstjóra að vinnslugjald sem hann greiðir sem bráðabirgðagreiðslu upp í kolvetnisskatt miðist við vinnslu upp á 50 milljón tunnur. Hann þarf þó að sýna fram það með rökstuðningi að verulegar líkur séu til þess að skilyrði 1. mgr. séu uppfyllt.

Ekki er loku fyrir það skotið að aðrir aðilar en þeir sem greiða vinnslugjald sæti álagningu kolvetnisskatts enda séu ákvæði 9. gr. uppfyllt. Í 3. mgr. er því tekið fram að rekstraraðilar sem ekki hafa greitt vinnslugjald en sæta álagningu kolvetnisskatts skuli greiða fyrirframgreiðslu upp í væntanlega álagningu kolvetnisskatts með sama hætti og áskilið er um fyrirframgreiðslu tekjuskatts í lögum nr. 90/2003.

Um IV. kafla.

Í kaflanum er að finna almenn ákvæði um tekjur þeirra aðila sem eru skattskyldir samkvæmt lögum þessum.

Um 15. gr.

Kostnaði öðrum en fjármagnskostnaði, svo sem stjórnunarkostnaði, sem varðar heildartekjuöflun í rekstri félags, sem stundar starfsemi sem skattskyld er samkvæmt frumvarpi þessu og aðra starfsemi, skal skipt í réttu hlutfalli við tekjur.

Um 16. gr.

Söluhagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna skal reiknaður með sama hætti og af fyrnanlegum eignum, sbr. 13. gr. tekjuskattslaga. Við þann útreikning skal lagt til grundvallar stofnverð að teknu tilliti til lækkunar vegna reiknaðra fyrninga og niðurfærslu vegna söluhagnaðar annarra eigna.

Um V. kafla.

Í kaflanum er fjallað um ýmis ákvæði sem varða meðal annars bókhald, reikningsár og arðsúthlutanir.

Um 17. gr.

Gerð er krafa um aðgreiningu tekna og gjalda í kolvetnisvinnslu annars vegar og annarri starfsemi hins vegar, sé slíkri annarri starfsemi til að dreifa. Rekstrarkostnaður eða tap af annarri starfsemi verður ekki dreginn frá gjaldstofni kolvetnisskatts.

Um 18. gr.

Með greininni er lagt til að reikningsár lögaðila eða útibús sem skráð er hér á landi vegna starfsemi skv. 1. gr. frumvarpsins sé almanaksárið.

Um 19. gr.

Með greininni er lagt til að settar verði skorður við úthlutun arðs með þeim hætti að leyfishafa er óheimilt að úthluta tekjuafgangi ef það verður til þess að hlutfall eigin fjár verður lægra en 15% af skattalegu bókfærðu verði heildareigna.

Um VI. kafla.

Í kaflanum er fjallað um framtöl, skýrslugjafir, álagningu, kærur, innheimtu o.fl.

Um 20. gr.

Lagt er til að ákvæði laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, gildi um framtöl, skýrslugjafir, álagningu, eftirlit, kærur og innheimtu skatta og gjalda samkvæmt frumvarpinu svo fremi sem ekki er greint með öðrum hætti frá í frumvarpinu. Sérstaklega er tekið fram að um viðurlög vegna brota gegn frumvarpinu gildi ákvæði XII. kafla laga nr. 90/2003.

Um 21. gr.

Greinin fjallar um álagningu, innheimtu og ábyrgð á skattgreiðslum. Gert er ráð fyrir að skattstjórinn í Reykjavík annist álagningu skatta samkvæmt lögunum og annarra opinberra gjalda sem lögð eru á viðkomandi aðila nema um sé að ræða einstaklinga sem heimilisfastir eru í öðrum skattumdæmum.

Með 2. mgr. er áréttað að allir aðilar sem skattskyldir eru samkvæmt lögunum skulu halda eftir afdráttarskatti ef viðtakandi greiðslunnar er ekki skattskyldur skv. 2. gr. laga nr.

90/2003, um tekjuskatt. Afdráttarskyldan tekur þannig til allra launamanna og annarra aðila sem selja þjónustu til skattskyldra rekstraraðila skv. 3. gr. frumvarpsins.

Um 22. gr.

Með greininni er lagt til að fjármálaráðherra hafi víðtæka heimild til að setja reglugerð um framkvæmd frumvarpsins.

Í 2. mgr. er lagt til að ráðherra geti með reglugerð kveðið á um að framtalsskyldir aðilar samkvæmt frumvarpinu haldi sérstakt birgðabókhald og sett nánari reglur um form reikningsskila og geymslu bókhalds og annarra gagna er varða skattframtöl.

Um 23. gr.

Með greininni er lagt til að lögin taki gildi 1. janúar 2009.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um skattlagningu kolvetnisvinnslu.

Með frumvarpi þessu er lögð til sérstök skattlagning á kolvetnisframleiðslu. Þeir aðilar sem stunda kolvetnisvinnslu eða taka með beinum hætti þátt í öflun og dreifingu kolvetnis verða skattlagðir sérstaklega annaðhvort í formi vinnslugjalds eða kolvetnisskatts. Frumvarpið miðast við að aðilar sem eru skattskyldir samkvæmt þessu frumvarpi greiði eftir sem áður skatta og önnur gjöld hér á landi óháð lögum þessum.

Fyrirhugað er að fyrstu leyfin til rannsókna kolvetnis verði boðin út 15. janúar 2009 og mikilvægt er að form skattlagningar kolvetnisvinnslu liggi fyrir áður en framangreind leyfi verða boðin út. Bjóðendur munu þannig geta gert sér grein fyrir fyrirhugaðri skattlagningu finnist kolvetni í vinnanlegu magni. Frumvarpið gerir ráð fyrir að finnist kolvetni muni viðmiðunarverð verða ákveðið mánaðarlega af þriggja manna nefnd sem fjármálaráðherra skipar og mun nefndin vera sjálfstæð í störfum sínum og úrskurðir hennar sæta ekki stjórnsýslukæru. Á þessu stigi er óvíst hvort komi til skipunar í nefndina og þá hvenær.

Ef hafin verður vinnsla kolvetnis má reikna með að það leiði til einhvers eftirlitskostnaðar hjá skattayfirvöldum. Sá kostnaður eykst með auknum umsvifum kolvetnisvinnslu en reikna má með að tekjur ríkisins verði verulega hærri af þeirri starfsemi en kostnaður við skattaeftirlit og umsýslu. Það mun taka nokkur ár að komast að því hvort kolvetni í nýtanlegu magni er að finna í lögsögu landsins og er ekki gert ráð fyrir því að meðan á tilraunaborunum stendur hafi það í för með sér kostnað fyir ríkissjóð.

282. Frumvarp til laga [209. mál]

um breyting á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Í stað orðanna „11. gr.“ í 1. málsl. 5. gr. laganna kemur: 10. gr.

2. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Álagning Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á áfengi með 22% eða lægra hlutfall af vínanda að rúmmáli skal vera 18% en álagning áfengis með meira en 22% hlutfall af vínanda að rúmmáli skal vera 12%. Við ákvörðun á áfengisinnihaldi vísast til laga um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, með síðari breytingum.

Álagning Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á tóbak skal vera 18%.

Álagning Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins skal lögð á innkaupsverð vöru.

3. gr.

Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er heimilt að innheimta gjald af birgjum vegna kostnaðar sem leiðir af töku nýrrar vöru til sölu. Skal gjaldið eingöngu standa straum af þeim kostnaði sem til fellur vegna skráningar, könnunar og annarra nauðsynlegra ráðstafana af hálfu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins við að taka nýja vöru til sölu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um verslun með áfengi og tóbak sem snúa að álagningu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á áfengi og tóbak. Breytingarnar taka mið af áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 5035/2007, frá 17. nóvember 2008, sem fjallar um heimild ÁTVR til að láta álagningu skila arði í ríkissjóð sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 883/2005, um áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, sem er svohljóðandi:

„Verð á áfengi frá vínbúð skal ákveðið þannig að við afhendingarverð frá birgjum skal bætt álagningu, sem ákveðin er með tilliti til kostnaðar við smásöludreifingu og þess að hún skili arði sem telst hæfilegur m.a. með tilliti til þeirra eigna sem bundnar eru í rekstri ÁTVR. Álagningarhlutfallið skal vera hið sama innan hvers álagningarflokks, sbr. 21. gr.“

Niðurstaða umboðsmanns er sú að núgildandi lagaumhverfi heimili ekki að álagning ÁTVR sé ákveðin með þeim hætti sem nú er gert. Í kjölfarið hefur umboðsmaður beint þeim tilmælum til fjármálaráðherra að hugað verði að því að endurskoða framangreint reglugerðarákvæði um álagningu ÁTVR og að kanna hvort nauðsynlegt sé að leggja til á vettvangi Alþingis að núgildandi ákvæðum laga um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, verði breytt í kjölfar álitsins.

Með frumvarpi því sem hér er lagt fram er styrkari stoðum skotið undir núverandi framkvæmd álagningar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á áfengi og tóbak að því undanskyldu að lagt er til að sama álagning verði á áfengi í reynslusölu og annað áfengi.

Að auki er með frumvarpinu lagt til að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins geti innheimt sérstakt þjónustugjald vegna þess kostnaðar sem leiðir af töku nýrrar vöru til sölu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að lagfærð verði tilvísun í áfengislög, nr. 75/1998, sem ekki er rétt í núgildandi lögum.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að álagning Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins miðist einungis við hlutfall af vínanda í rúmmáli óháð tegund áfengis. Álagning áfengis með 22% eða lægra hlutfall af vínanda skal vera 18% en 12% á annað áfengi. Í greininni er enn fremur tekið fram að við ákvörðun á áfengisinnihaldi skuli gilda ákvæði laga um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, með síðari breytingum. Þar segir m.a. að áfengismagn og áfengisinnihald skuli ákveðið við 20°C.

Með 2. mgr. er lagt til að álagning á tóbak verði lögbundið 18% en það er sú álagning sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur lagt á allt tóbak um allangt skeið. Álagningin leggst á innkaupsverð tóbaks.

Með innkaupsverði er átt við að varan sé komin í vöruhús ÁTVR með öllum kostnaði sem þá er fallinn á hana, þ.e. verð frá framleiðenda, flutningur, innflutningsgjöld og álag heildsala.

Um 3. gr.

Þegar nýjar vörur er teknar til sölu hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins fellur ævinlega til nokkur kostnaður vegna skráningar, könnunar og annarra nauðsynlegra ráðstafana. Ekki þykir rétt að stofnunin beri í öllum tilvikum þann kostnað og því er lagt til að Áfengis- og tóbaksverslunin geti innheimt gjald vegna þess kostnaðar sem leiðir af töku nýrrar vöru til sölu. Gjaldið skal þó ekki vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem leiðir af töku nýrrar vöru til sölu.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki útskýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um verslun með áfengi og tóbak sem snúa að álagningu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á áfengi og tóbak. Breytingarnar taka mið af áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 5035/2007, frá 17. nóvember 2008, sem fjallar um fyrirkomulag álagningar ÁTVR á áfengi og tóbak. Með frumvarpinu er styrkari stoðum skotið undir núverandi framkvæmd álagningar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á áfengi og tóbak. Að auki er með frumvarpinu lagt til að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins geti innheimt sérstakt þjónustugjald vegna þess kostnaðar sem leiðir af töku nýrrar vöru til sölu.

Starfsemi ÁTVR telst til B-hluta ríkissjóðs og verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér kostnað fyrir A-hluta ríkissjóðs.

283. Frumvarp til laga [210. mál]

um breytingu á lögum nr. 47/2006, um kjararáð.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 8. og 10. gr. skal kjararáð fyrir árslok 2008 kveða upp nýjan úrskurð er feli í sér 5–15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gildi frá 1. janúar 2009. Til ársloka 2009 skal ráðinu óheimilt að endurskoða úrskurð þennan til hækkunar. Jafnframt skal kjararáð svo fljótt sem auðið er endurskoða kjör annarra er undir það heyra, til samræmis, að teknu tilliti stjórnskipulegrar sérstöðu dómara. Ákvæði þetta gildir ekki um forseta Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 21. nóvember sl. ritaði forsætisráðherra kjararáði bréf þar sem mælst var til þess að laun þeirra sem undir ráðið heyra yrðu lækkuð tímabundið út árið 2009 um 5–15%. Var vísað til þess að hin alþjóðlega fjármálakreppa og hrun íslensku bankanna hefði haft víðtæk áhrif hér á landi. Í ljósi almennrar þróunar á vinnumarkaði og fjárhagsvanda ríkissjóðs vildi ríkisstjórnin sýna gott fordæmi og vilja þeirra sem nytu hæstra launa úr ríkissjóði til að taka á sig hluta byrðanna. Kjararáð hafnaði þessum tilmælum með bréfi dags. 1. desember sl. Í ljósi þess að skammt væri liðið frá því að efnahagsáföllin dundu yfir, kjarasamningar hefðu ekki

verið endurskoðaðir og traust gögn um launaþróun undanfarinna tveggja mánaða lægju ekki fyrir, teldi kjararáð ekki lagaskilyrði til að fella nýjan almennan úrskurð um laun og starfskjör þeirra, sem úrskurðarvald ráðsins tæki til.

Þegar svar kjararáðs lá fyrir boðuðu ráðherrar ríkisstjórnarinnar að kannaðar yrðu aðrar leiðir til að ná fram tímabundinni launalækkun þeirra sem heyra undir ráðið. Að mati ríkisstjórnarinnar er rétt og skylt við þær aðstæður sem nú eru uppi að hálaunahópar hjá ríkinu taki á sig launalækkun líkt og sambærilegir hópar hjá einkafyrirtækjum hafa verið að gera. Er frumvarpi þessu ætlað að ná þessu markmiði fram. Er þess jafnframt gætt að virða sem mest sjálfstæði kjararáðs og raska ekki til frambúðar hlutverki þess.

Meginmarkmið frumvarpsins er að draga úr útgjöldum ríkissjóðs á árinu 2009 til þess að mæta stórfelldum tekjusamdrætti vegna efnahagskreppunnar. Að sama skapi er nauðsynlegt að þjóðkjörnir fulltrúar sýni samstöðu með öðrum launþegum sem hafa þurft og munu þurfa að taka á sig launalækkanir. Líkt og gerst hefur á einkamarkaði er með frumvarpinu gert ráð fyrir að þeir sem hæstu launin hafa taki á sig hlutfallslega mesta skerðingu.

Frumvarpið mælir í fyrsta lagi fyrir um að kjararáð skuli taka nýja ákvörðun fyrir árslok er feli í sér 5–15% launalækkun alþingismanna og ráðherra. Óheimilt verði að endurskoða þann úrskurð til hækkunar út árið 2009. Ráðstöfun þessari er því ætlað að gilda tímabundið og að því búnu geti kjararáð að nýju fellt úrskurð um þann hóp sem frumvarpið nær til að teknu tilliti til kjara hjá viðmiðunarhópum eins og þau verða á þeim tíma. Hugsunin á bak við frumvarpstextann er sú að þeir, sem hæstu launin hafa, lækki hlutfallslega mest að jafnaði. Kjararáði er hins vegar eftirlátið svigrúm til að útfæra nákvæmlega í ákvörðun hvernig því markmiði verði náð. Mælt er fyrir um að kveða skuli upp úrskurðinn fyrir árslok 2008 og er gert ráð fyrir að hann taki gildi frá ársbyrjun 2009. Ekki megi endurskoða þennan úrskurð til hækkunar út árið 2009, en eins og orðalagið ber með sér yrði þá heimilt að endurskoða hann til lækkunar, til dæmis ef í ljós kæmi að viðmiðunarhópar lækkuðu enn meira en sem nemur úrskurði ráðsins.

Í öðru lagi mælir frumvarpið fyrir um að kjararáð skuli svo fljótt sem auðið er kveða upp nýjan úrskurð um aðra sem undir ráðið heyra til samræmis við þá launalækkun sem ákvörðuð hafi verið til handa alþingismönnum og ráðherrum. Kjararáði er eftirlátið svigrúm til að útfæra þá ákvörðun en tilgangurinn að baki lagabreytingunni er sá að lækkun verði að jafnaði hlutfallslega mest hjá þeim sem hæstu launin hafa. Við mat á þessu má gera ráð fyrir að kjararáð líti bæði til ákvörðunar varðandi alþingismenn og ráðherra og launaþróunar hjá viðmiðunarhópum að því marki sem hún liggur fyrir í samræmi við ákvæði laga nr. 47/2006. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að kjararáð taki við ákvörðun sína tillit til stjórnskipulegrar sérstöðu dómara. Rétt er að taka fram að grunnreglur um sjálfstæði dómsvaldsins, sbr. 2. og 70. gr. stjórnarskrárinnar, koma ekki í veg fyrir að kjararáð geti á grundvelli lagabreytingarinnar kveðið á um launalækkun dómara, enda sé hún í samræmi við það sem aðrir þeir er heyra undir úrskurðarvald ráðsins þurfa að sæta. Í þessu sambandi hefur verið horft til forsendna í óáfrýjuðum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 19. desember 2006 í máli nr. E-1939/2006, en aðstæður hér eru verulega ólíkar þeim sem voru uppi í því máli. Í fyrsta lagi er með frumvarpi þessu mælt fyrir um að kjararáð taki sjálft nýja almenna ákvörðun framvirkt um hlutfallslega launalækkun til þeirra sem heyra undir úrskurðarvald ráðsins til samræmis við það sem alþingismenn og ráðherrar þurfa að sæta. Hér er því ekki verið að fella úr gildi fyrirliggjandi úrskurð ráðsins heldur til framtíðar verið að kveða með almennum hætti á um nýjar launaforsendur. Í öðru lagi er ljóst af forsendum úr framangreindum dómi Héraðsdóms að þar var beinlínis gert ráð fyrir því að Alþingi gæti í undantekningartilvikum

kveðið á um lækkun á launakjörum dómara samhliða kjörum annarra æðstu embættismanna ríkisins. Samkvæmt þessu er ekki óheimilt að fella hæstaréttar- og héraðsdómara undir þá sem þurfa að sæta hlutfallslegri launalækkun samkvæmt nýjum úrskurði á almennum, efnislegum forsendum. Enda er ljóst og hafið yfir allan vafa að baki frumvarpi þessu standa „haldgóð og áþreifanleg rök byggð á traustum grundvelli“, eins og það er orðað í áðurnefndum héraðsdómi, um alvarlega stöðu efnahagsmála, fyrirsjáanlega skerðingu ríkistekna og framtíðaráætlanir í þjóðarbúskapnum.

Í þriðja lagi er kveðið á um það í lokamálslið bráðabirgðaákvæðisins að það taki ekki til forseta Íslands. Helgast það af ákvæði 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að óheimilt skuli að lækka greiðslur af ríkisfé til forseta kjörtímabil hans.

Fylgiskjal I.

Bréf forsætisráðherra til kjararáðs.
(21. nóvember 2008.)

Með vísan til 1. mgr. 10. gr. l. nr. 47/2006 um kjararáð og 5. gr. starfsreglna kjararáðs er þess farið á leit að erindi þetta sem skrifað er fyrir hönd ríkisstjórnarinnar verði tekið til meðferðar.

Hin alþjóðlega fjármálakreppa og hrun stóru íslensku bankanna hefur haft víðtæk áhrif hér á landi. Ljóst er að atvinnuleysi mun aukast, lífskjör skerðast tímabundið og samdráttur verður í landsframleiðslu á næsta ári. Tekjur ríkissjóðs munu dragast saman og því er nauðsynlegt að leita allra leiða til að draga úr útgjöldum, þ.m.t. launakostnaði. Gert er ráð fyrir að á árinu 2010 fari síðan aftur að rofa til. Við þessar aðstæður vill ríkisstjórnin ganga á undan með góðu fordæmi og sýna vilja ráðherra og annarra hátt launaðra ríkisstarfsmanna til að axla hluta af byrðunum. Er þess því farið á leit við kjararáð að það endurskoði tímabundið launakjör þeirra sem undir ráðið heyra og að sú breyting sem ráðið ákveði gildi út árið 2009.

Ríkisstjórnin telur að tímabundin endurskoðun af þessu tagi rúmist innan heimilda kjarráðs skv. lögum nr. 47/2006. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laganna skal kjararáð taka mál til meðferðar "... ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar". Þá segir í 1. mgr. 8. gr. laganna að kjararáð skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeirra sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Í 2. mgr. 8. gr. segir að kjararáð skuli ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Mörg fyrirtæki hafa að undanförnu reynt að draga úr kostnaði með því að lækka laun hæstlaunuðustu starfsmanna eða lækka starfshlutföll. Þá hafa hátt settir stjórnendur í sumum tilfellum verið færðir niður í stöður sérfræðinga, sem þýðir launalækkun þótt hún komi ekki fram í launavísutölu Hagstofunnar.

Hvað almenna þróun kjaramála á vinnumarkaði varðar er ljóst að framundan er ekkert svigrúm til launahækkana. Líkur eru á að atvinnuleysi mun aukast þannig að almennt munu ráðstöfunartekjur dragast saman og lífskjör versna. Við þessar aðstæður er ekki nema sanngjarnt að þeir sem njóta starfsöryggis og/eða hæstu launa hjá ríkinu taki á sig launaskerðingu. Með því verður ennfremur stuðlað að aukinni samheldni hjá þjóðinni við þessar erfiðu aðstæður. Líkt og hjá mörgum einkafyrirtækjum er rétt og eðlilegt að skerðing af þessu tagi verði fyrst og fremst hjá þeim sem hæst launin hafa.

Það eru því tilmæli ríkisstjórnarinnar að kjararáð ákveði tímabundið, þ.e. út árið 2009, launalækkanir á bilinu 5-15% hjá þeim sem undir ráðið heyra, þannig að þeir sem eru með hæstu launin taki hlutfallslega á sig mesta skerðingu. Vegna niðurlags ákvæðis 1. mgr. 8. gr. laga nr. 47/2006, er rétt að taka fram að ríkisstjórnin áformar að hefja viðræður við hálaunahópa hjá ríkinu um svipaðar tímabundnar lækkanir.

Fylgiskjal II.

Bréf kjararáðs til forsætisráðherra.
(1. desember 2008.)

Kjararáði hefur borist bréf forsætisráðherra dagsett 21. nóvember 2008.

Í bréfinu er þess óskað, með vísun til 1. mgr. 10. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð og 5. gr. starfsreglna kjararáðs, að erindið, sem skrifað er fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, verði tekið til meðferðar. Í bréfinu er bent á, að hin alþjóðlega fjármálakreppa og hrun íslensku bankanna hafi haft víðtæk áhrif hér á landi. Eru síðan raktar afleiðingarnar, eins og þær horfa við ríkisstjórninni. Segir í bréfinu, að við þessar aðstæður vilji ríkisstjórnin ganga á undan með góðu fordæmi og sýna vilja ráðherra og annarra hátt launaðra ríkisstarfsmanna til að axla hluta af byrðunum. Tilmæli ríkisstjórnarinnar til kjararáðs séu því þau, að kjararáð ákveði tímabundið, þ.e.a.s. út árið 2009, launalækkanir á bilinu 5–15% hjá þeim, sem undir ráðið heyra. Tekið er fram, að ríkisstjórnin áformi að hefja viðræður við hálaunahópa hjá ríkinu um svipaðar tímabundnar lækkanir.

Kjararáði er ljóst, að hrun íslensku bankanna og hin alþjóðlega fjármálakreppa hafa haft og munu hafa mjög alvarlegar fjárhagslegar afleiðingar fyrir allan almenning og ríkissjóð. Líklegt er, að áhrifin á launaþróun verði veruleg. Nú þegar liggur fyrir, að raungildi launa hefur lækkað og mun lækka enn meira á næstunni.

Kjararáð er sjálfstæð stjórnsýslunefnd, sem í störfum sínum er bundin af lögum um kjararáð nr. 47/2006 og stjórnsýslulögum nr. 37/1993. Verkefni kjararáðs er að ákveða laun og starfskjör þeirra sem tilgreindir eru í 1. gr. laga um kjararáð, með þeirri undantekningu sem felst í lögum nr. 88/1995 um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað. Ber ráðinu við launaákvarðanir að gæta þess samræmis sem tilgreint er í 8. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. skal ráðið taka mál til meðferðar þegar því þykir þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum, sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögunum eða á störfum þeirra, sem úrskurðarvald ráðsins tekur til. Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. er ráðinu skylt að meta, eigi sjaldnar en árlega, hvort tilefni sé til breytinga á starfskjörum sem ráðið ákveður. Í 5. gr. starfsreglna kjararáðs segir meðal annars, að ráðið taki mál til meðferðar ef erindi berst frá einstökum ríkisstarfsmönnum eða hópum, frá einstökum ráðuneytum, eða ef kjararáð hefur frumkvæði að því að endurskoða mál einstaklinga eða hópa.

Áður en bréf forsætisráðherra barst, hafði kjararáð þegar hafið athugun á því hvort rétt væri að beita ákvæði 1. mgr. 10. gr. laga um kjararáð og hvort efni væru til breytinga á þeim launum og starfskjörum sem kjararáð ákveður, að teknu tilliti til þeirra réttarheimilda sem kunna að setja skorður við slíkum breytingum, þar á meðal ákvæða 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrár um greiðslur til forseta Íslands.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að við úrlausn mála skuli kjararáð gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim, sem það ákveði og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim, sem sambærilegir geti talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. skuli kjararáð sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu, sem greidd séu á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Kjararáð skuli ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Af lagaákvæðum um kjararáð sem vísað er til að ofan og lögskýringargögnum verður ráðið, að kjararáði er ekki ætlað að vera stefnumótandi um kjaraþróun í landinu.

Eins og að framan greinir er kjararáð bundið af ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um meðferð mála og ber því meðal annars að tryggja, að mál séu nægilega upplýst áður en ákvörðun er tekin eða úrskurður felldur, sbr. og 6. gr. laga um kjararáð. Í samræmi við þetta hefur kjararáð kappkostað að afla eins áreiðanlegra upplýsinga og kostur er um launaþróun í þjóðfélaginu áður en úrskurðir eru felldir um almennar launabreytingar, auk samanburðar við laun sem greidd eru fyrir önnur störf, þegar um laun fyrir einstök störf er fjallað.

Í ljósi þess að skammt er liðið frá því að efnahagsáföllin dundu yfir, kjarasamningar hafa ekki verið endurskoðaðir og traust gögn um launaþróun síðustu tveggja mánaða liggja ekki enn fyrir, telur kjararáð ekki lagaskilyrði til að fella nýjan almennan úrskurð um laun og starfskjör þeirra, sem úrskurðarvald ráðsins tekur til. Kjararáð mun eins og endranær fylgjast með þróun kjaramála og taka málið upp þegar upplýsingar liggja fyrir, sem gera það skylt.

Svarbréf þetta var samþykkt á fundi kjararáðs þann 1. desember 2008.

Virðingarfyllst,
f.h. kjararáðs,

Guðrún Zoëga,
formaður.

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47/2006, um kjararáð.

Með frumvarpinu er lagt til við kjararáð að kveða upp nýjan úrskurð um 5–15% lækkun launakjara alþingismanna og ráðherra fyrir árslok 2008 og að úrskurðurinn taki gildi frá 1. janúar 2009. Óheimilt verður að endurskoða úrskurðinn til hækkunar á árinu 2009. Frumvarpið mælir einnig fyrir um að kjararáð endurskoði launakjör annarra, er undir ráðið heyra, eins fljótt og auðið er, til samræmis. Taka skal tillit til stjórnskipulegrar sérstöðu dómara og skal úrskurðurinn ekki taka til forseta Íslands. Frumvarpið gerir ráð fyrir að við þá ákvörðun hafi kjararáð svigrúm til að útfæra launalækkunina og að þar verði einnig litið til launaþróunar hjá viðmiðunarhópum. Undir kjararáð heyra m.a. æðstu embættismenn Alþingis og stofnana þess, forstöðumenn ríkisstofnana, ráðuneytisstjórar, skrifstofustjórar í Stjórnarráðinu og prestar og biskupar þjóðkirkjunnar, sem eru fjölmennasti hópurinn.

Þegar tekið er tillit til þess að spáð er 15% hækkun á almennu verðlagi milli áranna 2008 og 2009 er ljóst að skerðing á kaupmætti þessara hópa gæti orðið um 20–30% á næsta ári verði frumvarpið að lögum.

Meginmarkmiðið með frumvarpinu er að draga úr útgjöldum ríkissjóðs á árinu 2009 til þess að mæta miklum samdrætti í tekjum sem fyrirsjánlegur er vegna efnahagskreppunnar. Verði frumvarpið að lögum og laun alþingismanna og ráðherra lækkuð um 5% má gera ráð fyrir að árleg lækkun á launakostnaði ríkissjóðs verði rúmar 35 m.kr. en 68 m.kr. verði laun lækkuð um 10% og 102 m.kr. við 15% launalækkun. Meiri óvissa er um útfærslu á launalækkun fyrir aðra sem undir kjararáð heyra og er því erfiðara að segja fyrir um áhrif af þeim

úrskurði á launakostnað ríkisins. Sem dæmi má taka að ef sú lækkun nemur að meðaltali 5% þá gæti launakostnaður lækkað um u.þ.b. 300 m.kr. á ári til viðbótar.

284. Frumvarp til laga [211. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Við 4. mgr. 24. gr. laganna bætist nýr málsliður, er verður 2. málsl., svohljóðandi: Sama gildir um fyrirtæki sem selja vöru og þjónustu sem fellur undir 2. mgr. 14. gr. en meiri hluti aðfanga þeirra vegna framleiðslu eða aðvinnslu ber virðisaukaskatt skv. 1. mgr. 14. gr.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði VII. kafla og 7. mgr. 20. gr. er á gjalddaga virðisaukaskatts vegna uppgjörstímabilsins september og október 2008, hinn 5. desember 2008, heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna uppgjörstímabilsins, þótt einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað, sbr. lög nr. 130/2008, um breyting á tollalögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á lögum um virðisaukaskatt.

Í fyrsta lagi er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði bætt við lögin sem kveður á um að þrátt fyrir ákvæði VII. kafla og 7. mgr. 20. gr. laganna er á gjalddaga virðisaukaskatts vegna uppgjörstímabilsins september og október 2008, þann 5. desember 2008, heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna uppgjörstímabilsins, þó svo einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað, sbr. lög nr. 130/2008, um breytingu á tollalögum. Með þessari tímabundnu breytingu er komið til móts við aðkallandi vanda fyrirtækja vegna gjalddaga virðisaukaskatts fyrir uppgjörstímabilið september og október, en sá gjalddagi er 5. desember 2008, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Með ákvæðinu er verið að bregðast við brýnni þörf á gjaldaaðlögun fyrirtækja vegna þess gengisfalls, samdráttar og verðbólgu sem ríkir í íslensku efnahagslífi um þessar mundir.

Með lögum nr. 130/2008, um breyting á tollalögum, sem samþykkt voru á Alþingi 17. nóvember 2008, og gengu í gildi sama dag, var aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum heimilt að óska eftir því að fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda vegna uppgjörstímabilsins september og október 2008 verði sem hér segir:

1. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á uppgjörstímabilinu skuli skila eigi síðar en 17. nóvember 2008.

2. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á uppgjörstímabilinu skuli skila eigi síðar en 15. desember 2008.
3. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á uppgjörstímabilinu skuli skila eigi síðar en 5. janúar 2009.

Með frumvarpi þessu er því brugðist við þeim vanda sem, að óbreyttum lögum, kemur upp í kjölfar laga nr. 130/2008 og er þess eðlis að aðila væri ekki heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu, sem skilað er ásamt virðisaukaskatti á gjalddaga 5. desember 2008, allan virðisaukaskatt vegna uppgjörstímabilsins heldur einungis þriðjung. Líta má því á frumvarp þetta sem beina afleiðingu af setningu laga nr. 130/2008 og vísast nánar í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga.

Í öðru lagi er með frumvarpinu lagt til að fyrirtæki geti fengið heimild til þess að nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil ef útskattur er að jafnaði lægri en innskattur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að fyrirtæki geti fengið heimild hjá skattstjóra til þess að nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil ef útskattur er að jafnaði lægri en innskattur. Fyrirtæki sem svo háttar til hjá hafa á tíðum mikla fjármuni bundna í virðisaukaskatti og hefur sú binding aukist eftir að hið lægra þrep virðisaukaskatts var lækkað úr 14% í 7%. Til að koma til móts við fyrirtæki sem kaupa vörur eða þjónustu með 24,5% virðisaukaskatti en selja afurðir sínar með 7% virðisaukaskatti er þessi breyting lögð til. Dæmi um fyrirtæki sem ákvæðinu er ætlað að ná til eru mjólkurframleiðendur en þeir kaupa ógerilsneydda mjólk í hærra þrepinu en selja afurðir sínar í hinu lægra.

Um 2. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er gjalddagi virðisaukaskatts vegna uppgjörstímabilsins september og október 5. desember. Að óbreyttum lögum er þeim aðilum sem notfært hafa sér frestsheimildir á grundvelli laga nr. 130/2008 einungis heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu þann hluta virðisaukaskatts vegna innflutnings sem greiddur hefur verið fyrir gjalddaga. Með frumvarpinu er verið að bregðast við þessari stöðu og tryggja að aðili sem stendur skil á virðisaukaskatti á gjalddaga 5. desember 2008 geti að fullu notið innskattsréttar vegna uppgjörstímabilsins, þrátt fyrir framangreindar breytingar á fyrirkomulagi gjalddaga á aðflutningsgjöldum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar á lögum um virðisaukaskatt. Í fyrsta lagi er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði bætt við lögin þess efnis að á gjalddaga virðisaukaskatts vegna uppgjörstímabilsins september til október 2008, þann 5. desember 2008, verði heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna uppgjörstímabilsins, þrátt fyrir að einungis þriðjungi af aðflutningsgjöldum, þ.m.t. virðisaukaskatti, hafi á þeim tíma verið skilað. Með lögum nr. 130/2008, um breytingu á tollalögum, sem samþykkt voru á Alþingi þann 17. nóvember 2008 og gengu í gildi sama dag, var aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum heimilt að óska eftir að fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda vegna uppgjörstímabilsins september til október 2008 yrði breytt. Með frumvarpi þessu er verið að bregðast við þeim vanda sem að óbreyttum lögum kemur upp í kjölfar þess að aðila væri ekki heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskattinn heldur einungis þriðjung. Í öðru lagi er lagt til að fyrirtæki geti fengið heimild til að nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil ef útskattur er að jafnaði lægri en innskattur.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér útgjaldaauka fyrir ríkissjóð.

285. Frumvarp til laga [212. mál]

um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laganna geta félög sótt um heimild ársreikningaskrár fyrir 15. desember 2008 til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli annars vegar vegna reikningsárs sem hefst 1. janúar 2008 eða síðar á því ári og hins vegar vegna reikningsársins sem hefst 1. janúar 2009.

Í samræmi við 8. gr. laganna veitir ársreikningaskrá heimild skv. 1. mgr. til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli á viðkomandi reikningsári, að uppfylltum skilyrðum laganna og reglugerðar nr. 101/2007, um veitingu heimildar til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í ljósi þess ástands sem nú ríkir í efnahagslífi landsins og þeirra breytinga sem átt hafa sér stað á gengi íslensku krónunnar á árinu 2008. Sú þróun kann í sumum tilfellum að vekja upp spurningar um hvaða starfrækslugjaldmiðill, í skilningi laga um ársreikninga, gefur í raun rétta mynd af afkomu og efnahag félaga á reikningsárinu 2008. Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum skulu stjórnendur þeirra fyrirtækja sem fara eftir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum leggja mat á, við gerð ársreiknings, hvaða starfrækslugjaldmiðill gefi sem gleggsta mynd af rekstri félagsins. Í tengslum við fall íslensku krónunnar á árinu 2008, gagnvart öðrum gjaldmiðlum, kann eigið fé félags í íslenskum krónum, við gerð ársreiknings í lok árs 2008, í sumum tilvikum ekki að gefa rétta mynd af raunverulegri stöðu viðkomandi félags, þ.e. í þeim tilvikum þegar íslenska krónan er ekki sá gjaldmiðill sem vegur hlutfallslega mest allra gjaldmiðla í viðskiptum viðkomandi félags á árinu.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga um ársreikninga skal umsókn um heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli berast ársreikningaskrá tveimur mánuðum fyrir upphaf viðkomandi reikningsárs. Verða skilyrði laganna fyrir veitingu slíkrar heimildar að vera uppfyllt þegar í upphafi reikningsársins.

Með frumvarpinu er lagt til nýtt ákvæði til bráðabirgða sem veitir ársreikningaskrá heimild til að taka til meðferðar umsóknir um heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli, annars vegar fyrir reikningsár sem hefst 1. janúar 2008 eða síðar á því ári og hins vegar fyrir reikningsárið sem hefst 1. janúar 2009, jafnvel þótt slík umsókn berist ekki ársreikningaskrá fyrr en 15. desember 2008. Með öðrum orðum er ársreikningaskrá annars vegar heimilað að samþykkja afturvirkt slíkar beiðnir félaga fyrir reikningsárið 2008 og hins vegar er framlengdur umsóknarfrestur fyrir reikningsárið 2009. Skilyrði fyrir veitingu heimildar ársreikningaskrár eru eftir sem áður þau sem fram koma í 8. gr. laganna, sbr. og reglugerð nr. 101/2007, um veitingu heimildar til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli. Verða þau skilyrði að vera uppfyllt á umræddu reikningstímabili, þ.e. í tilviki ársins 2008 þegar í upphafi þess reikningsárs sem og samkvæmt síðasta tiltæka árshlutauppgjöri fyrir árið 2008. Í tilviki reikningsársins 2009 þurfa skilyrði laganna að vera uppfyllt þegar í upphafi reikningsársins, þ.e. 1. janúar 2009, sbr. 9. gr. laganna.

Með frumvarpinu er því tímabundið, með vísan til núverandi ástands efnahagsmála, opnað fyrir að þeim félögum sem sannanlega uppfylla skilyrði ársreikningalaga til þess að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli á reikningsárinu 2008, en sóttu ekki um heimild til þess á árinu 2007, verði gert kleift að fá slíka heimild afturvirkt. Til jafnræðis er að sama skapi framlengdur umsóknarfrestur til 15. desember fyrir þau félög sem óska eftir að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli á reikningsárinu 2009.

Verði frumvarpið að lögum og fái félag slíka afturvirka heimild fyrir reikningsárið 2008 gilda að öðru leyti ákvæði ársreikningalaga um þá heimild, þ.m.t. ákvæði 9. gr. laganna um að viðhalda þeirri aðferð í a.m.k. fimm ár og að tilkynna ef félagið telur sig ekki lengur uppfylla skilyrði 8. gr. laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er, með vísan til núverandi ástands efnahagsmála, lagt til að við lög um ársreikninga bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem veitir ársreikningaskrá heimild til að taka til meðferðar umsóknir um heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli. Sú heimild gildi annars vegar fyrir reikningsár sem hefst 1. janúar 2008 eða síðar á því ári og hins vegar fyrir reikningsárið sem hefst 1. janúar 2009, jafnvel þótt slík umsókn berist ekki ársreikningaskrá fyrr en 15. desember 2008. Skilyrði fyrir veitingu heimildar ársreikningaskrár eru eftir sem áður þau sem fram koma í 8. gr. laganna, sbr. og reglugerð nr. 101/2007 um veitingu heimildar til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli. Verða þau skilyrði að vera uppfyllt á umræddu reikningstímabili.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

286. Frumvarp til laga [213. mál]

um breyting á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 24. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gjald skal greiða fyrir stimplun aðfarargerða, kyrrsetningargerða og löggeymslu þegar endurritum úr gerðabók um þessar gerðir er þinglýst.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Innheimta stimpilgjalds fyrir fjárnámsendurrit, endurrit úr gerðabók um kyrrsetningu og um löggeymslu hefur tíðkast um langt skeið á grundvelli ákvæðis í 1. mgr. 24. gr. laga um stimpilgjald, nr. 36/1978, og er gjaldið 15 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð skuldar. Fjármálaráðuneytið hefur litið svo á að fyrirmæli 1. mgr. 5. gr. laganna, um að stimpilskylda skjals réðist af þeim réttindum sem það veitti, en ekki af nafni þess eða formi, fæli í sér að krafa sem tryggð væri með fjárnámi, kyrrsetningu eða löggeymslu yrði samkvæmt efni sínu að fullu lögð að jöfnu við tryggingarbréf skv. 1. mgr. 24. gr. laganna. Í því sambandi ber einnig að hafa í huga að í 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna er ótvíræð almenn regla um að skjöl sem þinglýst er hér á landi séu ávallt stimpilskyld.

Hinn 1. júlí 2008 sendi umboðsmaður Alþingis frá sér álit í máli nr. 4712/2006. Til þess máls var stofnað með kvörtun til umboðsmanns vegna synjunar fjármálaráðuneytisins á kröfu um endurgreiðslu stimpilgjalds af þinglýstu endurriti fjárnámsgerðar í fasteign. Í álitinu kemst umboðsmaður að þeirri niðurstöðu að álagning stimpilgjalds á þinglýst endurrit úr gerðabók um aðfararbeiðni og framkvæmd fjárnáms eigi sér ekki fullnægjandi lagastoð. Þar vísar hann til 40. gr. og 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, þar sem m.a. er mælt fyrir um að engan skatt megi leggja á nema með lögum og að skattamálum skuli skipuð með lögum og að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðunarvald um það hvort leggja skuli á skatt. Hafa þessar reglur stjórnarskrárinnar verið skýrðar svo að skattlagningarheimildir í lögum verði að vera ótvíræðar og fortakslausar, sbr. t.d. Hrd. 2005, bls. 315.

Vegna framkomins álits umboðsmanns Alþingis og í ljósi framangreindra ákvæða stjórnarskrárinnar þykir rétt að taka af öll tvímæli um heimildir í lögum til innheimtu stimpilgjalds af fjárnámsendurritum, endurritum kyrrsetningargerða og löggeymslu. Með frumvarpi þessu, sem felur í sér breytingar að formi til og leiðir ekki til aukinnar gjaldtöku, er nýjum málslið bætt við 1. mgr. 24. gr. um stimpilskyldu aðfarargerða, kyrrsetningar og löggeymslu og er með því verið að skjóta styrkari lagastoð undir heimild til innheimtu stimpilgjalds á endurrit úr gerðabók er varða þessa gjörninga. Þess skal getið að þótt stimpilskylda sé samkvæmt gildandi lögum ekki tengd þinglýsingu skjala, heldur ráðist af efni þeirra og útgáfu, þykir rétt að miða stimpilskyldu þessara gerða við þinglýsingu endurrita úr gerðabók. Er það í samræmi við þá framkvæmd sem tíðkast hefur.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru tekin af öll tvímæli um heimildir í lögum til innheimtu stimpilgjalds af fjárnámsendurritum, endurritum kyrrsetningargerða og löggeymslu. Með frumvarpinu, sem felur í sér breytingar að formi til og leiðir ekki til aukinnar gjaldtöku, er nýjum málslið bætt við 1. mgr. 24. gr. laga um stimpilgjald, um stimpilskyldu aðfarargerða, kyrrsetningar og löggeymslu og er með því verið að skjóta styrkari lagastoð undir heimild til innheimtu stimpilgjalds á endurrit úr gerðabók er varða þessa gjörninga. Er það í samræmi við þá framkvæmd sem tíðkast hefur.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

287. Svar [172. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Árna Þórs Sigurðssonar um málefni íslenskra fanga erlendis.

1. *Hversu margir Íslendingar eru í fangelsum erlendis? Svar óskast sundurliðað eftir löndum, lengd fangelsisdvalar og aldursbili fanga (yngri en 20 ára, 20–29 ára, 30–39 ára o.s.frv.).*

Ráðuneytinu er kunnugt um 13 íslenska ríkisborgara sem nú dveljast í fangelsum erlendis, ýmist í afplánun eða gæsluvarðhaldi. Einn þeirra er yngri en 20 ára, sjö þeirra eru á aldrinum 20–29 ára, fjórir á aldrinum 30–39 ára og einn á aldrinum 60–69 ára. Umræddir fangar dveljast í fangelsum í eftirfarandi löndum: Bandaríkjunum, Brasilíu, Danmörku, Hollandi, Spáni, Svíþjóð og Þýskalandi. Af þessum einstaklingum hafa átta hlotið fullnaðardóm sem eru svohljóðandi: 2 ár, 2 ár og 80 dagar, 3 ár og 165 dagar, 3 ár og 6 mánuðir, 3 ár og 11 mánuðir, 6 ár og 8 mánuðir, 9 ár og 315 dagar og 20 ár.

Ráðuneytið bendir á að ekki er útilokað að fleiri íslenskir ríkisborgarar afpláni nú dóma í erlendum fangelsum þar sem aðkoma þess að málefnum einstakra fanga helgast af vilja og ósk frá viðkomandi fanga. Vísast í þessu sambandi til b- og c-liðar 1. mgr. 36. gr. alþjóðasamnings um ræðissamband, sbr. og lög nr. 4/1978 um aðild Íslands að samningnum, en þar segir m.a. að tilkynna skuli ræðisskrifstofu ef ríkisborgari er handtekinn, settur í fangelsi, látinn sæta gæsluvarðhaldi meðan á rannsókn stendur eða hnepptur í hald á annan hátt enda liggi fyrir að viðkomandi fangi óski eftir að það sé tilkynnt ræðisskrifstofu.

2. *Hver er aðbúnaður íslenskra fanga í erlendum fangelsum? Svar óskast sundurliðað eftir fangelsum.*

Aðbúnaður íslenskra fanga erlendis er almennt ásættanlegur. Í einstökum tilvikum hafa kvartanir þó borist frá föngum. Hafa slíkar kvartanir einna helst lotið að húsnæðishitun, hreinlæti, ofsetnum fangaklefum og mataræði. Í ljósi persónuverndarsjónarmiða og trúnaðarskyldu ráðuneytisins gagnvart íslenskum föngum erlendis er svarið ekki sundurliðað eftir fangelsum.

3. *Með hvaða hætti gæta íslensk stjórnvöld hagsmuna íslenskra fanga erlendis?*

Ráðuneytið leitast eftir fremsta megni við að gæta ýtrustu hagsmuna íslenskra fanga erlendis. Í þeim tilvikum sem sendiskrifstofum er tilkynnt um handtöku íslensks ríkisborgara er leitast við að tilkynna það nánustu aðstandendum án ástæðulausrar tafar sé þeim ekki þegar kunnugt um handtöku. Í upphafi er gengið úr skugga um að fanga sé tryggð lögfræðileg aðstoð og þegar þess er óskað af hálfu fanga er veitt aðstoð við útvegun lögfræðilegrar aðstoðar.

Að öðru leyti hefur ráðuneytið aðstoðað aðstandendur í samskiptum þeirra við fanga, fangelsismálayfirvöld og eftir atvikum lögmenn. Einnig veitir ráðuneytið upplýsingar um grundvallaratriði í réttarkerfi viðkomandi lands, starfsmenn sendiskrifstofa hafa heimsótt fanga eða rætt við þá í síma, aðstoðað þá með túlkun, fundað með lögmönnum þeirra, þeir hafa og haft milligöngu um að færa föngum fjármuni, bréfsefni, bækur, dagblöð sem og aðstoðað fanga við skráningu til náms í fangelsi og annað þess háttar.

Að öðru leyti en að framan greinir fellur það í skaut ráðuneytisins að fylgjast með því að aðstæður í fangelsum þar sem íslenskir fangar eru til afplánunar séu í samræmi við almennt

viðurkenndar réttarreglur, landslög séu ekki brotin á íslenskum föngum, þeir beittir illri meðferð, persónulegu öryggi þeirra ógnað eða þeim mismunað.

Rétt er að taka fram að það er almennt í höndum starfsmanna sendiskrifstofa að vera í beinum samskiptum við íslenska fanga erlendis. Í einhverjum tilvikum kann það þó að falla í skaut kjörræðismanna í þeim umdæmislöndum þar sem íslensk sendiskrifstofa er ekki til staðar. Í einhverjum tilvikum hafa svo íslenskir sendiráðsprestar og aðrir íslenskir prestar haft aðkomu að málefnum fanga og eftir atvikum veitt þeim ýmiss konar tilfallandi aðstoð.

4. *Vinna íslensk stjórnvöld að því að íslenskir fangar erlendis geti fengið að afplána dóma sína hér á landi? Liggja fyrir óskir um slíkt frá einstökum föngum?*

Utanríkisráðuneytið tekur beiðni um flutning á fullnustu dóms almennt ekki til meðferðar þar sem það er á forræði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem fer með forræði fangelsismála hérlendis. Í þeim tilvikum sem fangi óskar flutnings til Íslands til að ljúka fullnustu dóms í fangelsi hérlendis leiðbeinir utanríkisráðuneytið um framkvæmd þess auk þess að upplýsa um helstu skilyrði slíks flutnings. Þar sem áskilið er að fangi hafi hlotið dóm er ljóst að slíka beiðni er ekki hægt að leggja fram á frumstigum máls. Þrátt fyrir framangreint hefur utanríkisráðuneytið haft aðkomu að gerð einstakra samninga við erlend ríki um flutning fanga og þá í nánu samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Það skal upplýst sérstaklega að íslensk stjórnvöld hafa ekki sett sig upp á móti flutningi fanga til afplánunar hérlendis svo fremi sem rými sé til staðar í íslenskum fangelsum.

Fyrir liggja óskir frá nokkrum af þeim föngum sem að framan eru nefndir um flutning til Íslands til að ljúka afplánun. Þeim sem þegar hafa hlotið fullnaðardóm hefur verið svarað jákvætt af hálfu íslenskra stjórnvalda. Í umræddum tilvikum hafa erlend stjórnvöld þó ekki veitt vilyrði fyrir flutningi og hefur það því enn ekki gengið eftir. Í þeim tilvikum hafa erlend stjórnvöld vísað til atriða er varða einstaka fanga eða þess að skortur sé á samningi milli Íslands og umræddra ríkis um flutning dæmdra manna. Slíkum málum er þó fylgt eftir af hálfu íslenskra stjórnvalda og leitast er við að uppfylla þær kröfur sem settar eru svo að fangi fái flutning.

288. Svar [156. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði.

1. *Hverjar eru upphæðir endurgreiðslu virðisaukaskatts til byggingaraðila vegna vinnu á byggingarstað sl. þrjú ár, sundurliðað eftir nýbyggingum, endurbótum eða viðhaldi á íbúðarhúsnæði?*

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra eru endurgreiðslur vegna nýbyggingar eða endurbóta og viðhalds á íbúðarhúsnæði til eigin nota sem hér segir:

		2005	2006	2007	2008*
Endurbætur og viðhald	kr.	372.000.000	506.000.000	532.000.000	299.000.000
Nýbyggingar	kr.	161.000.000	244.000.000	472.000.000	264.000.000
Samtals	kr.	533.000.000	750.000.000	1.004.000.000	563.000.000

* Tímabilið janúar–ágúst 2008.

2. *Hefur verið lagt mat á hvort og þá hve stór hluti af heildarlaunum fyrir þessa vinnu er ekki gefinn upp til skatts?*

Ekki liggur fyrir sérstakt mat á því hvort eða hve stór hluti af heildarlaunum vegna vinnu við íbúðarhúsnæði er ekki gefinn upp til skatts. Í þessu sambandi má benda á að í skýrslu fjármálaráðherra um umfang skattsvika sem lögð var fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003 kemur fram að erfitt sé að leggja mat á það hvort svört atvinnustarfsemi hafi aukist vegna lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts úr 100% í 60% árið 1997 og þá hversu mikið.

3. *Kemur til greina að hækka endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskattsins? Hefur ráðherra slíkar aðgerðir til skoðunar og hverjir væru kostir og gallar við að hækka endurgreiðsluhlutfallið verulega?*

Upphaflega var endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði 100% en hlutfallið var lækkað í 60% á árunum 1996–1997. Sú breyting tengdist aukinni fjárþörf ríkisins vegna breytinga á lögum um vörugjald. Upphaflega endurgreiðslan var lögfest þar sem ljóst þótti að full skattskylda á þessu sviði hefði í för með sér hækkun á byggingarkostnaði og þar með byggingarvísitölu. Helsti kostur þess að hækka endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts er hvatning til eigenda íbúðarhúsnæðis að fara út í endurbætur eða viðhald á eign sinni en aftur á móti mundi hækkun á endurgreiðsluhlutfalli virðisaukaskatts auka útgjöld ríkissjóðs sem tæpast eru forsendur fyrir um þessar mundir. Slíkar aðgerðir eru því ekki til skoðunar sem stendur.

289. Fyrirspurn [214. mál]

til viðskiptaráðherra um stöðu bankamála og Icesave-ábyrgðir.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hafði ráðherra, fyrir yfirtöku íslenska ríkisins á Landsbanka Íslands, vitneskju um tilboð breska fjármálaeftirlitsins (FSA) um að gegn 200 milljóna punda fyrirgreiðslu væri FSA tilbúið að færa reikninga Icesave yfir í breska lögsögu?
2. Var forstjóri Fjármálaeftirlitsins í símasambandi við FSA sunnudaginn 5. október sl.?
3. Hafði Fjármálaeftirlitið, eða forstjóri þess, fyrir yfirtöku íslenska ríkisins á Landsbanka Íslands, vitneskju um framangreint tilboð FSA, sbr. 1. tölul.?
4. Í hvað telur ráðherra að sé vísað hér í símtali fjármálaráðherra við Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta: Darling: „Ég tek því þá sem svo að loforðið sem Landsbankinn gaf okkur um að hann fengi 200 milljónir punda í reiðufé sé einnig fyrir bí?“ Ráðherra: „Já þeir fengu ekki það fé.“? Telur ráðherra að þessi tilvísun tengist Icesave-ábyrgðunum?
5. Upplýsti ráðherra ríkisstjórnina um umræður og niðurstöður fundar síns með Alistair Darling sem haldinn var þann 2. september og fjallaði um stöðu bankamála og ábyrgðir vegna Icesave-reikninga?
6. Hafði ráðherra samráð við fjármálaráðherra til undirbúnings símtali þess síðarnefnda við Alistair Darling hinn 7. október?

7. Ræddi ráðherra við fjármálaráðherra um að eðlilegra væri að hann en ekki fjármálaráðherra ætti símtal við Alistair Darling um stöðu bankamála þann 7. október, í ljósi þess að hann en ekki fjármálaráðherra átti fund með Darling 2. september vegna bankamálanna og Icesave-ábyrgðanna?
8. Telur ráðherra að eðlilegt samráð hafi verið milli sín, forsætisráðherra og fjármálaráðherra dagana í kringum ákvörðun Breta um að beita svokölluðum hryðjuverkalögum á Íslendinga?

Skriflegt svar óskast.

290. Fyrirspurn [215. mál]

til forsætisráðherra um Icesave-ábyrgðir.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hafði ráðherra, fyrir yfirtöku íslenska ríkisins á Landsbanka Íslands, vitneskju um tilboð breska fjármálaeftirlitsins (FSA) um að gegn 200 milljóna punda fyrirgreiðslu væri FSA tilbúið að færa reikninga Icesave yfir í breska lögsögu?
2. Höfðu embættismenn eða ráðgjafar ráðherra slíka vitneskju?

Skriflegt svar óskast.

291. Frumvarp til laga [216. mál]

um framhaldsfræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI
Gildissvið, markmið, skilgreiningar.
1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til skipulags framhaldsfræðslu á vegum viðurkenndra fræðsluaðila og þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við framkvæmd hennar.

2. gr.
Markmið.

Markmið framhaldsfræðslu er:

a. að veita einstaklingum á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki viðeigandi námstækifæri og auðvelda þeim að hefja nám að nýju,
b. að gefa einstaklingum færi á að efla starfshæfni sína og efla ábyrgð þeirra í því tilliti,
c. að skapa svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna,
d. að veita einstaklingum aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu,
e. að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis,
f. að stuðla að því að nám og reynsla sem aflað er utan hins formlega skólakerfis verði metin að verðleikum,
g. að efla menntunarstig í landinu og íslenskt menntakerfi.

3. gr.
Skilgreiningar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

a. *Framhaldsfræðsla:* Hvers konar nám sem er ætlað að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og er ekki skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla.
b. *Raunfærnimat:* Skipulegt ferli þar sem með formlegum hætti er lagt mat á alhliða þekkingu og færni einstaklings. Matið byggist á skólagöngu, starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, framhaldsfræðslu, félagsstörfum og lífsreynslu viðkomandi.
c. *Fræðsluaðili:* Sjálfstæður lögaðili sem veitir framhaldsfræðslu og hefur hlotið viðurkenningu menntamálaráðherra á grundvelli laga þessara.

II. KAFLI
Um skipan framhaldsfræðslu.

4. gr.
Yfirstjórn.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn málefna framhaldsfræðslu samkvæmt lögum þessum. Í því felst ábyrgð á:

a. almennri stefnumótun framhaldsfræðslu í samráði við hagsmunaaðila,
b. almennri stjórnsýslu vegna framkvæmdar laga þessara,
c. málefnum Fræðslusjóðs,
d. stuðningi við þróun og nýsköpun á sviði framhaldsfræðslu,
e. eftirliti og mati.

5. gr.
Tilhögun.

Framhaldsfræðslu skal miða við þarfir einstaklinga, fyrirtækja og atvinnulífs. Að jafnaði skal námsframboði háttað þannig að hægt sé að leggja stund á nám samhliða atvinnuþátttöku. Haft skal samráð við heildarsamtök launþega og vinnuveitenda um framkvæmd laga þessara og er ráðherra heimilt að fela stofnunum eða félögum á þeirra vegum verkefni er tengjast framkvæmd þeirra, sbr. 14. gr.

Leitast skal við að skipuleggja framhaldsfræðslu þannig að hún geti fallið að öðru námi og að hægt sé að meta nám sem skilgreint er sem framhaldsfræðsla til eininga innan hins almenna skólakerfis. Heimilt er ráðherra að setja sérstakar reglur um flokkun og þrepaskiptingu framhaldsfræðslu í samræmi við hæfni- og lokamarkmið hennar.

6. gr.

Vottun námskráa.

Gerðar skulu námskrár eða námslýsingar þar sem lýst er markmiðum framhaldsfræðslu, skipulagi námsins og inntaki.

Ráðherra, eða aðili sem ráðherra felur það verkefni skv. 14. gr., vottar einstakar námskrár og námslýsingar. Í slíkri vottun felst staðfesting á að námið uppfylli almennar kröfur um skipulag og gæði kennslu, ásamt þeim sértæku kröfum sem gera má hverju sinni með tilliti til inntaks náms.

7. gr.

Viðurkenning fræðsluaðila.

Ráðherra, eða aðili sem ráðherra felur það verkefni, veitir fræðsluaðilum viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu. Veiting viðurkenningar skal byggjast á mati á eftirtöldum þáttum:

a. aðstöðu til kennslu og námskeiðahalds,
b. skipulagi náms og umsjón með því,
c. námskrám eða námslýsingum,
d. fjárhagsmálefnum og tryggingum,
e. tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna.

Í viðurkenningu ráðherra skv. 1. mgr. felst staðfesting á því að starfsemi viðkomandi fræðsluaðila uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenning er veitt, skilyrði laga þessara og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Í viðurkenningu felst ekki skuldbinding um fjárframlög úr ríkissjóði til viðkomandi fræðsluaðila eða ábyrgð á skuldbindingum hans.

Uppfylli fræðsluaðili, sem fengið hefur viðurkenningu, ekki lengur skilyrði laga þessara og reglur og skilyrði sem sett eru á grundvelli þeirra getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Í reglugerð skal kveðið nánar á um skilyrði fyrir viðurkenningu, hvernig staðið er að veitingu hennar og afturköllun.

Reikningar fræðsluaðila skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda og vera aðgengilegir ríkisendurskoðanda eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

8. gr.

Raunfærnimat, náms- og starfsráðgjöf.

Þeir sem hafa stutta formlega skólagöngu og kjósa að leggja stund á nám sem skipulagt er á grundvelli laga þessara eða laga um framhaldsskóla eiga rétt á að einstaklingsbundin raunfærni þeirra sé metin. Matið fer fram samkvæmt reglum sem ráðherra setur um raunfærnimat og tilhögun þess.

Þeim sem hyggjast leggja stund á nám sem uppfyllir skilyrði laga þessara stendur til boða einstaklingsbundin náms- og starfsráðgjöf. Ráðherra er heimilt að setja reglur um náms- og starfsráðgjöf samkvæmt grein þessari.

III. KAFLI
Opinber framlög til framhaldsfræðslu, Fræðslusjóður.

9. gr.
Fjárveitingar.

Alþingi veitir af fjárlögum fé til framhaldsfræðslu og viðfangsefna er henni tengjast. Þau framlög greinast í tvennt:

a. framlög til að mæta kostnaði við viðfangsefni og umsýslu er tengist framhaldsfræðslu með almennum hætti samkvæmt lögum þessum, þ.m.t. reglubundin rekstrarframlög til aðila sem sinna framhaldsfræðslu og sérstökum viðfangsefnum er varða menntunarmál fullorðinna,
b. framlög í Fræðslusjóð.

10. gr.
Fræðslusjóður, hlutverk.

Hlutverk Fræðslusjóðs er að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki. Jafnframt er það hlutverk sjóðsins að taka þátt í að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri. Með því stuðlar sjóðurinn að þeim markmiðum sem talin eru í 2. gr.

Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

a. framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald,
b. framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf,
c. styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Stjórn Fræðslusjóðs ber ábyrgð á ráðstöfun fjár úr Fræðslusjóði. Auglýsa skal eftir umsóknum frá fræðsluaðilum um framlög og stuðning til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald. Heimilt er stjórn Fræðslusjóðs að veita fræðsluaðilum sem njóta framlaga úr sjóðnum vilyrði um framlög til allt að þriggja ára, með fyrirvara um fjárveitingar Alþingis.

Stjórn Fræðslusjóðs skal setja sérstaka skilmála um fjárframlög til fræðsluaðila og annarra sem njóta framlaga úr Fræðslusjóði sem ráðherra staðfestir. Sjóðurinn skal birta yfirlit yfir nám sem sjóðurinn veitir fé til.

Heimilt er ráðherra að semja við til þess bæra aðila um að annast fjárreiður og umsýslu með sjóðnum. Jafnframt getur ráðherra falið Fræðslusjóði að hafa umsjón með sérstökum verkefnum er tengjast framhaldsfræðslu og framkvæmd laga þessara.

11. gr.
Stjórn Fræðslusjóðs.

Ráðherra skipar Fræðslusjóði átta manna stjórn til fjögurra ára í senn. Formaður er skipaður án tilnefningar, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins tilnefna tvo fulltrúa hvort, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja tilnefnir einn fulltrúa, fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa sameiginlega og félags- og tryggingamálaráðherra einn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórn Fræðslusjóðs setur sér starfs- og úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir. Í þeim skal koma fram hvernig meðferð umsókna er háttað og almenn skilyrði fyrir veitingu framlaga úr sjóðnum.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði, reglugerð, gildistaka.

12. gr.
Miðlun og varðveisla upplýsinga.

Ráðuneyti annast söfnun og miðlun upplýsinga um framhaldsfræðslu er varðar stefnumótunar- og eftirlitshlutverk þess. Fræðsluaðilum sem fengið hafa viðurkenningu og stuðning samkvæmt lögum þessum er skylt að veita ráðuneyti og Fræðslusjóði, hafi þeir móttekið fé úr honum, upplýsingar um starfsemi sína og aðrar þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast vegna tölfræðivinnu.

Ráðuneyti getur falið öðrum aðila með samningi verkefni sín skv. 1. mgr. Við slíka ráðstöfun er fræðsluaðilum skylt að veita þeim aðila umbeðnar upplýsingar.

Fræðsluaðila ber að varðveita upplýsingar um það nám sem nemendur hafa lagt stund á og lokið og að veita þeim aðgang að þeim.

Heimilt er ráðherra að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um upplýsingaskyldu fræðsluaðila samkvæmt grein þessari og um meðferð persónuupplýsinga, þar á meðal um námsferil nemenda.

13. gr.
Umbætur í fræðslustarfi.

Fræðsluaðilar meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði fræðslustarfsins og birta opinberlega upplýsingar um innra gæðamat sitt og áætlanir um umbætur í kjölfar þess.

Ráðherra hefur umsjón með úttektum, könnunum og rannsóknum sem miða að því að tryggja almenn gæði framhaldsfræðslu og almennan skilning og þekkingu á málefnum er henni tengjast. Framkvæmd slíkra verkefna skal að jafnaði falin óháðum aðila.

14. gr.
Umsýsla.

Heimilt er ráðherra að semja við félag eða stofnun um umsjón með verkefnum sem tilgreind eru í 6. gr., um vottun námskráa og námslýsinga, í 7. gr., um viðurkenningu fræðsluaðila, í 10. gr., um umsýslu með Fræðslusjóði, og í 12. gr., um söfnun og miðlun upplýsinga.

15. gr.
Kæruheimild.

Ákvarðanir fræðsluaðila og Fræðslusjóðs samkvæmt lögum þessum sæta ekki kæru til ráðherra.

16. gr.
Reglugerð.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

17. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2009. Við gildistöku þeirra falla brott lög um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 19/1992.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarpi þessu er ætlað að styrkja lagalegan grundvöll þeirrar margháttuðu og umfangsmiklu framhaldsfræðslu sem fram fer í landinu, jafnframt því sem lagður er grunnur að frekari eflingu þeirrar starfsemi. Þá er frumvarpinu ætlað að leysa af hólmi lög um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 19/1992.

Undirbúningur að frumvarpinu hófst með því að sérstök verkefnisstjórn um símenntun, sem skipuð var af Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra, skilaði skýrslu sinni og niðurstöðum árið 2006. Þar var m.a. lagt til að sérstök lög yrðu sett sem tryggðu fullorðnum einstaklingum, sem hætt hafa í námi, rétt til að ljúka námi við hæfi á framhaldsskólastigi. Í skýrslu verkefnisstjórnar var lagt til að einstaklingum stæði til boða að ljúka viðurkenndu, einingabæru námi sem tryggði viðkomandi rétt til áframhaldandi náms, þ.e. náms á framhalds- eða háskólastigi. Þá var lagt til að viðurkenndir fræðsluaðilar fengju greidd nemendaígildi fyrir þá nemendur sem kysu að nýta sér annað tækifæri til náms. Einnig taldi verkefnisstjórnin brýnt að einstaklingum stæði til boða raunfærnimat eða stöðupróf og að þeir sem hæfu nám að nýju á grundvelli laganna ættu kost á námslánum sér til framfærslu á námstíma.

Frumvarp þetta er samið af óformlegum starfshópi sem menntamálaráðherra ákvað í apríl sl. að fela það verkefni. Starfshópurinn var skipaður Guðmundi Árnasyni, ráðuneytisstjóra, Örnu Hauksdóttur, ráðgjafa ráðherra í skólamálum, Einari Má Sigurðarsyni, alþingismanni, og Stefáni Stefánssyni, deildarstjóra. Samráð hefur verið haft um efni frumvarpsins við ýmis hagsmunasamtök launþega og atvinnurekenda, bæði á opinberum og almennum vinnumarkaði, sem og samtök fræðsluaðila og önnur ráðuneyti.

Við undirbúning frumvarpsins hefur fyrirkomulag framhaldsfræðslu í nágrannalöndunum, sérstaklega á Norðurlöndum, verið skoðað. Niðurstaða þeirrar athugunar hefur leitt í ljós að um er að ræða mismunandi kerfi og í sumum tilfellum er fyrirkomulagið mun flóknara en hér á landi. Norrænar fyrirmyndir voru því ekki taldar henta við núverandi aðstæður hér á landi. Náið og árangursríkt samstarf Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) í fræðslumálum, samskipti þeirra við stjórnvöld og rekstur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á sér vart hliðstæðu í þeim löndum sem Íslendingar bera sig helst saman við. Frumvarpið tekur því í meginatriðum mið af því fyrirkomulagi sem hér hefur verið þróað síðustu árin og hefur að mati aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda reynst vel. Jafnframt hefur verið litið til þess hvernig starfsemi símenntunarmiðstöðva hefur þróast á liðnum árum, en æskilegt er að tryggðar verði stöðugri undirstöður fyrir það mikilvæga starf sem fram fer á þeirra vegum. Með starfsemi símenntunarmiðstöðvanna hefur áunnist mikilvæg reynsla sem er um margt undirstaða framhaldsfræðslustarfs í landinu og stefnumótunar á því sviði, sem birtist m.a. í frumvarpi þessu.

Meginatriði frumvarpsins.

Íslenskt menntakerfi hefur eflst og dafnað á síðustu árum. Nýlega hafa verið samþykkt á Alþingi lög um skólastigin fjögur, leik-, grunn-, framhalds- og háskóla, en verði frumvarp þetta að lögum bætist við fimmta grunnstoð menntakerfisins, framhaldsfræðsla, sem yrði hliðsett öðrum stoðum þess. Almenn markmið frumvarpsins koma fram í 2. gr. þess, en þau eru:

a. að skapa viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki og auðvelda þeim að hefja nám að nýju,
b. að gefa einstaklingum færi á að efla starfshæfni sína og bera ábyrgð á henni,

c. að skapa svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna,
d. veita einstaklingum aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu,
e. að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis,
f. að stuðla að því að nám og reynsla sem aflað er utan formlega skólakerfisins verði metin að verðleikum og
g. að efla menntunarstig í landinu og íslenskt menntakerfi.

Frumvarpið felur í sér að sett verður skýr og einföld lagaumgjörð fyrir þá menntun sem í frumvarpinu er nefnd *framhaldsfræðsla*. Með því hugtaki er átt við hvers konar menntun sem ætlað er að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og ekki er skipulögð á grundvelli laga um framhaldsskóla og háskóla. Meðal nýmæla og áhersluatriða í frumvarpinu er eftirfarandi:

a. Ábyrgð og hlutverk menntamálaráðuneytis varðandi framhaldsfræðslu er skilgreint.
b. Framhaldsfræðsla er lögfest sem viðurkennt menntunarkerfi til hliðar við formlegar námsbrautir í framhaldsskóla.
c. Settar eru í lög skilgreindar kröfur sem gerðar eru til fræðsluaðila, þ.e. þeirra félaga og stofnana sem öðlast geta viðurkenningu sem slíkar á grundvelli laganna.
d. Mælt er fyrir um gerð og vottun námskráa og námslýsinga fræðsluaðila.
e. Hlutverk aðila vinnumarkaðarins varðandi menntun og fræðslu er undirstrikað, m.a. með því að veittar eru heimildir til handa ráðherra til að fela félögum eða stofnunum á þeirra vegum ábyrgð á tilteknum þáttum er varða framkvæmd laga þessara. Byggist sú heimildarveiting á farsælli reynslu af starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.
f. Stofnaður verður sérstakur Fræðslusjóður, þar sem sitja fulltrúar launþega og launagreiðenda á almennum og opinberum vinnumarkaði, sem hefur það hlutverk að (a) veita fé til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald, (b) veita fé til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf og (c) að veita styrki til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.
g. Mat á einstaklingsbundinni raunfærni mun opna leið fyrir einstaklinga án framhaldsskólamenntunar að hinu formlega framhaldsskólakerfi og brúa svonefnt þekkingarbil á vinnumarkaðnum.

Með frumvarpinu er því lagður grunnur að heildstæðu kerfi framhaldsfræðslu þar sem stuðningur er veittur einstaklingum óháð stéttarfélagsaðild. Frumvarpið markar lokaáfanga í heildarendurskoðun á lagaumhverfi hins íslenska menntakerfis sem staðið hefur yfir undanfarin tvö ár með það að leiðarljósi að skapa einstaklingum tækifæri til náms alla ævi. Að baki hugmyndinni um „nám alla ævi“ býr sú hugsun að ef einstaklingur á að vera fær um að lifa og starfa í nútíma lýðræðisþjóðfélagi sem tekur örum breytingum þarf hann að hafa tækifæri til og vera fær um að mennta sig alla ævi (e. life-long-learning). Nám alla ævi snýst því um að horft sé á menntakerfið sem eina heild frá leikskóla til háskóla, til framhaldsfræðslu og til óformlegrar menntunar sem fer fram utan skólakerfisins, þeirrar hæfni og færni sem einstaklingurinn tileinkar sér í lífi og starfi.

Menntunarstig og vinnumarkaður.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um stöðugleika í efnahagsmálum sem gefin var út 17. febrúar 2008 í því skyni að greiða fyrir gerð kjarasamninga milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins segir að stefnt verði að því að ekki verði fleiri en sem nemur 10%

fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar árið 2020. Markvisst skuli unnið að því að skapa tækifæri og hvata til menntunar fyrir fólk sem er á vinnumarkaði og hefur takmarkaða menntun. Framlög til símenntunar og fullorðinsfræðslu sem nýtist fólki á vinnumarkaði verði aukin á næstu árum. Yfirlýsing ríkisstjórnar er metnaðarfull og miðar frumvarpið m.a. að því að framangreindu markmiði verði náð. Til þess að svo megi verða þarf hins vegar mikill árangur að nást í framkvæmd laganna.

Samkvæmt skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), sem byggð er á tölulegum gögnum frá Hagstofu Íslands, hafði 31% Íslendinga á aldrinum 25–64 ára ekki lokið formlegu námi umfram skyldunám árið 2005. Það ár var mannfjöldi á Íslandi á aldursbilinu 25–64 ára 150.400. Það lætur því nærri að 45 þúsund Íslendingar á þessum aldri hafi aðeins lokið grunnskólanámi árið 2005, en 60 þúsund manns hafi lokið framhaldsskóla eða viðbótarnámi og önnur 45 þúsund manns hafi háskólapróf. Það er einkenni á íslenskum vinnumarkaði að menntunarstig er lágt.

Þegar horft er til hlutfalls þeirra sem lokið hafa formlegu námi umfram skyldunám, er ljóst að menntunarstig hér á landi er jafnframt lágt í alþjóðlegum samanburði, þrátt fyrir að framlög til menntamála hafi vaxið mjög hratt síðustu árin og séu, sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, meðal þess hæsta sem gerist innan OECD. Athyglisvert er þó í þessu samhengi að hlutfall þeirra sem hafa lokið háskólanámi er hærra á Íslandi en að meðaltali innan OECD-ríkja. Margt bendir til þess að hér á landi sé áberandi og mikill munur á menntunarstigi þjóðarinnar innbyrðis, og telja má að það geti haft áhrif á efnahagslegan vöxt. Oft er rætt um svokallað færnibil (e. skills gap) í þessu samhengi, en það hugtak vísar til mismunar á menntun og hæfni vinnandi fólks annars vegar og eiginlegra þarfa atvinnulífs fyrir slíka menntun og hæfni hins vegar. Bent skal á í þessu samhengi að hlutfall þeirra sem lokið hafi námi á framhaldsskólastigi hefur vaxið miklu hægar hér á landi en erlendis. Nýlegar breytingar á lögum um framhaldsskóla, sem m.a. leggja grunn að sveigjanlegra skipulagi náms, styttri námsbrautum og aukinni áherslu á verk- og starfsnám, hafa undirbúið framhaldsskólakerfið til að mæta ólíkum þörfum nemenda og atvinnulífs í menntunarlegu tilliti.

Á undanförnum árum hefur á vettvangi OECD og Evrópusambandsins (ESB) verið unnið að greiningu á aðgengi fullorðinna að námi, þátttöku þeirra í námi og nauðsyn þess að veita þeim meiri hvatningu til að stunda nám. Ein ástæða þess að sjónum hefur verið beint að bættri menntun ófaglærðra er að hún getur almennt haft jákvæð áhrif á efnahagslífið og aukið lífsgæði þeirra sem menntunarinnar njóta. Stjórnvöld geta gegnt mikilvægu hlutverki í eflingu framhaldsfræðslu með því að skapa skilyrði fyrir því að hún skili auknum hagsbótum, að fjármögnun leiði til betra skipulags, eftirlit með gæðum verði aukið og að stefna í málefnum framhaldsfræðslu verði samræmd. Það er samdóma álit þeirra sem fjalla um nám fullorðinna að ef það á að skila tilætluðum árangri verði að afla því formlegrar viðurkenningar. Þar leikur svokallað „raunfærnimat“ lykilhlutverk, en flest ef ekki öll nágrannaríki Íslands hafa lagt mikla áherslu á að byggja upp raunfærnimatskerfi í löndum sínum. Þá er brýnt að fullorðnum standi til boða einstaklingsbundin ráðgjöf um nám og námsmöguleika, en jafnframt greining og úrræði vegna námsörðugleika þegar svo ber undir. Fyrirtæki jafnt sem einstaklingar geta haft fjárhagslegan ávinning af námi, auk þess sem fjárfesting í námi er til hagsbóta fyrir efnahagslífið í heild. Mikilvægt er því að fullorðnum standi til boða fjölbreytt nám sem miðar við getu og undirbúning hvers og eins. Samstarf aðila vinnumarkaðarins um nám fullorðinna getur stuðlað að öflugri framhaldsfræðslu og almennri viðurkenningu vinnumarkaðarins á slíku námi.

Frumvarpinu er ætlað stuðla að því að almennt menntunarstig vaxi og því markmiði verði náð þannig að einstaklingar með stutta formlega skólagöngu afli sér frekari menntunar. Sá markhópur sem frumvarpið tekur til eru einstaklingar sem hætt hafa námi í formlega skólakerfinu áður en skilgreindum námslokum var náð. Ástæður slíks brotthvarfs frá námi geta verið margvíslegar, en fram til þessa hefur eitt einkenna íslensks vinnumarkaðar verið mikill hreyfanleiki vinnuafls ásamt lágu atvinnuleysisstigi. Af þeim sökum hafa atvinnuhorfur og möguleikar til tekjuöflunar verið ágætir fyrir einstaklinga á skólaaldri sem ekki hafa sótt sér formlega menntun. Nú er hins vegar talið brýnt að til staðar séu úrræði sem geta virkað hvetjandi fyrir slíka einstaklinga til að hefja nám að nýju. Mikilvægur þáttur í slíku námsframboði er að samhliða sé boðið upp á mat og greiningu á sértækum námsörðugleikum fyrir þá sem þannig stendur á um og að þeim standi jafnframt til boða aðstoð til þess að byggja upp þekkingu, færni og sjálfstraust til þess að halda áfram námi. Þá er og mikilvægt að meta og viðurkenna færni eða þekkingu sem fólk hefur aflað sér eftir óhefðbundnum leiðum og hvetja það þannig til nýrrar þekkingarleitar.

Fyrir marga sem hafa hætt námi að loknum grunnskóla eða á framhaldsskólastigi er hefðbundið nám í framhaldsskóla ekki raunhæfur kostur. Af þeirri ástæðu er brýnt að búa til námsúrræði sem geta hentað, sem þó eru þannig byggð upp að þau geti opnað leiðir til formlegs náms og til brautskráningar með lokaprófi af framhaldsskólastigi. Á undanförnum árum hefur verið unnið mikið starf sem miðar að því að byggja upp símenntunarkerfi sem getur sinnt þörfum þeirra sem hér um ræðir, m.a. fyrir tilstilli símenntunarmiðstöðva víðs vegar um landið og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Frumvarpinu er ætlað að styrkja samstarf þeirra sem sinna framhaldsfræðslu og framhaldsskóla, t.d. með mati á einingabæru námi og gagnkvæmri viðurkenningu þess, og stuðla þannig að aukinni viðurkenningu á gildi menntunar sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis. Er mikilvægt að símenntunarmiðstöðvum, eða fræðsluaðilum eins og þeir eru skilgreindir í frumvarpi þessu, gefist kostur á að hafa áhrif á framkvæmd laga þessara og almenna stefnumótun í málaflokknum.

Aðdragandi.

Árið 1992 voru sett lög um almenna fullorðinsfræðslu, nr. 47/1992, á verksviði menntamálaráðuneytisins. Lögin voru felld úr gildi árið 1996 en tekin upp heimild í lög um framhaldsskóla fyrir rekstri öldungadeilda, endurmenntunarnámskeiða og samstarfi framhaldsskóla um fullorðinsfræðslumiðstöðvar. Árið 1992 voru einnig sett lög um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 19/1992. Skv. 4. gr. þeirra laga heyrir starfsmenntun í atvinnulífinu undir félagsmálaráðuneytið en starfsfræðsla í fiskvinnslu fellur undir sjávarútvegsráðuneytið. Lög um starfsmenntun í atvinnulífinu eru enn í gildi og á grundvelli þeirra hefur starfsmenntasjóður úthlutað styrkjum allt að 60 millj. kr. árlega síðustu árin til ýmissa þróunarverkefna í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun.


Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. (FA) var stofnuð af ASÍ og SA á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 13. desember 2001. Hlutverk hennar er að vera samstarfsvettvangur stofnaðilanna um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. Markmiðið er að veita starfsmönnum á almennum vinnumarkaði, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Starfsemin byggist á samþykktum félagsins og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við menntamálaráðuneytið. Samkvæmt þeim samningi hefur FA verið falið að skilgreina menntunarþarfir fólks á vinnumarkaði með stutta

formlega skólagöngu að baki, að skipuleggja námsframboð, þróa mat á óformlegu námi og raunfærni og aðferðir í náms- og starfsráðgjöf. Jafnframt hefur FA verið falið að móta reglur og gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs í námskeiðahaldi og náms- og starfsráðgjöf sem fram fer á vegum símenntunarmiðstöðva víðs vegar um landið. Þá hefur FA annast umsýslu vegna úthlutunar fjármuna á grundvelli samningsins.

Símenntunarmiðstöðvarnar sem hér um ræðir voru flestar hverjar stofnaðar á árunum 1998–2000. Þær eru Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Þekkingarsetur Þingeyinga, Þekkingarnet Austurlands, Fræðslunet Suðurlands, Viska – fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja og Mímir – símenntun í Reykjavík. Forverar margra þeirra voru farskólar, sem áður störfuðu á framhaldsskólastigi, ásamt því að standa fyrir námskeiðahaldi tengdu tómstundum og atvinnulífi. Fræðslumiðstöðvar iðngreina hafa einnig gegnt mikilvægu hlutverki við þróun framhaldsfræðslu og raunfærnimats.

Símenntunarmiðstöðvar, þekkingarnet og þekkingarsetur starfa nú á níu framangreindum stöðum á landsbyggðinni auk ýmissa útstöðva og námsvera sem þeim tengjast. Áherslur þeirra geta verið mismunandi eftir aðstæðum á hverjum stað en meginviðfangsefnin eru yfirleitt þríþætt, náms- og starfsráðgjöf auk námskeiðahalds fyrir fólk á vinnumarkaði, miðlun háskólakennslu fyrir fjarnema og ýmis tómstundanámskeið. Mímir – símenntun sem er einkahlutafélag í eigu ASÍ er í Reykjavík og annast fyrst og fremst menntun fólks á vinnumarkaði sem hefur stutta skólagöngu að baki.

Yfirlit um símenntunarmiðstöðvar og útstöðvar þeirra.



Á vegum aðildarfélaga BSRB var fræðslusetrið Starfsmennt stofnað árið 2001 til að sinna heildstæðri þjónustu á sviði endur- og símenntunarmála fyrir opinberar stofnanir og starfsmenn þeirra. Setrið er þjónustuaðili fræðslumála fyrir félagsmenn þeirra aðildarfélaga sem að setrinu standa. Það metur þörf fyrir fræðslu hjá einstökum stofnunum og stofnanahópum, kemur á starfstengdum námskeiðum, leggur fram nýjungar á starfsþróunarverkefnum og veitir stofnunum ráðgjöf. BSRB er einnig meðeigandi í Framvegis, miðstöð um símenntun, er sjálfstætt fræðslufyrirtæki sem jafnframt er í eigu Verzlunarskóla Íslands, SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu, Sjúkraliðafélags Íslands og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Fram-

vegis vinnur auk þess í nánu samstarfi við Fjölbrautaskólann við Ármúla, Fræðslusetrið Starfsmennt og fleiri aðila. Framvegis hefur fram að þessu lagt höfuðáherslu á símenntun stétta í heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Umfang þeirrar starfsemi sem fram fer á vegum símenntunarmiðstöðvanna á landsbyggðinni, Mímis – símenntunar og fræðslumiðstöðva iðngreina í Reykjavík á grundvelli samnings menntamálaráðuneytisins við FA hefur vaxið hröðum skrefum síðustu árin. Fjöldi þátttakenda á námskeiðum sem kennd eru samkvæmt viðurkenndum námskrám og meta má til eininga í framhaldsskólum (vottaðar námsleiðir) var 1.375 árið 2007 en það var 105% aukning frá árinu 2006. Í náms- og starfsráðgjöf árið 2007 voru haldnir 499 kynningarfundir í 437 fyrirtækjum. Fundina sóttu 4.486 manns. Samtals komu 1.581 í viðtal hjá ráðgjafa í framhaldi af kynningarfundum. Heildarfjöldi einstaklingsviðtala á árinu var 2.789. Samanburður milli áranna 2006 og 2007 sýnir að aukning milli ára er um 120%. Fræðslumiðstöðvar iðngreina fengu fjármagn til raunfærnimats í fyrsta skipti árið 2007. Einstaklingsviðtöl á þeirra vegum voru tæplega 1.200.

Fjárhagsleg málefni.

Í frumvarpi þessu er lagður grunnur að nýrri skipan framhaldsfræðslu sem ætlað er að þjóna atvinnulífi og launþegum á vinnumarkaði með stutta skólagöngu að baki, sem hefur jafnframt skírskotun til framhaldsskólastigsins og, eftir atvikum, háskólastigsins. Þessi nýja skipan miðar að því að til verði heildstætt kerfi sem ætlað er að mæta þörfum atvinnulífs og launþega óháð því hvort þeir starfa á almennum eða opinberum vinnumarkaði.

Opinber framlög sem falla undir skilgreiningu á framhaldsfræðslu samkvæmt frumvarpi þessu hafa í heild sinni aukist verulega undanfarin ár. Til að greiða fyrir samkomulagi ASÍ og SA um framlengingu kjarasamninga hefur ríkisstjórnin ítrekað samþykkt aukin framlög til framhaldsfræðslu. Samkvæmt fjárlögum ársins 2008 renna rúmlega 163,8 millj. kr. til grunnreksturs símenntunarmiðstöðva, 72,1 millj. kr. til grunnþjónustu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og 222,3 millj. kr. til námskeiðahalds ásamt náms- og starfsráðgjöf símenntunarmiðstöðva. Þá lýsti ríkisstjórnin því yfir í tengslum við framlengingu kjarasamninga í febrúarmánuði sl. að framlög til framhaldsfræðslu mundu stigaukast á næstu tveimur árum, og hefur sú yfirlýsing verið túlkuð svo að á grundvelli hennar muni verða veittar 300 millj. kr. til framhaldsfræðslu til viðbótar þeim fjárveitingum sem þegar eru til staðar í lok tímabilsins.

Opinberar fjárveitingar til framhaldsfræðslu skiptast í tvennt í meginatriðum, svo sem greinir í 9. gr.:

a. framlög til að mæta kostnaði við viðfangsefni og umsýslu er tengist framhaldsfræðslu með almennum hætti samkvæmt lögum þessum, en þar eru meðtalin reglubundin rekstrarframlög til aðila sem sinna framhaldsfræðslu, og sérstökum viðfangsefnum er varða menntunarmál fullorðinna,
b. framlög í Fræðslusjóð.

Þau viðfangsefni og umsýsla sem vikið er að í a-lið að ofan eru einkum þau verkefni sem unnin hafa verið af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið. Einnig falla hér undir bein rekstrarframlög sem ákveðin eru í fjárlögum ár hvert til símenntunarmiðstöðva. Undir þennan lið geta einnig fallið útgjöld til ýmissa viðfangsefna sem geta verið viðvarandi eða tímabundin og menntamálaráðherra ber ábyrgð á. Hér er t.a.m. átt við fullorðinsfræðslu fatlaðra og íslenskukennslu fyrir útlendinga. Útgjöld til þessara

verkefna eru í fjárlögum. Þá gætu t.d. fjárveitingar er varða starfsendurhæfingu fallið hér undir.

Gert er ráð fyrir þeirri skipan að FA annist áfram margvísleg verkefni samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið, enda hefur samstarf stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins á þeim vettvangi verið farsælt. Verði frumvarp þetta samþykkt er ljóst að endurskoða verður fjárveitingar og framlög til verkefna sem unnin eru samkvæmt þjónustusamningi menntamálaráðuneytisins og FA, enda yrði framlögum til þeirra verkefna sem unnin eru samkvæmt samningnum ætlað að nýtast fleirum en nú er, þ.e. félagsmönnum BSRB og þeim sem ekki eru stéttarfélagsbundnir.

Það er forsenda þess að sátt verði um setningu og framkvæmd laga þessara að þau leiði ekki til skerðingar á hlut og réttindum félagsmanna ASÍ og annarra sem notið hafa þeirra framlaga til fullorðinsfræðslu úr ríkissjóði sem ákveðin hafa verið í tengslum við gerð og framlengingu kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Þeim verkefnum sem FA hefur haft með höndum er ætlað að þjóna þeim hópi. Það á því einnig við um framlög í Fræðslusjóð, að þau munu þurfa að aukast samhliða því sem hlutverk Fræðslusjóðs mun einnig ná til launþega á almennum vinnumarkaði. Er mikilvægt að góð sátt náist um þau framlög milli samtaka launþega á opinberum vinnumarkaði, launagreiðenda, sem eru ríkissjóður og sveitarfélög, og að tekið verði mið af þeirri skipan, sem mælt er fyrir um í frumvarpinu, við gerð kjarasamninga opinberra starfsmanna. Er við það miðað að aðild að FA verði breytt verði frumvarp þetta að lögum, þannig að aðilar á hinum opinbera vinnumarkaði öðlist aðild að FA.

Afnám laga um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Loks er samkvæmt frumvarpinu lagt til að lög um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 19/1992, verði felld úr gildi. Falla þá einnig úr gildi ákvæði þeirra laga um starfsfræðslu í fiskvinnslu á vegum sjávarútvegsráðuneytis. Með þessu móti skapast forsendur fyrir gagnsærri stefnu hins opinbera í fjárframlögum til starfsmenntunar í atvinnulífinu þar sem aukins jafnræðis verður gætt og unnt að koma í veg fyrir tvíverknað og óþarfa kostnað sem honum fylgir í tengslum við utanumhald, þróunarvinnu, þarfagreiningar, námskrárvinnu, námsefnisgerð og kennslu á sviði framhaldsfræðslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er fjallað um gildissvið frumvarpsins, þ.e. skipulag framhaldsfræðslu og fjárstuðning ríkissjóðs við hana og viðurkenningu menntamálaráðherra á fræðsluaðilum og vottun námskráa.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er gerð grein fyrir markmiðum framhaldsfræðslu í sjö stafliðum.

Fyrsta markmiðið lýtur að því að skapa námstækifæri fyrir einstaklinga á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki. Hér er átt við einstaklinga sem hafa ekki lokið framhaldsnámi, bæði þá sem ekki hafa byrjað slíkt nám og svonefnda brottfallsnemendur. Með einstaklingum á vinnumarkaði er átt við þá sem eru í starfi og þá sem hyggjast leita sér starfa að framhaldsfræðslu lokinni.

Annað markmiðið lýtur að því að gefa einstaklingum færi á að efla starfshæfni sína og efla ábyrgð sína í því tilliti. Með eflingu starfshæfni er einkum átt við hagnýtt nám og hvers konar þjálfun sem er til þess fallin að auka þekkingu og færni í starfi. Með eflingu ábyrgðar er átt

við að stuðlað sé að því að einstaklingar beri sjálfir ábyrgð á eflingu starfshæfni sinnar með þeim úrræðum sem þeim kunna að standa til boða í tengslum við frumvarp þetta.

Þriðja markmiðið lýtur að því að skapa svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna. Í því felst m.a. að mæta þörfum einstaklinga og fyrirtækja fyrir nýja þekkingu og færni. Hér er vísað til þess að þeir innviðir framhaldsfræðslu sem ráðgerðir eru í frumvarpinu nýtast ekki síður fyrirtækjum en starfsmönnum þeirra, sbr. II. kafla frumvarpsins.

Fjórða markmiðið lýtur að því að veita einstaklingum aukin tækifæri til að auka lífsgæði sín og almennt til virkrar þátttöku í samfélaginu, t.d. með þverfaglegri stafsendurhæfingu. Þá veitir aukin menntun fjölbreyttari tækifæri á vinnumarkaði og stuðlar þannig að sveigjanleika á vinnumarkaði.

Í fimmta lagi er með frumvarpinu stefnt að því að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis. Með frumvarpi þessu er leitast við að sú fræðslustarfsemi sem rekin verður á grundvelli þess verði eins og unnt er einingabær í framhaldsskólum og geti eftir atvikum verið metin sem hluti af námi á háskólastigi.

Í sjötta lagi er frumvarpinu ætlað að stuðla að því að nám og reynsla sem aflað er utan formlega skólakerfisins verði metin að verðleikum. Hér er vísað til svonefnds raunfærnimats sbr. nánar b-lið 3. gr. og 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Í sjöunda lagi er með frumvarpinu leitast við að efla menntunarstig í landinu og íslenskt menntakerfi almennt. Þetta markmið er nátengt fjórða markmiðinu um aukin tækifæri einstaklinga til þátttöku í samfélaginu, en framhaldsfræðsla er almennt talin stuðla að auknum áhuga á frekari menntun. Niðurstöður rannsókna um framhaldsfræðslu benda til þess að slík menntun sé til þess fallin að vekja áhuga á frekara námi og leiði þannig til hærra menntunarstigs. Í því ljósi er mikilvægt úrræði 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins um einstaklingsbundna náms- og starfsráðgjöf.

Um 3. gr.

Í 3. gr. eru skilgreind þau hugtök sem þýðingu hafa í frumvarpinu.

Framhaldsfræðsla er hvers konar menntun sem ætlað er að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og er ekki skipulögð á grundvelli laga um framhaldsskóla og háskóla.

Raunfærnimat er skipulegt ferli þar sem með formlegum hætti er lagt mat á alhliða þekkingu og færni einstaklings sem aflað hefur verið með skólagöngu, starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, framhaldsfræðslu, félagsstörfum og lífsreynslu.

Fræðsluaðili er sjálfstæður lögaðili sem veitir framhaldsfræðslu og hefur hlotið viðurkenningu menntamálaráðherra á grundvelli laga þessara. Fræðsluaðilar eru m.a. símenntunarmiðstöðvar, fræðslusetur og skólar sem öðlast hafa viðurkenningu á grundvelli laga um framhaldsskóla.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er fjallað um yfirstjórn menntamálaráðherra á málefnum framhaldsfræðslu. Nánar tilgreint felur það í sér ábyrgð á almennri stefnumótun í framhaldsfræðslu í samráði við hagsmunaaðila, ábyrgð á almennri stjórnsýslu vegna framkvæmdar frumvarpsins, ábyrgð á málefnum Fræðslusjóðs, ábyrgð á stuðningi við þróun og nýsköpun á sviði framhaldsfræðslu og ábyrgð á eftirliti og mati.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er fjallað um tilhögun framhaldsfræðslu sem ætlað er að miða við þarfir einstaklinga, fyrirtækja og atvinnulífs. Áhersla er lögð á að námsframboði skuli eftir því sem unnt er háttað þannig að hægt sé að leggja stund á það samhliða atvinnuþátttöku. Hvatt er til þess að skipulag framhaldsfræðslu verði þannig að hún geti fallið að öðru námi og að unnt verði að meta nám sem skilgreint er sem framhaldsfræðsla til eininga innan hins almenna skólakerfis. Í ákvæðinu segir að hafa skuli samráð við heildarsamtök launþega og vinnuveitenda um framkvæmd frumvarpsins og að ráðherra sé heimilt að fela stofnunum eða félögum á þeirra vegum verkefni er tengjast framkvæmd þeirra, sbr. 14. gr. Hér er þannig gert ráð fyrir að fela megi Fræðslumiðstöð atvinnulífsins framangreint hlutverk með þjónustusamningi.

Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji sérstakar reglur um flokkun og þrepaskiptingu framhaldsfræðslu í samræmi við hæfni- og lokamarkmið hennar, sbr. hliðstætt ákvæði 23. gr. laga nr. 92/2008, um framhaldsskóla. Miðar það að því að nám í framhaldsfræðslu sé skilgreint með sambærilegum hætti og nám í framhaldsskólum, en það getur auðveldað mat á námi og opnað námsleiðir milli framhaldsfræðslu og framhaldsskóla.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er fjallað um vottun ráðherra á námskrám og viðurkenningu námslýsinga. Ráðgert er skv. 14. gr. að ráðherra geti falið þetta verkefni aðilum utan ráðuneytis samkvæmt samningi. Þau réttaráhrif eru bundin við vottunina og með henni er staðfest að námið uppfylli almennar kröfur um skipulag og gæði kennslu, ásamt þeim sértæku kröfum sem gera má hverju sinni með tilliti til inntaks náms.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er fjallað um viðurkenningu ráðherra á fræðsluaðilum. Ráðgert er skv. 14. gr. að ráðherra geti falið þetta verkefni í hendur aðila utan ráðuneytis samkvæmt samningi. Í viðurkenningunni felst að fræðsluaðilum er heimilt að annast framhaldsfræðslu samkvæmt frumvarpinu og er viðurkenningin forsenda fyrir fjárstuðningi úr Fræðslusjóði samkvæmt frumvarpinu.

Við mat á því hvort viðurkenning skuli veitt er horft til aðstöðu fræðsluaðila til kennslu og námskeiðahalds, skipulags náms og umsjónar með því, námskráa eða námslýsinga, fjárhagsmálefna, trygginga og gæðakerfis fræðsluaðila.

Réttaráhrif viðurkenningar ráðherra skv. 1. mgr. eru þau að starfsemi viðkomandi fræðsluaðila telst uppfylla, á þeim tíma sem hún er veitt, skilyrði frumvarpsins og reglna sem settar verða. Viðurkenningin felur með öðrum orðum ekki í sér staðfestingu, af hálfu þess er viðurkenninguna veitir, á að viðkomandi fræðsluaðili uppfylli ávallt viðeigandi skilyrði eða reglur, enda er ekki fyrirséð að eftirlit af hálfu ráðuneytis, eða þess sem falið er að sinna því í umboði ráðherra, verði þannig háttað að raunhæft sé að veita tryggingar þar um. Um eftirlit, úttektir og skyld málefni er fjallað í 13. gr.

Í ákvæðinu er tekið fram að í viðurkenningunni felist engin skuldbinding um fjárframlög úr ríkissjóði til viðkomandi fræðsluaðila eða ábyrgð á skuldbindingum hans.

Lagt er til að heimilt verði að afturkalla viðurkenningu til fræðsluaðila þegar hann uppfyllir ekki lengur þau skilyrði sem voru forsenda viðurkenningar. Ráðgert er að nánari skilyrði fyrir viðurkenningu, hvernig staðið er að veitingu hennar og afturköllun verði sett í reglugerð.

Þá er lagt til að reikningar fræðsluaðila skuli áritaðir af löggiltum endurskoðanda og verði gerðir aðgengilegir ríkisendurskoðanda eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Ástæða þykir til að mæla sérstaklega fyrir um aðgang ríkisendurskoðanda í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af eftirliti með opinberum fjárstuðningi til þjónustu á vegum einkaaðila.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er fjallað um raunfærnimat og einstaklingsbundna námsráðgjöf fyrir þá sem hyggjast leggja stund á nám sem uppfyllir skilyrði frumvarpsins. Þeir sem leggja stund á framhaldsfræðslu skulu eiga rétt á að einstaklingsbundin raunfærni þeirra sé metin. Mat á raunfærni fer fram samkvæmt reglum sem ráðherra setur um raunfærnimat og tilhögun þess, sbr. hliðstætt ákvæði 31. gr. laga nr. 92/2008, um framhaldsskóla.

Lagt er til að þeim sem hyggjast leggja stund á nám sem uppfyllir skilyrði laga þessara standi til boða einstaklingsbundin náms- og starfsráðgjöf. Gert er ráð fyrir að ráðherra verði heimilt að setja nánari reglur um náms- og starfsráðgjöf samkvæmt ákvæðinu.

Um 9. gr.

Í 9. gr. er kveðið á um að Alþingi veiti af fjárlögum fé til framhaldsfræðslu og viðfangsefna er henni tengjast og að þau framlög greinist í tvennt: annars vegar framlög til að mæta kostnaði við viðfangsefni og umsýslu er tengist framhaldsfræðslu með almennum hætti samkvæmt lögum þessum, en þar eru meðtalin reglubundin rekstrarframlög til aðila sem sinna framhaldsfræðslu, og hins vegar framlög í Fræðslusjóð.

Í fjárlögum ár hvert hefur Alþingi úthlutað fé til framhaldsfræðslu og viðfangsefna sem henni tengjast. Verði frumvarp þetta að lögum er gert ráð fyrir því að um framangreindar fjárveitingar og ráðstöfun þeirra fari eftir III. kafla frumvarpsins. Þannig eru í fjárlögum ársins 2008 veittar 235,9 millj. kr. sem falla mundu undir a-lið 9. gr. Þetta hefur falið í sér fjárveitingar til grunnrekstrar 10 símenntunarmiðstöðva, til FS-nets símenntunarmiðstöðvanna og til rekstrar og þróunarverkefna Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Framlög samkvæmt fjárlögum ársins 2008 sem renna mundu til Fræðslusjóðs skv. b-lið 9. gr. nema rúmlega 222 m.kr. og fara nú samkvæmt samningi menntamálaráðuneytisins við ASÍ og SA um FA til námskeiðahalds og náms- og starfsráðgjafar á vegum 11 símenntunarmiðstöðva og fræðslusetra. Auk þess var gerður samningur við FA á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar til að greiða fyrir kjarasamningum ASÍ og SA þann 17. febrúar 2008 um greiðslur viðbótarframlaga, 100 millj. kr. til viðbótar 2008 og 100 millj. kr. til viðbótar hvort ár á árunum 2009 og 2010.

Um 10. gr.

Í 10. gr. er ráðgert að stofnaður verði Fræðslusjóður er hafi það hlutverk að stuðla að námstækifærum á sviði framhaldsfræðslu og gera umsækjendum kleift að nýta slík tækifæri. Tekjur Fræðslusjóðs eru framlög sem Alþingi ákveður á fjárlögum hverju sinni en gert er ráð fyrir því að hluti þeirra fjárveitinga sem Alþingi hefur árlega veitt til framhaldsfræðslu, sbr. umfjöllun um 9. gr., falli framvegis undir ákvæði 10. gr. frumvarpsins.

Ráðgert er að úthlutun úr Fræðslusjóði verði á hendi stjórnar sjóðsins og greinist í þrjá meginþætti samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir: framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald, framlög til að mæta kostnaði við raunfærni-

mat og náms- og starfsráðgjöf, sem og styrkveitinga til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu sem koma í stað úthlutana sem verið hafa á verksviði Starfsmenntasjóðs.

Lagt er til að stjórn Fræðslusjóðs beri ábyrgð á ráðstöfun fjár úr Fræðslusjóði. Í því felst að ákvörðun stjórnar um úthlutun er endanleg.

Í ákvæðinu er ekki tekið fram hvenær úthlutun skuli fara fram heldur er það eftirlátið stjórn Fræðslusjóðs að ákveða úthlutunartímabil, umsóknarfresti og form auglýsinga í úthlutunarreglum eða skilmálum sem ráðherra staðfestir, sbr. 2. mgr. 11. gr. Sérstaklega er kveðið á um að stjórn Fræðslusjóðs sé heimilt að gefa fyrirheit um framlög til allt að þriggja ára, með fyrirvara um fjárveitingar Alþingis.

Í samræmi við 14. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að ráðherra sé heimilt að fela stjórn Fræðslusjóðs að reka skrifstofu eða semja við til þess bæra aðila um að annast fjárreiður og umsýslu með sjóðnum. Jafnframt er gert ráð fyrir því að ráðherra geti falið Fræðslusjóði að hafa umsjón með sérstökum verkefnum er tengjast framhaldsfræðslu og framkvæmd laga þessara.

Um 11. gr.

Í 11. gr. er mælt fyrir um skipun stjórnar Fræðslusjóðs. Ráðherra skipar átta manna sjóðsstjórn til fjögurra ára í senn. Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins tilnefna tvo fulltrúa hvor, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja tilnefnir einn fulltrúa, fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa sameiginlega og félagsmálaráðherra einn, en ráðherra skipar formann án tilnefningar. Um varamenn segir að þeir skuli skipaðir með sama hætti.

Stjórn Fræðslusjóðs setur sér starfs- og úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir, þar sem m.a. er fjallað um meðferð umsókna og almenn skilyrði fyrir veitingu framlaga úr sjóðnum.

Um 12. gr.

Í 12. gr. er mælt fyrir um hlutverk ráðuneytisins varðandi söfnun og miðlun upplýsinga um framhaldsfræðslu en ráðgert er að þær upplýsingar verði nýttar til stefnumótunar og eftirlits af hálfu ráðuneytisins. Hér er um að ræða ákvæði sem er sambærilegt við 55. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008.

Skylda til að veita ráðuneytinu upplýsingar um framangreint hvílir á öllum fræðsluaðilum sem fengið hafa viðurkenningu eða hlotið stuðning samkvæmt frumvarpinu. Þá ber Fræðslusjóði að skila sambærilegum upplýsingum til ráðuneytisins varðandi úthlutun úr sjóðnum.

Gert er ráð fyrir því að ráðuneytið geti með samningi skv. 14. gr. falið öðrum aðila hlutverk þess skv. 1. mgr.

Í 12. gr. er jafnframt mælt fyrir um skyldu fræðsluaðila til að varðveita upplýsingar um nemendur og námsferil þeirra og veita aðgang að þeim. Hér er um að ræða sambærilegt ákvæði og 38. gr. laga um framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að setja reglur um framangreint.

Um 13. gr.

Í 13. gr. er mælt fyrir um innra eftirlit fræðsluaðila með árangri og gæðum fræðslustarfsins. Niðurstöður um innra eftirlit skulu birtar opinberlega, jafnframt því sem lýsa skal áætlunum um umbætur í kjölfar þess.

Almennt eftirlit með úttektum, könnunum og rannsóknum sem miða að því að tryggja almenn gæði framhaldsfræðslu og almennan skilning og þekkingu á málefnum er henni tengjast

er á hendi menntamálaráðherra en framkvæmd slíkra verkefna skal að jafnaði falin óháðum aðila.

Um 14. gr.

Í 14. gr. felst heimild til útvistunar þeirra verkefna sem tilgreind eru á ábyrgð ráðherra í 6. gr., um vottun námskráa og námslýsinga, í 7. gr., um viðurkenningu fræðsluaðila, í 10. gr., um umsýslu með Fræðslusjóði, og í 12. gr., um söfnun og miðlun upplýsinga. Áherslu ber að leggja á að þá heimild til valdframsals sem felst í ákvæðinu þarf að nýta með skýrum og afdráttarlausum hætti í samningi.

Um 15. gr.

Í 15. gr. er mælt fyrir um að ákvarðanir fræðsluaðila og Fræðslusjóðs samkvæmt frumvarpinu sæti ekki kæru til ráðherra. Í því felst að ákvarðanir þessara aðila fela að jafnaði í sér endanlega afgreiðslu mála á stjórnsýslustigi. Þær geta hins vegar lotið eftirliti umboðsmanns Alþingis og dómstóla.

Um 16. gr.

Í 16. gr. er mælt fyrir um almenna reglugerðarheimild ráðherra í tengslum við framkvæmd þess.

Um 17. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsfræðslu.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á formlegum markmiðum og fyrirkomukomulagi fræðslu fyrir fólk á vinnumarkaðinum sem hefur stutta skólagöngu, að því leyti sem fræðslan fer ekki fram á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla. Tillögurnar taka í meginatriðum mið af fyrirkomulagi sem hefur þróast hér á landi á síðustu árum og hefur reynst vel að mati stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Jafnframt er lagt til að fyrirkomulag samkvæmt lögum nr. 19/1992, um starfsmenntun í atvinnulífinu, verði afnumið. Á fjárlagalið félagsmálaráðuneytisins *07-984-1.14 Atvinnuleysistryggingasjóður, starfsmenntasjóður* er áætlað fyrir 60 m.kr. fjárveitingu í fjárlögum 2008 vegna starfsmenntalaga og á fjárlagalið sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins 04-190-1.32 Ýmis verkefni, starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir hefur hluti af 41,1 m.kr. fjárveitingu runnið til námskeiðahalds á vegum starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar.

Í öðrum kafla frumvarpsins sem fjallar um skipan framhaldsfræðslu er gert ráð fyrir að fræðslan byggist á vottuðum námskrám eða námslýsingum, hún sé veitt af viðurkenndum aðilum og settar verði reglur um ýmsa þætti fræðslunnar. Að flestu þessu hefur verið unnið á síðustu árum á vegum menntamálaráðuneytisins, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og fleiri aðila. Fjármálaráðuneytið telur því að þessi kafli frumvarpsins feli ekki í sér útgjaldaauka.

Þriðji kafli frumvarpsins fjallar um fyrirkomulag á fjárveitingum ríkisins. Annars vegar er um að ræða styrki til að mæta kostnaði við viðfangsefni og umsýslu með almennum hætti, þar á meðal rekstrarframlög, og hins vegar framlög í nýjan Fræðslusjóð undir stjórn átta manna stjórnarnefndar. Á fjárlagalið *02-451 Símenntun og fjarkennsla* er áætlað í fjárlögum 2008 fyrir framlögum að fjárhæð 235,9 m.kr. til grunnreksturs 12 símenntunarmiðstöðva, háhraðanets framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðva (FS-nets) og til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Frumvarpið hefur að mati fjármálaráðuneytisins þau áhrif að lagaforsendur fyrir þessum framlögum yrðu fyrir hendi enda þótt fjárhæðir yrðu áfram samkvæmt ákvörðun Alþingis í fjárlögum hvers árs. Gert er ráð fyrir að fjármagn í Fræðslusjóð komi aðallega af fjárlagaliðnum *02-451-1.12 Símenntun og fjarkennsla, námskeið og ráðgjöf* en af þeim lið hafa verið veittir styrkir til námskeiðahalds og náms- og starfsráðgjöf. Í fjárlögum 2008 eru 222,3 m.kr. á þessu viðfangsefni. Með þessu er verið að binda í lög að ríkið skuli styrkja þetta starf fjárhagslega án þess þó að kveða á um fjárhæðir. Umsýsla styrkja á liðnum hefur verið hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið og undir stjórn þess. Gert er ráð fyrir í frumvarpinu að heimilt verði að reka skrifstofu sem annist fjárreiður og umsýslu sjóðsins eða semja um reksturinn við til þess bæran aðila. Þetta ákvæði ætti því ekki að hafa kostnaðarauka í för með sér. Ekki liggur fyrri hvort stjórnarnefnd sjóðsins verði greidd þóknun fyrir störf sín en verði það gert lendir kostnaður á sjóðnum. Fleiri viðfangsefni undir fjárlagalið 02-451 en hér hafa verið nefnd tengjast framhaldsfræðslu í landinu.

Fjórði og síðasti kafli frumvarpsins er meðal annars um miðlun og varðveislu upplýsinga og úttektir á árangri og gæðum fræðslustarfsins. Unnið hefur verið að flestum þessara viðfangsefna og því ekki talið að frumvarpið leiði til aukinna útgjalda verði það að lögum.

Með vísan til framanritaðs telur fjármálaráðuneytið að frumvarpið leiði til þess að lögbundnar skyldur ríkisins gagnvart fræðslu fyrir fólk á vinnumarkaði sem hefur stutta formlega skólagöngu aukist. Þótt frumvarpið mæli ekki fyrir um breytingar sem þurfa að hafa í för með sér aukningu á ríkisútgjöldum þá felur það í sér breytta framsetningu og tilfærslu fjárveitinga í fjárlögum.

292. Nefndarálit [141. mál]

um frv. til l. um embætti sérstaks saksóknara.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og á fundi nefndarinnar komu Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra, Ragna Árnadóttir og Þorsteinn Geirsson frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Sigurður Tómas Magnússon frá Háskólanum í Reykjavík, Páll Gunnar Pálsson frá Samkeppniseftirlitinu, Íris Hreinsdóttir frá Fjármálaeftirlitinu, Helgi M. Gunnarsson frá Ákærendafélagi Íslands, Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri, Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari, Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri, Róbert Spanó frá refsiréttarnefnd, Eiríkur Tómasson frá Háskóla Íslands og Eva Bryndís Helgadóttir frá Lögmannafélagi Íslands.

Umsagnir bárust frá laganefnd Lögmannafélags Íslands, ríkisskattstjóra og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnað verði sérstakt tímabundið embætti saksóknara til að annast rannsókn á grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda og í tengslum við hinar sérstöku og mjög óvenjulegu aðstæður á fjármálamarkaði er leiddu til setningar laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., neyðarlaganna svokölluðu, og eftir atvikum að fylgja henni eftir með saksókn.

Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að á tímum sem þessum væri mikilvægt að halda í þá skipan mála sem almennt gilda um rannsókn og saksókn opinberra mála og tekur nefndin í því sambandi sérstaklega fram að með þessu úrræði er ekki verið að víkja frá þeim grundvallarreglum sem gilda um rannsókn sakamála. Fram kom að þau mál sem kunna að falla undir hið nýja embætti geti verið mjög viðamikil og margþætt og því tekið tíma frá og valdið máladrætti í öðrum málum efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra sem fyrir er störfum hlaðin. Hér er um mjög sérstakt og óvenjulegt úrræði að ræða sem ekki er ætlað að vera varanlegt heldur tímabundið og við niðurlagningu embættisins hverfi verkefni þess til annarra saksóknara- og lögregluembætta. Fellst nefndin á að þær óvenjulegar aðstæður, sem hér eru í efnahagslífi þjóðarinnar eftir að bankarnir féllu, kalli á óvenjuleg viðbrögð og að stofnun embættis sérstaks saksóknara sem geti einbeitt sér að þeim málum sem því tengjast sé til þess fallin að tryggja að rannsókn á grun um refsiverða háttsemi og eftir atvikum saksókn verði markvissari. Nefndin tekur sérstaklega fram í því sambandi að hinum sérstaka saksóknara er heimilt að leita til sérfróðra aðila, innlendra og erlendra, eftir því sem hann telur þörf á.

Nokkuð var rætt um afmörkun rannsóknarinnar og í því sambandi orðalag 1. gr. en þar kemur fram að embættið skuli sett á stofn til að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda og í tengslum við þá atburði er leiddu til setningar neyðarlaganna. Telur nefndin að orðalagið gæti verið túlkað of þröngt, þ.e. þannig að talið yrði að einungis væri átt við tímann fram að setningu laganna. Nefndin leggur hins vegar áherslu á að markmiðið með greininni er að embættið geti rannsakað grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda og í tengslum við sem og í kjölfar þeirra atburða er leiddu til setningar laganna og leggur því til breytingar á orðalaginu sem skýra þann skilning nefndarinnar. Þá leggur nefndin einnig til þá breytingu á 1. gr. að tekið verði skýrt fram að rannsóknin og eftir atvikum saksóknin eigi einnig við það ástand er skapaðist á fjármálamarkaðnum, hvort sem brotin hafa átt sér stað innan fjármálafyrirtækja, eða í tengslum við starfsemi annarra lögaðila eða einstaklinga.

Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er tekið fram að rannsóknar- og ákæruheimildir embættisins taki meðal annars til efnahags-, auðgunar- og skattabrota. Gildissvið rannsóknar- og ákæruheimildanna er þannig nokkuð opið þar sem þessi upptalning er ekki tæmandi.

Í almennum athugasemdum við frumvarpið er undirstrikað að embætti sérstaks saksóknara er viðbót við stofnanir ákæruvaldsins og muni því ekki hrófla við verkaskiptingu milli ákæruvalds og lögreglu annars vegar og annarra eftirlitsstofnana hins vegar. Nefndinni þykir ekki tilefni til að leggja til breytingar á þessu fyrirkomulagi. Nefndin leggur til breytingar á 1. málsl. 2. mgr. 1. gr. þannig að skýrt sé að rannsóknar- og ákæruheimildir embættisins taki m.a. til þeirra brota sem til meðferðar hafa verið hjá Fjármálaeftirlitinu, Samkeppniseftirlitinu og skattrannsóknarstjóra og sem þær stofnanir hafa vísað eða kært til lögreglu. Þá þykir heppilegt að kveða á um samstarf saksóknarans við þessar og aðrar réttarvörslu- og eftirlitsstofnanir sem fást við rannsókn tengdra eða sambærilegra mála. Auk þess er lagt til að saksóknaranum séu veittar heimildir til að óska aðgangs að upplýsingum um stöðu mála sem til

meðferðar eru í þessum stofnunum, án tillits til þess hvort mál er komið formlega til hans með kæru eða ekki. Er honum þannig veittur kostur á að koma að málum fyrr og t.d. koma á framfæri afstöðu til þess hvort mál eigi að fara til opinberrar meðferðar. Er þetta fyrirkomulag að mati nefndarinnar fallið til að auka traust á starfi hins sérstaka saksóknara, svo og hinna opinberu eftirlitsstofnana, auk þess sem það stuðlar að vandaðri undirbúningi opinberrar málsmeðferðar.

Þá ræddi nefndin einnig nokkuð um stöðu Fjármálaeftirlitsins eftir setningu neyðarlaganna. Skilanefndir bankanna starfa undir forræði þess. Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er það hlutverk Fjármálaeftirlitsins að hafa eftirlit með skilanefndum og hefur það þá í reynd eftirlit með starfsemi sem heyrir undir það. Í eftirlitinu felst m.a. að taka ákvörðun um það hvort mál eiga að fara til opinberrar meðferðar og eru send lögreglu. Nefndin leggur ekki til neina breytingu á því fyrirkomulagi. Nefndin leggur hins vegar til að kveðið verði skýrt á um að saksóknarinn skuli hafa samstarf við Fjármálaeftirlitið og það við saksóknarann eftir því sem þurfa þykir og enn fremur að eftirlitið skuli veita honum aðgang að upplýsingum og gögnum í þess vörslu. Telur nefndin að þannig sé komið til móts við þessi sjónarmið.

Þá ræddi nefndin sérstaklega um ákvæði 4. gr. eða uppljóstraraákvæðið svokallaða. Á fundum nefndarinnar kom fram að ákvæðið er nýmæli í réttarfarslöggjöf og á sér ekki fyrirmynd á Norðurlöndum. Það á sér þó nokkra stoð í ákvæðum samkeppnislaga en í 3. mgr. 43. gr. þeirra er kveðið á um að Samkeppniseftirlitið geti ákveðið að kæra ekki einstakling hafi hann, eða fyrirtæki sem hann starfar hjá eða er í stjórn hjá, haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota sem geta leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti á samkeppnishömlum samkvæmt nánar ákveðnum skilyrðum.

Með ákvæði sem þessu er vikið frá ákvæðum réttarfarslaga en fram kom að rökin sem búa að baki eru að brýnir almannahagsmunir geti krafist þess að ákveðið verði að falla frá saksókn. Sönnunarstaðan geti verið erfið og rök hafi verið færð fyrir því að framburðir einstaklinga sem liggja sjálfir undir grun geti gegnt mikilvægu hlutverki til að tryggja sönnun á refsiverðri háttsemi. Nefndin fellst á að hagsmunirnir af því að fá slík brot upplýst geti verið mun meiri en að viðkomandi uppljóstrari sæti ákæru. Þá telur nefndin rétt að taka fram að beiting ákvæðisins er háð mjög ströngum skilyrðum, m.a. að viðkomandi upplýsingar þurfi að leiða til þess að unnt sé að upplýsa alvarleg brot, auk þess sem brot uppljóstrarans verði að vera mun léttvægara en brotið sem upplýst er.

Í greininni er lagt til að ríkissaksóknari hafi heimild til þess að fella niður saksókn við starfsmann eða stjórnarmann fyrirtækis sem hefur frumkvæði að því að bjóða eða láta lögreglu eða saksóknara í té upplýsingar eða gögn sem tengjast fyrirtækinu, móður- eða dótturfyrirtæki þess eða fyrirtækjum sem það er í viðskiptum við eða stjórnendum þeirra. Nefndin leggur til nokkra breytingu á greininni þar sem hún telur að það sé ekki nægilegt með tilliti til umfangs þeirra mála sem koma hugsanlega til embættisins að takmarka heimild þessa við einstaka starfsmenn eða stjórnarmenn í fyrirtæki þar sem fleiri geta haft slíkar upplýsingar, t.d. fyrrverandi starfsmenn eða starfsmenn annarra fyrirtækja eða stofnana. Nefndin leggur því til að ríkissaksóknara verði heimilt að ákveða, að uppfylltum skilyrðum greinarinnar og að fenginni rökstuddri tillögu frá hinum sérstaka saksóknara, að sá sem hefur frumkvæði að því að bjóða eða láta lögreglu eða saksóknara í té upplýsingar eða gögn, sæti ekki ákæru þótt upplýsingar eða gögnin leiði líkur að broti hans sjálfs.

Með þessari heimild er verið að víkja frá þeirri skyldu að sækja mann til saka fyrir brot og er heimildin því mjög vandmeðfarin. Þau sjónarmið komu fram fyrir nefndinni að saksóknari þyrfti einnig að geta haft frumkvæði að því að bjóða viðkomandi að sleppa við sak-

sókn gegn því að veita upplýsingar. Nefndin tekur í því sambandi fram að þessi heimild er undantekning frá þeirri almennu reglu að sækja menn til saka fyrir brot og telur því ekki unnt að fallast á þau sjónarmið. Frumkvæðið þarf að koma frá viðkomandi einstaklingi sem hefur brotið af sér en getur komið fram með upplýsingar um alvarlegra brot. Nefndin telur nauðsynlegt að taka skýrt fram í þessu sambandi að ef viðkomandi hefur í frammi rangar sakargiftir geti það aldrei leitt til refsileysis. Þá telur nefndin rétt að það komi fram í dómum að þessari heimild hafi verið beitt.

Frumvarp þetta tengist nokkuð frumvarpi til laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, þskj. 223 í 180. máli. Í greinargerð með því frumvarpi er tekið fram að rannsóknarnefndin eigi samstarf við forstöðumann hins nýja embættis reglulega og geti í þeim trúnaði sem ber að virða fylgst með framvindu mála. Nefndin telur eðlilegt að þetta samstarf eigi sér stað og enn fremur að slíkt samstarf og samvinna sé milli embættisins og þeirra eftirlitsstofnana sem hafa hlutverki að gegna í þessu sambandi, einkum Fjármálaeftirlitsins en einnig Samkeppnisstofnunar og skattyfirvalda.

Í fyrrnefndu rannsóknarnefndarfrumvarpi er ákvæði um að nefndin skuli birta opinberlega upplýsingar um hlutabréfaeign nefndarmanna í fjármálafyrirtækjum sem falla undir neyðarlögin svokölluðu og skuldir við þau, svo og starfsleg tengsl þeirra, maka þeirra og náinna skyldmenna þeirra við þá sem sinnt hafa stjórnunarstörfum í fjármálafyrirtækjunum eða þeim stofnunum ríkisins sem rannsókn nefndarinnar beinist að. Sama gildir um önnur atriði sem geta haft áhrif á sérstakt hæfi nefndarmanna. Upplýsingarnar skulu miðast við síðastliðin fimm ár fyrir gildistöku laganna, fjárhæðir sem eru yfir fimm milljónum króna og einnig eignarhluta umfram þá fjárhæð í félögum sem átt hafa hluti í umræddum fjármálafyrirtækjum 1. september 2008.

Markmiðið með ákvæðinu er að tryggja tiltrú almennings á starfi nefndarinnar og nefndarmönnum. Nefndin ræddi nokkuð um það hvort rétt væri að gera slíkar kröfur til þess sem gegna muni embætti sérstaks saksóknara þar sem með þessu er gengið mjög nærri stjórnarskrárbundnum réttindum um friðhelgi einkalífs, sérstaklega vegna skyldu til opinberrar birtingar. Telur nefndin þó að við þessar sérstöku aðstæður sem verið er að glíma við og vegna þeirra almenningshagsmuna sem í húfi eru, sem og þeirrar nauðsynjar að viðkomandi njóti almenns trausts við rannsókn þessara mála, sé rétt að leggja til að slíkt ákvæði verði tekið upp í frumvarpið hvað hinn sérstaka saksóknara varðar.

Nefndin ræddi einnig ákvæði 6. gr. en í henni er kveðið á um að dómsmálaráðherra geti hvenær sem er eftir 1. janúar 2010 lagt embættið niður. Telur nefndin að þegar litið er til þess hversu umfangsmikið verkefnið kann að vera sé nauðsynlegt að leggja til að gildistíminn verði til 1. janúar 2011. Þá telur nefndin einnig að ákvörðun um niðurlagningu embættisins eigi að vera í höndum Alþingis. Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra, að tillögu ríkissaksóknara, leggi fyrir þingið tillögu um framlengingu eða styttingu á líftíma embættisins.

Hinn sérstaki saksóknari þarf að fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara og ræddi nefndin nokkuð um aldurshámark samkvæmt aldurshámarki dómstólalaga. Telur nefndin að það sé til þess fallið að þrengja nokkuð þann hóp sem til greina kemur og leggur því til að heimilt verði að víkja frá skilyrðum um 70 ára aldurshámark við skipunina.

Þá leggur nefndin til smávægilegar lagfæringar á orðalagi. Ríkissaksóknari er æðsti handhafi almenns ákæruvalds og telur nefndin því rétt að leggja til breytingar á frumvarpinu sem eru til þess fallnar að skýra það hlutverk nánar. Þannig leggur nefndin til breytingar á 3. mgr. 2. gr. sem verður til þess að efni 4. mgr. 1. gr. verður óþarft og leggur til að sú málsgrein falli brott.

Embætti sérstaks saksóknara er ætlað að rannsaka mál og fylgja þeim eftir með saksókn eftir atvikum en í því felst að flytja mál og gefa út ákæru og því óþarft að taka það sérstaklega fram. Nefndin leggur loks til nokkrar lagfæringar sem varða tilvísanir í lög um meðferð opinberra mála og til laga um meðferð sakamála í ákvæði til bráðabirgða. Lög um meðferð sakamála munu taka gildi 1. janúar nk. og telur nefndin því rétt að í frumvarpinu sé almennt vísað til þeirra en að í ákvæði til bráðabirgða verði vísað til laga um meðferð opinberra mála þar sem gildistími þeirra rennur senn út. Þá leggur nefndin til að við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða vegna þess stutta tíma sem er fram að gildistöku laga um meðferð sakamála og varða réttarstöðu hins sérstaka saksóknara almennt og gagnvart ríkissaksóknara, ásamt heimild hans og starfsmanna hans til að flytja mál.

Nefndin telur frumvarpið til þess fallið að tryggja að þau mál sem kunna að koma í ljós og tengjast falli bankanna og setningu neyðarlaganna verði rannsökuð og saksótt með markvissum hætti og á grundvelli sérþekkingar og réttlátrar málsmeðferðar.

Að lokum leggur nefndin áherslu á mikilvægi þess að tryggðar verði nægar fjárveitingar til embættisins. Á þessu stigi eru ýmsir óvissuþættir í sambandi við umfang þeirra verkefna sem embættið fær til meðferðar, m.a. með tilliti til þarfar á aðkeyptri aðstoð innlendra og erlendra sérfræðinga. Mikilvægt er að fjárskortur standi ekki í vegi þess að ráðist verði í nauðsynlegar ráðstafanir í því sambandi.

Nefndin telur mikilvægt við núverandi aðstæður í þjóðfélaginu að haft sé samráð við allsherjarnefnd um skipun þess einstaklings sem valinn verður til að gegna embætti hins sérstaka saksóknara.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Atli Gíslason og Jón Magnússon skrifa undir álitið með fyrirvara.

Ólöf Nordal var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. des. 2008.

Birgir Ármannsson, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Atli Gíslason, með fyrirvara.
Sigurður Kári Kristjánsson.	Ellert B. Schram.	Siv Friðleifsdóttir.
Karl V. Matthíasson.		Jón Magnússon, með fyrirvara.

293. Breytingartillögur [141. mál]

við frv. til l. um embætti sérstaks saksóknara.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. 1. og 2. mgr. orðist svo:
      Sett skal á stofn embætti sérstaks saksóknara til að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda, tengslum við og kjölfar atburða er leiddu til setningar laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008, og þess ástands sem þá skapaðist á fjármálamarkaði, hvort sem það tengist starfsemi fjármálafyrirtækja, annarra lögaðila eða einstaklinga, og eftir atvikum fylgja rannsókn eftir með saksókn.
      Rannsóknar- og ákæruheimildir embættisins taka meðal annars til efnahags-, auðgunar- og skattabrota, þar með talið brota sem rannsökuð hafa verið af Fjármálaeftirlitinu, Samkeppniseftirlitinu og skattrannsóknarstjóra ríkisins og vísað hefur verið til lögreglu. Hinn sérstaki saksóknari hefur eftir þörfum samstarf við Fjármálaeftirlitið, Samkeppniseftirlitið og skattrannsóknarstjóra ríkisins og aðrar réttarvörslu- og eftirlitsstofnanir. Sé þess óskað skulu þessar stofnanir veita hinum sérstaka saksóknara upplýsingar um stöðu annarra mála en greinir í 1. málsl.
   b. 4. mgr. falli brott.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Dómsmálaráðherra skipar sérstakan saksóknara og skal hann veita forstöðu rannsóknar- og saksóknaraembætti skv. 1. gr. Skal hinn sérstaki saksóknari fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla. Heimilt er þó að víkja frá 70 ára aldurshámarki, sbr. 5. mgr. 31. gr. sömu laga. Hinn sérstaki saksóknari ræður annað starfsfólk embættisins.
   Ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um fimm ára skipunartíma og biðlaunarétt taka ekki til hins sérstaka saksóknara. Skipun hans fellur niður þegar embættið verður lagt niður eða það sameinað annarri ríkisstofnun, sbr. 7. gr. Hinn sérstaki saksóknari heldur þá óbreyttum launum í þrjá mánuði frá þeim tíma. Nú velst dómari til starfans og skal þá dómsmálaráðherra veita honum leyfi frá störfum á skipunartímanum.
   Hinn sérstaki saksóknari hefur stöðu og almennar heimildir lögreglustjóra samkvæmt lögreglulögum og ákæruvald skv. 1. gr. Skal staða hans vera hliðsett stöðu héraðssaksóknara skv. 18. gr. laga um meðferð sakamála, þar á meðal hefur hann og starfsmenn hans sambærilega heimild til að flytja mál fyrir dómi og héraðssaksóknari og starfsmenn hans skv. 2. mgr. 25. gr. þeirra laga. Ef háttsemi felur í sér annað eða önnur brot en þau sem hinn sérstaki saksóknari fer með skv. 1. gr. tekur ríkissaksóknari ákvörðun um það hvort hinn sérstaki saksóknari fari með málið eða hvort annar ákærandi skuli gera það. Ríkissaksóknari leysir á sama hátt úr öðrum ágreiningi sem kann að rísa um valdsvið hins sérstaka saksóknara og annarra ákærenda. Þá er hinum sérstaka saksóknara skylt að hlíta fyrirmælum ríkissaksóknara skv. 3. mgr. 21. gr. laga um meðferð sakamála eftir því sem við getur átt.

3. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi, og breytist röð annarra greina samkvæmt því:
   Hinn sérstaki saksóknari skal birta opinberlega upplýsingar um hlutabréfaeign sína í fjármálafyrirtækjum sem aðgerðir stjórnvalda samkvæmt lögum nr. 125/2008 hafa tekið til, skuldir hans við þau, svo og starfsleg tengsl hans, maka og náinna skyldmenna við þá sem sinnt hafa stjórnunarstörfum í umræddum fjármálafyrirtækjum eða þeim stofnunum ríkisins sem rannsókn embættisins beinist að. Sama gildir um önnur atriði sem haft geta áhrif á sérstakt hæfi hins sérstaka saksóknara. Upplýsingar þessar skulu miðast við síðastliðin fimm ár fyrir gildistöku laganna, fjárhæðir sem eru yfir fimm milljónir króna og einnig eignarhlut umfram þá fjárhæð í félögum sem átt hafa hluti í umræddum fjármálafyrirtækjum 1. september 2008.
4. Við 4. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Ríkissaksóknara er heimilt að ákveða, að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. og að fenginni rökstuddri tillögu frá hinum sérstaka saksóknara, að sá sem hefur frumkvæði að því að bjóða eða láta lögreglu eða saksóknara í té upplýsingar eða gögn sæti ekki ákæru þótt upplýsingarnar eða gögnin leiði líkur að broti hans sjálfs.
5. Við 5. gr. Orðin „laga um meðferð opinberra mála en eftir brottfall þeirra ákvæði“ falli brott.
6. 6. gr. orðist svo:
   Dómsmálaráðherra getur eftir 1. janúar 2011 lagt til, að fengnu áliti ríkissaksóknara, að embættið verði lagt niður. Skal hann þá leggja fyrir Alþingi frumvarp þess efnis. Verkefni embættisins hverfa þá til lögreglu eða ákærenda eftir almennum ákvæðum lögreglulaga og laga um meðferð sakamála.
7. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:
   Fram til 1. janúar 2009 hefur hinn sérstaki saksóknari sömu réttarstöðu og lögreglustjóri, þar á meðal hefur hann og starfsmenn hans sambærilega heimild til að flytja mál fyrir dómi og lögreglustjórar og starfsmenn hans skv. 2. mgr. 29. gr. laga um meðferð opinberra mála. Þá er hinum sérstaka saksóknara skylt að hlíta fyrirmælum ríkissaksóknara skv. 5. mgr. 27. gr. þeirra laga eftir því sem við getur átt.

294. Frumvarp til laga [217. mál]

um breyting á lögum nr. 88 12. júní 2008, um meðferð sakamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

232. gr. laganna orðast svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða VII og VIII.

2. gr.

A-liður ákvæðis til bráðabirgða II í lögunum fellur brott.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða VII í lögunum orðast svo:

Þrátt fyrir fyrirmæli 232. gr. koma ákvæði laga þessara um héraðssaksóknara, embætti hans og verksvið ekki til framkvæmdar fyrr en 1. janúar 2010. Fyrir þann tíma skal þó dómsmálaráðherra auglýsa laus til umsóknar embætti héraðssaksóknara, varahéraðssaksóknara og saksóknara og skipa í þau, svo og hefja undirbúning að því að embætti héraðssaksóknara taki til starfa.

Fram til 1. janúar 2010 eru ákærendur ríkissaksóknari og lögreglustjórar, þar á meðal ríkislögreglustjóri, og að auki, í umboði þeirra, vararíkissaksóknari, saksóknarar, aðstoðarsaksóknarar, saksóknarfulltrúar og löglærðir aðstoðarlögreglustjórar. Um verkaskiptingu milli ríkissaksóknara og lögreglustjóra fer samkvæmt því sem í 3.–5. mgr. segir.

Ríkissaksóknari höfðar sakamál ef um er að ræða eftirgreind brot á almennum hegningarlögum:

a. brot á ákvæðum X.–XVI. kafla laganna,
b. brot á ákvæðum XVII. kafla laganna, öðrum en 155.–158. gr.,
c. brot á ákvæðum XVIII.–XXII. kafla laganna,
d. brot á ákvæðum XXIII. kafla laganna, öðrum en 215. og 219. gr., ef brot tengist broti á umferðarlögum, og 217. gr. og 1. mgr. 218. gr.,
e. brot á ákvæðum XXIV. og XXV. kafla laganna, öðrum en 231., 232. og 233. gr.,
f. brot á 251. og 252. gr. laganna.

Ef háttsemi felur í sér annað eða önnur brot en tilgreind eru í 3. mgr., auk brots eða brota sem þar eru greind, tekur ríkissaksóknari ákvörðun um það hvort hann höfðar málið sjálfur eða hvort lögreglustjóri gerir það.

Lögreglustjórar, þar á meðal ríkislögreglustjóri, höfða önnur sakamál en þau sem ríkissaksóknari höfðar skv. 3. og 4. mgr.

Fram til 1. janúar 2010 gegnir ríkissaksóknari því hlutverki sem héraðssaksóknara er ætlað í 2. málsl. 3. mgr. 23. gr., 2.–4. mgr. 24. gr., 2.–4. mgr. 26. gr., 2. mgr. 40. gr., 5. og 6. mgr. 52. gr., 2. mgr. 85. gr., 1. mgr. 92. gr., 5. mgr. 146. gr., 2. mgr. og 1. málsl. 4. mgr. 147. gr., 3. mgr. 148. gr., 4. mgr. 149. gr., 6. mgr. 150. gr. og 3. mgr. 163. gr.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Héraðssaksóknari skal taka við sókn máls sem höfðað hefur verið fyrir 1. janúar 2010 af lögreglustjóra, þar með talið ríkislögreglustjóra, ef þá er ekki lengur heimild fyrir ákæruvaldi lögreglustjórans í ákvæðum III. kafla, sbr. ákvæði til bráðabirgða VII.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til að embætti héraðssaksóknara verði sett á stofn 1. janúar 2010 í stað 1. janúar 2009. Frumvarpið er liður í sparnaðaraðgerðum dóms- og kirkjumálaráðuneytis vegna komandi fjárlagaárs.

Lög um meðferð sakamála, nr. 88 12. júní 2008, taka gildi 1. janúar 2009 og leysa þau af hólmi lög um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum. Í hinum nýju lögum er meðal annars mælt fyrir um að sett skuli á fót embætti héraðssaksóknara, og

verður það nýtt stjórnsýslustig innan ákæruvaldsins. Í kostnaðarmati því, sem fylgdi frumvarpi til laga um meðferð sakamála (þskj. 252, 233. mál 135. löggjafarþings) kemur fram að ef frumvarpið verði að lögum leiði það til 62 millj. kr. hækkunar rekstrarkostnaðar á þessu sviði dómsmálaráðuneytisins. Einnig var gert ráð fyrir að við stofnun embættisins félli til tímabundinn stofnkostnaður sem næmi um 10 millj. kr. Kostnaðarumsögnin miðaðist því við 72 millj. kr. viðbótarútgjöld á ársgrundvelli.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir 35 millj. kr. fjárveitingu. Að auki fer nú fram endurskoðun á fjárlagafrumvarpinu með því markmiði að ná fram sparnaði á útgjöldum ríkissjóðs.

Í ljósi framangreinds er það tillaga dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að frestað verði um eitt ár að setja embætti héraðssaksóknara á fót. Ákvæði laga um meðferð sakamála taki að öðru leyti gildi 1. janúar 2009.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.–3. gr.

Gert er ráð fyrir að lög um meðferð sakamála taki gildi 1. janúar 2009 en ákvæði laganna um embætti héraðssaksóknara komi þó ekki til framkvæmdar fyrr en 1. janúar 2010. Fyrir þann tíma skuli dómsmálaráðherra auglýsa laus til umsóknar embætti héraðssaksóknara, varahéraðssaksóknara og saksóknara þar og skipa í þau, svo og hefja undirbúning að því að embættisskrifstofan taki til starfa.

Lagt er til að miðað verði við núgildandi skipan þegar kemur að verkaskiptingu milli ríkissaksóknara og lögreglustjóra, þar á meðal ríkislögreglustjóra, um meðferð ákæruvalds, sbr. 3. gr. frumvarpsins, en ákvæðin um það eru sama efnis og 3. og 4. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 28. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Um 4. gr.

Ákvæðið er efnislega hið sama og það sem lagt er til að falli niður í 2. gr. frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að stofnun sérstaks embættis héraðssaksóknara verði frestað um eitt ár. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir 35,4 m.kr. fjárveitingu til embættisins og var gert ráð fyrir því að embættið tæki formlega til starfa er liði á árið 2009. Vegna þeirra efnahagsáfalla sem dunið hafa yfir liggur fyrir að forsendur fjárlagafrumvarpsins eru gerbreyttar og að draga þarf verulega úr útgjöldum næstu árin. Verði frumvarpið óbreytt að lögum munu framangreind útgjöld ekki falla til á næsta ári.

295. Frumvarp til laga [218. mál]

um breyting á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Menntamálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Ríkisútvarpinu ohf. ber að gera sérstakan þjónustusamning um rekstur útvarpsþjónustu í almannaþágu til fimm ára í senn. Leita skal umsagnar útvarpsréttarnefndar um þjónustusamninginn áður en hann er undirritaður. Þjónustusamningurinn skal lúta reglum 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, og reglum settum samkvæmt því ákvæði. Samningurinn skal m.a. hafa að geyma ákvæði um eftirfarandi:

1. Umfang og skilgreiningu útvarpsþjónustu í almannaþágu.
2. Reikningsskil og aðskilnað í bókhaldi.
3. Mat á kostnaði við rekstur almannaþjónustu.
4. Eftirlit með ráðstöfun ríkisstyrks til útvarpsþjónustu í almannaþágu.
5. Skýrslugjöf til menntamálaráðuneytis og útvarpsréttarnefndar.
6. Reglulegt samráð menntamálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins ohf. um framkvæmd útvarpsþjónustu í almannaþágu.

b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ríkisútvarpið ohf. skal tilkynna útvarpsréttarnefnd hyggist það taka upp nýja þjónustu. Útvarpsréttarnefnd metur hvort þjónustan teljist vera útvarpsþjónusta í almannaþágu eins og hún er skilgreind í 2. mgr., að teknu tilliti til þess efnis sem miðlað verður og fyrirhugaðrar miðlunaraðferðar. Útvarpsréttarnefnd setur sér reglur um mat á útvarpsþjónustu í almannaþágu.

Ríkisútvarpið ohf. skal eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok hvers fjárhagsárs láta útvarpsréttarnefnd í té allar nauðsynlegar upplýsingar til að sannreyna megi hvernig félagið hefur uppfyllt skyldur sínar samkvæmt gildandi lögum og reglum um ríkisstyrki til útvarpsþjónustu í almannaþágu. Útvarpsréttarnefnd ber á grundvelli þeirra upplýsinga að kostnaðargreina starfsemi Ríkisútvarpsins ohf. skv. 2. mgr., að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfsemi Ríkisútvarpsins ohf. sem fellur undir 4. gr. Útvarpsréttarnefnd er heimilt að fela óháðum aðila afmarkaða þætti í kostnaðargreiningu samkvæmt þessu ákvæði.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Síðari málsliður orðast svo: Ríkisútvarpinu ohf. er því óheimilt að nota fjármuni frá rekstri útvarpsþjónustu í almannaþágu skv. 3. gr. til greiðslu kostnaðar vegna annarrar starfsemi.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ríkisútvarpinu ohf. er þrátt fyrir 1. mgr. heimilt að nota fjármuni frá rekstri annarrar starfsemi skv. 4. gr. til greiðslu kostnaðar vegna útvarpsþjónustu í almannaþágu skv. 3. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Tekjustofnar“ í 1. mgr. kemur: Tekjur.
b. Á eftir 1. málsl. 1. tölul. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Gjaldið rennur í ríkissjóð.
c. Í stað fjárhæðarinnar „14.580 kr.“ í 3. málsl. 1. tölul. 1. mgr. kemur: 17.900 kr.
d. 2. og 3. málsl. 2. tölul. 1. mgr. falla brott.
e. Við 2. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Í stað tíu gjalddaga skal gjalddagi einstaklinga vera einn, 1. ágúst ár hvert. Dragist framlagning álagningarskrár fram yfir 1. ágúst færist gjalddagi til 1. dags næsta mánaðar eftir framlagningu.
f. 3. mgr. fellur brott.
g. 4. mgr. orðast svo:
   Stjórn félagsins skal setja gjaldskrár fyrir birtingu auglýsinga og aðra skylda tekjustofna, þar á meðal sölu á efni úr myndasafni þess. Gjaldskrár skal birta og skal þar gerð grein fyrir öllum afsláttarkjörum.
h. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Tekjur*.

4. gr.

Á eftir 11. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 12. og 13. gr., svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

a. (12. gr.)

Hlutfall auglýsinga í dagskrá.

Í því skyni að tryggja fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði skulu eftirfarandi takmarkanir gilda um birtingu sjónvarpsauglýsinga hjá Ríkisútvarpinu ohf.:

a. Hlutfall auglýsinga af daglegum útsendingartíma Ríkisútvarpsins ohf., að kjörtíma undanskildum, skal eigi vera hærra en 10%. Á kjörtíma skal þetta hlutfall eigi vera hærra en 5%. Kjörtími telst útsendingartíminn frá kl. 19.00 til 22.00.
b. Hver auglýsingatími skal vera innan við 200 sekúndur. Ekki skulu vera fleiri en tveir auglýsingatímar á hverri klukkustund útsendingar. Óheimilt er að rjúfa dagskrárliði sem eru styttri en 45 mínútur með auglýsingatíma.

b. (13. gr.)

Auglýsingar sem beint er að börnum, kostun og vöruinnsetning.

Ríkisútvarpinu ohf. er óheimilt að sýna auglýsingar meðan á útsendingu barnaefnis stendur. Óheimilt er að sýna auglýsingar sem beinast að börnum í 10 mínútur fyrir og eftir útsendingu slíks efnis.

Ríkisútvarpinu ohf. er óheimilt að afla tekna með kostun, nema þegar um er að ræða tiltekna stórviðburði. Nánar skal kveðið á um heimildir til kostunar í þjónustusamningi skv. 3. mgr. 3. gr.

Ríkisútvarpinu ohf. er óheimilt að afla tekna með vöruinnsetningu.

5. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna orðast svo: **Fjárhagsmálefni o.fl.**

6. gr.

Á eftir IV. kafla laganna kemur nýr kafli, V. kafli, **Eftirlit og viðurlög,** með þremur nýjum greinum, 14.–16. gr., og breytast önnur kafla- og greinanúmer samkvæmt því. Þessar nýju greinar orðast svo ásamt fyrirsögn:

a. (14. gr.)

Eftirlit.

Útvarpsréttarnefnd annast eftirlit með framkvæmd laga þessara.

Hlutverk útvarpsréttarnefndar er að hafa eftirlit með því að starfsemi Ríkisútvarpsins ohf. sé í samræmi við lög þessi og að framfylgja boðum og bönnum laganna.

Útvarpsréttarnefnd getur tekið upp mál að eigin frumkvæði telji hún ástæðu til að ætla að starfsemi Ríkisútvarpsins ohf. sé ekki í samræmi við ákvæði laganna. Berist nefndinni erindi þess efnis tekur hún ákvörðun um hvort það gefi nægar ástæður til rannsóknar. Við afgreiðslu mála er nefndinni heimilt að raða málum í forgangsröð.

Ríkisútvarpið ohf. skal að kröfu útvarpsréttarnefndar láta henni í té allar þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar til að rækja hlutverk sitt samkvæmt lögum þessum.

b. (15. gr.)

Stjórnvaldssektir.

Útvarpsréttarnefnd getur lagt stjórnvaldssektir á Ríkisútvarpið ohf. brjóti það gegn:

a. ákvæði 4. og 5. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 14. gr. um upplýsinga- og tilkynningaskyldu,
b. ákvæði 5. gr. um fjárhagslegan aðskilnað,
c. ákvæði 12. gr. um hlutfall auglýsinga í dagskrá,
d. ákvæði 13. gr. um auglýsingar sem beint er að börnum, kostun og vöruinnsetningu.

Sektir skv. 1. mgr. geta numið allt að 10 millj. kr. Við ákvörðun sektar skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna Ríkisútvarpsins ohf. af broti þegar það á við.

Falla má frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða sé af öðrum ástæðum ekki talin þörf á beitingu sekta.

c. (16. gr.)

Fullnusta.

Ákvarðanir útvarpsréttarnefndar samkvæmt lögum þessum eru fullnaðarúrlausnir á stjórnsýslustigi og sæta ekki stjórnsýslukæru.

Nú vill aðili ekki una ákvörðun útvarpsréttarnefndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar hennar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun útvarpsréttarnefndar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar útvarpsréttarnefndar.

Ákvarðanir útvarpsréttarnefndar um stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar. Innheimtar stjórnvaldssektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði a-liðar 4. gr. laga þessara skal taka til endurskoðunar fyrir 1. júlí 2009. Takmarkanir sem ákveðnar eru skv. a-lið 4. gr. skulu sæta endurskoðun fyrir þann tíma ef aðstæður

á útvarpsmarkaði gefa tilefni til, svo sem vegna fákeppni eða samþjöppunar eignarhalds á fjölmiðlum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum menntamálaráðuneytisins. Tilefni þess er fyrst og fremst endurskoðun á 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., þar sem fjallað er um tekjustofna Ríkisútvarpsins ohf., en þar er gert ráð fyrir að tekið verði upp sérstakt gjald sem leggst á einstaklinga og lögaðila 1. janúar 2009. Með frumvarpinu eru einnig lagðar til frekari breytingar á lögunum sem miða að því að gera starfsemi félagsins gagnsærri og bæta samkeppnisumhverfi fjölmiðla.

Helstu breytingar frumvarpsins varða í fyrsta lagi ákvæði 11. gr. laganna um tekjustofna Ríkisútvarpsins ohf. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar sem miða að því að koma á skilvirku eftirliti með starfsemi Ríkisútvarpsins ohf., þar á meðal með álagningu stjórnvaldssekta, og skilja með afgerandi hætti á milli eftirlits með lögunum og eignarhalds á félaginu. Í þriðja lagi er lagt til að ákvæði laganna um þjónustusamning um rekstur útvarpsþjónustu í almannaþágu á milli menntamálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Ríkisútvarpsins ohf. verði gerð ítarlegri. Í fjórða lagi er lagt til að þrátt fyrir ákvæði 5. gr. laganna um fjárhagslegan aðskilnað verði Ríkisútvarpinu ohf. eftirleiðis heimilt að ráðstafa fjármunum frá rekstri annarrar starfsemi skv. 4. gr. til greiðslu kostnaðar vegna útvarpsþjónustu í almannaþágu skv. 3. gr. laganna. Loks er lagt til að sett verði sérstakt ákvæði sem takmarkar heimild Ríkisútvarpsins ohf. til tekjuöflunar með sölu auglýsinga, kostun og vöruinnsetningu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a-lið.

Lagðar eru til breytingar á 3. mgr. 3. gr. laganna sem miða að því að gera umgjörð laganna um þjónustusamning þann sem menntamálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Ríkisútvarpið ohf. gera sín á milli skýrari. Með þessari breytingu er markmiðið að lýsa nánar í lögunum tilgangi þjónustusamningins og inntaki hans, að teknu tilliti til þeirra krafna sem gerðar eru til félagsins á grundvelli laganna. Gert er ráð fyrir að samningurinn verði til fimm ára og að skylt verði að leita umsagnar útvarpsréttarnefndar um efni hans áður en hann er undirritaður, en ekki er mælt fyrir um slíkt í núgildandi lögum. Tekið er fram að þjónustusamningurinn lúti reglum 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og reglum settum samkvæmt því ákvæði, en um það atriði vísast nánar til athugasemda við 3. gr. frumvarpsins.

Um b-lið.

Lagt er til að við 3. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar. Í hinni fyrri er útvarpsréttarnefnd falið að meta hvort ný þjónusta sem Ríkisútvarpið ohf. hyggst veita telst vera útvarpsþjónusta í almannaþágu, en standa má straum af slíkri þjónustu með ríkisstyrkjum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Með nýrri þjónustu er átt við samfellt og viðvarandi framboð þjónustu eftir tiltekinni miðlunaraðferð sem ekki telst falla undir þá þjónustu sem þegar er lýst í 2. mgr. 3. gr. laganna. Útvíkkun á umfangi útvarpsþjónustu í almannaþágu er ávallt háð undangengnu mati á því hvort þjónustan falli undir heimildarákvæði 2. mgr. 59. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. einnig kafla 24C.6.1. í leiðbeinandi reglum ríkisstyrkja- og samkeppnisdeildar Eftirlitsstofnunar EFTA um útvarpsþjónustu í almannaþágu, frá 23. apríl 2004.

Hingað til hefur menntamálaráðuneytið metið hvort ný þjónusta teljist vera útvarpsþjónusta í almannaþágu, eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 3. gr. laganna, eða eftir atvikum önnur starfsemi í skilningi 4. gr., og gilda um þetta reglur menntamálaráðuneytisins nr. 275/2007. Óheppilegt þykir að mat á þessu atriði sé í höndum menntamálaráðuneytis þar sem það fer með eignarhlut íslenska ríkisins í Ríkisútvarpinu ohf. og getur því ekki talist fyllilega óháður aðili að þessu leyti. Er því lagt til að útvarpsréttarnefnd verði falið að meta þetta og er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpinu ohf. sé skylt að tilkynna nefndinni um hvers konar nýja þjónustu sem það hyggst taka upp til viðbótar þeirri þjónustu sem skilgreind er í 2. mgr. 3. gr. laganna. Við matið skal útvarpsréttarnefnd leitast við að tryggja að þjónustan uppfylli menningarlegar, lýðræðislegar og félagslegar þarfir íslensks samfélags. Gert er ráð fyrir að nefndin setji sér verklagsreglur um mat á útvarpsþjónustu í almannaþágu, en í samræmi við framangreinda breytingu þykir eðlilegt að hinn sjálfstæði matsaðili setji sér sjálfur reglur að þessu leyti. Við mat á nýrri þjónustu getur nefndin að sjálfsögðu leitað umsagnar eða álits hjá þar til bærum sérfræðingum eftir því sem þurfa þykir.

Hin málsgreinin sem lagt er til að bætist við 3. gr. fjallar um skyldu Ríkisútvarpsins ohf. til að láta útvarpsréttarnefnd í té upplýsingar til að sannreyna megi hvernig félagið hefur uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum og reglum um ríkisstyrki til útvarpsþjónustu í almannaþágu. Lagt er til að nefndinni verði falið það hlutverk að kostnaðargreina starfsemi félagsins vegna útvarpsþjónustu í almannaþágu að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði vegna annarrar starfsemi félagsins. Hingað til hefur ríkisendurskoðun verið falið að sannreyna hvernig Ríkisútvarpið ohf. uppfyllir skyldur sínar samkvæmt fyrrgreindum reglum ríkisstyrkja- og samkeppnisdeildar Eftirlitsstofnunar EFTA og jafnframt sannreynt kostnaðargreiningu á hlutverki félagsins við rekstur útvarpsþjónustu í almannaþágu á grundvelli ársreiknings og upplýsinga frá félaginu, sbr. ákvæði í núgildandi þjónustusamningi menntamálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins ohf. Með hliðsjón af því hlutverki sem útvarpsréttarnefnd er fengið með frumvarpi þessu þykir eðlilegt að eftirlit sé að þessu leyti í höndum nefndarinnar. Hins vegar er lagt til að útvarpsréttarnefnd verði heimilt að fela óháðum aðila afmarkaða þætti í kostnaðargreiningunni svo sem ríkisendurskoðun eða öðrum með viðeigandi þekkingu.

Um 2. gr.

Með þessari grein eru lagðar til breytingar á 5. gr. laganna sem fjallar um fjárhagslegan aðskilnað reksturs sem fellur undir útvarpsþjónustu í almannaþágu annars vegar og reksturs vegna annarrar starfsemi hins vegar.

Um a-lið.

Lögð er til orðalagsbreyting á síðari málslið 5. gr., en í ákvæðinu er áréttað að Ríkisútvarpinu ohf. sé óheimilt að nota fjármuni frá rekstri útvarpsþjónustu í almannaþágu til greiðslu kostnaðar vegna annarrar starfsemi. Lagt er til að síðasti hluti málsliðarins verði felldur á brott, enda augljóst að til annarrar starfsemi heyrir samkeppnisrekstur og því ekki nauðsynlegt að tilgreina þetta sérstaklega. Þess skal hins vegar að sjálfsögðu sérstaklega gætt að tekju- og kostnaðarliðum vegna þeirrar starfsemi sem fellur undir útvarpsþjónustu í almannaþágu annars vegar og annarrar starfsemi sem flokka má sem samkeppnisrekstur hins vegar sé haldið aðskildum. Með þessu er leitast við að tryggja að tekjur frá útvarpsþjónustu í almannaþágu séu ekki nýttar til niðurgreiðslu á annarri starfsemi.

Um b-lið.

Lagt er til að lögfest verði undantekning frá meginreglu 1. mgr. þess efnis að Ríkisútvarpinu ohf. verði heimilt að ráðstafa fjármunum frá rekstri annarrar starfsemi skv. 4. gr. til greiðslu kostnaðar vegna útvarpsþjónustu í almannaþágu skv. 3. gr. laganna. Ákvæði þessu er ætlað að hvetja Ríkisútvarpið ohf. til aukinnar verðmætasköpunar og öflugrar útvarpsþjónustu í almannaþágu. Þess má geta að þetta fyrirkomulag hefur verið við lýði í ýmsum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og gefist vel.

Um 3. gr.

Í 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., er gert ráð fyrir að í stað útvarpsgjalds verði tekið upp sérstakt gjald sem lagt verði á einstaklinga og lögaðila 1. janúar 2009. Frá sama tíma falla úr gildi 12., 13., 14. og 16. gr. laga nr. 122/2000, um útvarpsgjald og innheimtu þess. Eins og rakið er í athugasemdum við c-lið greinarinnar var við það miðað að við þetta tímamark yrði fjárhæð gjaldsins endurskoðuð. Ljóst er hins vegar, eins og nánar er rakið í skýringum við einstaka liði ákvæðisins, að ákveðin vandkvæði eru á innheimtu gjaldsins og ráðstöfun þess til félagsins. Af ákvæðum II. kafla laga um Ríkisútvarpið ohf. leiðir enn fremur að meginhlutverk félagsins er hvers konar útvarpsrekstur í almannaþágu. Þá er í 3. mgr. 3. gr. laganna, sbr. 1. gr. frumvarpsins, tekið fram að menntamálaráðherra og Ríkisútvarpinu ohf. beri að gera sérstakan þjónustusamning um markmið, umfang og nánari kröfur um útvarpsþjónustu í almannaþágu, auk annarra atriða sem þar eru nánar greind. Af 6. mgr. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, leiðir svo, sem áður segir, að fylgja ber ákvæðum greinarinnar við gerð þjónustusamningsins. Í þessu ljósi þykir m.a. rétt að innheimt gjald skv. 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna renni í ríkissjóð. Þannig fær félagið ekki gjaldið til sín. Hins vegar má gera ráð fyrir því að tekjur af gjaldinu muni ásamt öðru hafa áhrif á ákvörðun um greiðslur samkvæmt þjónustusamningi. Rétt er að undirstrika að nefnt ákvæði laga um fjárreiður ríkisins gerir ráð fyrir því að þjónustusamningar geti verið til allt að sex ára, en eins og áður greinir er í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að þjónustusamningurinn verði til fimm ára í senn. Samkvæmt því sem hér er lagt til ættu fjárhagslegar forsendur fyrir framkvæmd þjónustusamningsins að vera ljósar. Í samræmi við þessa framsetningu er lagt til að heiti greinarinnar verði breytt til samræmis við 2. og 3. tölul. þar sem talað er um tekjur félagsins og að gjaldið renni í ríkissjóð.

Í c-lið er lagt til að fjárhæð gjalds skv. 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna hækki úr 14.580 kr. í 17.900 kr. Í athugasemdum við 1. mgr. 11. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 6/2007 kemur fram að við útreikninga á gjaldinu hafi verið gert ráð fyrir óbreyttum tekjum Ríkisútvarpsins ohf. og höfð hliðsjón af tekjustreymi félagsins á árunum 2005 og 2006 og lagt til grundvallar að allir gjaldendur sem féllu undir lögin stæðu skil á gjaldinu. Í frumvarpinu var jafnframt tekið fram að eðlilegt væri að fjárhæð gjaldsins yrði endurskoðuð þegar nær drægi breytingu á tekjustofnum Ríkisútvarpsins ohf. úr útvarpsgjaldi í sérstakt gjald skv. 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna. Þá var því sjónarmiði lýst að haga bæri álagningu gjaldsins þannig að hvert heimili með tvo einstaklinga sem greiða mundu gjaldið yrði nokkurn veginn jafnsett eftir upptöku gjaldsins. Við það er miðað að þeir einstaklingar sem greiða í Framkvæmdasjóð aldraðra greiði sérstakt gjald, svo og þeir lögaðilar sem eru skattskyldir og bera sjálfstæða skattaðild. Undanskilin álagningu gjaldsins eru dánarbú, þrotabú og ýmsir lögaðilar, svo sem stofnanir í eigu ríkis og sveitarfélaga, félagasamtök og sjálfseignarstofnanir sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni. Til viðmiðunar var gjald í framkvæmdasjóð aldraðra lagt á 185.532 einstaklinga álagningarárið 2008 vegna tekna árið 2007 og hafði þeim fjölgað um

2,35% frá árinu á undan. Undanþegnir gjaldinu voru einstaklingar með tekjuskattsstofn undir 1.080.067 kr., þ.m.t. námsmenn 16 ára og eldri undir þeim tekjumörkum. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra voru lögaðilar á skrá í október sl. 41.198. Af þeim voru lögð opinber gjöld á 32.868 vegna tekna þeirra á árinu 2007. Fjöldi lögaðila sem greiddi opinber gjöld í október sl. var 24.409. Með hliðsjón af framansögðu, og að teknu tilliti til þess að atvinnu- og tekjuhorfur eru ekki bjartar nú um stundir, þykir varlegt að áætla að greiðendur gjaldsins geti verið um 205.000 á árinu 2009, en vitanlega ríkir nokkur óvissa um þann fjölda. Með því að láta gjaldið renna í ríkissjóð er aukin vissa í rekstri Ríkisútvarpsins ohf., en ríkissjóður mun bera áhættuna af óvissu um fjölda greiðenda sem félagið hefði ella borið.

Árleg greiðsluskylda útvarpsgjalds skv. 12. gr. laga um útvarpsgjald og innheimtu þess nemur nú 35.940 kr. á hvert heimili. Í frumvarpi þessu er lagt til að hækkun gjaldsins frá því sem ákveðið er í 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga um Ríkisútvarpið ohf. taki mið af því sjónarmiði sem áður er lýst, að haga bæri álagningu gjaldsins þannig að heimili með tvo einstaklinga sem greiða mundu gjaldið verði því næst sem jafnsett eftir upptöku gjaldsins. Jafnframt tekur hækkun gjaldsins mið af því sjónarmiði að skapa svigrúm fyrir minni tekjur félagsins á auglýsingamarkaði. Samkvæmt þessu yrði gjaldið 17.900 kr., sem felur í sér rétt um 23% hækkun heildartekna Ríkisútvarpsins ohf. frá gildandi lögum. Tekjuaukning félagsins stafar að mestu af því að lögaðilar með sjálfstæða skattaðild greiða gjaldið nú, en greiddu það ekki áður. Rétt er að benda á að upptaka gjaldsins snertir gjaldendur með ólíkum hætti eftir því annars vegar hve margir deildu greiðslum afnotagjalds og hins vegar hvernig álagningin varðar einstaklinga og lögaðila. Þannig munu sumir verða undanþegnir gjaldinu og greiðslur þeirra sem eru einir í heimili munu í flestum tilvikum lækka.

Í d-lið er lagt til að 2. og 3. málsl. 2. tölul. 1. mgr. falli brott, en það er í samræmi við 4. gr. frumvarpsins þar sem lagt til að tvö ný ákvæði, 12. og 13. gr., um auglýsingar í dagskrá, verði lögfest.

Þá er í e-lið lagt til að tveir nýir málsliðir bætist við 2. mgr. þar sem við það verði miðað að gjalddagi skv. 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna verið einn í stað 10 eins og kveðið er á um í tilvitnuðum ákvæðum laga um tekjuskatt. Er hér fylgt sömu málsmeðferð og gildir um greiðslu gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Enn fremur er í f-lið lagt til að 3. mgr. falli brott. Í lögum um Ríkisútvarpið ohf. og greinargerð með frumvarpi því er varð að þeim lögum er skýrt að tekjur Ríkisútvarpsins ohf. af hinu sérstaka gjaldi skv. 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna taka mið af því gjaldi sem raunverulega innheimtist. Þannig skal áætla fyrir gjaldinu fyrir fram í fjárlögum og greiða til félagsins mánaðarlega 1/12 af áætluðum tekjum vegna gjaldsins árið á eftir. Þegar raunálagning liggur fyrir á haustmánuðum skal gera upp við félagið miðað við rauntekjur. Í þessu felst að ef innheimt fjárhæð gjaldsins verður hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir rennur mismunurinn til félagsins. Ef fjárhæðin reyndist á hinn bóginn lægri, getur það leitt til þess að félagið fái skert eða jafnvel ekkert rekstrarfé síðustu mánuði ársins. Miðað við efnahagshorfur má reikna með því að áætlun sem taki mið af greiðendafjölda 2008, þar sem byggt er á álagningu ársins 2007, feli í sér ofáætlun á fjölda greiðenda á árinu 2009. Þannig er varlegt að reikna með því að greiðendur geti mögulega orðið færri en gengið er út frá í áætluninni. Í stað þess að búa við slíka óvissu þar sem Ríkisútvarpið yrði í áætlunum sínum að taka mið af slíkum aðstæðum er, eins og rakið hefur verið, lagt til að gjaldið greiðist í ríkissjóð.

Loks er lagt til að 4. mgr., þar sem fjallað er um gjaldskrár fyrir birtingu auglýsinga og aðra skylda tekjustofna, verði gerð skýrari, auk þess sem lagt er til að áskilið verði að gjaldskrár skuli birta og að í þeim skuli gerð grein fyrir öllum afsláttarkjörum. Þessi breyting

miðar m.a. að því að gera starfsemi Ríkisútvarpsins ohf. gagnsærri og tryggja að jafnræðis sé gætt í verðlagningu hjá félaginu. Hvað birtingu gjaldskráa varðar þykir eðlilegt að þær verði birtar á heimasíðu félagsins eða með öðrum sambærilegum hætti.

Um 4. gr.

Um a-lið (12. gr.).

Greininni er ætlað að skapa umgjörð um þátttöku Ríkisútvarpsins ohf á auglýsingamarkaði.

Samkvæmt 1. mgr. skal hlutfall auglýsinga af daglegum útsendingartíma Ríkisútvarpsins ohf. vera innan við 10%, að kjörtíma undanskildum en þá má hlutfall auglýsinga ekki fara yfir 5%. Kjörtími er hér skilgreindur sem útsendingartíminn frá kl. 19.00 til 22.00. Órofinn og samfelldur auglýsingatími skal vera innan við 200 sekúndur og skulu að hámarki vera tveir auglýsingatímar á hverri klukkustund útsendingar. Þá er mælt fyrir um að óheimilt sé að rjúfa dagskrárliði sem eru styttri en 45 mínútur með auglýsingatíma.

Með því að takmarka svigrúm Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði er stefnt að því að treysta rekstur sjálfstætt starfandi fjölmiðla og stuðla að sem fjölbreyttustu fjölmiðlaumhverfi á Íslandi.

Um b-lið (13. gr.).

Í 1. mgr. er bann lagt við birtingu auglýsinga á útsendingartíma barnaefnis, sem og bann við birtingu auglýsinga er beinast að börnum 10 mínútur fyrir og eftir útsendingu slíks efnis.

Í 2. mgr. eru settar reglur um kostun og er meginreglan sú að kostun dagskrárefnis er óheimil. Frá því eru undantekningar varðandi tiltekna stórviðburði. Nánar skal kveðið á um heimildir til kostunar í þjónustusamningi. Með viðburðum í þessu samhengi er t.d. átt við heimsmeistarakeppni og Evrópumeistarakeppni í knattspyrnu, Ólympíuleika og úrslitakeppni söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva (Evróvisjón). Gert er ráð fyrir því að nánari reglur verði settar um sambærilega innlenda atburði í þjónustusamningi, t.d. innlenda íþróttaviðburði, að svo miklu leyti sem útsending slíkra viðburða telst ekki vera í samkeppni við önnur útvarpsfyrirtæki. Dæmi um innlenda viðburði sem undanþága ætti að taka til eru t.a.m. Íslensku tónlistarverðlaunin, Eddan, Gríman og aðrir sambærilegir menningarviðburðir.

Í 3. mgr. er bann lagt við því að Ríkisútvarpið ohf. afli sér tekna með vöruinnsetningu. Með vöruinnsetningu er hér átt við samninga við framleiðendur vöru og þjónustu um óbeina kynningu á vörum þeirra eða þjónustu með innsetningu þeirra í sviðsmyndir og hvers konar umfjöllun sem kann að hafa markaðslegt gildi.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Með 6. gr. frumvarpsins er lagt til að nýjum kafla, þar sem fjallað verði um eftirlit með starfsemi Ríkisútvarpsins ohf. og viðurlög við brotum á einstökum ákvæðum laganna, verði bætt við lögin. Í lögunum er ekki gert ráð fyrir að sérstakur aðili annist eftirlit með því að starfsemi félagsins sé í samræmi við ákvæði þeirra. Hins vegar hafa stjórnvöld á borð við útvarpsréttarnefnd, Samkeppniseftirlitið og Neytendastofu eftirlit með starfsemi félagsins á grundvelli viðkomandi sérlaga og geta þau eftir atvikum gripið til álagningar stjórnvaldssekta sé starfsemi þess ekki í samræmi við viðkomandi lög. Þrátt fyrir eftirlit með starfsemi félagsins á grundvelli annarra laga er ekki fyrir hendi sérstakt eftirlit með starfsemi þess á grund-

velli laga nr. 6/2007 og brjóti hún í bága við ákvæði laganna er ekki unnt að grípa til neins konar úrræða. Telji einhver aðili að Ríkisútvarpið ohf. hafi brotið gegn lögunum er honum þó að sjálfsögðu frjálst að leita til dómstóla geti hann sýnt fram á lögvarða hagsmuni af því. Í framkvæmd hefur skortur á eftirliti með starfsemi félagsins og viðeigandi úrræðum sé brotið gegn lögunum þótt óheppilegur. Er því lagt til að útvarpsréttarnefnd, sem sjálfstæðu stjórnvaldi, verði falið eftirlit með starfsemi Ríkisútvarpsins ohf. á grundvelli laganna og nefndinni veitt heimild til að beita stjórnvaldssektum vegna tiltekinna brota gegn ákvæðum þeirra. Með virku eftirliti er stefnt að því að auka gagnsæi í starfsemi Ríkisútvarpsins ohf. og tryggja enn frekar að það sinni því hlutverki sem því er ætlað í almannaþágu.

Um a-lið (14. gr.).

Lagt er til að lögfest verði nýtt ákvæði um eftirlit útvarpsréttarnefndar með framkvæmd laganna. Gert er ráð fyrir því að nefndin geti bæði tekið upp mál að eigin frumkvæði og tekið við erindum er varða ætluð brot Ríkisútvarpsins ohf. á ákvæðum laganna. Ennfremur er lögð víðtæk upplýsingaskylda á félagið og ber því að kröfu útvarpsréttarnefndar að láta henni í té allar þær upplýsingar sem nefndin telur nauðsynlegar til að rækja umrætt eftirlitshlutverk sitt.

Um b-lið (15. gr.).

Lagt er til að lögfest verði nýtt ákvæði þar sem útvarpsréttarnefnd er veitt heimild til þess að leggja stjórnvaldssektir á Ríkisútvarpið ohf. brjóti það gegn nánar tilgreindum ákvæðum laganna. Lagt er til að viðurlög við brotum gegn lögunum verði stjórnvaldssektir fremur en hefðbundnar refsingar þar sem þau brot sem tilgreind eru í ákvæðinu þykja almennt séð vera þess eðlis að ekki sé ástæða til að þau sæti meðferð að hætti opinberra mála. Þá þykir úrræði af þessum toga skjótvirkara og líklegra til skilvirkrar beitingar verði frumvarpið að lögum. Í 1. mgr. hins nýja ákvæðis eru talin upp þau brot sem geta varðað stjórnvaldssektum og vísast um þau til frumvarpsgreinarinnar. Í 2. mgr. er lagt til að sektir geti numið allt að 10 millj. kr. Nauðsynlegt er að setja í lögin þak á fjárhæð þeirra sekta sem nefndinni er heimilt að leggja á, en henni er aftur á móti veitt umtalsvert svigrúm til sektarákvarðana innan þeirra marka. Þá kemur fram að við ákvörðun sekta skuli m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna Ríkisútvarpsins ohf. af broti þegar það á við. Í 3. mgr. er loks lagt til að útvarpsréttarnefnd verði heimilt að falla frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða sé af öðrum ástæðum ekki talin þörf á beitingu sekta. Einkum er gert ráð fyrir að þessari heimild verði beitt þegar um afar smávægileg brot er að ræða eða af öðrum sambærilegum ástæðum þykir ekki tilefni til að beita sektum.

Um c-lið (16. gr.).

Í greininni er fjallað um fullnustu ákvaðana útvarpsréttarnefndar á grundvelli laganna. Í 1. mgr. er mælt fyrir um að ákvarðanir útvarpsréttarnefndar séu fullnaðarúrlausnir á stjórnsýslustigi og sæti ekki stjórnsýslukæru. Með þessu er lögð áhersla á sjálfstæði nefndarinnar sem eftirlitsaðila á grundvelli laganna. Svo sem lagt er til í 2. mgr. geta þeir aðilar sem það kjósa þó eftir sem áður höfðað mál til ógildingar einstakra ákvarðana nefndarinnar fyrir dómstólum landsins. Lagt er til að sá réttur sæti ekki öðrum takmörkunum en að mál sé höfðað innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun nefndarinnar. Málshöfðunarfrestir af þessum toga eru ekki einhlítir að lögum og í sumum tilvikum gert ráð fyrir að þeir nemi allt að sex mánuðum. Þegar horft er til eðlis þeirrar starfsemi sem hér er fjallað um og þeirra ákvarðana sem útvarpsréttarnefnd er ætlað að taka þykja veigamikil rök standa til þess að málsmeðferð verði hraðað svo sem kostur er og endanlegar ákvarðanir liggi fyrir fyrr en seinna. Þá er þess að gæta að ekki er gert ráð fyrir því að málshöfðun fresti réttaráhrifum

ákvarðana útvarpsréttarnefndar og er sú tilhögun í samræmi við almennar reglur. Í 3. mgr. er kveðið á um að ákvarðanir útvarpsréttarnefndar um stjórnvaldssektir séu aðfararhæfar og að innheimtar sektir renni í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem nokkur óvissa ríkir um horfur á fjölmiðlamarkaði og hvaða áhrif skerðing á svigrúmi Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði kann að hafa, annars vegar á tekjustreymi félagsins og hins vegar auglýsingamarkaðinn sem slíkan, þykir rétt að taka ákvæði a-liðar 4. gr. til endurskoðunar fyrir 1. júlí 2009.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf.

Tilgangur þessa frumvarps er í aðalatriðum fjórþættur. Í fyrsta lagi er hann að afla Ríkisútvarpinu ohf. aukinna tekna með því að hækka fjárhæð sérstaks gjalds sem skattstjórar leggja á í fyrsta sinn á næsta ári og kemur í stað afnotagjalds Ríkisútvarpsins. Í öðru lagi er tilgangurinn að kveða á um að tekjur af gjaldinu renni í ríkissjóð en ekki beint til Ríkisútvarpsins ohf. Með því er verið að afnema bein tengsl milli tekna af gjaldinu og þeirra fjárhæða sem ríkissjóður greiðir fyrirtækinu samkvæmt þjónustusamningi um útvarpsrekstur í almannaþágu. Ástæðan er óvissa um tekjur af gjaldinu. Í þriðja lagi er ætlunin að takmarka möguleika Ríkisútvarpsins ohf. til að afla sjálfstæðra tekna og í fjórða og síðasta lagi að útvíkka eftirlitshlutverk útvarpsréttarnefndar gagnvart fyrirtækinu.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í gildandi lögum um Ríkisútvarpið ohf. hefur fyrirtækið tekjur af afnotagjöldum fram að árslokum 2008. Eftir það tekur gildi nýr tekjustofn með sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á einstaklinga og lögaðila en það nemur 14.580 kr. samkvæmt gildandi lögum. Í frumvarpi þessu er lagt til að gjaldið hækki þegar það kemur til framkvæmda um 22,8% eða í 17.900 kr.

Gert er ráð fyrir að gjaldið verði lagt á einstaklinga í fyrsta sinn í lok júlí 2009 vegna tekjuársins 2008 og á lögaðila í lok október 2009 vegna tekjuársins 2008. Fjöldi þeirra sem gjaldið verður lagt á kemur því ekki í ljós fyrr en þá. Búist er við að ekki takist að innheimta gjaldið hjá hluta þeirra lögaðila sem það verður lagt á. Í umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. kemur fram að nokkur þúsund félög séu ekki lengur með starfsemi og eigi engar eignir. Jafnframt er bent á að þar sem lögin gera ekki ráð fyrir heimild til að undanþiggja þessi félög gjaldinu geti innheimta þess tekið langan tíma og reynst kostnaðarsöm. Lögin gera ráð fyrir að í byrjun hvers mánaðar greiði fjármálaráðuneytið Ríkisútvarpinu ohf. fyrir fram fjárhæð sem svarar til 1/12 áætlaðra heildartekna af gjaldi ársins. Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði um þessa greiðslutilhögun falli niður.

Þótt forsendur fyrir áætlun um tekjur af gjaldinu á árinu 2009 liggi ekki fyrir skal hér eigi að síður gerð tilraun til að áætla hvaða tekjum það hefði hugsanlega skilað í ár hefði það verið lagt á við álagningu á árinu 2008 og framreikna þær svo til ársins 2009.

Sérstakt gjald verður lagt á sömu einstaklinga og greiða gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra. Samkvæmt álagningarskrá ríkisskattstjóra var gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra lagt á 185.532 einstaklinga í lok júlí í ár, eða 2,3% fleiri en árið áður. Að auki voru lögð opinber gjöld á 32.868 tekjuskattsskylda lögaðila í lok október sl. eða 9,2% fleiri en árið áður. Þar af var áætlað á 10.488 aðila eða þriðjunginn og fjölgaði áætlunum um 10% frá fyrra ári. Samtals má því ætla að gjaldið hefði verið lagt á 218.400 aðila og að gjald upp á 17.900 kr. hefði skilað 3.909 m.kr. álögðum tekjum í ár. Um það bil 98% af álögðu gjaldi á einstaklinga í Framkvæmdasjóð aldraðra hefur verið innheimt og gefur það vísbendingu um innheimtu gjaldsins hjá einstaklingum. Óvissa um innheimtu hjá lögaðilum er hins vegar veruleg í ljósi þess meðal annars að áætlað var á þriðjung þeirra. Sé gengið út frá 98% innheimtu hjá einstaklingum og 67% hjá lögaðilum án ærins kostnaðar hefðu 203.842 aðilar greitt samtals 3.650 m.kr. gjald í ár ef það hefði verið lagt á. Sé gengið út frá því að gjaldendum fjölgi um 2,3% við álagningu ársins 2009 á grundvelli tekjuársins 2008, eins og milli áranna á undan, og verði 208.530 gæti álagning gjaldsins numið 4.000 m.kr. og innheimta þess skilað 3.733 m.kr. árið 2009. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að horfur eru á þrengingum í efnahagslífinu á næsta ári og því óvíst að takist að innheimta meiri tekjur þótt gjaldendum fjölgi. Auk þess er áformað að hækka skattleysismörk um 18% samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2009. Það kann að leiða til þess að skattskyldum einstaklingum fækki umtalsvert sem kæmi síðan fram í samdrætti í tekjum af gjaldinu á álagningarárinu 2010. Til að mæta því gæti þá þurft að hækka gjaldið í sama mæli til að viðhalda sömu tekjum.

Vakin er athygli á því að í athugasemdum við frumvarpið er reiknað með 205.000 greiðendum útvarpsgjalds á árinu 2009 en jafnframt sleginn sá varnagli að í ljósi efnahagsástandsins geti verið um ofáætlun að ræða.

Áætlað er í fjárlögum 2008 að tekjur af afnotagjaldi sem Ríkisútvarpið innheimtir skili 2.930 m.kr. tekjum. Því til viðbótar er reiknað með að 5% hækkun á gjaldinu 1. ágúst sl. skili 60 m.kr. þannig að tekjur ársins verði alls um 3 milljarðar króna. Ársreikningur Ríkisútvarpsins fyrir tímabilið 1. september 2007 til 30. ágúst 2008 liggur ekki fyrir við gerð þessarar umsagnar, en samkvæmt nýlegri áætlun frá Ríkisútvarpinu er reiknað með að afnotagjöldin skili 2.990 m.kr. tekjum.

Að mati fjármálaráðuneytisins hafa ákvæði í frumvarpinu sem þrengja möguleika Ríkisútvarpsins ohf. til að afla tekna af auglýsingum, kostun og þess háttar ekki áhrif á útgjöld ríkisins þótt þessar takmarkanir muni augljóslega leiða til þess að fyrirtækið þurfi að draga saman seglin í rekstrinum og afkoma þess versni.

Hvað aukið eftirlitshlutverk útvarpsréttarnefndar varðar telur fjármálaráðuneytið að fyrst og fremst sé um að ræða tilfærslu eftirlits sem kveðið er á um í þjónustusamningi milli Ríkisútvarpsins ohf. og menntamálaráðuneytisins frá aðalskrifstofu ráðuneytisins og hugsanlega einnig að hluta frá Ríkisendurskoðun. Ekki eru forsendur til að áætla hvaða fjárhæðir þurfi að færa á milli aðila.

Með vísan til þess sem að framan segir er slegið á að frumvarpið, verði það að lögum, auki tekjur sem færast á tekjuhlið ríkissjóðs um 705–1.055 m.kr. miðað við áætlun í fjárlagafrumvarpi 2009 sem gerir ráð fyrir 2.945 m.kr. tekjum af gjaldinu. Er þá annars vegar miðað við að gjaldið skili 3.650 m.kr. í innheimtar tekjur og hins vegar að álagðar tekjur

nemi 4.000 m.kr. Verði frumvarpið að lögum hefur það engin bein áhrif á framlag ríkisins til Ríkisútvarpsins ohf. sem er áætlað 2.945 m.kr. í fjárlagafrumvarpi 2009.

296. Framhaldsnefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Málinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umræðu. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Ögmund Hrafn Magnússon frá fjármálaráðuneyti og Snorra Olsen tollstjóra.

Meiri hlutinn leggur til þá breytingu á frumvarpinu að samanlögð endurgreiðsla vörugjalds og virðisaukaskatts geti ekki verið hærri en 2.000.000 kr. fyrir hvert ökutæki.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. efnismgr. 1. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Samanlögð endurgreiðsla vörugjalds samkvæmt ákvæði þessu og virðisaukaskatts samkvæmt bráðabirgðaákvæði XIII í lögum um virðisaukaskatt skal ekki vera hærri en 2.000.000 kr. fyrir hvert ökutæki.
2. Við 1. efnismgr. 2. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Samanlögð endurgreiðsla virðisaukaskatts samkvæmt ákvæði þessu og vörugjalds samkvæmt bráðabirgðaákvæði XI í lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. skal ekki vera hærri en 2.000.000 kr. fyrir hvert ökutæki.

Birkir J. Jónsson gerir fyrirvara við álitið.

Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 9. des. 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Bjarni Benediktsson.
Gunnar Svavarsson.	Birkir J. Jónsson, með fyrirvara.	Lúðvík Bergvinsson.

Rósa Guðbjartsdóttir.

297. Frumvarp til laga [219. mál]

um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 9. gr. laganna:

a. 4. málsl. orðast svo: Heimilt er að segja upp samningi með tveggja mánaða fyrirvara.
b. Við 5. málsl. bætist: enda varðar samningur ráðstöfun á lágmarksiðgjaldi skv. 2. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Um heimild til endurgreiðslu lífeyrissparnaðar í séreign til erlendra ríkisborgara gilda ákvæði 4. mgr. 19. gr.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Þegar rétthafi er orðinn 60 ára er heimilt að greiða út lífeyrissparnað ásamt vöxtum.
c. 2.–4. málsl. 4. mgr. falla brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Lífeyrissjóði er heimilt að gefa sjóðfélögum kost á að fresta eða flýta töku lífeyris enda hefjist taka lífeyris ekki fyrr en sjóðfélagi verður 60 ára.
b. Í stað orðanna „Í síðasta lagi sjö árum áður en taka ellilífeyris getur fyrst hafist“ í 2. tölul. 3. mgr. kemur: Áður en taka lífeyris hefst en þó eigi síðar en fyrir 65 ára aldur.

4. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Lífeyrissjóðum er heimilt að skila yfirlitum sem um getur í 2. og 3. mgr. með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski sjóðfélagi eftir því.

5. gr.

2. málsl. 28. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Við 3. mgr. 29. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: að móta innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfesta eftirlitsferla.

7. gr.

Á eftir 2. mgr. 31. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu stjórnarmenn búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.

8. gr.

Við 4. mgr. 34. gr. laganna bætist: og skal hann hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum í samræmi við 53. gr. laga um verðbréfaviðskipti.

9. gr.

Í stað orðanna „skipulagningu innra eftirlits“ í 3. tölul. 1. mgr. 35. gr. laganna kemur: skipulagningu innri endurskoðunar.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði“ í 7. tölul. 1. mgr. kemur: eða tilskipun 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS-tilskipuninni).
b. Í stað orðsins „Liechtenstein“ í 2. og 3. málsl. 2. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. kemur: ríkja Evrópska efnahagssvæðisins.
c. Í stað hlutfallstölunnar „10%“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: 20%.
d. 1. málsl. 5. mgr. orðast svo: Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum skv. 2.–9. tölul. 1. mgr. útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins.
e. Á eftir 4. málsl. 5. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Eigi er lífeyrissjóði eða einstakri deild hans heimilt að hafa meira en 25% af hreinni eign sinni í verðbréfasjóðum innan sama rekstrarfélags.
f. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:
   Ákvæði þessarar greinar eiga einungis við um samtryggingardeildir lífeyrissjóða.

11. gr.

Á eftir 36. gr. laganna kemur ný grein, 36. gr. a, er orðast svo:

Vörsluaðilar séreignarsparnaðar, skv. II. kafla, skulu móta fjárfestingarstefnu fyrir hverja fjárfestingarleið þar sem fjárfestingar, aðrar en lífeyrissparnaðarreikningar, eru sundurliðaðar með hliðsjón af 1. mgr. 36. gr. Fjárfestingarstefna vörsluaðila séreignarsparnaðar skal að öðru leyti háð eftirfarandi takmörkunum:

a. Ekki er heimilt að fjárfesta fyrir meira en 20% af hreinni eign hverrar fjárfestingarleiðar í verðbréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði.
b. Samanlögð eign hverrar fjárfestingarleiðar í fjármálagerningum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 20% af hreinni eign sjóðsins.
c. Samanlögð eign hverrar fjárfestingarleiðar má ekki vera meira en 30% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum útgefnum af sama verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði eða einstakri deild hans.
d. Eigi er vörsluaðila séreignarsparnaðar heimilt að hafa meira en 30% af hreinni eign sinni í verðbréfasjóðum innan sama rekstrarfélags.
e. Vörsluaðilum séreignarsparnaðar er ekki heimilt að fjárfesta eða eiga í fjárfestingarsjóðum skv. 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu.

Vörsluaðilar séreignarsparnaðar skulu senda upplýsingar um fjárfestingarstefnu sína fyrir komandi ár til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 1. desember ár hvert.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „starfsemi lífeyrissjóða“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: og vörsluaðila lífeyrissparnaðar.
b. Á eftir orðunum „upplýsingum lífeyrissjóða“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: og vörsluaðila lífeyrissparnaðar.
c. Í stað orðanna „rekstri lífeyrissjóðs og fjárhagsstöðu“ í 3. mgr. kemur: rekstri og fjárhagsstöðu lífeyrissjóðs eða vörsluaðila lífeyrissparnaðar.
d. Á eftir orðunum „starfsemi lífeyrissjóðs“ í 4. mgr. kemur: og vörsluaðila lífeyrissparnaðar.
e. Á eftir orðunum „hlutdeildarfyrirtækjum lífeyrissjóða“ í 5. mgr. kemur: og vörsluaðila lífeyrissparnaðar.

13. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 39. gr. skal lífeyrissjóði vera heimilt að hafa allt að 15% mun á milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga vegna lífeyris miðað við tryggingafræðilega athugun fyrir árið 2008, án þess að honum sé skylt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins. Ákvæði 1. mgr. 39. gr. um að hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skuli vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda á ekki við um tryggingafræðilega athugun fyrir árið 2008.

Þegar metið er hvort lífeyrissjóður falli undir 2. málsl. 2. mgr. 39. gr. skal miða við 10% mun á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga árið 2008.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi nema ákvæði 8. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Flestar þeirra var einnig að finna í frumvarpi sama efnis sem lagt var fram á Alþingi sl. vor, en hlaut ekki afgreiðslu. Það ástand sem nú ríkir á íslenskum fjármálamarkaði og leikið hefur afkomu margra lífeyrissjóða grátt kallar einnig á tilteknar breytingar á lögunum. Hér á eftir er fjallað um helstu efnisatriði frumvarpsins, en nánari skýringar er einnig að finna í athugasemdum með einstökum greinum þess.

Í fyrsta lagi er lögð til sú meginbreyting að þeim sem náð hafa 60 ára aldri verði heimilt að taka út séreignarsparnað sinn í einu lagi í stað þess að dreifa greiðslum á sjö ár eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Þetta fyrirkomulag, þ.e. sjö ára reglan, hefur sætt talsverðri gagnrýni á undanförnum árum, einkum þar sem um lágar fjárhæðir er að ræða, og í einhverjum tilvikum hafa rétthafar smeygt sér framhjá gildandi reglu með því að dreifa séreignarsparnaðinum á marga vörsluaðila.

Í öðru lagi er lagt til að ekkert aldurshámark verði á því hvenær einstaklingur getur hafið töku lífeyris, en í gildandi lögum er það hámark bundið við 75 ára aldur.

Í þriðja lagi er í frumvarpinu að finna tillögur um nokkrar breytingar á 36. gr. laganna sem fjallar um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna. Þar er meðal annars lagt til að lífeyrissjóðum verði heimilt að fjárfesta fyrir allt að 20% af hreinni eign sinni í verðbréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, en í gildandi lögum er umrætt hlutfall 10%. Þessi tvöföldun á

hlutfallinu skýrist fyrst og fremst af þeirri stöðu sem nú er uppi á innlendum fjármálamarkaði þar sem framboð á skráðum verðbréfum er afar takmarkað. Hún hefur leitt til þess að einstakir sjóðir hafa jafnvel farið yfir 10% mörkin án nokkurra viðskipta. Gera má ráð fyrir að þetta hlutfall verði tekið til endurskoðunar á ný þegar fjármálamarkaðurinn hefur náð ákveðnu jafnvægi. Þá eru lagðar til nokkrar aðrar breytingar á 36. gr. sem miða að aukinni áhættudreifingu.

Í fjórða lagi er lagt til að settar verði samræmdar reglur um fjárfestingarstefnu þeirra aðila sem hafa heimild til að taka við séreignarlífeyrissparnaði. Samkvæmt núgildandi lögum er séreignarlífeyrissparnaður í vörslu lífeyrissjóða háður sömu takmörkunum varðandi fjárfestingarstefnu og samtryggingarlífeyrissjóðir á meðan aðrir vörsluaðilar hafa ótakmarkað frelsi til að móta fjárfestingarstefnu sína, jafnframt því að vera óháðir eftirliti Fjármálaeftirlitsins hvað hana varðar. Þetta ójafnræði milli vörsluaðila sem bjóða upp á sambærilega þjónustu er talið miður heppilegt. Auk þess eru nú að koma í ljós ýmis dæmi þess að hið ótakmarkaða frelsi til fjárfestinga sem einstakir vörsluaðilar hafa notið hafi leitt til óvarlegra fjárfestinga með tilheyrandi skaða fyrir eigendur séreignarsparnaðarins. Því er lagt til, bæði í varúðarskyni og til að gæta samræmis, að allir vörsluaðilar séreignarlífeyrissparnaðar verði bundnir tilteknum lágmarksskilyrðum varðandi fjárfestingar. Það þýðir að fjárfestingarammi lífeyrissjóða gagnvart séreignarsparnaði verður rýmri frá því sem er í gildandi lögum samhliða því að frelsi annarra vörsluaðila séreignarlífeyrissparnaðar verður takmarkað.

Að lokum eru lagðar til nokkrar breytingar til að auka sveigjanleika við útgreiðslu á lífeyrissparnaði í séreign, ráðstöfun lífeyrisréttinda og greiðslu ellilífeyris, jafnframt því sem kröfur til þekkingar stjórnarmanna lífeyrissjóða og þeirra sem sinna eignastýringu verðbréfasafna lífeyrissjóða eru hertar, auk nokkurra smærri breytinga.

Í frumvarpinu er einnig að finna bráðabirgðaákvæði þess efnis að þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 39. gr. laganna skuli lífeyrissjóðum vera heimilt að hafa allt að 15% neikvæðan mun á milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga lífeyris miðað við tryggingafræðilega athugun fyrir árið 2008, án þess að þeim sé skylt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins. Samkvæmt gildandi lögum eru mörkin –10%. Þetta þýðir að þeir sjóðir sem eru reknir innan við –15% samkvæmt tryggingafræðilegu mati munu ekki þurfa að skerða lífeyrisréttindi á næsta ári lagalega séð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a-lið.

Hér er lagt til að uppsagnarfrestur samnings um viðbótartryggingavernd eða séreignarsparnað verði styttur úr sex mánuðum í tvo. Rétt þykir að auka sveigjanleika aðila til ráðstöfunar þess iðgjaldshluta sem er umfram iðgjaldshluta til öflunar lágmarkstryggingaverndar með því að stytta uppsagnarfrestinn.

Um b-lið.

Hér er lagt til að skylda þess sem segir upp samningi um ráðstöfun viðbótariðgjalds til þess að tilkynna hana til þess lífeyrissjóðs sem ráðstafar iðgjaldi hans til lágmarkstryggingaverndar verði felld brott. Þannig fellur skylda til tilkynningar niður ef samningur varðar einvörðungu greiðslu viðbótariðgjalds umfram lágmarksiðgjald skv. 2. gr. laganna.

Um 2. gr.

Um a-lið.

Lagt er til að tekinn verði af allur vafi um rétt erlendra ríkisborgara til endurgreiðslu iðgjalda vegna öflunar lífeyrisréttinda í séreign þegar þeir flytjast úr landi enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland á aðild að. Ákvæði þess efnis er í III. kafla laganna þar sem kveðið er á um lífeyrissparnað í sameign. Rétt þykir að sömu endurgreiðsluheimildir gildi um iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda í séreign. Því er lagt til að vísað verði til 4. mgr. 19. gr. í II. kafla þar sem fjallað er um lífeyrissparnað í séreign.

Um b- og c-lið.

Í b- og c-lið eru lagðar til breytingar sem stefna að auknum sveigjanleika við útgreiðslu á lífeyrissparnaði í séreign. Annars vegar er lagt til að heimilt verði að greiða lífeyrissparnað ásamt vöxtum í séreign út í einu lagi við 60 ára aldur. Nú er reglan sú að hefja má útborgun lífeyrissparnaðar við 60 ára aldur með jöfnum árlegum greiðslum á ekki skemmri tíma en sjö árum eða á þeim tíma sem rétthafa vantar upp á 67 ára aldur. Þegar 67 ára aldri er náð má hins vegar greiða allan sparnaðinn út í einu. Þetta fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt, sérstaklega þar sem um er að ræða minni fjárhæðir sem er þá verið að greiða út í allt að sjö ár. Tekið skal fram að flestir velja þá leið að fá lífeyrissparnaðinn greiddan út á lengri tíma og hér er eingöngu um heimildarákvæði að ræða.

Hins vegar er lagt til að felldar verði niður þær hömlur sem eru á útgreiðslu lífeyrissparnaðar í séreign við andlát sem er afleidd breyting af þeirri sem fjallað er um í b-lið. Jafnframt hefur reynslan sýnt að það kemur erfingjum í mörgum tilvikum mun betur að fá lífeyrissparnaðinn greiddan út í einu lagi frekar en að greiðslum sé dreift á tiltekinn fjölda ára. Ekki þykir hins vegar ástæða til að breyta fyrirkomulagi við útgreiðslu séreignarsparnaðar til öryrkja sem einnig er fjallað um í 11. gr. laganna.

Um 3. gr.

Um a-lið.

Hér er lagt til að svigrúm sjóðfélaga til að flýta töku lífeyris verði aukið úr fimm árum í allt að tíu ár eftir því hvenær sjóðfélagi getur hafið töku lífeyris samkvæmt almennri reglu, þ.e. sjóðfélagi geti í fyrsta lagi hafið töku lífeyris 60 ára. Þá er með hliðsjón af síhækkandi meðalaldri og bættri heilsu fólks lagt til að lífeyrissjóðum séu ekki sett mörk við því hversu lengi þeir geti heimilað mönnum að fresta töku lífeyris. Með þessum hætti geta lífeyrissjóðir boðið sjóðfélögum, sem eiga réttindi í fleiri en einum sjóði, að hefja töku ellilífeyris úr báðum eða öllum sjóðunum á sama tímapunkti.

Um b-lið.

Hér er lagt til að heimildir sjóðfélaga og maka hans eða eftir atvikum fyrrverandi maka til þess að ákveða með gagnkvæmum hætti að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda þeirra skuli allt að hálfu renna til hins verði rýmkaðar þannig að svigrúm til slíkrar ákvörðunar verði aukið. Það er skilyrði í núgildandi lögum að slík ákvörðun liggi fyrir í síðasta lagi sjö árum áður en taka lífeyris getur fyrst hafist. Heimildin hefur verið lítið notuð og það kann að vera vegna þessa tímaskilyrðis. Því er lagt til að heimildin verði rýmkuð þannig að heimildin gildi uns taka lífeyris hefst en þó eigi lengur en til 64 ára aldurs, þ.e. samningur þarf að liggja fyrir áður en 65 ára aldri er náð í síðasta lagi. Með hliðsjón af mikilli atvinnuþátttöku, bæði karla og kvenna, og að almennt er ekki mikill aldursmunur á hjónum ætti rýmkunin ekki að hafa mikil fjárhagsleg áhrif í raun.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að lífeyrissjóðir geti boðið sjóðfélögum upp á að afþakka hefðbundin pappírsyfirlit enda miðli lífeyrissjóður viðeigandi upplýsingum til þeirra með sannanlegum og tryggum hætti á lokuðu vefsvæði eða með öðrum sambærilegum rafrænum hætti. Upplýsingagjöf lífeyrissjóða til sjóðfélaga í gegnum lokuð vefsvæði hefur stóraukist á síðastliðnum árum og því er lagt til að sjóðfélögum verði veitt heimild til þess að afþakka hefðbundin pappírsyfirlit telji þeir hinn vefræna aðgang fullnægjandi.

Um 5. gr.

Í 28. gr. laganna er að finna heimild til samtaka lífeyrissjóða til þess að geta tilkynnt breytingar á samþykktum í umboði aðildarsjóða sinna. Reynslan hefur sýnt að ekki er þörf á slíkri heimild og því er lagt til að hún verði felld brott.

Um 6. gr.

Í 35. gr. laganna er kveðið á um að eftirlitsaðili eða innri endurskoðunardeild skuli gera tillögu að skipulagningu innra eftirlits. Með frumvarpi þessu er lagt til að þessir aðilar geri tillögu að skipulagningu innri endurskoðunar, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Samt sem áður þurfa að vera til staðar hjá sjóðnum skjalfestir eftirlitsferlar. Hér er lagt til að stjórn lífeyrissjóðs móti innra eftirlit og eftirlitsferla fyrir viðkomandi lífeyrissjóð.

Um 7. gr.

Í 1. og 2. mgr. 31. gr. gildandi laga segir að stjórnarmenn í lífeyrissjóði skuli vera lögráða, fjár síns ráðandi, hafa óflekkað mannorð og megi ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Að öðru leyti fari um hæfi þeirra til meðferðar máls eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga.

Hér er lagt til að bætt sé aftan við 2. mgr. 31. gr. laganna nýrri málsgrein þess efnis að til viðbótar framangreindum skilyrðum skuli stjórnarmenn búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Sambærilegt ákvæði er að finna í 2. mgr. 52. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Lífeyrissjóðir falla ekki undir lög um fjármálafyrirtæki, en hafa engu að síður umsjón með verulegum fjármunum sem eru í eigu almennings. Þegar haft er í huga að þeir fjármálagerningar sem lífeyrissjóðirnir eru að fjárfesta í verða sífellt flóknari að gerð þykir fullt tilefni til að herða á kröfum um þekkingu stjórnarmanna þeirra.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að gert verði að skilyrði að þeir sem sinni eignastýringu verðbréfasafna lífeyrissjóða hafi staðist próf í verðbréfaviðskiptum í samræmi við 53. gr. laga um verðbréfaviðskipti. Í lögum um fjármálafyrirtæki er kveðið á um að starfsmenn fjármálafyrirtækis, sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga skv. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, skuli hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum. Undir framangreindan 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki falla öll viðskipti og þjónusta með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti, þar með talin eignastýring og rekstur verðbréfasjóða. Hefur þessu ákvæði verið beitt með þeim hætti að Fjármálaeftirlitið hefur krafist þess að allir sjóðstjórar verðbréfasjóða hafi staðist prófið. Sem fyrr

segir falla lífeyrissjóðir ekki undir lög um fjármálafyrirtæki, en samanlögð fjárhæð þeirra verðbréfasafna sem eru í sjóðastýringu lífeyrissjóðanna er í mörgum tilvikum mun hærri en hjá verðbréfasjóðum. Er því ekki óeðlilegt að gerðar séu sömu kröfur til menntunar og kunnáttu þeirra sem fara með sjóðastýringu lífeyrissjóða og gerðar eru til sjóðstjóra verðbréfasjóðanna.

Um 9. gr.

Í 3. tölul. 1. mgr. 35. gr. laganna segir að endurskoðunardeild eða eftirlitsaðili lífeyrissjóðs skuli m.a. annast það verkefni að gera tillögu til stjórnar um skipulagningu innra eftirlits og annast sérstakar úttektir á virkni innra eftirlits. Með þessu orðalagi er því bæði verið að fela endurskoðanda lífeyrissjóðs að gera tillögu um innra eftirlit og gera samtímis úttektir á virkni þess. Þessi háttur fellur illa að þeirri kröfu sem að jafnaði er gerð um óhlutdrægni og óhæði endurskoðenda. Jafnframt bendir orðalag þetta til þess að verið sé að hræra saman innra eftirliti og innri endurskoðun. Það er ekki í samræmi við hlutlægnissjónarmið innri endurskoðenda að þeir bæði geri tillögu að skipulagningu innra eftirlits lífeyrissjóðsins og fari síðan yfir og gagnrýni það skipulag í innri endurskoðunarvinnu, þar sem í þeirri vinnu felst þá gagnrýni á eigin verk.

Með frumvarpi þessu er því lagt til að stjórn lífeyrissjóðs skuli móta innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfesta eftirlitsferla, sbr. 6. gr. frumvarpsins, og í þessari grein er lagt til að endurskoðunardeild eða eftirlitsaðili lífeyrissjóðs skuli m.a. annast það verkefni að gera tillögu til stjórnar um skipulagningu innri endurskoðunar.

Um 10. gr.

Um a-lið.

Í ákvæðinu er lagt til að gerð verði sú breyting að verðbréfasjóðir sem byggjast á lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, og evrópskir sjóðir sem byggjast á tilskipun 85/611/EBE verði lagðir að jöfnu við fjárfestingar lífeyrissjóðanna. Í reynd er ekki um mikla breytingu að ræða því lögin hafa verið túlkuð á þennan hátt þar sem lög nr. 30/2003 eru byggð á framangreindri tilskipun.

Um b-lið.

Með ákvæðunum er lögð til breyting sem leiðir af samningsskuldbindingum okkar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum). Hún felst í því að tryggja lífeyrissjóðum heimild til að fjárfesta í verðbréfum sem skráð eru eða eftir atvikum gefin út af aðilum í EES-ríkjum með sama hætti og aðilum innan OECD, en ein níu EES-ríki eru ekki aðilar að stofnuninni.

Um c-lið.

Lagt er til að lífeyrissjóðum verði heimilt að fjárfesta fyrir allt að 20% af hreinni eign í verðbréfum, sem falla undir 1., 2., 5., 6., 8. og 9. tölul. 1. mgr. 36. gr. og ekki eru skráð á skipulegum markaði, en í gildandi lögum er þetta hlutfall 10%. Þær aðstæður sem skapast hafa á fjármálamarkaði hér á landi að undanförnu gera það að verkum að fjárfestingarkostir lífeyrissjóða innan lands hafa minnkað verulega. Þá hafa hlutföll í eignasöfnum lífeyrissjóðanna riðlast verulega þannig að hlutfall óskráðra bréfa hefur vaxið hjá mörgum sjóðanna eingöngu vegna framangreinds ástands á fjármálamarkaðinum og þykir því eðlilegt að bregðast við þeirri stöðu með hækkun hlutfallsins. Á hinn bóginn má búast við því að þetta hlutfall verði endurskoðað þegar betra jafnvægi kemst á fjármálamarkaðinn.

Um d-lið.

Í 5. mgr. 36. gr. segir að samanlögð eign lífeyrissjóðs í verðbréfum, öðrum en ríkisvíxlum, ríkisskuldabréfum og skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs, sem útgefin eru af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skuli ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Í ákvæðinu er lagt til að hlutfall þetta skuli vera óbreytt, en að samanlögð eign lífeyrissjóðs í verðbréfum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni, skuli vera innan þessara marka. Breytingin hér felst í því að tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, er bætt við ákvæðið. Er þá miðað við þann skilning sem lagður er í hugtakið skv. 2. mgr. 18. gr. og 2. og 3. tölul. 2. mgr. 40. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, en þar eru það taldir tengdir aðilar ef annar aðilinn fer með bein eða óbein yfirráð yfir hinum eða fer með minnst 20% hlutafjár eða atkvæðisrétt.

Um e-lið.

Í 5. mgr. 36. gr. núgildandi laga segir að lífeyrissjóði sé ekki heimilt að eiga meira en 25% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum útgefnum af sama verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði eða einstakri deild hans. Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir eru gjarnan reknir af rekstrarfélögum verðbréfasjóða, sem í flestum tilfellum eru dótturfélög annarra fjármálastofnana. Hvert rekstrarfélag rekur fjölda sjóða. Algengt er að stjórnendur fjármálastofnana hafi sjálfir setið í stjórn rekstrarfélaganna. Nokkrir lífeyrissjóðir eru tengdir fjármálastofnunum rekstrarlegum böndum, m.a. vegna þess að þeir hafa verið stofnaðir að tilstuðlan þessara fjármálastofnana og stjórnir margra annarra sjóða hafa falið fjármálastofnunum eignastýringu sjóðanna. Þetta fyrirkomulag getur boðið upp á hagsmunaárekstra. Af þessum sökum er í ákvæðinu lagt til að nýjum málslið verði bætt við 5. mgr. 36. gr. þar sem kveðið er á um að lífeyrissjóði eða einstakri deild hans sé eigi heimilt að hafa meira en 25% af hreinni eign sinni í verðbréfasjóðum innan sama rekstrarfélags.

Um f-lið.

Til að taka af öll tvímæli er lagt til að bætt sé málsgrein við 36. gr. þar sem sérstaklega er tekið fram að ákvæði greinarinnar eigi aðeins við um samtryggingardeildir lífeyrissjóðanna en að fjárfestingar séreignardeilda lífeyrissjóða falli undir 36. gr. a, sbr. 11. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi er séreignarlífeyrissparnaður í vörslu lífeyrissjóða háður sömu takmörkunum varðandi fjárfestingarstefnu og samtryggingarlífeyrissjóðirnir, skv. 36. gr. laganna. Séreignarlífeyrissparnaður sem er í vörslu annarra aðila sem heimild hafa til að taka við slíkum sparnaði skv. 3. mgr. 8. gr. laganna er hins vegar ekki háður sömu takmörkunum. Hér ríkir því ákveðið ójafnræði milli aðila sem bjóða upp á sömu þjónustu.

Þetta misræmi er talið miður heppilegt, einkum í ljósi þess að aðrir vörsluaðilar en lífeyrissjóðir skuli hafa ótakmarkað frelsi til að móta fjárfestingarstefnu í tilviki séreignarsparnaðar. Hér er því lagt til að allur séreignarsparnaður verði felldur undir lágmarksskilyrði um fjárfestingarstefnu. Lagt er til að vörsluaðilar séreignarsparnaðar skuli móta fjárfestingarstefnu þar sem fjárfestingar eru sundurliðaðar með hliðsjón af 1. mgr. 36. gr. laganna, en sé að öðru leyti háð tilteknum takmörkunum.

Gert er ráð fyrir að ekki verði heimilt að fjárfesta fyrir meira en 20% af hreinni eign sjóðsins í verðbréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði.

Þá er gert ráð fyrir að samanlögð eign sjóðsins eða einstakra deilda séreignarsparnaðar í fjármálagerningum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skuli ekki vera meiri en 20% af hreinni eign sjóðsins.

Jafnframt er gert ráð fyrir að fjárfestingarheimild vörsluaðila séreignarsparnaðar verði takmörkuð með þeim hætti að samanlögð eign sjóðsins eða einstakra deilda hans megi ekki vera meira en 30% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum útgefnum af sama verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði eða einstakri deild hans og að vörsluaðilum sé eigi heimilt að hafa meira en 30% af hreinni eign sinni í verðbréfasjóðum innan sama rekstrarfélags.

Þá er lagt til að 8. mgr. 36. gr. skuli einnig eiga við um fjárfestingarleiðir lífeyrissparnaðar en þar er kveðið á um að lífeyrissjóðum sé ekki heimilt að fjárfesta eða eiga í fjárfestingarsjóðum skv. 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. laganna sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu.

Í 2. mgr. greinarinnar er lagt til að vörsluaðilar séreignarsparnaðar skuli senda upplýsingar um fjárfestingarstefnu sína fyrir komandi ár til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 1. desember ár hvert. Er það í samræmi við 37. gr. laganna þar sem kveðið er á um upplýsingagjöf lífeyrissjóðanna um fjárfestingarstefnu sína til Fjármálaeftirlitsins.

Um 12. gr.

Í 44. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er kveðið á um eftirlit Fjármálaeftirlitsins með lífeyrissjóðum. Í ákvæðinu er hvergi vikið sérstaklega að vörsluaðilum lífeyrissparnaðar, skv. II. kafla laganna, þótt litið hafi verið svo á að Fjármálaeftirlitið hafi sömu heimildir til að afla upplýsinga frá þeim aðilum sem taka við lífeyrissparnaði og lífeyrissjóðunum sjálfum, enda eru vörsluaðilarnir jafnan fjármálafyrirtæki eða tryggingafélög sem eru eftirlitsskyld samkvæmt öðrum lögum. Hér er því lagt til að tekið sé fram að Fjármálaeftirlitið hafi sömu eftirlitsskyldu gagnvart öllum þeim aðilum sem taka við lífeyri eða lífeyrissparnaði.

Um 13. gr.

Í 39. gr. laganna er kveðið á um að hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skuli vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga er hlutaðeigandi lífeyrissjóði skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Í því felst að samþykktunum skal breytt á þann hátt að í lífeyrissjóðum, án ábyrgðar annarra, verði lífeyrisréttindi skert en í lífeyrissjóðum með ábyrgð ríkis eða sveitarfélaga verði inngreiðslur ábyrgðaraðila hækkaðar verulega.

Útlit er fyrir að einhverjir lífeyrissjóðir verði með meira en 10% mun á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga. Þeir sjóðir munu þurfa að skerða lífeyrisréttindi sem þessu nemur að óbreyttum lögum. Þetta mun koma niður á þeim sem eru þegar komnir á lífeyrisaldur. Hér er því lagt til að sett verði bráðabirgðaákvæði sem gildir aðeins í eitt ár, þess efnis að þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 39. gr. laganna skuli lífeyrissjóðum vera heimilt að hafa allt að 15% mun á milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga lífeyris miðað við tryggingafræðilega athugun fyrir árið 2008, án þess að þeim sé skylt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins. Ákvæði 1. mgr. 39. gr. um að hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skuli vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda á ekki við um tryggingafræðilega athugun fyrir árið 2008.

Ákvæði þetta er heimildarákvæði sem stjórnir lífeyrissjóða geta nýtt sér ef þær vilja minnka og jafna áhrifin af eignatapinu. Lífeyrissjóður sem hefur allt að 15% mun á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga getur þá frestað skerðingunni árið 2009, en lífeyrissjóður sem er með meira en 15% mun verður að skerða réttindin niður að því marki eins og munurinn hafi ekki verið meiri en 15%.

Í 2. málsl. 2. mgr. 39. gr. laganna er kveðið á um að lífeyrissjóði sé skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár. Í ljósi aðstæðna er lagt til að þegar litið sé til ársins 2008 sé miðað við 10% mun.

Um 14. gr.

Í greininni er kveðið á um að lögin taki þegar gildi við birtingu nema 8. gr. sem taki gildi 1. janúar 2011. Í 8. gr. er lagt til að gert verði að skilyrði að þeir sem sinni eignastýringu verðbréfasafna lífeyrissjóða hafi staðist próf í verðbréfaviðskiptum í samræmi við 53. gr. laga um verðbréfaviðskipti. Rétt þykir að gefa þessu ákvæði nokkurn aðlögunartíma til þess að þeir sem sinna þessum störfum í dag og uppfylla ekki skilyrðið fái færi á því.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Í fyrsta lagi er lagt til að sett verði bráðabirgðaákvæði sem gildir aðeins í eitt ár, þess efnis lífeyrissjóðum muni vera heimilt að hafa allt að 15% mun á milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga lífeyris miðað við tryggingafræðilega athugun fyrir árið 2008 án þess að þeim sé skylt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins, en mörkin eru 10% í dag. Þetta þýðir að þeir sjóðir sem eru með innan við 15% muni ekki þurfa að skerða lífeyrisréttindi bótaþega á næsta ári. Í öðru lagi eru lagðar til nokkrar breytingar varðandi fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna. Meðal annars er lagt til að lífeyrissjóðum verði heimilt að fjárfesta fyrir allt að 20% af hreinni eign sjóðsins í verðbréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði í stað 10%. Að auki er lagt til að settar verði sérstakar reglur um fjárfestingarstefnu þeirra aðila sem hafa heimild til að taka við lífeyrissparnaði í séreign. Auk þess eru nokkrar breytingar sem stefna að auknum sveigjanleika við útgreiðslu á lífeyrissparnaði í séreign, ráðstöfun lífeyrisréttinda og greiðslu ellilífeyris til að gera lífeyrisþegum aðgang að réttindum sínum auðveldari.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

298. Frumvarp til laga [220. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

3. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að 3. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna falli brott en þar er kveðið á um að Icepro skuli fá í sinn hlut sem nemi allt að 0,001% af gjaldstofni skv. III. kafla laganna. Breyting þessi er fyrst og fremst lögð fram til einföldunar á framkvæmd. Tryggingagjaldið er talsvert sveiflukenndur gjaldstofn og því ekki heppilegt að fjármagna reglubundin útgjöld með honum. Í staðinn fyrir þessa hlutdeild í tekjustofninum mun verkefnið fá beina fjárveitingu úr ríkissjóði. Þannig stendur ekki til að draga úr fjárframlögum til Icepro þótt mörkunin sé afnumin heldur er tilgangurinn eingöngu að breyta aðferðinni.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að 3. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna falli brott en þar er kveðið á um að Icepro, sem er vettvangur samstarfs um rafræn viðskipti, skuli fá í sinn hlut sem nemi allt að 0,001% af gjaldstofni skv. III. kafla laganna. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir að Icepro fái í sinn hlut 7,6 m.kr. vegna þessa ákvæðis. Í staðinn fyrir þessa hlutdeild í tekjustofninum mun verkefnið fá beina fjárveitingu úr ríkissjóði.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er þannig gert ráð fyrir að fjármögnun með beinum greiðslum úr ríkissjóði aukist um 7,6 m.kr., en fjárheimild til verkefna um rafræn viðskipi verður eftir sem áður óbreytt í fjárlögum.

299. Tillaga til þingsályktunar [221. mál]

um árlegan vestnorrænan dag.

Flm.: Karl V. Matthíasson, Árni Johnsen, Guðbjartur Hannesson,
Guðjón A. Kristjánsson, Jón Gunnarsson,
Birkir J. Jónsson, Jón Bjarnason.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um stofnun vestnorræns dags sem haldinn verði hátíðlegur árlega.

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 4/2008 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 27. ágúst 2008 í Grundarfirði. Ályktun ráðsins hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Vestnorræna ráðið skorar á ríkisstjórn Íslands og landsstjórnir Færeyja og Grænlands að stofna til vestnorræns dags sem haldinn verði hátíðlegur árlega lokahelgi ágústmánaðar í öllum vestnorrænu löndunum frá og með árinu 2010. Ráðið hvetur vestnorræn stjórnvöld til að skipuleggja daginn í samvinnu við Vestnorræna ráðið, ræðis- og sendiskrifstofur, borgaryfirvöld, ferðamálaráð og listastofnanir, sem og stjórnendur Norrænu húsanna.

Rökstuðningur.

Hugmyndin um vestnorrænan dag, sem haldinn verði hátíðlegur árlega á öllum Vestur-Norðurlöndunum, á rætur sínar að rekja til vestnorræna dagsins sem haldinn var hátíðlegur í annað sinn helgina 26.–27. apríl 2008 á Íslandsbryggju í Kaupmannahöfn. Meðan á helgarhátíðinni stóð var hvert Vestur-Norðurlandanna með sinn eigin landkynningarbás þar sem tónlistaratriði voru flutt, auk þess sem sala fór fram á mat og öðrum vörum.

Markmið vestnorræna dagsins á Vestur-Norðurlöndunum yrði að marka vestnorræna sögu og menningu á Vestur-Norðurlöndunum og auka þar með samband og samkennd þjóðanna sem í hlut eiga.

Ráðið hvetur vestnorræn stjórnvöld til að skipa verkefnastjóra innan menningarmálaráðuneytis hvers lands sem hafi það hlutverk að vinna að undirbúningi dagsins í samvinnu við Vestnorræna ráðið, ræðis- og sendiskrifstofur, borgaryfirvöld, ferðamálaráð og listastofnanir landanna, sem og stjórnendur Norrænu húsanna.

Lagt er til að halda vestnorræna daginn í fyrsta sinn hátíðlegan lokahelgi ágústmánaðar árið 2010 í tengslum við fyrirhugaða útgáfu bókar um sameiginlega sögu og menningu Vestur-Norðurlanda sem unnið hefur verið að undanfarin ár. Lagt er til að haldið verði upp á daginn á öllum Vestur-Norðurlöndunum með hátíð sem samanstandi af margs konar listviðburðum, kynningu á matarmenningu þjóðanna, tónlistarhefðum og íþróttum. Einnig er lagt til að árlega sé vestnorræni dagurinn haldinn sérstaklega hátíðlegur til skiptis í Færeyjum, Grænlandi og Íslandi.

Mælt er með að fyrsti undirbúningsfundur að stofnun vestnorræns dags fari fram á vegum menningarmálaráðuneyta landanna og Vestnorræna ráðsins eigi síðar en fyrir þinglok vorið 2009.“

300. Tillaga til þingsályktunar [222. mál]

um árlegan samráðsfund sjávarútvegsráðherra Vestur-Norðurlanda.

Flm.: Karl V. Matthíasson, Árni Johnsen, Guðbjartur Hannesson,
Guðjón A. Kristjánsson, Jón Gunnarsson,
Birkir J. Jónsson, Jón Bjarnason.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um árlegan samráðsfund sjávarútvegsráðherra Vestur-Norðurlanda. Á samráðsfundunum yrði fjallað um sjávarútveg og veiðar í löndunum þremur og stefnu landanna í sjávarútvegsmálum gagnvart Evrópusambandinu.

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 1/2008 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 27. ágúst 2008 í Grundarfirði. Ályktun ráðsins hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Vestnorræna ráðið skorar á landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands að gera með sér samkomulag um að haldinn sé árlegur fundur sjávarútvegsráðherra landanna um sjávarútveg og veiðar í löndunum og stefnu þeirra í sjávarútvegsmálum gagnvart Evrópusambandinu. Vestnorræna ráðið skorar jafnframt á sjávarútvegsráðherra landanna að gefa Vestnorræna ráðinu skýrslu af árlegum fundi sínum fyrir ársfund Vestnorræna ráðsins til að sjónarmið stjórnvalda landanna í sameiginlegum hagsmunamálum gagnvart Evrópusambandinu séu Vestnorræna ráðinu ávallt kunn.

Rökstuðningur.

Ekkert Vestur-Norðurlanda á aðild að Evrópusambandinu. Löndin eru þó öll tengd sambandinu með sínum hætti: Grænland fyrir tilstilli fyrirkomulags Evrópusambandsins um lögsögur handan hafsins, Ísland með aðild að EES-samningnum og Færeyjar með viðskiptasamningi við sambandið.

Sögulega hafa Vestur-Norðurlönd verið háð útflutningi sjávarafurða og svo er enn. Þrátt fyrir mikilvægi sjávarútvegs fyrir afkomu landanna og tengingu við Evrópusambandið hafa þau enn sem komið er ekki sett sér sameiginlega stefnu gagnvart Evrópusambandinu um sjávarútvegsmál. Sökum mikilvægis sjávarútvegs og veiða fyrir Vestur-Norðurlönd og margvíslegra sameiginlegra hagsmuna og sjónarmiða í þeim málaflokki er tímabært að löndin móti sameiginlega stefnu í sjávarútvegsmálum gagnvart framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Það er ekki síst tímabært í ljósi þeirra afleiðinga sem tilfinningablandin umræða um sjávarútveg og veiðar hefur og getur haft fyrir viðkvæm hagkerfi Vestur-Norðurlanda. Mikið af þeim ranghugmyndum sem hafa komið fram í umræðunni er hægt að fyrirbyggja, a.m.k. upp að vissu marki, ef löndin kæmu sjónarmiðum sínum og stefnu sameiginlega á framfæri við Evrópusambandið.

Horfast verður í augu við það að ákvarðanir Evrópusambandsins varðandi sjávarútveg hafa víðtækar afleiðingar fyrir Vestur-Norðurlönd. Vestur-Norðurlönd ættu þess vegna í sameiningu að leitast við að hafa áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru innan Evrópusambandsins varðandi sjávarútveg og hafa áhrif á sjávarútveg og veiðar á Vestur-Norðurlöndum.

Einnig er mikilvægt að Evrópusambandið viðurkenni verðmæti og möguleika þeirrar sérstöku þekkingar og reynslu af sjávarútveg sem er að finna á Vestur-Norðurlöndum. Hvað við-

víkur stefnu í fiskveiðimálum og útflutningi sjávarafurða eiga því Vestur-Norðurlönd og Evrópusambandið margs konar sameiginlegra hagsmuna að gæta.

Vestnorræna ráðið telur mjög mikilvægt að vera upplýst um hvaða sjónarmið og stefna á við um samband Vestur-Norðurlanda og Evrópusambandsins. Það er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að í lok árs 2007 komst formleg samvinna á milli Vestnorræna ráðsins og Evrópuþingsins sem ráðið hyggst nýta til að koma á framfæri vestnorrænum sjónarmiðum í þágu sameiginlegra hagsmuna Vestur-Norðurlanda.

Vestur-Norðurlönd standa sterkari að vígi gagnvart Evrópusambandinu í þeim tilvikum sem næst fram sameiginleg afstaða landanna í einstökum málaflokkum. Vestnorræna ráðið hvetur því sjávarútvegsráðherra Vestur-Norðurlanda til að halda árlegan samráðsfund til að ræða sjávarútveg og veiðar í löndunum og móta sameiginlega afstöðu í þeim málum gagnvart Evrópusambandinu, sem og að halda Vestnorræna ráðinu upplýstu um niðurstöður af árlegu fundum sjávarútvegsráðherra landanna.“

301. Tillaga til þingsályktunar [223. mál]

um aukið samráð Vestur-Norðurlanda um sjálfbæra nýtingu lifandi náttúruauðlinda.

Flm.: Karl V. Matthíasson, Árni Johnsen, Guðbjartur Hannesson,
Guðjón A. Kristjánsson, Jón Gunnarsson,
Birkir J. Jónsson, Jón Bjarnason.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um aukið samráð á sviði sjálfbærrar nýtingar lifandi náttúruauðlinda, þ.m.t. fugla- og fiskstofna, auk spendýra.

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 3/2008 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 27. ágúst 2008 í Grundarfirði. Ályktun ráðsins hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Vestnorræna ráðið styður sjálfbæra nýtingu lifandi náttúruauðlinda, þ.m.t. fugla- og fiskstofna, auk spendýra. Vestnorræna ráðið skorar því á landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands að eiga frumkvæðið að auknu samráði á sviði sjálfbærrar nýtingar vestnorrænna fugla- og fiskstofna, auk spendýra, við gerð samninga eða samkomulaga þar um. Vestnorræna ráðið bendir á samhengið sem er á milli afkomu lifandi náttúruauðlinda og loftslagsbreytinga. Vestnorræna ráðið lýsir ánægju sinni með þann fjölda verkefna sem unnið hefur verið að á sviði loftslagsrannsókna á Vestur-Norðurlöndum hin síðari ár. Vestnorræna ráðið hvetur stjórnvöld til þess að tryggja að fyrir hendi séu skiptiáætlanir milli Vestur-Norðurlanda sem ætlaðar eru nemendum, kennurum og fræðimönnum.

Rökstuðningur.

Hagkerfi Vestur-Norðurlanda byggist að miklu leyti á nýtingu náttúruauðlinda. Vestur-Norðurlönd eiga því sameiginlegra hagsmuna að gæta þegar kemur að því að tryggja sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda þjóðanna.

Náttúruauðlindir þjóðanna eru takmörkuð gæði. Það er því mikilvægt að Vestur-Norðurlönd standi í sameiningu fyrir því að náttúruauðlindir séu nýttar með sjálfbærum hætti til að tryggja viðgang dýrastofna og annarra náttúruauðlinda og þar með hag framtíðarkynslóða, ekki síst sjávarútvegs- og veiðisamfélaga.

Til að svo geti orðið er mjög mikilvægt að eiga samvinnu um nauðsynlegar málamiðlanir, sem taki mið af sjónarmiðum um sjálfbæra nýtingu og sameiginlegan hag landanna, þegar kemur að því að stjórna aðgangi að náttúruauðlindum á Vestur-Norðurlöndum.

Enginn vafi leikur á því að Vestur-Norðurlönd hafa náð langt í því að tryggja í framkvæmd þær meginreglur sem snúa að sjálfbærri þróun og nýtingu náttúruauðlinda. Á sama tíma er ætíð svigrúm til að gera enn betur. Það er því mikilvægt að Vestur-Norðurlönd, fyrir tilstilli tvíhliða og marghliða samkomulaga, haldi áfram að vinna saman á uppbyggilegan hátt að því að tryggja sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.

Á Vestur-Norðurlöndum er sterk hefð fyrir því að leysa sameiginlega vandamál og áskoranir sem löndin standa frammi fyrir, ekki síst á sviði nýtingar fugla- og fiskstofna, auk spendýra.

Það er fagnaðarefni í huga Vestnorræna ráðsins að áhrif loftslagsbreytinga hafa verið sett á dagskrá allra Vestur-Norðurlandanna hin síðari ár. Til að tryggja sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda er mikilvægt að rannsaka viðgang dýrastofna, m.a. með hliðsjón af áhrifum loftslagsbreytinga. Vestnorræna ráðið skorar því á stjórnvöld Vestur-Norðurlanda að styrkja samstarf vísindamanna og rannsóknarnema enn frekar á þessu sviði og auðvelda þar með samráð um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.“

302. Tillaga til þingsályktunar [224. mál]

um samkomulag milli Íslands og Grænlands um skipti á útsendum sendifulltrúum og milli Færeyja og Grænlands um skipti á opinberum sendifulltrúum.

Flm.: Karl V. Matthíasson, Árni Johnsen, Guðbjartur Hannesson,
Guðjón A. Kristjánsson, Jón Gunnarsson,
Birkir J. Jónsson, Jón Bjarnason.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórn Grænlands um að löndin skiptist á útsendum sendifulltrúum. Færeyjar og Grænland eru jafnframt hvött til að skiptast á opinberum sendifulltrúum.

Greinargerð.

Tillaga þessi er sett fram á grundvelli ályktunar Vestnorræna ráðsins nr. 2/2008 sem samþykkt var á ársfundi ráðsins 27. ágúst 2008 í Grundarfirði. Ályktun ráðsins hljóðar svo í íslenskri þýðingu:

„Færeyjar og Ísland hafa sett upp sendiskrifstofur í löndum hvort annars. Vestnorræna ráðið skorar á landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands að gera með sér sams konar samkomulag um stofnun sendiskrifstofa þar sem starfi útsendir sendifulltrúar á vegum utanríkisþjónustu landanna. Vestnorræna ráðið skorar einnig á landsstjórn Færeyja og Grænlands að skiptast á opinberum sendifulltrúum. Löndin eru hvött til þess að koma sér upp sameiginlegum skrifstofum eftir því sem tök eru á.

Rökstuðningur.

Löng hefð er fyrir jákvæðu og víðtæku samstarfi vestnorrænna þjóða. Þær eru nánustu nágrannar og hafa öldum saman átt með sér góð vináttu- og nágrannatengsl. Jafnframt hefur verið nokkuð algengt að íbúar hafi flust milli landanna, starfað þar og haft búsetu.

Ríki stofna jafnan ræðis- og sendiskrifstofur sem og sendiráð í löndum sem þau tengjast nánum böndum í krafti víðtæks samstarfs og/eða viðskipta. Undanfarin ár hafa tengslin og samstarfið milli vestnorrænu landanna vaxið stöðugt að umfangi, ekki síst fyrir tilstilli Vestnorræna ráðsins.

Til að styrkja enn frekar böndin á milli þeirra telur Vestnorræna ráðið mikilvægt að koma á gagnkvæmu og formlegu stjórnmálasambandi milli Vestur-Norðurlanda enda hafi það ótvírætt gildi fyrir íbúa landanna sem og vöxt og viðgang vestnorræns iðnaðar og atvinnulífs að geta leitað eftir aðstoð sendi- eða ræðismannsskrifstofa þegar kemur að viðskiptum, ferðalögum og búferlaflutningum milli landanna.

Þar sem aðildarlönd Vestnorræna ráðsins eru ekki öll sjálfstæð ríki þá getur verið nauðsynlegt að koma á annars konar formlegu sambandi en eiginlegu stjórnmálasambandi í formi sendiskrifstofu þar sem starfi útsendir sendifulltrúar frá utanríkisþjónustu landanna. Vestnorræna ráðið telur að stofnun sendiskrifstofu með útsendum sendifulltrúum á vegum utanríkisþjónustu landanna í tilviki Íslands og Grænlands og skrifstofu opinberra sendifulltrúa í tilviki Færeyja og Grænlands sé eðlilegt framhald á langri og góðri samvinnu milli Vestur-Norðurlanda og skorar því á stjórnvöld landanna að vinna í því að koma slíku á fót.“

303. Svar [149. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur um Olweusar-verkefnið.

1. *Hver er staða Olweusar-verkefnisins?*

Olweusarverkefni gegn einelti í grunnskólum er samstarfsverkefni menntamálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands, Heimilis og skóla, Kennaraháskóla Íslands og Námsgagnastofnunar. Verkefnið byggist á kenningum og aðferðafræði prófessorsins Dan Olweusar og hófst framkvæmd þess hér á landi árið 2002 þegar undirritaður var samningur við Þorlák Helgason framkvæmdastjóra verkefnisins. Samningurinn var endurnýjaður árið 2006 og rennur út í árslok 2008.

Á tímabilinu 2002–2008 hafa 85 grunnskólar komið að verkefninu með um helming grunnskólanemenda á landinu. Árlega hafa kannanir verið lagðar fyrir nemendur í 4.–10. bekk á tímabilinu 2002–2007. Langflestir þessara 85 grunnskóla hafa lokið innleiðingarferlinu eða eru í fullum gangi, en innleiðing Olweusarverkefnisins stendur yfir í tvö ár í hverjum skóla. Um 55% allra grunnskólanemenda á Íslandi eru nú þátttakendur í Olweusaráætluninni. Að auki hefur áætlunin teygt anga sína til stofnana, félaga og fleiri aðila sem sinna ýmiss

konar félagsstarfi sem nemendur taka þátt í utan hefðbundins skólatíma. Ætla má að 6–8 þúsund kennarar og aðrir starfsmenn grunnskóla ásamt öðru starfsfólki utan grunnskóla hafi tekið þátt í framkvæmd Olweusaráætlunarinnar.

Innleiðing Olweusaráætlunarinnar þýðir að skólasamfélagið beitir aðferðum áætlunarinnar kerfisbundið í tvö ár. Gerð er krafa um að skóli viðhaldi áætluninni að lokinni innleiðingu með markvissum hætti vilji skóli áfram kalla sig Olweusarskóla. Flestir grunnskólar hófu innleiðingu Olweusaráætlunarinnar haustið 2002, eða 43 skólar, en árið 2004 voru þeir 30 og árið 2006 voru þeir níu. Önnur ár bættust þrír grunnskólar við og í dag eru 85 grunnskólar sem fylgja Olweusaráætluninni.

Til að meta árangur af verkefninu hafa svokallaðar eineltiskannanir verið lagðar fyrir nemendur í 4.–10. bekk. Var það gert samtals sjö sinnum á tímabilinu 2002–2007. Einelti telst vera fyrir hendi ef nemandi svarar að hann hafi orðið fyrir einelti að lágmarki tvisvar eða þrisvar sinnum í mánuði í skólanum undanfarna mánuði. Árið 2006 var könnunin á Íslandi þýdd sérstaklega á pólsku og árið 2007 var hún þýdd á litháísku og tælensku. Þá hafa skólar getað stuðst við könnunina á ensku, norsku, sænsku og dönsku. Eineltiskannanirnar er hægt að taka rafrænt eða leggja fyrir á pappír.

Einelti mældist um þriðjungi lægra árið 2003 en við upphaf innleiðingar árið 2002. Einelti dróst hlutfallslega meira saman á unglingastigi (8.–10. bekk) en á miðstigi (4.–7. bekk) og mældist 4,6% á unglingastigi árið 2003 miðað við 7,8% árið 2002. Á miðstigi mældist einelti 11,6% 2002, en 8% 2003.

Við innleiðingu 2004 sögðust 9,7% nemenda í 4.–7. bekk vera lögð í einelti, ári síðar 7,6%. Einelti í 8.–10. bekk mældist svipað árin 2005 og 2006 (4,5% vorið 2005 og 4,6% ári seinna). Skólar sem hófu innleiðingu 2006 skera sig úr. Einelti dregst saman í 4.–7. bekk úr 12,5% í 8,8% milli ára, en á sama tíma eykst einelti í 8.–10. bekk; úr 6,8% haustið 2006 í 7,8% haustið 2007. Nemendur sem tóku þátt í könnununum 2006 og 2007 voru um 1.000 talsins og getur niðurstaða í stöku skóla eitt árið haft áhrif á heildarniðurstöður fyrir alla skóla.

Auk þess að eineltið minnki yfirleitt milli ára í innleiðingarferli mælast nær undantekningarlaust aðrir veigamiklir þættir í eineltisáætluninni jákvæðari í seinni mælingunni.

Eftirfarandi atriði, sem fram koma í svörum nemenda, gefa til kynna hvernig til hefur tekist í eineltisáætluninni:

- Færri nemendur segja að þeim líki illa að vera í skólanum.
- Færri nemendur segjast ekki eiga neinn/neina góða(n) vinkonu/vin í bekknum eða í námshópnum.
- Færri óttast að verða fyrir einelti nemenda.
- Fleiri nemendur segja að kennarar og aðrir fullorðnir í skólanum reyni að stöðva einelti.
- Fleiri nemendur segja aðra nemendur gera eitthvað til að koma í veg fyrir að nemandi sé lagður í einelti.
- Nemendum fækkar sem segja að umsjónarkennari geri lítið eða ekkert til að koma í veg fyrir einelti í bekknum. (Hér er þó ekki munur á svörum síðast talda hópsins).
- Í hópnum sem hóf innleiðingu 2006 eru hlutfallslega helmingi færri nemendur (sem eru lagðir í einelti) sem svara því í seinni könnun (haustið 2007) að þeir hafi verið lagðir í einelti í eitt ár eða lengri tíma. Sömu breytingu er ekki að sjá í hinum skólahópunum milli kannana, þar sem hlutfallsbreytingar eru litlar.

2. *Hvernig hefur verkefnið gengið að mati ráðherra?*

Ljóst er af framansögðu að innleiðing Olweusaráætlunarinnar gegn einelti hefur gengið vel í grunnskólum undanfarin 6 ár og er það m.a. að þakka samhentu starfi allra sem að áætluninni koma. Samstarfsaðilar hafa sameiginlega fjármagnað verkefnið og hafa gert samninga sín á milli um skuldbindingar í þeim efnum og tekist hefur að halda verkefninu nú gangandi í 6 ár þrátt fyrir að stundum hafi komið upp erfiðleikar varðandi fjármögnun. Til þessa hefur tekist að leysa þau.

Menntamálaráðuneytið hefur samið við Námsmatsstofnun að leggja mat á hvort Olweusarverkefnið hafi náð því takmarki að draga úr einelti í þátttökuskólunum og festa sig þar í sessi. Enn fremur að gera tillögur um áframhaldandi vinnu gegn einelti í grunnskólum og draga fram veikleika og styrkleika Olweusarverkefnisins. Gert er ráð fyrir að úttektarskýrsla liggi fyrir í árslok 2008. Í framhaldinu þarf að taka ákvarðanir um frekari stuðning við Olweusarverkefnið.

3. *Hver er afstaða ráðherra til þess að lögleiða Olweusar-aðferðafræðina, líkt og gert hefur verið annars staðar?*

Í nýlega settum lögum um grunnskóla er velferð barna skilgreind sem grundvallaratriði í starfi grunnskóla. Grunnskólar eiga að gæta að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan þeirra barna er hann sækja. Skólinn á að vera griðastaður barna þar sem þau finna til öryggis, fá tækifæri til að þroska og nýta hæfileika sína og njóta bernsku sinnar í öllu starfi sínu á vegum skólans og fá nægjanlega hvíld innan hvers skóladags, hverrar skólaviku og hvers skólaárs. Gert er ráð fyrir að í aðalnámskrá grunnskóla komi fram að hverjum skóla beri að huga að menningu skólans og andrúmslofti í skólastarfinu með áherslu á velferð og jákvæða andlega og félagslega líðan nemenda og enn fremur að grunnskólar skuli setja sér forvarna- og viðbragðsáætlun. Þetta þýðir að skólar skuli m.a. setja aðgerðaáætlun gegn einelti í skólum í samræmi við ákvæði grunnskólalaga um velferð. Talið er að Olweusaráætlunin fullnægi vel þeim kröfum sem gera þarf til markvissrar aðgerðaáætlunar gegn einelti. Ekki er hins vegar talið rétt að lögleiða sérstaklega eina aðferð til að vinna gegn einelti, en gera verður þær kröfur til aðgerða skóla gegn einelti að þær séu viðurkenndar. Að öðrum kosti skila þær ekki tilætluðum árangri.

304. Frumvarp til laga [225. mál]

um vátryggingastarfsemi.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI

Gildissvið. Starfshættir.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um vátryggingastarfsemi. Starfsemi sem fellur undir lög þessi er leyfisskyld. Með vátryggingastarfsemi í lögum þessum er átt við frumtryggingastarfsemi á sviði skaðatrygginga og persónutrygginga og hvers konar endurtryggingastarfsemi.

Frumtryggingastarfsemi telst sú starfsemi að vátryggja vátryggingaráhættu neytenda.

Endurtryggingastarfsemi telst sú starfsemi að vátryggja að hluta eða öllu leyti þá vátryggingaráhættu sem frumtryggjandi eða annar endurtryggjandi hefur tekið að sér að vátryggja.

2. gr.

Eftirtaldir aðilar mega reka vátryggingastarfsemi hér á landi:

1. Hlutafélög sem hlotið hafa starfsleyfi hér á landi skv. 26. gr.
2. Vátryggingafélög með aðalstöðvar í öðru aðildarríki sem hlotið hafa starfsleyfi í heimaríki, sbr. 56. og 57. gr.
3. Evrópufélög samkvæmt lögum nr. 26/2004.
4. Vátryggingafélög með aðalstöðvar í öðru ríki en aðildarríki sem fá leyfi til að reka útibú hér á landi, sbr. 63. gr.

Um vátryggingafélög skv. 1. tölul. 1. mgr. gilda ákvæði laga um hlutafélög og um Evrópufélög skv. 3. tölul. 1. mgr. gilda ákvæði laga um Evrópufélög nema annað leiði af ákvæðum laga þessara. Bundin frum- eða endurtryggingafélög skulu vera hlutafélög.

Félög sem stofnuð eru með sérlögum til að reka vátryggingastarfsemi mega reka þessa starfsemi í lögmæltu félagsformi enda búi þau við sömu rekstrarskilyrði og önnur félög og uppfylli ákvæði II. kafla. Sama gildir um erlend vátryggingafélög sem leyfi fá til að reka vátryggingastarfsemi hér á landi.

3. gr.

Afmörkun við aðra starfsemi.

Lögin gilda ekki um eftirlaunasjóði, lífeyrissjóði og sjúkrasjóði einstakra atvinnustétta, starfshópa og fyrirtækja eða um Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóð og hliðstæðar stofnanir sem reknar eru samkvæmt sérstökum lögum nema að því leyti sem þessir aðilar kunna að hafa með höndum vátryggingastarfsemi.

Lögin gilda ekki um endurtryggingastarfsemi sem er í höndum opinbers aðila, eða tryggð til fulls af opinberum aðila, þegar starfsemin, af ástæðum sem varða mikilvæga hagsmuni almennings, veitir endurtryggingavernd sem að öðrum kosti væri ófáanleg eða illfáanleg á eðlilegum markaðskjörum.

4. gr.

Lög þessi gilda um félagasamstæður þegar móðurfélagið er vátryggingafélag. Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að ákvæði laganna um félagasamstæður skuli eiga við um tengsl félags sem ekki er vátryggingafélag og vátryggingafélaga þegar litið væri á hið fyrrnefnda sem móðurfélag samkvæmt lögum þessum ef það ræki vátryggingastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur einnig ákveðið að lögin taki til félaga sem teljast ekki félagasamstæður þegar veruleg innbyrðis tengsl eru á milli þeirra. Félögin skulu þá tilnefna eitt þeirra sem móðurfélag.

Við mat á því hvort um yfirráð í félagi sé að ræða skal leggja saman réttindi móðurfélags og dótturfélags eða dótturfélaga.

5. gr.

Enginn má í atvinnuskyni stuðla að því að vátryggingaráhætta sem hér er, sbr. 10. gr., sé frumtryggð annars staðar en hjá vátryggingafélögum sem hlotið hafa starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins, eða starfsleyfi eftirlitsstjórnvalds í öðru aðildarríki.

Endurtryggja má frumtryggingaráhættu, sbr. 1. mgr., hjá endurtryggingafélagi skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. 2. gr. Aðeins er heimilt að endurtryggja frumtryggingaráhættu, sbr. 1. mgr., hjá endurtryggingafélagi í þriðja ríki að fyrir liggi samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og eftirlitsstjórnvalds í heimaríki viðkomandi endurtryggingafélags um gagnkvæmt eftirlit með starfsemi endurtryggingafélaga. Ákvæði 1. og 2. málsl. eiga ekki við um endurtryggingar á endurtryggingaráhættu.

Fjármálaeftirlitið getur, þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, heimilað undanþágur frá banni skv. 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr.

6. gr.

Vátryggingastarfsemi og hliðarstarfsemi skv. 13. gr. sem vátryggingafélögum er heimilt að stunda skal rekin í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur í vátryggingaviðskiptum og með hag vátryggingartaka og vátryggðra fyrir augum.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi eftirlitsskylds aðila sé ekki í samræmi við ákvæði 1. mgr. getur það gefið fyrirmæli um að ráðin verði bót á því sem úrskeiðis hefur farið. Sé ekki farið að fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins getur það beitt viðurlögum skv. XIII. kafla eða gripið til þeirra úrræða sem lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi heimila.

7. gr.

Aðrir en þeir sem leyfi hafa til vátryggingastarfsemi mega ekki bera heiti sem kunna að benda til eða gefa í skyn að þeir reki vátryggingastarfsemi eða láta nokkuð frá sér fara opinberlega, í prentuðu máli eða á annan hátt, sem skilja mætti á þann veg að vátryggingastarfsemi sé rekin.

II. KAFLI
Skilgreining hugtaka. Mörk við aðra starfsemi.

8. gr.

Skilgreining hugtaka.

Með starfsstöð vátryggingafélags er í lögum þessum átt við:

1. Aðalstöðvar félagsins samkvæmt samþykktum þess.
2. Útibú.
3. Skrifstofu undir stjórn starfsliðs erlends vátryggingafélags.
4. Aðsetur einstaklings með umboð erlends vátryggingafélags til að starfa á vegum þess.

Þegar erlent vátryggingafélag starfar hér á landi eins og segir í 3. eða 4. tölul. 1. mgr. skal litið svo á að félagið hafi hér starfsemi sem jafngildir útibúi og skal félagið uppfylla þau skilyrði IX. kafla sem að slíkri starfsemi lúta. Sama gildir um starfsemi innlendra vátryggingafélaga erlendis, sbr. X. kafla.

9. gr.

Í lögum þessum merkir:

1. *Aðildarríki:* Ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjar.
2. *Aðildarríki þar sem þjónusta er veitt:* Aðildarríki þar sem vátryggingafélag eða útibú í öðru aðildarríki vátryggir áhættu sem þar er, sbr. 10. gr., án þess að hafa þar starfsstöð.

3. *Blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi:* Móðurfélag sem ekki er eftirlitsskylt en það ásamt dótturfélögum sínum, en a.m.k. eitt þeirra er eftirlitsskylt og er með höfuðstöðvar í aðildarríki, og öðrum aðilum myndar fjármálasamsteypu.
4. *Blandað eignarhaldsfélag á vátryggingasviði:* Fyrirtæki, sem ekki er vátryggingafélag, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, þar sem að minnsta kosti eitt dótturfélag er vátryggingafélag.
5. *Bundið endurtryggingafélag (e.: captive reinsurance undertaking):* Endurtryggingafélag sem er annaðhvort í eigu fjármálafyrirtækis, þó ekki vátryggingafélags eða endurtryggingafélags eða samstæðu vátrygginga- eða endurtryggingafélaga sem falla undir tilskipun 98/78/EB, um viðbótareftirlit með vátryggingafélögum í vátryggingasamstæðu, eða í eigu fyrirtækis, annars en fjármálafyrirtækis, sem hefur að markmiði að endurtryggja einungis áhættu fyrirtækis eða fyrirtækja sem það tilheyrir eða áhættu fyrirtækis eða fyrirtækja samstæðunnar sem bundna endurtryggingafélagið á aðild að.
6. *Bundið frumtryggingafélag (e.: captive insurance undertaking):* Vátryggingafélag sem er annaðhvort í eigu fjármálafyrirtækis, þó ekki vátryggingafélags eða endurtryggingafélags eða samstæðu vátrygginga- eða endurtryggingafélaga sem falla undir tilskipun 98/78/EB, um viðbótareftirlit með vátryggingafélögum í vátryggingasamstæðu, eða í eigu fyrirtækis, annars en fjármálafyrirtækis, sem hefur að markmiði að frumtryggja einungis áhættu fyrirtækis eða fyrirtækja sem það tilheyrir eða áhættu fyrirtækis eða fyrirtækja samstæðunnar sem bundna frumtryggingafélagið á aðild að.
7. *Dótturfélag:* Félag sem móðurfélag hefur yfirráð yfir; dótturfélag dótturfélags telst einnig dótturfélag móðurfélagsins.
8. *Eftirlitsstjórnvald:* Sá aðili sem samkvæmt lögum hlutaðeigandi ríkis fer með eftirlit með vátryggingafélögum og vátryggingastarfsemi, hér á landi Fjármálaeftirlitið.
9. *Eignarhaldsfélag á vátryggingasviði:* Fyrirtæki þar sem meginstarfsemin er að eiga hluti í dótturfyrirtækjum sem eru annaðhvort eingöngu eða aðallega vátryggingafélög.
10. *Endurtryggingastarfsemi:* Starfsemi sem felst í því að taka á sig áhættu sem vátryggingafélag eða annað endurtryggingafélag hefur látið frá sér. Ef um er að ræða samtök vátryggjenda sem þekkt eru undir nafninu Lloyd´s merkir endurtryggingastarfsemi einnig starfsemi sem felst í því að taka á sig áhættu sem félagi í Lloyd´s, vátryggingafélag eða endurtryggingafélag sem hvorugt eru aðilar að samtökum vátryggjenda sem þekkt eru undir nafninu Lloyd´s hafa látið frá sér.
11. *Félag með sérstakan tilgang (e.: special purpose vehicle):* Félag, hvert svo sem félagaformið er, annað en starfandi vátryggingafélag, sem yfirtekur áhættu frá vátryggingafélögum og tryggir sig alfarið gegn slíkri áhættu með hagnaði af útgáfu skuldabréfa eða með einhverju öðru fjármögnunarfyrirkomulagi þar sem endurgreiðsluréttur þeirra sem keypt hafa skuldabréfin eða tekið þátt í fjármögnun víkur fyrir endurtryggingaskuldbindingum félagsins.
Grein þessi er samhljóða 95. gr. gildandi laga, um gjaldþrotaskipti líftryggingafélags, að því undanskildu að frumvarpið leggur til breytta tilhögun opinberrar birtingar á viðeigandi tilkynningum, sbr. almenna umfjöllun um XII. kafla.

Um 84. gr.

Grein þessi er samhljóða 96. gr. gildandi laga, um gjaldþrotaskipti vátryggingafélags, að því undanskildu að frumvarpið leggur til breytta tilhögun á opinberri birtingu viðeigandi tilkynninga. Greinin á við um vátryggingafélög sem starfa á sviði frumtrygginga skaðatrygginga og allra tegunda endurtrygginga.

Um 85. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 96. gr. A gildandi laga, um stöðu samninga sem vátryggingafélag sem er undir gjaldþrotaskiptum hefur gert.

Um 86. gr.

Grein þessi er samhljóða 97. gr. gildandi laga um frjáls slit vátryggingafélags.

Um XIII. kafla.

Ákvæðum þessa kafla frumvarpsins var bætt inn í lög um vátryggingastarfsemi með lögum nr. 55/2007 sem 99. gr. og 99. gr. a – 99. gr. f. Frumvarpið leggur ekki til efnislegar breytingar á kaflanum að undanskilinni lokamálsgrein 91. gr. sem er sambærileg 2. mgr.112. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Aðeins eru gerðar nauðsynlegar breytingar vegna tilfærslna á greinum, brottfalls og nýrra greina. Athygli er þó vakin á nýjum 13. tölul. 87. gr. sem settur er vegna nýs ákvæðis 3. mgr. 44. gr. um stjórnarsetu. Ákvæði kaflans þarfnast að öðru leyti ekki frekari skýringa.

Um 87.–93. gr.

Frumvarpið leggur ekki til efnislegar breytingar á ákvæðum greina kaflans að undanskilinni lokamálsgrein 91. gr. sem er sambærileg 2. mgr.112. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Aðeins eru gerðar nauðsynlegar breytingar vegna tilfærslna á greinum, brottfalls og nýrra greina.

Athygli er vakin á nýjum 13. tölul. 87. gr. sem settur er vegna nýs ákvæðis 3. mgr. 44. gr. um stjórnarsetu. Ákvæði kaflans þarfnast að öðru leyti ekki frekari skýringa.

Um 94. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 95. gr.

Í greininni eru taldar upp þær tilskipanir ESB sem voru innleiddar með lögum nr. 60/1994, breytingarlögum við þau lög og með frumvarpi þessu.

Um 96. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Varðandi ákvæði 1. mgr. er um að ræða vátryggingafélögin Íslenska endurtryggingu hf. og Tryggingu hf. Bæði félögin eru í nánum tengslum við önnur starfandi vátryggingafélög. Þannig er Íslensk endurtrygging hf. hlutdeildarfélag Milestone ehf. (móðurfélags Sjóvár-Almennra tryggingа hf.), Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og Exista hf. (móðurfélags Vátryggingafélags Íslands hf. og Líftryggingafélags Íslands hf.). Trygging hf. er dótturfélag Tryggingamiðstöðvarinnar hf. Mikilvægt er því að félögin lúti áfram eftirliti Fjármálaeftirlitsins sem hefur eftirlit með að fjárhagur þeirra sé með viðunandi hætti, þar á meðal vátryggingaskuld og eignir til jöfnunar vátryggingaskuldar. Slakað er á kröfum um almennt lágmarksgjaldþol (minimum guarantee fund) skv. 35. gr. og kröfu um ársfjórðungsleg skil á upplýsingum um eignir til jöfnunar vátryggingaskuld skv. 41. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að kröfur um lágmarksgjaldþol þessarra félaga séu ákveðnar sem hlutfall af tjónum ársins (breytingu á tjónaskuld) í samræmi við 33. gr. frumvarpsins. Um margar aðrar greinar frumvarpsins leiðir af sjálfu sér að þær geta ekki átt við starfsemi þessara félaga.

Í ákvæði 2. mgr. er að finna aðlögunartíma vegna 2. mgr. 44. gr. um takmarkanir á því hverjir geta verið stjórnarmenn í vátryggingafélögum. Sanngjarnt þykir að veita aðlögun fram að næsta aðalfundi vátryggingafélags svo að ekki þurfi að kjósa nýja stjórn fyrr.

3. mgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í gildandi lögum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vátryggingastarfsemi.

Markmið frumvarpsins er að endurskoða gildandi lög um vátryggingastarfsemi í samræmi við innleiðingu tilskipunar 2005/68/EB um endurtryggingar og tilskipun 2007/44/EB um eignaraðild. Samkvæmt frumvarpinu mun Fjármálaeftirlitið hafa áfram umsjón með því að veita vátryggingafélögum starfsleyfi og hafa eftirlit með starfsemi þeirra félaga sem fengið hafa slíkt leyfi hér á landi. Þá er gert ráð fyrir að sá aðili sem eignast virkan eignarhlut eða eykur við hlut sinn í vátryggingafélagi skuli tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um fyrirætlan sína.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð umfram gildandi lög.

305. Frumvarp til laga [226. mál]

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt er þinglýsing skilmálabreytinga á verðtryggðum fasteignaveðlánum vegna greiðslujöfnunar samkvæmt lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, undanþegin þinglýsingargjaldi.

2. gr.

Á eftir orðunum „Leyfi til“ í 20. tölul. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: leikskólakennara.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 15. tölul. orðast svo: Innheimtuleyfi, sbr. 15. gr. laga nr. 95/2008 . . . . . 55.000 kr.
b. 18. tölul. orðast svo: Endurnýjun leyfis skv. 15. og 17. tölul. . . . . 5.500 kr.

4. gr.

Á eftir 1. mgr. 17. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Fyrir afritun og afhendingu gagna með rafrænum hætti skal greiða 150 kr. fyrir hverja blaðsíðu, allt að tíu blaðsíðum, en 50 kr. fyrir hverja blaðsíðu umfram tíu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Í fyrsta lagi er lagt til að ekki skuli greiða þinglýsingargjald vegna skilmálabreytinga á verðtryggðum fasteignaveðlánum sem koma til vegna greiðslujafnaðar samkvæmt lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga.

Í öðru lagi er lagt til að heimilt verði að taka gjald fyrir útgáfu leyfisbréfs til leikskólakennara líkt og gert er við útgáfu leyfisbréfs til grunnskóla- og framhaldsskólakennara.

Í þriðja lagi er lagt til að Fjármálaeftirlitið fái heimild til gjaldtöku vegna útgáfu innheimtuleyfis á grundvelli innheimtulaga, nr. 95/2008.

Í fjórða lagi eru lagðar til breytingar á 17. gr. í XI. kafla laganna um ljósrit, endurrit og eftirgerð hvað varðar gjaldtöku af gögnum sem afhent eru með rafrænum hætti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að þinglýsingargjald verði ekki innheimt af þinglýsingu á skilmálabreytingum á verðtryggðum fasteignaveðlánum sem gerðar eru vegna greiðslujöfnunar fasteignaveðlána samkvæmt lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, með síðari breytingum. Með breytingu á lögum nr. 63/1985, sem samþykkt var á alþingi 17.

nóvember sl., var tekið fram að skilmálabreyting á lánasamningi vegna óskar lántakanda um greiðslujöfnuð skuli vera honum að kostnaðarlausu og er því þessi tillaga komin fram.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að heimilt verði að taka gjald fyrir útgáfu leyfisbréfs til leikskólakennara líkt og gert er við útgáfu leyfisbréfs til grunnskóla- og framhaldsskólakennara. Með lögum nr. 87/2008, um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, var ákveðið að leikskólakennarar sem uppfylltu skilyrði laganna skyldu fá útgefið sérstakt leyfisbréf.

Um 3. gr.

Í innheimtulögum, nr. 95/2008, er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið veiti þeim aðilum sem stunda innheimtu sérstakt leyfi til þess. Hér er lagt til að heimild verði veitt til gjaldtöku fyrir útgáfu innheimtuleyfis og að gjaldið verði 55.000 kr. Er þá tekið mið af gjaldi vegna leyfisbréfs fyrir verðbréfamiðlun og leyfi til vátryggingarmiðlunar. Jafnframt er lagt til að gjald fyrir endurnýjun leyfisins verði 5.500 kr.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. 17 gr. laganna er kveðið á um að heimilt sé að innheimta 150 kr. gjald fyrir hverja ljósritaða blaðsíðu. Engin lagaheimild er hins vegar nú fyrir gjaldtöku þegar sama efni er afhent rafrænt, en afhending gagna með þeim hætti hefur stóraukist með tilheyrandi kostnaði. Í greininni er því að finna tillögu um að fyrir afritun og afhendingu gagna með rafrænum hætti skuli greiða 150 kr. fyrir hverja blaðsíðu, allt að tíu blaðsíðum, en 50 kr. fyrir hverja blaðsíðu umfram tíu blaðsíður.

Um 5. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Í fyrsta lagi er lagt til að ekki skuli greiða þinglýsingargjald vegna skilmálabreytinga á verðtryggðum fasteignaveðlánum sem koma til vegna greiðslujöfnunar samkvæmt lögum nr. 63/1985, um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga. Greiðslujöfnun verðtryggðra fasteignaveðlána hefur ekki verið viðhöfð svo nokkru nemi og er því ekki um að ræða skerðingu á tekjum sem ríkissjóður hefur áður innheimt. Í öðru lagi er lagt til að heimilt verði að taka gjald fyrir útgáfu leyfisbréfs til leikskólakennara líkt og gert er við útgáfu leyfisbréfs til grunnskóla- og framhaldsskólakennara. Í þriðja lagi er lagt til að Fjármálaeftirlitið fái heimild

til gjaldtöku vegna útgáfu innheimtuleyfis á grundvelli innheimtulaga, nr. 95/2008. Reiknað er með að við gildistöku laganna sæki þau fyrirtæki sem reka leyfisskylda starfssemi í dag um innheimtuleyfi en þau eru u.þ.b. 10. Í fjórða lagi eru lagðar til breytingar á 17. gr. í XI. kafla laganna um ljósrit, endurrit og eftirgerð um að gjaldtaka af gögnum sem afhent eru með rafrænum hætti verði heimil.

Tekjur ríkissjóðs vegna nefndra breytinga eru óverulegar og verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

306. Svar [153. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um kaup á verðbréfum úr peningamarkaðssjóðum Glitnis, Landsbanka Íslands og Kaupþings.

1. *Hversu margir einstaklingar og lögaðilar, þ.e. einkahlutafélög og önnur félög, áttu innstæður í peningamarkaðssjóðum Glitnis, Landsbanka Íslands og Kaupþings, þegar Fjármálaeftirlitið f.h. ríkissjóðs tók yfir rekstur þeirra í byrjun október sl.?*
2. *Hver var samanlögð innstæða í hverjum banka og sjóði og hver var hæsta innstæða í hverjum banka og sjóði?*
3. *Hver var dreifing innstæðna í peningamarkaðssjóðunum, sundurliðað eftir fjölda þeirra sem áttu innstæður í peningamarkaðssjóðum í hverjum banka fyrir sig sem og upplýsingum um fjölda þeirra sem áttu innstæður á bilinu 0–5 millj. kr., 5–10 millj. kr., 10–20 millj. kr., 20–50 millj. kr., 50–100 millj. kr., 100–300 millj. kr., 300–500 millj. kr., meira en 1.000 millj. kr.?*
4. *Hversu hátt hlutfall var greitt úr hverjum sjóði og hver var hæsta greiðsla sem greidd var til einstaklings eða lögaðila?*

Viðskiptabankarnir Glitnir hf., Landsbanki Íslands hf. og Kaupþing banki hf. eru almenn hlutafélög og voru skráð á markaði þangað til í október sl. Þó svo að Fjármálaeftirlitið hafi gripið inn í rekstur bankanna á grundvelli laga nr. 125/2008 eru þeir eftir sem áður viðskiptabankar á samkeppnismarkaði og lúta sömu lögum og reglum og aðrir slíkir, m.a. lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Af framangreindum ástæðum er ráðuneytinu ekki unnt að veita þær upplýsingar sem óskað er eftir í 1.–4. tölul. fyrirspurnarinnar.

5. *Á hverju byggðist verðmat á verðbréfum sjóðanna, hver verðmat og hver tók ákvörðun um að nýju bankarnir keyptu bréfin því verði?*

Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins byggðust viðskipti fjármálastofnana við rekstrarfélög sjóðanna með verðbréf í sjóðum þeirra á utanaðkomandi verðmati endurskoðunarfyrirtækja. Ákvörðun um kaup á verðbréfum sjóðanna var á hendi bankanna.

6. *Hvernig voru greiðslur til kaupa á verðbréfum sjóðanna fjármagnaðar?*

Í stað verðbréfanna voru látnar innstæður í viðkomandi bönkum. Við slit sjóðanna var hlutum í sjóðunum skipt fyrir innlán.

7. *Byggðust kaupin á ákvörðun eða fyrirmælum frá Fjármálaeftirliti, viðkomandi skilanefnd, viðkomandi bankaráði til bráðabirgða eða bankastjórn?*

Svar við þessum lið fyrirspurnarinnar felst í svari við 5. tölul. Fjármálaeftirlitið gaf einungis út tilmæli um að sjóðunum yrði slitið og að laust fé yrði greitt út í formi innlána.

8. *Hver var aðkoma ráðuneytisins og ráðherra í þessari atburðarás?*

Ráðuneytið átti þátt í fundum þar sem staða sjóðanna, eins og hún leit út í byrjun október, var rædd með Fjármálaeftirlitinu, fulltrúum rekstrarfélaga allra verðbréfasjóðanna og skilanefndum. Á þeim tímapunkti leit út fyrir að útgreiðsluhlutfall úr sjóðunum yrði mjög lágt í sumum tilvikum og til skoðunar var hvort grípa ætti til opinberrar aðstoðar. Á síðari stigum kom í ljós að staðan var betri en á horfðist og meðal annars þess vegna var horfið frá öllum

hugmyndum um opinbert framlag. Fulltrúi ráðuneytisins var áfram í samskiptum við rekstrarfélög peningamarkaðssjóðanna og forsvarsmenn bankanna þegar ljóst var að áhugi væri fyrir því að áðurnefnd viðskipti færu fram. Af hálfu ráðuneytisins var lögð þung áhersla á að öll viðskipti með verðbréf sjóðanna ættu að vera á viðskiptalegum forsendum og að jafnræðis yrði gætt.

9. *Telur ráðherra að framkvæmdin standist jafnræðisreglu gagnvart eigendum verðbréfa í öðrum sjóðum í þessum þremur bönkum eða öðrum bönkum og sparisjóðum og ákvæði stjórnarskrár um fjárheimildir?*

Það er ekki í verkahring ráðherra að úrskurða um jafnræðisreglu eða ákvæði stjórnarskrár um fjárheimildir í tengslum við þessi viðskipti. Ráðherra er þó ekki kunnugt um að neinar reglur eða lög hafi verið brotin í þessu ferli.

10. *Eru fyrir hendi minnisblöð, tölvupóstar, fyrirmæli eða aðrar skriflegar heimildir um endurfjármögnun peningamarkaðssjóðanna og ef svo er, hvert er efnislegt inntak þeirra?*

Tekin voru saman tvö minnisblöð um peningamarkaðssjóðina sem ráðuneytinu er kunnugt um og byggjast á upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu um stöðu einstakra sjóða. Tilgangur þeirra var að greina valkosti varðandi hugsanlega aðkomu stjórnvalda að sjóðunum. Ekkert varð af slíkum hugmyndum hins vegar. Engin minnisblöð, fyrirmæli eða aðrar skriflegar heimildir eru til um kaup bankanna á bréfum sjóðanna. Vitað er um eitt tölvuskeyti frá aðstoðarmanni viðskiptaráðherra til forsvarsmanna peningamarkaðssjóða þar sem hvatt er til þess að viðskipti með verðbréf sjóðanna verði á viðskiptalegum forsendum og samræmist jafnræðissjónarmiðum.

307. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 88/2005, og fleiri lögum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Ögmund Hrafn Magnússon frá fjármálaráðuneyti, Snorra Olsen tollstjóra og Guðbjörn Guðbjörnsson frá Tollvarðafélagi Íslands. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá ríkisskattstjóra, tollstjóranum í Reykjavík, Félagi íslenskra stórkaupmanna, sýslumanninum í Bolungarvík, sýslumanninum í Vestmannaeyjum, Samtökum atvinnulífsins, Sýslumannafélagi Íslands, Tollvarðafélagi Íslands og Samtökum verslunar og þjónustu.

Í frumvarpinu er lagt til að landið verði gert að einu tollumdæmi sem stjórnað verði af einu embætti, tollstjóranum í Reykjavík, sem eftir breytinguna mun heita embætti tollstjóra. Embættinu verði heimilt að fela sýslumönnum og lögreglustjórum að annast tilgreinda þætti tollframkvæmdar í umdæmum þeirra.

Fram kom að almenn samstaða væri um breytingar frumvarpsins. Markmið þeirra væri að hagræða í stjórnsýslu tollframkvæmdar og koma ábyrgð á málaflokknum alfarið undir fjármálaráðuneytið.

Nefndin ræddi rökin fyrir því að yfirstjórn tollamála væri færð til tollstjórans í Reykjavík og var því til stuðnings vísað til umfangs starfseminnar auk þess sem embættið hefði í dag með höndum sérstakt hlutverk, sbr. 43. gr. tollalaga.

Þá ræddi nefndin hvort frumvarpið mundi hafa í för með sér niðurskurð og fækkun starfa á landsbyggðinni. Kom fram að það stæði ekki til, heldur ætti að efla þjónustu þar sem hennar væri þörf. Frumvarpið mundi auðvelda færslu starfa til landsbyggðarinnar og að því gefnu að það væri álitið hagkvæmt og skynsamlegt.

Á fundum nefndarinnar var undirstrikuð þörf fyrir náið samstarf löggæslu og tollgæslu og mikilvægi þess að tryggja virka miðlun upplýsinga milli þessara embætta, sbr. 12. og 45. gr. frumvarpsins. Nefndin tekur undir það sjónarmið.

Nefndin fagnar sérstaklega 5. tölul. 8. gr. frumvarpsins og bendir á að hann er í samræmi við áherslur sem fram komu í áliti nefndarinnar frá 4. des. 2007 á 135. löggjafarþingi (þskj. 448, 229. mál).

Nefndin vill taka af tvímæli um að tollstjóri annist lögskráningu í umdæmi sýslumannsins í Keflavík og leggur til breytingu þess efnis.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. efnismgr. 29. gr. orðist svo:

Tollstjóri er lögskráningarstjóri í Reykjavík og í umdæmi sýslumannsins í Keflavík. Sýslumenn eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi.

Ögmundur Jónasson og Katrín Jakobsdóttir gera fyrirvara við álitið.

Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 9. des. 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.
Bjarni Benediktsson.	Gunnar Svavarsson.	Birkir J. Jónsson.
Lúðvík Bergvinsson.	Katrín Jakobsdóttir, með fyrirvara.	Rósa Guðbjartsdóttir.

308. Fyrirspurn [227. mál]

til viðskiptaráðherra um tvö bréf ráðherrans til breska fjármálaráðuneytisins.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Hvernig hljóða bréf ráðherrans sem send voru breska fjármálaráðuneytinu annars vegar um miðjan ágúst og hins vegar 5. október sl.?

Skriflegt svar óskast.

309. Nefndarálit [206. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/1997, um búnaðargjald.

Frá sjávarútvegs og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Friðriksson frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Með frumvarpinu er verið að bregðast við setningu nýs staðals um atvinnugreinaflokkun, ÍSAT2008 í stað ÍSAT95. Engar efnisbreytingar verða á álagningu búnaðargjalds með frumvarpinu.

Nefndin ræddi þá breytingu sem lögð er til í frumvarpinu og hvort breyting á stöðlunum gæti haft áhrif á álagningu búnaðargjalds en svo er ekki.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Kjartan Ólafsson og Gunnar Svavarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 2008.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Atli Gíslason.	Helgi Hjörvar.
Valgerður Sverrisdóttir.	Karl V. Matthíasson.	Jón Gunnarsson.

Grétar Mar Jónsson.

310. Frumvarp til laga [141. mál]

um embætti sérstaks saksóknara.

(Eftir 2. umr., 10. des.)

1. gr.

Sett skal á stofn embætti sérstaks saksóknara til að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda, tengslum við og kjölfar atburða er leiddu til setningar laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008, og þess ástands sem þá skapaðist á fjármálamarkaði, hvort sem það tengist starfsemi fjármálafyrirtækja, annarra lögaðila eða einstaklinga, og eftir atvikum fylgja rannsókn eftir með saksókn.

Rannsóknar- og ákæruheimildir embættisins taka meðal annars til efnahags-, auðgunar- og skattabrota, þar með talið brota sem rannsökuð hafa verið af Fjármálaeftirlitinu, Samkeppniseftirlitinu og skattrannsóknarstjóra ríkisins og vísað hefur verið til lögreglu. Hinn sérstaki saksóknari hefur eftir þörfum samstarf við Fjármálaeftirlitið, Samkeppniseftirlitið og skattrannsóknarstjóra ríkisins og aðrar réttarvörslu- og eftirlitsstofnanir. Sé þess óskað skulu þessar stofnanir veita hinum sérstaka saksóknara upplýsingar um stöðu annarra mála en greinir í 1. málsl.

Kærum og ábendingum vegna gruns um refsiverða háttsemi sem fellur undir lög þessi skal beina til embættisins frá og með stofnun þess.

2. gr.

Dómsmálaráðherra skipar sérstakan saksóknara og skal hann veita forstöðu rannsóknar- og saksóknaraembætti skv. 1. gr. Skal hinn sérstaki saksóknari fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla. Heimilt er þó að víkja frá 70 ára aldurshámarki, sbr. 5. mgr. 31. gr. sömu laga. Hinn sérstaki saksóknari ræður annað starfsfólk embættisins.

Ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um fimm ára skipunartíma og biðlaunarétt taka ekki til hins sérstaka saksóknara. Skipun hans fellur niður þegar embættið verður lagt niður eða það sameinað annarri ríkisstofnun, sbr. 7. gr. Hinn sérstaki saksóknari heldur þá óbreyttum launum í þrjá mánuði frá þeim tíma. Nú velst dómari til starfans og skal þá dómsmálaráðherra veita honum leyfi frá störfum á skipunartímanum.

Hinn sérstaki saksóknari hefur stöðu og almennar heimildir lögreglustjóra samkvæmt lögreglulögum og ákæruvald skv. 1. gr. Skal staða hans vera hliðsett stöðu héraðssaksóknara skv. 18. gr. laga um meðferð sakamála, þar á meðal hefur hann og starfsmenn hans sambærilega heimild til að flytja mál fyrir dómi og héraðssaksóknari og starfsmenn hans skv. 2. mgr. 25. gr. þeirra laga. Ef háttsemi felur í sér annað eða önnur brot en þau sem hinn sérstaki saksóknari fer með skv. 1. gr. tekur ríkissaksóknari ákvörðun um það hvort hinn sérstaki saksóknari fari með málið eða hvort annar ákærandi skuli gera það. Ríkissaksóknari leysir á sama hátt úr öðrum ágreiningi sem kann að rísa um valdsvið hins sérstaka saksóknara og annarra ákærenda. Þá er hinum sérstaka saksóknara skylt að hlíta fyrirmælum ríkissaksóknara skv. 3. mgr. 21. gr. laga um meðferð sakamála eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Hinn sérstaki saksóknari skal birta opinberlega upplýsingar um hlutabréfaeign sína í fjármálafyrirtækjum sem aðgerðir stjórnvalda samkvæmt lögum nr. 125/2008 hafa tekið til, skuldir hans við þau, svo og starfsleg tengsl hans, maka og náinna skyldmenna við þá sem sinnt hafa stjórnunarstörfum í umræddum fjármálafyrirtækjum eða þeim stofnunum ríkisins sem rannsókn embættisins beinist að. Sama gildir um önnur atriði sem haft geta áhrif á sérstakt hæfi hins sérstaka saksóknara. Upplýsingar þessar skulu miðast við síðastliðin fimm ár fyrir gildistöku laganna, fjárhæðir sem eru yfir fimm milljónir króna og einnig eignarhlut umfram þá fjárhæð í félögum sem átt hafa hluti í umræddum fjármálafyrirtækjum 1. september 2008.

4. gr.

Lögreglumenn og löglærðir starfsmenn sérstaks saksóknara fara með lögregluvald skv. 1. mgr. 9. gr. lögreglulaga. Aðrir sérfræðingar embættisins hafa, samkvæmt nánari ákvörðun hins sérstaka saksóknara, heimildir til að annast skýrslutökur á rannsóknarstigi af sakborningum og vitnum.

Hinn sérstaki saksóknari getur leitað til sérfróðra aðila, innlendra sem erlendra, eftir því sem þurfa þykir.

5. gr.

Ríkissaksóknara er heimilt að ákveða, að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. og að fenginni rökstuddri tillögu frá hinum sérstaka saksóknara, að sá sem hefur frumkvæði að því að bjóða eða láta lögreglu eða saksóknara í té upplýsingar eða gögn sæti ekki ákæru þótt upplýsingarnar eða gögnin leiði líkur að broti hans sjálfs.

Skilyrði ákvörðunar skv. 1. mgr. eru að upplýsingar eða gögn tengist broti sem fellur undir rannsóknar- og ákæruvald sérstaks saksóknara samkvæmt lögum þessum og talið sé líklegt að þessar upplýsingar eða gögn geti leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti eða séu mikilvæg viðbót við fyrirliggjandi sönnunargögn. Þá er það skilyrði fyrir beitingu þessarar heimildar að rökstuddur grunur sé um að upplýsingar eða gögn tengist alvarlegu broti, fyrirséð sé að sök þess sem lætur slíkt í té sé mun minni en sök þess eða þeirra sem gögnin eða upplýsingarnar beinast gegn og ástæða sé til að ætla að án þeirra muni reynast torvelt að færa fram fullnægjandi sönnur fyrir broti.

6. gr.

Um starfsemi embættisins gilda að öðru leyti ákvæði lögreglulaga og laga um meðferð sakamála að því leyti sem lög þessi kveða ekki á um annað.

7. gr.

Dómsmálaráðherra getur eftir 1. janúar 2011 lagt til, að fengnu áliti ríkissaksóknara, að embættið verði lagt niður. Skal hann þá leggja fyrir Alþingi frumvarp þess efnis. Verkefni embættisins hverfa þá til lögreglu eða ákærenda eftir almennum ákvæðum lögreglulaga og laga um meðferð sakamála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til 1. janúar 2009 hefur hinn sérstaki saksóknari sömu réttarstöðu og lögreglustjóri, þar á meðal hefur hann og starfsmenn hans sambærilega heimild til að flytja mál fyrir dómi og lögreglustjórar og starfsmenn hans skv. 2. mgr. 29. gr. laga um meðferð opinberra mála. Þá er hinum sérstaka saksóknara skylt að hlíta fyrirmælum ríkissaksóknara skv. 5. mgr. 27. gr. þeirra laga eftir því sem við getur átt.

311. Frumvarp til laga [120. mál]

um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 10. des.)

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Öllum afla, sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands, skal landað innan lands og hann veginn í innlendri höfn.

Ráðherra getur með reglugerð heimilað að ísfiski sé landað í erlendum höfnum eða hann fluttur úr landi án þess að hafa verið endanlega veginn, enda sé fiskurinn seldur á opinberum fiskmarkaði sem hlotið hefur leyfi Fiskistofu. Sé fyrirhugað að flytja út óunninn afla til sölu á fiskmarkaði erlendis sem ekki hefur verið endanlega vigtaður og skráður í aflaskráningarkerfi Fiskistofu skal útgerð og skipstjóri fiskiskips tryggja að Fiskistofu séu sendar upplýsingar um aflann eigi síðar en 24 klukkustundum áður en aflinn fer um borð í flutningsfar eða skip fer af miðum, sigli fiskiskip með eigin afla. Útgerð skal einnig upplýsa hvaða lágmarksverðs er krafist fyrir afla. Upplýsingar þessar skulu birtar á opnum uppboðsvef uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla þar sem aflinn skal boðinn upp. Ráðherra skal kveða á um uppboðsskilmála og framkvæmd uppboðs í reglugerð.

Þá getur ráðherra heimilað með reglugerð að afla sem veiddur er úr íslenskum deilistofnum sé landað erlendis, enda sé eftirlit með löndun afla og vigtun hans talið fullnægjandi.

Þegar sérstaklega stendur á, t.d. vegna alvarlegrar vélarbilunar, getur Fiskistofa heimilað að skip sem vinna afla um borð landi erlendis.

Fiskistofa skal innheimta af fiskmarkaði erlendis kostnað sem til fellur við upphaflega úttekt á fiskmarkaði í kjölfar umsóknar, vegna launa eftirlitsmanna erlendis og við sérstakar eftirlitsúttektir af hálfu Fiskistofu. Enn fremur er Fiskistofu heimilt að innheimta af útgerð skips sem landar afla sínum erlendis, sbr. 3. og 4. mgr., kostnað vegna ferðar eftirlitsmanns til að fylgjast með löndun úr skipinu erlendis. Ráðherra setur nánari reglur um greiðslu kostnaðar samkvæmt ákvæði þessu.

2. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fiskistofa skal afturkalla leyfi erlends fiskmarkaðar til að móttaka afla íslenskra fiskiskipa sem ekki hefur verið endanlega veginn ef fyrirsvarsmenn fiskmarkaðar, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn ákvæðum III. kafla eða reglum settum sam-

kvæmt þeim. Hið sama á við standi erlendur fiskmarkaður ekki í skilum með greiðslu kostnaðar skv. 5. mgr. 5. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 2009.

312. Lög [141. mál]

um embætti sérstaks saksóknara.

(Afgreidd frá Alþingi 10. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 310.

313. Frumvarp til laga [228. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Í stað orðsins „Skattaðila“ í 3. mgr. 15. gr. laganna kemur: Mönnum utan atvinnurekstrar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 5. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Á eftir orðinu „íbúðarhúsnæðis“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: hér á landi eða í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
c. Við 8. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um hagnað af sölu búseturéttar.

3. gr.

Við 28. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Styrkir úr Endurhæfingarsjóði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem ganga til greiðslu kostnaðar vegna endurhæfingar, heilbrigðisþjónustu og tiltekinnar þjónustu fagaðila. Fjármálaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd þessa ákvæðis.

4. gr.

4. málsl. 4. mgr. 55. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „ákveðnar“ í 1. málsl. 8. mgr. A-liðar kemur: á grundvelli skattframtals.
b. Í stað orðanna „kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993“ í 1. mgr. B-liðar kemur: búseturétti samkvæmt lögum nr. 66/2003 og kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð samkvæmt eldri lögum.

6. gr.

Við 90. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi framtalsskyldur maður ekki sinnt skyldu sinni skv. 1. málsl. 1. mgr. er skattstjóra heimilt að útbúa skattframtal á viðkomandi með fyrirliggjandi framtalsupplýsingum, enda telji skattstjóri þær fullnægjandi. Þannig gert skattframtal skal auðkennt sérstaklega og réttaráhrif þess eru þau sömu og áætlunar skv. 2. mgr. 95. gr. Um tilkynningu og kærufresti fer skv. 2. málsl. 1. mgr. 98. gr. og 99. gr.

7. gr.

Á eftir 2. mgr. 92. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Bankar, sparisjóðir, önnur fjármálafyrirtæki og aðrir þeir aðilar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, sem taka við fjármunum til ávöxtunar, skulu ótilkvaddir veita skattyfirvöldum ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður upplýsingar um greidda eða greiðslukræfa vexti á árinu skv. 8. gr. laga þessara og afdregna staðgreiðslu og um skuldir og innstæður eða inneignir á bankareikningum og hvers konar sjóðsreikningum í árslok.

8. gr.

Ákvæði 1., 2., 3. og 4. gr. öðlast gildi 1. janúar 2009 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2009.

Ákvæði 5., 6. og 7. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2009 vegna tekna ársins 2008 og eigna og skulda í lok þess árs.

Ákvæði 9. gr. öðlast þegar gildi.

9. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 38/2008 orðast svo:

Ákvæði 5. mgr. 18. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu halda gildi sínu um hagnað lögaðila skv. 1. mgr. 2. gr. sömu laga og einstaklinga í atvinnurekstri af sölu hlutabréfa sem féll til fyrir gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um tekjuskatt.

Í fyrsta lagi er lagt til að styrkir úr Endurhæfingarsjóði ASÍ og SA sem ganga til greiðslu kostnaðar vegna endurhæfingar, heilbrigðisþjónustu og tiltekinnar þjónustu fagaðila teljist ekki til tekna. Þessi breyting er einn liður í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í febrúar sl.

Í öðru lagi er lögð til breyting á ákvæði laganna um söluhagnað af íbúðarhúsnæði í kjölfar athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Í skattframkvæmd hefur verið litið svo á að eingöngu væri hægt að endurfjárfesta í íbúðarhúsnæði á Íslandi til lækkunar á stofnverði hinnar nýju eignar. ESA telur þessa túlkun ekki samrýmast ákvæðum EES-samningsins um

frjálst flæði launþega, réttinn til búsetu og frjálst flæði fjármagns. Því er lögð til sú breyting að kveða skýrt á um það að endurfjárfesting geti farið fram hér á landi, í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Í þriðja lagi er lagt til að kaup á búseturétti samkvæmt lögum nr. 66/2003, um húsnæðissamvinnufélög, veiti rétt til vaxtabóta líkt og kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð samkvæmt þágildandi 76. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, gera.

Í fjórða lagi er lagt til að tekjutengdar barnabætur verði ekki ákvarðaðar nema á grundvelli skattframtals við álagningu og því verði ákvörðun þeirra ekki byggð á áætluðum skattstofnum. Rétt þykir að taka af öll tvímæli um að tekjuviðmiðun barnabóta skuli byggjast á framtöldum tekjum.

Í fimmta lagi er lagt til að lögfest verði heimild fyrir skattstjóra til að annast gerð skattframtala þegar fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir. Í undirbúningi hefur verið að auðvelda framteljendum með einföld framtöl árlega vinnu við framtalsskil. Þar hefur verið gert ráð fyrir að skattstjóra verði heimilt að útbúa skattframtal fyrir framteljendur þegar talið er að fullnægjandi upplýsingar séu fyrir hendi. Lagaheimild til þess hefur ekki verið til staðar og því er umrædd tillaga komin fram.

Að lokum er lagt til að öllum fjármálastofnunum verði gert skylt að senda árlega upplýsingar um bankainnstæður, sjóðsinnstæður og vexti sem slíkir reikningar bera. Um árabil hefur eitt helsta frávikið í skattlagningu einstaklinga hérlendis verið að bankar og sparisjóðir hafa ekki sent upplýsingar um peningalegar innstæður á sama tíma og aðrar nauðsynlegar upplýsingar vegna álagningar berast skattyfirvöldum. Tilgreining bankainnstæðna og skulda á skattframtali er því algjörlega háð vilja einstakra framteljenda til að gera grein fyrir þessum upplýsingum og gefur það því ófullkomna mynd af fjárhagslegri stöðu og brenglar auk þess alla tölfræði. Í núverandi lagaumhverfi er skattstjórum gert að byggja álagningu á þeim upplýsingum sem tilfærðar eru á framtali um innstæður og skuldir án samanburðar við ytri upplýsingar svo sem á við um laun, fasteignir og bifreiðaeign, skuldir við Íbúðalánasjóð o.fl. Það fyrirkomulag að gefa ekki upp sundurliðaðar upplýsingar um afdreginn fjármagnstekjuskatt hefur gert allt eftirlit með skatti þessum og umfangi hans nánast óframkvæmanlegt. Verði tillaga að umræddu ákvæði lögfest mun það einnig stuðla að meira jafnræði milli aðila, sérstaklega þegar réttindi eða skyldur ákvarðast á grundvelli heildartekna, hvort heldur vegna ákvörðunar bóta á grundvelli tekjuskattslaga eða löggjafar um almannatryggingar. Fyrir liggur að meira en 35 þúsund einstaklingar hafa við álagningu 2008 fengið bóta- og lífeyrisgreiðslur án þess að gerð sé grein fyrir innstæðum á skattframtölum þeirra. Tilgreining bankaupplýsinga er því einnig mikilvæg aðhalds- og mótvægisaðgerð gegn undandrætti tekna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 15. gr. laganna er kveðið á um meðferð söluhagnaðar af fasteignum sem ekki er heimilt að fyrna, þ.m.t. ófyrnanleg mannvirki, lönd, lóðir, ófyrnanleg náttúruauðæfi og réttindi tengd þessum eignum, bæði af fasteignum manna og þeim sem tilheyra atvinnurekstri. Í 3. mgr. lagagreinarinnar segir að jafnan sé heimilt að telja helming söluverðs til skattskyldra tekna. Er þessari reglu fyrst og fremst ætlað að gilda þegar stofnverð eignar liggur ekki fyrir. Lagt er til að þetta ákvæði verði með skýrum hætti einungis látið taka til fasteigna manna en ekki

eigna sem tilheyra atvinnurekstri, enda er slík undantekningarregla í andstöðu við meginreglur laganna um útreikning söluhagnaðar af atvinnurekstrareignum.

Um 2. gr.

Í 17. gr. laganna er kveðið á um útreikning og meðferð söluhagnaðar af íbúðarhúsnæði.

Í 5. málsl. 1. mgr. 17. gr. segir að ákvæði 15. gr. gildi um meðferð söluhagnaðar af íbúðarhúsnæði í eigu hvers konar lögaðila. Sú grein gildir þó einungis um eignir sem óheimilt er að fyrna. Lagt er til að málsliðurinn verði felldur brott, enda gilda um söluhagnað eigna í eigu lögaðila eftir atvikum 13. gr., ef um ræðir fyrnanlegt íbúðarhúsnæði, og 15. gr. ef um ræðir íbúðarhúsnæði sem ekki er heimilt að fyrna.

Í 2. mgr. 17. gr. er að finna heimild til frestunar á söluhagnaði um tvenn áramót frá söludegi. Kaupi maður annað íbúðarhúsnæði eða hefji byggingu íbúðarhúsnæðis í stað þess selda innan þess tíma færist söluhagnaðurinn til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Í skattframkvæmd hefur verið litið svo á að eingöngu sé hægt að endurfjárfesta í íbúðarhúsnæði á Íslandi til lækkunar á stofnverði hinnar nýju eignar og hafa skattyfirvöld, yfirskattanefnd og dómstólar staðfest þá framkvæmd. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) telur þessa túlkun ekki samrýmast ákvæðum EES-samningsins um frjálst flæði launþega, réttinn til búsetu og frjálst flæði fjármagns. Þannig eigi ekki að skipta máli í hvaða EES-ríki er endurfjárfest. Því er lögð til sú breyting að kveðið verði skýrt á um það að endurfjárfesting við þessar aðstæður geti farið fram hér á landi, í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.

Rétt þykir að taka af allan vafa um að ákvæði 17. gr. laganna taki einnig til búseturéttar. Talið hefur verið að jafna mætti kaupum á búseturétti við kaup á eignarhlut í íbúðarhúsnæði. Samkvæmt því sé heimilt að færa niður á móti söluhagnaði af íbúðarhúsnæði þá fjárhæð sem nemur kaupverði búseturéttar í búsetuíbúð. Hefur verið við það miðað að þessi heimild taki einungis til kaupverðs búseturéttarins, þ.e. búseturéttargjaldsins, en ekki annars hluta stofnverðs íbúðar. Ef leigutaki á rétt á húsaleigubótum samkvæmt lögum nr. 138/1997, um húsaleigubætur, hefur verið við það miðað að niðurfærsla á stofnverði íbúðar komi ekki til álita. Er það í samræmi við það að í slíkum tilvikum er ekki fyrir hendi réttur til vaxtabóta. Í lögum um húsaleigubætur segir í 4. gr. að þeir leigjendur eigi rétt á húsaleigubótum sem leigi íbúðarhúsnæði til búsetu og eigi þar lögheimili. Í 6. gr. sömu laga er kveðið á um atriði sem girða fyrir rétt til húsaleigubóta og á það m.a. við ef umsækjandi, eða einhver sem býr í húsnæðinu með honum, nýtur réttar til vaxtabóta.

Um 3. gr.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 17. febrúar sl. í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði segir m.a. að ríkisstjórnin muni í tengslum við uppbyggingu áfallatrygginga beita sér fyrir lagabreytingum sem tryggi að greiðslur úr Endurhæfingarsjóði teljist ekki til skattskyldra tekna hjá viðkomandi einstaklingum. Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er því lagt til að við 28. gr. laganna bætist nýr töluliður sem kveður á um að styrkir úr Endurhæfingarsjóði ASÍ og SA sem ganga til greiðslu kostnaðar vegna endurhæfingar, heilbrigðisþjónustu og tiltekinnar þjónustu fagaðila samkvæmt reglugerð sem fjármálaráðherra setur verði skattfrjálsir. Í fyrrnefndri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar voru tíundaðar fleiri breytingar í átt að skattfrelsi ákveðinna styrkja. Hér er lagt til að í fyrsta áfanga verði það eingöngu styrkir úr Endurhæfingarsjóði ASÍ og SA sem ganga til greiðslu kostnaðar vegna endurhæfingar, heilbrigðisþjónustu og tiltekinnar þjónustu fagaðila sem verði

skattfrjálsir. Þar sem að öðru leyti er um flókna framkvæmd að ræða þarfnast málið nánari skoðunar hvað aðra styrki varðar.

Um 4. gr.

Ákvæði 55. gr. laganna felur í sér heimild til samsköttunar móður- og dótturfélags að uppfylltum vissum skilyrðum. Við samsköttun er unnt að nýta hagnað sem verður til á rekstrarárinu hjá einu félaganna til að jafna tap sem verður hjá öðru félagi á sama rekstrarári. Þá er gert ráð fyrir að yfirfæranlegt tap af rekstri hlutafélags sem stafar af rekstri fyrir samsköttun megi einungis nýta hjá því félagi sem myndaði tapið. Er það gert til að koma í veg fyrir misnotkun á samsköttunarreglunni þannig að móðurfélag kaupi annað dótturfélag með miklu uppsöfnuðu tapi og sæki um samsköttun og búi þannig til rétt til frádráttar á eigin hagnaði með því að draga frá honum tap dótturfélagsins frá fyrri árum. Þó er heimilt skv. 4. málsl. 4. mgr. 55. gr. laganna að nýta yfirfæranlegt tap sem myndaðist fyrir samsköttun milli móður- og dótturfélags ef uppfyllt voru öll skilyrði fyrir samsköttun við gildistöku 55. gr. laganna, sbr. lög nr. 154/1998 og skilyrði 54. gr. um sameiningu félaga. Í ljósi þess að tíu ár eru liðin frá gildistöku þessa ákvæðis og þess að skv. 8. tölul. 31. gr. laganna má einungis draga frá tekjum lögaðila eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu tíu árum á undan rekstrarári er lagt til að 4. málsl. 4. mgr. 55. gr. verði felldur brott þar sem ákvæðið hefur runnið sitt skeið á enda.

Um 5. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að ákveða skuli barnabætur á grundvelli skattframtals við álagningu en ekki áætlunar. Í framkvæmd hafa barnabætur almennt ekki verið ákveðnar á grundvelli áætlunar en rétt þykir að taka af öll tvímæli um það.

Í b-lið er lagt til að kaup á búseturétti samkvæmt lögum nr. 66/2003, um húsnæðissamvinnufélög, veiti rétt til vaxtabóta líkt og kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð. Í skattframkvæmd hefur verið við það miðað að jafna mætti kaupum á búseturétti við kaup á eignarhlut í kaupleiguíbúð þannig að þeir sem keypt hafi slíkan rétt gætu eftir atvikum átt rétt á vaxtabótum samkvæmt núgildandi B-lið 68. gr. laganna. Litið hefur verið svo á að um algjörlega sambærilega gjörninga væri að ræða og eingöngu hafi verið gerðar formbreytingar en ekki efnisbreytingar að þessu leyti þegar lögum um húsnæðismál var breytt á þann veg að kaupleiguíbúðakerfið var lagt af en réttindi þeirra sem áður höfðu gert slíka samninga héldu gildi sínu, sbr. bráðabirgðaákvæði V í lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál.

Um 6. gr.

Tillaga þessi að lagabreytingu er sett fram á grundvelli reynslu grannþjóða okkar þar sem framtalsskilum þorra launþega hefur verið aflétt, enda búa þessar þjóðir við agaða upplýsingagjöf, bæði frá almennum launagreiðendum, bankastofnunum og opinberum aðilum. Á grundvelli framtals fyrra árs ásamt upplýsingum um tekjur, eignir og skuldir í lok þess árs sem almennt varða álagningu ætti framtalsskyldan nánast að vera formsatriði og atbeina skattaðila ekki þörf nema vegna einstakra atriða í undantekningartilvikum sem varða einstaklingsbundnar forsendur álagningar, svo sem beiðni um ívilnun. Telja verður að þær upplýsingar, sem tiltækar eru á rafrænu formi hjá einkaaðilum, hjá hinu opinbera og innlánsstofnunum, geri skattyfirvöldum kleift án mikils tilkostnaðar að ljúka framtalsgerð allflestra framteljenda, bæði þeirra sem hingað til hafa talið fram sem og þeirra sem sætt hafa ósundurliðaðri áætlun. Fyrst í stað verður við það látið sitja að gera ekki tillögur um róttækari breyt-

ingar en að þetta form framtalsskila verði látið ná til afmarkaðs hóps framteljenda að loknum framtalsfresti, sbr. 2. mgr. 95. gr., þó þannig að marktæk viðmið náist til að meta megi hugsanleg frávik til frekari þróunar í átt til þess að gera framtalsgerð þorra launamanna óþarfa. Þetta á við í þeim tilfellum þar sem um er að ræða einfalda framtalsgerð, svo sem hjá lífeyrisþegum, svo framarlega sem bankaupplýsingar liggja fyrir, eða hjá framteljendum sem ekki eiga hlutabréf, jafnvel þótt bankaupplýsingar liggi ekki fyrir.

Það er forsenda fyrir þessari breytingu að upplýsingagjöf banka og annarra innlánsstofnana verði með sambærilegum hætti og annars staðar á Norðurlöndunum, sbr. nánari umfjöllun við 7. gr. hér á eftir.

Ljóst er að þær fyrirliggjandi upplýsingar sem skattstjórar teldu jafngilda afhentu skattframtali, verður að vera unnt að leggja til grundvallar álagningu opinberra gjalda og ákvörðun bóta sem og annarra greiðslna sem byggjast á skattframtali. Skattframtal sem þetta yrði auðkennt sérstaklega, en heldur eftir atvikum gildi sínu sem slíkt gagnvart þeim sem hafa skattframtal til viðmiðunar, svo sem við ákvörðun á bóta- og lánsrétti, nema framteljandi kjósi að kæra álagningu sína við þessar aðstæður og leggja fram skattframtal. Í þeim tilvikum viki nýtt skattframtal framteljanda eldra framtali til hliðar.

Um 7. gr.

Ákvæðið gerir ráð fyrir að öllum fjármálastofnunum, bönkum, sparisjóðum og öðrum sem atvinnu hafa af vörslu fjármuna verði gert skylt að senda skattyfirvöldum árlega upplýsingar um bankainnstæður, vexti og afdregna staðgreiðslu. Upplýsingaskyldan er afmörkuð við aðila sem falla undir ákvæði 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og tekur til inneigna í árslok og vaxtatekna skv. 8. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Skattyfirvöld hafa margsinnis vakið athygli á að brýnt sé að upplýsingaskylda sem þessi verði lögfest þannig að betri regla komist á við skil fjármagnstekna. Ákvæðið mun því styrkja almennt eftirlit og auka aðhald með fjármagnstekjum en úrræði til þess hafa verið mjög takmörkuð. Á skattframtölum 2008 voru t.d. tæplega 92 þúsund einstaklingar með launatekjur yfir skattleysismörkum en gerðu enga grein fyrir innstæðum í fjármálastofnunum. Við ákvörðun vaxtabóta er einnig þýðingarmikið að upplýsingar um skuldir liggi fyrir um áramót á sama hátt og um innstæður og tekjur sem almennt eru hafðar til viðmiðunar við ákvörðun bótaréttar og jöfnun á greiðslugetu almennings.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um gildistöku og þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Með lögum nr. 38/2008 var sú breyting gerð á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, að hagnaður félaga af sölu hlutabréfa varð frádráttarbær frá tekjum af atvinnurekstri að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Samhliða þessum breytingum var heimild 5. mgr. 18. gr. tekjuskattslaga felld brott enda ekki lengur forsendur fyrir því ákvæði. Samkvæmt þeirri heimild gátu lögaðilar, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna, og einstaklingar í atvinnurekstri farið fram á að fresta tekjufærslu söluhagnaðar af sölu hlutabréfa (án nokkurs fyrirvara), þar á meðal skiptum á hlutabréfum, um tvenn áramót frá söludegi. Á frestunartímabilinu gat félag endurfjárfest í nýjum hlutabréfum og lækkað stofnverð þeirra um fjárhæð söluhagnaðarins. Frestaða fjárhæðin kom þannig hugsan-

lega fram í auknum söluhagnaði þegar nýju hlutabréfin yrðu seld. Þannig gat frestun og lækkun stofnverðs gengið koll af kolli. Alla jafna kom því ekki til þess að lögaðilar greiddu skatt af söluhagnaði hlutabréfa.

Eftir að frumvarp það sem varð að lögum nr. 38/2008 hafði verið lagt fyrir Alþingi kom í ljós að nauðsynlegt reyndist að kveða skýrar á um gildistöku ákvæðisins þar sem skýrt kæmi fram að nýttar frestunarheimildir á árunum 2006 og 2007 vegna söluhagnaðar sem myndaðist á þeim árum væru í fullu gildi og tækju til allra sem uppfyllt hefðu skilyrði 5. mgr. 18. gr. á þeim tíma.

Nú hefur komið í ljós að þeir lögaðilar, sem skattskyldir eru skv. 1. og 2. tölul. 2. gr., og seldu hlutabréf á tímabilinu 1. janúar 2008 til birtingardags laga nr. 38/2008 í Stjórnartíðindum þann 10. júní 2008 í félögum á t.d. lágskattasvæðum hefðu átt að eiga rétt til að fresta söluhagnaði þar sem sala þeirra er ekki frádráttarbær, enda uppfylltu þeir skilyrði 5. mgr. 18. gr. á sínum tíma. Því er lagt til að af þessari ástæðu verði réttur þeirra sem svo háttar um jafnaður með breytingu á orðalagi ákvæðis til bráðabirgða II með lögum nr. 38/2008. Að öðrum kosti væri hér um afturvirka skattskyldu að ræða sem ekki væri frestanleg og stangaðist á við ákvæði stjórnarskrár um afturvirkni skattalaga. Þá verður að telja þessa breytingu eðlilega með tilliti til þess að í núgildandi ákvæði til bráðabirgða II með lögum nr. 38/2008 er fallist á frestun á árunum 2006 og 2007.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum um tekjuskatt. Í fyrsta lagi er lagt til að styrkir úr Endurhæfingarsjóði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem ganga til greiðslu kostnaðar vegna endurhæfingar, heilbrigðisþjónustu og tiltekinnar þjónustu fagaðila teljist ekki til tekna. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á reglum um söluhagnað af íbúðarhúsnæði þar sem endurfjárfesting á íbúðarhúsnæði getur farið fram hér á landi eða í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu. Er þessi breyting gerð í því skyni að tryggja betur að íslenskar reglur um söluhagnað af íbúðarhúsnæði samrýmist þeim reglum sem EES-ríkin, þ.m.t. Ísland, þurfa að framfylgja. Áhrif þessa á útgjöld ríkissjóðs vegna söluhagnaðar af íbúðarhúsnæði eru talin óveruleg. Í þriðja lagi er lagt til að kaup á búseturétti samkvæmt lögum nr. 66/2003 veiti rétt til vaxtabóta líkt og kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð. Hér er um formbreytingu að ræða sem hefur ekki áhrif á fjárhæð vaxtabóta. Í fjórða lagi er lagt til að tekjutengdar barnabætur verði ekki ákveðnar nema á grundvelli skattframtals við álagningu, en ekki samkvæmt áætluðum skattstofnum. Í fimmta lagi er lagt til að lögfest verði heimild fyrir skattstjóra til að annast gerð skattframtala þegar fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir. Á undanförnum árum hefur átt sér stað töluvert mikil uppbygging á upplýsingakerfum sem gerir þetta mögulegt.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir því að kostnaður ríkissjóðs aukist.

314. Nefndarálit [114. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegs og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurgeir Þorgeirsson og Kristján Frey Helgason frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Friðrik Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Arthur Bogason og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda. Umsagnir bárust frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Náttúrufræðistofnun Íslands, Fiskistofu, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Háskólanum á Akureyri, Sjómannasambandi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Hafrannsóknastofnuninni, Starfsgreinasambandinu og Veiðimálastofnun.

Efni frumvarpsins lýtur að því að hækka heimild til flutnings aflamarks í botnfiski frá einu fiskveiðiári til þess næsta úr 20% í 33%. Auk þess er heimilað að veiða 5% umfram aflamark í humri á einu fiskveiðiári sem dregst frá heimildum þess næsta á eftir.

Á fundum sínum ræddi nefndin tilhögun þá sem lögð er til í frumvarpinu og er nefndin hlynnt því sem þar er lagt til. Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að líklega yrði ráðstöfunin til þess að auka sveigjanleika auk þess sem hún ýtti undir skynsamlega nýtingu afla og gæti takmarkað brottkast. Einnig var fjallað um hvort stofnum gæti stafað hætta af flutningi aflamarks milli ára út frá fiskifræðilegum forsendum.

Fram kom ábending um að breytingin hefði í för með sér hækkun á leiguverði á veiðiheimildum og fjallaði nefndin um þann möguleika. Í því samhengi ræddi nefndin einnig sjónarmið sem kom fram í umsögn um málið og sneri að því hvort rétt væri að ákvæðið um geymslurétt milli ára næði einnig til þeirra aðila sem leigðu til sín aflamark. Að athuguðu máli telur nefndin að slík hugmynd þarfnist frekari útfærslu þar sem lagt er mat á hvernig hún verður best framkvæmd. Nefndin beinir því til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að þessi möguleiki verði kannaður frekar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Valgerður Sverrisdóttir skrifar undir álitið með fyrirvara.

Kjartan Ólafsson og Gunnar Svavarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des 2008.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form., frsm.	Herdís Þórðardóttir.	Helgi Hjörvar.
Valgerður Sverrisdóttir, með fyrirvara.	Jón Gunnarsson.	Karl V. Matthíasson.

315. Frumvarp til laga [229. mál]

um eftirlit með hlutum, tækni og þjónustu sem hefur hernaðarlega þýðingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.
Markmið.

Með lögum þessum eru settar reglur um:

a. eftirlit með hlutum, tækni og þjónustu sem hefur hernaðarlega þýðingu, í þeim tilgangi að viðhalda friði og öryggi, til varnar gegn hryðjuverkum og til að tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi,
b. örugga vörslu og geymslu gagna um hluti, tækni og þjónustu sem hefur hernaðarlega þýðingu,
c. viðurlög og stjórnsýsluleg úrræði gegn brotum á lögum þessum.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til íslenskra ríkisborgara og útlendinga samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um refsilögsögu, en gera að auki íslenskum ríkisborgurum refsiábyrgð fyrir verknað sem þeir fremja erlendis þrátt fyrir að verknaðurinn sé ekki refsiverður samkvæmt lögum þess ríkis þar sem brotið var framið.

Lögin gilda gagnvart lögaðilum, sem eru skráðir eða stofnaðir samkvæmt íslenskum lögum, hvar sem þeir starfa eða eru staðsettir. Nú er lögaðili skráður eða stofnaður erlendis og taka þá lögin til starfsemi hans að því leyti sem hún fer fram innan íslenskrar lögsögu.

Nú leggja lög tiltekinn málaflokk til viðkomandi fagráðherra og skal það ekki vera því til fyrirstöðu að utanríkisráðuneytið veiti leyfi eða setji reglur samkvæmt lögum þessum, enda sé haft samráð um útgáfu leyfisins eða setningu reglnanna við viðkomandi ráðuneyti eða undirstofnun þess eftir atvikum. Lögreglustjóri veitir þó leyfi fyrir útflutningi á þeim vopnum sem falla undir gildissvið vopnalaga, að höfðu samráði við utanríkisráðuneyti.

3. gr.
Skilgreiningar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Aðili* er einstaklingur eða lögaðili, þ.m.t. ríkisstjórnir, fyrirtæki, samsteypur, stofnanir, sjóðir og samtök.
2. *Bann við útflutningi* merkir að aðilum hérlendis og íslenskum aðilum erlendis er óheimilt að selja, miðla, útvega eða flytja héðan eða um Ísland eða með íslenskum skipum eða loftförum, með beinum eða óbeinum hætti, hluti til annarra ríkja, hvort sem þeir eru upprunnir hér á landi eða ekki.
3. *Hergögn* eru vopn og skotfæri sem hafa hernaðarlega þýðingu, hernaðarökutæki, herbúnaður, aðföng til hernaðar, hernaðarleg tækni, herbúnaður sem er ekki ætlaður ríkisher og varahlutir í framangreinda hluti.
4. *Hlutur* tekur m.a. til vöru, búnaðar, hugbúnaðar og tækni.
5. *Hlutur með tvíþætt notagildi* er hlutur sem má nota bæði í borgaralegum og hernaðarlegum tilgangi.

6. *Útflutningur* tekur til útflutnings og umflutnings í skilningi tollalaga, nr. 88/2005, með eða án endurgjalds. Hugtakið tekur einnig til miðlunar hugbúnaðar og tækni með rafrænum miðlum, bréfsíma eða gegnum síma til áfangastaða erlendis.
7. *Þjónusta* tekur m.a. til sölu, miðlunar, útvegunar, flutnings, fjármögnunar, aðstoðar, ráðgjafar og þjálfunar, með eða án endurgjalds.

4. gr.

Leyfisskyldur útflutningur.

Enginn má flytja út hergögn eða hluti með tvíþætt notagildi nema með leyfi ráðherra, sbr. þó 2. málsl. 3. mgr. 2. gr. Listar yfir slík hergögn og hluti skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

Ráðherra er heimilt að kveða á um að útflutningsleyfi þurfi fyrir búnaði sem nota mætti til bælingar innan lands í tilteknum löndum eða landsvæðum.

Auk þess sem tilgreint er í 1. og 2. mgr. er óheimilt að flytja út, án leyfis ráðherra, hluti sem útflytjanda er kunnugt um, hann má ætla eða sem ráðuneytið tilkynnir honum að séu eða kunni að vera ætlaðir til notkunar í hernaðarlegum tilgangi, til hryðjuverka eða til bælingar innan lands í tilteknum löndum, sem brýtur í bága við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands eða ógnar varnar- eða öryggishagsmunum þess eða bandalagsríkja þess.

5. gr.

Leyfisskyld þjónusta.

Enginn má stunda hergagnamiðlun né önnur þjónustuviðskipti í tengslum við útflutning hergagna og hluta skv. 4. gr. nema með leyfi ráðherra, enda hafi verið settar um þau nánari reglur.

Ráðherra er heimilt að kveða á um að leyfi þurfi til sölu, miðlunar, útvegunar eða flutnings hluta skv. 4. gr. til tiltekinna landa eða landsvæða, þótt ekki sé um útflutning frá Íslandi að ræða.

6. gr.

Leyfisskilyrði.

Ráðherra getur sett skilyrði í tengslum við útgáfu útflutnings- og þjónustuleyfa samkvæmt lögum þessum, þar á meðal varðandi upplýsingagjöf um sölukjör, greiðslukjör, lánskjör, flutningaleiðir, meðferð skjala og lokanotanda og/eða lokanot vöru og þjónustu.

Ráðherra getur breytt leyfisskilyrðum eða afturkallað leyfi hvenær sem er, til bráðabirgða eða fyrir fullt og allt, ef:

a. forsendur fyrir útgáfu leyfis eru brostnar,
b. leyfishafi hefur ekki farið eftir settum leyfisskilyrðum eða
c. brýna nauðsyn ber til

og skal þá leyfishafi skila leyfinu tafarlaust til ráðuneytisins.

Aðili máls getur ávallt óskað eftir því að ákvörðun ráðherra um leyfisskilyrði, breytingu leyfisskilyrða, afturköllun eða synjun leyfis verði endurupptekin í samræmi við ákvæði 24. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

7. gr.

Varsla hergagna, hluta og bókhaldsgagna.

Útflytjendur, innflytjendur og vörsluaðilar hergagna og hluta skv. 4. gr. skulu tryggja örugga vörslu þeirra. Ráðherra getur sett nánari reglur þar að lútandi.

Útflytjendur, innflytjendur og vörsluaðilar hergagna og hluta skv. 4. gr. og þjónustuaðilar skv. 5. gr. skulu geyma gögn um útflutning, innflutning, birgðahald, sölu, miðlun, útvegun eða flutning þeirra í að minnsta kosti tíu ár. Ráðherra getur sett nánari reglur þar að lútandi.

8. gr.

Upplýsingaskylda.

Útflytjendur hergagna og hluta skv. 4. gr. og þjónustuaðilar skv. 5. gr. skulu veita ráðuneytinu allar þær upplýsingar og alla þá aðstoð sem nauðsynleg er til þess að framfylgja lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Skal ráðuneytið miðla upplýsingum til ríkislögreglustjóra samkvæmt þessari grein, eftir því sem við á.

Ráðuneytið og þeir opinberu aðilar sem það tilnefnir geta m.a. krafist:

a. aðgangs að öllum gögnum og bókhaldi sem snertir framkvæmd laga þessara,
b. aðgangs að öllu viðkomandi skrifstofuhúsnæði og allri tilheyrandi rekstraraðstöðu,
c. afrita og þýðingar á efni skv. a-lið,
d. aðstoðar við vinnslu og túlkun á efni skv. a-lið.

Ef ekki er orðið við kröfu ráðuneytisins samkvæmt þessari grein getur það ákveðið að sá eða þeir sem krafan beinist að greiði dagsektir þar til orðið er við henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega og á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Dagsektir geta numið allt að 100.000 kr. á dag. Ákvarðanir ráðuneytisins um dagsektir eru aðfararhæfar skv. 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför.

9. gr.

Tilkynningarskylda.

Útflytjendur, innflytjendur og vörsluaðilar hergagna og hluta skv. 4. gr. skulu tilkynna ráðuneytinu um útflutning, innflutning og birgðahald samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.

Ráðherra getur sett reglur um að tilkynna skuli flugskeytaskot innan íslenskrar lofthelgi.

10. gr.

Þagnarskylda.

Starfsmenn ráðuneytisins og þeir aðilar sem það tilnefnir skv. 8. gr. skulu gæta þagmælsku um allt það sem þeir fá vitneskju um samkvæmt þessum lögum og leynt á að fara. Þagnarskyldan helst eftir að látið er af starfi. Þagnarskyldan gildir ekki að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er:

a. til þess að ná markmiðum laganna, m.a. í tengslum við lögreglurannsókn og saksókn máls,
b. milli þeirra aðila sem annast framkvæmd laganna, þar á meðal skjalavörslu,
c. vegna samráðs eða samvinnu við aðra eftirlits- og samstarfsaðila hérlendis sem erlendis.

11. gr.

Réttindi og skyldur sem fara í bága við lög þessi.

Óheimilt er að efna samninga eða fullnægja öðrum réttindum og skyldum sem fara í bága við lög þessi og reglugerðir settar með stoð í þeim. Þetta á við hvort sem þessi réttindi og skyldur stofnuðust fyrir eða eftir gildistöku viðkomandi reglugerðar nema annað sé tekið fram í henni.

Vanefnd á réttindum og skyldum skv. 1. mgr. skal ekki leiða af sér skaðabótaskyldu.

12. gr.

Undanþágur frá útflutningsbanni.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá útflutningsbanni sem framkvæmt er með heimild í þessum lögum þegar gildar ástæður eru fyrir hendi. Heimilt er að setja skilyrði fyrir undanþágu til þess að tryggja að með henni sé ekki grafið undan eða komist fram hjá markmiði bannsins.

13. gr.

Viðurlög.

Sá sem brýtur gegn boði eða banni, sem mælt er fyrir um í eftirgreindum ákvæðum eða í reglugerð sem er sett til nánari útfærslu á þeim, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum:

a. 7. gr. um vörslu hergagna, hluta og bókhaldsgagna,
b. 9. gr. um tilkynningarskyldu.

Sá sem brýtur gegn boði eða banni, sem mælt er fyrir um í eftirgreindum ákvæðum eða í reglugerð sem er sett til nánari útfærslu á þeim, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 4 árum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sé brotið stórfellt varðar það sektum eða fangelsi allt að sex árum:

a. 4. gr. um bann við útflutningi án leyfis,
b. 5. gr. um bann við hergagnamiðlun eða veitingu þjónustu án leyfis,
c. 1. mgr. 6. gr. um leyfisskilyrði.

Hafi brot, sem vísað er til í 2. mgr., verið framið af stórfelldu gáleysi varðar það sektum eða fangelsi allt að einu ári.

Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila og í þágu hans má gera honum sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður gerst sekur um brot má samhliða ákvörðun um refsingu þeirra gera lögaðilanum sekt ef brotið var í þágu hans.

Gera má upptæka hluti, samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, sem hafa verið notaðir við brot, hafa orðið til við brot eða með öðrum hætti tengjast framningu brots. Þá má gera upptækan ávinning af broti eða fjárhæð sem svarar til hans í heild eða að hluta.

Tilraun og hlutdeild í brotum á reglugerðum settum samkvæmt lögum þessum er refsiverð samkvæmt almennum hegningarlögum.

14. gr.
Nánari reglur o.fl.

Utanríkisráðherra fer með framkvæmd laga þessara og er heimilt:

a. að setja nánari reglur þar að lútandi,
b. að fela Varnarmálastofnun að annast útgáfu útflutnings- og þjónustuleyfa og aðra tilgreinda framkvæmd laga þessara,
c. að láta birta erlendan frumtexta lista yfir hergögn eða hluti með tvíþætt notagildi í B-deild Stjórnartíðinda,
d. að fella niður gjald fyrir útgáfu útflutningsleyfis, sbr. 50. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, þegar hergögn, eða aðrir hlutir sem undir lög þessi heyra, eru flutt tímabundið til eða frá landinu til prófana, sýningar eða í öðrum tilgangi.

15. gr.
Gildistaka.

Lög þessi taka þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um útflutningsleyfi o.fl., nr. 4/1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

Útflutningur til aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins skal undanþeginn ákvæðum laga þessara til 1. janúar 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núverandi eftirlit með útflutningi, sem hefur hernaðarlega þýðingu, er byggt á lögum um útflutningsleyfi, nr. 4/1988. Eftirlit þetta er viðhaft vegna alþjóðlegra skuldbindinga á þessu sviði sem miða að því að hefta sölu hefðbundinna vopna, gjöreyðingarvopna og hættulegra hluta til ákveðinna aðila eða landa eða til þess að forðast að þau nýtist til hryðjuverka eða annarrar ólögmætrar starfsemi. Auk öryggissjónarmiða eiga mannréttinda- og mannúðarsjónarmið við þegar ákvörðun er tekin um að hefta útbreiðslu hættulegra hluta eða tækni.

Eftir hryðjuverkaárásina, sem var gerð á Bandaríkin árið 2001, hefur alþjóðleg samvinna um útflutningseftirlit aukist verulega. Lagafrumvarpi þessu er ætlað að uppfæra gildandi reglur varðandi eftirlit með útflutningi á hernaðarlega mikilvægri vöru og tækni og að styrkja lagagrundvöll þeirra. Einnig eru settar reglur um eftirlit með hernaðarlega mikilvægri þjónustu. Loks eru sett heimildarákvæði um setningu reglna um örugga vörslu og gagnaflærslu um hluti, tækni og þjónustu sem undir frumvarpið heyrir.

Meðal þeirra alþjóðaskuldbindinga um útflutningseftirlit sem eiga við um Ísland má nefna fyrirmæli öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, efnavopnasamninginn frá 3. september 1992, skuldbindingar sem fylgja aðild Íslands að svonefndum Ástralíuhópi (efna- og lífefnavopn), fyrirkomulag takmarkana á flugskeytatækni (MTCR – Missile Technology Control Regime), öryggisfrumkvæðið gegn útbreiðslu gereyðingarvopna (PSI – Proliferation Security Initiative) og Haag-starfsreglur gegn útbreiðslu skotflauga (HCOC – Hague Code of Conduct).

Með alþjóðasamstarfi, eins og fram fer í Ástralíuhópnum, MTCR, PSI og HCOC, sammælast þátttökuríkin um samræmdar aðgerðir sem þeim er ætlað að koma í framkvæmd innan lögsögu sinnar án þess að formlegir alþjóðasamningar séu gerðir þar um.

Fyrirmæli öryggisráðsins binda öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna. Dæmi er ályktun nr. 1540 frá 28. apríl 2004 sem fjallar um gjöreyðingarvopn. Þar segir m.a. að ríki skuli hafa virkt eftirlit með útflutningi á kjarnorku-, efna- og lífefnavopnum og burðarkerfum þeirra,

svo og flutningi, umskipun og fjármögnun. Einnig skal kveðið á um viðurlög gegn brotum á útflutningslöggjöfinni.

Við undirbúning þessa frumvarps hefur m.a. verið tekið tillit til reglna í nágrannalöndunum, þar á meðal á Norðurlöndunum og í Evrópusambandinu. Frjálst flæði vöru gildir innan Evrópska efnahagssvæðisins. Samræmdar reglur minnka hættuna á umflutningi ólöglegrar vöru frá EES-ríkjum um íslenskt landsvæði.

Frumvarpið miðar að því að fyrirkomulag eftirlits sé eins hagkvæmt og kostur er og að þekking samstarfsríkja verði nýtt eftir atvikum. Virkt útflutningseftirlit er til þess fallið að styrkja stöðu íslenskra útflutningsfyrirtækja, einkum þeirra sem stunda útflutning á hlutum sem hafa tvíþætt notagildi. Þeim verður auðveldara um vik að flytja inn vissa hátæknivöru í eigin framleiðslu ef betur er tryggt að hún verði ekki endurútflutt til landa sem eru á bannlistum annarra ríkja. Það er eftirsóknarvert fyrir útflutningsfyrirtæki að geta með auðveldum hætti fullvissað sig um að útflutningur brjóti ekki í bága við alþjóðlegar skuldbindingar, enda getur slíkt haft alvarlegar afleiðingar, bæði fyrir þau og fyrir stjórnvöld.

Í gildandi lögum er ekki almenn heimild til að leyfisskylda þjónustu í tengslum við hergagnaviðskipti. Samkvæmt vopnalögum þarf leyfi lögreglustjóra til verslunar með skotvopn, skotfæri, sprengiefni og skotelda, en þeir vöruflokkar ná aðeins yfir brot af þeim hlutum sem falla undir efni þessa frumvarps. Samkvæmt loftferðalögum þarf leyfi samgönguráðherra til að flytja hergögn í loftförum, en þar eru hergögn skilgreind sem skotvopn og skotfæri. Í frumvarpinu er lögð til almenn heimild til þess að leyfisskylda vissa þjónustu í tengslum við hergögn, einkum miðlunarstarfsemi, hliðstætt því sem gildir t.d. í nágrannalöndum, enda nauðsynlegt til þess að tryggja virkar takmarkanir á viðskiptum með vopn erlendis. Mikilvægt er að tryggja að slík þjónusta brjóti ekki í bága við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands eða öryggishagsmuni.

Ákvörðun um útflutningsleyfi á hergögnum og skyldri vöru fer fram í þremur meginskrefum. Fyrst þarf að fara fram tæknilegt mat á vörunni, þ.e. hvort hún sé í gildandi lista. Það mat getur kallað á sérfræðiþekkingu, bæði hvað varðar vöruna sjálfa og notkunarmöguleika hennar, svo og á hinum mismunandi heitum sem kunna að vera notuð yfir hana. Næst fer fram áhættumat, þ.e. hvert er móttökuríkið, eru t.d. stríðsátök á svæðinu og hver er hinn endanlegi notandi? Varðandi þessi tvö fyrstu skref geta íslensk stjórnvöld reitt sig á alþjóðlega samvinnu ef á þarf að halda. Síðasta skrefið er hin pólitíska ákvörðun um hvort heimila eigi útflutninginn, þ.e. ef hann er ekki beinlínis bannaður samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum. Í þessu efni fylgja nágrannaríkin ekki alltaf samræmdri stefnu, jafnvel t.d. innan Evrópusambandsins. Hinar alþjóðlegu samstarfsreglur kveða almennt á um að neitun um útflutningsleyfi skuli tilkynnt öllum aðildarríkjum. Ætlast er til að öll samstarfsríki hafni hliðstæðum útflutningi.

Núverandi eftirlit með hergagnaútflutningi er í megindráttum þríþætt. Í fyrst lagi er það í höndum utanríkisráðuneytisins, sem veitir útflutningsleyfi samkvæmt samnefndum lögum þar um. Í öðru lagi er það hlutverk tollstjóra að hafa eftirlit með útflutningi og umflutningi samkvæmt tollalögum. Í þriðja lagi hafa lögregluyfirvöld eftirlit með brotum á útflutningslöggjöfinni. Einnig koma önnur ráðuneyti að eftirliti með útflutningi á hættulegum hlutum, t.d. umhverfisráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, á grundvelli laga sem undir þau heyra. Nauðsynlegt er að stjórnvöld eigi góða samvinnu sín á milli til þess að tryggja nauðsynlega samhæfingu.

Rétt er að taka fram að þótt samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið fjalli m.a. um frjáls vöruviðskipti, þá er sérstaklega tekið fram í honum að ekkert í samningnum hindri

samningsaðila í að gera ráðstafanir sem snerta framleiðslu á eða viðskipti með vopn, skotfæri, hergögn o.fl. Sameiginlegar reglur Evrópusambandsins um eftirlit með útflutningi hergagna eru ekki hluti af EES-samningnum, en engu að síður getur verið æskilegt að innleiða hliðstæðar reglur í því skyni að tryggja betra samræmi.

Gjöld fyrir útflutningsleyfi fara eftir lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gerð er grein fyrir markmiðssetningu frumvarpsins í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 2. gr.

Lög þessi taka til allra aðila innan íslenskrar lögsögu og íslenskra aðila erlendis, hvar sem þeir eru staddir.

Utanríkisráðherra fer með mál er varða útflutningsverslun skv. 11. tölul. 14. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, nr. 3/2004, sem er sett á grundvelli samnefndra laga nr. 73/1969. Hins vegar er kveðið á um leyfisskyldan útflutning í nokkrum lögum sem heyra undir aðra ráðherra, t.d. vopnalögum nr. 16/1998,[1] lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, lögum um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum í plöntum, nr. 51/1981, og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, svo dæmi séu tekin.

Með þessu frumvarpi er lagt til að utanríkisráðuneytið geti veitt útflutningsleyfi fyrir alla vöru, tækni og þjónustu sem hefur hernaðarlegt gildi, en í þeim örfáu tilvikum, þegar slíkur útflutningur kann að falla einnig undir önnur lög, þá verði haft samráð við viðkomandi ráðuneyti eða undirstofnun áður en nánari reglur eru settar til þess að tryggja samræmi í framkvæmd. Dæmi um slíka nánari útfærslu er samræming við 78. gr. laga um loftferðir, nr. 60/1998, sem kveður á um að hergögn, þ.m.t. skotvopn og skotfæri, megi ekki flytja í loftförum án leyfis samgönguráðherra.

Í frumvarpi þessu er þó lagt til að lögreglustjóri veiti áfram leyfi fyrir útflutningi á þeim vopnum sem falla undir gildissvið vopnalaga, að höfðu samráði við utanríkisráðuneyti. Skv. 1. mgr. 6. gr. vopnalaga má enginn flytja úr landi skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi lögreglustjóra og þykir eðlilegt að sá háttur verði áfram hafður á varðandi útflutning vopna sem falla undir gildissvið vopnalaga. Hins vegar er gert ráð fyrir að lögreglustjóri muni hafa samráð við utanríkisráðuneytið þegar um varanlegan útflutning vopna er að ræða. Tímabundinn útflutningur vopna, t.d. til iðkunar skotfimi og til notkunar við veiðar erlendis, er áfram háður leyfi lögreglustjóra án þess að samráð við utanríkisráðuneytið þurfi að koma til.

Um 3. gr.

„Herbúnaður sem er ekki ætlaður ríkisher“ er þýðing á enska orðinu „paramilitary“.

„Hlutur með tvíþætt notagildi“ tekur m.a. til hluta sem nota má þannig að þeir springi ekki og þannig að þeir nýtist við framleiðslu kjarnavopna eða annars kjarnasprengibúnaðar.

„Útflutningur“ á jafnframt við um munnlegan flutning tækni í gegnum síma, ef tæknina er að finna í skjali þar sem viðeigandi hluti þess er lesinn í síma eða honum lýst í síma á þann

---

[1] Eitt til tvö varanleg útflutningsleyfi munu hafa verið gefin út árlega samkvæmt vopnalögum undanfarin ár.

hátt að útkoman sé sú sama. Ekki er stefnt að því að leyfisbinda tímabundinn útflutning heldur aðeins varanlegan. Um þetta yrði nánar kveðið á í reglugerð.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði verða birtir listar yfir leyfisskyldar vörur. Þeir geta þó aldrei orðið tæmandi. Samkvæmt alþjóðareglum verður að gera ráð fyrir heildarákvæði (svonefndu „catch-all“ ákvæði) til þess að tryggja að reglurnar nái til allra þeirra hluta sem til er ætlast. Ákvæði þetta útilokar ekki að ráðherra veiti þeim fyrirtækjum sem uppfylla sett skilyrði, t.d. um innra eftirlit, almennt útflutningsleyfi, þ.e. ekki þurfi að sækja um leyfi fyrir hverri sendingu.

Við útfærslu þessa ákvæðis er gert ráð fyrir að mestallur útflutningur til helstu viðskiptalanda og samstarfsríkja, þ.m.t. aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Evrópska efnahagssvæðisins, verði undanþeginn útflutningsleyfum.

Í fylgiskjölum I–III eru kaflafyrirsagnir lista yfir hergögn og hluti með tvíþætt notagildi og lista yfir búnað sem nota mætti til bælingar innan lands í tilteknum löndum eða landsvæðum.[2]

Um 5. gr.

Í gildandi lögum um útflutningsleyfi er ekki fjallað um þjónustu. Með þessu ákvæði er lagt til að heimilt verði að leyfisbinda þjónustu í tengslum við útflutning eða miðlun þeirra hluta sem heyra undir frumvarpið. Slíkt er nauðsynlegt af öryggisástæðum og er þáttur í baráttu ríkja gegn útbreiðslu vígbúnaðar, mannréttindabrotum og alþjóðlegum afbrota- og hryðjuverkasamtökum. Einnig þarf að vera hægt að takmarka yfirfærslu tækniþekkingar í hernaðarlegum tilgangi með ýmiss konar þjónustusamningum. Þessi skipan mála er í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sem vísað hefur verið til.

Þess skal getið að ákvæði 5. gr. verða ekki virk fyrr en ráðherra hefur sett reglur um framkvæmd þeirra.

Um 6. gr.

Hér er ráðherra veitt heimild til að binda útflutningsleyfi nauðsynlegum skilyrðum og er þetta ákvæði fyrst og fremst sett í öryggisskyni til að tryggja að útflutningur fari fram í samræmi við lög og alþjóðlegar skuldbindingar.

Um 7. gr.

Þetta ákvæði heimilar að settar séu reglur um varðveislu gagna og örugga vörslu á hlutum, tækni og þjónustu sem undir frumvarpið heyrir. Hið fyrra er til þess að tryggja raunhæft eftirlit og gera skýrslugjöf kleifa samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum. Hið síðara er af öryggisástæðum, til þess að hindra aðgang óviðkomandi aðila, fyrst og fremst hryðjuverkamanna. Þegar eru í lögum vissar skyldur á þessu sviði, en engin heildarákvæði ná yfir allar þær vörur og þjónustu sem frumvarpið tekur til. Heimildin er því til frekari uppfyllingar á gildandi reglum og yrði henni aðeins beitt að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur og þá í samráði við önnur viðkomandi stjórnvöld til þess að forðast tvítekningu.

---

[2] Þýðing úr ensku á „equipment which might be used for internal repression“.

Um 8. gr.

Margir aðilar koma að útflutningi, t.d. framleiðendur, umboðsmenn og farmflytjendur. Af öryggisástæðum kann að vera nauðsynlegt að fá upplýsingar um samninga sem útflutningi tengjast, þ.m.t. um aðila að þeim og efnisákvæði þeirra. Í ljósi þessa þykir nauðsynlegt að mæla fyrir um heimildir ráðherra til að krefja útflytjendur og þjónustuaðila þeirra upplýsinga um samninga sem tengjast leyfisskyldum útflutningi, svo og annað sem skiptir máli við framkvæmd laganna. Einnig er talið nauðsynlegt að mæla fyrir um að upplýsingum samkvæmt þessu ákvæði verði miðlað til ríkislögreglustjóra, eftir því sem við á. Mikilvægt er að tryggja aðgang ríkislögreglustjóra að upplýsingum og aðkomu hans að eftirliti er varðar innri öryggismál ríkisins og alþjóðlegar skuldbindingar á þessu sviði.

Til þess að unnt sé að framfylgja virku útflutningseftirliti verður að vera hægt að fylgja því eftir með tryggilegum hætti. Því er lögð til heimild til þess að leggja dagsektir á þá aðila sem standa að útflutningi á leyfisskyldum hlutum eða þjónustu samkvæmt lögunum og ekki sinna upplýsingaskyldu sinni. Brot á þessu ákvæði varða stjórnsýsluviðurlögum, en ekki refsingum, þ.e. sektum eða fangelsi.

Um 9. gr.

Til þess að tryggja betur eftirlit með ákvæðum laganna er lagt til að heimilt verði að kveða á um tilkynningarskyldu um innflutning á hlutum sem undir þau heyra. Að svo miklu leyti sem önnur lög kveða á um slíkt, þá yrði upplýsingunum safnað frá stjórnvöldum, til þess að forðast tvítekningu. Alþjóðlegar skuldbindingar kveða á um tilkynningarskyldu, svo og að gerðar séu ráðstafanir til að tryggja að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að hlutum sem má nota í hernaðarlegum tilgangi.

Um 10. gr.

Með þessu ákvæði er áréttað að eftirlitsaðilar verði að gæta fyllstu þagmælsku um atriði sem þeir komast að í starfi og leynt eiga að fara, sérstaklega ef um viðskiptaleyndarmál er að ræða. Með viðskiptaleynd er átt við leynd yfir upplýsingum sem, væru þær látnar af hendi, mundu grafa undan viðskiptahagsmunum einstaklings eða lögaðila, þ.m.t. hugverkaréttur. Um viðurlög við brotum á þagnarskyldu gilda ákvæði 136. gr. almennra hegningarlaga.

Um 11. gr.

Útflytjandi getur aldrei borið fyrir sig t.d. samning sem hann hefur þegar gert þegar sótt er um útflutningsleyfi. Vanefndir leiða ekki til bótaskyldu.

Um 12. gr.

Nauðsynlegt getur verið að banna tiltekinn útflutning eða útflutning ákveðinna landa eða landsvæða á grundvelli þjóðréttarlegra skuldbindinga. Hins vegar getur verið nauðsynlegt að veita undanþágur frá slíkum bönnum, hvort heldur er vegna alþjóðlegra skuldbindinga eða af öðrum ástæðum. Ákvæði stjórnsýslulaga gilda um framkvæmdina en þau tryggja jafna málsmeðferð gagnvart öllum leyfisumsækjendum.

Um 13. gr.

Lagt er til að refsiramminn verði hækkaður frá fjórum árum upp í sex ár fyrir stórfelld brot, enda geta brot á lögunum haft ríkar afleiðingar fyrir öryggishagsmuni landsins og annarra þjóða.

Um 14. gr.

Ráðherra er hér heimilað að setja nánari reglur um framkvæmd laganna, fyrst og fremst til að innleiða alþjóðlegar skuldbindingar á sviði þeirra.

Ráðherra er einnig heimilað að fela varnarmálastofnun vissa framkvæmd laganna, verði hún stofnsett. Ákvarðanir hennar verða kæranlegar til utanríkisráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Gert er ráð fyrir að gerðir séu listar yfir leyfisskyldan útflutning skv. 1. mgr. 4. gr. til þess að auðvelda bæði útflytjendum og stjórnvöldum framkvæmd laganna. Í framkvæmd er líklegast að listarnir verði samhljóða þeim sem Evrópusambandsríkin nota, enda heppilegast bæði fyrir útflytjendur og stjórnvöld að sömu reglur gildi vegna reglna um frjálsan flutning vöru innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í fylgiskjölum I–III eru tilgreindar kaflafyrirsagnir þeirra eða efni.

Að því er varðar gerðir Evrópusambandsins varðandi útflutningseftirlit, þá eru þær ekki hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið þar sem þær fjalla um öryggismál. Mörg rök hníga hins vegar að því, eins og rakið er að framan, að samræma beri reglur á þessu sviði milli Íslands og Evrópusambandslanda.

Samkvæmt lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, fer birting laga og stjórnvaldsfyrirmæla fram í Stjórnartíðindum eða í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins. Heimilt að innleiða reglur á erlendri tungu að vissum skilyrðum uppfylltum. Nýlegt dæmi um það eru lög nr. 170/2006, um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, en þau lög heimiluðu birtingu EES-gerða í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Lagt er til að utanríkisráðherra verði heimilt að fella niður gjald fyrir útflutningsleyfi samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs þegar það á við. Erlendur liðsafli sem dvelst hér á landi nýtur skattfrelsis með ákveðnum skilyrðum, sbr. t.d. lög um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl., nr. 72/2007. Hins vegar geta komið upp önnur tilvik þar sem sambærileg undanþága er nauðsynleg og eðlileg, svo sem þegar hergögn eða aðrir hlutir, sem undir lög þessi heyra, eru fluttir til landsins tímabundið til prófana, sýningar eða í öðrum tilgangi. Getur þá verið nauðsynlegt að undanskilja endurútflutninginn frá gjaldtöku fyrir útflutningsleyfi.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákveðið hefur verið að tilkynna þessi lög á grundvelli EES-samningsins í samræmi við ákvæði tilskipunar 98/34/EB sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra reglna, sbr. reglugerð um tilkynningar á tæknilegum reglum um vörur og fjarþjónustu nr. 733/2000.

Fylgiskjal I.

Listi I: Hergögn. – Kaflafyrirsagnir.

1. Vopn með óriffluðu hlaupi og hlaupvídd sem er minni en 20 mm, önnur vopn og sjálfvirk vopn með 12,7 mm hlaupvídd (0,5 tommu hlaupvídd) eða minni og fylgihlutir og sérhannaðir íhlutir til þeirra.
2. Vopn með óriffluðu hlaupi og hlaupvídd sem er meiri en 20 mm, önnur vopn og vopnabúnaður með meiri en 12,7 mm (0,5 tommu hlaupvídd), vörpur og fylgihlutir og sérhannaðir íhlutir til þeirra.
3. Skotfæri og kveikistillingarbúnaður og sérhannaðir íhlutir til þeirra.
4. Sprengjur, tundurskeyti, eldflaugar, flugskeyti, annar sprengibúnaður og sprengihleðslur og tengdur búnaður og fylgihlutir, sérstaklega hannað til hernaðarnota og sérhannaðir íhlutir til þeirra.
5. Skotstýribúnaður og tengdur vöktunar- og viðvörunarbúnaður og tengd kerfi, prófunar-, stilli- og gagnárásarbúnaður, sérstaklega hannaður til hernaðarnota og sérhannaðir íhlutir og fylgihlutir.
6. Landfarartæki og íhlutir.
7. Efnafræðileg eða líffræðileg eiturefni, „efni til að bæla niður óeirðir“, geislavirk efni, tengdur búnaður, íhlutir og smíðaefni.
8. „Orkurík efni (energetic materials)“ og skyld efni.
9. Herskip, sérstakur búnaður fyrir sjóher og fylgihlutir og íhlutir, sérhannaðir til nota í hernaði.
10. „Loftfar“, „loftför sem eru léttari en andrúmsloft (lighter than air vehicles)“, ómönnuð loftför, flughreyflar og búnaður í loftför, tengdur búnaður og íhlutir sérhannaðir eða sem breytt hefur verið til nota í hernaði.
11. Rafeindabúnaður sem ekki er tilgreindur annars staðar í sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins (EU Common Military List), sérhannaður til hernaðarnota og sérhannaðir íhlutir í hann.
12. Vopnakerfi sem nota háhraðahreyfiorku og tengdur búnaður og sérhannaðir íhlutir í þau.
13. Brynvarinn búnaður og hlífðarbúnaður og hlífðarhlutir og íhlutir.
14. Sérhæfður búnaður til herþjálfunar eða til að herma eftir aðstæðum í hernaði, hermar sem eru sérhannaðir til þjálfunar í notkun allra skotvopna eða vopna skv. 1. eða 2. tl. þessa lista og sérhannaðir íhlutir og fylgihlutir fyrir hann.
15. Myndatöku- og myndvinnslubúnaður og búnaður til gagnaðgerða, sérhannaður til nota í hernaði og sérhannaðir íhlutir og fylgihlutir.
16. Smíðaðar, steyptar og aðrar ófullunnar vörur sem hægt er að þekkja af samsetningu smíðaefnis, lögun eða virkni þegar þær eru notaðar í hlutum sem lúta útflutningseftirliti og sem eru sérhannaðar fyrir allar vörur sem eru tilgreindar í liðum 1, 4, 6, 9, 10, 12 eða 19.
17. Ýmiss konar búnaður, smíðaefni og gagnasöfn og sérhannaðir íhlutir þeirra
18. Búnaður til framleiðslu á hlutum sem tilgreindir eru í sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins.
19. Vopn sem nota stefnuvirka orku (directed energy weapons (DEW)) og tengdur búnaður eða búnaður til gagnaðgerða og prófunarlíkön og sérhannaðir íhlutir í þau.
20. Lághitabúnaður og ofurleiðarabúnaður og sérhannaðir íhlutir og fylgihlutir þeirra.

21. „Hugbúnaður“.
22. „Tækni“.

Fylgiskjal II.

Listi II: Hlutir og tækni sem hafa tvíþætt notagildi. – Kaflafyrirsagnir.

0. Kjarnorkuefni, aðstaða, tæki.
1. Efni, kemísk efni, sýklar og eiturefni.
2. Vinnsla efna.
3. Rafeindabúnaður.
4. Tölvubúnaður.
5. Fjarskipti og upplýsingaöryggi.
6. Nemar og leysibúnaður.
7. Leiðsögu- og flugbúnaður.
8. Siglingabúnaður.
9. Knúningskerfi, geimbúnaður o.fl.

Fylgiskjal III.

Listi III: Búnaður sem nota mætti til bælingar innan lands í tilteknum löndum eða landsvæðum.

Listinn nær ekki yfir hluti sem hafa verið sérhannaðir eða eru sérstaklega breyttir til hernaðarnota.

1. Skotheldir hjálmar, óeirðahjálmar, óeirðaskildir og skotheldir skildir, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra.
2. Sérhannaður tækjabúnaður til fingrafararannsókna.
3. Aflstýrð leitarljós.
4. Skotheldar vinnuvélar.
5. Veiðihnífar.
6. Sérhannaður búnaður til framleiðslu haglabyssna.
7. Búnaður til þess að handhlaða vopn.
8. Búnaður til að hlera samskipti.
9. Hálfleiðaraljósskynjarar.
10. Myndskerpupípur.
11. Sjónaukasigti fyrir vopn.
12. Vopn með óriffluðu hlaupi og tilheyrandi skotföng, önnur en þau sem eru sérhönnuð til hernaðarnota, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra, að undanskildum:
    - merkjabyssum,
    - loftbyssum og byssum með skothylkjum sem eru gerðar til iðnaðarnota eða til þess að deyfa dýr á mannúðlegan hátt.
13. Hermar fyrir þjálfun í meðferð skotvopna ásamt sérhönnuðum eða sérstaklega breyttum íhlutum þeirra og aukahlutum.

14. Sprengjur og handsprengjur, aðrar en þær sem eru sérhannaðar til hernaðarnota, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra.
15. Líkamshlífar, aðrar en þær sem eru framleiddar eftir hernaðarstöðlum eða tæknilýsingum, ásamt sérhönnuðum íhlutum þeirra.
16. Ökutæki til sérstakra nota með drifi á öllum hjólum, sem unnt er að nota utan vega og hafa verið framleidd með eða búin skotheldri vörn, ásamt straumlínulagaðri hlíf fyrir slík ökutæki.
17. Vatnsbyssur, ásamt sérhönnuðum eða sérstaklega breyttum íhlutum þeirra.
18. Ökutæki búin vatnsbyssum.
19. Ökutæki, sem eru sérhönnuð eða er sérstaklega breytt til þess að unnt sé að rafmagna þau í því skyni að hrekja árásarmenn brott, ásamt íhlutum þeirra sem eru sérhannaðir eða sérstaklega breytt í þeim tilgangi.
20. Hljóðtæknilegur búnaður, sem viðkomandi framleiðandi eða birgir lýsir sem nothæfum til þess að stöðva óeirðir, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans.
21. Fótleggjafjötrar, keðjur til að hlekkja saman menn, fótjárn og rafstuðsbelti, sérhönnuð til þess að halda aftur af mönnum, að undanskildum:
    – handjárnum að hámarksheildarmáli, að keðju meðtalinni, sem er 240 mm eða minna þegar þau eru læst.
22. Færanlegur búnaður, sem er hannaður eða breytt til þess að stöðva óeirðir eða vera til sjálfsvarnar með því að beita efni sem gerir menn óvirka (t.d. táragasi eða piparúða), ásamt sérhönnuðum íhlutum hans.
23. Færanlegur búnaður, sem er hannaður eða breytt til þess að stöðva óeirðir eða vera til sjálfsvarnar með því að gefa rafstuð (t.d. rafstuðskylfur, rafstuðsskildir, deyfingarbyssur og rafstuðspílubyssur), ásamt íhlutum hans sem eru sérhannaðir eða er sérstaklega breytt í fyrrnefndum tilgangi.
24. Rafeindabúnaður, sem getur fundið leynd sprengiefni, ásamt sérhönnuðum íhlutum hans, að undanskildum:
    – sjónvarps- eða röntgeneftirlitsbúnaði.

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um eftirlit með hlutum, tækni og þjónustu sem hefur hernaðarlega þýðingu.

Meginmarkmið með frumvarpinu er að setja reglur um utanríkisviðskipti með vörur, tækni og þjónustu sem hefur hernaðarlega þýðingu fyrir öryggi landsins og til þess að viðhalda alþjóðafriði og alþjóðaöryggi. Jafnframt hefur frumvarpið í för með sér að settar verða reglur um eftirlit og gagnafærslu um slík viðskipti og viðurlög gegn ólögmætum viðskiptum með slíkar vörur, tækni og þjónustu. Í frumvarpinu verður einnig lögð til sú almenna heimild til að leyfisskylda viss utanríkisviðskipti með vörur, tækni og þjónustu sem getur nýst í hernaðarlegum tilgangi eða til hryðjuverka.

Eftirlit með útflutningi hergagna og skyldra hluta er í megindráttum þríþætt. Í fyrsta lagi er slíkt eftirlit á vegum utanríkisráðuneytisins sem veitir útflutningsleyfi samkvæmt lögum um útflutningsleyfi. Í öðru lagi annast tollayfirvöld landamæravörslu. Í þriðja lagi er það lögreglan og lögregluyfirvöld sem sjá um eftirlit.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum munu útgjöld ríkissjóðs aukast óverulega og gert er ráð fyrir að það muni rúmast innan fjárlagaramma viðkomandi ráðuneytis. Matið er byggt á þeim fyrirvara að lagafrumvarp þetta muni ekki leiða til frekari aukningar á núverandi eftirlitsskyldu.

316. Fyrirspurn [230. mál]

til viðskiptaráðherra um upplýsingar af fundi með fjármálaráðherra Breta 2. september sl.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Var rituð fundargerð á fundi ráðherra með fjármálaráðherra Breta, Alistair Darling, 2. september sl., af hálfu ráðuneytisins, sem undirbjó fundinn?
2. Ef svo er ekki, hefur ráðherra upplýsingar um hvort bresk stjórn völd rituðu fundargerð?
3. Hverjar voru áherslurnar í svonefndum talpunktum, sem upplýst hefur verið að hafi verið ritaðir fyrir fundinn til undirbúnings viðræðunum?
4. Er ráðherra tilbúinn til að birta fundargerð eða umrædda talpunkta til að upplýsa þjóðina um hvað fór fram á fundi hans með breska fjármálaráðherranum?

Skriflegt svar óskast.

317. Frumvarp til laga [231. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, og lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað b-liðar 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna koma þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:

b. Varningur sem ferðamenn, búsettir hér á landi, hafa meðferðis hingað til lands eða kaupa í tollfrjálsri verslun hér á landi umfram það sem greinir í a-lið, að verðmæti allt að 65.000 kr., miðað við smásöluverð á innkaupsstað. Verðmæti einstaks hlutar skal þó

að hámarki vera 32.500 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta réttinda samkvæmt þessum lið að hálfu.

c. Varningur sem skipverjar og flugverjar, búsettir hér á landi, hafa meðferðis hingað til lands eða kaupa í tollfrjálsri verslun umfram það sem greinir í a-lið, að verðmæti allt að 24.000 kr., miðað við smásöluverð á innkaupsstað, hafi þeir verið skemur en 15 daga í ferð, en 48.000 kr., hafi þeir verið lengur í ferð. Verðmæti einstaks hlutar skal þó að hámarki vera 24.000 kr.
d. Matvæli, þ.m.t. sælgæti sem ferðamenn og farmenn hafa meðferðis hingað til lands eða kaupa í tollfrjálsri verslun, að verðmæti allt að 18.500 kr., miðað við smásöluverð á innkaupsstað. Þyngd matvæla skal þó að hámarki vera 3 kg. Matvæli skulu talin með varningi skv. b- og c-lið.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna:

a. 1. og 2. málsl. a-liðar orðast svo: Af bifreiðum sem eru skráðar erlendis eða keyptar nýjar og óskráðar á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum ef innflytjandi eða eftir atvikum kaupandi hennar hefur eða hefur haft fasta búsetu erlendis hyggst dvelja hér á landi tímabundið og nota bifreiðina í eigin þágu. Það er jafnframt skilyrði að bifreiðin sé flutt til landsins eða eftir atvikum keypt ný og óskráð innan mánaðar frá því að viðkomandi kom til landsins til tímabundinnar dvalar.
b. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Af bifreiðum, skráðum erlendis, sem vinnuveitandi með staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum sér starfsmanni sínum fyrir, enda sé bifreiðin nauðsynleg til þess að starfsmaðurinn geti sinnt starfsskyldum sínum. Það er jafnframt skilyrði að notkun bifreiðarinnar hér á landi sé tímabundin og ekki meiri en notkun hennar erlendis. Bifreiðin telst vera notuð tímabundið hér á landi ef hún er ekki notuð lengur en samtals 183 daga á sérhverju 12 mánaða tímabili. Notkun bifreiðarinnar telst vera meiri hér á landi en erlendis ef hún er á 12 mánaða tímabili notuð meira hér á landi í einkaerindum og í atvinnuskyni en hún er notuð erlendis í atvinnuskyni, í kílómetrum talið.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „15.000 evrum“ í 2. mgr. kemur: 10.000 evrum.
b. Á eftir orðinu „reiðufé“ í 2. mgr. kemur: eða handhafabréfum, þ.m.t ferðatékkum.
c. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Sérhver farmaður skal ótilkvaddur gera tollgæslu skriflega grein fyrir öllum varningi sem hann hefur fengið erlendis eða í ferðinni, hvort sem varningurinn er tollskyldur eður ei.

4. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í lokamálslið 2. tölul. 2. mgr. 48. gr. laganna kemur: Tollstjóra.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 91. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „öðrum“ í 2. málsl. kemur: ótengdum aðilum.
b. Við bætist nýr málsliður er verður 3. málsl. og orðast svo: Tollstjóra er þó heimilt að veita öðrum starfsleyfi ef leyfishafi uppfyllir kröfur tollstjóra um fullnægjandi aðstöðu og bókhaldslega aðgreiningu og stenst áhættumat.
c. Í stað orðsins „Ráðherra“ í lokamálslið 2. tölul. kemur: Tollstjóra.

6. gr.

Við 122. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Tollstjóra er heimilt, á grundvelli umsóknar, að fresta gjalddaga skuldfærðs virðisaukaskatts skv. 2. mgr. fram að uppgjöri virðisaukaskatts fyrir sama uppgjörstímabil, sbr. 1. og 2. mgr. 24. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, enda sé aðili að jafnaði með lægri útskatt en innskatt þar sem verulegur hluti veltunnar er undanþeginn virðisaukaskatti skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Heimild, útgefin af tollstjóra, skal gilda í 12 mánuði í senn.

7. gr.

Við 10. tölul. 1. mgr. 195. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Jafnframt er gjaldtaka heimil til að standa straum af kostnaði við gerð innsigla vegna farmverndar, sbr. 7. gr. laga um siglingavernd, nr. 50/2004.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

8. gr.

Við 36. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Áfengi og tóbak skv. 5., 6. og 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

9. gr.

Í stað 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna koma þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:

5. Af áfengi sem ferðamenn hafa meðferðis til landsins sem hér segir:
   a. 1 lítra af sterku áfengi og 1 lítra af léttvíni, eða
   b. 3 lítra af léttvíni, eða
   c. 1 lítra af sterku áfengi eða 1,5 lítra af léttvíni og 6 lítra af öli.
6. Af áfengi sem skipverjar á íslenskum skipum eða skipum í leigu íslenskra aðila hafa meðferðis eftir að hafa verið 15 daga eða lengur í ferð, sem hér segir:
   a. 1,5 lítra af sterku áfengi og 3 lítra af léttvíni, eða
   b. 1,5 lítra af sterku áfengi eða léttvíni og 24 lítra af öli.

   Ef sömu aðilar hafa verið skemur en 15 daga í ferð skulu þeir njóta að hálfu réttinda samkvæmt þessum lið. Skipstjóra, yfirstýrimanni, yfirvélstjóra og bryta, svo og matsveinum á farþega- og vöruflutningaskipum, er jafnframt heimilt að taka gjaldfrjálst aukalega til risnu um borð jafnstóran skammt og þeir mega hafa gjaldfrjálst samkvæmt þessum lið.

7. Af áfengi sem flugverjar, þ.m.t. flugverjar í aukaáhöfn, hafa meðferðis, eftir að hafa verið 15 daga eða lengur í ferð, sem hér segir:
   a. 1 lítra af sterku áfengi og 0,75 lítra af léttvíni, eða
   b. lítra af sterku áfengi eða 0,75 lítra af léttvíni og 6 lítra af öli.

   Hafi ferð varað skemur en 15 daga er sömu aðilum heimilt að hafa meðferðis gjaldfrjálst:
   a. 0,375 lítra af sterku áfengi og 0,75 lítra af léttvíni, eða
   b. 0,375 lítra af sterku áfengi eða 0,75 lítra af léttvíni og 3 lítra af öli.

10. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Tóbak sem ferðamenn eða farmenn hafa meðferðis til landsins skal undanþegið gjaldi skv. 1. mgr. að því hámarki sem hér segir:

1. 100 vindlingar eða 125 g af öðru tóbaki sem flugverjar er hafa verið skemur en 15 daga í ferð hafa meðferðis.
2. 200 vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki sem ferðamenn, skipverjar á íslenskum skipum eða skipum í leigu íslenskra aðila er hafa verið skemur en 15 daga í ferð hafa meðferðis og flugverjar, þ.m.t. flugverjar í aukaáhöfn, er hafa verið 15 daga eða lengur í ferð hafa meðferðis.
3. 400 vindlingar eða 500 g af öðru tóbaki sem skipverjar á íslenskum skipum eða skipum í leigu íslenskra aðila er hafa verið 15 daga eða lengur í ferð hafa meðferðis.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á tollalögum, lögum um virðisaukaskatt og lögum um gjald af áfengi og tóbaki. Í frumvarpinu er brugðist við athugasemdum sem borist hafa frá eftirlitsstofnun EFTA (ESA), umboðsmanni Alþingis og Ríkisendurskoðun. Þá er að finna í frumvarpinu fáeinar minni háttar breytingar á ákvæðum tollalaga.

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að ákvæði um afmörkun heimilda ferðamanna og farmanna til innflutnings á varningi, þ.m.t. áfengi og tóbaki, verði færð í lög. Hingað til hafa umræddar heimildir verið birtar í reglugerð sem fjármálaráðherra setur.

Í öðru lagi er lagt til að heimild til tímabundins innflutnings bifreiða skv. a-lið 4. tölul. nái jafnframt til nýrra og óskráðra bifreiða sem fluttar eru inn frá öðru EES-ríki, aðildarríki stofnsamnings fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Þá er lagt til að fyrirtækjum, sem eru staðsett í sömu ríkjum, verði heimilt að flytja tímabundið inn bifreiðar fyrir starfsfólk þeirra hér á landi, óháð búsetu þess, vegna sérstakra verkefna. Lagt er til að heimildin verði bundin tilteknum skilyrðum um notkun þeirra hér á landi og erlendis á tilteknu tímabili.

Í þriðja lagi er lagt til að ferðamenn og farmenn skuli ótilkvaddir gera grein fyrir hærri fjárhæðum en sem nemur 10.000 evrum í stað 15.000 evra í núgildandi lögum. Þá er lagt til að tekinn verði af vafi um að skyldan taki jafnframt til handhafabréfa, þ.m.t. ferðatékka, líkt og fram kom í athugasemdum við frumvarp sem varð að tollalögum, nr. 88/2005.

Í fjórða lagi er lagt til að kveðið verði á um það í lögum að farmenn geri skriflega grein fyrir öllum þeim varningi sem þeir hafa meðferðis til landsins. Slíkur háttur er byggður á áratugalangri framkvæmd.

Í fimmta lagi er lagt til að heimilt verði að fresta gjalddaga á greiðslufresti í tolli vegna virðisaukaskatts fram að uppgjöri almennra virðisaukaskattsskila þegar aðilinn sem um ræðir er að jafnaði með hærri innskatt en útskatt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði um hámarksverðmæti þess varnings sem ferðamönnum og farmönnum er heimilt að flytja til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda verði færð í lög. Fram til þessa hefur fjármálaráðherra ákvarðað tollfrelsi varnings sem ferðamenn og farmenn flytja til landsins að tilteknu hámarki í reglugerð, nú síðast í reglugerð nr. 630/2008, um ýmis tollfríðindi, með síðari breytingum. Breytingin er lögð til vegna álits umboðsmanns Alþingis í máli 5141/2007, þar sem umboðsmaður komst að þeirri niðurstöðu að ákvæði b-liðar 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, nr. 88/2005, sem mælir fyrir um að ráðherra ákvarði tollfrelsi varnings að tilteknu hámarki í reglugerð samrýmist ekki ákvæðum 40. gr. og 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 2. gr.

Samkvæmt núgildandi a-lið 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga geta þeir sem hyggjast dvelja hér á landi tímabundið, hvort sem er við leik eða störf, annaðhvort haft með sér til landsins ökutæki sem skráð er erlendis eða fest kaup á nýju, óskráðu ökutæki hér á landi án greiðslu aðflutningsgjalda. Með greininni er lagt til að ákvæðið taki með sömu skilyrðum til ökutækja sem keypt eru ný og óskráð á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjum. Breytingin er lögð til vegna athugasemdar ESA, en stofnunin telur að seljendur nýrra og óskráðra ökutækja í þessum ríkjum eigi að sitja við sama borð og þeir íslensku að þessu leyti.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að kveðið verði á um heimild til tímabundins innflutnings bifreiðar án greiðslu aðflutningsgjalda í þeim tilvikum þegar vinnuveitandi, staðsettur í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum, sér starfsmanni sínum, sem er heimilisfastur hér á landi, fyrir bifreið þegar bifreiðin er nauðsynleg til þess að starfsmaðurinn geti uppfyllt starfsskyldur sínar hér á landi. Það er jafnframt skilyrði að notkun bifreiðarinnar hér á landi sé tímabundin og ekki meiri en notkun hennar erlendis. Bifreiðin telst vera notuð tímabundið hér á landi ef hún er ekki notuð lengur en samtals 183 daga á sérhverju 12 mánaða tímabili. Notkun bifreiðarinnar telst vera meiri hér á landi en erlendis ef hún er á sama 12 mánaða tímabili notuð meira hér á landi í einka- og atvinnuerindum en hún er notuð erlendis í atvinnuerindum, í kílómetrum talið. Hugtakið starfsmaður er hér notað í víðtækum skilningi þar sem gert er ráð fyrir að hugtakið nái einnig til sjálfstæðra atvinnurekenda sem uppfylla að öðru leyti skilyrði tollfrelsisins. Skammtímaráðningarsamband getur einnig gefið einstaklingi stöðu starfsmanns en sambandið má þó ekki vera það takmarkað að það teljist vera aukastarf. Öll skilyrði greinarinnar þurfa að vera uppfyllt til þess að undanþágan taki gildi og hún gildir á meðan viðkomandi uppfyllir skilyrðin. Gert ráð fyrir að sá sem uppfyllir skilyrðin, þ.e. starfsmaðurinn, þurfi að sækja um sérstakt leyfi til þess að heimildin öðlist gildi. Í löndum innan Evrópusambandsins, sem og í hinum EFTA-ríkjunum, er að finna sambærileg ákvæði um tollfrelsi fyrirtækjabíla. Breyt-

ingarnar eru lagðar til vegna athugasemda ESA um að reglur um að fyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu geti ekki séð starfsmönnum sínum fyrir bifreiðum tímabundið án greiðslu aðflutningsgjalda séu andstæðar ákvæðum 28. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem mælt er fyrir um afnám allrar mismununar milli launþega í aðildarríkjum ESB- og EFTA-ríkjum sem byggð er á ríkisfangi og lýtur að atvinnu, launakjörum og öðrum starfs- og ráðningarskilyrðum. Með breytingunum er komið til móts við ábendingar ESA í þá átt. Við útfærslu þessa liðar frumvarpsins var höfð hliðsjón af norskum réttarheimildum um sama efni.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að ferðamenn og farmenn skuli ótilkvaddir gera grein fyrir hærri fjárhæðum en sem nemur 10.000 evrum í stað 15.000 evra, eins og í núgildandi lögum. Breytingin er lögð til vegna athugasemda sem komu fram í stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á ráðstöfunum gegn innflutningi ólöglegra fíkniefna frá nóvember 2007. Í skýrslunni gerir Ríkisendurskoðun athugasemdir við að fjárhæðin í gildandi lögum sé of há og bendir á að innan Evrópusambandsins sé hámarkið 10.000 evrur og Noregi um 3.000 evrur. Lagt er til að fjárhæðin verði lækkuð til jafns við það sem gildir innan Evrópusambandsins.

Í öðru lagi er lagt til að tilgreint verði með skýrum hætti að ákvæðið nái einnig til reiðufjár og handhafabréfa, þ.m.t. ferðatékka. Slík skilgreining kom fram í athugasemdum við frumvarp það sem varð að tollalögum, nr. 88/2005, en ekki í lögunum sjálfum. Með þessari breytingu er komið til móts við þær athugasemdir sem fram koma í skýrslu FATF (Financial Action Task Force) um aðgerðir gegn peningaþvætti á Íslandi frá 13. október 2006, þar sem bent var á að lagatextinn væri ekki skýr um það hvort handhafabréf teldust til reiðufjár eða ekki.

Í þriðja lagi er í greininni lagt til að ný málsgrein bætist við 27 gr. þar sem kveðið verði á um skyldu farmanna til þess að gera skriflega grein fyrir öllum varningi sem þeir hafa meðferðis úr ferð, hvort sem varningurinn er tollskyldur eður ei. Framkvæmdin hefur verið sú að farmenn gera skriflega grein fyrir öllum varningi sem þeir hafa með sér úr ferð. Hingað til hefur verið kveðið á um skyldu til að gera skriflega grein fyrir öllum varningi í reglugerð nr. 526/2000, um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn hafa með sér við komu til landsins, en rétt þykir að ákvæðið verði fært í lög.

Um 4. gr.

Með lögum nr. 146/2006, um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, var tollstjóranum í Reykjavík falið að veita starfsleyfi til tollmiðlunar. Með greininni er lagt til að tollstjóra verði veitt heimild til að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum sem gerð eru fyrir starfsleyfi til tollmiðlunar í stað ráðherra.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. 91. gr. tollalaga er kveðið á um það að tollstjóri veiti þeim einum leyfi til reksturs tollvörugeymslu sem starfar í þeim tilgangi að veita öðrum þá þjónustu sem felst í rekstri tollvörugeymslu. Með a-lið 5. gr. frumvarpsins er lagt til að skilyrðið verði þrengt þannig að leyfishafi geti eingöngu veitt öðrum ótengdum aðilum þjónustu í tollvörugeymslu. Er þetta gert til þess að komast hjá misnotkun.

Í b-lið greinarinnar er þó lagt til að tollstjóra verði heimilt að veita undanþágu frá skilyrðinu um að eingöngu sé hægt að veita öðrum ótengdum aðilum þá þjónustu sem felst í rekstri

tollvörugeymslu ef leyfishafi uppfyllir kröfur tollstjóra um fullnægjandi aðstöðu og bókhaldslega aðgreiningu og stenst áhættumat.

Síðan að lög nr. 170/2007, um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, tóku gildi hefur tollstjórinn í Reykjavík farið með leyfisveitingarvald til reksturs tollfrjálsra geymslusvæða. Með c-lið greinarinnar er lagt til að tollstjóra verði veitt heimild til að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum sem gerð eru fyrir leyfi til reksturs tollfrjálsra geymslusvæða í stað ráðherra.

Um 6. gr.

Með greininni er lagt til að heimilt verði að fresta gjalddaga á greiðslufresti í tolli vegna virðisaukaskatts fram að uppgjöri almennra virðisaukaskattsskila þegar aðilinn sem um ræðir er að jafnaði með hærri innskatt en útskatt. Þeir aðilar sem í dag eru í útflutningi á innlendri framleiðslu þurfa að greiða virðisaukaskatt og önnur gjöld við innflutning á hráefni sem þeir nota til framleiðslu sinnar en fá sömu upphæð svo endurgreidda við uppgjör virðisaukaskatts 20 til 35 dögum seinna. Tilgangur breytingarinnar er að takmarka þann fjármagnskostnað sem útflytjendur verða fyrir vegna núverandi fyrirkomulags.

Um 7. gr.

Í greininni er lagt til að gjaldtaka verði heimil vegna kostnaðar við gerð innsigla sem notuð eru við farmvernd. Tollstjórinn hefur látið gera umrædd innsigli og hefur sá kostnaður verið lagður á notendur. Gert er ráð fyrir að tollstjóri muni útvega innsiglin.

Um 8. gr.

Með greininni er lagt til að áfengi og tóbak sem ferðamenn og farmenn hafa meðferðis úr ferð verði undanþegið virðisaukaskatti upp að því hámarki sem kveðið er á um í 5., 6. og 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki. Sjá nánar í umfjöllun um 1. gr.

Um 9.–10. gr.

Sjá umfjöllun um 1. gr.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn breyting á tollalögum, nr. 88/2005, lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, og lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á tollalögum vegna athugasemda sem borist hafa frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), umboðsmanni Alþingis og Ríkisendurskoðun, auk fáeinna minni háttar breytinga á ákvæðum tollalaga. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að hámark verðmætis þess varnings sem ferðamönnum og farmönnum er heimilt að flytja til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda verði fært í lög. Hingað til hefur þessi heimild verið

í reglugerð sem gefin hefur verið út af fjármálaráðherra. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að þeir sem dveljast hér á landi tímabundið geti haft með sér ökutæki sem skráð eru erlendis eða fest kaup á nýju, óskráðu ökutæki hér á landi án greiðslu aðflutningsgjalda. Með frumvarpinu er lagt til að lögin taki með sömu skilyrðum til ökutækja sem keypt eru ný og óskráð á Evrópska efnahagssvæðinu eða í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyjum. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að ferðamenn og farmenn geri ótilkvaddir grein fyrir hærri fjárhæð en 10.000 evrum í stað 15.000 evra í núgildandi lögum. Í fjórða lagi er lagt til að farmenn geri skriflega grein fyrir öllum þeim varningi sem þeir hafa meðferðis til landsins. Í fimmta lagi er lagt til að heimilt verði að fresta gjalddaga á greiðslufresti í tolli vegna virðisaukaskatts fram að uppgjöri almennra virðisaukaskattsskila þegar aðilinn sem um ræðir er að jafnaði með hærri innskatt en útskatt.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir því að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

318. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um breyt á l. nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Fyrsti minni hluti teldi eðlilegt að lögin tækju eigi gildi síðar en 1. janúar 2009 og tekið yrði saman sérstakt yfirlit af hálfu Fiskistofu fyrir miðjan febrúar 2009 um hvernig til hefði tekist með það markmið að koma fiski sem fyrirhugað væri að selja á ferskfiskmarkaði erlendis til sölu á innanlandsmarkaði. Tilgangur frumvarpsins er einmitt sá að auka framboð á ferskfiski til innlendrar fiskvinnslu.

Það er mat 1. minni hluta að til þess að ná því markmiði að gera innlenda fiskkaupendur jafnsetta þeim sem bjóða í fisk á erlendum ferskfiskmörkuðum væri eðlilegt að setja stýrireglu. Regla þessi ætti að byggjast á því að ef ásett lágmarksverð eiganda fiskaflans, þ.e. útgerðar, sem ávallt hefur verið x%, reynist hærra en söluverð fisksins á erlendum ferskfiskmarkaði yfir eins mánaðar tímabil, þá verði viðkomandi útgerð óheimilt að skrá lágmarksverð næstu tvo mánuði á sinn ferskfisk sem flytja á úr landi. Eigandi fisksins, þ.e. útgerðin, verður þar með að una því næstu tvo mánuðina að sætta sig við hæsta verð sem berst í aflann, eins og aðrir seljendur ferskfisks á mörkuðum. Undanþáguheimild ráðherra frá þessum skyldum ætti því að fella út úr frumvarpinu.

Frumvarpinu er ætlað að auka atvinnumöguleika fiskvinnslufyrirtækja og fiskvinnslufólks. Ekki mun veita af eins og nú árar. Þau 56 þúsund tonn af fiski sem flutt voru út óunnin á síðasta ári gætu, ef þau væru unnin hér á landi, aukið atvinnu í fiskvinnslu og einnig aukið verðmæti útflutnings á sjávarfangi. Ferskfiskverð erlendis getur stundum verið hærra en hér og ætti fyrirkomulag lágmarksverðs sem tekur mið af hæsta verði erlendis að tryggja að þeir markaðir sem best verð gefa verði nýttir enda verð stundum afar hátt, t.d. um jól og áramót og páska. Of hátt lágmarksverð getur orðið til þess að innlend tilboð ná ekki lágmarksverði útgerðar og fiskurinn þar með ávallt farið úr landi.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið gerir 1. minni hluti þá tillögu að inn í lögin verði sett ákvæði sem kveður á um að ákveðið lágmarksverð útgerðar megi ekki vera hærra yfir mánaðartímabil en nemur 15% mun á útgefnu lágmarksverði útgerðar og því brúttóverði sem fékkst fyrir fiskinn á erlendum uppboðsmarkaði ferskfisks undanfarinn mánuð. Verði meiri munur en ofangreind 15% þarf viðkomandi útgerð að una því að fá ekki að setja lágmarksverð á afla sinn vegna skyldu til uppboðs á innlendum ferskfiskmarkaði næstu tvo mánuði.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 3. málsl. 2. efnismgr. 1. gr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ákveðið lágmarksverð útgerðar má ekki vera hærra yfir mánaðartímabil en nemur 15% mun á útgefnu lágmarksverði útgerðar og brúttóverði sem fékkst fyrir fiskinn á erlendum uppboðsmarkaði undanfarinn mánuð. Verði meiri munur en 15% verður viðkomandi útgerð óheimilt að setja lágmarksverð á afla sinn vegna skyldu til uppboðs á innlendum markaði næstu tvo mánuðina.

Alþingi, 10. des. 2008.

Grétar Mar Jónsson.

319. Framhaldsnefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Annar minni hluti sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar lagði fram svohljóðandi bókun á fundi nefndarinnar 11. desember sl.: „Í ljósi þess neyðarástands sem skapast hefur í atvinnumálum þjóðarinnar með ört vaxandi atvinnuleysi og fyrirsjáanlegum landflótta geri ég kröfu til þess að hagsmunaaðilar komi fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd og gefi umsögn um framkomnar breytingartillögur á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.“ Meiri hluti nefndarinnar hafnaði þessari kröfu með rökum sem 2. minni hluti telur ófullnægjandi í ljósi ríkjandi neyðarástands.

Annar minni hluti telur mikilvægt að fjalla um frumvarpið út frá því sérstaka ástandi sem er í samfélaginu nú. Samning frumvarpsins fór fram fyrir hrun bankanna og tekur það því ekki tillit til ástands íslensks efnahags- og atvinnulífs eins og það er nú. Á næstu mánuðum mun atvinnuleysi fara stigvaxandi hér á landi og því brýnt að leita allra leiða til að ýta undir atvinnusköpun og styðja fólkið í landinu. Mikilvægt er að leita leiða til að tryggja innlenda fiskvinnslu á þessum erfiðum tímum fremur en að flytja út fisk frá atvinnulitlu Íslandi, sérstaklega til ríkja eins og Bretlands sem enn beita okkur hryðjuverkalögum. Í afstöðu sinni hefur 2. minni hluti að leiðarljósi þá samfélagslegu hagsmuni sem felast í því að tryggja störf hér á landi og hámarka gjaldeyristekjur á þessum erfiðu tímum.

Annar minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:
Á tímabilinu 1. mars 2009 til 31. desember 2009 er óheimilt að flytja út óunninn afla til löndunar og sölu á fiskmarkaði erlendis, nema brýna nauðsyn beri til. Ráherra setur nánari reglur um undanþágur frá ákvæði þessu.

Alþingi, 11. des. 2008.

Atli Gíslason.

320. Frumvarp til laga [232. mál]

um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 3. gr. laganna:
a. Í stað fjárhæðarinnar „58,70 kr.“ í 1. tölul. kemur: 66,04 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „52,80 kr.“ í 2. tölul. kemur: 59,40 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „70,78 kr.“ í 3. tölul. kemur: 79,63 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 9. gr. laganna:
a. Í stað fjárhæðarinnar „228,46 kr.“ í 1. tölul. kemur: 257,02 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „2,70 kr.“ í 2. tölul. kemur: 3,04 kr.
c. Í stað fjárhæðarinnar „8,17 kr.“ í 3. tölul. kemur: 9,19 kr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 10. gr. laganna:
a. Í stað fjárhæðarinnar „286,97 kr.“ í 1. tölul. kemur: 322,84 kr.
b. Í stað fjárhæðarinnar „14,34 kr.“ í 2. tölul. kemur: 16,13 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu eru, í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2009, lagðar til hækkanir á tilgreindum gjöldum í lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki. Um er að ræða 12,5% hækkun á áfengisgjaldi og tóbaksgjaldi.

Í upphaflegu frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009 kemur fram að reiknað sé með 11,5% hækkun á áfengis- og tóbaksgjaldi. Var sú hækkun áætluð í samræmi við áætlaða hækkun á vísitölu neysluverðs milli ársmeðaltala 2007 og 2008. Samkvæmt breytingum á tekjuáætlun

fjárlagafrumvarps 2009 er nú gert ráð fyrir að þessi hækkun sé 12,5% og er því í frumvarpinu lagt til að umrædd gjöld hækki um 12,5%.

Eins og fram kemur í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins er sú hækkun sem hér er lögð til innan þeirra marka sem umrædd gjöld hafa rýrnað að verðgildi, ef miðað er við þróun á vísitölu neysluverðs frá því umrædd gjöld voru síðast hækkuð.

Viðbótartekjur ríkissjóðs af þeirri hækkun sem frumvarp þetta kveður á um eru áætlaðar samtals um 1.300 millj. kr. á ársgrundvelli.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að fjárhæð áfengisgjalds verði hækkuð um 12,5%, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum við frumvarpið. Fjárhæð áfengisgjalds af sterku víni hækkaði síðast í nóvember 2004, en fjárhæð áfengisgjalds af léttu víni og bjór hefur verið óbreytt frá 1. júlí 1998. Almenn vísitala neysluverðs hefur hækkað um 70% frá 1. júlí 1998 og 31% frá nóvember 2004 og hefur áfengisgjaldið því lækkað að raungildi sem því nemur.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til að fjárhæð tóbaksgjalds verði hækkuð um 12,5%, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum við frumvarpið. Fjárhæð tóbaksgjalds hefur verið óbreytt frá nóvember 2004. Almenn vísitala neysluverðs hefur hækkað um 31% frá þeim tíma og hefur tóbaksgjaldið því lækkað að raungildi sem því nemur.

Um 3. gr.

Með greininni er lagt til að fjárhæð tóbaksgjalds af tóbaki sem ferðamenn eða farmenn hafa með sér til landsins verði hækkað um 12,5%, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum við frumvarpið. Fjárhæð tóbaksgjalds hefur verið óbreytt frá nóvember 2004. Almenn vísitala neysluverðs hefur hækkað um 31% frá þeim tíma og hefur tóbaksgjaldið því lækkað að raungildi sem því nemur.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru, í samræmi við áform í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2009, lagðar til hækkanir á tilgreindum gjöldum í lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki. Um er að ræða 12,5% hækkun á áfengisgjaldi og tóbaksgjaldi. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 11,5% hækkun sem var í samræmi við spá um hækkun á vísitölu neysluverðs milli ársmeðaltala 2007 og 2008 þegar frumvarpið var lagt fram. Sú spá hefur breyst nokkuð til

hækkunar. Eins og fram kemur í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins er sú hækkun sem hér er lögð til innan þeirra marka sem umrædd gjöld hafa rýrnað um að verðgildi, ef miðað er við þróun á vísitölu neysluverðs frá því gjöldin voru síðast hækkuð. Vísitala neysluverðs hefur hækkað um 70% frá júlí 1998, þegar áfengisgjaldi af léttu víni var síðast breytt, og um 31% frá nóvember 2004, þegar áfengisgjaldi af sterku víni og tóbaksgjaldi var síðast breytt. Jafnframt má gera ráð fyrir að verðlag útgjalda sem þessum tekjustofnum er ætlað að standa undir hafi hækkað álíka mikið.

Tekjur af áfengis- og tóbaksgjaldi voru áætlaðar samtals 13,1 ma.kr. í fjárlagafrumvarpinu 2009 en reiknað er með að þær verði rúmum 100 m.kr. hærri ef frumvarp þetta verður að lögum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er hins vegar ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

321. Frumvarp til laga [233. mál]

um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald.

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „41 kr.“ í 3. mgr. 1. gr. laganna kemur: 46,12 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. 4. mgr. orðast svo:

Kílómetragjald af gjaldskyldum bifreiðum skv. 1. tölul. 1. mgr., sbr. 3. tölul., skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	*Kílómetragjald, kr.*	*Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg*	*Kílómetragjald, kr.*
10.000–11.000	0,33	21.001–22.000	7,75
11.001–12.000	1,00	22.001–23.000	8,43
12.001–13.000	1,68	23.001–24.000	9,10
13.001–14.000	2,35	24.001–25.000	9,78
14.001–15.000	3,03	25.001–26.000	10,45
15.001–16.000	3,70	26.001–27.000	11,13
16.001–17.000	4,38	27.001–28.000	11,80
17.001–18.000	5,05	28.001–29.000	12,48
18.001–19.000	5,73	29.001–30.000	13,15
19.001–20.000	6,40	30.001–31.000	13,83
20.001–21.000	7,08	31.000 og yfir	14,50

b. 6. mgr. orðast svo:

Sérstakt kílómetragjald af gjaldskyldum bifreiðum skv. 2. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	*Kílómetragjald, kr.*	*Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg*	*Kílómetragjald, kr.*
5.000–6.000	9,51	18.001–19.000	25,10
6.001–7.000	10,28	19.001–20.000	26,23
7.001–8.000	11,07	20.001–21.000	27,37
8.001–9.000	11,86	21.001–22.000	28,51
9.001–10.000	12,63	22.001–23.000	29,64
10.001–11.000	13,75	23.001–24.000	30,78
11.001–12.000	15,21	24.001–25.000	31,92
12.001–13.000	16,67	25.001–26.000	33,05
13.001–14.000	18,12	26.001–27.000	34,19
14.001–15.000	19,59	27.001–28.000	35,32
15.001–16.000	21,05	28.001–29.000	36,46
16.001–17.000	22,50	29.001–30.000	37,60
17.001–18.000	23,96	30.001–31.000	38,73
		31.001 og yfir	39,87

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti, o.fl.

3. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „9,28 kr.“ í 14. gr. laganna kemur: 10,44 kr.

4. gr.

Í stað fjárhæðanna „32,95 kr.“ og „34,92 kr.“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: 37,07 kr.; og: 39,28 kr.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

5. gr.

Í stað fjárhæðanna „6,83 kr.“, „9,21 kr.“, „2.277 kr.“, „3.416 kr.“ og „41.193 kr.“ í 2. gr. laganna kemur: 7,68 kr.; 10,36 kr.; 2.562 kr.; 3.843 kr.; og: 46.342 kr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu eru, í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2009, lagðar til hækkanir á tilgreindum gjöldum á ökutæki og eldsneyti. Um er að ræða 12,5% hækkun á bifreiðagjaldi, vörugjaldi af bensíni, olíugjaldi og kílómetragjaldi.

Í upphaflegu frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009 kemur fram að reiknað sé með 11,5% hækkun á framangreindum gjöldum. Var sú hækkun áætluð í samræmi við áætlaða hækkun á vísitölu neysluverðs milli ársmeðaltala áranna 2007 og 2008. Samkvæmt breytingum á tekjuáætlun fjárlagafrumvarps 2009 er nú gert ráð fyrir að þessi hækkun sé 12,5% og er því í frumvarpinu lagt til að umrædd gjöld hækki um 12,5%.

Eins og fram kemur í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins er sú hækkun sem hér er lögð til innan þeirra marka sem umrædd gjöld hafa rýrnað að verðgildi ef miðað er við þróun á vísitölu neysluverðs frá því umrædd gjöld voru síðast hækkuð.

Viðbótartekjur ríkissjóðs af þeirri hækkun sem frumvarp þetta kveður á um eru áætlaðar samtals um 2.275 millj. kr. á ársgrundvelli.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að fjárhæð olíugjalds verði hækkað um 12,5, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum við frumvarpið. Fjárhæð olíugjalds hefur verið óbreytt frá upptöku þess 1. júlí 2005. Almenn vísitala neysluverðs hefur hækkað um 29% frá þeim tíma og hefur olíugjaldið því lækkað að raungildi sem því nemur.

Um 2. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að fjárhæð almenns kílómetragjalds á þyngri ökutæki verði hækkað um 12,5%, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum við frumvarpið. Fjárhæð almenns kílómetragjalds hefur verið óbreytt frá upptöku þess 1. júlí 2005. Almenn vísitala neysluverðs hefur hækkað um 29% frá þeim tíma og hefur hið almenna kílómetragjald því lækkað að raungildi sem því nemur.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að fjárhæð sérstaks kílómetragjalds á þyngri ökutæki verði hækkað um 12,5%, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum við frumvarpið. Fjárhæð sérstaks kílómetragjalds hefur verið óbreytt frá upptöku þess í desember 2005. Almenn vísitala neysluverðs hefur hækkað um 26% frá þeim tíma og hefur hið sérstaka kílómetragjald því lækkað að raungildi sem því nemur.

Um 3. gr.

Með greininni er lagt til að fjárhæð almenns vörugjalds af eldsneyti verði hækkað um 12,5%, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum við frumvarpið. Fjárhæð almenns kílómetragjalds hefur ekki hækkað frá nóvember 2003. Almenn vísitala neysluverðs hefur hækkað um 36% frá þeim tíma og hefur hið almenna vörugjald af eldsneyti því lækkað að raungildi sem því nemur.

Um 4. gr.

Með greininni er lagt til að fjárhæð sérstaks vörugjalds af eldsneyti verði hækkað um 12,5%, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum við frumvarpið. Fjárhæð sérstaks vörugjalds af eldsneyti hefur ekki hækkað frá nóvember 2003. Almenn vísitala neysluverðs hefur hækkað um 36% frá þeim tíma og hefur hið almenna kílómetragjald því lækkað að raungildi sem því nemur.

Um 5. gr.

Með greininni er lagt til að fjárhæð bifreiðagjalds verði hækkað um 12,5%, sbr. umfjöllun í almennum athugasemdum við frumvarpið. Fjárhæð bifreiðagjalds hefur verið óbreytt frá 1. janúar 2005. Almenn vísitala neysluverðs hefur hækkað um 31% frá þeim tíma og hefur bifreiðagjaldið því lækkað að raungildi sem því nemur.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er mælt fyrir um 12,5% hækkun á bifreiðagjaldi, vörugjaldi af bensíni, olíugjaldi og kílómetragjaldi. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 11,5% hækkun sem var í samræmi við spá um hækkun á vísitölu neysluverðs milli ársmeðaltala 2007 og 2008 þegar frumvarpið var lagt fram. Sú spá hefur breyst nokkuð til hækkunar.

Viðbótartekjur ríkissjóðs af þeirri hækkun sem frumvarp þetta kveður á um eru áætlaðar samtals um 2.275 m.kr. á ársgrundvelli, en verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

322. Frumvarp til laga [234. mál]

um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI
Hlutverk, markmið, skipulag, stjórn og orðskýringar.

1. gr.
Markmið og hlutverk.

Starfrækja skal þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Markmið hennar er að auka möguleika þeirra sem eru blindir, sjónskertir eða daufblindir til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra, með áherslu á stuðning til náms, sjálfstæðs heimilishalds, virkra tómstunda og atvinnuþátttöku.

Stofnunin skal veita þjónustu á sviði ráðgjafar, hæfingar og endurhæfingar. Jafnframt skal hún þjóna hlutverki þekkingarmiðstöðvar sem aflar og miðlar þekkingu á aðstæðum notenda í því skyni að bæta þjónustu og stuðla að framförum.

Stofnunin skal hafa yfirsýn yfir aðstæður þeirra sem eru blindir eða sjónskertir og gegna samhæfingarhlutverki gagnvart öðrum sem veita umræddum notendum þjónustu. Hún skal einnig sinna fræðslu, ráðgjöf og stuðningi við aðstandendur, skóla og aðrar þjónustustofnanir.

Um þjónustu stofnunarinnar við daufblinda fer skv. 5. gr.

2. gr.
Skipulag og stjórn.

Stofnunin heyrir undir félags- og tryggingamálaráðherra. Ráðherra skipar stofnuninni forstjóra til fimm ára í senn og setur honum erindisbréf. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi og hafa menntun og reynslu sem nýtist á starfssviði stofnunarinnar og við stjórnun hennar og rekstur.

Forstjóri ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

Ráðherra skipar stofnuninni sex manna samráðsnefnd samkvæmt tilnefningum Blindrafélags, Daufblindrafélags Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, menntamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis. Félags- og tryggingamálaráðherra skipar fulltrúa án tilnefningar og er hann jafnframt formaður samráðsnefndarinnar.

Samráðsnefndin skal vera ráðherra og forstjóra stofnunarinnar til ráðgjafar um fagleg málefni.

3. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

1. *Sjónskertur:* Einstaklingur telst sjónskertur ef læknisfræðileg greining sýnir að sjón hans er minni en 30% á betra auga, með venjulegum sjónglerjum, og innan við 20 gráðu sjónsvið, eða ef starfrænt mat sýnir erfiðleika vegna sjónskerðingar með lestur 10 punkta leturs með venjulegum sjónglerjum, með athafnir daglegs lífs og umferli.
2. *Blindur:* Einstaklingur telst blindur ef læknisfræðileg greining sýnir að sjón hans er minni en 5%, með venjulegum sjónglerjum, og innan við 10 gráðu sjónsvið.
3. *Daufblindur:* Einstaklingur telst daufblindur ef saman fer sjón- og heyrnarskerðing sem takmarkar athafnasemi hans og hamlar þátttöku í samfélaginu í slíkum mæli að hann þarfnast sértækrar þjónustu, laga þarf umhverfi að þörfum viðkomandi eða nýta sérstakan tæknibúnað til að mæta þörfum hans. Daufblinda er sérstök fötlun, en ekki samsetning tveggja fatlana.

II. KAFLI
Verkefni og starfssvið.

4. gr.
Verkefni.

Stofnunin veitir þjónustu vegna hæfingar og endurhæfingar þeirra sem eru blindir eða sjónskertir, að undanskilinni frumgreiningu augnsjúkdóma, frumgreiningu á sjón og læknismeðferð.

Verkefni stofnunarinnar eru m.a.:

1. *Greining, mat, ráðgjöf og kennsla.*
   a. Greining á þörf fyrir hæfingu og endurhæfingu.
   b. Starfrænt mat og sjónmat.
   c. Mat á þörf og úthlutun sérhæfðra hjálpartækja sem ekki er úthlutað á vegum Tryggingastofnunar eða Heyrnar- og talmeinastöðvar.
   d. Ráðgjöf um umhverfi, lýsingu og aðgengi.

e. Sálfræðiráðgjöf og félagsráðgjöf vegna aðstæðna sem tengjast fötluninni.
f. Skynfæraörvun, kennsla blindraleturs, umferliskennsla, kennsla í sjónbeitingu og kennsla í notkun hjálpartækja.
g. Útgáfa vottorða til staðfestingar á fötlun.

2. *Yfirfærsla efnis.*
Yfirfærsla efnis vegna náms, tómstunda eða starfa af svartletri yfir á blindraletur, stækkað letur, þreifiefni eða stafrænt form annað en hljóðbækur.
3. *Stuðningur við nám á öllum skólastigum.*
a. Ráðgjöf og námskeiðahald fyrir foreldra og starfsfólk menntastofnana um námsumhverfi og kennsluhætti.
b. Námsráðgjöf.
c. Sérhæfð kennsla.
d. Mat á þörf fyrir sérútbúið námsefni, svo sem þreifiefni, námsefni með stækkuðu letri, blindraletri eða á stafrænu formi.
4. *Stuðningur við sjálfstæði í búsetu.*
a. Þjálfun í athöfnum daglegs lífs.
b. Þjálfun í lífsleikni.
5. *Stuðningur við atvinnuþátttöku.*
a. Starfsráðgjöf.
b. Aðstoð og ráðgjöf vegna aðlögunar á nýjum vinnustað, t.d. varðandi umhverfi, umferlismál, hjálpartæki og fræðslu til samstarfsfólks.
6. *Stuðningur til virkra tómstunda.*
Þjálfun í félagsfærni og sjálfsstyrking.
7. *Öflun og miðlun þekkingar og fræðslu.*
a. Þátttaka í rannsóknum og þróunarverkefnum sem hafa það að markmiði að meta aðstæður blindra, sjónskertra og daufblindra og bæta stöðu þeirra.
b. Þróun og viðhald þekkingarbrunns á sviði fötlunar vegna blindu og sjónskerðingar, og miðlun upplýsinga og fróðleiks á þessu sviði út í samfélagið.
8. *Hjálpartæki.*
Úthlutun hjálpartækja.

Stofnunin skal vera til ráðgjafar og veita aðstoð almennum þjónustustofnunum og öðrum þeim sem veita þjónustu, svo sem á sviði heilbrigðis-, félags- og menntamála, sé þörf á sérfræðiþekkingu til að þeir geti ræktað hlutverk sitt gagnvart þeim sem eru blindir eða sjónskertir.

Stofnunin skal sinna fræðslu, ráðgjöf og leiðsögn við einstaklinga, nánustu aðstandendur þeirra og annarra sem eru að jafnaði í tengslum við blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, varðandi áhrif fötlunarinnar, viðeigandi þjálfun og úrræði.

Stofnuninni er heimilt að gera þjónustusamning við sveitarfélög um að annast fyrir þeirra hönd þjónustu sem þau bera ábyrgð á gagnvart blindum og sjónskertum einstaklingum.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd verkefna samkvæmt ákvæði þessu.

5. gr.

Þjónusta við daufblinda.

Stofnunin veitir daufblindum og aðstandendum þeirra þjónustu til samræmis við verkefni þau sem talin eru upp í 4. gr. á grundvelli fötlunar þeirra. Þjónustan er einungis á þeim sér-

fræðisviðum sem stofnunin býr yfir og er veitt í samstarfi við aðra aðila og stofnanir sem veita daufblindum þjónustu.

6. gr.

Skráning upplýsinga.

Stofnunin skal halda skrá yfir alla sem eru blindir, sjónskertir og daufblindir hér á landi í þeim tilgangi að bæta þjónustu við þá, tryggja gæði þjónustunnar og hafa með henni eftirlit og til tölfræðiúrvinnslu og vísindarannsókna til samræmis við skilgreint hlutverk, sbr. 1. gr. Um skráningu og meðferð upplýsinga fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000.

Ráðherra skal í reglugerð, að fenginni umsögn Persónuverndar, kveða nánar á um hvaða persónuupplýsingar megi færa í skrána og hvernig þær skuli nýttar.

7. gr.

Réttindagæsla.

Verði stofnunin þess áskynja að einstaklingar sem stofnunin sinnir njóti ekki fullnægjandi þjónustu annarra aðila skal stofnunin leiðbeina þeim við að fá úrlausn mála eftir atvikum og, ef viðkomandi einstaklingur óskar þess, með því að beina skriflegu erindi til viðkomandi þjónustustofnunar. Slíkt erindi skal þá unnið í samráði við einstaklinginn eða forráðamann hans. Ef ástæða þykir til og viðkomandi einstaklingur óskar þess skal afrit erindisins sent til trúnaðarmanns fatlaðra á þjónustusvæði einstaklingsins og einnig til svæðisskrifstofu málefna fatlaðra eða sveitarfélags sem ber ábyrgð á þjónustu við einstaklinginn þar sem hann býr.

8. gr.

Þagnarskylda.

Starfsfólki ber að gæta trúnaðar um atvik er varða lögmæta einkahagsmuni notenda þjónustu stofnunarinnar eða aðstandenda þeirra sem því verða kunn í starfi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Gjaldtaka.

Heimilt er að taka gjald fyrir þjónustu stofnunarinnar skv. 4. gr. í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur.

Einstaklingur sem sjúkratryggður er samkvæmt lögum um sjúkratryggingar skal greiða gjald fyrir þjónustu stofnunarinnar skv. 4. gr. í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur.

Þeir sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi samkvæmt lögum um sjúkratryggingar skulu greiða gjald sem nemur kostnaði við veitta þjónustu í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, nema í gildi sé samningur um þjónustuna við það ríki sem þeir koma frá.

10. gr.

Eftirlit.

Um eftirlit með heilbrigðisstarfsmönnum sem starfa hjá stofnuninni fer samkvæmt lögum um landlækni.

11. gr.
Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

12. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfsfólki Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra, sem starfar á grundvelli laga nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, skulu boðin störf hjá hinni nýju stofnun. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði. Um réttarvernd starfsmanna fer samkvæmt lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/2002.

Starfsfólki Blindrabókasafns Íslands, sem við gildistöku laga þessara sinnir verkefnum sem flytjast munu til nýrrar stofnunar, skulu boðin störf hjá hinni nýju stofnun. Sama máli gegnir um starfsmenn sem ráðnir voru til Blindrafélagsins fyrir gildistöku þessara laga samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið. Ekki er skylt að auglýsa störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði laus til umsóknar skv. 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Þegar lög þessi hafa verið samþykkt er heimilt að auglýsa embætti forstjóra hinnar nýju stofnunar laust til umsóknar og skal skipun í embættið miðast við 1. janúar 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið í félags- og tryggingamálaráðuneytinu í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra og fleiri sérfræðinga. Frumvarpið byggist á tillögum nefndar sem upphaflega var skipuð af menntamálaráðherra til að bæta þjónustu við blinda og sjónskerta og er efni þess í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar Íslands um framkvæmd þeirra tillagna. Einnig var við gerð þess haft samráð við verkefnisstjórn um bætta þjónustu við blinda, sjónskerta og daufblinda sem starfað hefur á vegum félags- og tryggingamálaráðherra frá því í mars 2008 til að fylgja eftir undirbúningi nýrrar stofnunar. Í verkefnisstjórninni eiga sæti fulltrúar Blindrafélagsins, Daufblindrafélagsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Blindrabókasafns Íslands, menntamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis auk félags- og tryggingamálaráðuneytis.

Í maí 2007 skipaði menntamálaráðherra framkvæmdanefnd til að gera áætlanir og annast framkvæmd úrbóta á þjónustu við blinda og sjónskerta einstaklinga, einkum á sviði menntamála. Fljótlega komst nefndin að þeirri niðurstöðu að þjónustu við þennan hóp þyrfti að skoða í heild sinni. Í skýrslu sem nefndin skilaði af sér er lagt til að sett verði á laggirnar miðlæg þjónustumiðstöð sem heyri undir félags- og tryggingamálaráðherra og annist alla sérfræðiþjónustu við blinda og sjónskerta aðra en þá sem veitt er af heilbrigðiskerfinu. Nefndin leggur til að starfsemi Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra (Sjónstöðvar Íslands) verði færð í heild sinni til nýju stofnunarinnar ásamt hluta af starfsemi Blindrabókasafns Íslands. Við tilfærsluna verði áherslum í þjónustunni breytt, sem og hugmyndafræði og verklagi. Þá verði Blindrabókasafninu breytt í hljóðbókasafn sem sinni sérstaklega þeim sem sækjast eftir hljóðbókum. Loks er í skýrslunni lagt til að ákveðin starfsemi sem nú er sinnt

af Blindrafélaginu og Daufblindrafélagi Íslands verði færð til hinnar nýju stofnunar. Samhliða því verði færð til þjónustumiðstöðvarinnar stöðugildi starfandi blindrakennara og kennsluráðgjafa sem frá haustinu 2007 hafa verið hýstir af Blindrafélaginu samkvæmt tímabundnum þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið.

Ríkisstjórn Íslands fjallaði um tillögur nefndarinnar í nóvember 2007 og ákvað að fela ráðuneytisstjórum menntamála-, félagsmála- og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyta að annast undirbúning að framkvæmd tillagnanna.

Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra heyrir samkvæmt gildandi lögum undir heilbrigðisráðherra og telst vera heilbrigðisstofnun. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að sett verði á fót ný stofnun, þ.e. þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda. Meginhlutverk hennar verður að veita þjónustu á sviði hæfingar og endurhæfingar, auk þess að þjóna hlutverki þekkingarmiðstöðvar í málefnum þessa hóps og tryggja heildarsýn yfir aðstæður blindra og sjónskertra. Stofnunin mun hins vegar ekki sinna sjúkdómsgreiningu, læknismeðferð eða frumgreiningu á sjón heldur er gert ráð fyrir að þeim þáttum verði sinnt í heilbrigðiskerfinu enda um heilbrigðisþjónustu að ræða. Með þessari breytingu er viðurkennt að heilbrigðiskerfið í heild annast heilbrigðisþjónustu við blinda, sjónskerta og daufblinda, en að skortur er á hæfingu og endurhæfingu fyrir þátttöku í daglegu og sjálfstæðu lífi. Því er um töluverða áherslubreytingu á starfsemi gagnvart þessum hópi einstaklinga að ræða.

Gert er ráð fyrir að nýja stofnunin heyri undir félags- og tryggingamálaráðherra. Er það til samræmis við þá skipan mála í stjórnarráðinu að málefni fatlaðra heyra undir félags- og tryggingamálaráðuneytið. Ráðherra mun skipa stofnuninni forstjóra og setja honum erindisbréf. Sex manna samráðsnefnd hagsmunaaðila og stjórnvalda fær það hlutverk að miðla upplýsingum milli aðila og vera framkvæmdastjóra stofnunarinnar til ráðgjafar um fagleg málefni og stefnumótun.

Í frumvarpinu er það nýmæli að tilgreindur er sérstaklega réttur daufblindra til þjónustu á grundvelli fötlunar sinnar af hálfu hinnar nýju stofnunar. Með því væri staðfest í lögum að daufblinda er sérstök fötlun en ekki samsetning tvenns konar fötlunar, þ.e. sjón- og heyrnarskerðingar. Þetta er tilgreint sérstaklega í 5. gr. frumvarpsins og kveðið á um að þjónusta stofnunarinnar við daufblinda skuli veitt á grundvelli fötlunar þeirra. Jafnframt er sérstaklega kveðið á um að stofnunin skuli veita daufblindum þjónustu í samstarfi við aðra aðila og stofnanir sem sinna þessum hópi, en þeir aðilar eru fjölmargir enda um mjög alvarlega fötlun að ræða.

Eitt af helstu markmiðum frumvarpsins er að gera þjónustu við blinda og sjónskerta heildstæðari þannig að hún sé sem mest aðgengileg á einum stað og að þar sé jafnframt tryggð sem best yfirsýn yfir aðstæður hópsins. Í því sambandi gerir frumvarpið m.a. ráð fyrir að stofnunin taki að sér og beri ábyrgð á verkefnum sem nú heyra formlega undir heilbrigðisráðuneytið og menntamálaráðuneytið og stofnanir þeirra, svo sem úthlutun hjálpartækja sem Sjónstöð Íslands hefur annast og yfirfærslu efnis á blindraletur sem Blindrabókasafn Íslands hefur annast. Jafnframt er heimild til þess að stofnunin taki að sér á grundvelli þjónustusamninga að sinna þjónustu á sínu sérsviði sem er á ábyrgð sveitarfélaga.

Ákvæði um skyldu stofnunarinnar til að halda skrá yfir alla landsmenn sem eru blindir, sjónskertir og daufblindir snýst einkum að því að tryggja yfirsýn yfir þróun sjónskerðingar og daufblindu, aðstæður þessara hópa, þörf þeirra fyrir þjónustu og upplýsingar um þjónustu sem þeim er veitt. Rétt er að taka fram að í gildandi lögum um Þjónustu- og endurhæfingarmiðstöð sjónskertra er ákvæði sem segir að stofnunin skuli í samráði við landlækni halda

skrá yfir alla þá landsmenn sem eru sjónskertir. Slíkur grunnur er því til staðar en gera verður ráð fyrir að hann verði þróaður og endurbættur hjá nýrri stofnun, og þá um leið bætt við skráningu vegna daufblindra sem í núverandi grunni hafa ekki verið skráðir sérstaklega sem daufblindir og því ekki hægt að skoða sérstaklega upplýsingar um fjölda þeirra eða aðstæður.

Tekið skal fram að ríkisstjórn Íslands ákvað í júlí 2007 að þegar skyldi ráðið í nokkur ný stöðugildi kennsluráðgjafa og endurhæfingarsérfræðinga blindra og sjónskertra. Var þetta gert þar sem áríðandi þótti að hefja þegar umbætur í þjónustu við blinda og sjónskerta, en bíða ekki endanlegra tillagna frá nefndinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að sett verði á fót sérstök þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir þá sem eru blindir, sjónskertir eða daufblindir. Fram kemur að ráðgjöf, hæfing og endurhæfing skuli vera meginhlutverk stofnunarinnar með það að markmiði að auka möguleika þessa hóps til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra. Jafnframt er hlutverk stofnunarinnar að hafa yfirsýn yfir aðstæður hópsins, gegna samhæfingarhlutverki gagnvart öðrum sem veita honum þjónustu og sinna fræðslu, ráðgjöf og stuðningi við aðstandendur, skóla og aðrar þjónustustofnanir.

Greinin endurspeglar þá niðurstöðu nefndar menntamálaráðherra sem skipuð var í maí 2007 að skilja beri á milli heilbrigðisþjónustu, sem felur m.a. í sér frumgreiningu sjúkdóma og meðferð þeirra, og sérfræðiþjónustu sem lýtur að því að fást við fötlun og afleiðingar hennar fyrir viðkomandi einstakling með stuðningi, ráðgjöf og endurhæfingu við hæfi. Skortur hefur verið á þessari þjónustu sem markmiðið er að bæta úr með nýrri stofnun.

Í greininni er gert ráð fyrir mismunandi hlutverkum stofnunarinnar gagnvart blindum og sjónskertum annars vegar og daufblindum hins vegar. Stofnuninni er ætlað að verða alhliða sérfræðistofnun í málefnum blindra og sjónskertra, fyrir utan frumgreiningu augnsjúkdóma, frumgreiningu á sjón og læknismeðferð. Áhersla er lögð á að daufblinda er sértæk fötlun en ekki samsetning tveggja fatlana, þ.e. heyrnar- og sjónskerðingar, og að veita þurfi daufblindum þjónustu á grundvelli þess eins og nánar er getið um í 5. gr. Hins vegar ber að árétta að ekki er gert ráð fyrir að stofnunin búi yfir allri sérfræðiþekkingu sem þarf til að þjónusta daufblinda og munu Heyrnar- og talmeinastöðin og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra eftir sem áður gegna mikilvægu hlutverki í þjónustu við þá.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er kveðið á um skipulag og stjórn stofnunarinnar. Sú stofnun sem hingað til hefur þjónustað blinda og sjónskerta, þ.e. Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, heyrir undir heilbrigðisráðherra. Í samræmi við breyttar áherslur sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir varðandi þjónustu við þennan hóp er lagt til að nýja stofnunin heyri undir félags- og tryggingamálaráðherra, enda fer hann með yfirstjórn málefna fatlaðra samkvæmt lögum um málefni fatlaðra og felur það m.a. í sér að annast stefnumótun, gerð heildaráætlana og eftirlit með framkvæmd laganna. Í 5. gr. laga um málefni fatlaðra er kveðið á um heimild ráðherra til að setja á laggirnar þjónustustofnanir í því skyni að koma til móts við sérstakar þarfir fatlaðra svo að þeir geti lifað sjálfstæðu lífi, svo sem hæfingar- og endurhæfingarstöðvar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. um ráðningu forstjóra og ábyrgð hans þarfnast ekki nánari skýringa.

Til samræmis við það margþætta hlutverk stofnunarinnar sem lagt er til í 4. gr. frumvarpsins skal stofnuninni skipuð samráðsnefnd hagsmunaaðila og þeirra sem bera ábyrgð á þjón-

ustu við blinda, sjónskerta og daufblinda, til að miðla upplýsingum milli aðila og tryggja þróun og samræmi í stefnumótun og starfsemi stofnunarinnar.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru hugtökin sjónskertur, blindur og daufblindur skilgreind. Skilgreining þessara hugtaka afmarkar þann hóp einstaklinga sem eiga rétt á þjónustu stofnunarinnar.

Skilgreining á hugtakinu „sjónskertur“ tekur mið af núverandi skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar á hugtakinu sjónskerðing og felur í sér að einstaklingur telst sjónskertur ef læknisfræðileg greining sýnir að sjón hans er minni en 30% á betra auga, með venjulegum sjónglerjum, og innan við 20 gráðu sjónsvið. Nokkur umræða hefur þó átt sér stað um það hvort rétt sé að færa neðri mörk sjónskerðingar úr 30% í 50% þar sem 50% skerðing hafi það mikil áhrif á aðstæður fólks, t.d. sé það ekki lengur talið hæft til að keyra bíl. Gæti því komið til þess að endurskoða þyrfti þá skilgreiningu sem sett er fram í frumvarpinu. Auk þeirrar læknisfræðilegu greiningar á sjón sem skilgreining Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar miðast við er í frumvarpinu mælt fyrir um að leggja megi starfrænt mat til grundvallar ákvörðun um rétt fólks til þjónustu í þeim tilvikum sem læknisfræðileg greining er ekki möguleg eða skýrir ekki að fullu getu einstaklings til að nýta sjónina. Með starfrænu mati eru dregin fram áhrif sjónskerðingar eða daufblindu á getu fólks til athafna daglegs lífs.

Skilgreining á hugtakinu „blindur“ tekur jafnframt mið af núverandi skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar á hugtakinu blinda og felur í sér að einstaklingur telst blindur ef læknisfræðileg greining sýnir að sjón hans er minni en 5%, með venjulegum sjónglerjum, og innan við 10 gráðu sjónsvið.

Skilgreining á hugtakinu „daufblindur“ tekur mið af skilgreiningu Nordisk Uddannelsescenter for Døvblindepersonale (NUD) sem er samnorræn miðstöð um málefni daufblindra og hefur skilgreint daufblindu þannig að einstaklingur telst daufblindur ef saman fer sjón- og heyrnarskerðing sem takmarkar athafnasemi hans og hamlar þátttöku í samfélaginu í slíkum mæli að hann þarfnast sértækrar þjónustu, laga þarf umhverfi að þörfum viðkomandi eða nýta sérstakan tæknibúnað til að mæta þörfum hans. Daufblinda er sérstök fötlun, en ekki samsetning tveggja fatlana.

Um 4. gr.

Í 4. gr. eru talin upp verkefni sem stofnuninni er ætlað að sinna. Sérstaklega er tekið fram að stofnunin skuli ekki sinna frumgreiningu augnsjúkdóma, frumgreiningu á sjón eða læknismeðferð, enda skuli þeim verkefnum sinnt innan heilbrigðiskerfisins.

Í 1., 3., 5. og 7. tölul. 1. mgr. og 2. og 3. mgr. er fjallað um víðtækt fræðslu- og ráðgjafarhlutverk stofnunarinnar gagnvart þeim sem búa við fötlun vegna blindu, sjónskerðingar eða daufblindu, aðstandendur þeirra og stofnanir eða einstaklinga sem koma á einhvern hátt að þjónustu við umræddan hóp. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að stofnuninni er ætlað að gegna samhæfingarhlutverki vegna þjónustu við blinda, sjónskerta og daufblinda og því mikilvægt að hún geti haft áhrif á framkvæmd þjónustu annarra við þennan hóp með ráðgjöf og fræðslu. Meðal stofnana sem mikið gagn geta haft af þessari þjónustu eru skólar, öldrunarstofnanir og félagsþjónusta. Má þar nefna að í einstökum skólum eru yfirleitt mjög fáir nemendur ef einhverjir með fötlun af þessu tagi og því sjaldnast sem skólarnir hafa yfir að ráða nauðsynlegri þekkingu á því hvernig komið skuli til móts við þarfir þeirra. Á öldrunarstofnunum býr oftast töluverður hópur einstaklinga sem er blindur, sjónskertur eða daufblind-

ur og mikilvægt fyrir þær að hafa aðgang að fræðslu og aðstoð stofnunarinnar til að koma sér upp viðeigandi hæfni og þekkingu til að mæta sem flestum grunnþörfum þessara einstaklinga.

Í 2. tölul. 1. mgr. sem fjallar um yfirfærslu efnis er átt við þjónustu sem fyrirhugað er að flytja frá Blindrabókasafni Íslands til nýju stofnunarinnar samhliða því að efla hana og auka. Um er að ræða yfirfærslu efnis á stækkað letur fyrir sjónskerta, þreifiefni fyrir blind börn o.fl.

Sálfræðiráðgjöf og félagsráðgjöf vegna aðstæðna sem tengjast fötluninni og talin er undir e-lið í 1. tölul. 1. mgr. og stuðningur við nám á öllum skólastigum sem tilgreind er í 3. tölul. 1. mgr. og stuðningur til virkra tómstunda í 6. tölul. 1. mgr. felur í sér þjónustu sem ýmist var ekki í boði eða var óveruleg þar til ríkisstjórnin tók ákvörðun í júlí 2007 um að bæta við átta stöðugildum starfsfólks sem veitir blindum og sjónskertum þjónustu.

Stuðningur við atvinnuþátttöku sem fjallað er um í 5. tölul. 1. mgr. er þjónusta sem Blindrafélagið hefur sinnt gagnvart félagsmönnum sínum en er gert ráð fyrir að flutt verði til hinnar nýju stofnunar samkvæmt frumvarpinu.

Í 8. tölul. 1. mgr. er kveðið á um að stofnunin skuli hafa með höndum úthlutun hjálpartækja og mun stofnunin þá taka við þessu hlutverki af Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra sem verður lögð niður við gildistöku laganna.

Samkvæmt 4. mgr. er stofnuninni heimilt að gera þjónustusamning við sveitarfélög um að annast fyrir þeirra hönd, gegn greiðslu, þjónustu sem þau bera ábyrgð á gagnvart blindum og sjónskertum einstaklingum.

Sveitarfélögin bera ábyrgð á sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskólanemendur. Vegna þess hve fötlun af völdum sjónskerðingar, blindu eða daufblindu er fátíð hafa þau sjaldnast yfir að ráða eða aðgang að nægri sérfræðiþekkingu til að þjónusta þessa nemendur. Sveitarfélögin hafa lýst áhuga á því að geta samið við hina nýju stofnun um að annast þjónustu við nemendur með fötlun af þessu tagi og gerir frumvarpið ráð fyrir að stofnunin geti tekið að sér að annast slíka þjónustu á grunvelli þjónustusamnings og þá gegn endurgjaldi af hálfu viðkomandi sveitarfélaga.

Um 5. gr.

Með þessari grein er vísað til þess að þótt daufblindir eigi sama rétt til þjónustu samkvæmt frumvarpinu og blindir og sjónskertir, þurfi sú þjónusta jafnframt að taka mið af sérstökum þörfum daufblindra. Mikilvægi þessa ákvæðis felur einnig í sér formlega staðfestingu á því að daufblinda sé sértæk fötlun en ekki samsetning tvenns konar fötlunar, þ.e. sjón- og heyrnarskerðingar. Ákvæðið felur í sér kröfu um að stofnunin afli sér þekkingar á málefnum daufblindra og komi sér upp nauðsynlegum búnaði til að veita þeim sérfræðiþjónustu sem ekki fellur undir verksvið annarra stofnana, svo sem Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands.

Nánar er fjallað um þjónustu við daufblinda í athugasemdum um 1. gr.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um að stofnunin skuli halda skrá yfir alla sem eru blindir, sjónskertir og daufblindir hér á landi í þeim tilgangi að bæta þjónustu við þá, tryggja gæði þjónustunnar og hafa með henni eftirlit og til tölfræðiúrvinnslu og vísindarannsókna til samræmis við skilgreint hlutverk stofnunarinnar skv. 1. gr. Um skráningu og meðferð upplýsinga fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000. Ráðherra

skal í reglugerð, að fenginni umsögn Persónuverndar, kveða nánar á um hvaða persónuupplýsingar megi færa í skrána og hvernig þær skuli nýttar.

Um 7. gr.

Í þessari grein er kveðið á um það hvernig starfsmenn stofnunarinnar skuli sinna tiltekinni réttindagæslu gagnvart skjólstæðingum stofnunarinnar. Skulu þeir bregðast við og aðstoða ef þeir verða þess áskynja að blindur, sjónskertur eða daufblindur einstaklingur njóti ekki fullnægjandi þjónustu annarra aðila. Stofnunin fer hins vegar ekki með almennt eftirlit með því að einstaklingarnir fái lögboðna þjónustu hjá öðrum aðilum sem starfa á þessu sviði.

Um 8. gr.

Í greininni er mælt fyrir um þagnarskyldu starfsfólks stofnunarinnar og meðferð gagna. Með því að afmarka þagnarskylduna við lögmæta hagsmuni er vísað til þess að upplýsingaskylda starfsmanna stofnunarinnar getur gengið framar þagnarskyldu, líkt og upplýsingaskylda gagnvart barnaverndarnefndum skv. 44. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

Um 9. gr.

Í greininni er mælt fyrir heimild ráðherra til að setja gjaldskrá um þá þjónustu sem stofnunin veitir skv. 4. gr. Jafnframt er kveðið á um rétt þeirra sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi til þjónustu stofnunarinnar gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar, nema í gildi sé samningur um þjónustuna við það ríki sem þeir koma frá.

Ákvæði 9. gr. tekur einnig til þess að ráðherra er heimilt að setja gjaldskrá sem gerir stofnuninni kleift að innheimta gjald fyrir faglega aðstoð og ráðgjöf sem veitt er öðrum stofnunum eða einkaaðilum.

Um 10. gr.

Þessi grein vísar til lögbundins eftirlits landlæknis með heilbrigðisstéttum sem fer samkvæmt lögum um landlækni.

Um 11. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er ráðherra heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir að verði frumvarp þetta að lögum muni þau taka gildi 1. janúar 2009. Þegar hafa verið gerðar ýmsar mikilvægar breytingar á starfsemi Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra og unnin mikilvæg skipulagsvinna í þeim tilgangi að bæta þjónustu við blinda og sjónskerta sem nýtast mun við að koma á fót nýrri stofnun.

Fram kemur að verði frumvarp þetta að lögum muni lög nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, falla úr gildi. Megnið af starfsemi þeirrar stofnunar rennur inn í stofnun þá sem kveðið er á um í frumvarpi þessu en töluverðar breytingar verða gerðar á hugmyndafræði, áherslum og verklagi starfseminnar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt 1. mgr. skal öllu starfsfólki Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra boðið starf hjá hinni nýju stofnun og gildir þá ekki ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur

starfsmanna ríkisins um auglýsingu starfa. Um réttarvernd starfsmanna fer samkvæmt lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/2002.

Samkvæmt 2. mgr. skal starfsfólk Blindrabókasafnsins sem sinnir verkefnum sem flytjast munu til hinnar nýju stofnunar njóta sömu réttinda og hér er kveðið á um gagnvart starfsfólki Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra. Sama máli gegnir um starfsfólk sem sinnir kennsluráðgjöf fyrir blinda og sjónskerta í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar Íslands frá því í júlí 2007 og hefur nú starfsstöð sína hjá Blindrafélaginu samkvæmt samningi menntamálaráðuneytisins og Blindrafélagsins.

Þriðja málsgrein kveður á um heimild til að auglýsa embætti forstjóra við gildistöku laganna og að skipun hans skuli miðast við 1. janúar 2009.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði á fót sérstök þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga sem heyri undir félags- og tryggingamálaráðherra. Stofnunin verður til með samruna verkefna og þjónustu sem verið hafa á hendi félags- og tryggingamálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og menntamálaráðuneytis. Meginhlutverk stofnunarinnar er að veita þjónustu á sviði ráðgjafar, hæfingar og endurhæfingar ásamt því að afla og miðla þekkingu á aðstæðum notenda í því skyni að bæta þjónustu og stuðla að framförum. Jafnframt er hlutverk stofnunarinnar að hafa yfirsýn yfir aðstæður þessa hóps og gegna samhæfingarhlutverki gagnvart öðrum sem veita honum þjónustu, sinna fræðslu, ráðgjöf og stuðningi við aðstandendur, skóla og aðrar þjónustustofnanir. Meginmarkmið stofnunarinnar er að auka möguleika þessa hóps til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra.

Fjárheimildir til þeirra verkefna sem þjónustu- og þekkingarmiðstöðin tekur yfir nema samtals 308 m.kr. í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2009. Þar af koma 55,4 m.kr. af fjárlagalið *07-999-1.45 Þjónusta við blinda og sjónskerta* frá félags- og tryggingamálaráðuneyti. Af fjárlagalið *08-326 Sjónstöð Íslands* hjá heilbrigðisráðuneyti koma 203,4 m.kr. en sú stofnun verður lögð niður og flyst óskipt til þjónustu-og þekkingarmiðstöðvarinnar. Af viðfangsefninu *02-319-1.14 Sérkennsla* hjá menntamálaráðuneyti flytjast 39,9 m.kr. til þjónustumiðstöðvarinnar. Þaðan flyst einnig fjárheimild vegna einskiptis stofnkostnaðar sem nemur 6 m.kr. Af viðfangsefninu *02-909-1.01 Blindrabókasafni Íslands* flytjast 9,3 m.kr.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má þannig gera ráð fyrir að fjárheimildir sem nemi 308 m.kr. verði til ráðstöfunar til reksturs þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar. Því til viðbótar komi 9,9 m.kr. sértekjur af sölu ýmissar annarrar þjónustu s.s. námskeiðahald, ráðgjöf og hjálpartæki. Um er að ræða tilfærslur á fjárheimildum milli ráðuneyta og er því ekki gert ráð fyrir að samþykkt frumvarpsins hafi í för með sér aukin útgjöld málaflokksins umfram þær hækkanir sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í fjárlögum 2008 og fjárlagafrumvarpi 2009.

323. Lög [203. mál]

um breytingu á lögum nr. 97/2008, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 258.

324. Frumvarp til laga [193. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, og fleiri lögum.

(Eftir 2. umr., 11. des.)

I. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætast eftirfarandi orðskýringar í réttri stafrófsröð:

1. *Embætti tollstjóra:* Sú stofnun sem fer með stjórn tollamála samkvæmt lögum þessum, m.a. tollheimtu og tolleftirlit, og er falið að framfylgja öðrum lögum og stjórnvaldsreglum sem varða innflutning, umflutning og útflutning á vörum.
2. *Tollstjóri:* Sá embættismaður sem ber faglega, fjárhagslega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri embættis tollstjóra.
3. *Tollyfirvöld:* Þau stjórnvöld sem fara með tollamál á hverjum tíma.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „tollstjóranum“ í 1. mgr. og hvarvetna annars staðar í lögunum þar sem sama orð er ritað með greini kemur (í viðeigandi beygingarfalli og án greinis): tollstjóra.
b. Orðin „í Reykjavík“ í 1. mgr. og sömu orð hvarvetna annars staðar í lögunum falla brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

a. Orðið „viðkomandi“ í 1. og 3. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „tollstjórum“ í 2. mgr. kemur: honum.

4. gr.

1. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:

SMT- og VEF-tollafgreiðsla er háð leyfi tollstjóra.

5. gr.

Orðið „viðkomandi“ í 1. mgr. 25. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Tollstjórar fara“ í 1. mgr. kemur: Tollstjóri fer.
b. Í stað orðsins „tollstjórar“ í 2. mgr. kemur: tollstjóri.

7. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Landið er eitt tollumdæmi.

8. gr.

40. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Tollstjóri.

Hlutverk tollstjóra er:

1. Að annast tollframkvæmd á landsvísu.
2. Álagning og innheimta tolla og annarra skatta og gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu vöru samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum.
3. Eftirlit með innflutningi, umflutningi og útflutningi á vörum til og frá landinu og ferðum og flutningi fara og fólks til og frá landinu.
4. Aðstoð við fjármálaráðherra varðandi tollamálefni.
5. Að vinna að framþróun, hagræðingu og einföldun tollframkvæmdar, skilvirkri og árangursríkri tollstarfsemi og sem bestri þjónustu tollgæslunnar. Hann skal stuðla að því að tollframkvæmdin verði sem hagfelldust fyrir atvinnulífið, almenning og samfélagið og hafa samstarf við atvinnulífið um málefni sem varða hagsmuni þess og greiða fyrir löglegum viðskiptum og styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækja, eftir því sem við getur átt og að teknu tilliti til fjárhagslegra og lagalegra forsendna og öryggissjónarmiða.
6. Samstarf við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði hans, sbr. 45. gr.
7. Rekstur tölvukerfis og þróun rafrænna samskipta vegna tollafgreiðslu.
8. Greiningarstarf vegna áhættustjórnunar við tolleftirlit.
9. Starfræksla Tollskóla ríkisins sem sér um menntun tollstarfsmanna og annarra eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum eða reglugerðum.
10. Öflun upplýsinga til hagskýrslugerðar um milliríkjaviðskipti.
11. Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi tollyfirvalda.
12. Gerð verklagsreglna varðandi tollframkvæmd.
13. Gerð leiðbeininga um tollamálefni fyrir almenning og fyrirtæki.
14. Ákvörðun um form og efni tollskjala og eyðublaða til nota við tollframkvæmd.
15. Önnur verkefni sem honum eru falin með lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

9. gr.

41. gr. laganna verður 43. gr. og á greininni verða eftirfarandi breytingar:

a. Orðin „í viðkomandi tollumdæmi“ í 2. mgr. falla brott.
b. Orðið „viðkomandi“ í 5. mgr. fellur brott.

10. gr.

Ný 41. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Staðsetning starfsstöðva tollgæslunnar.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum tollstjóra, staðsetningu starfsstöðva tollyfirvalda með tilliti til þess að unnt sé að halda uppi nauðsynlegri tollþjónustu, tollheimtu og tolleftirliti á landsvísu.

11. gr.

42. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Samningar tollstjóra við sýslumenn og lögreglustjóra um tollframkvæmd.

Tollstjóra er heimilt, með samþykki fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra, að gera samninga við sýslumenn og lögreglustjóra um að þeir annist í umboði hans tiltekna þætti tollframkvæmdar í stjórnsýsluumdæmum sínum. Hann getur enn fremur samið við þá um nauðsynlega starfsaðstöðu fyrir tollgæslu í viðkomandi stjórnsýsluumdæmum og aðstoð við tollstarfsmenn við framkvæmd starfans.

12. gr.

Við 45. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 188. gr. skulu ekki vera því til fyrirstöðu að tollstjóri veiti lögreglu aðgang að upplýsingum sem sú grein tekur til, enda sé það nauðsynlegt í þágu greiningarstarfs lögreglu eða rannsóknar lögreglu á ætluðum brotum á lögum þessum, lögum um ávana- og fíkniefni eða öðrum lögum sem tollstjóra ber að framfylgja.

13. gr.

Orðin „í því tollumdæmi þar sem geymslusvæðið er“ í 1. málsl. 1. mgr. 79. gr. laganna falla brott.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 81. gr. laganna:

a. Orðin „sbr. 82. og 83. gr.“ í 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um flutning ótollafgreiddrar vöru á milli geymslusvæða. Hann getur m.a. kveðið á um með hvaða hætti skuli færa sönnur á yfirfærslu vörsluábyrgðar skv. 1. mgr.

15. gr.

82. og 83. gr. laganna falla brott.

16. gr.

Í stað orðsins „Tollstjórar“ í 1. mgr. 109. gr. laganna kemur: Tollstjóri.

17. gr.

4. málsl. 3. mgr. 117. gr. laganna fellur brott.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 118. gr. laganna:

a. 2. mgr. fellur brott.

b. 4. og 5. mgr. orðast svo:

Tollstjóri skal koma fram gagnvart ríkistollanefnd fyrir hönd ríkisins og annarra gjaldkrefjenda.

Ríkistollanefnd skal tafarlaust senda tollstjóra kæru ásamt endurriti af þeim gögnum sem kunna að fylgja kæru. Skal nefndin gefa tollstjóra hæfilegan frest til að leggja fyrir nefndina kröfugerð sína í málinu og nauðsynleg gögn. Ríkistollanefnd skal gefa kæranda kost á andsvörum vegna kröfugerðar tollstjóra innan hæfilegs frests.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 119. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Tollstjóri hefur á hendi tollendurskoðun.

b. Í stað orðsins „tollstjórum“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: tollstjóra.

c. 4. mgr. fellur brott.

20. gr.

126. gr. laganna orðast svo:

Aðflutningsgjöld skal greiða tollstjóra.

Tollstjóri getur falið sýslumönnum að veita viðtöku greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 42. gr., sem og bönkum og sparisjóðum og póstrekendum.

Tollstjóra er heimilt að setja reglur um rafræn greiðsluskil vegna aðflutningsgjalda.

21. gr.

Orðið „viðkomandi“ í 140. gr. laganna fellur brott.

22. gr.

142. gr. laganna fellur brott.

23. gr.

2. málsl. 143. gr. laganna fellur brott.

24. gr.

Í stað orðanna „tollstjórar bera“ í 146. gr. laganna kemur: tollstjóri ber.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 147. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Tollstjóri, löglærðir fulltrúar hans og tollverðir fara með tollgæsluvald samkvæmt lögum þessum.

b. 3. mgr. orðast svo:

Lögreglustjórar, löglærðir fulltrúar þeirra og lögreglumenn fara með tollgæsluvald þegar þeir annast eða aðstoða við tollgæslu.

26. gr.

1. mgr. 152. gr. laganna orðast svo:

Með samningi skv. 42. gr. getur tollstjóri falið lögreglustjórum að annast tollgæslu jafnframt annarri löggæslu í stjórnsýsluumdæmum sínum.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 183. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Tollstjórar“ í 1. málsl. kemur: Tollstjóri.
b. Í stað orðanna „Skulu þeir“ í 2. málsl. kemur: Skal hann.
c. 3. málsl. fellur brott.

28. gr.

2. mgr. 184. gr. laganna orðast svo:

Berist tollstjóra beiðni erlends tollyfirvalds um aðstoð við rannsókn máls og hann telur að íslenskum stjórnvöldum beri samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum að veita umbeðna aðstoð skal hann annast rannsókn málsins nema rannsókn þess heyri undir lögreglu samkvæmt þessari grein.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna, með síðari breytingum.

29. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Tollstjóri er lögskráningarstjóri í Reykjavík og í umdæmi sýslumannsins í Keflavík. Sýslumenn eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi.

Utan aðsetursstaða sinna er sýslumönnum heimilt að fela hreppstjórum að annast lögskráningar. Einnig er þeim heimilt að skipa fulltrúa til að annast lögskráningar á aðsetursstöðum sínum ef þess gerist þörf. Hreppstjórar og lögskráningarfulltrúar skulu hafa eftirlit með skráningu og skila yfirliti til sýslumanna um lögskráningar í umdæmum sínum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Verði þeir varir við að ekki er farið eftir fyrirmælum laga þessara um lögskráningu skulu þeir tafarlaust tilkynna meint brot til hlutaðeigandi sýslumanns og skipstjóra. Sýslumenn hafa eftirlit með lögskráningarfulltrúum í umdæmum sínum.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

30. gr.

Í stað orðanna „tollalaga, nr. 55/1987“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: tollalaga, nr. 88/2005.

31. gr.

Í stað orðanna „Tollstjórar skulu“ í 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: Tollstjóri skal.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „þess tollstjóra“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: tollstjóra.
b. 2. mgr. orðast svo:

Gjaldskyldur aðili getur skotið úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. til ríkistollanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufrest og málsmeðferð fer eftir ákvæðum 118. gr. tollalaga.

33. gr.

2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði 4. gr., 6. gr. og 2. tölul., 4.–8. tölul. og 12.–15. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga, nr. 88/2005, með síðari breytingum, skulu ná til vörugjalds samkvæmt lögum þessum eftir því sem við getur átt.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 92/1989, um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, með síðari breytingum.

34. gr.

Orðið „tollstjórn“ í 1. gr. laganna fellur brott.

35. gr.

Í stað orðanna „tollstjórinn í Reykjavík“ í 1. málsl. 1. mgr. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: tollstjóri.

V. KAFLI
Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

36. gr.

Í stað orðanna „nr. 55/1987“ í 1. gr. og 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: nr. 88/2005.

37. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „viðkomandi tollyfirvaldi“ í 1. mgr. kemur: tollstjóra.
b. Í stað orðanna „tollyfirvöld meta“ í 2. mgr. kemur: tollstjóri metur.

38. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði 4. gr., 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. og 2. tölul., 4.–8. tölul. og 13. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga, nr. 88/2005, skulu ná til vörugjalds af ökutækjum samkvæmt lögum þessum eftir því sem við getur átt.

39. gr.

Orðið „viðkomandi“ í 2. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna fellur brott.

40. gr.

Í stað orðanna „8.–12. gr. tollalaga, nr. 55/1987“ í 19. gr. laganna kemur: V. kafla tollalaga, nr. 88/2005.

41. gr.

Í stað orðanna „sbr. 8. gr. tollalaga“ í 1. málsl. 20. gr. laganna kemur: sbr. 14. gr. tollalaga.

42. gr.

2. mgr. 25. gr. laganna orðast svo:

Tollstjóri annast álagningu og innheimtu vörugjalds samkvæmt lögum þessum og hefur með höndum eftirlit.

43. gr.

Í stað orðanna „nr. 55/1987“ í 1. mgr. 27. gr. laganna kemur: nr. 88/2005.

VI. KAFLI
Breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum.

44. gr.

Í stað orðanna „Tollstjórar, löglærðir fulltrúar þeirra“ í 4. mgr. 9. gr. laganna kemur: Tollstjóri, löglærðir fulltrúar hans.

45. gr.

Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 1. mgr. skal ekki vera því til fyrirstöðu að lögreglan veiti tollstjóra aðgang að málaskrám sínum og öðrum upplýsingum sem lögregla býr yfir og varða ætluð brot á tollalögum, lögum um ávana- og fíkniefni eða öðrum lögum sem tollstjóra ber að framfylgja, enda séu upplýsingarnar nauðsynlegar í þágu greiningarstarfs tollstjóra.

46. gr.

Í stað orðsins „tollgæslustjóra“ í 26. gr. laganna kemur: tollstjóra.

VII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum.

47. gr.

Í stað orðanna „tollstjórinn í Reykjavík“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: tollstjóri.

48. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara verður embætti tollstjórans í Reykjavík embætti tollstjóra. Tekur embættið frá sama tíma við réttindum og skyldum gagnvart tollvörðum sem starfa hjá tollstjórunum í Vestfjarðaumdæmi, Norðurlandsumdæmi, Austurlandsumdæmi nyrðra, Austurlandsumdæmi syðra, Suðurlandsumdæmi, Vestmannaeyjaumdæmi og Reykjaneseumdæmi.

Enn fremur mun embættið á sama tíma taka við umráðum og eignarhaldi á tækjum og búnaði, þ.m.t. ökutækjum, röntgentækjum og áhöldum hvers konar, sem viðkomandi tollstjórar hafa fengið tollvörðum til nota vegna starfa sinna, auk þess sem það ber frá sama tíma ábyrgð á meðferð og afgreiðslu þeirra mála á sviði tollheimtu og tolleftirlits sem þá kunna að vera óafgreidd og til meðferðar hjá viðkomandi tollstjórum.

325. Lög [175. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. desember 2008.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða vörugjald af áður skráðu vélknúnu ökutæki sem hefur verið afskráð og flutt úr landi enda sé ástand ökutækisins í samræmi við eðlilega notkun og aldur að mati tollstjóra. Fjárhæð endurgreiðslu skal miða við það vörugjald sem greitt var við innflutning ökutækisins. Sú fjárhæð skal lækka um 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð fyrstu 12 mánuðina eftir nýskráningu ökutækisins og 1,5% fyrir hvern byrjaðan mánuð eftir það þar til 100% fyrningu er náð. Samanlögð endurgreiðsla vörugjalds samkvæmt ákvæði þessu og virðisaukaskatts samkvæmt bráðabirgðaákvæði XIII í lögum um virðisaukaskatt skal ekki vera hærri en 2.000.000 kr. fyrir hvert ökutæki.

Tollstjóra er heimilt að innheimta skoðunargjald vegna skoðunar á notuðum ökutækjum sem flytja á úr landi skv. 1. mgr. Gjald þetta skal standa straum af launakostnaði tollstarfsmanna og aksturskostnaði vegna framkvæmdar skoðunarinnar.

Heimild til endurgreiðslu vörugjalds skv. 1. mgr. gildir til og með 31. desember 2009. Tollstjórinn í Reykjavík annast endurgreiðslu.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem nánari skilyrði fyrir endurgreiðslu, um ástand ökutækja, um gögn sem leggja þarf fram með umsókn um endurgreiðslu og um eftirlit og kæruheimildir.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskatt af áður skráðu vélknúnu ökutæki sem hefur verið afskráð og flutt úr landi enda sé ástand ökutækisins í samræmi við eðlilega notkun og aldur að mati tollstjóra. Fjárhæð endurgreiðslu skal miða við þann virðisaukaskatt sem greiddur var við innflutning ökutækisins. Sú fjárhæð skal lækka um 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð fyrstu 12 mánuðina eftir nýskráningu ökutækisins og 1,5% fyrir hvern byrjaðan mán-

uð eftir það þar til 100% fyrningu er náð. Hafi eigandi hins útflutta ökutækis fengið virðisaukaskatt af því endurgreiddan í formi innskatts skapast ekki réttur til endurgreiðslu. Samanlögð endurgreiðsla virðisaukaskatts samkvæmt ákvæði þessu og vörugjalds samkvæmt bráðabirgðaákvæði XI í lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. skal ekki vera hærri en 2.000.000 kr. fyrir hvert ökutæki.

Tollstjóra er heimilt að innheimta skoðunargjald vegna skoðunar á notuðum ökutækjum sem flytja á úr landi skv. 1. mgr. Gjald þetta skal standa straum af launakostnaði tollstarfsmanna og aksturskostnaði vegna framkvæmdar skoðunarinnar.

Heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts skv. 1. mgr. gildir til og með 31. desember 2009. Tollstjórinn í Reykjavík annast endurgreiðslu.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, svo sem nánari skilyrði fyrir endurgreiðslu, um ástand ökutækja, um gögn sem leggja þarf fram með umsókn um endurgreiðslu og um eftirlit og kæruheimildir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

326. Frumvarp til laga [235. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Í stað orðanna „1. júlí 2008 til 1. janúar 2009“ í 11. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: 1. janúar 2009 til 1. janúar 2010.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi samþykkti á síðasta þingi lög nr. 17/2008, um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum. Þar er m.a. kveðið á um hækkun frítekjumarks vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega á aldrinum 67–70 ára úr rúmlega 27 þús. kr. í 100 þús. kr. á mánuði frá og með 1. júlí 2008. Í greinargerð með frumvarpi til laganna kemur fram að framkvæmdanefnd forsætisráðherra um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar vinni að tillögum um framkvæmd sem ætlað er að ná svipuðum markmiðum hvað varðar örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega og hvetja einstaklinga til vinnu. Þá kemur fram að tillögur sem miði að því að tryggja örorkulífeyrisþegum 100 þús. kr. frítekjumark vegna atvinnutekna eða ígildi þess verði síðar lagðar fyrir Alþingi.

Með lögum nr. 57/2008, um breytingu á lögum um almannatryggingar, bættist við lögin nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem frítekjumark vegna atvinnutekna örorkulífeyrisþega er hækkað til samræmis við frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega á aldrinum 67–70

ára, eða í 100 þús. kr. á mánuði. Ákvæðið er sett til bráðabirgða og gildir frá 1. júlí 2008 til 1. janúar 2009. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að vegna fyrirhugaðra breytinga á örorkulífeyriskerfinu með áherslu á starfshæfnismat og starfsendurhæfingu gildi hækkun frítekjumarks örorkulífeyrisþega til bráðabirgða þar til nýtt kerfi með nýjar viðmiðunarreglur hafi verið tekið upp.

Framkvæmdanefnd forsætisráðherra vinnur nú að endurskoðun örorkumats sem byggist m.a. á markmiðum um starfshæfnismat og eflingu starfsendurhæfingar með áherslu á að skoða frekar getu fólks til starfa en vangetu. Nú er ljóst að vinnu framkvæmdanefndarinnar verður ekki lokið fyrir 1. janúar 2009, eins og stefnt var að, m.a. í ljósi efnahagsástands þjóðarinnar og fjölmargra verkefna sem því tengjast.

Í samræmi við framangreint er með frumvarpi þessu lagt til að 11. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um almannatryggingar gildi áfram óbreytt og gildistímabil þess, þ.e. 1. júlí 2008 til 1. janúar 2009, verði framlengt um eitt ár eða til ársloka 2009. Er það einnig í samræmi við markmið laga nr. 57/2008 um hækkun frítekjumarks örorkulífeyrisþega vegna atvinnutekna.

Eftir breytinguna mun 11. tölul. ákvæðis til bráðabirgða orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 3. málsl. b-liðar 2. mgr. 16. gr. laganna skal örorkulífeyrisþegi á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. janúar 2010 geta valið um að hafa 100.000 kr. frítekjumark á mánuði vegna atvinnutekna eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að tímamörkum verði breytt í lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 sem felur í sér að örorkulífeyrisþegi geti valið um að hafa 100.000 kr. frítekjumark á mánuði vegna atvinnutekna eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar. Samkvæmt núgildandi ákvæði gildir þessi bótaréttur fyrir tímabilið 1. júlí 2008 til 1. janúar 2009 en frumvarpið gerir ráð fyrir að framlengja það tímabil 1. janúar 2009 til 1. janúar 2010. Áður var frítekjumarkið 25.000 kr. á mánuði. Þessi hækkun á greiðslum bóta til öryrkja sem hafa atvinnutekjur tók gildi í fyrsta sinn 1. júlí sl. og var ákvörðuð tímabundið í ljósi yfirstandandi vinnu nefndar á vegum forsætisráðuneytisins að endurskoðun örorkumats, sem byggist m.a. á markmiðum um starfshæfnismat og eflingu starfsendurhæfingar. Talið var að í framhaldi af niðurstöðu þeirrar vinnu yrði með einum eða öðrum hætti komið á sambærilegri ívilnun fyrir þessa bótaþega. Nú er hins vegar orðið ljóst að þessari vinnu verður ekki lokið fyrir 1. janúar 2009 eins og ráðgert var, m.a. vegna aðsteðjandi efnahagsþrenginga.

Megin tilgangurinn með hækkun frítekjumarksins var að stuðla að aukinni atvinnuþátttöku og gera lífeyrisþegum kleift að afla sér aukinna tekna af atvinnu án þess að bætur skerðist.

Miðað við núverandi horfur á vinnumarkaði er hins vegar ekki útlit fyrir að mikil þörf verði fyrir aukið vinnuframboð á næstunni.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2009 var gert ráð fyrir að kostnaður við þennan nýja bótarétt gæti orðið um 400 m.kr.

327. Fyrirspurn [236. mál]

til utanríkisráðherra um afstöðu ríkisstjórnarinnar til gagnflaugakerfis Bandaríkjamanna í Evrópu.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hefur ríkisstjórnin mótað þá formlegu afstöðu að styðja fyrirætlanir Bandaríkjamanna um uppsetningu gagnflaugakerfis í Evrópu?
2. Ef svo er, hvenær var slík samþykkt gerð í ríkisstjórn og hverju sætir að slíkt var ekki borið undir utanríkismálanefnd?
3. Hafði ráðherra enga fyrirvara á stuðningi fulltrúa Íslands við ályktun utanríkisráðherrafundar Nató í Brussel 2.–3. desember sl. þar sem áformum Bandaríkjastjórnar er fagnað?

328. Nefndarálit [232. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.
Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**
Katrín Jakobsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 11. des. 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Ögmundur Jónasson.
Bjarni Benediktsson.	Birkir J. Jónsson.	Lúðvík Bergvinsson.
Árni Páll Árnason.	Rósa Guðbjartsdóttir.	

329. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um breyt á l. nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og l. nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið.
Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**
Katrín Jakobsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. des. 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Bjarni Benediktsson.
Lúðvík Bergvinsson.	Árni Páll Árnason.	Rósa Guðbjartsdóttir.

330. Lög [232. mál]

um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 320.

331. Lög [233. mál]

um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 321.

332. Frumvarp til laga [237. mál]

um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „ellefu hundraðshluta álags“ í 1. málsl. kemur: sjö hundraðshluta álags.
b. 2. málsl. fellur brott.
c. Í stað orðanna „og 1. júlí“ í 3. málsl. kemur: 1. apríl, 1. júlí og 1. október.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu þau ekki koma til framkvæmda fyrr en við birtingu ákvörðunar Seðlabanka Íslands um dráttarvexti sem tekur gildi 1. janúar 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í þágu heimilanna, sem kynnt var 14. nóvember sl., og ætlað er að koma til móts við fjölskyldur og heimili í landinu í kjölfar fjármálakreppunnar sem riðið hefur yfir heiminn, kemur m.a. fram að ætlunin sé að endurskoða lög um dráttarvexti með það að markmiði að dráttarvextir lækki.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, en þar er kveðið á um hvernig skuli reikna dráttarvexti. Markmið frumvarpsins er að draga úr kostnaði fyrirtækja og heimila vegna óhóflega hárra dráttarvaxta, sem leitt getur til mikilla greiðsluerfiðleika og komið í veg fyrir að aðilar geti komið sér út úr fjárhagsvandræðum.

Í 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu segir að dráttarvextir eigi að vera „samtala gildandi vaxta algengustu skammtímalána Seðlabanka Íslands til lánastofnana“ auk 11% álags, nema um annað sé samið. Seðlabankinn hefur heimild skv. 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. til að ákveða annað vanefndaálag ofan á viðmiðunarvexti, frá 7%–15%. Skv. 2. mgr. 6. gr. laganna er heimilt að semja um fastan hundraðshluta vanefndaálags ofan á grunn dráttarvaxta og um fastan hundraðshluta dráttarvaxta, nema þegar um neytendalán er að ræða.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum 6. gr. laganna um dráttarvexti þess efnis að dráttarvextir miðist framvegis við 7% álag ofan á algengustu skammtímalán Seðlabankans til lánastofnana. Þá er lagt til að heimild Seðlabankans til að ákveða annað vanefndaálag verði felld brott. Í tilkynningu Seðlabanka Íslands frá 26. nóvember 2008 kemur fram að dráttarvextir séu 26,5% til og með 31. desember 2008. Er grunnur dráttarvaxta 15,5% og vanefndaálag 11%. Ef frumvarp þetta nær fram að ganga leiðir það til þess að gera má ráð fyrir að dráttarvextir lækki um 4% frá því sem annars væri.

Að miða vanefndaálag við 7% er í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/35/EB um átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum, sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum um vexti og verðtryggingu, en í d-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar segir að fjárhæð vaxta af greiðsludrætti sem skuldunauti ber að greiða skuli vera samtala viðmiðunarvaxta og vaxtaálags sem nema skal a.m.k. sjö prósentustigum. Í tilskipuninni er jafnframt gert ráð fyrir að hægt sé að semja um aðra dráttarvaxtaviðmiðun en kveðið er á um í d-lið 1. mgr. 3. gr.

Þá er með frumvarpi þessu lagt til að Seðlabankinn birti dráttarvexti fjórum sinnum á ári.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að dráttarvextir miðist framvegis við 7% álag ofan á algengustu skammtímalán Seðlabankans til lánastofnana í stað 11%. Auk þess er lagt til að heimild Seðlabankans til að ákveða annað vanefndaálag verði felld á brott.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs muni lækka um 674 m.kr. á árinu 2009. Hins vegar verður ekki séð að frumvarpið muni hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

333. Svar [131. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Atla Gíslasonar um launakjör stjórnenda Fjármálaeftirlitsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver eru launakjör forstjóra, aðstoðarforstjóra og yfirmanna hinna fjögurra verkefnasviða Fjármálaeftirlitsins?*
2. *Hver eru launakjör aðalmanna og varamanna í stjórn Fjármálaeftirlitsins?*

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna Fjármálaeftirlitsins, sbr. 4. gr. laga nr. 87/1998. Frá 1. júlí sl. er mánaðarleg þóknun stjórnarformanns 260.000 kr., þóknun almennra stjórnarmanna 130.000 kr. og þóknun varastjórnarmanna 90.000 kr. Þess ber að geta að frá stofnun Fjármálaeftirlitsins hefur varamönnum í stjórn verið gert að sitja alla stjórnarfundi og taka þátt í afgreiðslu mála.

Vegna þess mikla álags sem hefur fylgt fjármálakreppunni og nýjum verkefnum, m.a. við framkvæmd laga nr. 125/2008, hefur fundatíðni margfaldast, sem m.a. hefur leitt til þess að stjórn Fjármálaeftirlitsins hefur þurft að funda um helgar, á kvöldin og nóttunni. Ráðherra ákvað þess vegna að tvöfalda þóknun stjórnarmanna fyrir tímabilið 1. október til ársloka. Í ljósi aukins álags á formann stjórnar Fjármálaeftirlitsins sem hófst þegar í sumar ákvað ráðherra að tvöfalda þóknun hans frá 1. júlí sl. Engin ákvörðun hefur verið tekin um frekari álagsgreiðslur.

Stjórn Fjármálaeftirlitsins ræður forstjóra og ákveður launakjör hans, sbr. 5. gr. laga nr. 87/1998. Ráðuneytið óskaði eftir því að stofnunin gæfi upplýsingar um launakjör forstjóra, aðstoðarforstjóra og sviðsstjóra Fjármálaeftirlitsins og kemur eftirfarandi fram í svari stofnunarinnar:

Forstjóri	1.700.000 kr.
Aðstoðarforstjóri	1.250.280 kr.

Föst mánaðarlaun sviðsstjóra hinna fjögurra sviða eru á bilinu 855.675– 968.327 kr. Einn sviðsstjóra starfar nú í skertu starfshlutfalli í kjölfar veikinda og eru föst mánaðarlaun hans

254.389 kr. Forstjóri nýtur sérstaks viðbótarframlags í lífeyrissjóð umfram almenn framlög, samtals 6,5% af föstum mánaðarlaunum. Þess má geta að ráðherra hefur farið þess á leit við stjórnir Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins að þær endurskoði starfskjör forstjóra eftirlitanna, í ljósi fram komins frumvarps um breytingu á lögum um kjararáð.

334. Fyrirspurn [238. mál]

til fjármálaráðherra um þróun álverðs og afkomu Landsvirkjunar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvernig hefur skuldastaða Landsvirkjunar þróast að undanförnu og hver er núverandi eiginfjárstaða fyrirtækisins?
2. Hvaða áhrif hefur breytt lánshæfismat ríkisins (eigandans) á stöðu fyrirtækisins og lántökuhæfi og lántökumöguleika þess sjálfs?
3. Hverjar er afkomuhorfur fyrirtækisins í ljósi þess að staðgreiðsluverð á tonni af áli er nú komið niður í 1.440 dollara sem er lægra verð en viðmiðun í arðsemisútreikningum er lagðir voru til grundvallar við byggingu Kárahnjúkavirkjunar?

335. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til l. um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund nefndarinnar komu Ásmundur Helgason frá Alþingi, Ragnhildur Helgadóttir og Sigurður Tómas Magnússon frá Háskólanum í Reykjavík, Bryndís Hlöðversdóttir frá Háskólanum á Bifröst, Björg Thorarensen, Eiríkur Tómasson, Gunnar Helgi Kristinsson, Trausti Fannar Valsson, Vilhjálmur Árnason og Pétur Pétursson frá Háskóla Íslands, Haraldur Ingi Birgisson frá Viðskiptaráði Íslands, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir stjórnsýslufræðingur og Jóhannes Karl Sveinsson hrl.

Umsagnir um frumvarpið bárust frá Viðskiptaráði Íslands, Lögmannafélagi Íslands og Persónuvernd.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnuð verði sérstök rannsóknarnefnd á vegum Alþingis til að leita sannleikans um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Þá skal nefndin leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni, og hverjir kunni að bera ábyrgð á því.

Frumvarp þetta á sér sérstöðu en það er lagt fram af forseta Alþingis og formönnum allra stjórnmálaflokka á Alþingi og er afrakstur samkomulags um skipun sérstakrar rannsóknarnefndar. Skal nefndin skipuð dómara úr Hæstarétti sem jafnframt verði formaður, umboðs-

manni Alþingis og einum háskólamenntuðum sérfræðingi, sem hafi víðtæka þekkingu á efnahagsmálum og/eða starfsemi fjármálamarkaða. Auk þess getur nefndin skipað sérstaka vinnuhópa innlendra og/eða erlendra sérfræðinga. Forsætisnefnd skipi auk þess sérstakan þriggja manna vinnuhóp einstaklinga með háskólamenntun á sviði hug- og félagsvísinda sem vinni í samráði við rannsóknarnefndina að athugun á starfsháttum og siðferði viðskiptalífsins.

Hlutverk rannsóknarnefndarinnar.

Meginmarkmiðið með frumvarpinu er að rannsakaðar verði orsakir og aðdragandi þess vanda sem íslenskt efnahagslíf stendur frammi fyrir. Í því sambandi þarf að líta til þess að hve miklu leyti megi rekja vandann til innlendra ástæðna og einnig þess hver hafi verið áhrif og afleiðingar alþjóðlegrar fjármálakreppu. Afla þarf upplýsinga um og meta þjóðhagslega þætti, atriði sem varða stjórnun fjármálafyrirtækja, lagaumhverfi og fleira. Með vísan til eftirlitshlutverks Alþingis samkvæmt stjórnarskránni og þingræðisreglunni er einnig ætlunin að nefndin rannsaki þátt stjórnvalda og eftirlitsaðila í aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna.

Á fundum sínum ræddi nefndin einnig um tengsl við frumvarp til laga um sérstakan saksóknara, 141. mál, þskj. 156, sem dómsmálaráðherra lagði fram og orðið er að lögum. Nefndin telur nauðsynlegt að gera skýran greinarmun á þessum málum. Embætti sérstaks saksóknara er ætlað að annast sakamálarannsókn, þ.e. rannsókn á grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda og tengslum við fjárþrot fjármálafyrirtækja. Hinni sérstöku rannsóknarnefnd á vegum Alþingis er hins vegar ætlað að vinna að rannsókn á ástæðum hruns bankanna og efnahagsáfallanna og leggja m.a. mat á hvort mistök hafi verið gerð við stjórn efnahagsmála og eftirlit með bönkunum. Rannsóknin getur þannig t.d. beinst að aðgerðum ríkisstjórnar eða einstakra ráðherra, stjórnendum og eigendum fjármálafyrirtækja og stjórnendum stofnana. Samkvæmt frumvarpinu er ekki ætlunin að taka hugsanlega refsiábyrgð einstaklinga til athugunar en komi fram vísbendingar um refsiverð brot í rannsókn nefndarinnar skal hún tilkynna ríkissaksóknara og hlutaðeigandi stjórnendum hjá ríkinu um það. Rannsóknarnefndinni er ætlað að skila áliti í skýrsluformi til Alþingis þar sem tekið er á þeim atriðum er rannsóknin beinist að.

Í ljósi þessa er það skýrt hlutverk rannsóknarnefndarinnar að henni er ekki ætlað að rannsaka hugsanlega refsiábyrgð einstaklinga. Í athugasemdum í greinargerð með 14. gr. er tekið fram að við rannsókn nefndarinnar kunni að koma fram upplýsingar sem vakið geta grunsemdir um að slíkt brot hafi verið framið enda teljist brotið að mati nefndarinnar alvarlegt. Það er skilningur nefndarinnar að með þessu sé átt við hvers konar brot sem varðað geti refsiviðurlögum og leggur nefndin því til að mat nefndarinnar á því hvort brot teljist alvarleg verði fellt brott. Í greininni er rannsóknarnefndinni falið að tilkynna ríkissaksóknara um það. Þá telur nefndin rétt að leggja til að kveðið verði skýrt á um það í greininni að ríkissaksóknari eigi að taka ákvörðun um hvort rannsaka beri mál í samræmi við lög um meðferð sakamála.

Ráðherraábyrgð.

Nefndin ræddi nokkuð um ráðherraábyrgð á fundum sínum og telur rétt að leggja áherslu á að Alþingi er handhafi ákæruvalds gagnvart ráðherrum vegna embættisreksturs þeirra skv. 14. gr. stjórnarskrár, lögum um ráðherraábyrgð og lögum um Landsdóm. Komist rannsóknarnefndin að því að ráðherra hafi gert mistök eða sýnt af sér vanrækslu í starfi, sbr. 1. mgr. 1. gr., skal hún gera grein fyrir því í skýrslu til Alþingis sem hefur það hlutverk að meta

hvort tilefni sé til að ráðherra sæti ábyrgð fyrir það. Í því sambandi vill nefndin taka sérstaklega fram að á vegum þingsins hefur vinnuhópur sérfræðinga verið að störfum í nokkra mánuði sem hefur það hlutverk að gera úttekt á gildandi reglum um þingeftirlit og gera tillögur að hugsanlegum úrbótum. Undir það falla m.a. lög um ráðherraábyrgð og Landsdóm. Nefndin telur þó skýrara að tekið sé fram í frumvarpinu að um ráðherraábyrgð fari samkvæmt sérstökum lögum og leggur til breytingu þess efnis.

Verkefni nefndarinnar.

Nefndin ræddi nokkuð um það hvort verkefni nefndarinnar væri of þröngt afmarkað þegar litið er til þess að starfsemi fjármálafyrirtækja er víðfeðm og margt í starfsemi annarra í viðskiptalífinu sem tengist þeim og getur skýrt þann vanda sem þau eru komin í, svo sem endurskoðun, fjármögnun og útlánastarfsemi þeirra, eignarhald og tengsl þeirra við atvinnulífið. Nefndin leggur því til að við 1. mgr. 1. gr. bætist nýr töluliður sem undirstriki þennan skilning nefndarinnar á hlutverki rannsóknarnefndarinnar. Þá telur nefndin einnig rétt að leggja til sambærilega breytingu á 2. tölul., sem verður 3. tölul., þannig að við úttekt á reglum íslenskra laga um fjármálamarkaðinn bætist „og tengda atvinnustarfsemi“.

Nefndin áréttar að í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er rannsóknarnefndinni heimilt að því marki sem hún telur nauðsynlegt að láta rannsókn sína taka til atburða eftir gildistöku laga nr. 125/2008 eða gera tillögu um frekari rannsókn á slíkum atburðum. Nefndin vill taka það fram að rétt getur verið að rannsóknarnefndir rannsaki atburði sem áttu sér stað eftir setningu laga nr. 125/2008 og tengjast með einum eða öðrum hætti falli bankanna.

Í 3. mgr. 1. gr. kemur fram að í tengslum við athugun rannsóknarnefndarinnar skuli enn fremur fara fram rannsókn þar sem lagt verði mat á hvort skýringar á falli íslensku bankanna og tengdum efnahagsáföllum megi að einhverju leyti finna í starfsháttum og siðferði á fjármálamarkaði. Nefndin telur hugsanlegt að það sé of þröng afmörkun að takmarka starf þess vinnuhóps sem á að fjalla um þennan þátt í samráði við rannsóknarnefndina við starfshætti og siðferði á fjármálamarkaði og leggur því til að orðið fjármálamarkaður falli brott.

Skipun nefndarinnar.

Þá ræddi nefndin nokkuð um skipun rannsóknarnefndarinnar en samkvæmt frumvarpinu skal skipa einn dómara Hæstaréttar Íslands samkvæmt ákvörðun réttarins, umboðsmann Alþingis og hagfræðing, löggiltan endurskoðanda eða háskólamenntaðan sérfræðing, sem hefur víðtæka þekkingu á efnahagsmálum og/eða starfsemi fjármálamarkaða og skal sá síðastnefndi tilnefndur af forsætisnefnd Alþingis. Kom fram að markmiðið með þessari skipun sé að tryggja sjálfstæði rannsóknarnefndarinnar. Þannig er gert ráð fyrir að þeir sem stýri þessari viðamiklu rannsókn verði sjálfstæðir og óháðir og búi yfir mikilli reynslu og þekkingu.

Samkvæmt 1. tölul. 1. gr. frumvarpsins skal skipa í nefndina dómara Hæstaréttar samkvæmt ákvörðun dómara réttarins og skal hann vera formaður. Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að þar sem rannsóknarnefndin er á vegum Alþingis færi betur á því að forsætisnefnd Alþingis skipaði dómara. Nefndin fellst á þau sjónarmið og leggur til breytingu á ákvæðinu í þá veru.

Nefndin ræddi nokkuð hvort samsetning rannsóknarnefndarinnar væri of lögfræðilega miðuð með því að tveir nefndarmenn séu lögfræðimenntaðir. Telur nefndin rétt að benda á í því sambandi að þau verkefni sem nefndinni eru falin eru að talsverðu leyti lögfræðileg. Er henni ætlað að gera úttekt á reglum íslenskra laga um fjármálamarkaðinn, leggja mat á

hvernig staðið hafi verið að eftirliti með fjármálastarfsemi, koma með tillögur um breytingar á lögum, reglum, vinnubrögðum og skipulagi opinberrar stjórnsýslu og gera ráðstafanir til þess að hlutaðeigandi yfirvöld fjalli um mál þar sem grunur vaknar við rannsókn nefndarinnar um refsiverða háttsemi eða brot á starfsskyldum.

Samkvæmt frumvarpinu er það rannsóknarnefndarinnar að skipa vinnuhópa og ráða starfsmenn sér til aðstoðar. Þá getur rannsóknarnefndin leitað sérfræðilegrar aðstoðar innlendra og erlendra aðila við mat á einstökum þáttum rannsóknarinnar. Með aðkomu sérfræðinga og starfshópa er mætt því sjónarmiði að fá færustu sérfræðinga, innlenda sem erlenda, til að fjalla um mismunandi þætti, sem að sjálfsögðu kalla á mismunandi sérþekkingu. Þannig telur nefndin augljóslega þörf á að leita til sérfræðinga á sviði þjóðhagfræði og viðskiptafræði til að fjalla um ákveðin mál, sérfræðinga í rekstri, ekki síst bankarekstri, til að fjalla um aðra þætti og svo framvegis. Einnig getur krafan um hlutlægni og hlutleysi kallað á aðkomu erlendra aðila að rannsókn málsins sem nefndin telur eðlilegt að rannsóknarnefndin nýti sér. Eðlilegt er að löggjafinn veiti nefndinni talsvert svigrúm til að meta þetta og er svo gert eins og frumvarpið lítur nú út. Með þessum heimildum nefndarinnar um að leita til sérfræðinga og skipa vinnuhópa á tilteknum sviðum er tryggt að fjölþætt menntun og reynsla verði nýtt í þessari rannsóknarvinnu.

Þá skipar forsætisnefnd Alþingis enn fremur þriggja manna vinnuhóp einstaklinga með háskólamenntun í heimspeki, sagnfræði, félagsfræði, stjórnmálafræði eða öðrum skyldum greinum sem fjallar í samráði við rannsóknarnefndina um þann þátt rannsóknarinnar sem getið er í 3. mgr. 1. gr. og varðar siðferðishluta rannsóknarinnar. Nefndin ræddi nokkuð um þær háskólagreinar sem nefndar eru og telur nokkra þörf á að auka við upptalninguna sem þó er ekki tæmandi og bæta fjölmiðlafræði við hana, sérstaklega þegar litið er til þess hve fjölmiðlar gegna veigamiklu hlutverki í lýðræðisþjóðfélagi.

Rannsóknarheimildir nefndarinnar.

Fram hafa komið athugasemdir umsagnaraðila um að heimildir nefndarinnar til upplýsingaöflunar, um meðferð gagna og um skýrslutökur gagnvart einstaklingum gangi nærri þeirri réttindavernd sem leiðir af 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs. Nefndin telur rétt að árétta það að rannsóknarnefndin verður ávallt í störfum sínum bundin af grundvallarreglum stjórnarskrárinnar, þar á meðal um friðhelgi einkalífs, þegar einstakar ákvarðanir eru teknar um skýrslutökur, gagnaöflun og meðferð upplýsinga. Er það meðal annars ein af ástæðum þess að nefndin fellst á það að hæstaréttardómari og umboðsmaður Alþingis, sem hafa mikla sérþekkingu á samspili mannréttindaákvæða og starfa af þessu tagi, sitji í nefndinni. Nefndin verður þannig að gæta stjórnskipulegs meðalhófs og gæta varfærni við mat á því hvort tiltekin skýrslugjöf sé nauðsynleg, einkum þegar með henni yrði vikið frá þagnarskyldu samkvæmt öðrum lögum. Það er mat nefndarinnar að rannsóknarheimildir nefndarinnar brjóti ekki gegn mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, en sem fyrr getur verður nefndin að gæta þess í ríkum mæli við töku einstakra ákvarðana að ekki sé hverju sinni gengið lengra en nauðsyn krefur í þágu þeirra mikilvægu þjóðfélagslegu markmiða sem stefnt er að með nefndarstarfinu.

Upplýsingaskylda fyrir nefndinni og þagnarskylda.

Nefndin ræddi þau ákvæði frumvarpsins sem fjalla um upplýsingaskyldu fyrir nefndinni og afnám þagnarskylduákvæða. Í 6. gr. frumvarpsins er ákvæði sem skyldar sérhvern sem þess er krafinn að afhenda rannsóknarnefnd upplýsingar, gögn og skýringar sem hún fer fram

á. Með gögnum er m.a. átt við skýrslur, skrár, minnisblöð, bókanir, samninga og önnur gögn sem nefndin óskar eftir. Samkvæmt greininni er nefndinni heimilt að kalla einstaklinga til fundar við sig og krefja þá um munnlegar upplýsingar í þágu rannsóknarinnar og er þeim skylt að veita nefndinni upplýsingar, þó að þær séu háðar þagnarskyldu samkvæmt lögum. Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir við að þannig sé undantekningarlaust vikið frá þagnarskylduákvæðum laga og að skylda til að láta nefndinni í té upplýsingar sé með frumvarpinu þannig gerð þagnarskylduákvæðum laga yfirsterkari. Nefndin ræddi í þessu sambandi þagnarskyldu ýmissa starfsstétta, svo sem lögmanna og endurskoðenda sem hafa trúnaðarskyldur gagnvart skjólstæðingum sínum og búa oft yfir upplýsingum um einkahagi þeirra. Kom fram að með afnámi þessarar þagnarskyldu væri þeim í raun gert ókleift að sinna starfi sínu. Nefndin fellst á að það geti verið varhugavert að veikja þetta trúnaðarsamband. Nefndin skoðaði í þessu sambandi hvaða reglur gilda um rannsóknarnefndir á vegum danska þingsins. Þar víkur þagnarskylda almennt fyrir skyldu til að láta nefnd í té upplýsingar og gefa skýringar. Ekki þarf þó að láta í té upplýsingar eða skýra frá hlutum sem ekki væri skylt að gefa skýrslu um fyrir dómi.

Nefndin leggur því til að lögmönnum, endurskoðendum og öðrum slíkum starfsstéttum sem hafa trúnaðarskyldur gagnvart skjólstæðingum sínum verði gert mögulegt að þegja yfir upplýsingum um einkahagi manna sem þeim hefur verið trúað fyrir. Dómara yrði fengið vald til að meta hvort trúnaðurinn ætti að víkja fyrir almannahagsmunum sem tengjast því að markmiðum laganna verði náð. Sú heimild næði þó ekki til upplýsinga sem verjanda í sakamáli hefði verið trúað fyrir af skjólstæðingi sínum um málsatvik. Jafnframt væri tryggt að nefndin gæti ekki leitað upplýsinga hjá aðstoðarmanni um atriði sem honum hefði verið trúað fyrir í tengslum við rannsókn nefndarinnar. Nefndin leggur því til að við 6. gr. bætist ný málsgrein er verði 4. mgr. um að lögmaður, endurskoðandi eða annar aðstoðarmaður verði þó ekki krafinn upplýsinga, sem honum hefur verið trúað fyrir út af rannsókn nefndarinnar, nema með leyfi þess sem í hlut á. Ákvæði a- og b-liðar 2. mgr., ásamt 3. og 4. mgr. 119. gr. laga um meðferð sakamála gilda, enn fremur um upplýsingagjöf þeirra sem þar eru tilgreindir. Dómari sker úr um upplýsingaskyldu þeirra og verður mál af því tagi rekið skv. 6. mgr. þessarar greinar. Um upplýsingaskyldu nefndra aðila fyrir nefndinni gilda því sömu reglur og um meðferð sakamála.

Nefndin ræddi nokkuð um ákvæði 4. mgr. 4. gr. þar sem segir að rannsóknarnefndin geti birt upplýsingar, sem annars væru háðar þagnarskyldu, ef rannsóknarnefndin telur slíkt nauðsynlegt til að rökstyðja niðurstöður sínar. Hún skal þó því aðeins birta upplýsingar um persónuleg málefni einstaklinga, þ.m.t. fjármál þeirra, að hún telji að verulegir almannahagsmunir af því að birta upplýsingarnar vegi þyngra en hagsmunir þess einstaklings sem í hlut á. Fyrir nefndinni komu fram ábendingar um að eðlilegt væri að breyta ákvæði 4. mgr. 4. gr. á þann veg að í stað þess að um ræði undanþágur frá þagnarskyldu, sem nefndin telur nauðsynlegar, verði rætt um undanþágur sem séu nauðsynlegar af tilteknum ástæðum. Fellst nefndin á að slík breyting er til þess fallin að auka traust á málsmeðferð samkvæmt ákvæðum frumvarpsins og eyða vafa um að geðþótti geti ráðið ákvörðun um að birta tilteknar upplýsingar.

Réttarstaða einstaklinga við skýrslutöku.

Nefndin ræddi einnig um réttarstöðu einstaklinga sem koma fyrir nefndina til skýrslutöku en á það var bent að hugsanlega kæmu fram upplýsingar fyrir rannsóknarnefndinni um atriði sem síðar kynnu að fara til meðferðar hjá ákæruvaldinu. Í því sambandi telur nefndin rétt að

taka skýrt fram að fyrir nefndinni fer ekki fram rannsókn samkvæmt lögum um meðferð sakamála heldur skal nefndin tilkynna ríkissaksóknara um meint refsiverð brot sem og tekur hann ákvörðun um hvort rannsaka beri mál. Var í þessu sambandi vísað til þess að upp hafa komið mál þar sem óljós skil milli hlutverks rannsóknaraðila hafa valdið vandkvæðum. Þannig var vísað til þess að við rannsókn samkeppnisyfirvalda á brotum olíufélaganna á ákvæðum samkeppnislaga komu fram upplýsingar sem lagðar voru fram í sakamáli gegn forstjórum félaganna. Í dómi Hæstaréttar 16. mars 2007 í máli nr. 92/2007 var málinu vísað frá á grundvelli þess að rétturinn taldi að mörkin á milli stjórnsýslurannsóknar og lögreglurannsóknar væru óljós. Þannig var hvorki gætt þagnarréttar í rannsókn samkeppnisyfirvalda né heldur tryggt að skýrslur sem menn gáfu þar samkvæmt lagaskyldu yrðu ekki síðar notaðar sem sönnunargögn gegn þeim í refsimáli. Samkeppnislögum var breytt í kjölfarið til þess að tryggja þessi grundvallarréttindi. Nefndin leggur því til breytingu á frumvarpinu sambærilega við þetta ákvæði samkeppnislaga þannig að við 14. gr. bætist ný málsgrein um að ekki verði heimilt að nota upplýsingar sem einstaklingur hefur veitt fyrir nefndinni sem sönnunargagn í sakamáli sem höfðað er gegn honum.

Aðgangur að gögnum eftir að rannsókn er lokið.

Þá ræddi nefndin einnig um aðgang að gögnum eftir að starfi nefndarinnar lýkur. Í 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins segir að ákvæði 18.–21. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, ákvæði upplýsingalaga og ákvæði stjórnsýslulaga gildi ekki um störf rannsóknarnefndarinnar. Fyrir nefndinni komu fram sjónarmið um að þörf væri á að taka skýrlega fram að þegar rannsókninni ljúki öðlist þeir einstaklingar, sem rannsóknin hefur beinst að, réttindi samkvæmt framangreindum ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga til vitneskju um vinnslu umræddra upplýsinga og skv. 9. gr. upplýsingalaga til aðgangs að gögnum. Nefndin fellst á þau sjónarmið en tekur fram að rétt sé að gera undantekningu frá því þegar mál hefur verið tekið til rannsóknar sem sakamál. Nefndin leggur því til að við 17. gr. bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr., svohljóðandi: „Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skulu þeir sem rannsókn hefur beinst að njóta réttinda samkvæmt ákvæðum 18.–21. gr. laga nr. 77/2000 og 9. gr. upplýsingalaga að rannsókn nefndarinnar lokinni, enda hafi ákæruvaldið ekki tekið mál viðkomandi til meðferðar sem sakamál. Fer þá um rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt ákvæðum laga um meðferð slíkra mála.“

Varðveisla gagna o.fl.

Þá komu einnig fram ábendingar fyrir nefndinni um að í frumvarpinu sé ekki fjallað um hvernig háttað skuli varðveislu þeirra gagna sem aflað er vegna rannsóknarinnar og aðgangi almennings að þeim. Nefndin leggur því til að skýrt verði kveðið á um hvernig fari um þessi atriði og leggur til að við 17. gr. frumvarpsins verði bætt ákvæði sem fjalli sérstaklega um það að gögn skuli færð á Þjóðskjalasafn Íslands að störfum nefndarinnar loknum, sem og að um aðgang að þeim þar fari eftir ákvæðum upplýsingalaga.

Í framangreindu mundi m.a. felast að við ákvörðun Þjóðskjalasafns um veitingu aðgangs að umræddum gögnum yrði að meta hvort rétt væri að takmarka aðgang með vísan til 5. gr. upplýsingalaga um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Um aðgang að gögnum um slík málefni færi einnig eftir 3. mgr. 8. gr. upplýsingalaga þess efnis að takmarkanir á aðgangi að gögnum falli niður 80 árum eftir að þau urðu til. Við ákvörðun Þjóðskjalasafns um veitingu aðgangs að gögnum bæri og að virða ákvæði

laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þar á meðal ákvæði 7. gr. um sanngirni og meðalhóf.

Nefndin telur rétt að vísa í frumvarpinu almennt til laga um meðferð sakamála sem taka munu gildi 1. janúar nk. og að vísa í lög um meðferð opinberra mála í ákvæði til bráðabirgða þar sem gildistími þeirra rennur senn út. Leggur nefndin því til nokkrar breytingar vegna þess.

Að lokum leggur nefndin áherslu á mikilvægi þess að tryggðar verði nægar fjárveitingar til starfs rannsóknarnefndarinnar. Á þessu stigi eru ýmsir óvissuþættir í sambandi við umfang rannsóknarinnar, m.a. hvað varðar þörf á aðkeyptri aðstoð innlendra og erlendra sérfræðinga. Mikilvægt er að fjárskortur standi ekki í vegi þess að rannsóknarnefndin geti sinnt hlutverki sínu og skilað niðurstöðum bæði fljótt og vel.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. des. 2008.

Birgir Ármannsson, form., frsm.	Atli Gíslason.	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Ellert B. Schram.	Jón Magnússon.	Karl V. Matthíasson.
Ólöf Nordal.	Sigurður Kári Kristjánsson.	Siv Friðleifsdóttir.

336. Breytingartillögur [180. mál]

við frv. til l. um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður er verði 2. tölul., svohljóðandi: Afla upplýsinga um starfsemi fjármálafyrirtækja sem geta skýrt vanda þeirra, svo sem um fjármögnun og útlánastefnu þeirra, eignarhald, endurskoðun og tengsl þeirra við atvinnulífið.
   b. Á eftir orðinu „fjármálamarkaðinn“ í 2. tölul. 1. mgr. komi: og tengda atvinnustarfsemi.
   c. Orðin „á fjármálamarkaði“ í 3. mgr. falli brott.
2. Við 2. gr.
   a. 1. málsl. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo: Einn dómara Hæstaréttar Íslands skipaður af forsætisnefnd og skal hann vera formaður nefndarinnar.
   b. Í stað orðanna „Hæstiréttur tilnefna annan úr röðum“ í 3. málsl. 1. tölul. 1. mgr. komi: forsætisnefnd skipa annan.
   c. Á eftir orðinu „stjórnmálafræði“ í 3. mgr. komi: fjölmiðlafræði.

3. Síðari málsliður 4. mgr. 4. gr. orðist svo: Nefndin skal þó því aðeins birta upplýsingar um persónuleg málefni einstaklinga, þ.m.t. fjármál þeirra, að verulegir almannahagsmunir af því að birta upplýsingarnar vegi þyngra en hagsmunir þess einstaklings sem í hlut á.
4. Við 6. gr.
   a. Við bætist ný málsgrein, 4. mgr., sem orðist svo:
      Lögmaður, endurskoðandi eða annar aðstoðarmaður verður þó ekki krafinn upplýsinga, sem honum hefur verið trúað fyrir út af rannsókn nefndarinnar, nema með leyfi þess sem í hlut á. Ákvæði a- og b-liðar 2. mgr. ásamt 3. og 4. mgr. 119. gr. laga um meðferð sakamála gilda enn fremur um upplýsingagjöf þeirra sem þar eru tilgreindir. Dómari sker úr um upplýsingaskyldu þeirra og verður mál af því tagi rekið skv. 6. mgr. þessarar greinar.
   b. Í stað orðanna „74. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.“ í 5. mgr. komi: XV. kafla laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.
5. Í stað orðanna „laga nr. 19/1991“ í 1. mgr. 7. gr. komi: laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.
6. Við 11. gr.
   a. Orðin „eða gáleysi“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
   b. Fyrri málsliður 2. mgr. orðist svo: Ákvæði 1. mgr. á þó ekki við ef einstaklingur skorast undan því að svara spurningu af þeirri ástæðu að ætla megi að í svari hans geti falist játning eða bending um að hann hafi framið refsiverðan verknað eða atriði sem valdi honum siðferðislegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni.
   c. Í stað „1. og 2. mgr. 50. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála“ í síðari málslið 2. mgr. komi: 1. og 2. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.
7. Við 14. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Vakni grunur við rannsókn nefndarinnar um að refsiverð háttsemi hafi átt sér stað tilkynnir hún ríkissaksóknara um það og tekur hann ákvörðun um hvort rannsaka beri málið í samræmi við lög um meðferð sakamála.
   b. Á eftir 3. mgr. komi ný málsgrein sem orðist svo:
      Um ábyrgð ráðherra fer samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð.
   c. Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein er verði 6. mgr. og orðist svo:
      Ekki er heimilt að nota upplýsingar sem einstaklingur hefur veitt nefndinni sem sönnunargagn í sakamáli sem höfðað er gegn honum.
8. Við 17. gr.
   a. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein sem orðist svo:
      Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skulu þeir sem rannsókn hefur beinst að njóta réttinda samkvæmt ákvæðum 18.–21. gr. laga nr. 77/2000 og 9. gr. upplýsingalaga að rannsókn nefndarinnar lokinni, enda hafi ákæruvaldið ekki tekið mál viðkomandi til meðferðar sem sakamál. Fer þá um rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt ákvæðum laga um meðferð slíkra mála.
   b. Á eftir 3. mgr. komi ný málsgrein er verði 5. mgr. og orðist svo:
      Að rannsókn nefndarinnar lokinni skulu gögn, sem aflað hefur verið vegna rannsóknarinnar, færð á Þjóðskjalasafn Íslands. Um aðgang að þeim fer samkvæmt ákvæðum upplýsingalaga.

9. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:
   Að því marki sem vísað er til laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, í þessum lögum skulu samsvarandi ákvæði í lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, gilda til 1. janúar 2009.

337. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Miklar breytingar hafa orðið á íslensku efnahagsumhverfi frá því að frumvarpið var lagt fram á Alþingi 1. október sl. Hin snöggu umskipti hafa eðlilega sett mark sitt á störf fjárlaganefndar og ríkisstjórnar í fjárlagaferlinu. Nefndin hóf störf strax í byrjun september sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum.

Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið á fimmta tug funda og átt viðtöl við fjölmarga aðila. Að þessu sinni skipti fjárlaganefndin sér í þrjár undirnefndir, þar sem hver og ein tók fyrir afmörkuð málefnasvið. Sú vinna gekk vel að mati nefndarmanna. Einnig voru á annað hundrað viðtöl við hagsmunaaðila um umsóknir þeirra um fjárveitingar til tiltekinna verkefna.

Fulltrúar frá fjármálaráðuneyti komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Með bréfum dags. 9. október og 20. nóvember sl. óskaði nefndin eftir álitum fastanefnda þingsins um þá þætti frumvarpsins sem varða málefnasvið hverrar um sig. Nefndirnar hafa skilað álitum og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu eins og fyrir er mælt í þingsköpum. Álit nefnda um úthlutun úr safnliðum verða birt í þingskjölum við 3. umræðu samkvæmt ákvörðun fjárlaganefndar.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust. Breytingartillögur þær munu allar verða til umfjöllunar við 3. umræðu samkvæmt ákvörðun fjárlaganefndar. Unnið er að frekari áætlunum um vissa útgjaldaliði frumvarpsins sem þurfa frekari skoðunar við, m.a. vaxtagjöld af auknum skuldum sem ríkissjóður þarf að taka á sig í kjölfar áfalla í fjármálakerfi landsins. Einnig er unnið að endurmati á verðlags- og gengisforsendum frumvarpsins. 5. og 6. gr. bíða enn fremur 3. umræðu fjárlaga.

Þær breytingartillögur sem nú eru lagðar fram við 2. umræðu eru tillögur þær sem ríkisstjórnin hefur lagt fram og voru teknar til umfjöllunar í fjárlaganefnd í annarri viku desember. Þar að auki er í breytingartillögunum sá hluti tillagna forsætisnefndar um fjárheimildir Alþingis 2009 sem lýtur að rekstri þingsins og stofnana þess.

Hér verður fyrst gerð grein fyrir meginbreytingum sem varða tekjuhlið frumvarpsins. Þá er gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til á sundurliðunum.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að tekjur verði 395,8 milljarðar kr. sem er 54,6 milljarða kr. lækkun frá frumvarpinu. Tekjujöfnuður verður -93,1 milljarður kr. sem er hækkun um -36,2 milljarða kr.

Að lokum er gerð grein fyrir breytingu á B- og C-hluta stofnunum.

Breytt verkaskipting milli heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytis, m.a. um öldrunarmál í upphafi ársins, hefur í för með sér flutning á milli liða í fjárlögum. Skiptingu og útfærslu fjárheimilda til rekstrar öldrunarþjónustu milli ráðuneytanna er ekki lokið og nú er fyrirhugað að tillögur um það efni komi fram við 3. umræðu frumvarpsins.

Meiri hlutinn þakkar fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni fyrir mjög gott samstarf, svo og starfsfólki nefndasviðs Alþingis sem lagt hefur á sig ómælda vinnu. Þá hefur nefndin notið aðstoðar Ríkisendurskoðunar, Fjársýslu ríkisins og fjármálaráðuneytis. Einnig hafa einstök ráðuneyti og fagstofnanir veitt nefndinni upplýsingar og aðstoð.

Alþingi, 12. des. 2008.

Gunnar Svavarsson, form., frsm.	Kristján Þór Júlíusson.	Ármann Kr. Ólafsson.
Guðbjartur Hannesson.	Ásta Möller.	Steinunn Valdís Óskarsdóttir.
Herdís Þórðardóttir.		Illugi Gunnarsson.

Fylgiskjal I.

Álit

um frv. til fjárlaga 2009 (01 Forsætisráðuneyti og 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þá hluta frumvarps til fjárlaga sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 20. nóvember 2008. Á fund nefndarinnar komu Halldór Árnason og Óðinn Helgi Jónsson frá forsætisráðuneyti og Þorsteinn Geirsson og Jón Magnússon frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2009 eru áætluð 2.416 m.kr. á rekstrargrunni en frá dragast sértekjur að fjárhæð 110 m.kr. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.737 m.kr. og hækka um 229 m.kr. frá fjárlögum ársins 2008.

Heildargjöld dómsmálaráðuneytis árið 2009 eru áætluð 29.333 m.kr. á rekstrargrunni en frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.145 m.kr. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 19.081 m.kr. og hækka um 2.022 m.kr. frá fjárlögum ársins 2008.

Í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi eru í efnahagslífi þjóðarinnar og tengjast hruni bankanna standast ekki þær áætlanir sem koma fram í fjárlagafrumvarpinu og hafa ráðuneytin unnið að endurskoðun þeirra.

Á fundi nefndarinnar gerðu fulltrúar dóms- og kirkjumálaráðuneytis nokkra grein fyrir því hvernig ráðuneytið hyggst leggja til að þessum áföllum verði mætt í fjárlagafrumvarpinu. Fram kom að ráðuneytið gerir tillögur um 10% lækkun útgjalda. Stærsta verkefnið sem lagt er til að verði frestað er afhending og greiðsla fyrir nýja eftirlitsflugvél Landhelgisgæslunnar sem átti að afhenda í júlí 2009 og fellur þá niður framlag upp á 1.700 m.kr. Þá kom fram að unnið væri að frestun á afhendingu og tveimur greiðslum vegna lokauppgjörs á nýju varðskipi og fellur þá niður liður að fjárhæð 700 m.kr. en í ljósi gengisþróunar undanfarið er verulegt hagræði fólgið í frestun þessara útgjalda. Þá kom fram að útgjöld Landhelgisgæslunnar eru mjög háð gengisbreytingum og fjárhagsstaðan því mjög slæm. Nefndin telur nauðsynlegt að skoðað verði hvernig unnt er að mæta því.

Fram kom að fallið hefði verið frá því að byggja nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu og að heildaruppbygging fangelsa yrði í stað þess á Litla-Hrauni. Á höfuðborgarsvæðinu verði því eingöngu gæsluvarðhald og skammtímavistun fanga í tengslum við nýja lögreglustöð. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir tímabundnu framlagi til uppbyggingar á Litla-Hrauni að fjárhæð 350 m.kr. en í hagræðingartillögun ráðuneytisins er gert ráð fyrir að framlagið lækki um 250 m.kr. og að af þeim 100 m.kr. sem eftir standi fari 80 m.kr. í að styrkja rekstur Fangelsismálastofnunar sem er nauðsynlegt vegna aukins fjölda fanga. Nefndin hefur í álitum sínum sl. ár lagt sérstaka áherslu á fjárveitingar til fangelsismála og gerir það einnig nú.

Nefndin fagnar því að ekki er gerð tillaga um útgjaldalækkun til löggæslu og dómstóla en til meðferðar hjá nefndinni er frumvarp um stofnun embættis sérstaks saksóknara til að rannsaka refsiverða háttsemi í aðdraganda, tengslum við og í kjölfar þeirra atburða er leiddu til setningar laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008. Frumvarpið hefur í för með sér útgjaldaaukningu en á fundinum kom fram að til þess að mæta þeirri hækkun yrði lagt til að nýtt embætti héraðssaksóknara tæki ekki til starfa á næsta ári, eins og gert er ráð fyrir í lögum um meðferð sakamála sem taka gildi 1. janúar 2009.

Nefndin telur að við útfærslur hagræðingartillagna sem þessara sé almennt nauðsynlegt að líta til þess hvort um atvinnuskapandi verkefni er að ræða og hvort um gjaldeyrisskapandi verkefni er að ræða. Þá telur nefndin auk þess mikilvægt að almennt verði litið til þess hvernig unnt er að hagræða í rekstri stofnana og embætta með samstarfi og samhæfingu verkefna.

Alþingi, 8. des. 2008.

Birgir Ármannsson, form.,
Ágúst Ólafur Ágústsson,
Ellert B. Schram,
Ólöf Nordal,
Karl V. Matthíasson.

Fylgiskjal II.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009 (01 Forsætisráðuneyti og 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Fyrsti minni hluti er ekki samþykkur áliti meiri hlutans. Þar er lagður til niðurskurður sem stafar af þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að ganga til samninga við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og taka ábyrgð á Icesave-reikningunum.Vísar 1. minni hluti um rökstuðning til nefndarálita Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um tillögu til þingsályktunar um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (þskj. 265, 161. mál), og tillögu til þingsályktunar um samninga varðandi ábyrgð ríkissjóðs vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu (þskj. 260., 177. mál), sem afgreiddar voru 5. des. sl. Auk þess telur 1. minni hluti að unnt sé að hagræða innan forsætisráðuneytis og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og stofnana þess án niðurskurðar. Vísar 1. minni hluti þar sérstaklega til fjárveitinga og skiptingar þeirra til löggæslumála, sérstaklega til ríkislögreglustjóra annars vegar og lögreglustjóraembætta hins vegar. 1. minni hluti vísar enn fremur til álit síns um fjárlög fyrir árið 2008 (sjá þskj. 338 á 135. löggjafarþingi). Þá harmar 1. minni hluti sérstaklega niðurskurð til fangelsismála.

Alþingi, 8. des. 2008.

Atli Gíslason.

Fylgiskjal III.

Álit

um frv. til fjárlaga 2009 (01 Forsætisráðuneyti og 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þá hluta frumvarps til fjárlaga sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 20. nóvember 2008. Á fund nefndarinnar komu Halldór Árnason og Óðinn Helgi Jónsson frá forsætisráðuneyti og Þorsteinn Geirsson og Jón Magnússon frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2009 eru áætluð 2.416 m.kr. á rekstrargrunni en frá dragast sértekjur að fjárhæð 110 m.kr. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 1.737 m.kr. og hækka um 229 m.kr. frá fjárlögum ársins 2008.

Heildargjöld dómsmálaráðuneytis árið 2009 eru áætluð 29.333 m.kr. á rekstrargrunni en frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.145 m.kr. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 19.081 m.kr. og hækka um 2.022 m.kr. frá fjárlögum ársins 2008.

Í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi eru í efnahagslífi þjóðarinnar og tengjast hruni bankanna standast ekki þær áætlanir sem koma fram í fjárlagafrumvarpinu og hafa ráðuneytin unnið að endurskoðun þeirra.

Á fundi nefndarinnar gerðu fulltrúar dóms- og kirkjumálaráðuneytis nokkra grein fyrir því hvernig þau hyggjast leggja til að þessum áföllum verði mætt í fjárlagafrumvarpinu. Fram kom hjá fulltrúum dóms- og kirkjumálaráðuneytis að ráðuneytið gerir tillögur um 10% lækkun útgjalda. Stærsta verkefnið sem lagt er til að verði frestað er afhending og greiðsla fyrir nýja eftirlitsflugvél Landhelgisgæslunnar sem átti að afhenda í júlí 2009 og fellur þá niður framlag upp á 1.700 m.kr. Þá kom fram að unnið væri að frestun á afhendingu og tveimur greiðslum vegna lokauppgjörs á nýju varðskipi og fellur þá niður liður að fjárhæð 700 m.kr. Fram kom við yfirferðina að æfingar Landhelgisgæslunnar, t.d. í þyrluflugi, eru í lágmarki. 2. minni hluti telur afar brýnt að þess verði gætt að fjárframlög til Landhelgisgæslunnar nægi til að tryggja öryggi í starfsemi stofnunarinnar.

Upplýsingar komu fram um að fallið hefði verið frá því að byggja nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu og að heildaruppbygging fangelsa yrði í stað þess á Litla-Hrauni. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir tímabundnu framlagi til uppbyggingar á Litla-Hrauni að fjárhæð 350 m.kr. en í hagræðingartillögun ráðuneytisins er gert ráð fyrir að framlagið lækki um 250 m.kr. og að af þeim 100 m.kr. sem eftir eru fari 80 m.kr. í að styrkja rekstur Fangelsismálastofnunar sem er nauðsynlegt vegna aukins fjölda fanga.

2. minni hluti hefur ítrekað bent á að núverandi húsakostur fangelsa í landinu er óviðunandi. Benda má á að starfsemi Hegningarhússins við Skólavörðustíg hefur um langt skeið verið rekin á undanþágum frá heilbrigðiseftirlitinu. Leggur 2. minni hluti áherslu á að gera þurfi átak í uppbyggingu fangelsisaðstöðu í landinu.

Löggæslan er ein af grunnstoðum réttarríkisins og þarf að geta sinnt starfsemi sinni á öruggan hátt.

2. minni hluti leggur áherslu á að fjárveitingar til löggæslumála verði að tryggja eðlilega starfsemi lögreglunnar.

Alþingi, 8. des. 2008.

Siv Friðleifsdóttir.

Fylgiskjal IV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og bréf fjárlaganefndar til menntamálanefndar, dags. 20. nóvember 2008.

Á fund nefndarinnar komu Auður Björg Árnadóttir, Gísli Þór Magnússon og Jenný Bára Jensdóttir frá menntamálaráðuneytinu.

Heildargjöld menntamálaráðuneytisins árið 2009 eru áætluð um 67.464 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 5.655 m.kr. en þær nema 8,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 61.809 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 57.428 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 4.382 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 39.588 m.kr. og hækka um 5.487 m.kr. frá fjárlögum þessa árs.

Nefndin gerir sér grein fyrir því að það frumvarp til fjárlaga 2009 sem nú liggur fyrir mun taka breytingum í ljósi þess að þjóðarbúskapur Íslendinga stendur frammi fyrir mjög alvarlegri fjármálakreppu.

Nefndin telur nauðsynlegt að fyrirkomulag við úthlutun fjárveitinga af safnliðum verði tekið til gagngerrar endurskoðunar. Þá telur nefndin að úthlutun fjárveitinga til einstakra verkefna á sviði lista og menningar, sem og á sviði íþrótta- og æskulýðsmála, eigi að vera í höndum sjóða sem komið hefur verið á í þeim tilgangi. Með þeim hætti verði úthlutun fjármuna byggð á faglegri forsendum en með núverandi fyrirkomulagi. Þá vekur nefndin athygli á menningarsamningum sem gerðir hafa verið við sveitarfélög en margar umsóknir sem nefndinni hafa borist ættu að mati nefndarinnar að falla undir slíka samninga. Þá hefur nefndin aflað sér gagna frá menntamálaráðuneytinu um framlög sem ráðuneytið úthlutar í formi styrkja og samninga. Nefndin beinir þeim tilmælum til fjárlaganefndar að fara yfir þessi fjárframlög menntamálaráðuneytisins. Með því móti er komið í veg fyrir að menntamálanefnd leggi til úthlutun fjár til þeirra sem einnig fá úthlutað í gegnum menntamálaráðuneytið.

Nefndin leggur áherslu á að hækka þurfi fjárveitingu til Heimilis og skóla svo að samtökin geti eflt ráðgjöf og kynningu á foreldrastarfi og uppeldis- og menntunarskilyrðum. Með tilkomu nýju framhaldsskólalaganna hefur umfang ráðgjafar til skólastjórnenda og kennara stóraukist.

Nefndinni hafa borist 168 umsóknir um fjárveitingar og komu 37 umsækjendur á fund nefndarinnar. Nefndin leggur til að 91 umsækjendur fái styrk. Hvað varðar safnlið 02-989-1.90, ýmis íþróttamál, þá telur nefndin að umsókn GolfIceland, sem varðar markaðsetningu á íslenskum golfvöllum, falli bæði undir íþrótta- og ferðamál og heyri því einnig undir iðnaðarráðuneytið.

Nefndin áréttar það sjónarmið sitt varðandi umsókn Þórbergsseturs að gera þurfi samstarfssamning við setrið líkt og menntamálaráðherra hefur gert við Gunnarsstofnun. Að sama

skapi telur meiri hlutinn í tengslum við umsókn Leikminjasafns Íslands að mikilvægt sé að gerður verði samningur við stjórn safnsins um framtíðaruppbyggingu þess.

Nefndin leggur til að Sagnamiðstöð Íslands, 5 m.kr., og Melrekkasetur Íslands, 3 m.kr., fái úthlutað samkvæmt lið 02-919-6.90, Söfn, ýmis stofnkostnaður, eins og í fyrra, en ekki samkvæmt lið 02-919-1.90, Söfn, ýmis framlög. Kjarvalsstofa fái úthlutað 3 m.kr. samkvæmt sama lið og í fyrra, 02-999-6.90, Ýmis stofnkostnaður, en ekki samkvæmt lið 02-999-1.90, Ýmis framlög. Þá leggur nefndin til að Mats Wibe Lund, heimildasafn, 3 m.kr., fái úthlutað samkvæmt lið 02-999-1.90, Ýmis framlög. Draumasmiðjan fái úthlutað 3 m.kr. samkvæmt lið 02-982-1.22, Listir, starfsemi áhugaleikhúsa, og Gríman fái úthlutað 3 m.kr. samkvæmt lið 02-999-1.90, Ýmis framlög. Að lokum leggur nefndin til að Handverk og hönnun ses. fái úthlutað 17,5 m.kr. samkvæmt lið 02-999-1.90, Ýmis framlög, en ekki samkvæmt lið 02-982-1.90, Listir. Tillögur nefndarinnar um skiptingu safnliða koma fram í sérstöku fylgiskjali.

Kolbrún Halldórsdóttir og Katrín Jakobsdóttir gera svohljóðandi fyrirvara við afgreiðslu málsins:

„Vegna þeirra aðstæðna sem nú eru uppi í efnahagsmálum þjóðarinnar hefur vinna við fjárlagafrumvarpið í nefndum þingsins verið ómarkviss og í lágmarki. Vegna þess hversu óvissan í fjárreiðumálum þjóðarinnar er mikil teljum við illgerlegt að taka ábyrga afstöðu til einstakra málasviða frumvarpsins, enda forsendur þess brostnar. Upplýsingar sem nefndunum hafa borist eru af skornum skammti og því skortir sárlega heildaryfirsýn. Ekki liggur fyrir ný þjóðhagsspá sem tekur mið af þeim aðstæðum sem nú ríkja. Stjórnvöld hafa ekki látið meta efnahagshorfur í ljósi breyttra aðstæðna og því byggst núverandi fjárlagavinna hvorki á traustum né ábyrgum grunni. Tillögur um niðurskurð liggja ekki fyrir en ljóst er að í skilyrðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir lánveitingu eru fólgnar kröfur um að skorið verði niður á fjölmörgum sviðum samfélagsins, enda á ríkissjóður að vera rekinn án halla árið 2012. Slíkt mun koma illa niður á opinberri fjármögnun í velferðarkerfi þjóðarinnar, þ.m.t. í menntakerfi okkar og menningarstofunum.

Með vísan til framangreinds rökstuðnings og hversu lítið er vitað um hvernig meðferð fjárlagafrumvarpsins á Alþingi verður háttað gerum við ákveðinn fyrirvara við afgreiðslu þessa álits.“

Illugi Gunnarsson skrifar undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Kolbrún Halldórsdóttir skrifar undir álitið með fyrirvara.

Guðbjartur Hannesson, Höskuldur Þórhallsson, Katrín Jakobsdóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. des. 2008.

Sigurður Kári Kristjánsson, form.,
Einar Már Sigurðarson,
Illugi Gunnarsson, með fyrirvara,
Katrín Júlíusdóttir,
Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal V.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa og bréf fjárlaganefndar frá 20. nóvember sl. Nefndin fékk á sinn fund Benedikt Jónsson, Pétur Ásgeirsson og Hrein Pálsson frá utanríkisráðuneyti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildarrekstrargjöld utanríkisráðuneytis árið 2009 nemi tæpum 1.470 m.kr. á rekstrargrunni, sem samsvarar ríflega 33% aukningu frá fjárlögum 2008. Vegna áfalla í íslensku efnahagslífi þarf hins vegar að endurskoða fjárlagaheimildir ráðuneytisins frá grunni.

Kynntar hafa verið tillögur ráðuneytisins um sparnað og hagræðingu í rekstri og útgjöldum utanríkisþjónustunnar sem nemur 2,2 milljörðum kr. eða um 20% m.v. fjárlagafrumvarpið. Í þeim tillögum ber helst að nefna að sendiskrifstofum verður lokað og hagrætt í rekstri annarra, auk þess sem dregið verður úr kostnaði við þátttöku Íslands í alþjóðlegum verkefnum. Í fjárlögum 2008 var í fyrsta skipti gert ráð fyrir sérstökum fjárlagaliðum vegna varnarmála og reksturs Ratsjárstofnunar. Þessir liðir hafa nú verið sameinaðir undir liðnum Varnarmálastofnun. Tillögur ráðuneytisins hafa í för með sér að framlög til varnarmála verða lækkuð um 257 milljónir kr.

Í fjárlögum 2008 voru framlög til þróunarmála aukin verulega en samkvæmt tillögum ráðuneytisins verða útgjöld til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu nú dregin saman tímabundið og munu nema 0,24% af vergri þjóðarframleiðslu. Nefndin telur þessa nálgun óhjákvæmilega í ljósi aðstæðna en ítrekar þó mikilvægi þess að áfram verði stefnt að því að framlög til þróunarmála verði 0,35% af vergri þjóðarframleiðslu til lengri tíma litið. Nefndin bendir á að 74% af þeim niðurskurði sem ráðuneytið leggur til stafa af sparnaði vegna útgjalda til þróunarmála og friðargæslu. Þetta er í samræmi við vægi þessara þátta í starfsemi ráðuneytisins.

Þá fagnar nefndin þeirri stefnu utanríkisráðuneytis að skoðað verði hvernig hægt sé að hagræða í húsnæðiskosti sendiskrifstofa þannig að söluhagnaði verði skilað, og eins því að ráðuneytið hyggst leggja áherslu á hagræðingu í almennum rekstri og skoða þar m.a. útgjöld til ferðalaga, risnu og húsnæðis.

Siv Friðleifsdóttir skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 3. des.2008.

Bjarni Benediktsson, form.,
Árni Páll Árnason,
Ásta R. Jóhannesdóttir,
Siv Friðleifsdóttir, með fyrirvara,
Guðfinna S. Bjarnadóttir,
Lúðvík Bergvinsson,
Arnbjörg Sveinsdóttir.

Fylgiskjal VI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Minni hluti utanríkismálanefndar er sammála ýmsum þeim sparnaði í rekstri utanríkisþjónustunnar sem stefnt er að og fjallað er um í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar. Minni hlutinn telur hins vegar að spara mætti mun meiri fjármuni með því að leggja Varnarmálastofnun niður og hætta öllum fjárútlátum til hernaðartengdra verkefna. Þeim fjármunum ætti að verja í að halda því hlutfalli sem rennur til þróunarsamvinnu og mannúðar- og hjálparstarfs að lágmarki hinu sama miðað við þjóðarframleiðslu og á þessu ári.

Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er sammála áliti þessu.

Alþingi 3. des. 2008.

Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal VII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009 (04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti).

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 20. nóvember 2008.

Nefndin fékk á sinn fund Arndísi Steinþórsdóttur og Sigurgeir Þorgeirsson frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti auk þess sem nokkur fjöldi gesta kom til fundar við nefndina vegna umsókna um fjárveitingu af safnliðum.

Heildarútgjöld sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis árið 2009 eru áætluð 18.906,7 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.122,8 m.kr. en þær nema 5,9% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 17.783,9 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 16.910,1 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 946,8 m.kr. inheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 73 m.kr., færist til lækkunar á á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 4.916,5 m.kr. og hækka því um 536,9 m.kr. milli ára. Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 818,6 m.kr. og verða 12.674 m.kr. Munar þar mest, auk launa- og verðhækkana, um verðlagsuppfærslu búvörusamninga, þar sem gert er ráð fyrir að greiðslur vegna mjólkurframleiðslu hækki um 326,3 m.kr. og sauðfjárframleiðslu um 265,8. Gert er ráð fyrir að skuldbindandi samningar sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur gert nemi um 10.612,0 m.kr. árið 2009. Samtals munu samningarnir því nema um 59,7% af heildarútgjöldum ráðuneytisins á næsta ári.

Nefndin tók fyrir skiptingu safnliðar 04-190-1.90, Ýmis verkefni, samkvæmt beiðni fjárlaganefndar. Tillögur nefndarinnar eru í meðfylgjandi fylgiskjali. Nefndin leggur til að safnlið 04-190-1.90 verði skipt samkvæmt sundurliðuninni en gerir ekki tillögu um ráðstöfun 13,3 m.kr. af fjárveitingunni. Nefndin ræddi mikilvægi þess að fé væri varið í verkefni sem ekki eru fjárfrek en eru líkleg til atvinnusköpunar og hafði það að leiðarljósi við úthlutun. Nefndin vekur athygli fjárlaganefndar á því að umsóknir Landverndar eru á safnlið hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og telur þær eiga heima hjá umhverfisráðuneyti. Nefndin gerir sömu athugasemdir við umsóknir samtakanna Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs og Gróður fyrir fólk í Fjarðabyggð og telur þær einnig eiga heima hjá umhverfisráðuneyti. Fjármálaráðherra hefur farið fram á að ráðuneytin leggi fram áætlun um 10% samdrátt í rekstri, en þær tillögur um niðurskurð liggja ekki fyrir hjá ráðuneytinu. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að við niðurskurðinn sé lögð áhersla á að halda inni verkefnum sem líkleg eru til að skapa atvinnu og gjaldeyristekjur en takmarka fjölda nýrra verkefna sem ráðist verður í.

Jón Gunnarsson og Gunnar Svavarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Reykjavík, 5. desember 2008.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form.,
Karl V. Matthíasson, varaform.,
Kjartan Ólafsson,
Helgi Hjörvar,
Atli Gíslason,
Valgerður Sverrisdóttir,
Grétar Mar Jónsson.

Fylgiskjal VIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009 (07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Félags- og tryggingamálanefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og bréf fjárlaganefndar til félags- og tryggingamálanefndar frá 20. nóvember 2008.

Á fund nefndarinnar komu fulltrúar félags- og tryggingamálaráðuneytis, Ragnhildur Arnljótsdóttir, Sturlaugur Tómasson og Einar Njálsson.

Heildarútgjöld félags- og tryggingamálaráðuneytis og stofnana þess árið 2009 eru áætluð um 105.754 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.274 m.kr. en þær nema 3,1% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 12.201 m.kr. og hækka um 1.896 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 429 m.kr. til málefna fatlaðra, 114 m.kr. til verkefna í þágu barna og ungmenna, 25 m.kr. til aðgerðaráætlunar um málefni innflytjenda og 20 m.kr. til aðgerða gegn mansali. Á móti koma 300 m.kr. sem eru áætlaðar hreinar vaxtatekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs af inneign hjá ríkissjóði vegna óráðstafaðra tekna af atvinnutryggingagjaldi. Einnig hafa rekstrarfjárveitingar ýmissa stofnana sem heyra undir ráðuneytið verið lækkaðar, alls um 18 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 14.197 m.kr. og verða 85.168 m.kr. en eru 71.971 m.kr. í fjárlögum ársins 2008. Þyngst vega 4.107 m.kr. aukin útgjöld til lífeyristrygginga.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 5.112 m.kr. og er það 975 m.kr. hækkun milli ára. Þar munar mest um 1.100 m.kr. skuldbindingu ríkissjóðs vegna niðurgreiðslu á vöxtum til lána á leiguíbúðum.

Greiðslur ráðuneytisins samkvæmt samningi við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni eru samtals áætlaðar um 3.289 m.kr. árið 2009. Það svarar til 30,7% af rekstrargjöldum ráðuneytisins á árinu 2009.

Nefndin hefur tekið til umfjöllunar og meðferðar þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að nefndinni og leggur ekki til neinar breytingar á þeim hluta sem snýr að félags- og tryggingamálaráðuneytinu og stofnunum þess enda eðlilegt að heildarsýn sé hjá fjárlaganefnd. Fullur skilningur er á því innan nefndarinnar að draga þurfi úr ríkisútgjöldum vegna þess ástands sem nú ríkir og mikilvægt að gera velferðarkerfið sem skilvirkast. Nefndin vekur athygli á að undir ráðuneytið heyra stofnanir sem mikið reynir á í því efnahagsástandi sem nú ríkir og má gera ráð fyrir hækkun framlaga til málaflokka eins og Atvinnuleysistryggingasjóðs, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og til lífeyrisgreiðslna við endanlega afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Nefndin leggur því áherslu á að lækkun útgjalda í velferðarkerfinu verði haldið í lágmarki og að staðið verði við lögbundin og samningsbundin verkefni. Jafnframt minnir nefndin á að fækkun starfsfólks við núverandi aðstæður leiðir til aukinna greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem einnig heyrir undir ráðuneytið og skilar því ekki þeim ávinningi sem niðurskurður gerði við aðrar aðstæður. Gæta þarf vel að hag þeirra lífeyrisþega sem hafa einungis grunnlífeyri og hag fatlaðra og barna í því ástandi sem hefur skapast.

Fjárbeiðnir, sem sendar voru til umsagnar félags- og tryggingamálanefndar vegna safnliðarins 07-999-1.90, voru samtals 50 og komu 14 aðilar á fund nefndarinnar. Nefndin leggur til að 31 umsækjandi fái styrk. Nokkrir aðilar sækja um fé til nefndarinnar ásamt því að vera með fjárveitingar samkvæmt samningi. Telur nefndin eðlilegt að samningar séu gerðir með það í huga að um heildarframlag sé að ræða og úthlutar því að jafnaði ekki til þessara aðila.

Almennt reyndi nefndin að halda þessum lið í lágmarki og er að mestu miðað við óbreyttar fjárveitingar að krónutölu frá árinu 2008 og er flestum nýjum verkefnum hafnað. Að teknu tilliti til framangreinds gerir nefndin meðfylgjandi tillögu um skiptingu safnliða á milli umsækjenda. Nefndin gerir tillögu um úthlutun 87,6 m.kr. eða um 74% af þeim 118,4 m.kr. sem hún hefur til ráðstöfunar samkvæmt frumvarpi og lætur fjárlaganefnd eftir mismuninn.

Nefndin ítrekar þá skoðun sína að við aðhald og samdrátt í útgjöldum sé þess gætt að draga ekki úr nauðsynlegri velferðarþjónustu.

Guðbjartur Hannesson og Ármann Kr. Ólafsson skrifa undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd. Þá skrifa Pétur H. Blöndal, Árni Þór Sigurðsson og Helga Sigrún Harðardóttir einnig undir með fyrirvara.

Kristinn H. Gunnarsson og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. des. 2008.

Guðbjartur Hannesson, form., með fyrirvara,
Ármann Kr. Ólafsson, með fyrirvara,
Pétur H. Blöndal, með fyrirvara,
Jón Gunnarsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir,
Árni Þór Sigurðsson, með fyrirvara,
Helga Sigrún Harðardóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal IX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009 (08 Heilbrigðisráðuneyti).

Frá meiri hluta heilbrigðisnefndar.

Heilbrigðisnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 20. nóvember 2008.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hrönn Ottósdóttur og Dagnýju Brynjólfsdóttur frá heilbrigðisráðuneyti, Björn Zoëga og Huldu Gunnlaugsdóttur frá Landspítala, Svanhvíti Jakobsdóttur, Lúðvík Ólafsson og Jónas Guðmundsson frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Sigríði Snæbjörnsdóttur og Elís Reynarsson frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Guðjón Brjánsson frá Sjúkrahúsinu og heilsugæslunni á Akranesi, Magnús Skúlason frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Halldór Jónsson, Þorvald Ingvarsson og Vigni Sveinsson frá Sjúkrahúsinu á Akureyri, Pétur Magnússon og Ásgerði Björnsdóttur frá Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu og Arnþór Jónsson, Ásgerði Björnsdóttur, Valgerði Rúnarsdóttur og Ingunni Hansdóttur frá Samtökum áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann. Nefndin hélt einnig símafund með Einari Rafni Haraldssyni, Stefáni Þórarinssyni og Þórhalli Harðarsyni frá Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Í tengslum við skiptingu safnliða hefur nefndin fengið á sinn fund Sigurð Þór Sigursteinsson frá Endurhæfingarhúsinu Hver, Auði Ólafsdóttur og Mundínu Kristinsdóttur frá Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, Þóri Steingrímsson og Pétur Rafnsson frá Heilaheill, Ásgeir Þór Árnason frá Hjartaheill, Björn Ófeigsson frá Hjartaneti, Sigurbjörgu Ármannsdóttur og Berglindi Guðmundsdóttur frá MS-félagi Íslands, Dagnýju Jónsdóttur frá Parkinsonsamtökunum á Íslandi, Valgerði Auðunsdóttur og Helgu Guðmundsdóttur frá Samtökum psoriasis- og exemsjúklinga, Sigríði Jóhannsdóttur frá Samtökum sykursjúkra, Jón Eiríksson og Árna Geir Árnason frá Samtökum endurhæfðra mænuskaddaðra og Jórunni Sörensen frá Félagi nýrnasjúkra.

Heildargjöld heilbrigðisráðuneyts árið 2009 eru áætluð 124.572 millj. kr. Gjöld umfram sértekjur eru 119.371 millj. kr. og er það 17% hækkun frá fjárlögum þessa árs.

Helstu útgjaldabreytingar eru raktar í fjárlagafrumvarpi ársins og að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum varða þær helstu hækkun rekstrargjalda vegna starfsemi sjúkrahúsa, heilbrigðisstofnana, heilsugæslu, öldrunarstofnana og heimahjúkrunar. Þá hækka framlög til sjúkratrygginga auk þess sem lögð er til fjárveiting til nýrrar stofnunar, Sjúkratryggingastofnunar. Loks er gert ráð fyrir að fjárveiting til viðhalds- og stofnkostnaðar lækki sem öðrum þræði skýrist af því að umsjón með fasteignum heilbrigðisstofnana er færð til Fasteigna ríkisins.

Áföll í efnahagslífi þjóðarinnar hafa þegar haft víðtæk áhrif á ríkisfjármálin og er meiri hlutanum ljóst að gera þarf viðamiklar breytingar á fjárlagafrumvarpinu sem mun varða öll svið opinberrar stjórnsýslu og opinberrar þjónustu með skipulagsbreytingum og beinum niðurskurði.

Meiri hlutinn bendir á að ákveðnar líkur eru á aukinni aðsókn í heilbrigðisþjónustuna vegna áhrifa þrenginga í samfélaginu og áfalla sem tengist núverandi ástandi á heilsufar. Á það ekki síst við í grunnþjónustunni.

Góð og aðgengileg heilbrigðisþjónusta er mikilvægur þáttur í að efla öryggiskennd með einstaklingum og fjölskyldum og leggur meiri hlutinn áherslu á að þær breytingar sem gera þarf í heilbrigðisþjónustunni leiði ekki til hins gagnstæða. Meiri hlutinn bendir á að ný lög um heilbrigðisþjónustu sem samþykkt voru á vorþingi 2007 fela í sér breytta verkaskiptingu innan heilbrigðisþjónustunnar og sameiningu heilbrigðisstofnana í heilbrigðisumdæmum en þær skipulagsbreytingar sem mælt er fyrir í lögunum hafa ekki að fullu gengið eftir. Þar felast ákveðin tækifæri sem þegar upp er staðið geta leitt til bættrar þjónustu með minni tilkostnaði. Á það ekki síst við um endurskoðun á verkaskiptingu milli umdæmissjúkrahúsa og sérhæfðra sjúkrahúsa eins og slíkar stofnanir eru skilgreindar í lögunum, svo og hlutverk heilsugæslunnar.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að í stað flats niðurskurðar í heilbrigðisþjónustu verði aukinni hagkvæmni náð með skipulagsbreytingum, auknu samstarfi heilbrigðisstofnana, betri stjórnun og ýtrustu varúð í meðferð fjármuna á heilbrigðisstofnunum. Ný sjúkratryggingastofnun sem hefur það hlutverk að sjá um kaup á heilbrigðisþjónustu getur þar haft mikið að segja. Bendir meiri hlutinn á í því sambandi að á fundum nefndarinnar lögðu samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu sérstaka áherslu á gerð þjónustusamninga og gæðaeftirlits en innan þeirra raða eru meðal annars öldrunarstofnanir og SÁÁ. Þá telur meiri hlutinn að samfara aukinni hagræðingu verði ekki hjá því komist að endurskoða launakostnað sem er stærsti útgjaldaliður heilbrigðisstofnana.

Fram kom í nefndinni það sjónarmið að launakostnaður verði ekki lækkaður nema með beinni launalækkun starfsmanna, fækkun starfsmanna með uppsögnum eða ráðningastoppi eða kerfisbundinni minnkun starfshlutfalls hvers og eins. Í tilfelli launalækkunar verði þess gætt að hlífa þeim sem lægstu launin hafa. Varðandi fækkun starfsmanna var bent á að miklu betra er að minnka starfshlutfall hvers og eins t.d. um 10% en að segja 10% starfsmanna upp að fullu. Var vísað til reynslu Finna af því að atvinnuleysi vegna kreppu gengur ekki til baka að lokinni kreppu.

Heilbrigðisnefnd hefur fengið upplýsingar um fjárhagslega stöðu heilbrigðis- og öldrunarstofnana fyrstu níu mánuði ársins. Staða þeirra er mismunandi, en ljóst má vera að miklar gengisbreytingar íslensku krónunnar hafa haft mikil áhrif á afkomu margra stofnana á árinu til hins verra. Ekki liggur fyrir hvernig brugðist verður við þeim vanda þar sem frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2008 hafa ekki verið lögð fram. Fjárhagslega standa einna verst Heilbrigðisstofnun Austurlands sem stefnir í tæplega 20% halla eða um 350 millj. kr. halla á árinu og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja með um 12% halla sem samsvarar meira en 200 millj. kr. Á fundum nefndarinnar kom fram að heilbrigðisráðuneytið hefur látið gera úttekt á stöðu þessara stofnana, en niðurstöður liggja ekki fyrir. Ef skýringin liggur í skekkju í reiknilíkani fyrir þessar stofnanir leggur meiri hlutinn áherslu að það verði leiðrétt á fjáraukalögum. Þá liggur fyrir að verulegur uppsafnaður halli er á rekstri heilsugæslunnar í Reykjavík, en hann stefnir í tæpar 700 millj. kr. á þessu ári. Fram kom á fundum nefndarinnar að þegar hafi verið gripið til viðtækra ráðstafana til að bregðast við honum sem þó munu ekki duga til. Meiri hlutinn vekur einnig athygli á miklum halla í rekstri heilsugæslustöðvar Borgarness á árinu sem þörf er á að bregðast við eftir atvikum með endurskoðun á reiknilíkani. Enn fremur hefur nefndin verið upplýst um að áætlaður rekstrarhalli öldrunarstofnana fyrir árið 2008 er u.þ.b. 1 milljarður kr. Burtséð frá þessum leiðréttingum ítrekar

meiri hlutinn nauðsyn þess að lækka kostnað í heilbrigðiskerfinu vegna áfallanna í hagkerfinu.

Á fundum með gestum heilbrigðisnefndar komu fram ýmsar upplýsingar um rekstrarvanda einstakra heilbrigðisstofnana, hvernig hann væri tilkominn og möguleg tækifæri til hagræðingar. Fram kom að ráðuneytið ynni að því í samstarfi við hlutaðeigandi stofnanir að koma rekstri undir fjárlagarammann.

Meiri hlutinn fagnar sérstaklega því sem fram kom á fundi með forsvarsmönnum Landspítala að góður árangur hafi náðst í rekstri Landspítalans það sem af er ári ef frá eru talin áhrif gengislækkunar.

Að lokum ítrekar meiri hlutinn áherslur sínar um uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrár sem fram koma í áliti meiri hluta nefndarinnar um fjárlagafrumvarp síðasta árs.

Ásta Möller og Kristján Þór Júlíusson skrifa undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Safnliður.

Nefndinni bárust samanlagt fjörtíu og fimm erindi í tengslum við safnlið 08-399-1.90, Ýmis framlög, en þar af áttu sumir umsækjendur fleiri en eina umsókn. Fjárhæð þessa liðar er samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 87,2 millj. kr. Tillögur nefndarinnar um ráðstöfun fjárins eru í sérstöku skjali.

Alþingi, 8. des. 2008.

Ásta Möller, form., með fyrirvara,
Ágúst Ólafur Ágústsson,
Árni Páll Árnason,
Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
Ellert B. Schram,
Kristján Þór Júlíusson, með fyrirvara.

Fylgiskjal X.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009.

Frá minni hluta heilbrigðisnefndar.

Vegna þeirra aðstæðna sem nú eru uppi í efnahagsmálum þjóðarinnar hefur vinna við fjárlagafrumvarpið í nefndum þingsins verið ómarkviss og í lágmarki. Vegna þess hversu óvissan í fjárreiðumálum þjóðarinnar er mikil teljum við illgerlegt að taka ábyrga afstöðu til einstakra málasviða frumvarpsins, enda forsendur þess brostnar. Upplýsingar sem nefndum hafa borist eru af skornum skammti og heildarsýn skortir. Ekki liggur fyrir ný þjóðhagsspá sem tekur mið af þeim aðstæðum sem nú ríkja. Stjórnvöld hafa ekki látið meta efnahags-

horfur í ljósi breyttra aðstæðna og því byggist núverandi fjárlagavinna hvorki á traustum né ábyrgum grunni. Tillögur um niðurskurð liggja ekki fyrir en ljóst er að í skilyrðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir lánveitingu eru fólgnar kröfur um að skorið verði niður á fjölmörgum sviðum samfélagsins, enda á ríkissjóður að vera rekinn án halla árið 2012. Slíkt mun koma illa niður á opinberri fjármögnun í velferðarkerfi þjóðarinnar, þ.m.t. í heilbrigðisþjónustu sem er um 10% af heildarútgjöldum þjóðarinnar.

Eina leiðsögnin sem frá stjórnvöldum hefur komið eru bréfleg fyrirmæli frá fjármálaráðuneyti um 10% niðurskurð frá fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi. Heilbrigðisráðuneytið framsendi þau fyrirmæli til heilbrigðisstofnana og á fundum nefndarinnar upplýstu forstöðumenn nokkurra stofnana hverjar tillögur þeirra um 10% niðurskurð eru. Heilbrigðisráðherra hefur hins vegar afneitað þeim áformum og fulltrúar ráðuneytisins sem komu á fund nefndarinnar veittu engar upplýsingar um boðaðan niðurskurð eða forgangsröðun.

Á fundum heilbrigðisnefndar með forstöðumönnum heilbrigðisstofnana kom fram að þær glíma nú við yfir 2.200 millj. kr. halla. Munar þar mest um áætlaðan rekstrarhalla öldrunarstofnana, um það bil 1.000 millj. kr., Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu stefnir í 700 millj. kr. halla, Heilbrigðisstofnun Austurlands í 350 millj. kr. og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í 200 millj. kr. Þessi halli var fyrirsjáanlegur þegar við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2008 eins og minni hlutinn benti þá á. Þá kemur fram í yfirliti heilbrigðisráðuneytis um rekstrarhorfur heilbrigðisstofnana að staða Landspítala í árslok 2007 var neikvæð sem nemur 449.975 millj. kr. og áætluð rekstrarafkoma þessa árs stefnir í að vera neikvæð upp á 1.958.300 millj. kr. Þessi rekstrarstaða verður ekki bætt með hagræðingu innan stofnunarinnar nema til komi umtalsverður niðurskurður á starfsemi og fækkun starfsmanna og /eða að kostnaði verði velt yfir á sjúklinga. Minni hlutinn bendir einnig á að samkvæmt yfirlitinu er áætluð rekstrarafkoma heilbrigðisstofnana á árinu 2008 neikvæð upp á 3.452.313 millj. kr.

Nú verður ekki lengur undan því vikist að horfast í augu við framangreindar staðreyndir og leiðrétta stöðu þessara stofnana með fjáraukalögum nú fyrir áramót. Árviss og áralangur uppsafnaður halli í rekstri heilbrigðisstofnana veldur ekki aðeins miklum og óþörfum kostnaði fyrir ríkissjóð vegna vanskila og dráttarvaxta og óvissu fyrir starfsmenn og sjúklinga, heldur hefur hann einnig í för með sér mikla erfiðleika og fjárhagslegt tap fyrir fyrirtæki og einstaklinga sem selja þessum ríkisstofnunum vöru og þjónustu.

Starfsemi nýrrar Sjúkratryggingastofnunar virðist nú skyndilega stefnt í annan farveg en fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp miðast við, sem og lög um stofnunina en þau gera ráð fyrir samnýtingu Sjúkratryggingastofnunar og Tryggingastofnunar á ýmsum þáttum þjónustu og innri starfsemi, m.a. tölvukerfi. Brýnt er að fá forstjóra beggja stofnana til fundar við heilbrigðisnefnd til að upplýsa um áform stjórnar og forstjóra Sjúkratryggingastofnunar sem kynnt hafa verið um að stofnunin verði eftir áramót rekin sem sjálfstæð eining. Upplýsa þarf nefndina um forsendur þessarar ákvörðunar og hvernig ætlunin er að fjármagna þann kostnaðarauka sem slíkt hefði í för með sér.

Alþingi, 8. des. 2008.

Þuríður Backman,
Álfheiður Ingadóttir,
Eygló Harðardóttir.

Fskj.

Bréf til ráðuneyta frá fjármálaráðuneytinu.
(14. nóvember 2008.)

Fjármálaráðuneytið vinnur nú að endurskoðun á stöðu og sjálfbærni ríkisfjármála í ljósi þeirra áfalla sem dunið hafa yfir fjármálakerfi landsins undanfarnar vikur og til þess að fylgja eftir áætlunum um viðreisn efnahagslífsins með aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) og annarra erlendra aðila. Horfur eru á að styrkja þurfi sjóðstreymi ríkissjóðs mjög verulega til að unnt verði að tryggja greiðsluhæfi og standa undir aukinni skuldabyrði. Fyrirhugað var að bíða með að setja fram tillögur til endurskoðunar á einstökum þáttum fjárlagafrumvarpsins 2009 þar til niðurstaða væri fengin í erlendar lánveitingar. Þar sem það hefur dregist þykir orðið brýnt að ráðuneytin hefjist nú handa við þessa vinnu að frumvarpinu og setji hana í forgang.

Mikil óvissa er ennþá um marga veigamikla þætti í áætlunum um ríkisfjármálin á næsta ári. Þar má nefna efnahagsforsendur, s.s. verðlags- og gengisþróun, áhrif af þrengingum hjá fyrirtækjum og heimilum og viðbrögðum til að mæta því, t.d. auknar atvinnuleysisbætur, og loks fjármögnunarvandann og vaxtabyrðina sem ríkissjóður mun óhjákvæmilega þurfa að axla. Helstu útlínurnar liggja þó fyrir. Ljóst er að grípa þarf til ráðstafana sem bætt geta tekjuafkomu ríkissjóðs mjög verulega og tryggja þannig að lánsfjárþörfin verði sjálfbær til næstu ára og haldist einnig innan marka sem samrýmast áformum um samstarf við alþjóðaaðila og aðrar þjóðir um tímabundna fjármögnun aðgerða til að endurreisa fjármálakerfið. Fyrir liggur að við núverandi aðstæður eru takmörkuð úrræði til að afla aukinna tekna þar sem horfur eru á að atvinnustarfsemi og velta á flestum sviðum dragist mikið saman. Heimili og fyrirtæki mega þar með síður við því að taka á sig auknar álögur. Undirbúningur aðgerða í ríkisfjármálum verður því óhjákvæmilega að beinast að stærstum hluta að útgjaldahliðinni. Áætlanir benda til að mestu varði að ná tökum á stöðunni þegar á næsta ári. Þó verði að gera ráð fyrir áframhaldandi aðhaldsráðstöfunum næstu árin til að ríkisrekstrinum verði snúið í afgang og að hægt verði að grynnka á skuldum.

Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir að ráðuneytin hafi að vanda undirbúið sig fyrir að setja fram breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið í fyrri hluta nóvember með hliðsjón af horfum um þróun mála á næsta ári. Ráðuneytið hefur á undanförnum vikum einnig átt óformleg samskipti við önnur ráðuneyti um að unnið væri að því að leita allra leiða til að draga úr útgjöldum og undirbúa tillögur í því skyni með hliðsjón af forgangsröð brýnustu verkefna og kjarnastarfsemi. Hjá sumum ráðuneytum eru jafnvel þegar komnar fram fyrstu tillögur með þetta að markmiði.

Fjármálaráðuneytið óskar nú eftir því að ráðuneytin leggi fram tillögur sínar vegna endurskoðunar á fjárlagafrumvarpinu og skrái þær í fjárlagakerfið. Annars vegar verði um að ræða tillögur um endurmetnar áætlanir um þá starfsemi og verkefni sem ætla má að verði fyrir verulegum áhrifum af breyttu efnahagsástandi. Þær tillögur ættu þó að miðast við að fjármálaráðuneytið mun ákvarða með samræmdum hætti áhrif af breyttum horfum um laun, verðlag og gengi á fjárheimildir frumvarpsins út frá endurskoðaðri þjóðhagsspá. Hins vegar verði um að ræða tillögur um samdrátt í útgjöldum eins og frekast er kostur í hverju ráðuneyti. Núverandi áætlanir benda til að að ná þufi það miklum árangri að því er beint til ráðuneyta að vinnuviðmið þeirra verði að útfæra tillögur um **lækkun útgjalda sem nemi a.m.k. 10% af veltu miðað við fjárlagafrumvarpið 2009**. Í sumum ráðuneytum kunna að vera aðstæður til ganga lengra,

sérstaklega þar sem fyrirhuguð var veruleg aukning framlaga í frumvarpinu, eins og t.d. í þróunaraðstoð. Þegar nánari yfirferð á áætlunum hefur farið fram má einnig vera að í ljós komi að ganga þurfi lengra eða jafnvel að ekki verði þörf fyrir svo mikinn samdrátt. Á þessu stigi varðar mestu að fram komi tillögur fyrir stjórnvöld af stærðargráðu sem dugi til að eitthvað svigrúm verði til að velja á milli aðgerða til ná settum markmiðum. Á endanum verður það að ráðast af pólítískri forgangsröðun ríkisstjórnarinnar á verkefnum hversu mikið verður dregið saman í mismunandi málaflokkum og varla við því að búast við þessar aðstæður að það komi hlutfallslega jafnt niður hjá öllum ráðuneytunum. Hins vegar má þó gera ráð fyrir að eftir því sem ráðuneytum tekst betur upp við að undirbúa raunhæfar og áhrifaríkar aðhaldsaðgerðir þess betur verði þeim kleift að leiða í ljós brýnustu forgangsverkefnin og treysta fjármögnun þeirra. Fjármálaráðuneytið mun einnig leggja fram hugmyndir um veigamiklar aðgerðir til lækkunar á útgjöldum, sem bæði geta beinst að þeim málaflokkum þar sem ekki virðist vera nóg að gert og að ríkisrekstrinum í heild.

Mælst er til þess að í tillögum ráðuneyta um samdrátt í útgjöldum verði leitast við að ganga út frá eftirfarandi viðmiðum:

- Í fyrsta lagi beinist sparnaðartillögur að nýjum verkefnum eða útgjöldum sem ekki eru komin til framkvæmda og hægt er að falla frá.
- Í öðru lagi verði tekin til endurskoðunar nýleg framlög til verkefna, t.d. frá síðustu 2-3 árum, sem talið var að væri svigrúm fyrir en nú má vera að þyki ekki vera jafn brýn og rótgrónari starfsemi og hafa í reynd verið fjármögnuð með tekjustofnum sem ekki verða lengur fyrir hendi á næstunni.
- Í þriðja lagi komi til skoðunar útgjöld vegna hvers kyns starfsemi sem gæti komið til álita að verði hætt við eða dregið hratt úr þegar á næsta ári út frá forgangsröðun við núverandi aðstæður, jafnvel þótt starfsemi eða rekstrarþáttur hafi verið lengi til staðar.
- Í fjórða lagi verði byrjað að huga að hagræðingu og skipulagsbreytingum eins og sameiningum stofnana sem þarfnast lengri undirbúnings.
- Í fyrstu umferð verði áherslan á veigameiri mál sem skila mestum árangri á sem skemmstum tíma. Að því loknu geti farið fram skoðun á mörgum smærri þáttum sem einnig geta haft þýðingu að samanlögðu.
- Dregið verði tímabundið mjög verulega úr óskiptum fjárheimildaliðum sem hefur verið úthlutað til sérverkefna og mála sem ekki snúa að brýnustu rekstrarhagsmunum ríkisins.
- Sjónum verði beint sérstaklega að gjaldeyriskrefjandi verkefnum.
- Við yfirferð á ýmsum verkefnamiðuðum framlögum verði miðað við að halda eftir þeim sem ganga til að fjármagna starfsemi sem styður beint við verðmætasköpun og útflutning.
- Vinnuviðmið um aðgerðir sem nemi 10% af veltu felur í sér að greiðslur úr ríkissjóði á árinu 2009 lækki sem því nemur ekki síður en gjaldfærslur skuldbindinga þar sem það eru áhrifin á lánsfjárþörfina sem mestu máli skipta.
- Auðsætt má vera að nú eru ekki réttar aðstæður til að leggja fram til umfjöllunar tillögur um ný verkefni eða aukið umfang starfsemi.

Fjármálaráðuneytið mælist til þess að ráðuneytin leggist á eitt og hraði þessari tillögugerð til að unnt verði að leiða fram samhæfða áætlun fyrir stjórnvöld, sem tryggi að ríkissjóður verði í stakk búinn til að vera sá bakhjarl sem samfélagið þarf á að halda í þeim þrengingum sem útlit er fyrir að séu framundan. Óskað er eftir að tillögurnar liggi fyrir í síðasta lagi **20. nóvember nk.**

F.h.r.

Baldur Guðlaugsson / Nökkvi Bragason

Fylgiskjal XI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Samgöngunefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar, dags. 20. nóvember 2008. Nefndin fékk á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Unni Gunnarsdóttur og Odd Einarsson frá samgönguráðuneyti til að gera grein fyrir þeim liðum fjárlagafrumvarpsins sem snerta ráðuneytið.

Heildarútgjöld samgönguráðuneytisins árið 2009 eru áætluð 63.527 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 6.211 m.kr. en þær nema 9,8% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 57.316 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 24.469 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 32.772 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Mismunurinn, 75 m.kr., færist til hækkunnar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 8.737,5 m.kr. og hækka því um 964,6 m.kr. Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 1.393,8 m.kr. og verða 14.786,1 m.kr. en eru 16.179,9 m.kr. í fjárlögum síðasta árs. Þyngst vegur 1.700 m.kr. lækkun sérstakra viðbótarframlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem skýrist að mestu af niðurfellingu tímabundinna framlaga. Gert er ráð fyrir að skuldbindandi samningar sem samgönguráðuneytið hefur gert nemi um 3.198,2 m.kr. árið 2009, samtals munu samningarnir því nema um 5% af heildarútgjöldum ráðuneytisins á næsta ári.

Meiri hlutinn bendir á að samkvæmt frumvarpinu er ráðgert að framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga lækki um sem nemur um 1.700 m.kr frá fjárlögum þessa árs. Hér vegur þyngst að tímabundin viðbótarframlög frá ríkinu falla niður. Einnig er ljóst að sjóðurinn mun dragast saman vegna samdráttar í samfélaginu. Framlög sjóðsins skipta sköpum í rekstri margra sveitarfélaga, sérstaklega minni sveitarfélaga, og mun þessi lækkun koma þungt niður á rekstri þeirra. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að tryggja afkomu sveitarfélaganna og brýnt verkefni er að finna aðrar leiðir og nýja tekjustofna fyrir sveitarfélögin. Sveitarfélögin hafa lengi bent á möguleika þess að fá hlutdeild í öðrum sköttum og vill nefndin ítreka mikilvægi þess að endurskoða almenna tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Í ljósi þess að farið hefur verið fram á það við ráðuneytin að þau leggi fram áætlun um 10% samdrátt í rekstri, vekur meiri hlutinn athygli á að slík aðgerðaráætlun liggur ekki fyrir hjá samgönguráðuneytinu, og hafa hugmyndir þess efnis ekki verið kynntar fyrir nefndinni. Auk þess hefur samgönguáætlun í heild sinni ekki komið fyrir nefndina. Áliti þessu er því skilað með fyrirvara um að þessar upplýsingar liggja ekki fyrir. Meiri hlutinn leggur áherslu á að halda inni verkefnum sem ekki eru fjárfrek en líkleg eru til að skapa atvinnu. Áður en þessu nefndaráliti er skilað hefur samgöngunefnd ekki fengið tækifæri til að fjalla um sam-

gönguáætlun með fjárlagafrumvarpinu sem er óásættanlegt en skiljanlegt í ljósi þess óvenjulega ástands sem uppi er í samfélaginu. Nefndin mun fjalla um nýja samgönguáætlun á næstu dögum.

Ólöf Nordal var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. des 2008.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form.,
Herdís Þórðardóttir,
Karl V. Matthíasson,
Árni Johnsen,
Ármann Kr. Ólafsson.

Fylgiskjal XII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Fjárlaganefnd vísaði til umfjöllunar samgöngunefndar þeim hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málasviði nefndarinnar í samræmi við ákvæði þingskapalaga.

Minni hluti samgöngunefndar leggur áherslu á mikilvægi Jöfnunarsjóðs fyrir rekstur sveitarfélaganna í landinu. Sérstaklega eru framlög sjóðsins þýðingarmikil fyrir smærri sveitarfélög vítt og breitt um landið til að hægt sé að tryggja rekstur þeirra og grunnþjónustu. Skerðing á viðbótarframlagi sjóðsins mun hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir þau sveitarfélög sem mest reiða sig á stuðning hans. Minni hlutinn telur því nauðsynlegt að halda viðbótarframlagi í Jöfnunarsjóð, sem nú stendur til að afnema, óskertu.

Farið hefur verið fram á það við ráðuneytin að þau leggi fram áætlun um 10% samdrátt í rekstri en slíkar hugmyndir hafa ekki verið kynntar fyrir nefndinni. Auk þess hefur samgönguáætlun ekki komið fyrir nefndina. Minni hlutinn telur það marklaust að fjalla um samgöngumálin af alvöru fyrr en samgönguáætlun verður lögð fyrir nefndina og telur brýnt að nefndin gefi sér góðan tíma til að fara yfir hana áður en endurskoðað fjárlagafrumvarp kemur til umfjöllunar.

Alþingi, 9. des 2008.

Árni Þór Sigurðsson,
Birkir J. Jónsson,
Guðjón A. Kristjánsson.

Fylgiskjal XIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 20. nóvember 2008.

Nefndin fékk á sinn fund Kristján Skarphéðinsson og Ingu Ósk Jónsdóttur frá iðnaðarráðuneytinu.

Heildargjöld iðnaðarráðuneytis árið 2009 eru áætluð um 7.460 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 980 m.kr. en þær nema 13,1% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Rekstrargjöld ráðuneytisins hækka um 298,6 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um að gert er ráð fyrir 157 m.kr. tímabundnu framlagi til vísindaþáttar djúpborunarverkefnis, 58,8 m.kr. tímabundnu framlagi vegna undirbúnings greinargerðar til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna um mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna. Aðrar helstu breytingar varða m.a. hækkun á fjárveitingu til Samtaka iðnaðarins í samræmi við endurskoðun á tekjuáætlun iðnaðarmálagjalds. Þá falla niður tímabundin framlög til Orkustofnunar.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 683,2 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 100 m.kr. tímabundna fjárveitingu til eflingar atvinnuþróunarfélögum á landsbyggðinni og 90 m.kr. til Tækniþróunarsjóðs í samræmi við ákvörðun stjórnvalda um eflingu samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni. Loks er gert ráð fyrir fjárveitingu til uppbyggingar og eflingar íslenskri ferðaþjónustu og endurgreiðslna til kvikmyndagerðar á Íslandi.

Iðnaðarnefnd gerir sér grein fyrir því að það frumvarp til fjárlaga sem nú liggur fyrir mun taka breytingum í ljósi þess að þjóðarbúskapur Íslendinga stendur frammi fyrir mjög alvarlegri fjármálakreppu.

Á fundi nefndarinnar kom fram að nauðsynlegt væri að styðja við uppbyggingu Tækniþróunarsjóðs svo tvöföldun hans náist sem allra fyrst. Nefndin vísar til þess að hann er undirstaða þróunar í hátækniiðnaði um land allt. Þá telur nefndin nauðsynlegt að styðja við sprotafyrirtæki sem sprottin eru upp úr rannsókna- eða þróunarverkefnum og byggjast á sérhæfðri þekkingu og tækni.

Nefndin telur mjög mikilvægt að efla ferðaþjónustuna og eðlilegt að horft verði til hennar á næstunni þar sem hún er gríðarlega mikilvægur drifkraftur í byggðum landsins og er ein besta og hagkvæmasta leiðin til að fjölga störfum og auka gjaldeyristekjur landsins.

Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að Byggðastofnun fái úthlutað 528 m.kr. Nefndin leggur áherslu á að Byggðastofnun hefur gegnt mikilvægu hlutverki í byggðastefnu stjórnvalda og mikilvægt er að því hlutverki verði sinnt áfram til að auka stuðning við nýsköpun og þróun nýrra atvinnutækifæra og starfsemi.

Í tengslum við umsóknir Markaðsstofu Austurlands, Markaðsstofu Vestfjarða og Ferðamálasamtök Suðurlands tekur nefndin fram að hún styður hugmynd og viðleitni þessara aðila

um að sameinast og stofna regnhlífasamtök. Í ljósi þess að samtökin hafa ekki litið dagsins ljós telur nefndin ekki rétt að úthluta til þeirra sem einnar heildar.

Nefndin bendir á mikilvægi þess að efla þau úrræði sem iðnaðarráðuneytið býr yfir til stuðnings atvinnulífinu.

Kristján Þór Júlíusson og Björk Guðjónsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Álfheiður Ingadóttir og Eygló Harðardóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

Herdís Þórðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. des. 2008.

Katrín Júlísdóttir, form.,
Kristján Þór Júlíusson, með fyrirvara,
Einar Már Sigurðarson,
Eygló Harðardóttir, með fyrirvara,
Rósa Guðbjartsdóttir,
Björk Guðjónsdóttir, með fyrirvara,
Grétar Mar Jónsson,
Álfheiður Ingadóttir, með fyrirvara

Fylgiskjal XIV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009 (12 viðskiptaráðuneyti).

Frá viðskiptanefnd.

Viðskiptanefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 20. nóvember 2008.

Á fund nefndarinnar komu Jónína S. Lárusdóttir og Helga Óskarsdóttir frá viðskiptaráðuneyti, Páll Gunnar Pálsson frá Samkeppniseftirlitinu, Helga Sigurðardóttir frá Neytendastofu og Gísli Tryggvason talsmaður neytenda og gerðu grein fyrir þeim hluta fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2009 sem fellur undir málefnasvið ráðuneytisins og undirstofnana þess. Þá komu fulltrúar Fjármálaeftirlitsins til nefndarinnar í tengslum við frumvarp til laga um breyting á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (þskj. 28, 28. mál) og í þeirri umfjöllun var m.a. fjallað um fjármál eftirlitsins.

Heildargjöld viðskiptaráðuneytis árið 2009 eru áætluð 2.768,9 m.kr. á rekstrargrunni en frá dragast sértekjur, 40 m.kr. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum hækka um 407,7 m.kr. og eru áætluð 2.204,4 m.kr. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um hækkun á fjárheimild til Einkaleyfastofu og til Neytendastofu. Þó er í þessum tilfellum um að ræða hækkun á rekstrarfjárveitingu í samræmi við samsvarandi hækkun ríkistekna

samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun stofnananna. Þá er gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til aðalskrifstofu ráðuneytisins sem skýrist meðal annars af kostnaði eftir skiptingu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis í tvö ráðuneyti. Felst sú hækkun í auknum húsnæðiskostnaði og nýjum störfum rekstrarstjóra, bókara, skjalavarðar og ritara.

Vegna breyttra aðstæðna og þess ástands sem nú ríkir hefur nefndin fullan skilning á því að draga þurfi úr ríkisútgjöldum. Á fundum nefndarinnar kom fram að fjárlagafrumvarpið fæli nú þegar í sér niðurfellingu fjárlagaliðar, þ.e. niðurfellingu jöfnunar á kostnaði við vöruflutninga sem nam 150 m.kr. á árinu 2008. Hvað varðar aðrar leiðir til þess að draga úr ríkisútgjöldum vegna þessa málaflokks hefur sjónarmiðum um takmörkun fjárveitinga til stofnana sem hafa beinar tekjur, þ.e. til Einkaleyfastofu og Neytendastofu, helst verið hreyft fyrir nefndinni.

Þá kom það sjónarmið fram á fundum nefndarinnar að um 70% fjárveitinga til viðskiptaráðuneytisins falli undir rekstrargjöld og því valdi lækkun á fjárveitingum aðeins fækkun starfsfólks. Staðan sé hins vegar sú að verkefnum ráðuneytisins hafi fjölgað og miklar annir verið hjá starfsfólki. Því sé ekki svigrúm til mikilla lækkana nú.

Sérstaklega ber að tiltaka breyttar fjárheimildir Fjármálaeftirlitsins en frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2009 gerði ráð fyrir að framlög til stofnunarinnar yrðu 1.116 m.kr. sem jafngildi 180,3 m.kr. hækkun að raungildi vegna aukinna verkefna og fjölgunar starfsmanna hjá stofnuninni. Útgjöld Fjármálaeftirlitsins skyldu vera fjármögnuð með hækkun á eftirlitsgjaldi í samræmi við frumvarp til laga um breyting á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (þskj. 28, 28. mál). Vegna verulega breyttra forsendna hefur Fjármálaeftirlitið sett fram breytta rekstraráætlun og einnig breytta tillögu að skiptingu eftirlitsgjaldsins og mun frumvarpið þannig taka nokkrum breytingum í meðförum viðskiptanefndar. Gert er ráð fyrir að framlög til stofnunarinnar aukist lítið sem ekkert frá fjárlögum ársins 2008 enda þykir sýnt að eftirlit með fjármálafyrirtækjum vegna starfsemi þeirra erlendis muni dragast saman þar sem sú starfsemi íslenskra fjármálastofnana verður lítil sem engin. Að sama skapi áætlar eftirlitið að fresta stækkun á húsnæði og fjölgun starfsmanna þrátt fyrir yfirtöku nýrra verkefna. Rétt þykir að minnast á að fjárheimildir Fjármálaeftirlitsins hafa hækkað verulega frá árinu 2006 en þá tæplega tvöfölduðust þær milli ára og síðan varð hækkunin rúm 50% árið þar á eftir. Í breyttri áætlun Fjármálaeftirlitsins er gert ráð fyrir að framlög innheimt með álagningu eftirlitsgjalds nemi 812,7 m.kr. árið 2009 og að greiðsluhlutfall viðskiptabanka og Íbúðalánasjóðs hækki. Auk þess er gert ráð fyrir fastri gjaldheimtu að fjárhæð 4 m.kr. frá Kauphingi banka hf., Glitni banka hf. og Landsbanka Íslands hf. Þó ber að halda því til haga að núverandi ástand á fjármálamörkuðum og óvissa sú sem nú ríkir gerir það að verkum að erfitt er að setja fram staðfestar tölur um hverjar raunverulegar tekjur stofnunarinnar af eftirlitsgjaldinu verða og er því um aðeins áætlun að ræða. Þá er ljóst að breytt álag verður hjá Fjármálaeftirlitinu vegna ástandsins á fjármálamörkuðunum.

Þá vill viðskiptanefnd benda á mikilvægi þess að tryggð verði sanngjörn fjárframlög til Samkeppniseftirlitsins, enda telur nefndin að aldrei hafi verið mikilvægara að standa vörð um samkeppni og leikreglur á þeim vettvangi en einmitt nú. á þeim erfiðu tímum sem uppi eru.

Að lokum vill viðskiptanefnd tiltaka mikilvægi þess að ákveðið aðhald verði sýnt í fjárlögum fyrir árið 2009 og leggur því til við fjárlaganefnd að hún yfirfari og skoði mögulegar leiðir til hagræðingar. Þó telur viðskiptanefnd að ávallt skuli gætt að grunnstofnunum og þá ekki síst stofnunum eins og Samkeppniseftirlitinu sem stendur vörð um virka samkeppni á markaði.

Þeir Höskuldur Þórhallsson, Birkir J. Jónsson og Jón Bjarnason ásamt Jóni Magnússyni áheyrnarfulltrúa voru fjarverandi við afgreiðslu þessa álits.

Alþingi, 5. desember 2008.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form.,
Guðfinna S. Bjarnadóttir,
Birgir Ármannsson,
Árni Páll Árnason,
Jón Gunnarsson,
Björk Guðjónsdóttir.

Fylgiskjal XV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá umhverfisnefnd.

Umhverfisnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og bréf fjárlaganefndar til umhverfisnefndar, dags. 20. nóvember 2008.

Á fund nefndarinnar kom Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir frá umhverfisráðuneytinu.

Heildarútgjöld umhverfisráðuneytis árið 2009 eru áætluð 9.412,0 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.195,0 m.kr. en þær nema 23,3% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 4.468 m.kr. og hækka um 743 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 73 m.kr. hækkun hjá Landgræðslu ríkisins, þar af 68 m.kr. vegna umsjónar með fyrirhleðslum sem nú flyst frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis í samræmi við breytta verkaskiptingu ráðuneyta Stjórnarráðsins. Í öðru lagi 72 m.kr. hækkun hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, þar af 47 m.kr. tengdar flutningi stofnunarinnar í nýtt húsnæði. Í þriðja lagi 69 m.kr. hækkun vegna ýmissa mála hjá Umhverfisstofnun og í fjórða lagi 50 m.kr. hækkun hjá Úrvinnslusjóði á móti samsvarandi hækkun tekna af úrvinnslugjaldi.

Meðal helstu breytinga í frumvarpinu er 127,4 m.kr. hækkun á fjárveitingum Umhverfisstofnunar, 99,3 m.kr. hækkun til Vatnajökulsþjóðgarðs og 189,9 m.kr. hækkun til Landgræðslu ríkisins. Að þessum liðum frátöldum eru óverulegar breytingar á þeim fjárlagalið ráðuneytisins sem fjármagnaður er af ríkissjóði.

Nefndin leggur áherslu á að leitað sé leiða til að lækka útgjöld umhverfisráðuneytis enda er það brýnt í því ástandi sem nú ríkir og miðað við þær spár sem hafðar hafa verið uppi um fjárlagahalla næsta árs. Umhverfisráðuneytið kynnti nefndinni tillögur sínar til útgjaldalækkunar sem námu samtals 5,2% eða 296,7 m.kr. Telur nefndin mikilvægt að ná sem næst 10% lækkun útgjalda. Nefndin leggur þó ekki til sérstakar breytingar hvað þetta varðar og telur

eðlilegra að fjárlaganefnd fari í slíka vinnu enda sé þar heildaryfirsýn. Telur nefndin þó rétt að benda á að samkvæmt fjárlagafrumvarpi er úthlutað 209,0 m.kr til nýrra verkefna. Frá ráðuneytinu fengust þær upplýsingar að sú upphæð lækkar um 47,0 m.kr. sem gert var ráð fyrir í flutning Náttúrufræðistofnunar Íslands í nýtt húsnæði. Eftir standa þó enn 162,0 m.kr. sem nefndin leggur áherslu á að verði lækkað eftir megni.

Nefndinni hafa borist 23 umsóknir um fjárveitingu af safnlið 14-190-1.90, Ýmis verkefni, og komu fimm umsækjendur á fund nefndarinnar. Gerir nefndin að tillögu sinni að tólf umsækjendur fái styrk. Í tengslum við umsókn Náttúrufræðistofu Kópavogs vísar nefndin til álits síns vegna fjárlaga 2008 og ítrekar sjónarmið sem þar komu fram um að rétt sé að skoða hvort ekki sé ástæða til að stofan heyri undir lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992.

Nefndin reyndi að halda þessum lið í lágmarki og miða tillögur að mestu við styrki í fjárlögum þessa árs þó að jafnframt séu styrkir lækkaðir nokkuð. Þá er flestum nýjum verkefnum hafnað. Nefndin gerir tillögu um úthlutun 22,8 m.kr. eða um 74% af þeim 30,8 m.kr. sem hún hefur til ráðstöfunar samkvæmt frumvarpinu. Tillögur nefndarinnar um skiptingu safnliðarins koma fram í sérstöku fylgiskjali.

Björk Guðjónsdóttir skrifar undir álitið með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Kolbrún Halldórsdóttir og Árni Þór Sigurðsson skrifa undir álitið með eftirfarandi fyrirvara:

„Vegna þeirra aðstæðna sem nú eru uppi í efnahagsmálum þjóðarinnar hefur vinna við fjárlagafrumvarpið í nefndum þingsins verið ómarkviss og í lágmarki. Vegna þess hversu óvissan í fjárreiðumálum þjóðarinnar er mikil teljum við illgerlegt að taka ábyrga afstöðu til einstakra málasviða frumvarpsins, enda forsendur þess brostnar. Upplýsingar sem nefndunum hafa borist eru af skornum skammti og því skortir sárlega heildaryfirsýn. Ekki liggur fyrir ný þjóðhagsspá sem tekur mið af þeim aðstæðum sem nú ríkja. Stjórnvöld hafa ekki látið meta efnahagshorfur í ljósi breyttra aðstæðna og því byggist núverandi fjárlagavinna hvorki á traustum né ábyrgum grunni. Tillögur um niðurskurð liggja ekki fyrir en ljóst er að í skilyrðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir lánveitingu eru fólgnar kröfur um að skorið verði niður á fjölmörgum sviðum samfélagsins, enda á ríkissjóður að vera rekinn án halla árið 2012. Slíkt mun koma illa niður á opinberri fjármögnun í velferðarkerfi þjóðarinnar og hætt við að umhverfismálin verði sérstaklega illa úti í þeim niðurskurði.

Með vísan til framangreinds rökstuðnings og hversu lítið er vitað um hvernig meðferð fjárlagafrumvarpsins á Alþingi verður háttað höfum við eindreginn fyrirvara við afgreiðslu þessa álits.“

Guðfinna S. Bjarnadóttir og Illugi Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. desember 2008.

Helgi Hjörvar, form.,
Kjartan Ólafsson,
Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara,
Höskuldur Þórhallson,
Björk Guðjónsdóttir, með fyrirvara,
Karl V. Matthíasson,
Árni Þór Sigurðsson, með fyrirvara.

Viðauki I. Skýringar á breytingartillögum við sundurliðun 2.

00-101 Embætti forseta Íslands **-8,4**
1.01 Almennur rekstur
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Sparnaðarráðstöfun í samræmi við útgjaldaaðhald skrifstofu embættis forseta Íslands.

00-101 Embætti forseta Íslands **-8,6**
1.81 Opinberar heimsóknir
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Sparnaðarráðstöfun í samræmi við útgjaldaaðhald skrifstofu embættis forseta Íslands.

00-201 Alþingi **-0,4**
1.01 Alþingiskostnaður
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 0,4 m.kr. lækkun fjárveitingar á þessu viðfangsefni. Gert er ráð fyrir að ná fram 37 m.kr. lækkun útgjalda með fækkun á innkomu varaþingmanna, afnámi verðlagshækkana á föstum greiðslum til þingmanna og lækkun á innlendum ferðakostnaði. Á móti kemur að hingað flytjast 36,6 m.kr. af viðfangsefni þingskapabreytinga sem fellt verður niður.

00-201 Alþingi **-40,0**
1.01 Alþingiskostnaður
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 40 m.kr. lækkun á framlagi til viðfangsins. Tillagan er flutt í ljósi frumvarps ríkisstjórnarinnar þess efnis að kjararáði verði heimilt að ákveða lækkun á launum þeirra sem undir ráðið heyra.

00-201 Alþingi **-20,4**
1.03 Fastanefndir
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 20,4 m.kr. lækkun fjárveitingar. Munar mest um lækkun á ferðakostnaði nefnda erlendis og fækkun á kynnisferðum fastanefnda innanlands. Auk þess er gert ráð fyrir hagræðingu í nefndastarfi.

00-201 Alþingi **-34,1**
1.04 Alþjóðasamstarf
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 34,1 m.kr. lækkun fjárveitingar. Tillagan miðar við að fækka ferðum á fundi og ráðstefnur ásamt því að draga úr fjölda þátttakenda, auk almennra sparnaðaraðgerða.

00-201 Alþingi **-23,1**
1.06 Almennur rekstur
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 23,1 m.kr. lækkun fjárveitingar og er lækkunin aðallega af tvennum toga. Annars vegar 17 m.kr. lækkun og frestun á útgjöldum við mótttöku erlendra gesta, heimsóknum erlendis á vegum forsætisnefndar og annars starfs á hennar vegum, svo og hvers konar kostnaði við fundi og móttökur. Hins vegar 26,3 m.kr. lækkun með almennu aðhaldi í rekstri. Á móti kemur að hingað flyst 20,2 m.kr. fjárheimild af viðfangsefni þingskapabreytinga sem gert er ráð fyrir að falli brott.

00-201 Alþingi **7,4**
1.07 Sérverkefni
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 7,4 m.kr. fjárveitingu og skýrir mikil hækkun á útgjöldum við rekstur Jónshúss í Kaupmannahöfn þessa hækkun að mestu.

00-201 Alþingi **-102,2**
1.09 Breytingar á þingsköpum og bætt starfsaðstaða þingmanna
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að viðfangið falli niður og að 102,2 m.kr. fjárheimild flytjist á fjögur önnur viðfangsefni: 1.01, 1.06, 1.07 og 1.10.

00-201 Alþingi **29,7**
1.10 Rekstur fasteigna
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til 29,7 m.kr. tímabundið framlag til að mæta útgjaldahækkun á rekstri fasteigna og gera kleift að taka tímabundið á leigu skrifstofuhúsnæði í Aðalstræti 6 á meðan Vonarstræti 12 verður flutt til á Alþingisreit.

00-201 Alþingi **-10,0**
5.20 Fasteignir
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 10 m.kr. lækkun fjárveitingar. Tillagan er liður í áformum ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda vegna breyttra aðstæðna í efnahagsmálum þjóðarinnar og lækkandi tekna ríkissjóðs.

00-201 Alþingi **-22,0**
6.01 Tæki og búnaður
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 22 m.kr. lækkun fjárveitingar.

00-301 Ríkisstjórn **-20,2**
1.01 Ríkisstjórn
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 20,2 m.kr. lækkun á framlagi til viðfangsins en það svarar til 7,5% af launaþætti fjárveitingarinnar í fjárlagafrumvarpinu. Tillagan er flutt í ljósi frumvarps ríkisstjórnarinnar þess efnis að kjararáði verði heimilt að ákveða lækkun á launum þeirra sem undir ráðið heyra.

00-401 Hæstiréttur **-11,1**
1.01 Hæstiréttur
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 11,1 m.kr. lækkun á framlagi til viðfangsins en það svarar til 7,5% af launaþætti fjárveitingarinnar í fjárlagafrumvarpinu. Tillagan er flutt í ljósi frumvarps ríkisstjórnarinnar þess efnis að kjararáði verði heimilt að ákveða lækkun á launum þeirra sem undir ráðið heyra.

00-610 Umboðsmaður Alþingis **-5,0**
1.01 Umboðsmaður Alþingis
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 5 m.kr. lækkun fjárveitingar.

00-620 Ríkisendurskoðun **-30,0**
1.01 Ríkisendurskoðun
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 30 m.kr. lækkun fjárveitingar.

Samtals æðsta stjórn ríkisins -298,4

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa **28,0**
1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa
Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 28 m.kr. framlag til að mæta kostnaði vegna aukinna verkefna aðalskrifstofu forsætisráðuneytisins. Um er m.a. að ræða verkefni á sviði efnahags- og alþjóðafjármála og verkefni sem snúa að upplýsingaöflun og almannatengslum. Áformað er að fjölga um þrjú stöðugildi. Heildarkostnaður vegna aukinna verkefna er nokkuð meiri en hér er gerð tillaga um, en með breyttu skipulagi, hagræðingu og nýjum áherslum er leitast við að 28 m.kr. hækkun á ramma aðalskrifstofu sé nægjanlegt til að rekstur ráðuneytisins megi verða í jafnvægi.

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa **30,0**
1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa
Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Í ljósi breyttra aðstæðna er lagt til að fallið verði frá 30 m.kr. tímabundinni millifærslu fjárheimildar af aðalskrifstofu ráðuneytisins á lið 01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins vegna framkvæmda við lóð Stjórnarráðshússins.

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa **-5,3**
1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 5,3 m.kr. lækkun fjárveitingar. Tillagan er liður í áformum ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda vegna breyttra aðstæðna í efnahagsmálum þjóðarinnar og lækkandi tekna ríkissjóðs.

01-190 Ýmis verkefni **-16,9**
1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni
Niðurlagning starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fallið verði frá áður áformaðri 16,9 m.kr. fjárveitingu til útboðs- og einkavæðingarverkefna. Tillagan er liður í áformum ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda vegna breyttra aðstæðna í efnahagsmálum þjóðarinnar og lækkandi tekna ríkissjóðs.

01-190 Ýmis verkefni **-8,0**
1.16 Nefnd um þróun Evrópumála
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 8 m.kr. lækkun fjárveitingar. Tillagan er liður í áformum ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda vegna breyttra aðstæðna í efnahagsmálum þjóðarinnar og lækkandi tekna ríkissjóðs.

01-190 Ýmis verkefni **-16,6**
1.18 Stjórnarskrárnefnd
Niðurlagning starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fallið verði frá áður áformaðri 16,6 m.kr. fjárveitingu til stjórnarskrárnefndar. Tillagan er liður í áformum ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda vegna breyttra aðstæðna í efnahagsmálum þjóðarinnar og lækkandi tekna ríkissjóðs.

01-190 Ýmis verkefni **-1,4**
1.56 Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðaheimila fyrir börn
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 1,4 m.kr. lækkun fjárveitingar. Tillagan er liður í áformum ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda vegna breyttra aðstæðna í efnahagsmálum þjóðarinnar og lækkandi tekna ríkissjóðs.

01-190 Ýmis verkefni **-1,0**
1.90 Ýmis verkefni
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 1 m.kr. lækkun fjárveitingar. Tillagan er liður í áformum ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda vegna breyttra aðstæðna í efnahagsmálum þjóðarinnar og lækkandi tekna ríkissjóðs.

01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins **-30,0**

6.25 Endurbætur bygginga Stjórnarráðsins

Millifært
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Í ljósi breyttra aðstæðna er lagt til að fallið verði frá 30 m.kr. tímabundinni millifærslu fjárheimildar af aðalskrifstofu ráðuneytisins á lið 01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins vegna framkvæmda við lóð Stjórnarráðshússins.

01-231 Norræna ráðherranefndin **-5,0**

1.01 Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis

Fallið frá óhöfnu verkefni
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 5 m.kr. lækkun á tímabundnu framlagi vegna norrænna samstarfsverkefna. Tillagan er liður í áformum ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda vegna breyttra aðstæðna í efnahagsmálum þjóðarinnar og lækkandi tekna ríkissjóðs.

01-231 Norræna ráðherranefndin **-10,0**

1.01 Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis

Fallið frá óhöfnu verkefni
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Fallið er frá tillögu um 10 m.kr. tímabundið framlag til sérstakra ferðastyrkja til ráðuneyta á formennskuári Íslands í Norrænu ráðherranefndinni árið 2009. Tillagan er liður í áformum ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda vegna breyttra aðstæðna í efnahagsmálum þjóðarinnar og lækkunar á tekjum ríkissjóðs.

01-255 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins **-10,0**

6.21 Framkvæmdir

Fallið frá óhöfnu verkefni
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 10 m.kr. lækkun fjárveitingar og að byggingu á móttöku- og fræðslumiðstöð við Gljúfrastein verði frestað. Tillagan er liður í áformum ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda vegna breyttra aðstæðna í efnahagsmálum þjóðarinnar og lækkandi tekna ríkissjóðs.

01-401 Hagstofa Íslands **-15,0**

1.01 Hagstofa Íslands

Fallið frá óhöfnu verkefni
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fallið verði frá 15 m.kr. fjárveitingu til þróunar á uppruna- og ráðstöfunaruppgjöri þjóðhagsreikninga. Tillagan er liður í áformum ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda vegna breyttra aðstæðna í efnahagsmálum þjóðarinnar og lækkandi tekna ríkissjóðs.

01-401 Hagstofa Íslands **-22,5**

1.01 Hagstofa Íslands

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 22,5 m.kr. lækkun fjárveitingar. Tillagan er liður í áformum ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda vegna breyttra aðstæðna í efnahagsmálum þjóðarinnar og lækkandi tekna ríkissjóðs.

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum **-20,0**

6.01 Nýframkvæmdir

Fallið frá óhöfnu verkefni
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fallið verði frá 20 m.kr. fjárveitingu og að viðbyggingu fræðslumiðstöðvar á Hakinu verði frestað. Tillagan er liður í áformum ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda vegna breyttra aðstæðna í efnahagsmálum þjóðarinnar og lækkandi tekna ríkissjóðs.

01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta **-13,1**

1.01 Rafræn þjónustuveita hins opinbera

Fallið frá óhöfnu verkefni
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 13,1 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna verkefna Island.is. Tillagan er liður í áformum ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda vegna breyttra aðstæðna í efnahagsmálum þjóðarinnar og lækkandi tekna ríkissjóðs.

01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta **-17,0**

6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta

Fallið frá óhöfnu verkefni
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 17 m.kr. lækkun á tímabundnu framlag til verkefna íslenska upplýsingasamfélagsins. Lækkunin skiptist þannig milli einstakra verkefna: mínar síður á island.is 2 m.kr., vefir ráðuneyta verði fyrirmyndavefir 2 m.kr., opinberir vefir uppfylli skilyrði um aðgengi fatlaðra 1 m.kr., skilvirk, samræmd og örugg samskipti milli upplýsingakerfa ríkisins 10 m.kr. og ryðja úr vegi hindrunum fyrir rafrænni þjónustu 2 m.kr. Tillagan er liður í áformum ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda í ljósi breytts efnahagsástands.

Samtals forsætisráðuneyti -133,8

02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa **-34,8**

1.01 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag til reksturs lækki um 34,8 m.kr. Tillagan er hluti af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hvernig brugðist skuli við aðstæðum í efnahagsmálum þjóðarinnar.

02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa **-3,0**

1.01 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Fallið frá óhöfnu verkefni
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fallið verði frá 3 m.kr. tímabundnu framlag til verkefnis íslenska upplýsingasamfélagsins, umsóknir um styrki á vegum menntamálaráðuneytis. Tillagan er liður í áformum ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda í ljósi breytts efnahagsástands.

02-199 Ráðstöfunarfé **-6,0**

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 6 m.kr. framlag á liðinn verði fellt niður tímabundið og stendur liðurinn þá í 12 m.kr. Tillagan er hluti af ákvörðun ríkistjórnarinnar um hvernig brugðist skuli við aðstæðum í efnahagsmálum þjóðarinnar.

02-201 Háskóli Íslands **-270,2**

1.01 Háskóli Íslands

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag til reksturs lækki um 270,2 m.kr. Tillagan er hluti af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hvernig brugðist skuli við aðstæðum í efnahagsmálum þjóðarinnar.

02-201 Háskóli Íslands **-655,7**

1.01 Háskóli Íslands

Fallið frá óhöfnu verkefni
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 655,7 m.kr. samningsbundin hækkun rannsóknarframlags til skólans verði frestað. Tillagan er hluti af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hvernig brugðist skuli við aðstæðum í efnahagsmálum þjóðarinnar.

02-201 Háskóli Íslands **92,4**

1.01 Háskóli Íslands

Fallið frá óhöfnu verkefni
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fallið verði frá kröfu um 1% hagræðingu í rekstri skólans sem gert var ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga. Í staðinn er gert ráð fyrir 3% hagræðingu í rekstri í sérstakri tillögu.

02-201 Háskóli Íslands **-118,0**
1.13 Háskólasjóður
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fjárveiting til sjóðsins lækki um 118 m.kr. og að bein fjárveiting í sjóðinn verði 108 m.kr. eða sem er sama fjárhæð og í fjárlögum 2006. Tillagan er hluti af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hvernig brugðist skuli við aðstæðum í efnahagsmálum þjóðarinnar.

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum **-6,1**
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag til reksturs lækki um 6,1 m.kr. Tillagan er hluti af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hvernig brugðist skuli við aðstæðum í efnahagsmálum þjóðarinnar.

02-203 Raunvísindastofnun Háskólans **-11,7**
1.01 Raunvísindastofnun Háskólans
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag til reksturs lækki um 11,7 m.kr. Tillagan er hluti af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hvernig brugðist skuli við aðstæðum í efnahagsmálum þjóðarinnar.

02-209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum **-8,4**
1.01 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag til reksturs lækki um 8,4 m.kr. Tillagan er hluti af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hvernig brugðist skuli við aðstæðum í efnahagsmálum þjóðarinnar.

02-210 Háskólinn á Akureyri **-39,1**
1.01 Háskólinn á Akureyri
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag til reksturs lækki um 39,1 m.kr. Tillagan er hluti af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hvernig brugðist skuli við aðstæðum í efnahagsmálum þjóðarinnar.

02-210 Háskólinn á Akureyri **-102,5**
1.01 Háskólinn á Akureyri
Fallið frá óhöfnu verkefni
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 102,5 m.kr. samningsbundin hækkun rannsóknarframlags til skólans verði frestað. Tillagan er hluti af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hvernig brugðist skuli við aðstæðum í efnahagsmálum þjóðarinnar.

02-210 Háskólinn á Akureyri **14,1**
1.01 Háskólinn á Akureyri
Fallið frá óhöfnu verkefni
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fallið verði frá kröfu um 1% hagræðingu í rekstri skólans sem gert var ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga. Í staðinn er gert ráð fyrir 3% hagræðingu í rekstri í sérstakri tillögu.

02-223 Námsmatsstofnun **-3,8**
1.01 Námsmatsstofnun
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag til reksturs lækki um 3,8 m.kr. Tillagan er hluti af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hvernig brugðist skuli við aðstæðum í efnahagsmálum þjóðarinnar.

02-225 Háskólinn á Bifröst **-10,6**
1.01 Háskólinn á Bifröst
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag til reksturs lækki um 10,6 m.kr. Tillagan er hluti af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hvernig brugðist skuli við aðstæðum í efnahagsmálum þjóðarinnar.

02-225 Háskólinn á Bifröst **-22,0**
1.01 Háskólinn á Bifröst
Fallið frá óhöfnu verkefni
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 22 m.kr. hækkun rannsóknarframlags sem gert var ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga verði frestað. Tillagan er hluti af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hvernig brugðist skuli við aðstæðum í efnahagsmálum þjóðarinnar.

02-225 Háskólinn á Bifröst **3,4**
1.01 Háskólinn á Bifröst
Fallið frá óhöfnu verkefni
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fallið verði frá kröfu um 1% hagræðingu í rekstri skólans sem gert var ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga. Í staðinn er gert ráð fyrir 3% hagræðingu í rekstri í sérstakri tillögu.

02-227 Háskólinn í Reykjavík **-66,5**
1.01 Háskólinn í Reykjavík
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag til reksturs lækki um 66,5 m.kr. Tillagan er hluti af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hvernig brugðist skuli við aðstæðum í efnahagsmálum þjóðarinnar.

02-227 Háskólinn í Reykjavík **-108,5**
1.01 Háskólinn í Reykjavík
Fallið frá óhöfnu verkefni
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 108,5 m.kr. samningsbundinni hækkun rannsóknarframlags til skólans verði frestað. Tillagan er hluti af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hvernig brugðist skuli við aðstæðum í efnahagsmálum þjóðarinnar.

02-227 Háskólinn í Reykjavík **20,9**
1.01 Háskólinn í Reykjavík
Fallið frá óhöfnu verkefni
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fallið verði frá kröfu um 1% hagræðingu í rekstri skólans sem gert var ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga. Í staðinn er gert ráð fyrir 3% hagræðingu í rekstri í sérstakri tillögu.

02-228 Listaháskóli Íslands **-20,4**
1.01 Listaháskóli Íslands
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag til reksturs lækki um 20,4 m.kr. Tillagan er hluti af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hvernig brugðist skuli við aðstæðum í efnahagsmálum þjóðarinnar.

02-228 Listaháskóli Íslands **-29,0**
1.01 Listaháskóli Íslands
Fallið frá óhöfnu verkefni
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að 29 m.kr. hækkun rannsóknarframlags og hluti af hækkun framlags til meistaranáms, sem gert var ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga, verði frestað. Tillagan er hluti af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hvernig brugðist skuli við aðstæðum í efnahagsmálum þjóðarinnar.

02-228 Listaháskóli Íslands **6,4**
1.01 Listaháskóli Íslands
Fallið frá óhöfnu verkefni
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fallið verði frá kröfu um 1% hagræðingu í rekstri skólans sem gert var ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga. Nú er gert ráð fyrir 3% hagræðingu í rekstri í sérstakri tillögu.

02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands **-4,7**

1.01 Rannsóknamiðstöð Íslands

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag til reksturs lækki um 4,7 m.kr. Tillagan er hluti af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hvernig brugðist skuli við aðstæðum í efnahagsmálum þjóðarinnar.

02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður **-300,0**

6.09 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Fallið frá óhöfnu verkefni
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að framkvæmdum við byggingu Húss íslenskra fræða verði frestað tímabundið. Fjárveiting sem veitt var í fjárlögum 2008 nægir til að klára hönnunarferli byggingarinnar. Tillagan er hluti af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hvernig brugðist skuli við aðstæðum í efnahagsmálum þjóðarinnar.

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi **-3,6**

1.80 Vísindastarfsemi

Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

5.2.1.5.5	Þungaskattur	1.397,0	1.229,0
5.2.2.1	Neysluskattar og leyfisgjöld af skipum	145,0	145,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	88,3	88,3
5.2.2.15	Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa	19,9	19,9
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	469,3	469,3
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	170,0	430,0
5.2.2.25.5.9	Ýmis skráningargjöld	215,0	215,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	525,0	525,0
5.2.2.35	Ýmislegt	11,0	11,0
	Neyslu- og leyfisgjöld	**8.233,5**	**8.313,5**
	Skattar á vörur og þjónustu	**180.947,1**	**177.733,0**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	300,0	300,0
6.1.15	Markaðsgjald	402,8	400,2
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**702,8**	**700,2**
6.2.1	Sektir á skatttekjur	34,0	34,0
	Aðrir skattar	**736,8**	**734,2**
	Skatttekjur, samtals	**357.713,4**	**353.468,0**

II Aðrar rekstrartekjur

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum	200,0	200,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	1.930,0	1.930,0
	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum	**2.130,0**	**2.130,0**
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	4.700,0	4.410,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	5.590,0	5.050,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	11.940,0	11.940,0
8.3.8.1	Leiga á lóðum og landréttindum	57,7	57,7
	Aðrar eignatekjur	**22.287,7**	**21.457,7**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**24.417,7**	**23.587,7**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	520,0	520,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	180,0	180,0
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	2.945,0	2.945,0
9.1.3.5	Skólagjöld	688,8	688,8
9.1.3.10	Gjöld fyrir læknishjálp o.fl.	130,0	130,0
9.1.3.20	Prófgjöld	25,1	25,1
9.1.3.25	Gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.	183,5	183,5
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	1.906,7	1.906,7
9.1.3.35	Ýmislegt	428,7	429,6
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	262,0	262,0
9.1.4	Önnur neyslu- og leyfisgjöld	49,1	49,1
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**7.318,9**	**7.319,8**
	Ýmsar tekjur	**7.318,9**	**7.319,8**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	750,0	750,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	750,0	750,0
10.3	Ýmsar sektir	35,0	35,0
	Sektir	**1.535,0**	**1.535,0**

		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
12	**Aðrar eigna- og aukatekjur**		
12.1	Aðrar eigna- og aukatekjur	10,0	10,0
12.5.1	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	74,7	74,7
	Aðrar eigna- og aukatekjur	**84,7**	**84,7**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**33.356,3**	**32.527,2**
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	3.000,0	4.500,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	100,0	100,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**3.100,0**	**4.600,0**
15	**Sala á landi og réttindum**		
15.1	Sala á landi og jarðeignum	200,0	200,0
	Sala eigna, samtals	**3.300,0**	**4.800,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	187,3	186,3
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	490,0	490,0
	Rekstrarframlög	**677,3**	**676,3**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	415,0	415,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	360,0	360,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**1.452,3**	**1.451,3**
	Fjárframlög, samtals	**1.452,3**	**1.451,3**
	Heildartekjur samtals	**395.822,0**	**392.246,5**

342. Lög [193. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, og fleiri lögum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 324.

343. Lög [120. mál]

um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 311.

344. Breytingartillögur [180. mál]

við frv. til l. um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

Frá Birgi Ármannssyni.

1. Við 9. gr. Í stað orðanna „meðferð opinberra mála“ komi: meðferð sakamála.
2. Við 11. gr. Í stað orðanna „að hætti opinberra mála“ í lokamálslið 1. mgr. komi: samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

345. Frumvarp til laga [180. mál]

um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

(Eftir 2. umr., 12. des.)

I. KAFLI

Markmið rannsóknar.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að sérstök rannsóknarnefnd á vegum Alþingis leiti sannleikans um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Þá skal hún leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um

fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni, og hverjir kunni að bera ábyrgð á því. Nefndin skal í þessu skyni:

1. Varpa sem skýrustu ljósi á aðdraganda og orsakir þess vanda íslenska bankakerfisins sem varð Alþingi tilefni til að setja lög nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.
2. Afla upplýsinga um starfsemi fjármálafyrirtækja sem geta skýrt vanda þeirra, svo sem um fjármögnun og útlánastefnu þeirra, eignarhald, endurskoðun og tengsl þeirra við atvinnulífið.
3. Gera úttekt á reglum íslenskra laga um fjármálamarkaðinn og tengda atvinnustarfsemi í samanburði við reglur annarra landa og framkvæmd stjórnvalda á þeim.
4. Leggja mat á hvernig staðið hafi verið að eftirliti með fjármálastarfsemi hér á landi á síðustu árum og upplýsingagjöf af því tilefni milli stjórnvalda, til ríkisstjórnar og til Alþingis.
5. Koma með ábendingar og tillögur að breytingum á lögum, reglum, vinnubrögðum og skipulagi opinberrar stjórnsýslu sem miða að því að gera íslenskt fjármálakerfi færara um að bregðast við þróun og breytingum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.
6. Gera ráðstafanir til þess að hlutaðeigandi yfirvöld fjalli um mál þar sem grunur vaknar við rannsókn nefndarinnar um refsiverða háttsemi eða brot á starfsskyldum og gera jafnframt grein fyrir þeim málum í skýrslu til Alþingis.
7. Skila Alþingi skýrslu um rannsóknina ásamt þeim samantektum og úttektum sem nefndin ákveður að láta vinna í þágu rannsóknarinnar.

Að því marki sem nefndin telur nauðsynlegt er henni heimilt að láta rannsókn sína taka til atburða eftir gildistöku laga nr. 125/2008 eða gera tillögu um frekari rannsókn á slíkum atburðum.

Í tengslum við athugun á fyrrgreindum atriðum skal enn fremur fara fram rannsókn þar sem lagt verði mat á hvort skýringar á falli íslensku bankanna og tengdum efnahagsáföllum megi að einhverju leyti finna í starfsháttum og siðferði.

II. KAFLI
Skipan rannsóknarnefndarinnar og störf hennar.

2. gr.

Skipa skal nefnd þriggja manna til að rannsaka og leggja mat á þau atriði sem tilgreind eru í 1. gr. Í nefndinni eiga sæti:

1. Einn dómara Hæstaréttar Íslands skipaður af forsætisnefnd og skal hann vera formaður nefndarinnar. Dómsmálaráðherra skal veita honum leyfi frá störfum réttarins á meðan nefndin starfar. Verði hann forfallaður eða geti ekki af öðrum ástæðum sinnt starfinu skal forsætisnefnd skipa annan dómara réttarins til að taka sæti í nefndinni eða einstakling sem fullnægir skilyrðum laga til að gegna starfi hæstaréttardómara.
2. Umboðsmaður Alþingis. Verði hann forfallaður eða geti ekki af öðrum ástæðum sinnt starfinu skal forsætisnefnd Alþingis skipa annan mann í nefndina í hans stað sem uppfyllir skilyrði laga til að gegna starfi umboðsmanns.
3. Hagfræðingur, löggiltur endurskoðandi eða háskólamenntaður sérfræðingur, sem hefur víðtæka þekkingu á efnahagsmálum og/eða starfsemi fjármálamarkaða, skipaður af forsætisnefnd Alþingis.

Rannsóknarnefndin skipar sérstaka vinnuhópa með fulltrúum innlendra og/eða erlendra sérfræðinga sem séu nefndinni til aðstoðar eða sinni ákveðnum rannsóknarverkefnum.

Forsætisnefnd skipar þriggja manna vinnuhóp einstaklinga með háskólamenntun í heimspeki, sagnfræði, félagsfræði, stjórnmálafræði, fjölmiðlafræði eða öðrum hliðstæðum greinum sem fjallar í samráði við rannsóknarnefndina um þann þátt rannsóknarinnar sem getið er í 3. mgr. 1. gr.

Rannsóknarnefndin er í störfum sínum óháð fyrirmælum frá öðrum, þar með töldu Alþingi. Sama gildir um vinnuhópa skv. 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir sömu reglum og fram koma í 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Ber nefndarmanni að víkja sæti að því marki sem hann tengist einstaklingi, stofnun eða einkafyrirtæki sem rannsókn nefndarinnar beinist að.

Nefndin skal birta opinberlega upplýsingar um hlutabréfaeign nefndarmanna í fjármálafyrirtækjum sem aðgerðir stjórnvalda samkvæmt lögum nr. 125/2008 hafa tekið til, skuldir þeirra við þau, svo og starfsleg tengsl þeirra, maka þeirra og náinna skyldmenna þeirra við þá sem sinnt hafa stjórnunarstörfum í umræddum fjármálafyrirtækjum eða þeim stofnunum ríkisins sem rannsókn nefndarinnar beinist að. Sama gildir um önnur atriði sem haft geta áhrif á sérstakt hæfi nefndarmanna. Upplýsingar þessar skulu miðast við síðastliðin fimm ár fyrir gildistöku laganna, fjárhæðir sem eru yfir fimm milljónir króna og einnig eignarhluta umfram þá fjárhæð í félögum sem átt hafa hluti í umræddum fjármálafyrirtækjum 1. september 2008.

4. gr.

Nefndin getur leitað sérfræðilegrar aðstoðar innlendra eða erlendra aðila við mat á einstökum þáttum rannsóknarinnar. Nefndin skal gæta þess að þeir sérfróðu aðilar sem hún leitar til hafi ekki tengsl eða hagsmuni sem leiða til þess að þeir uppfylli ekki kröfur skv. 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Nefndin getur ráðið starfsmenn sér til aðstoðar og fer um verksvið og ráðningarkjör þeirra eftir nánari ákvörðun nefndarinnar. Ekki er skylt að fylgja 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, við ráðningu þeirra. Lögin gilda að öðru leyti um réttindi og skyldur starfsmannanna og greiðast laun þeirra úr ríkissjóði.

Þagnarskylda skv. 18. gr. laga nr. 70/1996, sbr. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, hvílir á nefndarmönnum og öðrum er vinna að rannsókninni um þær upplýsingar sem nefndinni berast og leynt eiga að fara. Nefndinni er þó heimilt að afhenda upplýsingar og gögn til vinnuhópa og sérfræðilegra ráðgjafa í þeim mæli sem nauðsynlegt er. Sama á við ef nefndin telur afhendingu slíkra upplýsinga nauðsynlega vegna gagnkvæmrar miðlunar upplýsinga og samstarfs við aðila erlendis sem sinna hliðstæðum rannsóknum og nefndin. Afhendi nefndin upplýsingar á grundvelli þessara heimilda hvílir þagnarskylda á þeim sem fær gögnin afhent.

Ákvæði 3. mgr. skulu ekki standa því í vegi að rannsóknarnefndin geti birt upplýsingar, sem annars væru háðar þagnarskyldu, ef nefndin telur slíkt nauðsynlegt til að rökstyðja niðurstöður sínar. Nefndin skal þó því aðeins birta upplýsingar um persónuleg málefni einstaklinga, þ.m.t. fjármál þeirra, að verulegir almannahagsmunir af því að birta upplýsingarnar vegi þyngra en hagsmunir þess einstaklings sem í hlut á.

5. gr.

Nefndin tekur ákvörðun um hvernig haga skuli rannsókninni, þar á meðal um nánari afmörkun rannsóknarefnisins. Formaður stýrir fundum nefndarinnar sem skulu vera lokaðir. Halda skal fundargerð um það sem fram fer á fundunum. Nefndin getur ákveðið að hluti nefndarmanna komi fram fyrir hönd nefndarinnar á fundum eða við skýrslutökur af þeim sem nefndin kallar fyrir sig. Við ákvarðanir nefndarinnar um framkvæmd rannsóknarinnar ræður afl atkvæða úrslitum mála. Verði ágreiningur um einstök atriði í niðurstöðum eða skýrslum nefndarinnar sem hún birtir geta einstakir nefndarmenn gert sérstaklega grein fyrir afstöðu sinni í bókun.

III. KAFLI
Rannsóknarheimildir og málsmeðferð.

6. gr.

Sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum sem lögaðilum, er skylt að verða við kröfu rannsóknarnefndarinnar um að láta í té upplýsingar, gögn og skýringar sem hún fer fram á. Með gögnum er meðal annars átt við skýrslur, skrár, minnisblöð, bókanir, samninga og önnur gögn sem nefndin óskar eftir í þágu rannsóknarinnar.

Nefndinni er heimilt að kalla einstaklinga til fundar við sig til að afla munnlegra upplýsinga í þágu rannsóknarinnar og er viðkomandi þá skylt að mæta. Heimilt er að taka það sem fer fram á slíkum fundum upp á hljóð- eða myndband.

Skylt er að verða við kröfu rannsóknarnefndar um að veita upplýsingar þó að þær séu háðar þagnarskyldu, t.d. samkvæmt reglum um starfsemi fjármálafyrirtækja, sérstökum reglum um utanríkismál, öryggi ríkisins eða fundargerðir ríkisstjórnar og ráðherrafunda og fundargerðir nefnda Alþingis. Sama gildir um upplýsingar sem óheimilt er að lögum að veita fyrir dómi nema með samþykki ráðherra, forstöðumanns eða annars yfirmanns viðkomandi, jafnt hjá hinu opinbera sem einkafyrirtæki.

Lögmaður, endurskoðandi eða annar aðstoðarmaður verður þó ekki krafinn upplýsinga, sem honum hefur verið trúað fyrir út af rannsókn nefndarinnar, nema með leyfi þess sem í hlut á. Ákvæði a- og b-liðar 2. mgr. ásamt 3. og 4. mgr. 119. gr. laga um meðferð sakamála gilda enn fremur um upplýsingagjöf þeirra sem þar eru tilgreindir. Dómari sker úr um upplýsingaskyldu þeirra og verður mál af því tagi rekið skv. 6. mgr. þessarar greinar.

Stjórnvöld skulu veita alla nauðsynlega aðstoð sem nefndin óskar eftir við störf sín. Þá skal nefndin, ef hún óskar, fá aðgang að gögnum og skýrslum sem sérfróðir aðilar á vegum stjórnvalda hafa unnið að um málefni sem falla undir starf nefndarinnar.

Nú verður ágreiningur um upplýsingaskyldu samkvæmt ákvæðum þessara laga og getur rannsóknarnefndin þá leitað um hann úrskurðar héraðsdóms á grundvelli XV. kafla laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Lögregla skal veita nefndinni liðsinni við að framfylgja slíkum dómsúrskurði. Heimilt er að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar innan þriggja sólarhringa frá uppkvaðningu hans.

Rannsóknarnefnd er heimilt í þágu rannsóknar að beita ákvæði 73. gr. laga nr. 88/2008 til að varna því að gögnum sé fargað og skal lögregla framfylgja þeirri ákvörðun.

7. gr.

Rannsóknarnefndin getur við rannsókn máls gert athuganir á starfsstað opinberrar stofnunar, fyrirtækis, samtaka fyrirtækja eða í öðru húsnæði og lagt hald á gögn þegar nefndin telur það nauðsynlegt í þágu rannsóknarinnar. Við framkvæmd aðgerða samkvæmt þessari

grein skal fylgja ákvæðum laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, um leit og hald á munum. Rannsóknarnefndinni er heimilt að leita atbeina lögreglu við framkvæmd leitar.

Rannsóknarnefndin hefur heimild til að óska beint eftir gögnum og upplýsingum frá erlendum stjórnvöldum í tengslum við rannsókn sína. Skulu íslensk stjórnvöld veita atbeina sinn til slíkrar gagna- og upplýsingaöflunar ef nefndin óskar eftir því.

8. gr.

Sérhverjum er skylt að koma fyrir nefndina til skýrslutöku krefjist hún þess. Nefndin tilkynnir þeim sem hún óskar eftir að komi fyrir nefndina um skýrslutökuna með sannanlegum hætti og upplýsir um stað og stund hennar.

Formaður nefndarinnar stýrir skýrslutökum en getur falið öðrum nefndarmanni það. Þá getur hann falið starfsmanni nefndarinnar, fulltrúa vinnuhóps eða öðrum er vinna að rannsókninni að beina spurningum að þeim sem gefur skýrslu. Taka skal upp á hljóð- eða myndband það sem fram fer við skýrslutöku.

9. gr.

Nefndin getur óskað þess að héraðsdómari kveðji mann fyrir dóm til að bera vitni um atvik sem máli skipta að mati nefndarinnar. Um kvaðningu og skýrslugjöf og aðra framkvæmd skal fara eftir ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Ákveða má að skýrsla sé gefin fyrir luktum dyrum.

10. gr.

Þeim sem kemur fyrir nefndina á fund skv. 2. mgr. 6. gr. eða er kallaður til skýrslugjafar er heimilt að hafa með sér aðstoðarmann á eigin kostnað.

11. gr.

Ef maður af ásetningi neitar að gegna skyldu sinni til að veita nefndinni upplýsingar samkvæmt ákvæðum þessara laga skal hann sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu varðar að gefa nefndinni rangar eða villandi upplýsingar eða skjóta undan, spilla eða eyða gögnum sem nefndin óskar að fá afhent. Um slík mál skal farið að hætti opinberra mála.

Ákvæði 1. mgr. á þó ekki við ef einstaklingur skorast undan því að svara spurningu af þeirri ástæðu að ætla megi að í svari hans geti falist játning eða bending um að hann hafi framið refsiverðan verknað eða atriði sem valdi honum siðferðislegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni. Sama á við ef ætla má að svar hefði sömu afleiðingar fyrir einhvern þann sem tengist viðkomandi með þeim hætti sem segir í 1. og 2. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

12. gr.

Óheimilt er að rýra réttindi, segja upp samningi, slíta honum eða láta mann gjalda þess á annan hátt ef hann hefur látið nefndinni í té upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir rannsóknina. Séu leiddar líkur að því skal gagnaðili sýna fram á að ákvörðun sé reist á öðrum forsendum en þeim að hann hafi veitt nefndinni upplýsingar.

Ef einstaklingur hefur frumkvæði að því að bjóða eða láta nefndinni í té upplýsingar eða gögn, sem tengjast opinberri stofnun, fyrirtæki, móður- eða dótturfyrirtæki þess eða fyrirtækjum sem það er í viðskiptum við eða stjórnendum þeirra, og óskar eftir því að hann sæti ekki ákæru þótt upplýsingarnar eða gögnin leiði líkur að refsiverðu broti hans sjálfs, er nefndinni heimilt að óska eftir því við ríkissaksóknara að hann ákveði að hlutaðeigandi sæti

ekki ákæru. Ef um opinberan starfsmann er að ræða getur nefndin, af sama tilefni, óskað eftir því við hlutaðeigandi forstöðumann eða ráðuneyti að hlutaðeigandi verði ekki látinn sæta viðurlögum vegna brota á starfsskyldum.

Skilyrði ákvörðunar skv. 2. mgr. eru að upplýsingar eða gögn tengist refsiverðu broti eða broti á opinberum starfsskyldum og talið sé líklegt að þessar upplýsingar eða gögn geti haft verulega þýðingu fyrir rannsókn nefndarinnar samkvæmt lögum þessum eða séu mikilvæg viðbót við fyrirliggjandi sönnunargögn. Ef upplýsingar eða gögn tengjast refsiverðu broti þá er það jafnframt skilyrði fyrir beitingu þessarar heimildar að rökstuddur grunur sé uppi um það að mati ríkissaksóknara að upplýsingar eða gögn tengist alvarlegu broti, fyrirséð sé að sök þess sem lætur slíkt í té sé mun minni en sök þess eða þeirra sem gögnin eða upplýsingarnar beinast gegn og ástæða sé til að ætla að án þeirra muni reynast torvelt að færa fram fullnægjandi sönnur fyrir broti.

13. gr.

Að gagnaöflun lokinni gerir nefndin þeim sem ætla má að orðið hafi á mistök eða hafi orðið uppvís að vanrækslu í starfi skriflega grein fyrir afstöðu sinni og eftir atvikum lagatúlkun á þeim atriðum sem varða þátt hans í málinu og nefndin íhugar að fjalla um í skýrslu til Alþingis. Nefndin veitir viðkomandi hæfilegan frest til að gera skriflega athugasemd við þessi atriði.

14. gr.

Vakni grunur við rannsókn nefndarinnar um að refsiverð háttsemi hafi átt sér stað tilkynnir hún ríkissaksóknara um það og tekur hann ákvörðun um hvort rannsaka beri málið í samræmi við lög um meðferð sakamála.

Ef nefndin telur að ætla megi að opinber starfsmaður hafi gerst brotlegur við starfsskyldur sínar samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996 eða eftir ákvæðum annarra laga sem gilda um störf hans skal hún tilkynna viðkomandi forstöðumanni þar um og hlutaðeigandi ráðuneyti.

Nefndinni er ekki skylt að gefa viðkomandi kost á að tjá sig sérstaklega um þá ákvörðun hennar að senda mál til ríkissaksóknara, forstöðumanns eða ráðuneytis skv. 1. og 2. mgr.

Um ábyrgð ráðherra fer samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð.

Upplýsingar um þau mál sem greinir í 1. og 2. mgr. skulu birtar í skýrslu nefndarinnar.

Ekki er heimilt að nota upplýsingar sem einstaklingur hefur veitt nefndinni sem sönnunargagn í sakamáli sem höfðað er gegn honum.

IV. KAFLI
Skýrsla nefndar og afgreiðsla hennar.

15. gr.

Rannsóknarnefndin skal láta Alþingi í té skriflega skýrslu með rökstuddum niðurstöðum rannsóknar sinnar ásamt ábendingum og tillögum um úrbætur. Skýrslan skal þegar í stað gerð opinber. Rannsóknarnefndin getur ákveðið að skila til Alþingis sérstökum skýrslum um einstaka hluta rannsóknarinnar eða áfangaskýrslum og skal haga meðferð þeirra á sama hátt og lokaskýrslu. Stefnt skal að því að endanlegri skýrslu um rannsókn nefndarinnar verði skilað til Alþingis eigi síðar en 1. nóvember 2009.

Forseti Alþingis og formenn þingflokkanna fjalla um skýrslu nefndarinnar og gera tillögu um meðferð Alþingis á niðurstöðum hennar.

Forsætisnefnd Alþingis gerir tillögu til þingsins um til hvaða fastanefnda vísa skuli ábendingum rannsóknarnefndarinnar um úrbætur á lögum, reglum, vinnubrögðum og skipulagi

opinberrar stjórnsýslu. Telji fastanefnd eftir athugun sína á málinu tilefni til breytinga gerir hún tillögu um ályktun Alþingis eða leggur fram frumvarp til lagabreytinga.

V. KAFLI
Upplýsingagjöf meðan nefndin starfar.

16. gr.

Nefndin ákveður sjálf hvaða upplýsingar eða tilkynningar hún birtir opinberlega um störf sín þar til nefndin hefur skilað Alþingi skýrslu skv. 15. gr. Sama gildir um aðgang að gögnum sem nefndin aflar.

Nefndin skal reglulega veita forseta Alþingis og formönnum þingflokkanna upplýsingar um framgang rannsóknarinnar. Forseti Alþingis getur í tilefni af slíkri upplýsingagjöf gert Alþingi grein fyrir fram komnum upplýsingum.

Óheimilt er að veita aðgang að gögnum hjá opinberum stofnunum sem rannsóknarnefndin hefur fengið afhent við rannsókn þessa nema með samþykki rannsóknarnefndarinnar.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Sá dómari Hæstaréttar sem gegnir starfi formanns og umboðsmaður Alþingis skulu meðan þeir sinna starfi nefndarinnar njóta þeirra lögkjara sem fylgja embættum þeirra. Forsætisnefnd Alþingis ákveður að öðru leyti greiðslur til nefndarmanna og ákveður önnur starfskjör þeirra. Þá ákveður hún þóknun til þeirra sem hún skipar í vinnuhóp skv. 3. mgr. 2. gr.

Ákvæði upplýsingalaga, nr. 50/1996, og ákvæði 18.–21. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda ekki um störf rannsóknarnefndarinnar. Sama gildir um ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nema sérstaklega sé til þeirra vísað í þessum lögum. Ekki er unnt að bera fram kvörtun um störf nefndarinnar til umboðsmanns Alþingis.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skulu þeir sem rannsókn hefur beinst að njóta réttinda samkvæmt ákvæðum 18.–21. gr. laga nr. 77/2000 og 9. gr. upplýsingalaga að rannsókn nefndarinnar lokinni, enda hafi ákæruvaldið ekki tekið mál viðkomandi til meðferðar sem sakamál. Fer þá um rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt ákvæðum laga um meðferð slíkra mála.

Rannsóknarnefndin hefur heimild til að setja sjálf frekari reglur um starfshætti sína, þar á meðal um þátttöku vinnuhópa í rannsókninni.

Að rannsókn nefndarinnar lokinni skulu gögn, sem aflað hefur verið vegna rannsóknarinnar, færð á Þjóðskjalasafn Íslands. Um aðgang að þeim fer samkvæmt ákvæðum upplýsingalaga.

Kostnaður af starfi nefndarinnar, þar með talið sérfræðinga sem hún ræður, greiðist úr ríkissjóði.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

19. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við 14. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef kjörnum umboðsmanni eru falin sérstök tímabundin verkefni af hálfu Alþingis getur forsætisnefnd Alþingis, að beiðni kjörins umboðsmanns, samþykkt að setja annan mann til að sinna starfi umboðsmanns þann tíma eða samhliða með kjörnum umboðsmanni. Sá sem settur er til starfsins skal uppfylla sömu hæfisskilyrði og umboðsmaður. Ef sá sem settur er starfar samhliða kjörnum umboðsmanni skulu þeir ákveða verkaskiptingu sín í milli og skulu upplýsingar þar um birtar á vefsíðu embættis umboðsmanns. Verði ágreiningur um verkaskiptinguna ákveður kjörinn umboðsmaður hana.

Ákvæði til bráðabirgða.

Að því marki sem vísað er til laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, í þessum lögum skulu samsvarandi ákvæði í lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, gilda til 1. janúar 2009.

346. Lög [114. mál]

um breytingu á lögum nr. 116 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 123.

347. Lög [206. mál]

um breyting á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald.

(Afgreidd frá Alþingi 12. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 279.

348. Lög [180. mál]

um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

(Afgreidd frá Alþingi 12. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 345 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:
Nefndin getur óskað þess að héraðsdómari kveðji mann fyrir dóm til að bera vitni um atvik sem máli skipta að mati nefndarinnar. Um kvaðningu og skýrslugjöf og aðra framkvæmd skal fara eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála, eftir því sem við á. Ákveða má að skýrsla sé gefin fyrir luktum dyrum.

11. gr. hljóðar svo:
Ef maður af ásetningi neitar að gegna skyldu sinni til að veita nefndinni upplýsingar samkvæmt ákvæðum þessara laga skal hann sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu varðar að gefa nefndinni rangar eða villandi upplýsingar eða skjóta undan, spilla eða eyða gögnum sem nefndin óskar að fá afhent. Um slík mál skal farið samkvæmt lögum um meðferð sakamála.
Ákvæði 1. mgr. á þó ekki við ef einstaklingur skorast undan því að svara spurningu af þeirri ástæðu að ætla megi að í svari hans geti falist játning eða bending um að hann hafi framið refsiverðan verknað eða atriði sem valdi honum siðferðislegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni. Sama á við ef ætla má að svar hefði sömu afleiðingar fyrir einhvern þann sem tengist viðkomandi með þeim hætti sem segir í 1. og 2. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

349. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Öllum má vera ljóst að íslenska þjóðin og efnahagskerfi hennar urðu fyrir miklu áfalli þegar þrír stærstu viðskiptabankar landsins féllu í byrjun október 2008. Fram hefur komið það álit að um sé að ræða mesta hrun bankakerfis í heimssögunni miðað við umfang efnahagskerfisins. Á innan við viku frá þessum atburðum hafði virði íslensku krónunnar fallið um meira en 70% og hlutabréfamarkaðurinn tapað yfir 80% af verðmæti sínu. Þessi áföll munu hafa mikil áhrif á íslenskt samfélag til langrar framtíðar. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerir ráð fyrir að þjóðarframleiðsla muni dragast saman um 9,6% á árinu 2009 og enn meira árið 2010. Tekjur ríkissjóðs munu dragast verulega saman á sama tíma og þrýstingur á aukin útgjöld til velferðarmála mun aukast vegna versnandi ástands í þjóðfélaginu.
Almenningur á Íslandi stendur nú frammi fyrir auknu atvinnuleysi, minnkandi tekjum, hærri sköttum, auknum framfærslukostnaði, okurvöxtum og lækkandi eignavirði. Almennur kaupmáttur fellur á sama tíma og skuldir aukast, hvort sem þær eru verðtryggðar, óverð-

tryggðar eða í erlendri mynt. Misgengishópar myndast og þeir hafa litla og oft enga möguleika á að bjarga sér út úr ástandinu. Eins og nú horfir blasir við fjöldagjaldþrot hjá einstaklingum og fyrirtækjum með sársaukafullum afleiðingum fyrir allt atvinnulíf og kjör almennings í landinu. Þrátt fyrir að eitt mikilvægasta hlutverk yfirvalda sé að gæta hagsmuna þegnanna bárust engar viðvaranir frá yfirvöldum um hvað væri í aðsigi. Á undanförnum vikum hefur verið gert opinbert að stjórnvöld höfðu ítrekað verið vöruð við, bæði af innlendum og erlendum sérfræðingum, í hvað stefndi með bankana og fjármálalíf þjóðarinnar. Stjórnvöld völdu hins vegar að ana áfram í sjálfsblekkingu og láta sem ekkert væri. Á síðastliðnum vetri varaði stjórnarandstaðan á þingi ítrekað við því að óbreytt stjórnarstefna, erlend skuldasöfnun og taumlaus óráðsía innan fjármálakerfisins gæti leitt til mikils ófarnaðar fyrir efnahagslíf landsins ef ekki væri þegar í stað brugðist við.

Eftir að bankahrunið skall á og meginhluti fjármálakerfis landsins hrundi á einni viku í byrjun október stóðu stjórnvöld sem lömuð og margt af því sem gert var orkar tvímælis. Þá hefur upplýsingagjöf stjórnvalda algjörlega verið í molum. Minni hlutinn gagnrýnir leynimakk stjórnvalda hér heima og erlendis á meðan bæði þingi og þjóð var haldið utan við umfjöllun og ákvarðanatökur í málum sem varða gífurlegt tap og risavaxnar skuldbindingar þjóðarinnar til næstu áratuga. Leiðbeiningar til almennings hafa verið í algjöru lágmarki.

Minni hlutinn krefst þess að ríkisstjórnin leggi fram skýra stefnu um hvernig á að vinna þjóðina út úr þeim mikla vanda sem hún er í og blasir við. Minni hlutinn átelur ríkisstjórnina og önnur stjórnvöld fyrir þeirra þátt í aðdraganda hruns bankanna, sem m.a. felst í andvaraleysi, aðgerðaleysi og um margt röngum viðbrögðum. Að því verður vikið nánar síðar. Fram undan eru á næstu árum risavaxin og erfið verkefni sem felast í því að ná efnahagskerfinu og ríkissjóði aftur á réttan kjöl. Greiðslubyrði þjóðarinnar, lántökur, vaxtabyrði, lánstími og afborgunarskilmálar eru enn þá óþekktar stærðir. Í slíkri óvissu er ógjörningur að sjá til lands um afkomu ríkisins og álögur þær sem þjóðinni er ætlað að takast á við næstu árin.

Sofið á verðinum.

Allt frá því um mitt ár 2007 hafa komið fram viðvaranir um að í vændum væru miklir efnahagslegir erfiðleikar vegna þróunar mála á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Fjölmargir aðilar, innlendir og erlendir, hafa á þeim tíma sem liðinn er komið fram með rökstuddar viðvaranir til ríkisstjórnarinnar án viðbragða af hennar hálfu. Allt árið 2008, í aðdraganda hruns bankanna, fór þunginn í þessari umræðu stigvaxandi eftir því sem á leið. Ríkisstjórnin sýndi engin merki um viðbrögð og er engu líkara en hún hafi ekki gert sér grein fyrir þróun mála eða ekki viljað gera það. Stjórnarandstaðan á Alþingi hóf umræðu um þessi mál hvað eftir annað á vettvangi þingsins, lagði fram rökstuddar viðvaranir, krafði ríkisstjórnina um svör og hvatti til aðgerða. Engin viðbrögð komu fram af hálfu ríkisstjórnarinnar, því var gjarnan svarað til að allt væri í góðu lagi og engar ástæður til að hafa áhyggjur af þróun mála. Í mars 2008 sagði forsætisráðherra í ræðu á Alþingi að botninum væri náð og fram undan væru bjartir tímar í efnahagsmálum. Sams konar ummæli féllu hjá fleiri fulltrúum stjórnarmeirihlutans á Alþingi á vordögum 2008. Ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn á Alþingi voru í raun fjarri raunveruleikanum í þessum efnum eins og fjölmörg fleiri dæmi úr umræðu síðustu mánaða sýna.

Fram hefur komið að forustumönnum ríkisstjórnarinnar, forsætisráðherra og utanríkisráðherra, var gerð grein fyrir alvarleika málsins á fundi með aðalseðlabankastjóra í febrúar sl. Eftir að þessar upplýsingar komu fram upplýstu forustumennirnir að einir sex fundir hefðu verið haldnir um málin, sá fyrsti 6. febrúar með aðalseðlabankastjóra. Það undarlega er að öðrum ráðherrum ríkisstjórnarinnar, t.d. iðnaðarráðherra, sem var staðgengill utanríkisráð-

herra í veikindum hennar, og viðskiptaráðherra var, að þeirra sögn, ekki kunnugt um þessa fundi. Þeir hvorki sátu þessa fundi né var sagt frá þeim. Rétt er einnig að taka fram að formönnum stjórnarandstöðunnar, sem sátu marga svokallaða samráðsfundi með forustumönnum ríkisstjórnarinnar frá byrjun október sl., var aldrei skýrt frá þessum fundum eða innihaldi þeirra.

Á samráðsfundi formanna stjórnarandstöðuflokkanna með forsætisráðherra og utanríkisráðherra í maí sl. um sérstaka lántökuheimild til ríkisstjórnarinnar sem Alþingi veitti upp á 500 milljarða kr. yfirdráttarheimild hjá seðlabönkunum á Norðurlöndum voru heldur engar upplýsingar veittar um áðurnefnda fundi eða samtöl.

Eitt af því sem fram hefur komið er að aðalbankastjóri Seðlabanka Íslands hafi í júní sl. sagt við ráðherra ríkisstjórnarinnar að engar líkur væru á að íslenska bankakerfið gæti staðið af sér það ástand sem fram undan væri. Enginn ráðherra kannast við að hafa fengið slíkar viðvaranir, þar stendur orð gegn orði og það er krafa minni hlutans að sannleikurinn í þessu máli komi fram. Þetta er lýsandi dæmi um samskipti ráðamanna, ástandið og vinnubrögð stjórnvalda.

Minni hlutinn telur að viðskiptaráðherra hafi sofið á verðinum hvað varðar eftirlitsskyldu sína. Hann hefur sjálfur lýst því að hafa ekki átt bein samskipti við yfirstjórn Seðlabanka Íslands í tæpt ár, frá því í nóvember 2007. Svo virðist sem viðskiptaráðherra hafi verið haldið utan við fundi ráðherra ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans þegar fjallað var um málefni viðskiptabankanna. Skýrasta dæmið um það er aðdragandinn að þeirri ákvörðun að ríkissjóður eignaðist stóran hlut í Glitni undir lok september sl. Minni hlutinn krefst þess að fram komi skýringar á þessum vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar.

Fullyrða má að einhver dýrasti misskilningur sem um getur á síðari tímum hafi átt sér stað í samskiptum viðskiptaráðherra annars vegar og fjármálaráðherra hins vegar við fjármálaráðherra Bretlands. Þessir tveir ráðherrar áttu hvor sitt samtalið við breska ráðherrann um málefni Landsbankans. Fjármálaráðherra taldi sig vera að ræða um lántöku Landsbanka Íslands hf. hjá ríkissjóði en breski fjármálaráðherrann taldi að ríkisstjórn Íslands væri að hafna boði bresku ríkisstjórnarinnar um að gegn tiltekinni greiðslu mundu þarlend stjórnvöld taka allar skuldbindingar Icesave-reikninganna á breska innlánstryggingakerfið og þar með hlífa Íslandi við þeim gífurlega kostnaði sem var fyrirséður og stjórnvöldum beggja landa fullljós. Ljóst virðist að fjármálaráðherra hafi ekki verið skýrt frá fundarefni viðskiptaráðherra Íslands með breska fjármálaráðherranum í lok ágúst sl. þar sem umfjöllunarefnin voru Icesave-reikningar Landsbanka Íslands í Bretlandi. Furðulegt má telja að ekki skuli vera til minnisblöð um þennan fund, sbr. svör viðskiptaráðherra við fyrirspurn á Alþingi um það mál.

Misskilningurinn lá í því að verið var að fjalla um tvö mismunandi málefni bankans án þess að aðilar málsins gerðu sér grein fyrir því á þeim tíma. Afleiðingin varð beiting svonefndra hryðjuverkalaga á Landsbankann í Bretlandi og eignir íslenskra fyrirtækja þar í landi, sem leiddi til þess að íslenska þjóðin mun að öllum líkindum sitja uppi með hundraða milljarða króna skuldbindingar til framtíðar. Þetta er lýsandi dæmi um samskiptaleysið og vinnubrögðin hjá ráðherrum ríkisstjórnarinnar eins og það blasir við minni hlutanum.

Fall viðskiptabankanna þriggja.

Með samþykkt svokallaðra neyðarlaga 6. október sl. var staðfest að íslenska ríkið yfirtæki viðskiptabankana þrjá, Landsbanka Íslands hf., Glitni hf. og Kaupþing banka hf. Næstu dagana þar á eftir voru skipaðar svonefndar skilanefndir sem tóku yfir alla starfsemi bankanna og á sama tíma stofnaði íslenska ríkið þrjá innlenda viðskiptabanka á grunni þeirra gömlu. Atburðarásin og vinnubrögðin sem viðhöfð voru í kjölfarið eru gagnrýnisverð. Þingmenn

fengu sínar upplýsingar meira og minna af blaðamannafundum ráðherra og úr umfjöllun í erlendum og stundum innlendum fjölmiðlum. Þessi vinnubrögð eru óásættanleg og það að Alþingi hafi verið haldið frá umfjöllun um málið er í hæsta máta andlýðræðislegt.

Ríkisstjórnin og Seðlabanki Íslands gengu frá samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um aðgerðaáætlun í efnahagsmálum og lánveitingar sjóðsins til að efla gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans. Í aðdraganda þess var farið með málið sem hernaðarleyndarmál. Alþingi fékk engar upplýsingar um málið þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um bæði á Alþingi og í þingnefndum. Á sama tíma var byrjað að vinna eftir áætluninni, fyrst með mikilli hækkun stýrivaxta úr 12 í 18%. Sú aðgerð var reyndar harðlega gagnrýnd og stjórnvöld og einstakir ráðherrar vísuðu hver á annan í ábyrgð á þeim gjörningi þar til Seðlabankinn neyddist til að gefa út yfirlýsingu um að þessi stýrivaxtahækkun væri að kröfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og samkvæmt samkomulagi sem enn hefði ekki verið birt. Þrátt fyrir alla leyndina gagnvart Alþingi komst eitt dagblaðanna að lokum yfir samkomulagið við sjóðinn og áætlunina sem íslenskum stjórnvöldum væri gert að fylgja og birti hana. Það voru fyrstu upplýsingar sem alþingismenn fengu um samkomulag íslenskra stjórnvalda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þessi vinnubrögð eru afar gagnrýnisverð og lýsa lítilsvirðingu af hálfu framkvæmdarvaldsins gagnvart Alþingi. Stjórnarmeirihlutinn ber alla ábyrgð á því. Þegar Alþingi fjallaði loks um samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn fengust takmarkaðar grunnupplýsingar um málið. Á fundum fjárlaganefndar fengust engar upplýsingar eða gögn um forsendur, svo sem áætlanir o.fl. Minni hlutinn vísar í gagnrýni sína á þessi vinnubrögð í nefndaráliti sínu um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu Alþingis á samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þá er enn fremur gagnrýnt að ríkisstjórnin skuli í upphafi hafa bundið sig við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og ýtrustu skilmála hans í stað þess að leita annarra valkosta í stöðunni. Ýmsir sérfræðingar, bæði innan lands og utan, hafa bent á að til væru aðrar leiðir sem hefði mátt skoða sem lausn á þeim vanda sem upp var kominn.

Staðan óljós.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur fjallað um bráttólánsþörf ríkissjóðs vegna skuldbindinga innlánsreikninga Landsbankans í Hollandi og Bretlandi. Sjóðurinn metur það svo að um sé að ræða verulegar skuldbindingar sem hlaupi á mörgum milljörðum króna. Niðurstaðan fer eftir því hvert virði eigna bankans verður til að mæta innlánum. Ljóst er þó að greiðsluábyrgðin fellur strax til en andvirði eignasölunnar innleysist væntanlega á nokkrum árum. Í því sambandi þarf að hafa í huga erfitt ástand á alþjóðlegum fjármálamörkuðum sem gefur ekki góðar vonir um að skuldbindingar ríkissjóðs verði í lágmarki á næstunni. Það er ljóst að meginástæða þess að ríkissjóður mun þurfa að bera þungar byrðar af þessum málum er fjármögnunarstefna Landsbankans sem Fjármálaeftirlitið lét viðgangast án þess að vara á nokkurn hátt opinberlega við þeim afleiðingum sem hún kynni að hafa. Því til viðbótar er ekki ljóst af viðtölum við fulltrúa stjórnvalda hvort þeim var gerð grein fyrir áhættunni fyrr en í óefni var komið. Þetta er enn eitt dæmið um vinnubrögðin og andvaraleysið hjá ríkisstjórninni. Minni hlutinn gagnrýnir ógagnsæi í vinnubrögðum og undirlægjuhátt íslenskra stjórnvalda gagnvart Bretum og öðrum Evrópuþjóðum. Stjórnvöld létu kúga sig í þessu máli þvert á gefnar yfirlýsingar.

Það er ljóst að tap lífeyrissjóða er verulegt, a.m.k. til skemmri tíma, og lýsir minni hlutinn miklum áhyggjum af því að stór hluti þess verði varanlegur. Leiða má líkur að því að það sem af er árinu 2008 kunni tap sjóðanna til skemmri tíma að nema allt að 200–300 milljörðum kr., eða sem nemur nálægt 15–20% af hreinni eign þeirra í árslok 2007. Þess ber þó að geta að viðsnúningur á mörkuðum getur minnkað þetta óinnleysta tap verulega, en

engu síður veldur þróunin minni hlutanum verulegum áhyggjum og telur hann að þessi þróun stafi að miklu leyti af andvaraleysi stjórnvalda. Staða lífeyrissjóðanna getur valdið því að þeim reynist erfiðara að koma til móts við þann mikla lánsfjárvanda sem getur myndast hér innan lands.

Að venju var frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2009 lagt fram á Alþingi í upphafi þings í byrjun október og eftir fyrstu umræðu um frumvarpið fór það til umfjöllunar í fjárlaganefnd, í samræmi við þingsköp Alþingis. Þar með hafði framkvæmdarvaldið skilað frumvarpinu til umfjöllunar og afgreiðslu Alþingis. Nánast í sama mund féllu viðskiptabankarnir og þá hófst sú atburðarás sem allir þekkja. Minni hlutinn gagnrýnir harðlega meðferð málsins eftir að frumvarpið var komið til umfjöllunar á vettvangi Alþingis. Margar vikur liðu án þess að fjárlaganefndin fjallaði að nokkru marki um frumvarpið. Fjármálaráðherra og ríkisstjórnin tóku málið í sínar hendur með stuðningi stjórnarmeirihlutans. Þar var unnið að breytingum á frumvarpinu og það nánast endursamið án þess að fjárlaganefnd í heild, hinn lögformlegi vettvangur, kæmi á nokkurn hátt að verkinu. Það var ekki fyrr en fulltrúar fjármálaráðuneytisins mættu á fund fjárlaganefndar fimmtudaginn 11. desember að fjárlaganefndinni voru kynntar tillögur ríkisstjórnarinnar um stórfelldan niðurskurð á gjaldahlið frumvarpsins. Enginn tími var gefinn til umræðna um frumvarpið í fjárlaganefnd, hvað þá að tími hafi verið gefinn til að leggja mat á áhrif einstakra tillagna, t.d. með því að ræða við aðila sem viðkomandi tillögur varða. Þetta vinnulag er lýsandi fyrir ríkisstjórnina og stjórnarmeirihlutann. Alþingi er haldið markvisst frá málum meðan framkvæmdarvaldið kokkar niðurstöður bak við luktar dyr.

Minni hlutinn gagnrýnir þessi vinnubrögð og lýsir fullri ábyrgð á hendur stjórnarmeirihlutanum á Alþingi.

Minni hlutinn vísar til yfirlýsingar formanns og varaformanns fjárlaganefndar frá síðasta ári um bætt vinnulag við fjárlagagerðina sem vissulega hefur ekki gengið eftir. Það fólst í því að fjárlaganefndin yrði mun virkari við gerð fjárlaga en áður hafði verið. Hins vegar telur minni hlutinn að mikil ástæða hefði verið til þess að nefndin fylgdist betur með ástandi mála og drægi fram þá þætti sem máli skipta við fjárlagagerðina. Það var ekki gert.

Meiri hluti nefndarinnar ákvað að afgreiða frumvarpið úr nefndinni 12. desember eftir að nefndin hafði haft breytingartillögur ríkisstjórnarinnar til umfjöllunar í rúman sólarhring og haldið þrjá stutta fundi um málið. Minni hlutinn lagði fram ýmsar spurningar um efni frumvarpsins. Svörin sem bárust voru vægast sagt fátækleg. Í fylgiskjölum með þessu nefndaráliti koma fram spurningar sem minni hlutinn lagði skriflega fram á fundi fjárlaganefndar og svör fjármálaráðuneytisins við þeim. Enn fremur er sem fylgiskjal bréf minni hlutans til Seðlabankans og fjármálaráðuneytisins um tilgreindar grundvallarforsendur fjárlagafrumvarpsins og væntir minni hlutinn svara við því bréfi áður en fjárlaganefnd lýkur umfjöllun sinni um fjárlagafrumvarpið fyrir 3. umræðu.

Af þeim svörum sem minni hlutinn fékk við spurningum sínum má ráða að ekki liggja fyrir nauðsynlegar forsendur fyrir frumvarpinu eins og það er nú. Ekki er búið að endurmeta þjóðhagsspá sem er einn mikilvægasti grunnur fjárlagagerðarinnar. Ekki liggja fyrir greiðsluáætlanir, engin rekstraráætlun, engin stefnumótun til framtíðar, ekki er búið að meta hvert hagkvæmasta skuldahlutfall ríkissjóðs er, lánakjör liggja ekki fyrir, engin áætlun um mögulega endurfjármögnun lána eða kjör vegna þess. Ekki liggur fyrir áætlun um það hvernig þjóðarbúið vinni sig út úr stöðunni á tveimur til þremur árum, eins og samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn kveður á um. Í rauninni skilar ríkisstjórnin auðu varðandi margar grunnforsendur frumvarpsins. Minni hlutinn lagðist gegn því að fjárlaganefnd afgreiddi frá sér frumvarpið til 2. umræðu vegna þess að þar sem mikilvægar upplýsingar vantar hafi

nefndin ekki haft þær forsendur sem þarf til þess að fjalla um frumvarpið eða breytingar á því. Minni hlutinn gagnrýnir harðlega þessi vinnubrögð og krefst þess að frekari upplýsingar og gögn liggi fyrir þegar fjárlaganefnd fjallar um frumvarpið fyrir 3. umræðu.

Minni hlutinn telur algjörlega ábyrgðarlaust að afgreiða fjárlagafrumvarpið eftir 3. umræðu sem lög frá Alþingi fyrr en grunnupplýsingar um áætlun um heildarskuldir, lánakjör, afborganir, lánstíma, fjárlagahallann og fjármögnun hans liggur fyrir. Stjórnarandstaðan leggst gegn því að fjárlög verði afgreidd fyrr en betri upplýsingar liggja fyrir, þó að það dragist til síðasta dags ársins.

Forsendur og lykiltölur frumvarpsins vantar.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 11. desember 2008, sem fylgdi breytingartillögum ríkisstjórnarinnar við frumvarpið, kemur fram að eftir þá atburði sem orðið hafa í efnahagsmálum frá því að frumvarpið var lagt fram hafi verið horfur á því að halli ríkissjóðs gæti nálgast 215 milljarða kr. árið 2009. Til að koma í veg fyrir að hallinn væri svo mikill væri ráðist í þær aðgerðir sem felast í breytingartillögunum. Jafnframt kemur fram að í þeirri efnahagsáætlun sem unnin var í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn væri gert ráð fyrir að hallinn yrði ekki meiri en sem nemur 165–170 milljörðum kr. á greiðslugrunni. Því fælu breytingartillögurnar í sér aðgerðir upp á 45 milljarða kr. til að mæta þessu. Fram kemur einnig að í tillögum ríkisstjórnarinnar væri gengið út frá því grundvallarviðmiði að samdráttur í útgjöldum komi minna niður á velferðarkerfinu, menntakerfinu, heilbrigðiskerfinu og löggæslu, en þess í stað væri meiri áhersla lögð á hagræðingu í rekstri ráðuneyta og stjórnsýslustofnana, auk þess sem dregið væri úr vissum tilfærsluframlögum og fallið yrði frá nokkrum hluta framkvæmda sem áformaðar voru í fjárlagafrumvarpinu.

Minni hlutinn bendir á að enn vantar allar upplýsingar um áætlaða stöðu einstakra stofnana og verkefna í árslok 2008. Þessar upplýsingar hafa ekki borist þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þar um. Frumvarp til fjáraukalaga hafði ekki verið birt þegar fjárlaganefnd Alþingis afgreiddi frumvarp til fjárlaga 2009 til 2. umræðu. Því er ógjörningur að gera sér grein fyrir niðurstöðu tekna og gjalda ársins 2008 og hefðu þær upplýsingar átt að liggja fyrir nefndinni mun fyrr. Minni hlutinn gagnrýnir þessi vinnubrögð harðlega og telur þetta enn eitt dæmi þess að ekki hafi verið forsvaranlegt að afgreiða frumvarpið með þeim hætti sem gert var.

Í tillögum ríkisstjórnarinnar er lagt til að tekjuskattur einstaklinga verði hækkaður um 1 prósentustig. Með því áætlar ríkisstjórnin að tekjur ríkissjóðs hækki um 7 milljarða kr. frá því sem áður var áformað. Þá er lagt til að útsvarsprósenta sveitarfélaga hækki um 0,5%. Engu síður er áætlað að álagðar tekjur lækki um tæplega 55 milljarða kr. frá því sem tekjuáætlun í frumvarpinu gerir ráð fyrir. Helstu liðir sem lækka eru virðisaukaskattur, 17 milljarðar kr., 12 milljarðar kr. í vaxtatekjum, 10 milljarðar kr. í fjármagnstekjuskatti og 5 milljarðar kr. vegna tekjuskatts lögaðila.

Þrátt fyrir þær breytingartillögur sem ríkisstjórnin lagði fram, og meiri hluti fjárlaganefndar hefur gert að sínum, vantar enn mikið upp á að fyrir liggi heildarmynd af frumvarpinu. Enn hafa ekki komið fram tillögur varðandi vissa útgjaldaliði. Um er að ræða vaxtagjöld af auknum skuldum sem ríkissjóður þarf að taka á sig. Einnig vantar endurmat á verðlags- og gengisforsendum, en horfur eru á að þau áhrif verði mjög íþyngjandi. Þá er í fyrirliggjandi breytingartillögum ekki gert ráð fyrir breytingum á öðrum liðum sjóðstreymis eða á 5. gr., lánsfjárgrein frumvarpsins, né á 6. gr., heimildagreininni. Breytingartillögur er varða þessa liði verða lagðar fram fyrir 3. umræðu.

Minni hlutinn hefur leitast við að leggja mjög lauslegt mat á lánsfjárþörf ríkissjóðs, en tekur fram að allar grunnforsendur vantar til að matið geti talist nákvæmt og auk þess er ekki

tekið tillit til krafna ríkisins. Í lok október sl. námu skuldir ríkissjóðs 564,3 milljörðum kr. Ekki liggur fyrir hver afkoma ríkissjóðs verður á árinu 2008, en fram komnar upplýsingar benda til halla. Í upphafi árs 2009 nema skuldir a.m.k. 560 milljörðum kr. Halli ríkissjóðs samanlagt til ársloka 2011 gæti hugsanlega numið 500 milljörðum kr., eða tæplega útgjöldum fjárlaga eins árs, verði ekki gripið til róttækra aðgerða í ríkisfjármálum. Þar af má gera ráð fyrir að halli á fjárlögum 2009 geti numið allt að 200 milljörðum kr. Þennan hallarekstur þarf að fjármagna innan lands þar sem aðgengi að fjármagni erlendis er takmarkað eða jafnvel ekki fyrir hendi.

Endurfjármögnunarþörf nýju ríkisbankanna nam um 385 milljörðum kr. Ætla má að endurfjármögnunarþörf Seðlabanka Íslands muni nema um 150 milljörðum kr. og fjármögnun vegna ábyrgða Icesave í Bretlandi og Hollandi nemi allt að 660 milljörðum kr. Þá er ekki tekið tillit til hugsanlegrar fjármögnunar innlánsreikninga bankanna í öðrum löndum. Fjármögnunarþörf ríkisins til ársloka 2011 mun samkvæmt þessu lauslega mati nema a.m.k. 1.700 milljörðum kr., sé gengið út frá fyrrgreindum forsendum. Enn fremur má benda á að í ljós hefur komið að hollensk stjórnvöld hafa undirritað viljayfirlýsingu um að fjármagna Icesave-innlán þar í landi fyrir íslensk stjórnvöld en ekki liggur fyrir lánssamningur.

Miðað við þessar forsendur og að kostnaður af fjármögnun ríkisskuldabréfa nemi 13–17% á 5–10 ára skuldabréfum má gera ráð fyrir að vaxtagjöld geti numið á þriðja hundrað milljarða kr. til ársloka 2011. Hjaðni verðbólga eins og áætlanir gera ráð fyrir mun draga úr þessum vaxtakostnaði. Minni hlutinn vekur athygli á því að ef bankarnir geta ekki fjármagnað vandamál sem upp eru komin í íslensku atvinnulífi mun koma til kasta ríkissjóðs. Fjárþörf ríkissjóðs kann því að verða önnur en hér kemur fram. Óvissa ríkir um hvenær eignir bankanna erlendis verða innleystar, hvaða verðmæti er um að ræða og hvaða áhrif þær koma til með að hafa á skuldbindingar ríkissjóðs.

Endanleg tillaga að tekjuáætlun frumvarpsins liggur ekki fyrir og því ógerningur að gera tillögur um útgjöld eins og er. Miðað við þær tillögur og þau gögn sem fyrir liggja er það álit minni hlutans að tekjuáætlun sé ofmetin. Í því felst fyrst og fremst að minni hlutinn telur að tekjuskattar lögaðila og einstaklinga séu ofmetnir. Viðskiptabankarnir þrír sem féllu í byrjun október skiluðu rúmlega 13 milljarða kr. tekjum í ríkissjóð á árinu 2008. Auk þess hefur orðið mikill samdráttur í atvinnustarfsemi í landinu sem mun skila minni tekjum til ríkissjóðs. Minni hlutinn telur að áhrifin af þessum miklu breytingum séu vanmetin í tekjuáætlun og að tekjur ríkissjóðs verði minni en gert er ráð fyrir.

Samkvæmt breytingartillögum meiri hlutans verður tekjuskattur einstaklinga hækkaður um eitt prósentustig um næstu áramót. Þannig á að velta byrðunum yfir á vinnandi fólk í landinu. Hins vegar vekur minni hlutinn athygli á því að ekki er gert ráð fyrir svonefndum hátekjuskatti, sem minni hlutinn telur að gæti verið leið til að jafna byrðar á landsmenn. Þá eru engar breytingar lagðar til á tekjuskatti lögaðila né á fjármagnstekjuskatti. Minni hlutinn vekur athygli á því að í þessum efnum kemur skýrt fram stefna Sjálfstæðisflokksins sem Samfylkingin styður af heilum hug.

Minni hlutinn gagnrýnir stefnuleysi ríkisstjórnarinnar í ríkisrekstrinum. Þetta stefnuleysi kristallast í breytingartillögunum. Í breytingartillögum meiri hlutans kemur fram að fjárheimildir ráðuneyta og stjórnsýslustofnana eru skornar niður almennt um 5%. Fjárheimildir stofnana sem vinna að velferðar- og menntamálum, auk lögreglunnar, eru einnig skornar niður. Minni hlutinn gagnrýnir þessa aðferðafræði og bendir á að stofnanir eru mjög misjafnlega staddar fjárhagslega. Margar stofnanir, sérstaklega á sviði heilbrigðsmála, hafa átt við mikinn rekstrarvanda að glíma. Ekkert tillit er tekið til þess. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram komu í áliti minni hluta heilbrigðisnefndar glíma heilbrigðisstofnanir, að Land-

spítala undanskildum, við 2,2 milljarða kr. áætlaðan halla á árinu 2008. Þar af er áætlaður halli öldrunarstofnana 1 milljarður kr. Jafnframt er áætlað að hallinn á rekstri Landspítala verði nálægt 2 milljörðum kr. í árslok 2008 en rekstrarniðurstaðan var neikvæð um 450 milljónir kr. árið 2007. Eins og fram hefur komið hefur minni hlutinn ekki fengið í hendur frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2008 og hefur því ekki upplýsingar um hver vandinn nákvæmlega er og hvort eða hvernig tekið verður á rekstrarstöðu þessara stofnana.

Þá bendir minni hlutinn á að í breytingartillögunum er gert ráð fyrir að stórauka byrðar á sjúklinga og aðra sem mest eru háðir velferðarþjónustu. Það birtist m.a. í hækkun á komugjöldum hjá heilbrigðisstofnunum og aukinni greiðsluþátttöku sjúklinga í lyfjum.

Á útgjaldahlið breytingartillagnanna kemur fram niðurskurður fjárheimilda frá því í frumvarpinu á nánast alla fjárlagaliði. Verið er að draga úr alls konar starfsemi og þjónustu á öllum sviðum. Gera má ráð fyrir að aðgerðirnar valdi auknu atvinnuleysi meðal fólks sem starfar á vegum ríkisins eða er í störfum sem fjármögnuð eru af fjárheimildum fjárlaga. Verið er að skera niður ýmsar fjárheimildir á sviði rannsókna, nýsköpunar og atvinnuþróunar á sama tíma og aldrei hefur verið jafnmikil þörf fyrir þróttmikið starf á þessum sviðum. Niðurskurður ýmissa fjárheimilda vegna starfsemi á þeim svæðum landsins þar sem samdráttur og fólksfækkun hefur verið síðustu ár mun væntanlega ýta enn frekar undir þá þróun í stað þess að veita viðspyrnu.

Fjárhagur sveitarfélaganna er skilinn eftir í uppnámi þar sem almenn framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga munu skerðast mjög verulega og ekki er gert ráð fyrir aukaframlagi í sjóðinn, en sveitarfélögin hafa lagt þunga áherslu á slíkt framlag til að geta staðið við lögbundna þjónustu sína.

Við núverandi aðstæður blasir við að atvinnuleysi mun aukast verulega í landinu og lýsir minni hlutinn yfir áhyggjum sínum yfir því að Atvinnuleysistryggingasjóður ráði ekki að óbreyttu við það ástand sem fram undan er.

Framtíðin óljós.

Við blasir að áhrifin af falli viðskiptabankanna, aðgerðum og aðgerðaleysi ríkisstjórnar og stjórnvalda verða þau að mörg erfið ár eru fram undan í ríkisfjármálum, sem mun hafa mikil áhrif á þjóðfélagið allt í framtíðinni. Ef miðað er við samkomulagið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn má gera ráð fyrir sársaukafullum niðurskurði ríkisútgjalda á næstu árum, sérstaklega árið 2010. Við blasir mikið tekjufall hjá ríkissjóði og því miður eru ekki horfur á verulegri tekjuaukningu á næstunni, m.a. vegna þess að útflutningstekjur munu eitthvað dragast saman í nánustu framtíð vegna lækkandi afurðaverðs á erlendum mörkuðum. Það á t.d. við um heimsmarkaðsverð á áli og verð á verðmætustu sjávarafurðunum.

Minni hlutinn leggur áherslu á að rammi ríkisfjármála verði styrktur með fjögurra ára áætlunum. Jafnframt er bent á að bæta þarf afkomu ríkissjóðs verulega hvert ár næstu 15 árin miðað við tiltekið raunvaxtastig til að svokölluð sjálfbærni skulda nái fram að ganga, eins og kveðið er á um í samkomulaginu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Minni hlutinn leggur áherslu á að sveitarfélögin eru misvel sett til að takast á við efnahagsástandið og það mun reyna verulega á fjármál sveitarfélaganna næstu árin.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi atvinnufyrirtækja er lögð til lenging lána, niðurfærsla skulda, breyting lána í eigið fé o.fl. Margt bendir til að hratt geti gengið á eigið fé nýju ríkisbankanna ef mikið verður um slíkar aðgerðir. Minni hlutinn lýsir áhyggjum af þeim takmörkunum sem felast í samkomulaginu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um að hið opinbera muni ekki taka á sig frekari skuldbindingar vegna bankakreppunnar. Ef þetta ákvæði er túlkað þröngt hefur ríkissjóður ekki tækifæri til að veita meira

eigið fé í bankana og ekki heldur veita víkjandi lán. Möguleikar til að styðja við atvinnulífið og fjármál einstaklinga geta því takmarkast umfram það sem kann að reynast þjóðhagslega hagkvæmt ef tilteknar aðstæður myndast. Í þessu sambandi er minnt á að bankarnir innleystu verulegt tap þegar þeir keyptu skuldabréf peningamarkaðssjóða. Jafnframt má gera ráð fyrir að eigið fé Seðlabanka Íslands reynist neikvætt í ársuppgjöri fyrir árið 2008. Þá liggur ekki fyrir með hvaða hætti litið er til Íbúðalánasjóðs og fjárhagsgetu hans í þessu samhengi.

Minni hlutinn gagnrýnir ríkisstjórnina fyrir að hafa ekki komið fram með trúverðugar áætlanir. Ýmsar ráðstafanir hafa ekki verið traustvekjandi, svo sem það sem lýtur að málefnum Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitsins og bankanna, bæði gömlu og nýju. Fjármálaeftirlitið sinnir ekki sem skyldi upplýsingamiðlun til almennings, svo sem hvað varðar þær leikreglur sem unnið er eftir í málefnum bankanna. Slíkt er beinlínis til þess fallið að draga úr trúverðugleika og er til skaða fyrir alla aðila. Minni hlutinn telur að stórefla þurfi allt eftirlit með fjármálastofnunum og breyta fyrirkomulagi þess. Meðal annars hefur komið í ljós að álagspróf Fjármálaeftirlitsins þjónuðu ekki hlutverki sínu heldur gáfu stjórnvöldum og þegnum landsins misvísandi skilaboð um raunverulega stöðu bankanna og hvað væri í vændum.

Minni hlutinn krefst þess að stjórnarmeirihlutinn sjái til þess að Alþingi hafi með höndum það hlutverk sem því er ætlað samkvæmt lögum og samkvæmt stjórnarskrá í stað þess að örfáir einstaklingar úr röðum ráðherra ríkisstjórnarinnar haldi öllum málum í sínum höndum. Minni hlutinn leggur áherslu á að við þær aðstæður sem nú eru komnar upp sé eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmd fjárlaga enn mikilvægara en áður. Því er þörf á að fjárlaganefnd sinni því hlutverki af festu.

Lokaorð.

Breytingartillögur meiri hluta fjárlaganefndar og fjárlagafrumvarpið sjálft er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans. Staða efnahagsmála og ríkisfjármála og horfur þeirra til framtíðar er að mestu leyti á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin hefur ekki tekið mark á eða brugðist við ítrekuðum viðvörunum um hvert hefur stefnt og ekkert mark tekið á ýmsum merkjum um þróun mála síðustu átján mánuði. Framganga ríkisstjórnarinnar er og verður þjóðinni dýrkeypt, ábyrgð ríkisstjórnarinnar er mikil. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2009, eins og það liggur fyrir við 2. umræðu á Alþingi, styðst ekki við grundvallarforsendur og áætlanir. Þrátt fyrir óskir þar um hafa slík gögn ekki verið lögð fyrir fjárlaganefnd. Minni hluti fjárlaganefndar átelur vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans við vinnslu frumvarpsins og telur að Alþingi skorti enn mikilvæg gögn til þess að geta fjallað um frumvarpið og lagt mat á breytingartillögur meiri hlutans.

Alþingi, 14. des. 2008.

Jón Bjarnason, frsm. | Guðjón A. Kristjánsson. | Magnús Stefánsson.

Fylgiskjal I.

Spurningar minni hluta fjárlaganefndar sem beint var til fjármálaráðuneytisins og svör fjármálaráðuneytisins við þeim.

1. *Hefur verið gerð ný þjóðhagsspá? Óskað er eftir að hún verði lögð fram.*
   Svar: Sú endurskoðun á þjóðhagsspá sem miðað er við á þessu stigi er í öllum helstu forsendum eins og áætlunin sem unnin var með IMF og birt hefur verið. Endurskoðuð þjóðhagsspá fjármálaráðuneytis verður birt í janúar að vanda.

2. *Hafi ekki verið gerð ný þjóðhagsspá er óskað eftir því að tekið verði saman yfirlit yfir allar forsendur fjárlaga.*
   Svar: Sjá svar 1.

3. *Hver er væntanleg rekstrarniðurstaða ríkissjóðs árið 2008? Verður halli ársins 20, 50 eða 100 milljarðar króna?*
   Svar: Útkoman mun koma fram í frumvarpi til fjáraukalaga 2008, sem lagt verður fram í næstu viku.

4. *Óskað er eftir rekstraráætlun fyrir ríkissjóð fyrir næstu 4 árin.*
   Svar: Fyrirhugað er að vinna nýja langtímaáætlun um ríkisfjármálin sem gert er ráð fyrir að liggi fyrir í kringum mitt næsta ár í samræmi við samkomulag við IMF.

5. *Óskað er eftir greiðsluáætlun fyrir ríkissjóð næstu 4 árin.*
   Svar: Fyrirhugað er að vinna nýja langtímaáætlun um ríkisfjármálin sem gert er ráð fyrir að liggi fyrir í kringum mitt næsta ár í samræmi við samkomulag við IMF.

6. *Hvað má ætla að vaxtagjöld nemi háum fjárhæðum ár hvert næstu 4 árin?*
   Svar: Ný áætlun um vaxtagjöld ríkissjóðs fyrir árið 2009 verður kynnt í tillögum fyrir 3. umræðu fjárlagafrumvarpsins 2009. Áætlun fyrir árin þar á eftir verður unnin áfram á næstunni og í tengslum við nýja langtímaáætlun um ríkisfjármálin.

7. *Að undanförnu hafa erlend matsfyrirtæki lækkað lánshæfismat ríkissjóðs. Hvaða áhrif hefur það á fjárlagavinnuna nú í ár og á næstu árum?*
   Svar: Hefur í sjálfu sér ekki áhrif á fjárlagavinnuna sem slíka en fjármögnunarkostnaður ríkissjóðs getur orðið hærri fyrir vikið.

8. *Eru bankarnir í stakk búnir til að fjármagna vandamál atvinnulífsins eða mun ríkissjóður koma að þeim málum? Ef svo er, hversu háan vanda má gera ráð fyrir að fjármagna þurfi?*
   Svar: Mikil óvissa er um afkomuhorfur atvinnulífsins og mismunandi greina til skemmri tíma litið en þess er vænst að fjármögnun verði frá bankakerfinu.

9. *Í samningunum við bændur eru ákvæði um verðlagsuppfærslur búvörusamninganna. Verða samningarnir uppfærðir að hluta eða í heild samkvæmt verðlagsbreytingum eða ekki?*

Svar: Gert er ráð fyrir verðbætur á búvörusamninga í heild verði óbreyttar frá því sem miðað var við í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2009, eða 5,7% að meðaltali yfir árið.

10. *Er gert ráð fyrir öllum tekjum ríkissjóðs í tekjuáætlun sem lögð var fyrir fjárlaganefnd í morgun eða má vænta breytinga á henni, og þá hverra og hvaða fjárhæðir er um að ræða?*
Svar: Mögulegt er að komi til frekari breytinga á tekjum ríkissjóðs við 3. umræðu.

11. *Hvað námu skatttekjur ríkissjóðs af tekjusköttum viðskiptabankanna þriggja hárri fjárhæð árið 2007? Hvað voru þær áætlaðar háar á þessu ári?*
Svar: Álagning ríkisskattstjóra á viðskiptabankana þrjá árið 2007 nam 11,4 ma.kr. á grundvelli hagnaðar ársins 2006. Álagning fyrir árið 2008 á grundvelli tekna ársins 2007 er metin nema 13,6 ma.kr. árið 2008. Í uppfærðu fjárlagafrumvarpi er miðað við að viðskiptabankarnir þrír greiði engan tekjuskatt árið 2009 á grundvelli hagnaðar ársins 2008.

12. *Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu og umræðu um mikinn rekstrarvanda fyrirtækja, falls bankanna, má þá ætla að tekjuskattur lögaðila lækki einungis um 5,1 milljarð kr. milli frumvarps og ríkisstjórnartillagna?*
Svar: Gert hafði verið ráð fyrir lækkun tekna viðskiptabankanna þriggja í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2009 á grundvelli mats á hagnaði þeirra árið 2008.

13. *Verðlagsuppfærslu fjárlaga vantar inn í áætlunina sem afhent var í morgun, vaxtagjöld ríkissjóðs. Hvað vantar fleira inn í gjaldaáætlun 2009 og um hvaða fjárhæðir er að ræða?*
Svar: Tillögur um frekari breytingar á útgjaldahlið verða kynntar fyrir 3. umr. frumvarpsins. Að vanda verða þær tillögur kynntar fyrst fyrir fjárlaganefnd til umfjöllunar.

14. *Hvaða atriði í tillögum ríkisstjórnarinnar flytjast yfir í þriðju umræðu? 5. gr. fjárlaga, 6. gr. fjárlaga o.fl?*
Svar: Engar tillögur ríkisstjórnarinnar flytjast úr 2. umræðu í 3. umræðu. Eins og fram kom í bréfi til nefndarinnar er fyrirhugað að gera tillögur um breytingar við 5. og 6. gr. frumvarpsins fyrir 3. umræðu.

15. *Í ljósi stóraukins atvinnuleysis og brottflutnings skattgreiðenda úr landi er þá raunhæft að ætla að tekjuskattur dragist ekki meira saman en fram kemur í tillögunum?*
Svar: Skattar á tekjur og hagnað eru áætlaðir að dragast saman um 11,3% að nafnvirði og 19,3% að raunvirði umfram það sem áætlað var í frumvarpinu. Án 1 prósentustigs hækkunar á skatthlutfalli tekjuskatts einstaklinga hefði samdráttur í þeim tekjuskatti numið 16,7% að raunvirði frá því sem lagt var fram í frumvarpinu.

16. *Stendur til að frysta eða fella niður geymdar fjárheimildir?*
Svar: Engan ákvarðanir hafa verið teknar um þetta.

17. *Hver verða framlög í Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2009 miðað við árið 2008? Verður veitt aukaframlagi til Jöfnunarsjóðs líkt og var árið 2008?*
Svar: Tillaga um framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélag samkvæmt endanlegri áætlun um innheimtar skatttekjur næsta árs og útsvarstekjur tekjuársins 2008 verður gerð fyrir 3.

umræðu frumvarpsins. Í stað aukaframlaga sem eru í fjárlögum í ár kemur tímabundin hlutdeild í tekjum af 0,5% hækkun á útsvarsprósentu sveitarfélaga.

18. *Mun ríkissjóður greiða fasteignaskatta til sveitarfélaga eins og gert hefur verið ráð fyrir?*
Svar: Gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði skatta af sínum fasteignum til sveitarfélaga samkvæmt þeim sem gilda á hverjum tíma hingað til sem endranær.

19. *Hvað má áætla að margir einstaklingar missi störf vegna niðurskurðar útgjalda samkvæmt tillögu ríkisstjórnar til breytinga á fjárlagafrumvarpi?*
Svar: Engar áætlanir eru um að fækkun starfa vegna áforma um að draga ríkisútgjöldin nokkuð saman í ljósi horfa um mjög verulega lækkun tekna á næsta ári. Að því marki sem um er að ræða lækkun á rekstrargjöldum verður það útfært nánar hjá ráðuneytum og stofnunum, t.d. í hvaða mæli dregið verði úr ferðakostnaði, búnaðarkaupum, húsnæðiskostnaði, launakostnaði, t.d. yfirvinnu eða vaktkerfum o.s.frv. Mjög víða í ríkisrekstrinum hafa fjárveitingar til rekstrar verið auknar jafnt og þétt undanfarin ár og er svigrúm til að draga saman án þess að fækka störfum, sérstaklega í velferðarþjónustustofnunum og löggæslustofnunum þar sem almennt er stefnt að því að draga um 3% úr útgjaldaaukningu milli ára fremur en 5% eins og í ýmsum stjórnsýslustofnunum.

Fylgiskjal II.

Spurningar minni hluta fjárlaganefndar sem beint var til fjármálaráðuneytisins og svör fjármálaráðuneytisins við þeim.

1. *Óskað er eftir skriflegum skýringatexta með öllum breytingartillögum ríkisstjórnarinnar, sbr. þá lista sem lagðir voru fram á fundi fjármálaráðuneytisins með fjárlaganefnd 11. desember 2008.*
Svar: Skýringartextinn liggur fyrir í tillögunum eins og þær eru afhentar fjárlaganefnd í fjárlagaakerfinu. Þar geta starfsmenn nefndarinnar prentað út skýrslur um tillögurnar með skýringum við hverja þeirra.

2. *Óskað er eftir að tillögur ríkisstjórnarinnar verði settar fram með eftirfarandi hætti: Í fyrsta dálki verði fjárlagafrumvarp 2009, í öðrum dálki breytingatillögurnar og í þeim þriðja áætluð staða viðkomandi fjárlagaliðar í árslok 2008.*
Svar: Þessi framsetning er í samræmi við hefðbundið þingskjal breytingartillagna fjárlaganefndar og geta starfsmenn nefndarinnar prentað skjalið út úr fjárlagakerfinu eins og vanalega.

3. *Óskað er eftir að lögð verði fram rekstraráætlun fyrir ríkissjóð fyrir næstu fjögur árin.*
Svar: Fyrirhugað er að vinna nýja langtímaáætlun um ríkisfjármálin sem gert er ráð fyrir að liggi fyrir í kringum mitt næsta ár í samræmi við samkomulag við IMF.

4. *Óskað er eftir að lögð verði fram greiðsluáætlun fyrir ríkissjóð fyrir næstu fjögur árin.*
Svar: Fyrirhugað er að vinna nýja langtímaáætlun um ríkisfjármálin sem gert er ráð fyrir að liggi fyrir í kringum mitt næsta ár í samræmi við samkomulag við IMF.

5. *Óskað er eftir að lögð verði fram sundurliðun á stofnkostnaðar- og viðhaldsáætlunum sbr. lið 2 hér á undan.*
Svar: Í fjárlagafrumvarpi og breytingartillögum ríkisstjórnar liggja fyrir áætluð útgjöld við einstök stofnkostnaðarverkefni sbr. t.d. tilteknar húsbyggingar eða varðskip. Ef átt er við stofnkostnaðarflokka á borð við vegagerð þá er það ekki sundurliðað í fjárlögum heldur í samgönguáætlun og í endurskoðunum á henni.

6. *Hver er fjármögnunarþörf ríkissjóðs vegna hruns viðskiptabankanna næstu árin?*
Svar: Unnið er að því að ljúka áætlunum um fjármögnun ríkissjóðs á næsta ári, m.a. vegna yfirtöku á bankakerfinu, og verður tillaga um það gerð fyrir 3. umr. frumvarpsins. Meiri óvissa er um forsendur til lengri tíma litið en áfram verður unnið að áætlunum um það m.a. í tengslum við undirbúning að nýrri langtímaáætlun í ríkisfjármálum.

7. *Hver er lausafjárþörf ríkissjóðs næstu árin?*
Svar: Sjá svar 6.

8. *Hvað má ætla að lífeyrisskuldbindingar hækki mikið næstu 4 árin?*
Svar: Þar sem þær lífeyrisskuldbindingar sem ekki er staðið undir með iðgjöldum og færast til gjalda hjá ríkissjóði ráðast að stærstum hluta af grunnlaunum ríkisstarfsmanna eru líkur á að þær aukist ekki að ráði á næsta ári og lækki jafnvel miðað við verðlag. Á hinn bóginn hafa áföll á fjármálakerfið nokkur áhrif á stöðu lífeyrissjóða ríkisstarfsmanna þannig að geta þeirra til að standa undir skuldbindingum gæti orðið eitthvað lakari. Um er að ræða afar flókna útgjaldaþætti sem ætlunin er að gera sérstaka úttekt á næstu mánuði og þá einnig til lengri tíma litið.

9. *Hvert er hagkvæmasta skuldahlutfall ríkissjóðs, þ.e. sem hlutfall af landsframleiðslu?*
Svar: Ætla má að hagkvæmasta skuldsetningarhlufall ríkissjóðs af VLF gæti verið um 0%.

10. *Hver er áætlaður halli (niðurstaða rekstrar) á ríkissjóði árið 2008?*
Svar: Efnisatriði frumvarps til fjáraukalaga, þ.m.t. áætluð afkoma ríkissjóðs í ár, koma fram þegar það verður lagt fram í næstu viku.

11. *Hvaða liði fjáraukalagafrumvarpsins má beinlínis rekja til atburða sem tengjast kreppunni?*
Svar: Efnisatriði frumvarps til fjáraukalaga koma fram þegar það verður lagt fram í næstu viku. Gera má ráð fyrir að á tekjuhlið verði aðallega um að ræða nokkurn samdrátt í tekjum frá því sem reiknað var með í fjárlögum og að á útgjaldahlið verði stærstu liðirnir sem tengjast nýliðnum áföllum á efnahagskerfið, auknar atvinnuleysisbætur og útgreiðslur úr Ábyrgðasjóði launa auk talsverðra áhrifa af gengisfalli íslensku krónunnar.

12. *Hver verður fjármögnunarkostnaður ríkissjóðs á næsta ári? árið 2010?, árið 2011?*
Svar: Ný áætlun um vaxtagjöld ríkissjóðs fyrir árið 2009 verður kynnt í tillögum fyrir 3. umræðu fjárlagafrumvarpsins 2009. Áætlun fyrir árin þar á eftir verður unnin áfram á næstunni og í tengslum við nýja langtímaáætlun um ríkisfjármálin.

13. *Hvað getur ríkissjóður staðið undir háum afborgunum af lánum miðað við tekjur og gjöld fjárlaga eins og þau liggja nú fyrir?*
Svar: Fjárlög ársins 2009 liggja ekki fyrir á þessu stigi þar sem eftir er að setja fram og fjalla um tillögur fyrir 3. umræðu. Tillögur um lánahreyfingar, þ.m.t. lántökur, verða gerðar fyrir 3. umræðu frumvarpsins.

14. *Er unnt að fá samandreginn samanburð á fjárlagafrumvarpinu gamla og þessum tillögum?*
Svar: Í spurningunni kemur ekki fram hvers konar samandregin samanburð á tölum um er að ræða. Starfsmenn nefndarinnar hafa aðgang í fjárlagakerfinu, aðgang að öllum gagnagrunni fjárlagafrumvarpsins og breytingartillögum þar sem fyrir hendi eru bæði skýrslur og fyrirspurnartól til að draga saman og vinna úr gögnunum.

15. *Yfirlýsing gagnvart öldruðum og öryrkjum um persónuafslátt á næsta ári. Hver er staða þess máls?*
Svar: Ekki hefur verið tekin ákvörðun um breytingar frá fyrri áformum um persónuafsláttinn.

16. *Ríkissjóður skuldaði 564.278 milljónir kr. 31. október 2008. Hve stór hluti þeirra er vegna innlána í útibú íslensku bankana erlendis? Hvað mun bætast við af lánum á þessu ári? Hver er áætluð skuldastaða ríkissjóðs í árslok 2008?*
Svar: Þessar upplýsingar liggja ekki nægilega vel fyrir á þessu stigi en verið er að ljúka gerð áætlana sbr. 6.

17. *Hver má halli ríkissjóðs verða árið 2009 samkvæmt samkomulagi við IMF? Hver má halli ríkissjóðs verða á árinu 2008 samkvæmt samkomulagi við IMF?*
Svar: Ekki er beinlínis gert ráð fyrir tilteknum mörkum um tekjuafkomu ríkissjóðs 2009 í samkomulaginu við IMF heldur að lánsfjárþörf verði innan tilgreindra marka, t.d. að hún aukist ekki um meira 12 mia. kr. á fjórða ársfjórðungi yfirstandandi árs. Það þýðir hins vegar að ríkissjóður þarf að ná nægilegum árangri í tekjuafkomu og handbæru fé frá rekstri til þess að þegar fjármunahreyfingum hefur verið bætt við þá verði afleidd lánsfjárþörf innan markanna.

18. *Hver er staða ríkissjóðs samkvæmt fjárlagafrumvarpi með áorðnum breytingartillögum og þekktum stærðum? Eftirfarandi tafla óskast fyllt út í milljörðum króna:*

Halli skv. fjárlagafrumvarpi	*56,9*
Staða halla eftir aðra umræðu?	*93,1*
Vaxtagjöld?	
Verðlagsuppfærslur?	
Gengisbreytingar?	
Skattabreytingar?	

Niðurskurðartillögur, hvaða?
Aðrar breytingar (hverjar)?

Svar: Tölurnar tvær í töflunni um halla í fjárlagafrumvarpinu 2009 og að meðtöldum breytingartillögum sem nú liggja fyrir til 2. umræðu eru rétt lagðar saman. Tillögur um aðrar breytingar svo sem á vaxtagjöldum og frekari verðlagshækkanir koma fram fyrir 3. umræðu frumvarpsins eins og fram kemur í bréfinu til nefndarinnar um tillögur ríkisstjórnarinnar.

Fylgiskjal III.

Bréf frá minni hluta fjárlaganefndar til fjármálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands.

(13. desember 2008.)

Vísað er til þingskjals 189 – 161. máls, sem er tillaga til þingsályktunar um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og lögð var fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009. Jafnframt er vísað til fylgiskjals þingskjalsins, viljayfirlýsingar um áform íslenskra stjórnvalda vegna fjárhagslegrar fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Undirritaður óskar eftir að ráðuneytið beri saman fjárlagafrumvarpið og einstaka liði í fyrrgreindu samkomulagi. Óskað er eftir skriflegri umsögn um:

- Þau atriði í fjárlagafrumvarpinu sem hafa bein áhrif á markmið IMF fyrir ríkisbúskapinn og fjármál þjóðarinnar og hvernig þau standast áform samkomulagsins um að ríkissjóður nái hallalausum rekstri innan tilgreinds tíma.
- Óskað er eftir að gerð verði grein fyrir þeim atriðum í niðurskurðartillögum ríkisstjórnarinnar sem eru tilkomnar vegna samkomulagsins við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og þeim verði skipt á málaflokka.
- Ef tekjur ríkissjóðs reynast hærri en gengið er út frá í samkomulaginu, hvaða heimildir eru þá fyrir hendi til að nota þá aukningu við að draga úr niðurskurði ríkissjóðs, t.d. til heilbrigðismála og almannatryggingakerfisins.
- Hvernig eru ársfjórðungsleg viðmið Alþjóðagjaldeyrissjóðsins skilgreind í fjármálum ríkisins og geta þar verið skorður sem kalla á setningu nýrra fjárlaga til að mæta þeim kröfum eða viðmiðunum sem sjóðurinn hefur sett?
- Óskað er upplýsinga um stöðu heildarlána ríkissjóðs, væntanlegar lántökur næstu fjögur árin, áætlaðan vaxtakostnað og mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á hvað íslenska þjóðarbúið getur staðið undir háum lánum.
- Óskað er eftir upplýsingum um árlega greiðslubyrði afborgana og vaxta á árunum 2009–2013.

350. Frumvarp til fjáraukalaga [239. mál]

fyrir árið 2008.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2008, sbr. sundurliðun 1 og 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**-23.784,7**	**-18.095,2**
Skattar á tekjur og hagnað	-15.780,6	-6.305,0
Tryggingagjöld	-847,8	-91,7
Eignarskattar	-3.920,0	-3.950,0
Skattar á vörur og þjónustu	-3.100,2	-7.725,0
Aðrir skattar	-136,1	-23,5
Aðrar rekstrartekjur	14.765,0	15.675,0
Sala eigna	-3.200,0	-2.400,0
Fjárframlög	-88,0	-89,0
Tekjur alls	**-12.307,7**	**-4.909,2**
Æðsta stjórn ríkisins	3,0	3,0
Forsætisráðuneyti	380,8	380,8
Menntamálaráðuneyti	1.647,1	1.524,3
Utanríkisráðuneyti	104,4	104,4
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	928,8	928,8
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	85,0	85,0
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	-721,4	-721,4
Heilbrigðiráðuneyti	3.809,5	3.809,5
Fjármálaráðuneyti	12.702,0	14.101,6
Samgönguráðuneyti	763,2	-2.225,0
Iðnaðarráðuneyti	614,4	614,4
Viðskiptaráðuneyti	104,0	121,1
Umhverfisráðuneyti	275,3	275,3
Vaxtagjöld ríkissjóðs	10.936,0	7.425,0
Samtals	**31.632,1**	**26.426,8**
Tekjujöfnuður	**-43.939,8**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.
Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2008:

m.kr.

Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-43.939,8
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	2.506,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	7.748,5
Viðskiptaskuldir, (breyting)	2.539,3
Handbært fé frá rekstri	**-31.146,0**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	500,0
Veitt löng lán	-43.063,0
Afborganir veittra lána	1.000,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-250,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	-800,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-42.613,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-73.759,0**
Fjármögnun	
Tekin stutt lán	0,0
Tekin löng lán	204.000,0
Afborganir lána	-53.400,0
Fjármögnun samtals	**150.600,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	0,0
Breyting á handbæru fé	**76.841,0**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2008:

1. Í stað orðanna „allt að 30.000 m.kr.“ í 1. tölulið kemur: allt að 234.000 m.kr.

2. Á 2. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 8.275 m.kr.“ í inngangsmálslið kemur: allt að 7.563 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 8.000 m.kr.“ í lið 2.1 kemur: allt að 7.000 m.kr.
   c. Liður 2.2 orðist svo: Ríkisútvarpinu ohf. allt að 563 m.kr. með því að breyta skammtímaskuld Ríkisútvarpsins við ríkissjóð í langtímalán.

3. Á 3. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 32.000 m.kr.“ í lið 3.1 kemur: allt að 26.500 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 56.820 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 53.209 m.kr.
   c. Í stað orðanna „allt að 25.516 m.kr.“ í lið 3.3 kemur: allt að 34.650 m.kr.

Ýmis ákvæði

Heimildir

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2008:

Nýir liðir:

2.26 Að selja Skúlagötu 9a, Borgarnesi.

3.12 Að selja eignarhluta ríkisins í Mýrarbraut 13, Vík í Mýrdal.

4.38 Að hafa makaskipti á landspildum við Egilsstaðaflugvöll.

6.24 Að kaupa fasteignir við Gljúfrastein, Mosfellsbæ, í þágu safnsins.
6.25 Að heimila Happdrætti Háskóla Íslands að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi sína.
6.26 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn.
6.27 Að leigja hentugt húsnæði fyrir Námsgagnastofnun.
6.28 Að kaupa viðbótarhúsnæði við Laugaveg 164, Reykjavík.

7.12 Að leggja til viðbótarhlutfé í Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. að fjárhæð 150 m.kr.
7.13 Að færa eftirstöðvar af skuldum RÚV ohf. við ríkissjóð yfir á skuldabréf til 15 ára sem beri fasta vexti auk verðtryggingar.

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
	Sundurliðun 1		
	Tekjur A-hluta		
I	**Skatttekjur**		
1	**Skattar á tekjur og hagnað**		
1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla	-4.229,0	-2.300,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga	-677,0	6.313,0
	Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga	**-4.906,0**	**4.013,0**
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	-11.500,0	-11.000,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði	584,0	666,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	41,4	16,0
	Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar	**625,4**	**682,0**
	Skattar á tekjur og hagnað	**-15.780,6**	**-6.305,0**
2	**Tryggingagjöld**		
2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar	-75,0	-75,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt	-677,3	32,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	-95,5	-48,7
	Tryggingagjöld, lögaðilar	**-847,8**	**-91,7**
	Tryggingagjöld	**-847,8**	**-91,7**
3	**Skattar á launagreiðslur og vinnuafl**		
3.2	Ábyrgðargjald vegna launa	-14,5	-34,7
3.5	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	12,0	14,7
	Skattar á launagreiðslur og vinnuafl	**-2,5**	**-20,0**
4	**Eignarskattar**		
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé	-760,0	-700,0

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
4.4.1	Stimpilgjöld	-3.160,0	-3.250,0
	Eignarskattar	**-3.920,0**	**-3.950,0**
5	**Skattar á vörur og þjónustu**		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	-2.101,0	-6.457,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum	-4,0	-98,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu	-419,0	-389,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum	-721,0	-756,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni	-210,0	-210,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni	-517,0	-517,0
5.1.2.1.33	Olíugjald	165,0	38,0
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	100,0	100,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	-236,0	-233,8
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	130,0	130,0
5.1.2.1.55	Ýmis vörugjöld	285,0	285,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	700,0	800,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar	96,5	96,5
	Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	**-2.731,5**	**-7.211,3**
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	80,0	100,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur	94,0	-72,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi	30,0	30,0
5.2.2.25	Ýmis leyfis- og skráningargjöld	-67,1	-67,1
5.2.2.25.1.2	Veiðigjald fyrir veiðiheimildir	-448,0	-447,0
5.2.2.25.5.9	Ýmis skráningargjöld	-52,0	-52,0
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld	-5,6	-5,6
	Neyslu- og leyfisgjöld	**-368,7**	**-513,7**
	Skattar á vörur og þjónustu	**-3.100,2**	**-7.725,0**
6	**Aðrir skattar**		
6.1.10	Iðnaðarmálagjald	40,7	40,7
6.1.15	Markaðsgjald	-7,3	-2,2
	Aðrir skattar á atvinnurekstur	**33,4**	**38,5**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
6.2.1	Sektir á skatttekjur	-167,0	-42,0
	Aðrir skattar	**-133,6**	**-3,5**
	Skatttekjur, samtals	**-23.784,7**	**-18.095,2**
II	**Aðrar rekstrartekjur**		
8	**Arðgreiðslur og leigutekjur**		
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum	94,0	94,0
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum	-1.030,0	190,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs	4.770,0	4.420,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur	10.546,0	10.546,0
	Aðrar eignatekjur	**14.286,0**	**15.156,0**
	Arðgreiðslur og leigutekjur	**14.380,0**	**15.250,0**
9	**Ýmsar tekjur**		
9.1.1	Dómsmálagjöld o.fl.	34,0	34,0
9.1.2	Áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir	-73,0	-73,0
9.1.3.1	Afnotagjöld RÚV	74,0	74,0
9.1.3.15	Lendingargjöld o.fl.	20,2	20,2
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld	-53,2	-53,2
9.1.3.40	Útgáfa skírteina og þinglýsingar	-82,0	-82,0
	Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu	**-80,0**	**-80,0**
	Ýmsar tekjur	**-80,0**	**-80,0**
10	**Sektir**		
10.1	Lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir	0,0	40,0
10.2	Dómsektir og viðurlagaákvarðanir	465,0	465,0
	Sektir	**465,0**	**505,0**
	Aðrar rekstrartekjur, samtals	**14.765,0**	**15.675,0**

m.kr.		Rekstrar-grunnur	Greiðslu-grunnur
III	**Sala eigna**		
13	**Sala varanlegra rekstrarfjármuna**		
13.1	Sala fasteigna	-2.800,0	-2.000,0
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa	-400,0	-400,0
	Sala varanlegra rekstrarfjármuna	**-3.200,0**	**-2.400,0**
	Sala eigna, samtals	**-3.200,0**	**-2.400,0**
V	**Fjárframlög**		
18	**Fjárframlög frá opinberum aðilum**		
18.1	Rekstrarframlög	-7,0	-8,0
18.1.1	Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði	30,0	30,0
	Rekstrarframlög	**23,0**	**22,0**
18.2.1	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	0,0	0,0
18.2.5	Viðbótarframlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara	-111,0	-111,0
	Fjárframlög frá opinberum aðilum	**-88,0**	**-89,0**
	Fjárframlög, samtals	**-88,0**	**-89,0**
	Heildartekjur samtals	**-12.307,7**	**-4.909,2**

m.kr.

Sundurliðun 2

Fjármál ríkisaðila í A-hluta

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands

Viðhaldsverkefni:
5.20 Laufásvegur 72, viðhald 3,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,0

00-201 Alþingi

Stofnkostnaður:
6.21 Fasteignir . . . . . -250,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -250,0

00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit

Stofnkostnaður:
6.55 Framkvæmdir á Alþingisreit 250,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 250,0

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur 3,0
Greitt úr ríkissjóði 3,0
Innheimt af ríkistekjum 0,0
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	-10,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-10,5

01-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.13 Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag	22,2
1.19 Efnahagsrannsóknir	30,0
1.21 Öryggismálanefnd	-14,5
1.22 Ráðgjöf vegna breytinga í heilbrigðis- og tryggingamálum	25,0
1.56 Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðaheimila fyrir börn	17,2
1.90 Ýmis verkefni	250,0
Almennur rekstur samtals	329,9
Gjöld samtals	**329,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	329,9

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis

Viðhaldsverkefni:	
5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis	10,5
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,5

01-255 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins

Stofnkostnaður:	
6.21 Framkvæmdir	15,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	15,0

m.kr.

01-261 Óbyggðanefnd

Almennur rekstur:
1.01 Óbyggðanefnd 22,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,0

01-401 Hagstofa Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Hagstofa Íslands 13,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,9

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur 380,8
Greitt úr ríkissjóði 380,8
Innheimt af ríkistekjum 0,0
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa 4,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4,0

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.13 Háskólasjóður 36,3

Stofnkostnaður:
6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup 200,0

Gjöld samtals **236,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,3
Innheimt af ríkistekjum 200,0

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum 3,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 3,5

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn á Akureyri 233,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 233,5

02-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum

Almennur rekstur:
1.01 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum 196,5

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -27,3

Gjöld umfram tekjur **169,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 169,2

02-223 Námsmatsstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Námsmatsstofnun 52,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 52,0

02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Rannsóknamiðstöð Íslands 12,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,0

02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Almennur rekstur:
1.31 Rannsókna- og háskólanetið 10,0
1.91 Háskólar, óskipt 26,8
Almennur rekstur samtals 36,8

Gjöld samtals **36,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,8

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:
1.90 Framhaldsskólar, óskipt 44,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 44,0

m.kr.

02-363 Framhaldsskólinn á Laugum

Almennur rekstur:	
1.01 Framhaldsskólinn á Laugum	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0

02-451 Símenntun og fjarkennsla

Almennur rekstur:	
1.23 Farskóli Norðurlands vestra	4,0
1.31 Fræða- og þekkingasetur	8,0
Almennur rekstur samtals	12,0
Gjöld samtals	**12,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,0

02-504 Tækniskólinn

Almennur rekstur:	
1.01 Tækniskólinn	772,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	772,9

02-505 Fjöltækniskóli Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Fjöltækniskóli Íslands	-183,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-183,2

02-514 Iðnskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Iðnskólinn í Reykjavík	-540,1
Sértekjur:	
Sértekjur	46,6
Gjöld umfram tekjur	**-493,5**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -493,5

02-901 Fornleifavernd ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fornleifavernd ríkisins 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðminjasafn Íslands 9,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 9,0

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands 21,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,8

02-919 Söfn, ýmis framlög

Almennur rekstur:
1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis 18,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 18,0

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Stofnkostnaður:
6.95 Menningarhús 270,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 270,0

m.kr.

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld 196,8

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 74,0
Viðskiptahreyfingar 122,8

02-973 Þjóðleikhúsið

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðleikhúsið 80,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 80,0

02-982 Listir, framlög

Almennur rekstur:
1.17 Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar 10,0
1.57 Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011 25,0
Almennur rekstur samtals 35,0

Gjöld samtals **35,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 35,0

02-989 Ýmis íþróttamál

Almennur rekstur:
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands 4,0
1.90 Ýmis íþróttamál 70,0
Almennur rekstur samtals 74,0

Gjöld samtals **74,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 74,0

	m.kr.
02-999 Ýmislegt	
Almennur rekstur:	
1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis	27,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	27,0
02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**1.647,1**
Greitt úr ríkissjóði	**1.250,3**
Innheimt af ríkistekjum	**274,0**
Viðskiptahreyfingar	**122,8**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis

Almennur rekstur:
1.01 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis 29,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 29,0

03-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.16 Heimssýningin EXPO 2010 í Shanghai í Kína 70,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 70,0

03-214 Varnarmálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Varnarmálastofnun 479,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 479,7

03-217 Ratsjárstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Ratsjárstofnun . . . . . -479,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -479,7

03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Almennur rekstur:
1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO 7,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,6

m.kr.

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:
1.10 Útflutningsráð Íslands . . . . . -2,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -2,2

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur 104,4
Greitt úr ríkissjóði 106,6
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -2,2
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

04-101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa 22,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,3

04-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.98 Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

04-215 Fiskistofa

Almennur rekstur:
1.01 Fiskistofa 14,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,7

04-234 Matvælastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Matvælastofnun 53,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 53,5

04-401 Hafrannsóknastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Hafrannsóknastofnunin 55,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 55,0

m.kr.

04-405 Veiðimálastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Veiðimálastofnun 8,5

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,5

04-411 Matvælarannsóknir

Almennur rekstur:
1.01 Matvælarannsóknir 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Almennur rekstur:
1.01 Beinar greiðslur til bænda 256,4
1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi 8,9
1.06 Gripagreiðslur . . . . . -78,4
1.07 Óframleiðslutengdur stuðningur 41,0
Almennur rekstur samtals 227,9

Gjöld samtals **227,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 227,9

04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

Almennur rekstur:
1.01 Beinar greiðslur til bænda 85,5
1.11 Gæðastýring 90,1
1.12 Ullarnýting 30,8
1.13 Markaðsstarf og birgðahald 33,5
1.14 Svæðisbundinn stuðningur 4,2
1.15 Nýliðunar- og átaksverkefni 9,2
Almennur rekstur samtals 253,3

Gjöld samtals **253,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 253,3

04-807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu

Almennur rekstur:
1.01 Beinar greiðslur til bænda 20,8
1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt 112,8
1.08 Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt 2,7
Almennur rekstur samtals 136,3

Gjöld samtals **136,3**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 136,3

04-811 Bændasamtök Íslands

Almennur rekstur:
1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt 41,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 41,7

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins . . . . . -303,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -303,0

04-843 Fiskræktarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fiskræktarsjóður 305,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 305,6

m.kr.

04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði

Stofnkostnaður:
6.93 Landsmótssvæði fyrir hestamenn að Gaddstaðaflötum 90,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 90,0

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur 928,8
Greitt úr ríkissjóði 928,8
Innheimt af ríkistekjum 0,0
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-111 Kosningar

Almennur rekstur:
1.10 Kosningar ..... -160,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði ..... -160,0

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,5
Innheimt af ríkistekjum ..... -6,5

06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 17,9
Innheimt af ríkistekjum ..... -17,9

06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis löggæslukostnaður 62,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 62,0

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:
1.90 Landhelgisgæsla Íslands 20,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,9

m.kr.

06-398 Útlendingastofnun

Almennur rekstur:
1.01 Útlendingastofnun 30,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,0

06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi

Almennur rekstur:
1.05 Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

06-433 Sýslumaðurinn á Selfossi

Almennur rekstur:
1.20 Löggæsla 24,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,0

06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður . . . . . -40,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -40,0

06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Stofnkostnaður:
6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna 40,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 40,0

m.kr.

06-705 Kirkjumálasjóður

Almennur rekstur:
1.10 Kirkjumálasjóður 7,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,9

06-735 Sóknargjöld

Almennur rekstur:
1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar 55,3
1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga 19,6
Almennur rekstur samtals 74,9

Gjöld samtals **74,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 74,9

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sókna 10,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,3

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **85,0**
Greitt úr ríkissjóði **109,4**
Innheimt af ríkistekjum . . . . . **-24,4**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

07-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.90 Ýmislegt 24,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 24,0

07-505 Öldrunarstofnanir, almennt

Stofnkostnaður:
6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt . . . . . -100,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -100,0

07-515 Framkvæmdasjóður aldraðra

Stofnkostnaður:
6.21 Stofnkostnaður og endurbætur 16,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 16,0

07-700 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:
1.90 Ýmis verkefni 72,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 72,3

07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 30,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,0

m.kr.

07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

07-821 Tryggingastofnun ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Tryggingastofnun ríkisins 62,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 62,0

07-825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Almennur rekstur:
1.11 Mæðra- og feðralaun 12,0
1.15 Umönnunargreiðslur 44,0
1.21 Makabætur og umönnunarbætur 6,0
1.25 Dánarbætur 2,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir 57,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar 3,0
1.41 Heimilisuppbót 73,0
1.51 Frekari uppbætur 56,0
1.55 Uppbætur vegna bifreiðakaupa 10,0
Almennur rekstur samtals 263,0

Gjöld samtals **263,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 263,0

07-827 Lífeyristryggingar

Almennur rekstur:
1.11 Ellilífeyrir 316,0
1.15 Örorkulífeyrir 161,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega 160,0

	m.kr.
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	73,0
1.26 Sérstök viðbót ellilífeyrisþega	9,5
1.27 Sérstök viðbót örorkulífeyrisþega	44,8
1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega	15,0
1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega	3,0
1.31 Örorkustyrkur	5,0
1.35 Barnalífeyrir	85,0
1.91 Annað	10,0
Almennur rekstur samtals	882,3
Gjöld samtals	**882,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	867,7
Innheimt af ríkistekjum	14,6

07-980 Vinnumálastofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Vinnumálastofnun	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:	
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	360,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	360,0

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:	
1.11 Atvinnuleysisbætur	-2.553,0
1.81 Vaxtatekjur	47,0
Almennur rekstur samtals	-2.506,0
Gjöld samtals	**-2.506,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-470,0
Gjöld umfram tekjur	**-2.976,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-2.976,0

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:	
1.11 Fæðingarorlofssjóður	860,0
1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar	5,0
Almennur rekstur samtals	865,0
Gjöld samtals	**865,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0
Innheimt af ríkistekjum	860,0

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:	
1.59 Til sveitarfélaga sem verða fyrir aflasamdrætti	-250,0
1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna	10,0
Almennur rekstur samtals	-240,0
Gjöld samtals	**-240,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-240,0

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-721,4**
Greitt úr ríkissjóði	**1.004,0**
Innheimt af ríkistekjum	**-1.725,4**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

08 Heilbrigðisráðuneyti

08-101 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa . . . . . -5,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -5,6

08-202 Umsýsla sjúkratrygginga

Almennur rekstur:
1.01 Umsýsla sjúkratrygginga 45,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,3

08-206 Sjúkratryggingar

Almennur rekstur:
1.11 Lækniskostnaður 777,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 777,0

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna . . . . . -75,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -75,0

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:
1.01 Landlæknir 5,6

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,6

m.kr.

08-305 Lýðheilsustöð

Almennur rekstur:
1.01 Lýðheilsustöð 13,1
1.90 Forvarnasjóður . . . . . -2,4
Almennur rekstur samtals 10,7

Gjöld samtals **10,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 13,1
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -2,4

08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri 200,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 200,0

08-373 Landspítali

Almennur rekstur:
1.01 Landspítali 1.530,2

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.530,2

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:
1.43 Viðbúnaður gegn farsóttum 8,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,3

08-401 Öldrunarstofnanir, almennt

Almennur rekstur:
1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana . . . . . -23,7

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -23,7

08-460 Dvalarrými aldraðra, önnur

Almennur rekstur:
1.11 Dvalarrými aldraðra, önnur . . . . . -11,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -11,3

08-477 Dagvistun aldraðra, aðrar

Almennur rekstur:
1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar . . . . . -1,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -1,9

08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu 450,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 450,0

08-711 Heilbrigðisstofnunin Akranesi

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 43,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 43,3

08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

m.kr.

08-725 Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 21,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 21,8

08-731 Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík

Almennur rekstur:
1.01 Heilsugæslusvið 8,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,4

08-735 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 19,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 19,7

08-741 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 25,9

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 25,9

08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 12,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 12,4

m.kr.

08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 71,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 71,4

08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 260,3
1.21 Hjúkrunarrými 36,9
Almennur rekstur samtals 297,2

Gjöld samtals **297,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 297,2

08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 69,3

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 69,3

08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Almennur rekstur:
1.11 Sjúkrasvið 50,7

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,7

m.kr.

08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Almennur rekstur:	
1.01 Heilsugæslusvið	12,6
1.11 Sjúkrasvið	110,3
Almennur rekstur samtals	122,9
Gjöld samtals	**122,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	122,9

08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur

Almennur rekstur:	
1.11 St. Jósefsspítali, Sólvangur	133,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	133,9

08 Heilbrigðisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**3.809,5**
Greitt úr ríkissjóði	**3.886,9**
Innheimt af ríkistekjum	**-77,4**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

Almennur rekstur:

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	1.055,0
Viðskiptahreyfingar	-1.055,0

09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Almennur rekstur:

1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	14,7

Fjármögnun:

Innheimt af ríkistekjum	14,7

09-405 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins

Almennur rekstur:

1.01 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins	548,8

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	548,8

09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum

Stofnkostnaður:

6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	210,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	210,0

09-721 Fjármagnstekjuskattur

Almennur rekstur:

1.11 Fjármagnstekjuskattur	564,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	666,0
Viðskiptahreyfingar	-102,0

m.kr.

09-811 Barnabætur

Almennur rekstur:
1.11 Barnabætur 70,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 70,0

09-821 Vaxtabætur

Almennur rekstur:
1.11 Vaxtabætur 1.142,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 1.142,0

09-831 Uppbætur á eftirlaun lífeyrisþega

Almennur rekstur:
1.11 Uppbætur á eftirlaun lífeyrisþega 590,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 590,0

09-984 Fasteignir ríkissjóðs

Almennur rekstur:

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 242,6
Viðskiptahreyfingar . . . . . -242,6

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:
1.90 Launa- og verðlagsmál 7.824,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -87,0

Gjöld umfram tekjur **7.737,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7.737,0

m.kr.

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir	180,0
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	72,5
1.61 Bætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn	125,0
1.67 Þjóðlendumál	15,0
1.75 Aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi	733,0
Almennur rekstur samtals	1.125,5
Stofnkostnaður:	
6.81 Framlag til Vestmannaeyjabæjar vegna vatnslagnar	700,0
Gjöld samtals	**1.825,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.825,5

09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**12.702,0**
Greitt úr ríkissjóði	**14.086,9**
Innheimt af ríkistekjum	**14,7**
Viðskiptahreyfingar	**-1.399,6**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.59 Til sveitarfélaga sem verða fyrir aflasamdrætti 250,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 250,0

10-212 Samgönguverkefni

Stofnkostnaður:
6.10 Framkvæmdir 110,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -3.000,0
Innheimt af ríkistekjum 110,0
Viðskiptahreyfingar 3.000,0

10-251 Umferðarstofa

Almennur rekstur:
1.01 Umferðarstofa . . . . . -117,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -117,5

10-336 Hafnarframkvæmdir

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur . . . . . -11,8

Stofnkostnaður:
6.76 Ferjubryggjur 14,0

Gjöld samtals **2,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 14,0
Viðskiptahreyfingar . . . . . -11,8

m.kr.

10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta

Almennur rekstur:
1.11 Keflavíkurflugvöllur . . . . . -33,0

Stofnkostnaður:
6.41 Framkvæmdir 394,0

Gjöld samtals **361,0**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 361,0

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin . . . . . -26,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -26,0

10-513 Jöfnunarsjóður alþjónustu

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður alþjónustu 201,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 201,5

10-521 Fjarskiptasjóður

Almennur rekstur:

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -57,0

Gjöld umfram tekjur . . . . . **-57,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -57,0

10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög . . . . . -285,0

	m.kr.
1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög	324,0
Almennur rekstur samtals	39,0
Gjöld samtals	**39,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	39,0
10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**763,2**
Greitt úr ríkissjóði	**-2.754,0**
Innheimt af ríkistekjum	**529,0**
Viðskiptahreyfingar	**2.988,2**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa 10,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,0

11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands 45,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 45,0

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja 6,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,0

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:
1.10 Samtök iðnaðarins 40,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 40,7

11-251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Almennur rekstur:
1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

m.kr.

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir . . . . . -6,1
1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis 14,0
Almennur rekstur samtals 7,9

Gjöld samtals **7,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 7,9

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:
1.01 Orkustofnun 88,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 88,8

11-373 Niðurgreiðslur á húshitun

Almennur rekstur:
1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis 201,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 201,0

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:
1.13 Hafsbotnsrannsóknir . . . . . -15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði . . . . . -15,0

11-501 Ferðamálastofa

Almennur rekstur:
1.01 Ferðamálastofa 50,0
1.13 Markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustu 80,0
Almennur rekstur samtals 130,0

Gjöld samtals **130,0**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 130,0

11-599 Ýmis ferðamál

Almennur rekstur:
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu 50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur 614,4
Greitt úr ríkissjóði 573,7
Innheimt af ríkistekjum 40,7
Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.15 Fastanefndir 6,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,1

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:
1.01 Fjármálaeftirlitið . . . . . -17,1

Fjármögnun:
Viðskiptahreyfingar . . . . . -17,1

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður olíuvara 100,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 100,0

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur 104,0
Greitt úr ríkissjóði 21,1
Innheimt af ríkistekjum 100,0
Viðskiptahreyfingar . . . . . -17,1

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Umhverfisstofnun 97,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 28,0
Innheimt af ríkistekjum 69,8

14-212 Vatnajökulsþjóðgarður

Almennur rekstur:
1.01 Vatnajökulsþjóðgarður 15,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,0

14-287 Úrvinnslusjóður

Almennur rekstur:
1.10 Úrvinnslusjóður 46,0

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -46,0

Gjöld umfram tekjur **0,0**

14-289 Endurvinnslan hf.

Almennur rekstur:
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun 285,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 285,0

14-301 Skipulagsstofnun

Almennur rekstur:

Sértekjur:
Sértekjur 10,3

Gjöld umfram tekjur **10,3**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,3
14-381 Ofanflóðasjóður	
Stofnkostnaður:	
6.60 Ofanflóðasjóður	15,0
Sértekjur:	
Sértekjur	-150,0
Gjöld umfram tekjur	**-135,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-135,0
14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands	
Almennur rekstur:	
1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands	2,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,2
14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**275,3**
Greitt úr ríkissjóði	**55,5**
Innheimt af ríkistekjum	**219,8**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	10.936,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7.425,0
Viðskiptahreyfingar	3.511,0

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**10.936,0**
Greitt úr ríkissjóði	**7.425,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**3.511,0**

m.kr.

Séryfirlit 1

Málaflokkar gjalda í A-hluta 2008

01.	**Almenn opinber þjónusta**	
01.1	Opinber þjónusta	
	01.1.1 Æðsta stjórnsýsla ríkisins	322,4
	01.1.2 Fjármálastjórnsýsla	87,5
	01.1.3 Utanríkisstjórnsýsla	99,0
	Samtals	**508,9**
01.2	Erlend efnahagsaðstoð	
	01.2.1 Efnahagsaðstoð við þróunarlönd	7,6
	Samtals	**7,6**
01.3	Opinberar frumrannsóknir	
	01.3.1 Frumrannsóknir í raunvísindum	2,2
	Samtals	**2,2**
01.4	Önnur almenn opinber þjónusta	
	01.4.2 Hagáætlanir og hagskýrslugerð	13,9
	01.4.3 Önnur almenn opinber þjónusta	559,3
	Samtals	**573,2**
Almenn opinber þjónusta samtals		**1.091,9**
03.	**Löggæsla og öryggismál**	
03.1	Löggæsla og brunavarnir	
	03.1.1 Löggæsla	136,9
	Samtals	**136,9**
03.4	Önnur réttar- og öryggismál	578,0
Löggæsla og öryggismál samtals		**714,9**
04.	**Fræðslumál**	
04.2	Framhaldsskólastig	
	04.2.1 Almennt framhaldsskólastig	66,0
	04.2.2 Sérskólastig	96,2
	Samtals	**162,2**

	m.kr.
04.3 Æðra skólastig	
04.3.1 Háskólastig	679,3
Samtals	**679,3**
04.4 Aðrir skólar, óta.	180,0
04.6 Önnur fræðslumál, óta.	56,0
Fræðslumál samtals	**1.077,5**
05. Heilbrigðismál	
05.1 Sjúkrahúsaþjónusta	
05.1.1 Almenn sjúkrahúsaþjónusta	2.572,2
05.1.4 Öldrunar- og endurhæfingarstofnanir	-84,0
Samtals	**2.488,2**
05.2 Heilsugæsla	
05.2.1 Almenn heilsugæsla	1.248,0
Samtals	**1.248,0**
05.6 Önnur heilbrigðismál	19,0
Heilbrigðismál samtals	**3.755,2**
06. Almannatryggingar og velferðarmál	
06.1 Almannatryggingar	
06.1.1 Sjúkra-, mæðra- og örorkubætur	790,0
06.1.3 Elli-, örorku- og ekkjulífeyrir	1.659,3
06.1.4 Atvinnuleysisbætur	-2.976,0
06.1.5 Fjölskyldu- og barnabætur	126,0
06.1.6 Önnur félagsleg aðstoð	1.162,0
Samtals	**761,3**
06.2 Velferðarmál	
06.2.3 Málefni fatlaðra	117,3
06.2.6 Önnur velferðarþjónusta	131,3
Samtals	**248,6**
Almannatryggingar og velferðarmál samtals	**1.009,9**

		m.kr.
07.	**Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál**	
07.1	Húsnæðis- og skipulagsmál	
	07.1.1 Húsnæðismál	10,0
	07.1.2 Skipulagsmál	145,1
	Samtals	**155,1**
07.3	Hreinsunarmál	
	07.3.1 Almenn hreinsunarmál	285,0
	Samtals	**285,0**
Húsnæðis- og skipulags- og hreinsunarmál samtals		**440,1**
08.	**Menningarmál**	
08.0	Menningarmál	
	08.0.1 Æskulýðs-, íþrótta- og útivistarmál	74,0
	08.0.2 Söfn, listir o.fl.	454,8
	08.0.3 Fjölmiðlar	196,8
	08.0.4 Kirkjumál	93,1
	08.0.5 Önnur menningarmál	27,0
	Samtals	**845,7**
Menningarmál samtals		**845,7**
09.	**Eldsneytis- og orkumál**	
09.1	Eldsneytismál	100,0
09.2	Orkumál	
	09.2.1 Raforkumál	201,0
	09.2.3 Orkumál	73,8
	Samtals	**274,8**
Eldsneytis- og orkumál samtals		**374,8**
10.	**Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál**	
10.1	Landbúnaðarmál	
	10.1.3 Tekju- og verðlagsmál landbúnaðar	707,5
	10.1.4 Framleiðnistarfsemi	305,6
	10.1.7 Önnur landbúnaðarmál	-252,8
	Samtals	**760,3**

	m.kr.
10.3 Sjávarútvegsmál	
10.3.4 Rannsóknar- og þróunarstarfsemi	70,0
10.3.7 Önnur sjávarútvegsmál	14,7
Samtals	**84,7**
10.5 Önnur sjávarútvegs- og landbúnaðarmál	30,3
Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál samtals	**875,3**
11. Iðnaðarmál	
11.2 Iðnaðarstarfsemi	159,6
Iðnaðarmál samtals	**159,6**
12. Samgöngumál	
12.1 Landsamgöngur	
12.1.1 Vega- og gatnagerð	110,0
12.1.2 Umferðarmál	-117,5
Samtals	**-7,5**
12.2 Sjó- og vatnasamgöngur	
12.2.2 Sjósamgöngur	2,2
Samtals	**2,2**
12.4 Loftsamgöngur	
12.4.2 Önnur loftsamgöngumál	361,0
Samtals	**361,0**
12.7 Önnur samgöngumál	118,5
Samgöngumál samtals	**474,2**
13. Önnur útgjöld vegna atvinnuvega	
13.2 Ferðaþjónusta	180,0
13.4 Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins	67,3
13.5 Almenn launa- og atvinnumál	365,0
Önnur útgjöld vegna atvinnuvega samtals	**612,3**

	m.kr.
14. Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0 Önnur útgjöld ríkissjóðs	
14.0.1 Vaxta- og lántökukostnaður	10.936,0
14.0.2 Tilfærslur til annarra opinbera aðila	739,0
14.0.3 Önnur þjónusta	8.525,7
Samtals	**20.200,7**
Önnur útgjöld ríkissjóðs samtals	**20.200,7**
Heildargjöld samtals	**31.632,1**

Séryfirlit 2

Hagræn skipting gjalda í A-hluta 2008

m.kr.

Rekstrargjöld	
Laun	4.895,9
Lífeyrisskuldbindingar	0,0
Önnur gjöld	6.743,0
Sértekjur	-573,4
Rekstrargjöld samtals	**11.065,5**
Fjármagnskostnaður	**10.936,0**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	
Vaxtabætur	1.142,0
Lífeyristryggingar	882,3
Fæðingarorlofssjóður	865,0
Sjúkratryggingar	777,0
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	514,8
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	263,0
Ríkisútvarpið	196,8
Framlag til sókna og kirkjugarða	93,1
Atvinnuleysistryggingasjóður	-2.553,0
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	5.972,1
Neyslu og rekstrartilfærslur samtals	**8.153,1**
Viðhald	
Vegakerfi	0,0
Annað	13,5
Viðhald samtals	**13,5**
Fjárfesting	
Annað	1.140,0
Háskólar og framhaldskólar	200,0
Vegakerfi	110,0
Hafnarframkvæmdir	14,0
Fjárfesting samtals	**1.464,0**
Gjöld samtals	**31.632,1**

Séryfirlit 3

Markaðar tekjur 2008

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
03-611	**Útflutningsráð Íslands**	
	Markaðsgjald	-2,2
	Greitt úr ríkissjóði	-2,2
06-303	**Ríkislögreglustjóri**	
	Áfengiseftirlitsgjald til Ríkislögreglustjóra	-6,5
	Greitt úr ríkissjóði	-6,5
06-310	**Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**	
	Áfengiseftirlitsgjald til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu	-17,9
	Greitt úr ríkissjóði	-17,9
07-515	**Framkvæmdasjóður aldraða**	
	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	16,0
	Greitt úr ríkissjóði	16,0
07-827	**Lífeyristryggingar**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti lífeyristrygginga	14,6
	Greitt úr ríkissjóði	14,6
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Ábyrgðargjald vegna launa	-34,7
	Greitt úr ríkissjóði	360,0
	Viðskiptahreyfing	-394,7
07-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**	
	Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs í atvinnutryggingargjaldi	101,8
	Greitt úr ríkissjóði	-2.976,0
	Viðskiptahreyfing	3.077,8
07-987	**Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga**	
	Hluti Tryggingasj. sjálfst. starfandi einstakl. í atvinnutryggingargjaldi.	-150,5
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	-150,5
07-989	**Fæðingarorlof**	
	Tryggingagjald, almennt, hluti Fæðingarorlofssjóðs	17,4
	Greitt úr ríkissjóði	860,0
	Viðskiptahreyfing	-842,6

08-208	**Slysatryggingar**	
	Slysatryggingagjald vegna sjómanna	-75,0
	Greitt úr ríkissjóði	-75,0
08-305	**Lýðheilsustöð**	
	Hlutdeild Forvarnasjóðs í áfengisgjaldi	-2,4
	Greitt úr ríkissjóði	-2,4
09-391	**Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða**	
	Gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða	14,7
	Greitt úr ríkissjóði	14,7
10-212	**Samgönguverkefni**	
	Sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni til framkvæmda Vegagerðarinnar	-517,0
	Olíugjald til framkvæmda Vegagerðarinnar	38,0
	Þungaskattur af díselbifreiðum, km-gjald, til framkv. Vegagerðarinnar	-72,0
	Greitt úr ríkissjóði	110,0
	Viðskiptahreyfing	-661,0
10-251	**Umferðarstofa**	
	Skráningargjöld ökutækja	-111,9
	Umferðaröryggisgjald	-5,6
	Greitt úr ríkissjóði	-117,5
10-475	**Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta**	
	Flugvallaskattur	-32,0
	Varaflugvallagjald	-47,0
	Viðskiptahreyfing	-115,0
	Greitt úr ríkissjóði	394,0
	Viðskiptahreyfing	-358,0
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Jöfnunargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna alþjónustu	-26,0
	Greitt úr ríkissjóði	-26,0
10-513	**Jöfnunarsjóður alþjónustu**	
	Jöfnunargjald vegna alþjónustu fjarskiptafyrirtækja	201,5
	Greitt úr ríkissjóði	201,5
11-245	**Samtök iðnaðarins**	
	Iðnaðarmálagjald	40,7
	Greitt úr ríkissjóði	40,7
12-811	**Flutningssjóður olíuvara**	
	Flutningsjöfnunargjald á olíuvörur	100,0
	Greitt úr ríkissjóði	100,0

14-211	**Umhverfisstofnun**	
	Gjald af veiðikorti	6,8
	Veiðileyfi hreindýraráðs	63,0
	Greitt úr ríkissjóði	69,8
14-289	**Endurvinnslan hf.**	
	Skilagjald á einnota umbúðir	275,0
	Umsýsluþóknun af einnota umbúðum	10,0
	Greitt úr ríkissjóði	285,0
14-381	**Ofanflóðasjóður**	
	Ofanflóðasjóðsgjald	0,0
	Greitt úr ríkissjóði	-135,0
	Viðskiptahreyfing	135,0
	Heildartekjur	**-201,2**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**-892,2**
	Mismunur	**691,0**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**691,0**

Séryfirlit 4

Aðrar rekstrartekjur stofnana 2008

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	0,0
	Greitt úr ríkissjóði	200,0
	Viðskiptahreyfing	-200,0
02-238	**Tækjasjóður**	
	Leyfisgjald Happdrættis Háskóla Íslands	-5,0
	Greitt úr ríkissjóði	0,0
	Viðskiptahreyfing	-5,0
02-971	**Ríkisútvarpið**	
	Afnotagjöld RÚV	74,0
	Greitt úr ríkissjóði	74,0
10-475	**Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta**	
	Lendingargjald vegna millilandaflugs	20,2
	Öryggisgjald	-53,2
	Greitt úr ríkissjóði	-33,0
	Heildartekjur	**36,0**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**241,0**
	Mismunur	**-205,0**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**-205,0**

Séryfirlit 5

Lögbundin framlög 2008

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Háskólasjóður	36,3
	Greitt úr ríkissjóði	36,3
06-705	**Kirkjumálasjóður**	
	Kirkjumálasjóður	7,9
	Greitt úr ríkissjóði	7,9
06-735	**Sóknargjöld**	
	Sóknargjöld	74,9
	Greitt úr ríkissjóði	74,9
06-736	**Jöfnunarsjóður sókna**	
	Jöfnunarsjóður sókna	10,3
	Greitt úr ríkissjóði	10,3
08-305	**Lýðheilsustöð**	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag	13,1
	Greitt úr ríkissjóði	13,1
10-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	
	Lögbundið framlag	-285,0
	Greitt úr ríkissjóði	-285,0
	Lögbundin framlög alls	**-142,5**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**-142,5**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Með frumvarpi þessu er lögð fyrir Alþingi endurskoðuð tekjuáætlun og tillögur um breytingar á fjárheimildum ýmissa fjárlagaliða ársins 2008 í samræmi við endurmat á helstu forsendum fjárlaga og framvindu ríkisfjármálanna það sem af er árinu. Tillögurnar í frumvarpinu taka einnig eftir atvikum mið af nýrri lagasetningu á árinu, óvissum og ófyrirséðum útgjöldum og ákvörðunum ríkisstjórnarinnar um ný útgjöld. Bæði á tekju- og gjaldahlið frumvarpsins gætir áhrifa af yfirstandandi erfiðleikum í efnahagslífinu, sem leiða til samdráttar í tekjum á síðustu mánuðum ársins og aukningu í vissum útgjöldum, s.s. meiri útgjöldum vegna atvinnuleysis en reiknað var með áður og auknum framlögum til starfsemi og verkefna sem greidd eru í erlendri mynt. Í frumvarpinu eru þó ekki sett fram áhrif af þeim sértæku ráðstöfunum sem ríkið þarf að grípa til vegna þeirra miklu áfalla sem orðið hafa í fjármálakerfi landsins í haust. Þar má einkum nefna stofnfjárframlög til þriggja nýrra viðskiptabanka og mögulegar lántökur vegna yfirtöku skuldbindinga. Einnig þarf að komast að niðurstöðu um það reikningshaldslega hvort þau áhrif eigi fremur að koma fram í þessu frumvarpi eða í fjárlögum fyrir næsta ár. Þessar ráðstafanir snúa einkum að sjóðstreymi ríkissjóðs. Unnið er að nánari áætlunum um þessi mál og er fyrirhugað að tillögur vegna þeirra verði lagðar fram í einu lagi fyrir 3. umræðu annars hvors eða beggja frumvarpanna eftir því hver niðurstaðan verður.

Endurskoðuð áætlun um afkomu árið 2008. Samkvæmt fjárlögum ársins 2008 var áætlað að rekstur ríkissjóðs skilaði 39,2 milljarða króna afgangi á árinu. Sú áætlun hefur nú verið endurskoðuð með hliðsjón af þjóðhagsspá sem fjármálaráðuneytið birti í byrjun október og í ljósi nýrra upplýsinga um þróun tekjustofna og útgjalda málaflokka frá þeim tíma. Það endurmat felur í sér talsverðar breytingar á helstu stærðum ríkisfjármálanna frá fyrri áætlun. Nú er talið að heildartekjur ríkissjóðs verði um 461 milljarður króna, eða 12,3 milljörðum lægri en reiknað var með í fjárlögum, og að heildargjöld verði 465,8 milljarðar króna, eða 31,6 milljörðum hærri en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Er því áætlað að tekjuafgangurinn verði neikvæður um 4,7 milljarðar króna en það er tæpum 44 milljörðum króna lakari afkoma en ráð var fyrir gert í fjárlögum. Nánar er fjallað um helstu breytingar á bæði tekju- og gjaldahliðinni og skýringar á þeim í sérstökum köflum hér á eftir.

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Fjárlög 2008	Áætlun 2008	Breyting frá fjárlögum
Tekjur	473,4	461,1	-12,3
Gjöld	434,2	465,8	31,6
Tekjujöfnuður	**39,2**	**-4,7**	**-43,9**
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-4,9	7,8	12,7
Handbært fé frá rekstri	**34,3**	**3,1**	**-31,2**
Fjármunahreyfingar	7,5	-35,1	-42,6
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**41,8**	**-32,0**	**-73,8**

Breytingar á sjóðstreymi ríkissjóðs. Endurskoðuð áætlun um sjóðstreymi ríkissjóðs fyrir árið í ár felur í sér miklar breytingar á fjármunahreyfingum og lánsfjárráðstöfunum frá fjárlögum. Eins og áður segir er í sjóðstreymi þessa frumvarps ekki reiknað með sértækum ráðstöfunum sem ríkið þarf að grípa til vegna fjármálakreppunnar heldur er ætlunin að komast að niðurstöðu um þau mál fyrir 3. umræðu. Að þeim málum frátöldum er nú útlit fyrir að hreinn lánsfjárjöfnuður verði neikvæður um 32 milljarða króna. Í fjárlögum var áætlað að lánsfjárjöfnuðurinn yrði jákvæður um 41,8 milljarða og nemur breytingin því tæpum 73,8 milljörðum króna til lækkunar. Ástæðurnar eru í stórum dráttum tvíþættar. Annars vegar lítur nú út fyrir að handbært fé frá rekstri verði 31,2 milljörðum króna minna en áætlað var í fjárlögum. Stafar það að mestu af talverðri aukningu útgjalda samhliða því að tekjur lækka. Útlit er fyrir að í ár verði greidd heildargjöld ríkissjóðs 26,6 milljörðum króna umfram áform fjárlaga en innheimtar tekjur 4,9 milljörðum króna lægri. Hins vegar eru nú horfur á að útstreymi fjár í gegnum fjármunahreyfingar verði rúmlega 35 milljarðar króna samanborið við það að í fjárlögum var gert ráð fyrir 7,5 milljarða króna innstreymi. Nemur breytingin 42,6 milljörðum króna. Munar þar mest um lán að fjárhæð 300 milljónir evra, jafngildi um 44 milljarða króna, sem ákveðið var að ríkissjóður veitti til Seðlabanka Íslands í því skyni að styrkja gjaldeyrisvaraforða bankans. Aðrar helstu breytingar fjármunahreyfinga frá áætlun fjárlaga eru í fyrsta lagi að nú er ekki reiknað með lánveitingum til skamms tíma en í fjárlögum var reiknað með 500 m.kr. Í öðru lagi er nú gert er ráð fyrir að endurlán til Lánasjóðs íslenskra námsmanna verði 1 milljarði króna minni en áætlað var við afgreiðslu fjárlaga þannig að þær verði samtals 7 milljarðar króna. Í þriðja lagi er áætlað að innheimtar afborganir veittra lána verði 1 milljarði króna umfram áætlun fjárlaga og nemi í heild 17 milljörðum króna. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir 250 m.kr. aukningu eiginfjárframlaga og að þau verði samtals 1.250 m.kr. á árinu. Í fimmta lagi er reiknað með að tekjur af sölu eigna verði 800 m.kr. minni en gengið var út frá í fjárlögum og að þær tekjur verði ekki nema 200 m.kr. Fjármögnun ríkissjóðs breytist á þá leið að lántökur eru áætlaðar 234 milljarðar króna og afborganir tekinna lána 97,9 milljarðar samanborið við það að í fjárlögum voru lántökur áætlaðar 30 milljarðar króna og afborganir tekinna lána 44,5 milljarðar. Lántökur aukast samkvæmt því um 204 milljarða króna og afborganir tekinna lána

um 53,4 milljarða frá áætlun fjárlaga. Undir lok vorþings heimilaði Alþingi fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, að taka á árinu 2008 lán til viðbótar lánsfjárheimild fjárlaga fyrir allt að 500 milljörðum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána Seðlabanka Íslands þann hluta sem tekinn verður að láni í erlendri mynt. Eru nú horfur á að heildarlántökur ríkissjóðs á þessu ári verði 234 milljarðar króna, þar af 160 milljarðar í íslenskum krónum en 44 milljarðar í erlendri mynt. Miðað við að afborganir tekinn lána verði 97,9 milljarðar eru því horfur á að nettó innstreymi fjármagns í gegnum fjármögnunarliði verði 136,1 milljarður króna í stað 14,5 milljarða króna útstreymis eins og í fjárlögum. Gangi þessar áætlanir eftir eykst handbært fé ríkissjóðs um rúma 100 milljarða króna og batnar staða ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands sem því nemur.

Hér á eftir er fjallað um áætlaðar breytingar á tekjum, gjöldum og lánsfjármálum ríkissjóðs miðað við fjárlög 2008 og þær breytingar á fjárlögum 2008 sem lagðar eru til með frumvarpinu.

1 Tekjur A-hluta

Í þessum kafla er fjallað um tekjuhorfur fyrir árið 2008. Farið er yfir tekjur ríkissjóðs á árinu 2008 í tengslum við helstu forsendur þjóðhagsspár og helstu frávik frá fjárlögum. Verulegar breytingar hafa orðið á þjóðhagslegum forsendum frá því sem reiknað var með í fjárlögum ársins eins og fram kemur í töflunni hér á eftir.

Tekjuhorfur 2008. Í fjárlögum ársins 2008 var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs næmu 473 milljörðum króna og yrðu nánast óbreyttar að nafnvirði en drægjust saman um 2,9% að raunvirði frá 2007. Nú liggja fyrir upplýsingar um innheimtu teknanna fyrstu tíu mánuði ársins, fyrstu vísbendingar um innheimtu í nóvember og nýjar spár um efnahagsþróunina fyrir árið í heild auk ársuppgjörs ríkissjóðs í ríkisreikningi 2007. Mikil breyting hefur orðið á efnahagsumhverfi þjóðarinnar á árinu 2008. Í byrjun október féllu þrír stærstu viðskiptabankarnir og fjármála- og efnahagskreppa brast á. Tekjur ríkissjóðs á árinu hafa verið endurmetnar með hliðsjón af þessu og hljóðar ný áætlun upp á 461 milljarð króna. Hún felur í sér 16,2% raunsamdrátt heildartekna árið 2008 í stað 2,9% í áætlun fjárlaga. Hluti þess fráviks skýrist þó af niðurstöðu ríkisreiknings ársins 2007 þar sem óreglulegar tekjur (sala efnislegra eigna og hagnaður af peningalegum eignum) námu alls 35 milljörðum króna. Þar af var endurmat félaga í eigu ríkisins tæpir 15 milljarðar en sá liður er jafnan ekki áætlaður í fjárlögum. Sé þessum óreglulegu liðum sleppt bæði árin er raunsamdráttur tekna milli ára 10,0%.

	Fjárlög 2008 [1]	Áætlun 2008 [2]	Frávik frá fjárlögum
I. Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %			
Einkaneysla	-0,9	-8,4	-7,5
Samneysla	2,0	3,8	1,8
Fjárfesting	-19,8	-21,8	-2,0
Þjóðarútgjöld alls	-4,8	-9,3	-4,5
Útflutningur vöru og þjónustu	9,2	12,4	3,2
Innflutningur vöru og þjónustu	-7,0	-15,2	-8,2
Verg landsframleiðsla	1,2	1,0	-0,2
Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu	-8,8	-10,6	-1,8
II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar - %			
Ráðstöfunartekjur á mann	4,3	5,2	0,9
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	1,0	-7,1	-8,1
Vísitala neysluverðs	3,3	13,2	9,9
Gengisvísitala	0,4	41,3	40,9
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	2,9	1,3	-1,6

[1] Þjóðhagsspá útgefin í október 2007.

[2] Þjóðhagsspá gerð í nóvember 2008.

Megindrættirnir í endurmati tekna ársins eru þeir að skatttekjur eru minni en í áætlun fjárlaga en á móti vega meiri vaxtatekjur. Skatttekjur í heild verða 407 milljarðar á árinu og dragast saman um 2 milljarða króna milli ára. Allir helstu skattar á tekjur og hagnað, tryggingagjöld og eignarskattar verða nokkru minni en í áætlun fjárlaga. Hið sama gildir um óbeina skatta, þar sem verulega hefur hægt á innheimtu undir lok ársins. Mest munar um að áætlun um tekjuskatt lögaðila er lækkuð um 11,5 milljarða króna. Í þjóðhagsspá þeirri sem lögð var til grundvallar fjárlögum ársins 2008 var reiknað með 4,8% samdrætti þjóðarútgjalda á árinu sem kæmi í kjölfar 5,2% samdráttar 2007. Sá viðsnúningur sem lengi hafði verið búist við eftir langt þensluskeið gerði vart við sig á fyrri hluta árs 2007 en á þeim síðari stóðu þjóðarútgjöld nánast í stað og merki samdráttar voru lítil framan af ári 2008. Fyrirliggjandi mælingar og vísbendingar í nóvember eru nú á þá leið að spáð er 8,4% samdrætti einkaneyslu á árinu í stað 0,9% í forsendum fjárlaga. Fjármunamyndun dróst saman um 16,3% og þjóðarútgjöld um 2,6% á fyrri helmingi ársins og nú er spáð að þjóðarútgjöld dragist saman um 9,3% á árinu í heild. Forsendur fjárlaga um 0,4% veikingu gengis krónunnar og 3,3% verðbólgu á árinu eru mjög breyttar og hefur gengis- og verðlagsþróunin allt frá upphafi ársins rýrt kaupmátt verulega. Óvissa og lausafjárerfiðleikar á fjármálamörkuðum höfðu gert vart við sig og hægt á hjólum efnahagslífsins framan af árinu og í október brast á alvarleg fjármálakreppa. Þetta hefur haft í för með sér minni tekjur af virðisaukaskatti og vörugjöldum en vænst var í fjárlögum.

Innheimta skatttekna ríkissjóðs á greiðslugrunni er þó 0,9% yfir áætlun fjárlaga á fyrstu tíu mánuðum ársins og innheimta heildartekna er 1,7% yfir áætlun. Gangi ný spá um tekjuskatt lögaðila á árinu eftir mun hins vegar mikið frávik frá áætlun fjárlaga koma fram í innheimtu á síðustu mánuðum ársins. Hlutfall skatttekna af landsframleiðslu var 31,6% á árinu 2007 en verður 27,0% árið 2008 samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Áætlun [1] 2008	Frávik m.kr.	Frávik %
I Skatttekjur	**430.425**	**406.640**	**-23.785**	**-5,5**
Skattar á tekjur og hagnað	177.969	162.188	-15.781	-8,9
Einstaklingar	128.500	123.594	-4.906	-3,8
Lögaðilar	45.500	34.000	-11.500	-25,3
Ótalið annars staðar	3.969	4.594	625	15,8
Tryggingagjöld	41.279	40.431	-848	-2,1
Eignarskattar	11.723	7.803	-3.920	-33,4
Skattar á vörur og þjónustu	196.228	193.128	-3.100	-1,6
Virðisaukaskattur	138.000	135.899	-2.101	-1,5
Aðrir skattar	3.226	3.090	-136	-4,2
II Aðrar rekstrartekjur	**36.369**	**51.134**	**14.765**	**40,6**
Arðgreiðslur	1.557	1.651	94	6,0
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	25.382	39.668	14.286	56,3
Neyslu- og leyfisgjöld	8.330	8.250	-80	-1,0
Annað	1.101	1.566	465	42,3
III Sala eigna	**5.200**	**2.000**	**-3.200**	**-61,5**
V Fjárframlög	**1.446**	**1.358**	**-88**	**-6,1**
Heildartekjur ríkissjóðs	**473.440**	**461.132**	**-12.308**	**-2,6**
Sjóðshreyfing	**455.519**	**450.610**	**-4.909**	**-1,1**

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

Skattar á tekjur og hagnað. Í endurskoðaðri tekjuáætlun er gert ráð fyrir að skattar á tekjur og hagnað verði 15,8 milljörðum króna minni árið 2008 en í fjárlögum ársins og nemi rúmum 162 milljörðum króna. Tekjuskattur einstaklinga hefur skilað tekjum í samræmi við áætlun fjárlaga á fyrstu tíu mánuðum ársins en reiknað er með að síðustu mánuðir ársins verði undir áætlun og ný áætlun fyrir árið í heild er 4,2 milljörðum lægri en áætlun fjárlaga. Fjármagnstekjuskattur einstaklinga er nú talinn verða 0,7 milljörðum króna undir áætlun fjárlaga. Sú áætlun er byggð á forsendum um tekjur einstaklinga af vöxtum og arði á árinu 2008 og fyrirliggjandi gögnum um álagðan fjármagnstekjuskatt á söluhagnað ársins 2007 úr álagningu ríkisskattstjóra sl. sumar. Stærstan hluta endurmats tekna ársins má rekja til tekjuskatts lögaðila sem nú er áætlaður 34 milljarðar króna eða 11,5 milljörðum minni en í fjárlögum. Horfur um hagnað fyrirtækja á árinu 2007 sem m.a. voru byggðar á upplýsingum úr árshlutauppgjörum fyrirtækja á fyrstu þremur fjórðungum ársins voru

lagðar til grundvallar áætlun þessa skatts í fyrra. Þá var byggt á upplýsingum úr skattframtölum og frumálagningu ríkisskattstjóra á tekjur ársins 2006 sem nam alls tæpum 43 milljörðum króna. Síðasti ársfjórðungur 2007 varð mörgum fyrirtækjum erfiður og uppgjör ársins í heild urðu lakari en þær vísbendingar sem árshlutauppgjör höfðu gefið. Frumálagning ríkisskattstjóra í október 2007 tók talsverðum breytingum síðar og varð niðurstaða ríkisreiknings 2007 36,6 milljarðar. Álagning ríkisskattstjóra í október 2008 er 47,8 ma.kr. en ekki liggja fyrir upplýsingar um innheimtu á grunni þeirrar álagningar á síðustu tveimur mánuðum ársins.

Tryggingagjöld. Líkt á við um tekjuskatt einstaklinga eru innheimt tryggingagjöld í á tímabilinu janúar til október 2008 lítillega yfir áætlun fjárlaga. Reiknað er með að hægja muni á innheimtunni í vetur í takt við spá um þróun vinnuaflseftirspurnar og er áætlunin lækkuð um 0,8 milljarða króna.

Eignarskattar. Endurskoðun leiðir til verulegrar lækkunar áætlaðra tekna af eignarsköttum, eða um 3,9 milljarða króna. Tekjur af stimpilgjöldum stefna í 5,9 milljarða og tekjur af erfðafjárskatti í 1,2 milljarða. Er hér einkum höfð hliðsjón af innheimtu þessara tekjuliða á fyrstu tíu mánuðum ársins. Skýringar á minni innheimtu stimpilgjalds tengjast einkum minni veltu á fasteignamarkaði en reiknað hafði verið með. Á höfuðborgarsvæðinu hefur veltan dregist saman samfellt frá desember 2007 og var á fyrstu tíu mánuðum ársins 61% minni að nafnvirði en árið áður. Ákvörðun un niðurfellingu stimpilgjalds af fasteignaveðbréfum til kaupa á fyrstu íbúð frá 1. júlí 2008 var kynnt í febrúar 2008 og hefur sú breyting einnig haft áhrif til lækkunar frá fyrri áætlun.

Skattar á vöru og þjónustu. Skattar á vöru og þjónustu eru taldir munu skila ríkissjóði 193,1 milljörðum króna á árinu 2008 sem er 3,1 milljörðum minna en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þar af er lækkun virðisaukaskatts aðeins 2,1 milljarður frá fyrri áætlun þrátt fyrir mikinn samdrátt einkaneyslu, en gengis- og verðlagshækkanir hafa hækkað skattstofninn. Vörugjöld af bensíni og ökutækjum munu skila ríkissjóði talsvert minni tekjum en áætlað var í fjárlögum ársins. Neytendur hafa brugðist við hækkun bensínverðs á árinu með því að draga úr bensínnotkun með ýmsum ráðum. Olíugjald mun skila heldur meiri tekjum en áætlað var og hefur samdráttur í sölu olíu orðið minni en í sölu bensíns. Vörugjöld af ökutækjum á árinu 2008 eru áætluð 7,4 milljarðar króna.

Aðrar rekstrartekjur. Þessi liður er nú hækkaður um 14,8 milljarða króna frá áætlun fjárlaga og skýrist það að langmestu leyti af vaxtatekjum ríkissjóðs. Vaxtatekjur eru flokkaðar í þrennt: af skattkröfum, af endurlánum og aðrar vaxtatekjur. Vextir af skattkröfum eru lækkaðir um einn milljarð frá fjárlögum og valda niðurfærslur liðarins í ríkisreikningi 2007 mestu um endurmatið. Vaxtatekjur af endurlánum hækka um 4,8 milljarða

og vaxtatekjur af bankareikningum ríkissjóðs um 10,5 milljarða. Hækkunin skýrist m.a. af þróun gengis og vaxta en að langmestu leyti af sértækum aðgerðum ríkisstjórnarinnar sl. vor til að styrkja innlendan fjármálamarkað og gjaldeyrisvaraforða en aðgerðirnar fólu í sér að tekin voru lán sem ávöxtuð eru í sjóðum og veittum lánum til Seðlabanka. Arðstekjur ríkissjóðs, ýmis neyslu- og leyfisgjöld og tekjur af sektum eru lítið breyttar frá fjárlögum.

2 Gjöld A-hluta

Á gjaldahlið frumvarpsins eru gerðar tillögum um breyttar fjárheimildir til að mæta ófyrirséðum útgjöldum og breytingum á launakjörum sem komið hafa fram eftir afgreiðslu fjárlaga. Einnig eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á fjárveitingum á grundvelli endurmats á hagrænum forsendum og kerfisbundnum útgjöldum, svo sem á gengisþróun, vaxtagjöldum, atvinnuleysi og bótagreiðslum almannatrygginga. Þar er að hluta til um að ræða útgjöld sem leiða af yfirstandandi efnahagsþrengingum í kjölfar áfallanna sem orðið hafa á fjármálamarkaðinum. Þá er tekið tillit til áhrifa af nýrri lagasetningu á árinu og nýrra ákvarðana ríkisstjórnarinnar á útgjöld ríkissjóðs. Fjármálaráðuneytið hefur auk þess lagt mat á óskir ráðuneyta um aukna fjárþörf verkefna og stofnana vegna frávika frá heimildum fjárlaga. Leitað hefur verið skýringa á frávikum útgjalda frá fjárheimildum og lögð til viðbrögð innan ársins. Í sumum tilvikum er lagt til að veittar verði fjárheimildir á móti uppsöfnuðum rekstrarhalli stofnana að hluta. Á það einkum við í þeim tilvikum að verkefni er lokið eða sýnt þykir að gripið hafi verið til þeirra aðgerða að rekstur verði innan fjárheimilda og hallarekstur verði stöðvaður.

Rekstrargrunnur	m.kr.
Heildarfrávik frá fjárlögum 2008	**31.632,1**
Þar af:	
Vaxtagjöld	10.936,0
Verðlagsáhrif og gengisfall krónunnar	4.857,0
Launahækkanir kjarasamninga umfram forsendur fjárlaga	2.944,9
Hækkun á bótum alm.tryggинga og atv.l.tryggинga í kjölfar kjarasamninga	2.857,3
Endurmat á alm.tryggingum og atvinnuleysi	-4.000,0
Samtals	**17.595,2**

Í frumvarpinu er farið fram á að fjárheimildir ríkissjóðs árið 2008 verði auknar um 31,6 milljarða kr. Sé eingöngu litið á greiðsluheimildir ársins í frumvarpinu nemur aukningin frá fjárlögum hins vegar 26,4 milljörðum kr. Stærsti einstaki útgjaldaliðurinn kemur til vegna um 11 milljarða króna aukningar á vaxtagjöldum ríkissjóðs. Það á rætur að rekja til aðgerða í efnahagsmálun sem fela í sér aukna útgáfu ríkisbréfa og erlenda lántöku. Fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af vaxtatekjum, arðgreiðslum og söluhagnaði

eigna hækkar um 560 m.kr. Skýrist það af auknum vaxtatekjum af innistæðu ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands vegna framangreindra aðgerða í efnahagsmálum og góðri rekstrarafkomu ríkisins undanfarin ár. Fjármagnstekjuskatturinn færist einnig á tekjuhlið ríkissjóðs og hefur þessi breyting því ekki áhrif á rekstrarafkomu ársins. Gengi íslensku krónunnar hefur lækkað mikið frá því sem miðað var við í forsendum fjárlaganna og er lagt til að fjárheimild launa- og verðlagsliðar fjárlaganna verði aukin um 4,8 milljarða króna til að mæta útgjöldum sem greidd eru í erlendum gjaldmiðlum. Þá er lagt til að fjárheimild sama útgjaldaliðar verði hækkuð um 2,9 milljarða króna vegna kjarasamninga sem ríkið gerði við opinbera starfsmenn á árinu og kemur það til viðbótar 4,3 milljörðum króna sem gert var ráð fyrir á launa- og verðlagsliðnum í fjárlögum til að mæta óvissum útgjöldum af þessum toga. Í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í febrúar sl. voru bætur almannatrygginga hækkaðar um 4% til viðbótar við 3,3% hækkun í ársbyrjun. Það hefur í för með sér 2,4 milljarðs króna útgjaldaaukningu á árinu. Bætur atvinnuleysistrygginga voru einnig hækkaðar í kjölfar kjarasamninganna og eru þau útgjöld metin á tæplega 450 m.kr. Í yfirlýsingunni fólst einnig að eignaskerðingamörk vaxtabóta voru hækkuð um 35% og leiðir það til 700 m.kr. hækkunar á útgjöldum ársins 2008. Skerðingarmörk barnabóta voru sömuleiðis hækkuð og hefur það í för með sér rúmlega 400 m.kr. aukningu útgjalda. Þessu til viðbótar gerir endurskoðuð áætlun um Fæðingarorlofssjóð ráð fyrir 860 m.kr. hærri útgjöldum en reiknað var með í fjárlögum. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir fjárheimild á nýjum fjárlagalið vegna uppbótar á eftirlaun en með henni mun hluti ellilífeyrisþega fá allt að 25 þús. kr. í viðbótargreiðslu á mánuði. Sú uppbót mun hins vegar hækka viðmiðunartekjur ellilífeyrisþega þannig að áætlað er að útgjöld lífeyristrygginga lækki á móti um samtals 265 m.kr. Í frumvarpinu er óskað eftir rúmlega 700 m.kr. hækkun til að mæta uppsöfnuðum halla sjúkratrygginga og rúmum 3 milljörðum kr. vegna halla margra heilbrigðis- og sjúkrastofnana. Þar vega þyngst rúmir 1,5 milljarðar króna vegna Landspítalans og 450 m.kr. vegna Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Samningar um búvöruframleiðslu fylgja vísitölu neysluverðs og vaxa útgjöldin um 660 m.kr. á árinu vegna verðbóta umfram það sem reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Farið er fram á tæplega 550 m.kr. fjárheimild á lið fyrir fasteignagjöld af húseignum skóla og heilbrigðisstofnana þar sem að í fjárlögum 2008 hafði verið gert ráð fyrir að fallið yrði frá áformaðri hækkun álagningarprósentu úr 0,88% í 1,32% en sú breyting á lögunum kom ekki til framkvæmda. Lagt er til að veitt verði fjárframlag til Vestmannaeyjabæjar að fjárhæð 700 m.kr. vegna kostnaðar við lagningu nýrrar vatnslagnar milli lands og eyja. Gert er ráð fyrir að Vestamannaeyjabær noti fjármagnið til að tryggja að kostnaður íbúa í Vestamanneyjum vegna neysluvatns verði ekki hærri en gengur og gerist meðal annarra landsmanna. Auk þess er óskað eftir rúmlega 390 m.kr. hærri fjárveitingu vegna aukins kostnaðar við lengingu Akureyrarflugvallar.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2008	Heimildir [1] 2008	Breyt.frá fjárl. m.kr.	Breyt. frá fjárl. %
Rekstrargjöld				
Laun	114.935	119.831	4.896	4,3
Lífeyrisskuldbindingar	5.002	5.002	0	0,0
Önnur gjöld	96.250	102.993	6.743	7,0
Sértekjur	-27.410	-27.983	-573	2,1
Rekstrargjöld samtals	**188.777**	**199.842**	**11.066**	**5,9**
Fjármagnskostnaður	**21.764**	**32.700**	**10.936**	**50,2**
Rekstrar- og neyslutilfærslur				
Lífeyristryggingar	45.030	45.912	882	2,0
Sjúkratryggingar	18.561	19.338	777	4,2
Fæðingarorlofssjóður	8.696	9.561	865	9,9
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	12.176	12.176	0	0,0
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	9.002	9.517	515	5,7
Barnabætur	8.800	8.800	0	0,0
Afskriftir skattkrafna	10.000	10.000	0	0,0
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	8.065	8.328	263	3,3
Atvinnuleysistryggingasjóður	7.255	4.702	-2.553	-35,2
Vaxtabætur	5.880	7.022	1.142	19,4
Lánasjóður íslenskra námsmanna	5.938	5.938	0	0,0
Framlag til sókna og kirkjugarða	3.781	3.874	93	2,5
Ríkisútvarpið	2.916	3.113	197	6,7
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	2.926	2.926	0	-
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	28.083	34.055	5.972	21,3
Neyslu- og rekstrartilfærslur samtals	**177.110**	**185.263**	**8.153**	**4,6**
Viðhald				
Vegakerfi	3.350	3.350	0	0,0
Annað	3.101	3.115	14	0,4
Viðhald samtals	**6.451**	**6.464**	**14**	**0,2**
Fjárfesting				
Vegakerfi	22.537	22.647	110	0,5
Hafnarframkvæmdir	2.098	2.098	0	0,0
Háskólar og framhaldskólar	1.821	1.835	14	0,8
Heilbrigðisstofnanir	1.963	2.163	200	10,2
Flugvellir	1.973	1.973	0	0,0
Annað	9.739	10.879	1.140	11,7
Fjárfesting samtals	**40.130**	**41.594**	**1.464**	**3,6**
Gjöld samtals	**434.232**	**465.864**	**31.632**	**7,3**

[1] Fjárlög að viðbættum fjáraukalögum ársins.

Á móti vegur að í frumvarpinu er reiknað með því að atvinnuleysi á þessu ári verði talsvert minna en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir og lækkar fjárveiting til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 3 milljarða króna vegna þess. Samkvæmt endurskoðuðum áætlunum um útgjöld almannatrygginga, m.a. miðað við greiðslur það sem af er árinu, er einnig talið að þau hafi verið ofmetin um sem nemur 1 milljarði króna.

3 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér er gerð grein fyrir breytingum á lánsfjármálum ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða sem fram koma í 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Í 1. tl. 3. gr. frumvarpsins er lagt til að lántökuheimildir fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, hækki úr 30.000 m.kr. í 234.000 m.kr. Undir lok vorþings heimilaði Alþingi fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, að taka á árinu 2008 lán til viðbótar lánsfjárheimild fjárlaga fyrir allt að 500 milljörðum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána Seðlabanka Íslands þann hluta sem tekinn verður að láni í erlendri mynt. Horfur eru á að heildarlántökur ríkissjóðs á þessu ári verði 234 milljarðar króna, þar af 160 milljarðar í íslenskum krónum en 44 milljarðar í erlendri mynt. Áætlað er að í ár greiði ríkissjóður samtals 97,9 milljarða króna í afborganir af teknum lánum, en það er 53,4 milljörðum króna meira en áformað var í fjárlögum. Lántökur umfram afborganir eru því áætlaðar 136,1 milljarður króna. Eins og gert var ráð fyrir í fjárlögum verða 4 milljarðar króna greiddir inn á skuldbindingar ríkisins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Gert er ráð fyrir að handbært fé aukist um rétt tæpa 100,2 milljarða króna á árinu og batnar staða ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands sem því nemur.

Í 2. tl. 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á endurlánaheimildum ríkissjóðs til samræmis við horfur fyrir árið í ár. Í heild er lagt til að heimildirnar lækki um 712 m.kr. Heimild Lánsjóðs íslenskra námsmanna lækkar um 1.000 m.kr., 275 m.kr. heimild Happdrættis Háskóla Íslands fellur brott en á móti er sótt um heimild til að breyta 563 m.kr. skammtímaskuld Ríkisútvarpsins við ríkissjóð í langtímalán.

Í 3. tl. 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á heimildum til veitingu ríkisábyrgða á lántökum aðila sem heimild hafa til lántöku í sérlögum. Breytingarnar eru þrjár og í heildina tekið er lögð til 23 m.kr. hækkun heimildar. Í fyrsta lagi er lögð til 5.500 m.kr. lækkun á heimild Landsvirkjunar, en fyrirtækið hefur dregið úr og frestað lántökum í ljósi markaðsaðstæðna og áætlað er að handbært fé fyrirtækisins lækki um 3 milljarða króna á árinu. Í öðru lagi er lögð til 3.611 m.kr. lækkun á heimild Íbúðalánasjóðs vegna almennra íbúðalána og í þriðja lagi 9.134 m.kr. hækkun á heimild sjóðsins vegna leiguíbúða. Breytt lánsfjárþörf Íbúðalánasjóðs stafar að mestu af breytingum í veittum lánum sjóðsins frá fyrri áætlunum en eftirspurn eftir almennum íbúðalánum hefur verið minni en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga en eftirspurn eftir lánum til leiguíbúða hefur vaxið. Í þessum

áætlunum hefur ekki verið reiknað með neinum kaupum Íbúðalánasjóðs á fasteignalánum af bönkunum, enda er óvíst að nokkur slík viðskipti muni fara fram fyrir áramót.

Samkvæmt endurskoðuðum áætlunum fyrir árið 2008 er gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði 3,1 milljarður króna. Það er 31,1 milljarðs króna lækkun frá áætlun fjárlaga. Stafar það að mestu af talverðri aukningu útgjalda samhliða því að tekjur lækka. Samkvæmt frumvarpinu verða útgjöld ríkissjóðs sem greiðast á árinu 26,6 milljörðum króna hærri en áætlað var í fjárlögum en innheimtar tekjur verða 4,9 milljörðum króna minni en áætlað var.

Nú er útlit fyrir að fjármunahreyfingar ársins verði neikvæðar um 35,1 milljarð króna en í fjárlögum var áætlað að þær yrðu jákvæðar um 7,5 milljarða. Munar þar mest um lán að fjárhæð 300 milljónir evra, jafngildi 44 milljarða króna, sem veitt var til Seðlabanka Íslands til að styrkja gjaldeyrisvaraforða bankans. Aðrar helstu breytingar fjármunahreyfinga frá fjárlögum eru í fyrsta lagi þær að ekki er gert ráð fyrir sérstökum lánveitingum til skamms tíma á árinu en í fjárlögum hafði verið reiknað með 500 m.kr. Í öðru lagi er nú reiknað með að endurlán til Lánasjóðs íslenskra námsmanna verði samtals 7 milljarðar króna en það er 1 milljarði króna innan áætlunar fjárlaga. Í þriðja lagi er áætlað að innheimtar afborganir veittra lána verði 1 milljarði króna umfram áætlun fjárlaga og nemi í heild 17 milljörðum. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir 250 m.kr. aukningu eiginfjárframlaga og að þau verði samtals 1.250 m.kr. á árinu. Í fimmta lagi er nú einungis reiknað með 200 m.kr. tekjum af sölu eignarhluta í félögum á árinu og er það 800 m.kr. lækkun frá fjárlögum.

Í milljónum króna	Fjárlög 2008	Áætlun 2008	Breyting frá fjárlögum
Handbært fé frá rekstri	**34.257**	**3.111**	**-31.146**
Fjármunahreyfingar:			
Veitt stutt lán, viðskiptareikningar	-500	0	500
Veitt löng lán	-8.000	-51.063	-43.063
Afborganir veittra lána	16.000	17.000	1.000
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-1.000	-1.250	-250
Sala hlutabréfa og eignarhluta	1.000	200	-800
Fjármunahreyfingar samtals	**7.500**	**-35.113**	**-42.613**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**41.757**	**-32.002**	**-73.759**
Fjármögnun:			
Skammtímalán	0	0	0
Tekin löng lán	30.000	234.000	204.000
Afborganir af teknum lánum	-44.500	-97.900	-53.400
Fjármögnun samtals	**-14.500**	**136.100**	**150.600**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-4.000	-4.000	0
Breyting á handbæru fé	**23.257**	**100.098**	**76.841**

Áætlað er að hreinn lánsfjárjöfnuður ársins verði neikvæður um 32 milljarða króna. Eins og áður hefur verið rakið er gert ráð fyrir að ríkissjóður taki lán til langs tíma fyrir allt að 234 milljarða króna, greiði tæpa 98 milljarða króna í afborganir af löngum lánum og greiði 4 milljarða inn á skuldbindingar ríkisins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Samkvæmt þessu er reiknað með að handbært fé aukist um 100 milljarða króna á árinu og batnar staða ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands sem því nemur.

4 Heimildir

Sótt er um 10 heimildir í 4. gr. frumvarpsins. Heimildirnar skiptast þannig að tvær eru vegna sölu húsnæðis og eignarhluta í húsnæði, ein er vegna sölu lóða og jarða, fimm eru vegna kaupa og leigu fasteigna, ein til að taka þátt í hlutafjáraukningu í félagi og ein til að skuldbreyta viðskiptakröfu í langtímalán.

Heimild 2.26 er vegna sölu á fyrrum embættisbústaði héraðsdómara í Borgarnesi.

Heimild 3.12 er vegna sölu á eignarhlut ríkisins í læknisbústaði í Vík í Mýrdal.

Heimild 4.38 er vegna makaskipti við aðila sem einnig á landspildu við Egilsstaðaflugvöll til hagsbóta fyrir flugvöllinn.

Heimild 6.24 er vegna kaupa á landsspildu við Gljúfrastein og hugsanlega öðrum eignum í grenndinni til hagsbóta fyrir safnið að Gljúfrasteini.

Heimild 6.25 er vegna kaupa Happdrættis Háskóla Íslands á húsnæði fyrir happdrættisvélar og viðgerðarverkstæði.

Heimild 6.26 er vegna kaupa á viðbótarhúsnæði fyrir Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn.

Heimild 6.27 er vegna leigu á húsnæði fyrir Námgagnastofnun en stofnunin er nú starfrækt á tveimur stöðum.

Heimild 6.28 er vegna kaupa á eignarhlutum við Laugaveg 164 í Reykjavík en þar og við Laugaveg 166 eru ýmsar ríkisstofnanir til húsa og ríkissjóður á nú þegar stærstan hluta húsasamstæðunnar.

Heimild 7.12 er til að auka hlutafé í Vísindagörðum Háskóla Íslands.

Heimild 7.13 er til að færa eftirstöðvar af skuldum RÚV ohf. við ríkissjóð yfir á skuldabréf til 15 ára sem beri fasta vexti auk verðtryggingar.

Athugasemdir við einstaka fjárlagaliði.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 3 m.kr.

101 Embætti forseta Íslands.

5.20 Laufásvegur 72, viðhald. Sótt er um 3 m.kr. framlag vegna viðhaldsframkvæmda í gestahúsi forseta Íslands. Nýlega fór fram ítarleg athugun á ástandi hússins sem leiddi í ljós að brýnt er að sinna margvíslegu aðkallandi viðhaldi og má ætla að kostnaður verði umtalsverður.

201 Alþingi.

6.21 Fasteignir. Lagt er til að 250 m.kr. tímabundið framlag til viðgerða og endurbóta á húsinu Skjaldbreiður sem veitt var í fjárlögum á fjárlagalið Alþingis verði millifært á fjárlagalið *00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit* þar sem verkefnið er talið eiga betur heima.

205 Framkvæmdir á Alþingisreit.

6.55 Framkvæmdir á Alþingisreit. Lagt er til að hingað verði millifært 250 m.kr. tímabundið framlag til viðgerða og endurbóta á húsinu Skjaldbreiður sem veitt var í fjárlögum á fjárlagalið *00-201 Alþingi*.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 380,8 m.kr.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Lögð er til 10,5 m.kr. lækkun á fjárveitingu til aðalskrifstofu ráðuneytisins á móti samsvarandi hækkun fjárveitingar á lið Fasteigna forsætisráðuneytisins vegna brýnna viðhaldsverkefna.

190 Ýmis verkefni.

1.13 Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag. Lagt er til að 22,2 m.kr. verði veitt til verkefnisins í stað fjárheimildar sem var felld niður í lokafjárlögum 2006 þar sem talið

var að verkinu væri lokið. Út eru komin níu bindi af Sögu Íslands og von er á þremur bindum til viðbótar á næstu árum.

1.19 Efnahagsrannsóknir. Óskað er eftir 30 m.kr. framlagi til verkefna á sviði efnahagsmála. Unnið er að því að efla rannsóknir og greiningu á íslensku efnahagslífi með það að markmiði að auka þekkingu og skilning á því innanlands sem erlendis. Jafnframt er um að ræða tímabundna ráðgjöf í efnahagsmálum til forsætisráðuneytisins, einkum á sviði peninga- og fjármálamarkaðar. Þá er gert ráð fyrir stuðningi við Rannsóknarmiðstöð Háskólans í Reykjavík í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum vegna Global Entrepeneurship Monitor rannsóknarinnar sem er alþjóðleg rannsókn á frumkvöðlastarfsemi.

1.21 Öryggismálanefnd. Lagt er til að 14,5 m.kr. framlag til nefndarinnar falli niður. Dregist hefur að hefja störf nefndarinnar og verður því ekki þörf á fjárveitingunni á þessu ári.

1.22 Ráðgjöf vegna breytinga í heilbrigðis- og tryggingamálum. Farið er fram á 25 m.kr. framlag vegna ráðgjafarkostnaðar við undirbúning breytinga í heilbrigðis- og tryggingamálum. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir umtalsverðum breytingum á skipulagi heilbrigðis- og tryggingamála, sem meðal annars felur í sér flutning verkefna frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis. Um er að ræða ráðgjöf innlendra og erlendra sérfræðinga til verkefnisstjórnar sem hefur yfirumsjón með framvindu verksins. Verkefni ráðgjafanna snýr meðal annars að greiningu á starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins, tillögugerð að skipulagningu og framkvæmd nauðsynlegra breytinga vegna uppskiptingu stofnunarinnar og endurskoðun á skipulagi og fjármögnun heilbrigðiskerfisins. Vinna við verkefnið hófst sumarið 2007 og í fjárlögum 2008 var gert ráð fyrir 30 m.kr. kostnaði vegna verkefnisins. Fyrirséð er að útgjöld verði verulega hærri en ráð var fyrir gert.

1.56 Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðaheimila fyrir börn. Lögð er til 17,2 m.kr. fjárveiting vegna nefndar sem ætlað er að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn, sbr. lög nr. 26/2007. Í framhaldi af niðurstöðum og skýrslu nefndarinnar um starfsemi Breiðavíkurheimilisins á árunum 1952 til 1979, hefur henni verið falið að hefja almenna könnun á öðrum heimilum og stofnunum sem falla undir gildissvið laganna. Stefnt er að því að ljúka könnuninni á þremur árum og að áfangaskýrslum verði skilað árlega þangað til. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009 er jafnframt sótt um tímabundið framlag í þrjú ár til þessa verkefnis.

1.90 Ýmis verkefni. Sótt er um 250 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við erlenda og innlenda ráðgjöf og nauðsynlegar aðgerðir ríkisins vegna neyðarástands á fjármálamarkaði í framhaldi af falli þriggja stærstu banka Íslands. Auk þess er gert ráð fyrir að 100 m.kr. af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar verði varið til greiðslu þessa kostnaðar. Um er að ræða kostnað ríkissjóðs við sérfræðiþjónustu og ráðgjöf vegna endurreisnar íslenska fjármálakerfisins og alþjóðasamskipta, auk almannatengsla. Þá snýr vinna sér-

fræðinga jafnframt að ráðgjöf um ýmis lögfræðileg álitaefni sem eru mikilvæg með hliðsjón af þeim miklu hagsmunum sem eru í húfi fyrir ríkið. Þau erlendu ráðgjafafyrirtæki sem komið hafa helst að þessari vinnu fyrir íslensk stjórnvöld eru breska lögmannsstofan Lovells LLP, lögmannsstofan Logos, alþjóðlega ráðgjafafyrirtækið McKinsey & Company, HeadLand Consultancy í Bretlandi, norska ráðgjafafyrirtækið Retainer & Company AS og finnski ráðgjafinn Kaarlo Vilho Jännäri.

201 Fasteignir forsætisráðuneytis.

5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis. Sótt er um 10,5 m.kr. framlag til brýnna viðhaldsframkvæmda við húseignir á Bessastöðum og Þingvöllum ásamt lóðaframvæmdum við Þingvallabæinn og endurbóta á viðbótarleiguhúsnæði. Gert er ráð fyrir að á móti lækki fjárveiting aðalskrifstofu ráðuneytisins jafn mikið.

255 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins.

6.21 Framkvæmdir. Sótt er um 15 m.kr. framlag vegna undirbúnings að móttöku- og fræðslumiðstöð við Gljúfrastein. Um er að ræða mat á möguleikum og kostum, þarfagreiningu og frumhönnun.

261 Óbyggðanefnd.

1.01 Óbyggðanefnd. Lagt er til að veitt verði 22 m.kr. framlag til nefndarinnar til að mæta halla síðasta árs og áætluðum umframútgjöldum á yfirstandandi ári. Kostnaður vegna lögboðinnar rannsóknarskyldu nefndarinnar hefur vaxið umtalsvert. Um er að ræða kostnað við sérfræðivinnu, gagnaöflun Þjóðskjalasafns, kortagerð og málflutningskostnað lögmanna málsaðila. Ýmsir kostnaðarliðir eru eðli máls samkvæmt óvissu háðir eða í hlutfalli við stærð og fjölda þeirra landsvæða sem málsaðilar fjalla um hverju sinni. Gildir það jafnt um jarðir, afrétti og önnur landssvæði. Á öllum tegundum framangreindra svæða koma yfirleitt fram bæði kröfur um þjóðlendu og eignarland. Vegna hvers slíks landsvæðis þarf að afla gagna, gæta hagsmuna, teikna upp kort, kanna staðhætti, semja úrskurði og svo framvegis.

401 Hagstofa Íslands.

1.01 Hagstofa Íslands. Farið er fram á 13,9 m.kr. fjárveitingu vegna biðlauna og annars kostnaðar í tengslum við breytingu á Hagstofu Íslands úr ráðuneyti í stofnun, sem gerð var með lögum.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 1.647,1 m.kr.

101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Óskað er eftir 4 m.kr. fjárveitingu vegna nýs stöðugildis jafnréttisfulltrúa sem fylgja skal eftir kynjasamþættingu í skóla- og uppeldisstarfi samkvæmt 13. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008. Jafnréttisfulltrúinn fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málefnasviði ráðuneytisins og stofnana þess, þar á meðal skal hann vinna að kynjasamþættingu á málefnasviði ráðuneytisins.

201 Háskóli Íslands.

1.13 Háskólasjóður. Lagt er til að lögboðið framlag til Háskóla Íslands vegna sóknargjalda verði hækkað um 36,3 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Sóknargjöld hækka í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðaltekjuskattsstofnins milli tekjuáranna 2006 og 2007 var 10,3% eða nálægt 4% meiri en reiknað var með í fjárlögum, auk þess sem fjölgun einstaklinga var um 2,2% í stað 1,2%.

6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup. Lagt er til að veitt verði 200 m.kr. fjárheimild til að Háskóli Íslands geti ráðstafað auknum hluta af tekjum frá Happdrætti Háskóla Íslands til framkvæmda. Heimildin kemur til viðbótar þeim 215 m.kr. sem veitt er til framkvæmda og viðhalds á vegum skólans í fjárlögum. Hagnaður af Happdrætti Háskóla Íslands hefur farið vaxandi undanfarin ár og stóð hann að stórum hluta undir byggingu Háskólatorgs með um 1,8 milljarða króna framlögum á árunum 2006 og 2007.

202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum.

1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Farið er fram á 3,5 m.kr. framlag vegna ófyrirséðs kostnaðar vegna nýrnaveiki í alifiskum. Á árunum 2004-2006 komu upp nokkur nýrnaveiki tilfelli í fiskeldisstöðum þannig að grípa varð til aðgerða sem kölluðu á umfangsmiklar rannsóknir. Tekist hefur að uppræta smit og aflétta dreifingarbanni í flestum stöðvum en enn stendur barátta yfir hjá einu fyrirtæki. Gert er ráð fyrir að dreifingarbanni verði ekki aflétt fyrr en vorið 2009. Sambærileg mál komu upp árið 2005 og 2006 og voru veittar aukafjárveitingar vegna þeirra í fjáraukalögum 2006 og 2007.

210 Háskólinn á Akureyri.

1.01 Háskólinn á Akureyri. Farið er fram á að fjárveiting á þessum lið hækki um 233,5 m.kr. Annars vegar er farið er fram á 225 m.kr. viðbótarfjárheimild til skólans til að

mæta um tveimur þriðju hlutum af uppsöfnuðum rekstrarhalla skólans en hann var um 336 m.kr. í árslok 2007. Stærsti hluti hallans myndaðist á árunum 2003 og 2004 eða um 240 m.kr. Skólinn var rekinn með 0,6 m.kr. afgangi á árinu 2007. Halli ársins 2006 var 15,3 m.kr. en rekstraráætlun fyrir árið 2008 gerir ráð fyrir 15,3 m.kr. afgangi innan ársins. Gangi sú áætlun eftir má segja að þegar litið er á tímabilið 2006-2008 verði skólinn innan fjárheimilda. Tillagan er gerð í því ljósi að menntamálaráðuneytið telur að gerðar hafi verið fullnægjandi ráðstafanir til að rekstrarumfang skólans verði í samræmi við heimildir fjárlaga. Er þá jafnframt gert ráð fyrir að að skólanum verði ætlað að grípa til frekari ráðstafana til að vinna upp eftirstöðvar hallans á næstu tveimur til þremur árum. Hins vegar er farið fram á að veitt verði 8,5 m.kr. framlag til að efla rannsóknir á lífríki sjávar í samstarfi við BioPol á Skagaströnd. Áhersla verði lögð á hrognkelsarannsóknir, rannsóknir á sel og rannsóknir á sviði líftækni. Áætlað er að fjölgi um eitt starf vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra.

217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum.

1.01 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum. Í frumvarpinu er lagt til að fjárheimild skólans hækki um 169,2 m.kr. Óskað er eftir 94,2 m.kr. fjárveitingu til að gera upp rekstrarhalla stofnunarinnar í árslok 2007. Eftir flutnings stofnunarinnar frá landbúnaðarráðuneyti yfir til menntamálaráðuneytis í ársbyrjun 2008 hefur verið leitast við að leiðrétta bókhald skólans, þar á meðal að bregðast við athugasemdum sem Ríkisendurskoðun hefur ítrekað lagt fram við endurskoðun á ársreikningum skólans undanfarin ár. Stofnunin hefur lengi átt við lausafjársörðugleika að etja og greitt háar fjárhæðir í vexti og dráttarvexti. Eftir leiðréttingar á viðskiptakröfum og skuldum kom í ljós að eiginfjárstaða stofnunarinnar var tugum milljónum króna verri en ríkisreikningur gaf tilefni til að ætla. Einnig er gerð tillaga um 75 m.kr. fjárheimild vegna viðvarandi halla á rekstri skólans. Ársáætlun hans gerði ráð fyrir að rekstur væri um 15 m.kr. umfram fjárheimildir ársins og munaði þar mestu um áætlaðan fjármagnskostnað og samþykkti menntamálaráðuneytið áætlunina með 15 m.kr. halla.

223 Námsmatsstofnun.

1.01 Námsmatsstofnun. Óskað er eftir 52 m.kr. fjárheimild til að mæta um tveimur þriðju hlutum af uppsöfnuðum halla stofnunarinnar sem í árslok 2007 var 77,2 m.kr. Rekstrarhallinn myndaðist að mestu á árunum 2004 til 2006. Ástæður hans má að stórum hluta rekja til þess að kostnaður við framkvæmd alþjóðlegu verkefnanna PISA og PIRLS var verulega vanmetinn, mikill kostnaður var lagður í greindarpróf sem ekki fóru í sölu fyrr en á árinu 2007, auk þess sem stofnunin flutti í annað húsnæði á árinu 2005 með tilheyrandi kostnaði. Eftir að gripið var til ráðstafana til að draga úr kostnaði

var stofnunin rekin með 0,6 m.kr. halla á árinu 2007 og rekstraráætlun fyrir árið 2008 gerir ráð fyrir 0,6 m.kr. afgangi innan ársins. Gangi sú áætlun eftir má segja að samanlagt verði stofnunin rekin innan fjárheimilda síðustu tveggja ára. Tillagan er gerð í því ljósi að menntamálaráðuneytið telur að gerðar hafi verið fullnægjandi ráðstafanir til að rekstrarumfangi stofnunarinnar verði hagað í samræmi við heimildir fjárlaga. Er þá jafnframt gert ráð fyrir að að stofnuninni verði ætlað að grípa til frekari ráðstafana til að vinna upp eftirstöðvar hallans á næstu tveimur til þremur árum.

231 Rannsóknamiðstöð Íslands.

1.01 Rannsóknamiðstöð Íslands. Óskað er eftir 12 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við óvenjulega og óvænta starfsmannaveltu á árunum 2007 og 2008. Á árinu 2007 sögðu sjö af tuttugu starfsmönnum upp starfi af ýmsum ástæðum en þeir höfðu flestir starfað lengi hjá stofnuninni. Greiða þurfti mörgum út ótekið orlof þar sem þeir höfðu ekki náð að taka lögbundið orlof vegna mikils vinnuálags. Í ár hættu átta til viðbótar. Rekstur Rannís hefur af þessum sökum verið erfiður og myndast hefur nær 20 m.kr. rekstarhalli á síðustu tveimur árum.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.

1.31 Rannsókna- og háskólanetið. Óskað er eftir 10 m.kr. fjárveitingu vegna viðgerða á Cantat 3 ljósleiðarastrengnum árið 2007. Alvarleg bilun varð á vesturlegg Cantat3 sæstrengnum í desember 2006. Reiknað var með að viðgerð tæki um 10 daga og þurfti að rjúfa strenginn á meðan. Bregðast varð við þessu hið fyrsta og var því leitað eftir samningum innanlands sem gætu veitt RH-neti varaleiðir í gegnum önnur netsambönd.
1.91 Háskólar, óskipt. Óskað er eftir 26,8 m.kr. fjárveitingu til að bæta þremur háskólum upp útgjöld vegna innheimtu sveitarfélaga á 1% lóðarleigu vegna skólahúsnæðis þeirra frá og með árinu 2006. Lóðaleigugreiðslur árin 2006-2008 eru þessar: Kennaraháskóli Íslands 7,9 m.kr., Háskólinn í Reykjavík 10,4 m.kr. og Háskólinn á Akureyri 8,5 m.kr.

319 Framhaldsskólar, almennt.

1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Óskað er eftir 44 m.kr. framlagi til að standa straum af kjarasamningsbundinni eingreiðslu til framhaldsskólakennara í Kennarafélagi Íslands samkvæmt samningi þess við ríkið frá 1. júní 2008. Um er að ræða 25.000 kr. eingreiðslu fyrir fullt starf að viðbættum launatengdum gjöldum. Fjárheimildin verður millifærð af þessum safnlið til framhaldsskóla í samræmi við stöðugildi í hverri stofnun fyrir sig.

363 Framhaldsskólinn á Laugum.

1.01 Framhaldsskólinn á Laugum. Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. framlag til að skoða möguleika á að nýta kosti fjarkennslu í bland við staðbundið heimanám. Leitast verður við að gefa nemendum kost á að stunda nám í heimabyggð meirihluta vetrar auk þess að þeir nytu kosta þess að vera hluti af stærra skólasamfélagi. Áætlað er að störfum fjölgi um eitt vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi.

451 Símenntun og fjarkennsla.

1.23 Farskóli Norðurlands vestra. Sótt er um 4 m.kr. framlag til að efla háskólamenntun með fjarnámi og staðbundinni kennslu er falli undir Farskólann - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra. Áætlað er að störfum fjölgi um eitt vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra.

1.31 Fræða- og þekkingasetur. Lagt er til að veitt verði 8 m.kr. framlag til að styrkja mennta-, menningar- og nýsköpunarsetur á Vopnafirði og til að styrkja innviði menningar og ferðaþjónustu. Áætlað er að störfum fjölgi um eitt vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi.

504 Tækniskólinn.

1.01 Tækniskólinn. Farið er fram á 772,9 m.kr. fjárveitingu til samnings um rekstur Tækniskólans. Menntamálaráðuneytið og Menntafélagið ehf. gerðu fyrr á þessu ári með sér samning um rekstur á þessum nýja framhaldsskóla. Samningurinn gekk í gildi 1. júní sl. og er til 31. maí 2013 og kemur í stað samnings sömu aðila frá 3. desember 2002 um Fjöltækniskóla Íslands. Í samningi um Tækniskólann er miðað við að Menntafélagið efh. fái á árinu 2008 helming af fjárveitingu Fjöltækniskólans og Iðnskólans í Reykavík, auk sambærilegra launa- og verðlagsbóta og aðrir framhaldsskólar njóta. Á móti framangreindri hækkun er í frumvarpinu lagt til að niður falli 183,2 m.kr. ónotuð fjárheimild Fjöltækniskólans og 557,5 m.kr. ónotuð fjárheimild Iðnskólans í Reykjavík, jafnframt því sem veitt verði 32,3 m.kr. viðbótarfé vegna rekstrarhalla Iðnskólans fyrri hluta ársins 2008.

505 Fjöltækniskóli Íslands.

1.01 Fjöltækniskóli Íslands. Lagt er til að 183,2 m.kr. ónotuð fjárheimild Fjöltækniskólans verði felld niður þar sem rekstri hans var hætt um mitt ár 2008 þegar hann sameinaðist Iðnskólanum í Reykjavík í Tækniskólanum með samningi menntamálaráðuneytisins við Menntafélagið ehf.

514 Iðnskólinn í Reykjavík.

1.01 Iðnskólinn í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að 461,3 m.kr. fjárheimild falli niður á þessum lið fjárlaga. Í fyrsta lagi er lagt til að felld verði niður 557,5 m.kr. ónotuð fjárheimild Iðnskólans í Reykjavík þar sem rekstri hans var hætt um mitt ár 2008 þegar Menntafélagið ehf. sameinaði rekstur hans og Fjöltækniskóla Íslands í Tækniskólanum samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið. Samkvæmt samningnum er miðað við að Menntafélagið fái helming fjárveitingar Iðnskólans á árinu 2008 eða 589,7 m.kr. Iðnskólinn var með um það bil 8,5 m.kr. jákvæðan höfuðstól í árslok 2007 en var rekinn með 40,7 m.kr. halla á fyrri hluta ársins 2008, þannig að uppsafnaður rekstrarhalli er áætlaður 32,2 m.kr. um mitt yfirstandandi ár. Sótt er um að þessu verði mætt í aukafjárlögum. Í öðru lagi er óskað eftir 64 m.kr. fjárveitingu vegna biðlauna fyrrverandi starfsmanna skólans.

901 Fornleifavernd ríkisins.

1.01 Fornleifavernd ríkisins. Gerð er tillaga um 6 m.kr. fjárheimild til að mæta tveimur þriðju hlutum af uppsöfnuðum halla Fornleifaverndar ríkisins. Framlög til stofnunarinnar hafa verið aukin á undanförnum árum jafnframt því sem hagrætt hefur verið í rekstrinum þannig að hann var komin í jafnvægi á árinu 2007. Tillagan er gerð í því ljósi að menntamálaráðuneytið telur að gerðar hafi verið fullnægjandi ráðstafanir til að rekstrarumfangi stofnunarinnar verði hagað í samræmi við heimildir fjárlaga. Er þá jafnframt gert ráð fyrir að að stofnuninni verði ætlað að grípa til frekari ráðstafana til að vinna upp eftirstöðvar hallans á næstu tveimur til þremur árum.

902 Þjóðminjasafn Íslands.

1.01 Þjóðminjasafn Íslands. Lagt er til að veitt verði 9 m.kr. framlag til að gera safninu kleift að semja við fyrirtæki eða stofnanir á Norðaustur- og Austurlandi um að koma gögnum í tölvutækt form í gegnum fjarvinnslu. Áætlað er að störfum fjölgi um eitt vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi.

903 Þjóðskjalasafn Íslands.

1.01 Þjóðskjalasafn Íslands. Gerð er tillaga um að fjárveiting á þessum lið hækki um 21,8 m.kr. Annars vegar er lagt til að veitt verði 12,8 m.kr. viðbótaframlag til að fullvinna gögn og gera þau aðgengileg fyrir almenning í tengslum við þá vinnu sem annars fer fram við þjóðlendurannsóknir. Áætlað er að unnt verði að vinna meira en helminginn utan Reykjavíkur í samvinnu við héraðsskjalasöfnin. Hins vegar er lagt til að veitt verði 9 m.kr. framlag til að gera Þjóðskjalasafni Íslands kleift að semja við fyrirtæki eða stofnanir á Norðaustur- og Austurlandi um að koma gögnum í tölvutækt

form í gegnum fjarvinnslu. Áætlað er að störfum fjölgi um eitt vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi.

919 Söfn, ýmis framlög.

1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis. Alls er farið fram á 18 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins. Farið er fram á 10 m.kr. viðbótarframlag til Hönnunarmiðstöðvar Íslands ehf. á yfirstandandi ári til viðbótar við 10,3 m.kr. framlag í fjárlögum. Í febrúar síðastliðinum samþykkti ríkisstjórnin að iðnaðarráðuneyti og menntamálaráðuneyti gerðu samning við Hönnunarmiðstöð Íslands ehf. um 20 m.kr. framlag á ári árin 2008 - 2010 og að upphæðin skiptist jafnt á milli ráðuneytanna. Einnig er lagt til að veitt verði 8 m.kr. framlag til að efla jarðfræðirannsóknir á Austurlandi. Áætlað er að störfum fjölgi um eitt vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

6.95 Menningarhús. Sótt er um 270 m.kr. framlag á þessum lið. Annars vegar er um að ræða 240 m.kr. vegna kostnaðarhækkana í tengslum við samning við Akureyrarbæ um menningarhús. All langt er um liðið síðan framlag til framkvæmdarinnar var ákveðið en þar sem framkvæmdir hafa frestast hefur byggingakostnaður aukist talsvert frá þeim tíma og miðast tillagan við að sá verðlagsmunur verði bættur. Hins vegar er sótt um 30 m.kr. í tengslum við framlag ríkissjóðs til byggingar menningarhúss á Akureyri. Um er að ræða fjárframlag sem ætlað var til menningarhúss Akureyrar en var ráðstafað til framkvæmda við menningarhúsið Miðgarð í Skagafirði. Í fjáraukalögum 2007 voru veittar 30 m.kr. í verkefnið og nú er óskað 30 m.kr. til viðbótar.

971 Ríkisútvarpið.

1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld. Fjárheimild Ríkisútvarpsins ohf. hækkar samtals um 196,8 m.kr. samkvæmt frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til að fyrirtækinu verði veitt 122,8 m.kr. aukafjárveiting svo unnt sé að afskrifa jafnháa kröfu ríkissjóðs á félagið. Um er að ræða skuld sem myndaðist fyrstu mánuði ársins 2007 áður en stofnuninni var breytt í hlutafélag í eigu ríkisins. Markmiðið með aðgerðinni er að eiginfjárhlutfall hlutafélagsins nái að vera 15% í stofnefnahagsreikningi þess. Við 2. umræðu fjáraukalagafrumvarps 2006 var veitt 625 m.kr. heimild í sama tilgangi. Í öðru lagi er lagt til að fjárheimildir vegna ráðstöfunar afnotagjalda til fyrirtækisins verði hækkaðar um 74 m.kr. þar sem afnotagjöld voru hækkuð um 5% frá og með 1. ágúst 2008. Er þá áætlað að afnotagjöld skili fyrirtækinu 2.990 m.kr. tekjum á yfirstandandi ári.

973 Þjóðleikhúsið.

1.01 Þjóðleikhúsið. Gerð er tillaga um 80 m.kr. framlag hallareksturs leikhússins. Leikhúsið hefur safnað skuldum og hefur það íþyngt starfseminni undanfarin ár. Stöðug og viðvarandi neikvæð lausafjárstaða hefur leitt af sér umtalsverðan vaxta- og innheimtukostnað þannig að stofnuin greiðir um 10 m.kr. á ári í vexti. Undanfarið hefur verið unnið að því að ná tökum á rekstri leikhússins og er tilgangurinn með aukafjárveitingunni að greiða niður skuldir við birgja.

982 Listir, framlög.

1.17 Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar. Óskað er eftir 10 m.kr. aukafjárveitingu vegna kostnaðar við þátttöku Íslands í listahátíðinni Feneyjartvíæringinum. Skýrist það aðallega af því að mikil hækkun hefur orðið á áætluðum kostnaði frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Árlegt framlag til verkefnsins í fjárlögum á þessum lið er 13 m.kr.

1.57 Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011. Lagt er til að veitt verði 25 m.kr. framlag vegna umsóknar Íslands um heiðurssæti á bókakaupstefnunni í Frankfurt haustið 2011. Samtals er kostnaður við þátttökuna áætlaður 300 m.kr. sem greiðist þannig að 50 m.kr. voru veittar í fjáraukalögum 2007, sótt er um 25 m.kr. í fjáraukalögum 2008 og óskað er eftir 50 m.kr. í frumvarpi til fjárlaga 2009. Gert verður ráð fyrir 100 m.kr. árið 2010 og síðan 100 m.kr. árið 2011. Skipta má kostnaðinum í fjóra meginhluta: Þýðingarstyrki til bókaútgáfufyrirtækja, upplýsinga- og kynningarstarf, menningarkynningu í Þýskalandi og þátttakan á sjálfri bókakaupstefnunni sem gestaland.

989 Ýmis íþróttamál.

1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands. Óskað er eftir 4 m.kr. framlagi vegna kostnaðar við þátttöku Íslands á Ólympíuleikunum í Peking 2008 til viðbótar við 15 m.kr. framlag í fjárlögum. Fyrirkomulag til að ná þátttökurétti í handknattleik var með öðrum hætti nú en áður. Ólympíuhópurinn sem Ísland sendi á leikana var stærri en vanalega og kostnaðaraukinn var verulegur. Mestur kostnaðurinn var vegna handknattleiksliðsins og því er farið fram á sérstakt 50 m.kr. framlag til Handknattleikssambands Íslands í annarri tillögu undir ýmis íþróttamál.

1.90 Ýmis íþróttamál. Fjárheimild til liðarins hækkar um 70 m.kr. samkvæmt frumvarpinu. Óskað eftir 50 m.kr. framlagi til að styrkja Handknattleiksamband Íslands í kjölfar árangurs íslenska landsliðsins í handbolta á Ólympíuleiknum í Peking síðastliðið sumar. Einnig er óskað er eftir 20 m.kr. aukaframlagi vegna íþróttamóts fyrir fatlaða sem fyrirhugað er að halda á Íslandi árið 2009. Hér er um heildarstyrk ríkisins við mótshaldið að ræða en ekki er gert ráð fyrir þesum lið í fjárlagafrumvarpi næsta árs.

999 Ýmislegt.

1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis. Farið er fram á að fjárheimild vegna ýmissa framlaga hækki um 27 m.kr. Í fyrsta lagi er fyrir mistök við vinnslu talnaefnis frumvarpsins óskað eftir 10 m.kr. fjárveitingu vegna þátttöku Íslands í Feneyjartvíæringnum. Þetta framlag er einnig fært á liðinn *02-982-1.17 Listir, framlög* og er gert ráð fyrir að flutt verði tillaga til að leiðrétta þetta við 2. umræðu um frumvarpið. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 9 m.kr. framlag til að ráða í starf sérfræðings í menningu og sögu sem starfa mun hjá þekkingarsetrinu á Skagaströnd í tengslum við Fræðasetur Háskóla Íslands. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Í þriðja og síðasta lagi er lagt til að veitt verði 8 m.kr. framlag til að þróa verkefni Hins þingeyska fornleifafélags, Þingeysks sagnagarðs og Fornleifaskóla barnanna er miða að því að efla rannsóknir, menningu og fræðslu innan og utan Þingeyjasveitar. Áætlað er að störfum fjölgi um eitt vegna þessa verkefnis. Þessi tillagan er einnig hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 104,4 m.kr.

111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis.

1.01 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis. Óskað er eftir 29 m.kr. framlagi vegna fjarvinnu og starfsstöðvar þýðingamiðstöðvar á Ísafirði. Um er að ræða stofnkostnað og rekstur á árinu 2008.

190 Ýmis verkefni.

1.16 Heimssýningin EXPO 2010 í Shanghai í Kína. Óskað er eftir 70 m.kr. til að standa straum af undirbúningskostnaði vegna þátttöku í heimssýningunni EXPO 2010 í Shanghai í Kína. Heimssýningin verður haldin frá 1. maí til 31. október árið 2010 undir yfirskriftinni „Betri borg - betra líf“. Gert er ráð fyrir að 70 milljón gestir sæki sýninguna að þessu sinni. Til að vinna að undirbúningi verkefnisins hefur verið komið á fót framkvæmdahóp undir forystu utanríkisráðuneytis en í honum sitja fulltrúar hlutaðeigandi ráðuneyta, sveitarfélaga, fyrirtækja og menningarstofnana. Gert er ráð fyrir að kostnaður við þátttöku Íslands í heimssýningunni verði um 210 m.kr. miðað við fjárlagaforsendur ársins 2009. Kostnaður verður borinn af ríki, borgstofnunum og atvinnulífi. Miðað er við að veitt verði 70 m.kr. framlag til verkefnisins í fjáraukalögum 2008 og 70 m.kr. í fjárlögum 2009.

214 Varnarmálastofnun.

1.01 Varnarmálastofnun. Óskað er eftir 479,7 m.kr. millifærslu af fjárlaganúmeri 03-217 Ratsjárstofnun yfir á 03-214 Varnarmálastofnun. Nýja stofnunin tók til starfa 1. júní 2008 og er gerð millifærsla á fjárheimild í samræmi við það. Varnarmálastofnun hefur tekið yfir verkefni Ratsjárstofnunar samkvæmt nýjum varnarmálalögum, fjárheimildir færast því með verkefninu yfir til Varnarmálastofnunar.

217 Ratsjárstofnun.

1.01 Ratsjárstofnun. Óskað er eftir 479,7 m.kr. millifærslu af fjárlaganúmeri 03-217 Ratsjárstofnun yfir á 03-214 Varnarmálastofnun. Nýja stofnunin tók til starfa 1. júní 2008 og er gerð millifærsla á fjárheimild í samræmi við það. Varnarmálastofnun hefur tekið yfir verkefni Ratsjárstofnunar samkvæmt nýjum varnarmálalögum, fjárheimildir færast því með verkefninu yfir til Varnarmálastofnunar.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.

1.11 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO. Óskað er eftir 7,6 m.kr. fjárframlagi sem ætlunin er að Ísland leggi fram til verkefna Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, á sviði verndunar viðkvæmra vistkerfa hafsins fyrir skaðlegum áhrifum fiskveiða.

611 Útflutningsráð Íslands.

1.10 Útflutningsráð Íslands. Gert er ráð fyrir að framlag til Útflutningsráðs lækki um 2,2 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af markaðsgjaldi sem lagt er á gjaldstofn tryggingagjalds.

04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 928,8 m.kr.

101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Fjárheimild aðalskrifstofu hækkar samtals um 22,3 m.kr. samkvæmt frumvarpinu. Farið er fram á 20,3 m.kr. framlag vegna biðlauna tveggja starfsmanna sem létu af störfum 1. janúar 2008 í kjölfar sameiningar ráðuneyta sjávarútvegs og landbúnaðar. Að auki er farið fram á 2 m.kr. framlag vegna undirbúningskostnaðar við yfirtöku á gerðum í viðauka við EES-samninginn og vegna ESB-löggjafar um matvæli og fóður. Felst kostnaðurinn einkum í erlendri hagsmunagæslu.

190 Ýmis verkefni.

1.98 Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Lagt er til að veitt verði 8 m.kr. framlag til að efla rannsóknarstarfsemi sjávarlífræðisetursins BioPol á Skagaströnd. Áætlað er að störfum fjölgi um eitt vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra.

215 Fiskistofa.

1.01 Fiskistofa. Lagt er til að millifærð verði 14,7 m.kr. fjárveiting af *04-234 Matvælastofnun* yfir á *04-215 Fiskistofu* í samræmi við lög um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. til Fiskistofu. Lögin tóku gildi 1. júlí 2008.

234 Matvælastofnun.

1.01 Matvælastofnun. Í frumvarpinu er lagt til að fjárheimild Matvælastofnunar hækki samtals um 53,5 m.kr. Í fyrsta lagi er farið fram á 31,7 m.kr. framlag vegna biðlauna fimm starfsmanna í 12 mánuði sem létu af störfum í ársbyrjun. Við sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis um síðustu áramót var ákveðið að flytja stjórnsýslu- og eftirlitsverkefni frá matvælasviði Fiskistofu og Umhverfisstofnunar til stofnunarinnar. Fimm starfsmönum þessara tveggja stofnana var ekki boðið sambærilegt starf hjá Matvælastofnun og þeir höfðu áður gegnt og eiga því rétt á biðlaunum. Í öðru lagi er gerð tillaga um 26,4 m.kr. framlag vegna undirbúningskostnaðar við yfirtöku á gerðum í viðauka við EES-samninginn og vegna ESB-löggjafar um matvæli og fóður. Heildarkostnaður Matvælastofnunar vegna þessa er áætlaður 35,2 m.kr. árið 2008 og þar af er tímabundinn stofnkostnaður 8,8 m.kr. Í þriðja lagi er lagt til að veittar verði 10,1 m.kr. vegna nauðsynlegra breytinga á húsnæðismálum Matvælastofnunar í kjölfar sameiningar Landbúnaðarstofnunar og matvælasviðs Umhverfisstofnunar. Að lokum er óskað eftir að millifærð verði 14,7 m.kr. fjárveiting af *04-234 Matvælastofnun* yfir á *04-215 Fiskistofu* í samræmi við lög um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði, fiskræktar o.fl. til Fiskistofu. Lögin tóku gildi 1. júlí 2008.

401 Hafrannsóknastofnunin.

1.01 Hafrannsóknastofnunin. Farið er fram á 55 m.kr. framlag vegna aukins úthaldskostnaðar rannsóknaskipa stofnunarinnar einkum í tengslum við loðnurannsóknir. Á undanförnum árum hafa átt sér stað miklar breytingar á magni og útbreiðslu loðnu sem líklegt má telja að stafi af breyttu hitafari og útbreiðslu sjógerða. Þessar aðstæður hafa kallað á aukið úthald rannsóknaskipa vegna stofnmælinga og ráðgjafar um loðnu. Loðnan heldur sig ekki lengur á hefðbundnum slóðum og hefur það kallað á aukinn út-

haldstíma skipanna. Samtals urðu dagar á rannsóknaskipunum vegna loðnurannsókna 62 eða 34 fleiri en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir auk þess sem eldsneytiskostnaður hefur aukist talsvert milli ára. Í ljósi breyttra aðstæðna er afar mikilvægt fyrir þjóðarbúið að auka úthald rannsóknaskipa og efla úrvinnslu rannsókna á stofninum.

405 Veiðimálastofnun.

1.01 Veiðimálastofnun. Lagt er til að veitt verði 8,5 m.kr. framlag til Norðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar á Sauðárkróki en framlaginu er ætlað til rannsókna við Selasetur Íslands á Hvammstanga. Gert er ráð fyrir að áhersla verði lögð á líffræði- og náttúrurannsóknir á selum og samspili þeirra við lífríki á ósasvæðum áa og vatna við Húnaflóa. Áætlað er að störfum fjölgi um 1 vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra.

411 Matvælarannsóknir.

1.01 Matvælarannsóknir. Lagt er til að veitt verði 15 m.kr. framlag til rannsókna Matís ohf. í líftækni á Sauðárkróki sem unnar verða í samstarfi við Háskólann á Hólum og fyrirtækið Iceprotain. Áætlað er að störfum fjölgi um tvö vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu.

Framlög greiðslna vegna mjólkurframleiðslu hækka samtals um 227,9 m.kr. samkvæmt frumvarpinu í samræmi við uppgjör greiðslna vegna samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu fyrir árið 2008 að teknu tilliti til uppsafnaðra fjárheimilda. Hækkunin skýrist að stærstum hluta af verðbótum á framlög umfram það sem reiknað var með í fjárlögum.

1.01 Beinar greiðslur til bænda. Lögð er til 256,4 m.kr. hækkun á framlagi vegna beinna greiðslna til bænda.

1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi. Lögð er til 8,9 m.kr. hækkun á framlagi vegna kynbóta- og þróunarstarfsemi.

1.06 Gripagreiðslur. Óskað er eftir 78,4 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins.

1.07 Óframleiðslutengdur stuðningur. Lögð er til 41 m.kr. hækkun á framlagi vegna óframleiðslutengds stuðnings.

805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu.

Framlög greiðslna vegna sauðfjárframleiðslu hækka samtals um 253,3 m.kr. samkvæmt frumvarpinu í samræmi við uppgjör greiðslna vegna samnings um starfs-

skilyrði sauðfjárræktar fyrir árið 2008. Hækkunin skýrist að stærstum hluta af verðbótum á framlög umfram það sem reiknað var með í fjárlögum. Gert er ráð fyrir að í lokafjárlögum 2007 falli niður uppsöfnuð staða fjárheimilda í árslok þar sem nýr sauðfjársamningur tók gildi í ársbyrjun 2008.

1.01 Beinar greiðslur til bænda. Óskað er eftir 85,5 m.kr. hækkun á framlagi vegna beinna greiðslna til bænda.

1.11 Gæðastýring. Óskað er eftir 90,1 m.kr. hækkun á framlagi til gæðastýringar.

1.12 Ullarnýting. Lögð er til 30,8 m.kr. hækkun á framlagi til ullarnýtingar.

1.13 Markaðsstarf og birgðahald. Óskað er eftir 33,5 m.kr. hækkun vegna markaðsstarfs og birgðarhalds.

1.14 Svæðisbundinn stuðningur. Lögð er til 4,2 m.kr. hækkun á framlagi vegna svæðisbundins stuðnings.

1.15 Nýliðunar- og átaksverkefni. Lögð er til 9,2 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins.

807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu.

1.01 Beinar greiðslur til bænda. Gerð er tillaga um 20,8 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa viðfangsefnis. Hækkunin skýrist að stærstum hluta af verðbótum á framlög umfram það sem reiknað var með í fjárlögum.

1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt. Gerð er tillaga um 102,7 m.kr. fjárveitingu til liðarins. Vegna aukinnar framleiðslu á grænmeti er talin þörf á 50 m.kr. hækkun á framlagi til niðurgreiðslna á lýsingu í ylrækt fyrir árið 2007 og 52,7 m.kr. framlagi fyrir árið 2008. Auk þess er gerð tillaga um 10,1 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna verðbóta á framlagið.

1.08 Framlög til kynninga-, rannsókna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna í ylrækt. Gerð er tillaga um 2,7 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa viðfangsefnis vegna verðbóta á framlagið.

811 Bændasamtök Íslands.

1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt. Lögð er til 41,7 m.kr. hækkun fjárveitingar til samtakanna vegna endurmats á verðlagsforsendum fjárlaga 2008 í samræmi við samning um verkefni samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998.

831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins.

6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins. Lagt er til að uppsafnaðar afgangsheimildir liðarins lækki um 303 m.kr. og renni í ríkissjóð. Uppsöfnuð staða sjóðsins í árslok 2007 var 852,8 m.kr. Tekjur sjóðsins hafa farið vaxandi undanfarin ár sem skýrist að mestu af sölu eigna.

843 Fiskræktarsjóður.

1.10 Fiskræktarsjóður. Lagt er til að framlag til sjóðsins hækki um 305,6 m.kr. í samræmi við ákvæði laga um Fiskræktarsjóð, nr. 72/2008. Samkvæmt lögunum skal ríkissjóður leggja sjóðnum til 270 m.kr. sem myndi eigið fé hans frá og með 1. janúar 2009. Sú fjárhæð miðast við vísitölu neysluverðs 1. janúar 2008 og á að halda verðgildi sínu. Gert er ráð fyrir að aflétta allri álagningu gjalds af tekjum af sölu raforku en að bæta sjóðnum það upp með þessari eingreiðslu. Það mun gera sjóðinn ámóta vel settan og ef innheimta af tekjum af raforkusölu hefði haldist óbreytt þar sem sjóðurinn hefur þá vaxtatekjur af höfuðstólnum.

891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði.

6.93 Landsmótssvæði fyrir hestamenn að Gaddstaðaflötum. Lagt er til að veitt verði 90 m.kr. framlag vegna samkomulags við Rangárbakka ehf. um uppbyggingu landsmótssvæðis fyrir hestamót og sýningarhald að Gaddstaðaflötum. Í lið 2.13 í 6.gr. fjárlaga 2008 er heimild til sölu á stóðhestastöðinni í Gunnarsholti og að ráðstafa hluta söluvirðisins til uppbyggingar mótssvæðisins. Þar sem sala á stóðhestastöðinni hefur ekki gengið eftir er lagt til að í þess stað komi bein fjárveiting til að efna samkomulagið.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 85 m.kr.

111 Kosningar.

1.10 Kosningar. Í fjárlögum var gert ráð fyrir 160 m.kr. framlagi vegna forsetakosninga á árinu 2008. Ekkert mótframboð kom fram gegn sitjandi forseta og varð því ekki af kosningunum. Er því lagt til að fjárheimildin verði felld niður.

303 Ríkislögreglustjóri.

1.01 Ríkislögreglustjóri. Lagt er til að beint greiðsluframlag ríkissjóðs hækki um 6,5 m.kr. til að bæta embættinu upp afnám á hlutdeild lögregluyfirvalda í áfengisgjaldi, sem féll brott 1. júlí 2007 með samþykkt laga nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Útgjaldaheimild embættisins verður óbreytt eftir sem áður.

310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu. Lagt er til að beint greiðsluframlag ríkissjóðs hækki um 17,9 m.kr. til að bæta upp afnám á hlutdeild lögregluyfirvalda í áfengisgjaldi, sem féll brott 1. júlí 2007 með samþykkt laga nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Útgjaldaheimildin verður óbreytt eftir sem áður.

390 Ýmis löggæslu- og öryggismál.

1.10 Ýmis löggæslukostnaður. Óskað er eftir 62 m.kr. fjárheimild vegna lengingar á þjálfunartíma lögreglunema og fjölgunar fullgildra lögreglumanna en nú í ár eru óvenju margir lögreglunemar að útskrifast. Jafnframt hefur námið verið skipulagt með þeim hætti að þjálfunartími lögreglunema lengist úr 4 mánuðum í 8. Fullgildum lögreglumönnum fækkaði nokkuð á sl. ári, en bætt verður úr því nú í ár. Ekki liggur fyrir hvernig útskrifaðir lögreglumenn skiptast niður á lögregluembætti og er fjárveitingin því sett á safnlið en verður úthlutað af honum síðar.

395 Landhelgisgæsla Íslands.

1.90 Landhelgisgæsla Íslands. Óskað er eftir samtals 20,9 m.kr. hækkun á fjárveitingu Landhelgisgæslunnar. Þar af eru 16,5 m.kr. vegna eingreiðslu til starfsmanna Landhelgisgæslunnar sem þiggja laun samkvæmt kjarasamningi Félags Íslenskra atvinnuflugmanna og 4,4 m.kr. vegna eingreiðslu til starfsmanna sem þiggja laun samkvæmt kjarasamningi Flugvirkjafélags Íslands. Samningar ríkisins við þessi félög taka mið af þeim samningum sem gerðir voru á almenna vinnumarkaðinum.

398 Útlendingastofnun.

1.01 Útlendingastofnun. Lagt er til að framlög til stofnunarinnar vegna hælisleitenda verði aukin um 30 m.kr. Á undanförnum árum hafa þessi útgjöld aukist talsvert umfram fjárveitingar sem stafar af fjölgun hælisleitenda og tilkostnaði við hvert mál s.s. vegna uppihalds, læknisskoðana og upplýsingaöflunar. Ráðuneytið skipaði nefnd í nóvember sl. sem ætlað er að muni skila hagræðingu í kostnaði við umönnun hælisleitenda.

420 Sýslumaðurinn á Blönduósi.

1.05 Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar. Lagt er til að veitt verði 15 m.kr. framlag til að laga fleiri opinber innheimtuverkefni að starfsemi Innheimtumiðstöð sekta á Blönduósi. Áhersla er lögð á að einfalda opinbera innheimtu og gera hana skilvirkari og samræma vinnubrögð á landsvísu. Áætlað er að störfum fjölgi um 2-4 vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra.

433 Sýslumaðurinn á Selfossi.

1.20 Löggæsla. Gerð er tillaga um 24 m.kr. hækkun fjárveitingar til þess að auðvelda embættinu að aðlagast nýjum og lægri fjárhagsramma á nokkrum árum. Í kjölfar þess að sértekjur vegna sjúkraflutninga féllu niður hefur embættið átt við rekstrarerfiðleika að stríða, en með þessari fjárveitingu dregur úr þjónustuskerðingu á næsta ári.

490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.

1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður. Í fjáraukalögum ársins 2007 voru veittar 40 m.kr. til sýslumannsembætta sem ætlað er að styrkja nýtingu upplýsingatækni á embættunum, bæði með nýrri málaskrá, auk þess sem fjárveitingunni var ætlað að styðja við innleiðingu nýrra sýslumannakerfa. Kerfisþróun verður þó að mestu fjármögnuð með notendagjöldum embættanna sjálfra. Með þessum breytingum opnast möguleikar á því að einstök embætti geti tekið að sér verkefni á landsvísu. Hér er gert ráð fyrir að fjárheimildin verði flutt á viðfangsefnið *06-491-6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna* þar sem útgjöld við þessi þróunarverkefni verða gjaldfærð.

491 Húsnæði og búnaður sýslumanna.

6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna. Í fjáraukalögum ársins 2007 voru veittar 40 m.kr. til sýslumannsembætta sem ætlað er að styrkja nýtingu upplýsingatækni á embættunum, bæði með nýrri málaskrá, auk þess sem fjárveitingunni var ætlað að styðja við innleiðingu nýrra sýslumannakerfa. Kerfisþróun verður þó að mestu fjármögnuð með notendagjöldum embættanna sjálfra. Með þessum breytingum opnast möguleikar á því að einstök embætti geti tekið að sér verkefni á landsvísu. Hér er gert ráð fyrir að fjárheimildin verði flutt af viðfangsefninu 06-490-1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður á viðfangsefnið 06-491-6.60 Upplýsingakerfi sýslumanna þar sem útgjöld við þessi þróunarverkefni verða gjaldfærð.

705 Kirkjumálasjóður.

1.10 Kirkjumálasjóður. Gerð er tillaga um að hækka lögboðið framlag til Kirkjumálasjóðs um 7,9 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Framlagið er reiknað sem 14,3% af sóknargjöldum til safnaða þjóðkirkjunnar en þau hækka í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðaltekjuskattsstofnsins milli tekjuáranna 2006 og 2007 var 10,3% eða nálægt 4% meiri en reiknað var með í fjárlögum, auk þess sem fjölgun einstaklinga var um 2,2% í stað 1,2%.

735 Sóknargjöld.

1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar. Lagt er til að lögboðið framlag vegna sóknargjalda verði hækkað um 55,3 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Sóknargjöld hækka í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðaltekjuskattsstofnsins milli tekjuáranna 2006 og 2007 var 10,3% eða nálægt 4% meiri en reiknað var með í fjárlögum, auk þess sem fjölgun einstaklinga var um 2,2% í stað 1,2%.

1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga. Lagt er til að lögboðið framlag til annara trúfélaga en þjóðkirkjunnar vegna sóknargjalda verði hækkað um 19,6 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Sóknargjöld hækka í samræmi við hækkanir á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðaltekjuskattsstofnsins milli tekjuáranna 2006 og 2007 var 10,3% eða nálægt 4% meiri en reiknað var með í fjárlögum, auk þess sem fjölgun einstaklinga var um 2,2% í stað 1,2%.

736 Jöfnunarsjóður sókna.

1.10 Jöfnunarsjóður sókna. Gerð er tillaga um að hækka lögboðið framlag til Jöfnunarsjóðs sókna um 10,3 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Framlagið er reiknað sem 18,5% af sóknargjöldum til safnaða þjóðkirkjunnar en þau hækka í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni milli næstliðinna tveggja ára og fjölgun einstaklinga 16 ára og eldri. Hækkun meðaltekjuskattsstofnsins milli tekjuáranna 2006 og 2007 var 10,3% eða nálægt 4% meiri en reiknað var með í fjárlögum, auk þess sem fjölgun einstaklinga var um 2,2% í stað 1,2%.

07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félags- og tryggingamálaráðuneytis verði lækkuð um 721,4 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmislegt. Fjárveiting á þessum lið hækkar samtals um 24 m.kr. samkvæmt frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 10 m.kr. framlag til að standa undir kostnaði vegna nefndar sem vinnur að undirbúningi á yfirfærslu á þjónustu við aldraða og fatlaða til sveitarfélaga. Stefnt er að yfirfærslu á málaflokki fatlaðra til sveitarfélaga árið 2011 og að þjónusta við aldraða flytjist í síðasta lagi 2013. Í öðru lagi er farið fram á 9 m.kr. til þess að standa straum af kostnaði vegna starfshópa um launajafnrétti. Starfshópar þessir voru settir á fót til að fylgja eftir markmiðum ríkisstjórnarinnar er fram koma í stefnuyfirlýsingu hennar á sviði jafnréttismála. Að lokum er lagt til að veitt verði 5 m.kr. framlag til Íþróttasambands fatlaðra vegna þátttöku á Ólympíuleikunum í Peking 2008.

505 Öldrunarstofnanir, almennt.

6.99 Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt. Lagt er til að 100 m.kr. óskipt fjárveiting á viðfangsefninu falli niður. Við undirbúning fjárlagafrumvarps 2008 voru færð á viðfangsefnið aukin framlög vegna átaks í uppbyggingu hjúkrunar-

heimila og til að fjölga einbýlum í samræmi við samkomulag við samtök aldraðra á árinu 2006. Við frágang frumvarpsins skipti heilbrigðisráðuneytið hækkuninni síðan á milli viðfangsefna einstaka framkvæmda. Í ljós hefur komið að ráðuneytinu láðist að fella niður 100 m.kr. af óskiptri fjárheimild á þessu viðfangsefni. Tillagan er til leiðréttingar á þessu.

515 Framkvæmdasjóður aldraðra.

6.21 Stofnkostnaður og endurbætur. Gert er ráð fyrir að fjárheimild sjóðsins hækki um 16 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur af gjaldi til sjóðsins og með hliðsjón af tölum úr skattálagningu þessa árs.

700 Málefni fatlaðra.

1.90 Ýmis verkefni. Farið er fram á að fjárveiting til þessa fjárlagaliðar hækki um 72,3 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að veittar verði 25 m.kr. til lengdrar viðveru fatlaðra nemenda í framhaldsskólum. Gert er ráð fyrir að kostnaðurinn skiptist þannig að hlutur sveitarfélaga verði 30% en félags- og tryggingamálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti skipti jafnt á milli sín 70% kostnaðarins. Kostnaður á nemanda er áætlaður 1.450 þús. kr. á ári og er miðað við að allt að 50 nemendur nýti sér þjónustuna. Í öðru lagi er óskað eftir að 19,8 m.kr. verði millifærðar frá Landspítalanum yfir á þennan fjárlagalið. Tillagan byggir á samkomulagi sem gert var 8. febrúar 2007 um útskriftir af geðsviði spítalans. Um er að ræða þjónustu sem kemur til á mismunandi tímum á árinu. Heils árs kostnaður vegna þjónustu við viðkomandi einstaklinga er 25 m.kr. á verðlagi ársins 2008. Sambærileg tillaga er gerð í fjárlagafrumvarpi 2009. Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 18 m.kr. framlag til að aðlaga Grósku, upplýsingakerfi í málefnum fatlaðra, að almennri félagsþjónustu sveitarfélaga. Stefnt er að því að flytja málefni fatlaðra til sveitarfélaga á næstu árum. Upplýsingakerfið Gróska hefur verið hannað á Hvammstanga og er ætlað að vera heildstætt kerfi á þessu sviði. Áætlað er að störfum fjölgi um 2 vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Að lokum er farið fram á 9,5 m.kr. til þess að standa straum af þjónustusamningi um árlegt framlag að fjárhæð 13,5 m.kr. sem ráðuneytið gerði við foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla vegna reksturs sumardvalar fyrir nemendur skólans. Á safnliðnum 07-999-1.90, sem Alþingi úthlutar af, er gert ráð fyrir 4 m.kr. framlagi til félagsins og er hér óskað eftir fjárheimild fyrir því sem á vantar vegna samningsins.

702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi.

1.01 Almennur rekstur. Farið er fram á 30 m.kr. til þess að bæta áætlaðan halla í árslok 2008, sem skýrist annars vegar af mikilli yfirvinnu vegna manneklu og hins vegar af auknum útgjöldum vegna stuðningsfjölskyldna og skammtímavistunar.

703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi.

1.01 Almennur rekstur. Farið er fram á 15 m.kr. til þess að bæta svæðisskrifstofunni áætlaðan rekstrarhalla í árslok 2008. Annars vegar er um að ræða mistök sem urðu við uppgjör stofnunarinnar á árinu 2006 og leiddu til þess að fjárhagsstaða hennar var talin betri en reyndin var. Hins vegar skýrist hallinn af því að á síðustu þremur árum hefur fötluðum börnum fjölgað mjög mikið á starfssvæði skrifstofunnar eða um 50%. Þar af leiðandi hafa útgjöld til stuðningsfjölskyldna og skammtímavistunar aukist mun meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

821 Tryggingastofnun ríkisins.

1.01 Tryggingastofnun ríkisins. Fjárveiting til Tryggingastofnunar ríkisins hækkar samtals um 62 m.kr. Í fyrsta lagi er farið fram á 40 m.kr. fjárveitingu til að mæta halla stofnunarinnar á árinu 2008. Starfsemi hennar fluttist til félags- og tryggingamálaráðuneytisins um sl. áramót. Í öðru lagi hafa þær breytingar sem gerðar hafa verið á ákvæðum laga um almannatryggingar á árinu kallað á umtalsverð útgjöld vegna aðkeyptrar tölvuþjónustu, útgáfu eyðublaða og kynningarstarfi. Í öðru lagi er óskað eftir 22 m.kr. hækkun á fjárheimild til að mæta auknum útgjöldum vegna örorkumatslækna. Stofnunin hefur þurft að semja að nýju við lækna sem annast matsgerðir örorku vegna lífeyristrygginga og slysatrygginga og var þá gert ráð fyrir nokkurri fjölgun eininga. Einnig varð 1. apríl sl. hækkun á töxtum fyrir hverja einingu hjá sérfræðilæknum sem leiðir til enn frekari kostnaðarauka. Þessu til viðbótar hefur orðið fjölgun á mötum sem virðist ætla að halda áfram út árið.

825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildarfjárveiting bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð á *viðfangsefnunum 1.11 – 1.55* hækki samtals um 463 m.kr. í tengslum við hækkun á bótum. Viðbótarframlagið skýrist af 4% hækkun á bótum samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar í kjölfar kjarasamninga fyrr á þessu ári. Hækkunin tók gildi frá og með 1. febrúar 2008 og kom til viðbótar 3,3% hækkun bóta frá 1. janúar 2008.

1.41 Heimilisuppbót. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna heimilisuppbótar lækki um 200 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um útkomu í árslok þar sem m.a. er tekið mið af þróun útgjalda almannatrygginga það sem af er árinu 2008. Verulegar breytingar hafa verið gerðar á bótakerfinu undanfarin ár og talsverð óvissa hefur verið í kostnaðarmati á einstökum þáttum í breytingunum.

827 Lífeyristryggingar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildarfjárveiting til lífeyristrygginga á *viðfangsefnunum 1.11 – 1.25 og 1.28 – 1.91* hækki samtals um 1.893 m.kr. í tengslum við hækkun á bótum. Viðbótarframlagið skýrist af 4% hækkun á bótum samkvæmt

ákvörðun ríkisstjórnarinnar í kjölfar kjarasamninga fyrr á þessu ári. Hækkunin tók gildi frá og með 1. febrúar 2008 og kom til viðbótar 3,3% hækkun bóta frá 1. janúar 2008.

1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna tekjutryggingar ellilífeyrisþega lækki um 265 m.kr. vegna hækkunar sem verður á viðmiðunartekjum ellilífeyrisþega. Ákveðið hefur verið að greiða uppbót sem nemi allt að 25 þús. kr. á mánuði til þeirra ellilífeyrisþega sem fá engar greiðslur úr lífeyrissjóðum. Þar sem þetta hækkar tekjur þeirra kemur á móti að tekjutrygging lækkar hlutfallslega. Áætlað er að útgjöld vegna uppbótar á ellilaun muni nema samtals um 590 m.kr. en þau færast á lið hjá fjármálaráðuneytinu. Nettó útgjöld vegna uppbótarinnar á eftirlaun nema því um 325 m.kr. Lög um uppbæturnar öðluðust gildi og komu til framkvæmda 1. júlí 2008. Gert er ráð fyrir samsvarandi breytingu vegna uppbótanna í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009. Þá er gert ráð fyrir að útgjöld vegna tekjutryggingar ellilífeyrisþega lækki um 400 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um útkomu í árslok þar sem m.a. er tekið mið af þróun útgjalda almannatrygginga það sem af er árinu 2008. Verulegar breytingar hafa verið gerðar á bótakerfinu undanfarin ár og talsverð óvissa hefur verið í kostnaðarmati á einstökum þáttum í breytingunum. Loks er gert ráð fyrir að beint framlag úr ríkissjóði til að fjármagna lífeyristryggingar lækki um 14,6 m.kr. vegna breytingar á áætlaðri fjármögnun með tekjum af tryggingagjaldi sem varið er til þessara verkefna.

1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna tekjutryggingar örorkulífeyrisþega lækki um 400 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um útkomu í árslok þar sem m.a. er tekið mið af þróun útgjalda almannatrygginga það sem af er árinu 2008. Verulegar breytingar hafa verið gerðar á bótakerfinu undanfarin ár og talsverð óvissa hefur verið í kostnaðarmati á einstökum þáttum í breytingunum.

1.26 Sérstök viðbót ellilífeyrisþega. Óskað er eftir 9,5 m.kr. fjárheimild til að greiða sérstaka viðbót til ellilífeyrisþega til að tryggja þeim ákveðna lágmarksframfærslu á mánuði. Gert er ráð fyrir að þessi bótaflokkur verði með 100% skerðingu af viðmiðunartekjum, þar á meðal vegna uppbótar á eftirlaun og aldurstengdar örorkuuppbótar. Þeir sem fá greidda heimilisuppbót og hafa heildartekjur, að meðtöldum bótum almannatrygginga og bótum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, undir 150.000 kr. á mánuði, fá greidda viðbót. Hjón og aðrir einstaklingar, sem ekki fá greidda heimilisuppbót, fá greidda viðbót ef heildartekjur þeirra hvers um sig eru undir 128.000 kr. á mánuði. Fjárveitingin tekur mið af því að greiðslur á þessum bótum hófust 1. september sl.

1.27 Sérstök viðbót örorkulífeyrisþega. Óskað er eftir 44,8 m.kr. fjárheimild til að greiða sérstaka viðbót til ellilífeyrisþega til að tryggja þeim ákveðna lágmarksframfærslu á mánuði. Gert er ráð fyrir að þessi bótaflokkur verði með 100% skerðingu af viðmiðunartekjum, þar á meðal vegna uppbótar á eftilaun og aldurstengdar örorkuuppbótar. Þeir sem fá greidda heimilisuppbót og hafa heildartekjur, að meðtöldum bótum

almannatrygginga og bótum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, undir 150.000 kr. á mánuði, fá greidda viðbót. Hjón og aðrir einstaklingar, sem ekki fá greidda heimilisuppbót, fá greidda viðbót ef heildartekjur þeirra hvers um sig eru undir 128.000 kr. á mánuði. Fjárveitingin tekur mið af því að greiðslur á þessum bótum hófust 1. september sl.

980 Vinnumálastofnun.

1.01 Vinnumálastofnun. Lagt er til að fjárheimild Vinnumálastofnunar hækki um 5 m.kr. Með breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof var stofnuninni falið að yfirtaka eftirlit með framkvæmd laganna sem áður var hjá skattayfirvöldum. Í frumvarpi til fjárlaga 2009 er gert ráð fyrir sambærilegum kostnaði.

982 Ábyrgðasjóður launa.

1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota. Fjárheimild ábyrgðasjóðs launa hækkar samtals um 360 m.kr. samkvæmt frumvarpinu. Í fyrsta lagi er gerð er tillaga um 310 m.kr. hækkun í ljósi þess að reiðslur úr sjóðnum hafa verið óvenju miklar það sem liðið er af árinu 2008. Einnig eru horfur á að gjaldþrotum muni fjölga á næstu mánuðum. Áætluð heildarútgjöld eru 869 m.kr. en fjárlög gerðu ráð fyrir 555 m.kr. Í öðru lagi er áætlað að vaxtagjöld sjóðsins af skuld við ríkissjóð verði 110 m.kr. sem er 50 m.kr. hækkun frá áætlun fjárlaga.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.11 Atvinnuleysisbætur. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki samtals um 2.553 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að útgjaldaheimild sjóðsins hækki um 447 m.kr. þar sem ákveðið var í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði að hækka grunnbæturnar um 18 þús. kr. frá 1. febrúar sl. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að útgjaldaheimildin lækki um 3.000 m.kr. vegna áætlunar um lægra atvinnuleysi en upphaflega var gert ráð fyrir. Í forsendum fjárlaga 2008 er gert ráð fyrir 2,9% atvinnuleysi en samkvæmt endurskoðaðaðri áætlun í lok nóvember er gert ráð fyrir atvinnuleysi verði 1,6% að meðaltali yfir árið. Einnig er áætlað að fjöldi fólks á vinnumarkaði fækki nokkuð frá forsendum fjárlaga 2008. Miðað við þessa áætlun verða útgjöld vegna atvinnuleysisbóta um 3,7 mia. kr. á þessu ári.

1.81 Vaxtatekjur. Áætlað er að vaxtatekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs af inneign hjá ríkissjóði vegna óráðstafaðra tekna af atvinnutryggingagjaldi verði 1.870 m.kr. Það er 470 m.kr. hækkun frá áætlun fjárlaga. Fjármagnstekjuskattur hækkar um 47 m.kr. Framlag af mörkuðum tekjum lækkar á móti um 423 m.kr.

989 Fæðingarorlof.

1.11 Fæðingarorlofssjóður. Fjárheimild liðarins hækkar um 860 m.kr. samkvæmt frumvarpinu. Annars vegar er farið fram á 700 m.kr. viðbótarfjárheimild til sjóðsins í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um útkomu ársins. Síðast liðin tvö ár hefur fæðingum fjölgað umtalsvert. Þannig hafa undanfarna 12 mánuði fæðst hér á landi um 4.800 börn sem er fjölgun um 300-400 börn ef miðað er við árin 2003 til 2005. Samanburður milli fyrstu sex mánaða ársins 2007 og 2008 sýnir einnig að foreldrum sem taka fæðingarorlof hefur fjölgað um rúm 7%. Hins vegar er lagt til að fjárheimild liðarins hækki um 160 m.kr. í samræmi við breytingar á lagaákvæðum um viðmiðunartímabil launa sem lagt er til grundvallar greiðslum í fæðingarorlofi, sem tóku gildi í júní 2008. Í stað þess að leggja til grundvallar tvö almanaksár fyrir fæðingarár barns verður miðað við 12 mánaða samfellt tímabil sem hefst 6 mánuðum fyrir fæðingardag barns.

1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar. Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 5 m.kr. Með breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof var sett inn nýtt ákvæði er varðar rétt námsmanna í fjarnámi til fæðingarstyrks án tillit til búsetu. Lögin tóku gildi í júní 2008.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.59 Til sveitarfélaga sem verða fyrir aflasamdrætti. Lagt er til að niður falli 250 m.kr. fjárheimild sem veitt var til liðarins í fjárlögum 2008. Framlagið var hluti af mótvægisaðgerðum sem ákveðið var að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks. Við breytta verkaskiptingu ráðuneyta fluttust sveitarstjórnarmálefnin yfir til samgönguráðuneytisins en fyrir mistök láðist að flytja fjárheimild vegna þessa verkefnis. Á lið 10-190-159 hjá samgönguráðuneytinu er að finna sambærilega tillögu um 250 m.kr. framlag til sveitarfélaganna.

1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna. Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. viðbótarframlag til stofunnar vegna aukins álags á þessu ári.

08 Heilbrigðisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðisráðuneytis verði aukin um 3.809,5 m.kr.

101 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa. Óskað er eftir að 5,6 m.kr. fjárheimild verði millifærðar frá aðalskrifstofu ráðuneytisins yfir til landlæknisembættisins. Lög um flutning á útgáfu starfsleyfa til heilbrigðisstétta, ásamt ýmiss konar vottorðaútgáfu sem þeim fylgir, tóku gildi 1. apríl sl. og fela í sér að útgáfan verður flutt frá heilbrigðis-

ráðuneytinu til landlæknis. Lögin eru liður í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um Einfaldara Ísland og hluti af tveggja ára áætlun heilbrigðisráðuneytisins um aðgerðir til einföldunar á opinberum reglum og stjórnsýslu. Samkvæmt kostnaðarmati sem fylgdi frumvarpinu er reiknað með að kostnaður ráðuneytisins hafi numið 7,5 m.kr. á ársgrundvelli vegna útgáfunnar og er gerð tillaga um millifærslu þeirrar fjárhæðar frá ráðuneytinu til landlæknis í fjárlagafrumvarpi 2009.

202 Umsýsla sjúkratrygginga.

1.01 Umsýsla sjúkratrygginga. Lagt er til að veitt verði 45,3 m.kr. fjárheimild til að standa straum af undirbúningskostnaði, þóknun nýrrar stjórnar sem skipuð var í febrúar sl. og launum starfandi stjórnarformanns, forstjóra og annarra starfsmanna nýrrar Sjúkratryggingastofnunar sem tók til starfa í október 2008. Einnig er um að ræða kostnað við námsferðir til útlanda og þjónustu ráðningarstofa.

206 Sjúkratryggingar.

1.11 Lækniskostnaður. Fjárheimild liðarins hækkar samtals um 777 m.kr. samkvæmt frumvarpinu. Þar ef eru 107 m.kr. vegna starfsemi umfram forsendur fjárlaga frá fyrra ári og ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum 2008 svo sem rafræn útgáfa afsláttarkorta, sem Tryggingastofnun hóf í upphafi árs 2007 og hefur leitt til þess að endurgreiðslur til sjúklinga hækkuðu um ríflega helming frá árinu 2006 til ársins 2007, eða um tæpar 96 m.kr. Þá eru 508 m.kr. vegna hækkunar einingaverða og aukinna magnkaupa í samningum sem voru endurnýjaðir á fyrstu átta mánuðum ársins 2008. Einnig er gert ráð fyrir rúmlega 54 m.kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði við fjölgun augasteinsaðgerða hjá öldruðum, 19 m.kr. framlagi til að mæta kostnaði við svæfingar barna hjá læknum og tæplega 50 m.kr. til að stytta biðtíma sjúklinga eftir bæklunarlækningum með sérstöku verksamningum við sjúkrahús eða sjálfstætt starfandi bæklunarlækna. Loks er lögð til 40 m.kr. hækkun á fjárheimild lækniskostnaðar sjúkratrygginga vegna samnings við hjartalækna sl. vor en þeir höfðu verið utan samninga frá fyrri hluta árs 2006. Samningurinn felur í sér sambærilega hækkun einingaverðs og samið var um við sérgreinalækna Læknafélags Reykjavíkur fyrr á árinu og aukin verkkaup. Samkvæmt mati er áætlað að samningurinn auki útgjöld um 70 m.kr. á ársgrundvelli.

208 Slysatryggingar.

1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna. Lagt er til að fjárheimild lækki um 75 m.kr. frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum 2008. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld ársins 2008. Útgjaldaliðurinn lækkar í kjölfar þess að hluti útgerðamanna hefur sagt upp tryggingu samkvæmt 63. gr. almannatryggingalaganna og er því ekki lengur með þessa tryggingu. Aflamagn hvers árs sem og alvarleiki og fjöldi slysa hefur áhrif á bótagreiðslur og veldur óvissu í útgjaldaspá.

301 Landlæknir.

1.01 Landlæknir. Óskað er eftir að 5,6 m.kr. verði millifærðar frá aðalskrifstofu ráðuneytisins yfir til landlæknisembættisins. Lög um flutning á útgáfu starfsleyfa til heilbrigðisstétta, ásamt ýmiss konar vottorðaútgáfu sem þeim fylgir, tóku gildi 1. apríl sl. og fela í sér að útgáfan verður flutt frá heilbrigðisráðuneytinu til landlæknis. Lögin eru liður í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um Einfaldara Ísland og hluti af tveggja ára áætlun heilbrigðisráðuneytisins um aðgerðir til einföldunar á opinberum reglum og stjórnsýslu. Samkvæmt kostnaðarmati sem fylgdi frumvarpinu er reiknað með að kostnaður ráðuneytisins hafi numið 7,5 m.kr. á ársgrundvelli vegna útgáfunnar og er gerð tillaga um millifærslu þeirrar fjárhæðar frá ráðuneytinu til landlæknis í fjárlagafrumvarpi 2009.

305 Lýðheilsustöð.

1.01 Lýðheilsustöð. Farið er fram á 13,1 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna endurmats á lögboðnu framlagi til tóbaksvarna fyrir árin 2006 og 2007. Lögbundið framlag til tóbaksvarna er 0,9% af brúttósölu tóbaks. Brúttósala þessar ára var meiri en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir.

1.90 Forvarnasjóður. Áætlað er að tekjur Forvarnarsjóðs af áfengisgjaldi verði 2,4 m.kr. lægri en reiknað var með í fjárlögum. Er því gert er ráð fyrir að fjárveiting til sjóðsins lækki sem því nemur.

358 Sjúkrahúsið á Akureyri.

1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri. Farið er fram á 200 m.kr. viðbótarfjárveitingu en það er um tveir þriðju hlutar af áætluðum 300 m.kr. uppsöfnuðum rekstrarhalla spítalans í árslok. Þar af eru 55 m.kr. vegna uppsafnaðs halla í árslok 2007. Nokkur hluti hallans á rætur að rekja til gengisfalls íslensku krónunnar á árinu sem hefur heldur meiri áhrif á rekstrarkostnaðinn en hjá mörgum öðrum stofnunum. Skýrist það einkum af því að af öðrum rekstrargjöldum en launum, sem eru u.þ.b. 30% af rekstrarveltunni, vega innflutt lyf talsvert þungt. Frá því lög um fjárreiður ríkisins tóku gildi árið 1998 hefur þurft að veita aukafjárveitingu til að ná endum saman í rekstri sjúkrahússins í sjö af tíu fjáraukalögum sem sett hafa verið á tímabilinu. Sjúkrahúsið fékk síðast 206 m.kr. aukafjárveitingu í því skyni árið 2007.

373 Landspítali.

1.01 Landspítali. Óskað er eftir 1.550 m.kr. framlagi til að mæta tæplega tveimur þriðju hlutum af uppsöfnuðum 2.400 m.kr. rekstrarhalla Landspítalans eins og áætlað er að hann verði í árslok 2008. Þar af nemur halli frá árinu 2007 um 450 m.kr. Gerðar hafa verið ýmsar ráðstafanir til hagræða í rekstri spítalans og draga úr útgjöldum en samkvæmt útkomuspá stjórnenda spítalans munu þær ráðstafanir ekki verða nægilegar

til að koma í veg fyrir þessa aukningu á hallanum frá fyrra ári. Nokkur hluti hallans á rætur að rekja til gengisfalls íslensku krónunnar á árinu sem hefur heldur meiri áhrif á rekstrarkostnaðinn en hjá mörgum öðrum stofnunum. Skýrist það einkum af því að af öðrum rekstrargjöldum en launum, sem eru u.þ.b. 30% af rekstrarveltunni, vega innflutt lyf talsvert þungt. Frá því lög um fjárreiður ríkisins tóku gildi árið 1998 hefur þurft að veita aukafjárveitingu í fjáraukalögum hvers árs, fyrstu árin til Ríkisspítala og eftir það til Landspítalans eftir sameininguna við Borgarspítala Reykjavíkur.

Þá er óskað eftir að 19,8 m.kr. fjárheimild verði millifærð frá Landspítalanum yfir á fjárlagaliðinn *07-700 Málefni fatlaðra* hjá félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Tillagan byggir á samkomulagi sem gert var 8. febrúar 2007 um útskriftir af geðsviði spítalans. Um er að ræða þjónustu sem kemur til á mismunandi tímum á árinu. Heils árs kostnaður vegna þjónustu við viðkomandi einstaklinga er 25 m.kr. á verðlagi ársins 2008. Sambærileg tillaga er gerð í fjárlagafrumvarpi 2009.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.43 Viðbúnaður gegn farsóttum. Farið er fram á 8,3 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að festa kaup á 150 Tetra-talstöðvum fyrir heilbrigðisstofnanir. Á fundi nefndar ráðuneytisstjóra vegna viðbúnaðar við heimsfaraldri inflúensu sem haldinn var 26. maí sl., var ákveðið að mæla eindregið með því að taka slíkan búnað í notkun hjá heilbrigðisþjónustunni.

401 Öldrunarstofnanir, almennt.

1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana. Lagt til að 23,7 m.kr. fjárheimild vegna hjúkrunarrýma Helgafells, Djúpavogi, verði færð til Heilbrigðisstofnunar Austurlands, sem tók við rekstrinum frá og með 1. október 2007. Hjúkrunarrýmin eru alls fjögur talsins og fékk Heilbrigðisstofnun Austurlands á sl. ári greidd daggjöld vegna Helgafells frá þeim tíma er hún tók við rekstrinum. Hér er miðað við að fjárheimildin verði millifærð af viðfangsefninu *08-401-1.13 Öldrunarstofnanir, almennt*, *óskipt framlag til minni öldrunarstofnana*, á *08-777-1.21 Heilbrigðisstofnun Austurlands, hjúkrunarrými*.

460 Dvalarrými aldraðra, önnur.

1.11 Dvalarrými aldraðra, önnur. Lagt til að 11,3 m.kr. fjárheimild vegna dvalarrýma á Dvalarheimilinu Helgafell, Djúpavogi, verði færð til Heilbrigðisstofnunar Austurlands, sem tók við rekstri heimilisins þann 1. október 2007. Dvalarrýmin eru fjögur og fékk Heilbrigðisstofnun Austurlands á s.l. ári greidd daggjöld vegna Helgafells frá þeim tíma er hún tók við rekstrinum. Hér er miðað við að fjárheimildin verði millifærð af viðfangsefninu *08-460-1.11 Dvalarrými aldraðra, önnur* yfir á *08-777-1.21 Heilbrigðisstofnun Austurlands, hjúkrunarrými*.

477 Dagvistun aldraðra, aðrar.

1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar. Lagt til að 1,9 m.kr. fjárheimild vegna dagvistarrýma á Dvalarheimilinu Helgafell, Djúpavogi, verði millifærð til Heilbrigðisstofnunar Austurlands, sem tók við rekstrinum 1. október 2007. Dagvistarrýmin eru tvö og fékk Heilbrigðisstofnun Austurlands á s.l. ári greidd daggjöld vegna Helgafells frá þeim tíma er hún tók við rekstrinum. Hér er miðað við að fjárheimildin verði millifærð af viðfangsefninu *08-477-1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar* yfir á *08-777-1.21 Heilbrigðisstofnun Austurlands, hjúkrunarrým*i.

506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu.

1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu. Farið er fram á 450 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta um tveimur þriðju hlutum 670 m.kr. uppsöfnuðum rekstrarhalla eins og áætlað er að hann verði í lok yfirstandandi árs. Þar af eru 418 m.kr. vegna uppsafnaðs halla í árslok 2007. Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins stendur yfir vinna við aðgerðaráætlun til lækkunar útgjalda sem annars vegar byggir á fækkun starfa og hins vegar lækkun annarra rekstrargjalda m.a. með endurskoðun eða uppsögn samninga og útboðum. Þá eru væntanlegar niðurstöður nefndar sem heilbrigðisráðherra skipaði um framtíðarstefnu í málefnum þessarar starfsemi.

700 Heilbrigðisstofnanir

Farið er fram á samtals 850,4 m.kr. framlag á fjárlagaliðunum 711-795 en þar er um að ræða heilbrigðisstofnanir utan höfuðborgarsvæðisins. Framlögin eru ætluð til að mæta rekstrarvanda stofnananna og taka bæði mið af afkomu í lok síðasta árs og bókfærðum rekstrarhalla fyrstu átta mánaða þessa árs. Reiknað er með að þessar viðbótarfjárheimildir geti numið um það bil tveimur þriðju hlutum af áætluðum uppsöfnuðum rekstrarhalla í lok þessa árs. Er þá jafnframt gert ráð fyrir að heilbrigðisstofnunum verði ætlað að grípa til frekari ráðstafana til að vinna upp eftirstöðvar hallans á næstu tveimur til þremur árum. Tillagan er gerð í því ljósi að gerðar verða tillögur um skiptingu á 225 m.kr. viðbótarframlögum til heilbrigðisstofnana við 2. umræðu fjárlagafrumvarps 2009 og að samkomulag er á milli fjármálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis um að gripið verði til heildstæðra ráðstafana á næsta ári til að tryggja að rekstrarumfangi þessara stofnana verði hagað í samræmi við heimildir fjárlaga. Þar á meðal áformar heilbrigðisráðuneytið að gera árangursstjórnunarsamninga sem kveði á um rekstrarmarkmið, skyldur stjórnenda og hvenær jafnvægi verði náð í rekstri. Við ákvörðun rekstrarframlaga verði einnig gengið út frá samræmdum forsendum í reiknilíkani. Skiptingu á þessu framlagi sem lagt er til að verði veitt til heilbrigðisstofnana má sjá í eftirfarandi yfirliti:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Framlag
Heilbrigðisstofnunin Akranesi	43,3
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	15,0
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	21,8
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	8,4
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	19,7
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	25,9
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	12,4
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	8,0
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	71,4
Heilbrigðisstofnun Austurlands	260,3
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	69,3
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	50,7
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	110,3
St. Jósefsspítali, Sólvangur	133,9
Samtals	**850,4**

777 Heilbrigðisstofnun Austurlands.

1.21 Hjúkrunarrýmí. Farið er fram á að fjárheimildir sem nemi samtals 36,9 m.kr. verði millifærðar af öðrum fjárlagaliðum vegna hjúkrunarrýma, dvalarrýma og dagvistarrýma, sjá skýringar við liði *08-401 Öldrunarstofnanir, almennt*, *08-460 Dvalarrými aldraða, önnur*, og *08-477 Dagvistun aldraða, aðrar*.

791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

1.01 Heilsugæslusvið. Farið er fram á 12,6 m.kr. viðbótarframlag til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi innheimti álögð gjöld hjá stofnuninni vegna læknis sem vann tímabundið hjá stofnuninni sem verktaki. Náði álagningin til gjaldaáranna 2004 og 2005 og ákvörðunar skilaskyldrar staðgreiðslu árin 2003, 2004 og 2005. Það var skoðun embættisins að ekki hafi verið um verktakasamning að ræða milli stofnunarinnar og læknisins og hann því launþegi hjá heilbrigðisstofnuninni. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja kærði álagninguna til yfirskattanefndar sem síðan hafnaði kröfum kæranda. Niðurstaðan varð sú að Heilbrigðisstofnun Suðurnesja greiddi 12,6 m.kr. í opinber gjöld ásamt dráttarvöxtum.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 12.702 m.kr.

381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun.

Endurmat á greiðsluþörf vegna verðhækkana eftirlauna þar sem lög kveða á um greiðsluskyldu ríkissjóðs bendir til þess að samtals verði að hækka greiðsluheimildir

um 1.055 m.kr. Sú fjárþörf segir þó ekki til um fjárheimildina á rekstrargrunni, sem m.a. ræðst af ávöxtun LSR og ýmsum tryggingarfræðilegum þáttum, og í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hún verði óbreytt eftir sem áður.

1.01 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Endurmat bendir til að 900 m.kr. vanti upp á greiðsluheimild fjárlaga til LSR.

1.04 Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga. Endurmat bendir til þess að 100 m.kr. vanti upp á greiðsluheimild fjárlaga til sjóðsins.

1.06 Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands. Endurmat bendir til þess að 55 m.kr. vanti upp á greiðsluheimild fjárlaga til sjóðsins.

391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða.

1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða. Farið er fram á að fjárheimild liðarins hækki um 14,7 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um hlutdeild í tekjum af tryggingagjaldi sem fjármagna þessi framlög.

405 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins.

1.01 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins. Farið er fram á 548,8 m.kr. fjárheimild á þessum lið. Samkvæmt samkomulagi í tekjustofnanefnd var felld niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, svo sem skólum og heilbrigðisstofnunum. Álagning fasteignagjaldanna var innleidd í áföngum og var upphaflega gert ráð fyrir að þau gætu skilað sveitarfélögum 200 m.kr. tekjum árið 2006, 400 m.kr. árið 2007 og 600 m.kr. árið 2008 og eftirleiðis. Endurmetnar áætlanir hafa leitt í ljós að greiðslurnar eru verulega hærri, eða um 860 m.kr. árið 2007 og 1.500 árið 2008 fyrir fasteignir í þessari starfsemi. Hefur þá verið gert ráð fyrir hækkun vegna sjálfseignastofnana sem reka hjúkrunarheimili og skóla en ekki var gert ráð fyrir því í upphaflega matinu sem samkomulagið byggðist á. Í fjárlögum 2008 var gert ráð fyrir að fallið yrði frá áformaðri hækkun álagningarprósentu fasteignagjaldanna úr 0,88% í 1,32% þar sem þau skila sveitarfélögunum mun hærri tekjum en samkomulagið gerði ráð fyrir. Sú breyting á lögunum kom ekki til framkvæmda. Er því fjárheimild vegna hækkunar álagningaprósentunnar í upphafi þessa árs færð í einu lagi á þennan lið en henni verður skipt niður á viðkomandi stofnanir ráðuneyta.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.

6.01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir kaupum ríkisins á þremur eignum sem leiði til kostnaðar umfram það sem áætlað var fyrir á liðnum í fjárlögum. Um er að ræða 2. og 4. hæð við Laugaveg 64 og Melkot í Mosfellsbæ. Lagt er til að veitt verði 210 m.kr. fjárheimild til þess að standa straum af umræddum kaupum.

721 Fjármagnstekjuskattur.

1.11 Fjármagnstekjuskattur. Gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af vaxtatekjum, arðgreiðslum og söluhagnaði eigna hækki um 564 m.kr. Skýrist það af auknum vaxtatekjum af innistæðu ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands. Þar kemur bæði til að góð rekstrarafkoma ríkisins undanfarin ár hefur gert það kleift að leggja meira til hliðar í bankanum og að útgáfa ríkisverðbréfa hefur verið aukin verulega á þessu ári frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum en söluandvirðið hefur verið lagt í bankann þar sem það ber vexti. Fjármagnstekjuskatturinn færist einnig á tekjuhlið ríkissjóðs og hefur þessi breyting því ekki áhrif á rekstrarafkomu ársins.

811 Barnabætur.

1.11 Barnabætur. Fjárheimild liðarins hækkar samtals um 70 m.kr. samkvæmt frumvarpinu. Annars vegar er farið er fram á 435 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna hækkunar á skerðingarmörkum sem ríkisstjórnin ákvað í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í febrúar sl. Ákveðið var að skerðingarmörk barnabóta yrðu hækkuð úr 100 þús.kr. á mánuði fyrir einstaklinga í 120 þús.kr. árið 2008 og 150 þús.kr. árið 2009. Sambærilegar fjárhæðir fyrir hjón hækka úr 200 þús.kr. í 240 þús.kr. árið 2008 og 300 þús.kr. árið 2009. Tekjuskerðingarhlutföll vegna annars og þriðja barns eru jafnframt lækkuð um 1% árið 2008. Gert er ráð fyrir sambærilegri hækkun vegna breyttra skerðingarmarka í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009 en áætlað er að þá verði kostnaðurinn af breytingunni orðinn um 1.700 m.kr. Á hinn bóginn er nú gert ráð fyrir að almennt útstreymi barnabóta verði 365 m.kr. lægra en miðað var við í fyrri áætlunum. Miklar breytingar voru gerðar á barnabótakerfinu á árunum 2006 - 2007. Veruleg óvissa var um áhrif af þeim breytingum á uppbyggingu kerfisins og benda reynslutölur nú til þess að reiknilíkan um þennan bótaflokk hafi ofmetið útgjöldin og árlegan vöxt þeirra.

821 Vaxtabætur.

1.11 Vaxtabætur. Farið er fram á að fjárheimild til vaxtabóta hækki samtals um 1.182 m.kr. Í fyrsta lagi er lögð til 712 m.kr. hækkun vegna 35% hækkunar á eignaskerðingarmörkum vaxtabóta sem ríkisstjórnin ákvað í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í febrúar sl. sem kom til framkvæmda á árinu 2008. Í öðru lagi er farið fram á 470 m.kr. hækkun á fjárheimild til vaxtabóta vegna endurskoðaðrar áætlunar um umfang gjalda til málaflokksins vegna tekna, skulda og eigna einstaklinga árið 2007.

831 Uppbætur á eftirlaun lífeyrisþega.

1.11 Uppbætur á eftirlaun lífeyrisþega. Óskað er eftir 590 m.kr. fjárheimild á nýjum fjárlagalið vegna uppbótar á eftirlaun. Með þeirri uppbót mun sá hluti ellilífeyrisþega

sem hefur litlar eða engar tekjur úr almennum lífeyrissjóðum fá allt að 25 þús. kr. í viðbótargreiðslu á mánuði. Sú uppbót mun hins vegar hækka viðmiðunartekjur ellilífeyrisþega þannig að áætlað er að útgjöld lífeyristrygginga lækki á móti um samtals 265 m.kr. Sú lækkun er færð undir félags- og tryggingamálaráðuneytið. Nettó útgjöld vegna uppbótar á eftirlaun nema því um 325 m.kr. Lög um uppbæturnar öðluðust gildi og komu til framkvæmda 1. júlí 2008. Greiðsla uppbótar samkvæmt lögunum fór fram í fyrsta skipti í ágúst 2008 og miðast fjárheimildin fyrir árið 2008 við það uppgjör. Gert er ráð fyrir samsvarandi fjárheimild vegna uppbótanna í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009.

984 Fasteignir ríkissjóðs.

5.21 Viðhald fasteigna. Gert er ráð fyrir að greiðsla úr ríkissjóði hækki um 242,6 m.kr. til viðfangsefnisins 5.21 Viðhald fasteigna en að viðskiptahreyfing lækki í sama mæli. Breytingin hefur engin áhrif á fjárveitingu til stofnunarinnar heldur einungis á fjármögnunina. Hér er um að ræða leiðréttingu á framsetningu fjármögnunar stofnunarinnar í fjárlögum 2007 sem felur í sér að höfuðstóll hennar hækkar sem þessu nemur. Leiðréttingin á rætur að rekja til þess að í fjárlögum 2007 var ákveðið að fresta ýmsum framkvæmdum á vegum ríkisins þar á meðal viðhaldsframkvæmdum á vegum Fasteigna ríkissjóðs. Af þeirri ástæðu var bæði fjárheimild og greiðsluheimild viðhaldsviðfangsefnis stofnunarinnar lækkuð um 242,6 m.kr. Þar sem starfsemin er að fullu fjármögnuð með sértekjum hafði þetta í för með sér að tekjurnar urðu umfram útgjöldin og þar með að fjármögnunarliðurinn „greitt úr ríkissjóði“ var neikvæður um 242,6 m.kr. Það leiddi til þess að bókfærð afkoma ársins og höfuðstóll stofnunarinnar varð lakari sem því nam í ríkisreikningi 2007. Rétt framsetning í fjárlögum 2007 hefði verið að breytingin kæmi öll fram sem viðskiptahreyfing, þ.e. að stofnunin væri að mynda sjóð, án þess að það hefði áhrif á greiðslur í eða úr ríkissjóði. Tillagan miðar að því að snúa við því sem fór aflaga í fjármögnunarliðunum í fjárlögum 2007. Höfuðstóll stofnunarinnar mun þá færast aftur í rétt horf í ríkisreikningi fyrir árið 2008.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 Launa- og verðlagsmál. Í frumvarpinu er lagt til að fjárheimild vegna launa- og verðlagsmála hækki samtals um 7.737 m.kr. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að fjárheimildir ýmissa fjárlagaliða hækki samtals um 4.857 m.kr. vegna gengisfalls íslensku krónunnar á árinu. Í forsendum fjárlaga er ekki spáð fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla heldur er jafnan miðað við gengi þeirra í byrjun september á undan fjárlagaárinu. Sú veiking sem orðið hefur á gengi krónunnar gagnvart helstu myntum frá forsendum fjárlaga, almennt um rúmlega 45% gagnvart evrópumyntum en um nálægt 40% gagnvart dollar miðað við áætlað meðalgengi ársins 2008, leiðir til hækkunar á útgjöldum tiltekinna gengisbundinna fjárlagaliða. Á það við um útgjöld sem beinlínis eru greidd í

erlendri mynt, svo sem útgjöld sendiráða og framlög og aðildargjöld til alþjóðasamtaka. Í öðru lagi er lagt til að fjárheimild liðarins verði hækkuð um 2.880 m.kr. vegna kjarasamninga við stéttarfélög ríkisstarfsmanna sem gerðir voru á árinu. Í fjárlögunum var almennt reiknað með 2% hækkun frá 1. janúar á launaliðum rekstraraðila sem fjármagnaðir eru úr ríkissjóði í samræmi við kjarasamninga sem þá voru í gildi. Því sem næst allir kjarasamningar voru með gildistíma til loka mars. Þar sem mikil ósvissa var um launahækkanir í nýjum kjarasamningum var ekki gert ráð fyrir þeim í launafjárveitingum stofnana en í þess stað gert ráð fyrir 4.290 m.kr. fjárheimild á launa- og verðlagslið fjárlaganna til að mæta hugsanlegum kostnaðarhækkunum upp að vissu marki en samkvæmt mati á niðurstöðum kjarasamninganna verður fjárþörfin talsvert meiri.

999 Ýmislegt.

1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir. Óskað er eftir að fjárheimild þessa viðfangsefnis hækki samtals um 180 m.kr. Í fyrsta lagi er farið fram á 140 m.kr. framlag vegna bókunar 4 í kjarasamningi BHM, ásamt SV, KT og LÍ, við ríkið sem undirritaður var 28. júní 2008. Samhliða því að vísindasjóður er lagður niður á að stofna samstarfsvettvang BHM og ríkisins sem vinnuveitanda um tilhögun sí- og endurmenntunar. Stofnframlag er 25 m.kr. og greiðist einu sinni árið 2008. Framlag að fjárhæð 115 m.kr. til vísindasjóða vegna skuldbindinga þeirra greiðist einnig einu sinni. Frá því var gengið við undirritun samninga að BHM tæki á móti fjárhæðinni og sæi um að skipta henni á milli aðildarfélaga í samráði við ráðuneytið. Í öðru lagi er óskað eftir 40 m.kr. framlagi til að jafna sjóðsstöðu í rannsókna- og vísindasjóðum háskólakennara í Félagi háskólakennara sem starfa við Háskóla Ísland og kennara í Kennarafélagi KHÍ sem störfuðu við Kennaraháskóla Íslands. Á milli skólanna, sem nú eru sameinaðir, voru ekki sömu þættir metnir vegna greiðslna úr sjóðunum, né á sama hátt. Til að ná fram samræmi hjá kennurum innan sama háskóla varð að samkomulagi í kjarasamningum að þetta framlag úr ríkissjóði kæmi til að jafna stöðuna.

1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum. Óskað er eftir 72,5 m.kr. viðbótarframlagi. Kostnaður vegna tryggingabóta hefur hækkað mjög ört undanfarin ár. Á árinu 2005 nam kostnaðurinn tæpum 27 m.kr., á árinu 2006 nam hann tæpum 62 m.kr. og árinu 2007 nam kostnaðurinn rúmum 113 m.kr.

1.61 Bætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn. Sótt er um 125 m.kr. framlag til að greiða sanngirnisbætur til þeirra sem orðið hafa fyrir varanlegu tjóni á vistheimilum fyrir börn og kostnað úrskurðarnefndar í þeim málum, enda liggi fyrir skýrsla frá nefnd samkvæmt lögum nr. 26/2007 um að óforsvaranlega hafi verið staðið að málum við vistun á stofnun eða heimili eða í rekstri þess. Skilyrði bótagreiðslu er að umsækjandi hafi hlotið varanlegt tjón og leiði líkur að því að það sé vegna vistunar á stofnun eða heimili sem undir fyrrnefnd lög fellur, illrar meðferðar eða ofbeldis af hendi starfsmanna þar eða annarra vistmanna. Sérstök nefnd tekur afstöðu til bótakrafna.

1.67 Þjóðlendumál. Lagt er til að veittar verði 15 m.kr. til þess að mæta viðbótarkostnaði við upplýsingaöflun og málskostnað vegna þjóðlendumála á svæði 7 suður. Eftir að kröfulýsing íslenska ríkisins er komin fram greiðir fjármálaráðuneytið 1/3 af kostnaði við upplýsingaöflun og Óbyggðanefnd 2/3. Unnið hefur verið eftir þessu fyrirkomulagi á öllum svæðum að undanskyldu svæði 7 suður. Á svæði 7 suður setti fjármálaráðherra fram kröfur sínar í mars á þessu ár en í september voru hins vegar dregnar til kröfur til 77% af landsvæðinu. Málskostnaður gagnaðila og kostnaður vegna upplýsingaöflunar á umræddu svæði nemur alls 15 m.kr. Óbyggðanefnd hefur farið fram á við fjármálaráðuneytið að það beri umræddan kostnað, þar sem fjármálaráðherra féll frá kröfum sínum.

1.75 Aðstoð vegna jarðskjálfta á Suðurlandi. Óskað er eftir 733 m.kr. framlagi vegna jarðskjálftans sem varð á Suðurlandi 29. maí 2008. Nú liggur fyrir að mestu kostnaður vegna viðbragða, úrvinnslu og tjóns sem hvorki viðlagatrygging né aðrar tryggingar bæta. Þar af er kostnaður við fyrstu viðbrögð og rekstur þjónustumiðstöðvar um 65 m.kr. Kostnaður sveitarfélaga, annar en við fyrstu viðbrögð, er áætlaður 135 m.kr. Stærsti kostnaðarliðurinn er vegna ótryggðra tjóna einstaklinga og fyrirtækja sem er áætlaður um 437 m.kr. Undir þann lið falla öll þau verkefni sem borist hafa til þjónustumiðstöðvar og gerðar hafa verið tillögur um úrlausn. Auk þess er gert ráð fyrir að ekki hafi öll kurl komið til grafar þannig að nauðsynlegt sé að gera ráð fyrir ófyrirséðum kostnaði að fjárhæð allt að 100 m.kr., bæði vegna uppgjörs tjóna á árinu 2009 sem og kostnaði vegna mats og starfa þess vegna.

6.81 Framlag til Vestmannaeyjabæjar vegna vatnslagnar. Lagt er til að veitt verði fjárframlag til Vestmannaeyjabæjar að fjárhæð 700 m.kr. vegna kostnaðar við lagningu nýrrar vatnslagnar milli lands og eyja. Gert er ráð fyrir að Vestamannaeyjabær noti fjármagnið til að tryggja að kostnaður íbúa í Vestamanneyjum vegna neysluvatns verði ekki hærri en gengur og gerist meðal annarra landsmanna. Tvær neysluvatnsleiðslur eru til Vestmannaeyja sem báðar eru orðnar um 40 ára gamlar og endast ekki mikið lengur. Hitaveita Suðurnesja hefur unnið að lagningu nýrrar vatnslagnar til eyjanna og verður lokið við verkið á þessu ári. Ekkert annað sveitarfélag býr við þessar óvenjulegu aðstæður þar sem leggja þarf vatnslögn um svo langan veg á hafsbotni en kostnaður við nýju leiðsluna er talinn geta orðið allt að 1,2 milljarðar króna. Samkvæmt lögum um vatnsveitur sveitarfélaga er ekki heimilt að Hitaveita Suðurnesja nýti tekjur af annarri starfsemi fyrirtækisins til niðurgreiðslu á rekstri vatnsleiðslunnar. Samkvæmt lögunum er hins vegar takmarkað hversu hátt vatnsgjald má innheimta sem hlutfall af fasteignamati en það þýðir að hækkunin getur aldrei orðið nógu mikil til þess að standa undir stofnkostnaði og rekstri af nýrri vatnslögn. Ljóst er því að fyrirtækið getur ekki, án aðkomu sveitarfélagsins eða ríkisins, uppfyllt öll ákvæði laganna. Þá getur ríkissjóður, vegna reglna ESA, ekki komið að stuðningi verkefnisins í gegnum Hitaveitu Suðurnesja. Því er lagt til að farin verði þessi leið til að tryggja

framgang málsins og að íbúar í Vestmannaeyjum þurfi ekki að búa við verulega hærri kostnað við neysluvatn en tíðkast annars staðar á landinu.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 763,2 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.59 Til sveitarfélaga sem verða fyrir aflasamdrætti. Óskað er eftir að 250 m.kr. framlag til að koma á móts við þau sveitarfélög sem verða fyrir tekjumissi vegna tímabundins samdráttar í aflamarki þorsks verði flutt á þetta viðfangsefni frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Við breytta verkaskiptingu ráðuneyta fluttust sveitarstjórnarmálefnin yfir til samgönguráðuneytisins en fyrir mistök láðist að flytja fjárheimild vegna þessa verkefnis sem nú óskast leiðrétt. Á lið 07-999-159 hjá félagsmálaráðuneytinu er því að finna sambærilega tillögu um 250 m.kr. niðurfellingu fjárheimildar.

212 Samgönguverkefni.

6.10 Framkvæmdir. Farið er fram á 110 m.kr. framlag vegna framkvæmda við Hlíðarendaveg í Ölfusi, Þorlákshafnarvegur-Hlíðarendi. Um er að ræða u.þ.b. 6,3 km. vegtengingu frá Þorlákshafnarvegi að væntanlegri vatnsátöppunarverksmiðju en verkefnið er utan samgönguáætlunar. Auk þess er gerð tillaga um leiðréttingu á fjármögnunarlið liðarins sem ekki hefur áhrif á fjárheimild hans á rekstrargrunni. Við 2. umræðu fjárlaga 2008 var felld niður 3. milljarða kr. fjárheimild vegna framkvæmda við Sundabraut sem var hluti af ráðstöfun söluandvirðis Landsímans. Við þá breytingu láðist að fella niður jafn háa greiðsluheimild í fjármögnun framkvæmdarinnar þar sem um er að ræða bein framlög úr ríkissjóði.

251 Umferðarstofa.

1.01 Umferðarstofa. Lagt er að fjárveiting til liðarins lækki um 117,5 m.kr. til samræmis við lækkun ríkistekna stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að á yfirstandandi ári gangi stofnunin á uppsafnaðar afgangsheimildir frá fyrri árum.

336 Hafnarframkvæmdir.

1.01 Almennur rekstur. Lagt er til að 11,8 m.kr. fjárheimild sem Hafnabótasjóði var veitt á fjárlögum, og átti að vera fjármögnuð með viðskiptahreyfingu, gangi til baka. Fjárheimildarinnar er ekki þörf þar sem sjóðnum er ætlað að fjármagna rekstur sinn með því að ganga á eigið fé.

6.76 Ferjubryggjur. Farið er fram á 14 m.kr. framlag til lagfæringa á ferjubryggjunni í Flatey á Breiðafirði. Fjárveiting hefur fengist til endurbóta og viðgerða á ferjubryggjunni en til að ljúka megi verkinu, án þess að aðstaða fyrir smábáta tapist, er óskað eftir þessu viðbótarframlagi.

475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta.

1.11 Keflavíkurflugvöllur. Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur af lendingargjaldi fyrir millilandaflug og öryggisgjaldi gerir ráð fyrir að tekjurnar lækki um 33 m.kr. Gert er ráð fyrir samsvarandi lækkun fjárveitingar sem fjármögnuð er með þessum mörkuðu tekjum.

6.41 Framkvæmdir. Farið er fram á 394 m.kr. hækkun á framlagi vegna framkvæmda við flugvöllinn á Akureyri en áætlaður framkvæmdakostnaður ársins er 1.526 m.kr. Í viðauka við samgönguáætlun 2007-2010 var gert ráð fyrir 2.112 m.kr. til flugframkvæmda en þar var ekki gert ráð fyrir 255 m.kr. kostnaðarauka vegna framkvæmda við Akureyrarflugvöll. Í fjárlögum 2008 var 1.973 m.kr. veitt til liðarins og er því er þörf á 394 m.kr. framlagi til að uppfylla uppfærða kostnaðaráætlun verksins miðað við niðurstöður útboða.

512 Póst- og fjarskiptastofnunin.

1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin. Lagt er til að 26 m.kr. fjárheimild vegna Jöfnunarsjóðs alþjónustu verði millifærð frá stofnuninni á nýjan fjárlagalið *10-513 Jöfnunarsjóður alþjónustu*. Sjóðurinn er í vörslu Póst- og fjarskiptastofnunarinnar og fé úr honum er greitt til fjarskiptafélaga sem hafa kostnað af því að veita alþjónustu á sviði fjarskiptamála. Í desember 2007 samþykkti Alþingi breytingu á lögum nr. 81/2003, um fjarskipti, þar sem gjaldið í sjóðinn var hækkað úr 0,12% í 0,65%. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að hækkunin sé til komin í framhaldi af úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála frá 10. október 2007 um greiðslu úr sjóðnum vegna kostnaðar Símans hf. af alþjónustukvöð fyrir árið 2005.

513 Jöfnunarsjóður alþjónustu.

1.10 Jöfnunarsjóður alþjónustu. Í endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur af jöfnunargjaldi vegna alþjónustu fjarskiptafyrirtækja er gert ráð fyrir að tekjur af gjaldinu verði 201,5 m.kr. Samkvæmt því hækka tekjurnar um 175,5 m.kr. frá áætlun fjárlaga. Tekjum af gjaldinu skal varið til að greiða fjarskiptafyrirtækjum tap af alþjónustu sem þeim er gert skylt að veita. Sjá nánari skýringar við liðinn *10-512 Póst- og fjarskiptastofnun* hér fyrir framan. Auk þess er lagt til að 26 m.kr. fjárheimild vegna sjóðsins verði millifærð frá þeim lið.

521 Fjarskiptasjóður.

6.41 Fjarskiptasjóður. Áætlað er að Fjarskiptasjóður hafi 117 m.kr. vaxtatekjur af inneign hjá ríkissjóði. Það eru 57 m.kr. hærri tekjur en reiknað var með á fjárlögum. Beint framlag ríkissjóðs til verkefna og reksturs sjóðsins lækkar sem því nemur.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög. Fjárveiting liðarins lækkar samtals um 285 m.kr. samkvæmt frumvarpinu. Í fyrsta lagi er óskað eftir 100 m.kr. framlagi vegna átaks um sameiningu sveitarfélaga en í kjölfar þess varð sameining á Héraði sem leiddi til stofnunar sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs sem ekki fékk greitt framlag sem gert hafði verið ráð fyrir við undirbúning sameiningarinnar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 385 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðin framlög af skatttekjum og útsvarsstofni árið 2008. Spáin miðast við að skatttekjur verði um 383 m.kr. á þessu ári og að álagningarstofn útsvars var 748 m.kr. árið 2008.

1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög. Gerð er tillaga um 324 m.kr. framlag til sjóðsins vegna hlutdeildar ríkisins í hækkun húsaleigubóta hjá sveitarfélögum. Íslenska ríkið og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa í framhaldi af tillögum nefndar um úrræði í húsnæðismálum frá 11. janúar 2008 gert með sér samkomulag um ýmsar aðgerðir í húsnæðismálum sem gildir frá og með 1. apríl 2008 til 31. mars 2010. Þar á meðal var gert ráð fyrir að húsaleigubætur sveitarfélaganna hækki frá 1. apríl sl. þannig að hámarksbætur hækki úr 31 þús. kr. á mánuði í 46 þús. kr. Því til viðbótar hækka sérstakar húsaleigubætur og geta að húsaleigubótunum meðtöldum orðið að hámarki 70 þús. kr. á mánuði í stað 50 þús. kr. áður. Árlegur viðbótarkostnaður vegna þessara aðgerða er áætlaður 620 m.kr. vegna húsaleigubóta og um 100 m.kr. vegna sérstakra húsaleigubóta. Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir að árlegur viðbótarkostnaður verði samtals 720 m.kr. og að ríkissjóður greiði 60% af honum og sveitarfélögin 40%. Samkvæmt því á greiðsla ríkissjóðs vegna ársins 2008 að vera 324 m.kr. og 432 m.kr. árið 2009 en greiðslan fyrir árið 2008 er vegna seinustu níu mánuði ársins. Jafnframt er gert ráð fyrir að meta áhrif breytinga viðmiðunarfjárhæða með tilliti til hugsanlegrar fjölgunar bótaþega annars vegar í ársbyrjun 2009 og hins vegar í ársbyrjun 2010. Komi til viðbótarkostnaður vegna þess verði beitt sambærilegri kostnaðarskiptingu og ofan greinir.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 614,4 m.kr.

101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. Óskað er eftir 10 m.kr. framlagi til undirbúnings vegna rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða. Í minnisblaði frá iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra, sem samþykkt var á ríkisstjórnarfundi í júní 2007, er greint frá þörf fyrir 60-80 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að ljúka 2. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Veittar voru 60 m.kr. á fjárlögum ársins 2008 vegna þessa en samkvæmt uppfærðri kostnaðaráætlun Orkustofnunar er þörf á 10 m.kr. fjárveitingu til viðbótar sem meðal annars verði notuð til að ráða starfsmann vegna verkefnisins.

205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Í frumvarpinu er lagt til að fjárheimild stofnunarinnar hækki samtals um 45 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 19 m.kr. framlag í því skyni að ýta undir nýsköpun í atvinnulífi í fámennum byggðum á Norðurlandi eystra og aðstoða ferðaþjónustufyrirtæki á svæðinu við að þróa hugmyndir sínar um nýsköpun í ferðaþjónustu. Verkefninu verði stýrt frá starfsstöð Nýsköpunarmiðstöðvar á Húsavík í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 16 m.kr. framlag í því skyni að koma á fót starfstöð Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Sauðárkróki. Starfsstöðin yrði til húsa í húsnæði Versins Vísindagarða sem verði grunnur að þverfaglegu þekkingarsetri á Sauðárkróki. Framlaginu er ætlað að kosta þrjá sérfræðinga í starfsstöð nýsköpunarmiðstöðvar auk starfs framkvæmdastjóra Versins þannig að störfum fjölgar um fjögur vegna þessa verkefnis. Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 10 m.kr. framlag í því skyni að koma á fót starfsstöð Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands fyrir Þingeyjasýslur á Húsavík. Gert er ráð fyrir að stöðin, í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og fleiri aðila, vinni að myndun klasasamstarfs þeirra aðila á svæðinu sem vinna að málefnum nýsköpunar og þróunar í þágu atvinnulífsins á Norðausturlandi. Áætlað er að störfum fjölgi um tvö vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefnda um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og Austurlandi.

240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja.

1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja. Lagt er til að veitt verði 6 m.kr. framlag til að gera Þróunarfélagi Austurlands kleift að kanna áfram, í samvinnu við aðila á Seyðisfirði og Fjarðaráli, hagkvæmni þess að setja upp verksmiðju á Seyðisfirði til að fullvinna álvír

sem framleiddur er hjá Fjarðaráli. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi.

245 Samtök iðnaðarins.

1.10 Samtök iðnaðarins. Lögð er til 40,7 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins þar sem endurskoðuð tekjuáætlun vegna iðnaðarmálagjalds gerir ráð fyrir að tekjur af gjaldinu verði 300 m.kr. á árinu 2008 í stað 259,3 m.kr. eins og gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins.

251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Óskað er eftir 50 m.kr. framlagi til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Heimilt er að endurgreiða úr ríkissjóði 14% af framleiðslukostnaði sem til fellur við framleiðslu kvikmynda eða sjónvarpsefnis hér á landi og eftir atvikum í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Ljóst þykir að samkvæmt samþykktum umsóknum um endurgreiðslu kvikmynda sem nú eru í framleiðslu mun endurgreiðsla á árinu 2008 nema allt að 125 m.kr. eða 50 m.kr. umfram núgildandi fjárveitingu.

299 Iðja og iðnaður, framlög.

1.10 Fastanefndir. Lögð er til 6,1 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins en tillagan er hluti af endurskipulagningu á verkaskiptingu gagnvart viðskiptaráðuneytinu. Úrskurðarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar færist frá iðnaðarráðuneyti til viðskiptaráðuneytis á lið 12-190-1.15. Önnur tillaga gerir ráð fyrir samsvarandi hækkun fjárveitingar á þeim fjárlagalið hjá viðskiptaráðuneytinu.

1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis. Lagt er til að veitt verði 14 m.kr. framlag í því skyni að ýta undir nýsköpun í atvinnulífi í fámennum byggðum á Austurlandi og að aðstoða ferðaþjónustufyrirtæki á svæðinu við að þróa hugmyndir sínar um nýsköpun í ferðaþjónustu, byggja upp innviði greinarinnar, auka gæði vöru og þjónustu og skipuleggja markaðsstarfsemi. Áætlað er að störfum fjölgi um þrjú vegna þessa verkefnis. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi.

301 Orkustofnun.

1.01 Orkustofnun. Óskað er eftir 88,8 m.kr. framlagi til að standa straum af undirbúningi greinagerðar til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna um mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna. Í fjárlögum 2008 láðist iðnaðarráðuneytinu að sækja um 58,8 m.kr. fjárheimild vegna verkefnisins. Þar sem frestur til að skila greinargerðinni

til landgrunnsnefndar er til 13. maí 2009 er gert ráð fyrir að kostnaður ársins 2008 verði meiri en reiknað var með og því sömuleiðis lægri fyrir árið 2009. Lagt til að færð verði 30 m.kr. fjárveiting sem ætluð var til verkefnisins árið 2009 til ársins 2008. Fjárveiting ársins 2008 mun samkvæmt því verða 88,8 m.kr. og 28,8 m.kr. árið 2009.

373 Niðurgreiðslur á húshitun.

1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis. Farið er fram á að fjárheimild liðarins hækki samtals um 201 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 151 m.kr. til stofnstyrkja til nýrra hitaveitna. Ný hitaveita getur sótt um stofnstyrk sem nemur allt að 8 ára reiknaðri endurgreiðslu rafhitunar notenda sinna, enda verði ekki um frekari niðurgreiðslur að ræða þegar hitaveitan tekur til starfa. Undanfarin ár hefur nýjum hitaveitum fjölgað mikið en ekki hefur verið reiknað með stofnstyrkjum til þeirra á fjárlögum. Það hefur leitt til þess að ekki hefur verið unnt að afgreiða allar þær styrkumsóknir sem borist hafa. Samþykktar umsóknir til greiðslu stofnstyrkja til hitaveitna nema nú um 325 m. kr. Samkvæmt fjárlögum 2008 og fjáraukalögum 2007 eru um 173 m. kr. til ráðstöfunar í þessu skyni. Því vantar 151 m. kr. til að hægt verði að gera upp að fullu þegar samþykkta stofnstyrki til hitaveitna. Í öðru lagi er óskað eftir 50 m.kr. framlagi vegna styrks til RARIK til lagningar hitaveitu frá Blönduósi að Skagaströnd. Skagstrendingar hafa í áratugi staðið fyrir jarðhitaleit en hún hefur ekki borið árangur. Síðastliðin ár hafa fulltrúar Skagastrandar haft frumkvæði að viðræðum um að RARIK leggi hitaveitu frá Blönduósi til Skagastrandar. Samkvæmt upplýsingum frá RARIK er áætlaður stofnkostnaður slíkrar veitu um 300 m.kr. Við útreikning á arðsemi Skagastrandarveitu er gert ráð fyrir að stofnstyrkur ríkisins vegna 8 ára niðurgreiðslna nemi 125 m.kr. og að heimæðargjöld verði 37 m.kr. Þrátt fyrir þetta er það mat RARIK að enn vanti 127 m.kr. til að verkefnið sé arðbært miðað við þá arðsemiskröfu sem fyrirtækið gerir til slíkra framkvæmda. Málið hefur verið rætt í stjórn RARIK sem hefur samþykkt að leggja 27 m.kr. til verkefnisins. Þá hefur sveitarfélagið samþykkt að verja 50 m.kr. til byggingar veitunnar. Eftir stendur því að fjármagna 50 m.kr. sem þessi tillaga snýr að.

399 Ýmis orkumál.

1.13 Hafsbotnsrannsóknir. Lagt er til að 15 m.kr. framlag til hafsbotnsrannsókna á fjárlagalið iðnaðarráðuneytis verði fellt niður. Óskað hefur verið eftir 88,8 m.kr. framlagi til Orkustofnunar vegna undirbúnings greinagerðar til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna um mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 2006. Fjárheimild að fjárhæð 15 m.kr. á þessum liðar er innifalin í 88,8 m.kr. tillögunni hjá Orkustofnun vegna verkefnisins.

501 Ferðamálastofa.

1.01 Ferðamálastofa. Lagt er til að veitt verði 50 m.kr. framlag til markaðssóknar í íslenskri ferðaþjónustu. Hækkun á eldsneytisverði og samdráttur í efnahagslífi á heimsvísu hefur leitt til fækkunar ferða til landsins og óttast er að fjöldi ferðamanna til Íslands kunni að dragast verulega saman á næstu misserum. Talið er nauðsynlegt að hefja sem fyrst markaðsátak í samstarfi við fyrirtækin í greininni.

1.13 Markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustu. Lagt er til að veitt verði 80 m.kr. framlag til markaðs- og kynningarmála í ferðaþjónustu. Ferðamálastofa mun leita samstarfs við markaðsskrifstofur, sveitarfélög og ferðaþjónustuaðila um eflingu markaðs- og kynningarstarfs á sviði ferðamála.

599 Ýmis ferðamál.

1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu. Lagt er til að veitt verði 50 m.kr. til markaðssóknar í íslenskri ferðaþjónustu. Í gildi er samningur frá árinu 2006 milli ríkissjóðs og hagsmunaaðila í ferðaþjónustu um samstarf um markaðssetningu íslenskra vara og þjónustu í Evrópu. Samningurinn er í evrum og var gengi evru við gildistöku samningsins 74,7 kr. Samningurinn gildir til ársloka 2008 og miðað við gengisþróun krónunnar í ár og stöðu fjárheimilda verður þörf á auknum framlögum einkum til að standa við þær skuldbindingar.

12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði aukin um 104 m.kr.

101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa. Óskað er eftir 15 m.kr. framlagi vegna kostnaðar ráðuneytisins í tengslum við peningaþvættisverkefni. Um er að ræða vinnu að innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og eftirfylgni innleiðingarinnar. Ennfremur eftirfylgni úttektar FATF (Financial Action Task Force) á aðgerðum íslenskra stjórnvalda á þessu sviði sem fram fór árið 2006.

190 Ýmis verkefni.

1.15 Fastanefndir. Lögð er til 6,1 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins en tillagan er hluti af endurskipulagningu á verkaskiptingu gagnvart iðnaðarráðuneyti. Úrskurðarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar færist frá iðnaðarráðuneyti til viðskiptaráðuneytis á lið 12-190-1.15. Önnur tillaga gerir ráð fyrir samsvarandi lækkun fjárveitingar á lið 11-299-1.10 hjá iðnaðarráðuneytinu.

402 Fjármálaeftirlitið.

1.01 Fjármálaeftirlitið. Lögð er til 17,1 m.kr. lækkun á fjárheimild Fjármálaeftirlitsins til samræmis við ríkistekjuáætlun stofnunarinnar, en á fjárlögum var gjaldaheimild stofnunarinnar umfram tekjur sem því nam. Útgjöld umfram tekjur verða fjármögnuð með uppsöfnuðum afgangsheimildum stofnunarinnar.

811 Flutningssjóður olíuvara.

1.10 Flutningssjóður olíuvara. Lagt er til að veitt verði 100 m.kr. framlag til liðarins. Í frumvarpi til fjárlaga 2008 var gert ráð fyrir að 401 m.kr. fjárheimild til flutningssjóðsins félli niður þar sem áformað var að leggja sjóðinn niður 1. janúar 2008. Við aðra umræðu fjárlaga var ákveðið að fresta niðurlagningu sjóðsins til 1. september árið 2008 og veita 300 m.kr. tímabundna fjárheimild til liðarins. Þar sem nú hefur verið ákveðið að falla frá því að leggja sjóðinn niður er gert ráð fyrir að auka þurfi fjárheimildina aftur í 400 m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 275,3 m.kr.

211 Umhverfisstofnun.

1.01 Umhverfisstofnun. Fjárheimild stofnunarinnar hækkar samtals um 97,8 m.kr. samkvæmt frumvarpinu. Í fyrsta lagi er áætlað að ríkistekjur verði 69,8 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Er þar um að ræða 63 m.kr. meiri tekjur af veiðileyfum hreindýraráðs en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum og 6,8 m.kr. hækkun tekna af gjaldi fyrir veiðikort. Sótt er um heimild fyrir stofnunina til að ráðstafa tekjunum til greiðslu á arði til landeigenda og annars kostnaðar í samræmi við lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Í öðru lagi er sótt um 20 m.kr. fjárveitingu vegna gestastofu á Látrabjargi. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ríkisstjórnin ákvað að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Á fjárlögum 2008 var veitt 15 m.kr. framlag til Hornstrandagestastofu og með þessari tillögu er sótt um fjárframlag til annarrar gestastofu á Látrabjargi. Þessari fjárveitingu er að stórum hluta ætlað að mæta stofnkostnaði og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009 er sótt um 15 m.kr. rekstrarframlag vegna gestastofunnar. Að lokum er óskað er eftir 8 m.kr. framlagi til að mæta hluta af kostnaði stofnunarinnar vegna landgöngu tveggja ísbjarna sl. sumar.

212 Vatnajökulsþjóðgarður.

1.01 Vatnajökulsþjóðgarður. Óskað er eftir 15 m.kr. framlagi til að mæta hærri rekstrarkostnaði Vatnajökulsþjóðgarðs en gert er ráð fyrir í fjárlögum 2008.

287 Úrvinnslusjóður.

1.10 Úrvinnslusjóður. Áætlað er að Úrvinnslusjóður hafi 146 m.kr. vaxtatekjur af inneign sinni hjá ríkissjóði vegna óráðstafaðra markaðra tekna af úrvinnslugjaldi og er það 46 m.kr. hækkun frá áætlun fjárlaga. Gert er ráð fyrir að sjóðnum verði heimilað að ráðstafa vaxtatekjunum til starfsemi sinnar.

289 Endurvinnslan hf..

1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun. Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjarvöruumbúðir gerir ráð fyrir að tekjurnar verði um 1.270 m.kr. og hækki því um 285 m.kr. frá áætlun fjárlaga. Gert er ráð fyrir að tekjurnar renni til Endurvinnslunnar hf. og að fjárheimildir á þessum lið hækki sem því nemur.

301 Skipulagsstofnun.

1.01 Skipulagsstofnun. Óskað er eftir fjárheimild að upphæð 10,3 m.kr. til að mæta uppsöfnuðum halla stofnunarinnar. Hallinn hefur myndast á tveimur árum vegna aukinna umsvifa og þar sem stofnuninni hefur ekki tekist að afla áformaðra sértekna.

381 Ofanflóðasjóður.

6.60 Ofanflóðasjóður. Áætlað er að vaxtatekjur sjóðsins af inneign hjá ríkissjóði verði 530 m.kr. en það er 150 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Að frádregnum fjármagnstekjuskatti nemur hækkun teknanna 135 m.kr. Lagt er til að framlag af mörkuðum tekjum lækki á móti um 135 m.kr. þannig að framkvæmdafé sjóðsins verði óbreytt frá því sem ákveðið var í fjárlögum.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands.

1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands. Farið er fram á 2,2 m.kr. fjárheimild til að mæta kostnaði við uppstoppun tveggja ísbjarna sem gengu á land sl. sumar.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að fjárheimild vaxtagjalda ríkissjóðs verði aukin um 10.936 m.kr.

801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.

1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að gjaldfærðir vextir af skuldum ríkissjóðs hækki um 10.936 m.kr. frá fjárlögum 2008 en að greiddir vextir hækki um 7.425 m.kr. Hækkunin skýrist að mestu af aukinni útgáfu ríkisbréfa og auknum lántökum erlendis í kjölfar sértækra aðgerða sem ákveðið var að fara í sl. vor til að styðja við vaxtamyndun á innlendum fjármagnsmarkaði og til að styrkja gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans. Tilkynnt var um sérstakar útgáfur ríkisbréfa á árinu fyrir að fjárhæð allt að 100 milljörðum króna sem lið í því að auka virkni skuldabréfa- og gjaldeyrismarkaðar. Vaxtakostnaður erlendra lána hækkar m.a. af þróun gengis en aðallega af aukinni útgáfu erlendra lána til styrkingar gjaldeyrisvaraforðans. Á móti auknum vaxtakostnaði vegna þessara sértæku aðgerða koma auknar vaxtatekjur af innistæðum í Seðlabanka, endurlánum og innlendum gjaldeyrisreikningum, þannig að áhrifin á afkomu ríkissjóðs er mun minni.

351. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneyti, Jónas Fr. Jónsson, Ragnar Hafliðason og Þorstein E. Marinósson frá Fjármálaeftirlitinu, auk fulltrúa frá samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Guðjón Guðmundsson frá Sambandi íslenskra sparisjóða og Guðmund Örn Gunnarsson, forstjóra VÍS og fulltrúa vátryggingafyrirtækja. Umsagnir bárust nefndinni um málið frá Viðskiptaráði Íslands, Fjármálaeftirlitinu, Félagi stórkaupmanna, Kauphöll Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum verslunar og þjónustu.

Með frumvarpinu er kveðið á um breytingar á álagningarstofnum eftirlitsskyldra fjármálastofnana. Breytingar þær sem frumvarpið felur í sér skýrast af lögbundnu endurmati á kostnaðarskiptingu vegna reksturs Fjármálaeftirlitsins, þróun álagningarstofna eftirlitsskyldra aðila og mati á kostnaðardreifingu. Vegna atburða þeirra sem orðið hafa í íslenskum fjármálaheimi frá því að frumvarp þetta var lagt fram hefur þurft að fara fram endurmat á kostnaðaráætlun Fjármálaeftirlitsins og liggur það nú fyrir. Ljóst er að töluverðar breytingar verða á rekstrarumhverfi eftirlitsins og að umfang þess mun breytast talsvert, m.a. vegna þess að erlend starfsemi íslenskra fjármálastofnana verður mjög lítil á næstu árum auk þess sem fyrirsjáanlegur er samdráttar í útgáfu hluta- og skuldabréfa. Þannig hefur Fjármálaeftirlitið reiknað

með að álagningarþörfin fyrir árið 2009 verði 825,7 millj. kr. en ekki 1.116 millj. kr. eins og gert var ráð fyrir í upphaflegu frumvarpi. Samkvæmt upphaflegum útreikningi hefði hækkun eftirlitsgjaldsins orðið um 22% eða 201 millj. kr. og átti sú hækkun að koma til móts við aukinn kostnað við eftirlit stofnunarinnar, stækkun húsnæðis Fjármálaeftirlitsins og nýtt hlutverk þess samkvæmt innheimtulögum, nr. 95/2008.

Eðli málsins samkvæmt hefur frumvarpið tekið nokkrum breytingum í meðförum viðskiptanefndar en nefndin hefur fengið á fund sinn hagsmunaaðila til þess að ræða hver eðlileg skipting eftirlitskostnaðar geti talist miðað við breyttar forsendur. Nokkuð var rætt í nefndinni um hækkandi hlutfall eftirlitsgjalds á viðskiptabanka og var þeim sjónarmiðum meðal annars hreyft að ekki ætti að koma til sams konar hækkunar á eftirlitsgjaldi sparisjóða og annarra lánastofnana, m.a. þar sem slíkar fjármálastofnanir beri sem hluta af efnahagsreikningum sínum endurhverf viðskiptabréf gagnvart gömlu bönkunum sem nýju viðskiptabankarnir bera ekki. Auk þessa komu þau sjónarmið fram fyrir nefndinni að hlutfallsleg hækkun á fjárhæð eftirlitsgjalds lífeyrissjóða og vátryggingafélaga væri ekki eðlileg þar sem hrun á fjármálamarkaði komi mest niður á eftirliti með viðskiptabönkum og lánastofnunum. Þá var því sjónarmiði hreyft fyrir nefndinni að eðlilegt væri að þátttaka Íbúðalánasjóðs í eftirlitskostnaði væri hærri, m.a. vegna fyrirsjáanlegs aukins umfangs í starfsemi sjóðsins á næstu missirum.

Að auki hefur Fjármálaeftirlitinu, frá því að frumvarp þetta var lagt fram, verið falið mikilvægt nýtt hlutverk á grundvelli laga nr. 134/2008, um breytingu á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál. Eru Fjármálaeftirlitinu þar falin ný verkefni á sviði gjaldeyriseftirlits en benda má að sérstök deild, með fjölda starfsmanna, starfaði í þessum tilgangi hjá Seðlabanka Íslands meðan gjaldeyrishömlur ríktu síðast hér á landi. Má telja víst að verkefni þetta feli því í sér jafngildi að minnsta kosti eins stöðugildis og er varlega áætlaður kostnaður við slíkt stöðugildi 13 millj. kr. Í breytingartillögum er þess vegna gert ráð fyrir að þeim kostnaði verði dreift á fjármálafyrirtæki sem heimild hafa til gjaldeyrisviðskipta með hreyfingum á álagningarprósentum hvers aðila, en fast lágmarksgjald á þessa aðila þótti ekki fýsilegt þar eð slíkt gjald kæmi líklega hlutfallslega þyngra niður á minni fjármálafyrirtækjum.

Nefndin leggur því til eftirfarandi breytingar:

Í fyrsta lagi leggur nefndin til breytingu sem færir tilvísun sem finna má í 4. gr. laganna til rétts vegar vegna tilfærslu á málsgreinum 5. gr. í frumvarpinu.

Í öðru lagi leggur nefndin til viðbætur við 3. mgr. 4. gr. laganna þannig að tiltekið sé að byggja skuli eftirlitsgjald nýrra eftirlitsskyldra aðila á stofnefnahagsreikningi liggi hann fyrir.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir hækkun á hlutfallsskiptingu eftirlitsgjaldsins úr 0,00682% í gildandi löggjöf í 0,00774% fyrir viðskiptabanka. Vegna sparisjóða, lánafyrirtækja og rafeyrisfyrirtækja er lögð til hækkun úr 0,0061% í gildandi lögum í 0,00686%. Hið upprunalega frumvarp gerði hins vegar ráð fyrir lækkun gjaldsins úr 0,00682% á viðskiptabanka og 0,00661% á sparisjóði og aðrar lánastofnanir niður í 0,00603% á hvern aðila fyrir sig. Eins og áður segir er með hækkun þessari, meðal annars, komið til móts við aukinn kostnað Fjármálaeftirlitsins af eftirliti með gjaldeyrisviðskiptum þessara fjármálafyrirtækja sem leyfi hafa til slíkra viðskipta.

Þá er lagt til að eftirlitsgjald það sem Kaupþing banki hf., Glitnir banki hf. og Landsbanki Íslands hf. greiði verði föst fjárhæð, 4 millj. kr. á hvern banka.

Í fimmta lagi er gert ráð fyrir hækkun á álagningarhlutfalli sem Íbúðalánasjóður greiðir og að það hlutfall hækki úr 0,00275% í 0,0032% vegna aukinna umsvifa Íbúðalánasjóðs við yfirtöku íbúðalána frá viðskiptabönkunum. Mun þannig eftirlit með stofnuninni aukast.

Að lokum leggur nefndin til breytingu sem felur í sér álagningu fastagjalds vegna nýrra verkefna Fjármálaeftirlitsins á sviði eftirlits með innheimtuaðilum, sbr. lög nr. 95/2008 sem taka gildi nú um áramót. Breytingartillagan gerir ráð fyrir að fastagjald að fjárhæð 600.000 kr. verði lagt á aðila sem fá innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum.

Þá vill nefndin árétta að áætluð heildarálagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2009, með breytingum, mun skila lægri fjárhæð til eftirlitsins en upphaflega var reiknað með. Stafar sú lækkun af þróun og breytingum á íslenskum fjármálamarkaði og því að fallið er frá stækkun húsnæðis eins og áður hefur verið rakið. Fjárheimildir Fjármálaeftirlitsins hafa hins vegar, á síðustu árum, aukist verulega og nam eftirlitsgjald ársins 2006 alls um 435 millj. kr., árið 2007 nam það síðan 602,6 millj. kr. og loks er áætlað að fyrir árið 2008 nemi eftirlitsgjaldið 915 millj. kr. Eins og fyrr segir er gert ráð fyrir að eftirlitsgjald ársins 2009 verði 825,7 millj. kr. sem er um 37% hækkun frá árinu 2007 og um 90% hækkun frá árinu 2006. Því er ljóst að fjárheimildir eftirlitsins hafa aukist verulega á stuttum tíma og er það mat nefndarinnar að sú skerðing sem nú er áætluð á fjárheimildum eftirlitsins sé ekki veruleg með tilliti til breyttra aðstæðna og hlutfalls lækkunarinnar nú miðað við hækkanir síðustu þriggja ára.

Birkir J. Jónsson, Höskuldur Þórhallsson og Björk Guðjónsdóttir, ásamt Jóni Magnússyni áheyrnarfulltrúa, voru fjarverandi við afgreiðslu máls þessa.

Álfheiður Ingadóttir er samþykk áliti þessu með fyrirvara.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku skjali.

Alþingi, 12. des. 2008.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Birgir Ármannsson.
Árni Páll Árnason.	Jón Gunnarsson.	Álfheiður Ingadóttir, með fyrirvara.

352. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

1. Við bætist ný grein er verði 1. gr., svohljóðandi:
   Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:
   a. Á eftir 2. málsl. 3. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama á við ef fyrir liggur stofnefnahagsreikningur hins nýja eftirlitsskylda aðila.
   b. Í stað „5. og 6. mgr. 5. gr.“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: 4. og 5. mgr. 5. gr.

2. 1. gr., er verði 2. gr., orðist svo:
   5. gr. laganna orðast svo:
   Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:
   1. Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki skulu greiða eftirfarandi hlutföll af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.:
      a. Viðskiptabankar 0,00774%.
      b. Sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki 0,00686%.
      Þrátt fyrir framangreint skulu Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf. og Landsbanki Íslands hf. aðeins greiða fastagjald að fjárhæð 4.000.000 kr. hver.
   2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,381% af bókfærðum iðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
   3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,215% af þeim iðgjöldum sem miðlað hefur verið á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 300.000 kr.
   4. Verðbréfafyrirtæki skulu greiða 0,061% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr.
   5. Verðbréfamiðlanir skulu greiða 0,061% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 350.000 kr.
   6. Rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf skulu greiða 0,0074% af eignum rekstrarfélags og viðkomandi sjóða samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr.
   7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,84% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 350.000 kr.
   8. Kauphallir skulu greiða 0,61% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 350.000 kr.
   9. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,00891% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 700.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 1.120.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna, 1.960.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tíu milljörðum til tuttugu og fimm milljarða króna, 3.650.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tuttugu og fimm milljörðum til eitt hundrað milljarða króna og 4.210.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við hreina eign til greiðslu lífeyris.
   10. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 300.000 kr.
   11. Íbúðalánasjóður skal greiða 0,0032% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
   12. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 300.000 kr.

   Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Eignarhaldsfélög á fjármálasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði, blönduð eignarhaldsfélög, blönduð eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu greiða fastagjald sem nemur 1.500.000 kr.

Útgefendur hlutabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, skulu greiða fastagjald tengt fjárhæð markaðsvirðis útgefinna hlutabréfa sinna. Greiða skal 300.000 kr. fastagjald vegna hlutabréfa að markaðsvirði undir fimm milljörðum króna, 800.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá fimm til tuttugu og fimm milljarða króna, 2.400.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá tuttugu og fimm til eitt hundrað milljarða króna, 4.400.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá eitt hundrað til fimm hundruð milljarða króna og 6.300.000 kr. vegna hlutabréfa með markaðsvirði yfir fimm hundruð milljörðum króna.

Útgefendur skuldabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, skulu greiða fastagjald tengt fjárhæð markaðsvirðis útgefinna skuldabréfa sinna. Greiða skal 100.000 kr. fastagjald vegna skuldabréfa að markaðsvirði undir einum milljarði króna, 150.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá einum til fimm milljarða króna, 350.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá fimm til tíu milljarða króna, 600.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá tíu til fimmtíu milljarða króna, 850.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá fimmtíu til tvö hundruð milljarða króna og 1.000.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði yfir tvö hundruð milljörðum króna.

Aðilar með innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum, nr. 95/2008, skulu greiða fastagjald sem nemur 600.000 kr.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

353. Skýrsla [240. mál]

nefndar um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum sem úrræðis gegn brottfalli nemenda.

(Lögð fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1 Inngangur

Skýrsla þessi er unnin í samræmi við þingsályktun um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum sem samþykkt var á Alþingi 17. mars 2007. Þar segir:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem kanni gildi þess og gagn að auka náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, sem úrræðis gegn brottfalli nemenda í framhaldsskólum og fyrir farsælt náms- og starfsval. Nefndin kanni sérstaklega ástæður þess að svo stór hluti nemenda velur bóknám að loknum grunnskóla, hver séu áhrif foreldra og kennara á náms- eða starfsval og hvaða hugmyndir grunnskólanemendur hafi um framhaldsnám og störf að námi loknu. Jafnframt geri nefndin samanburð á náms- og starfsráðgjöf í helstu nágrannalöndum, svo og árangri ráðgjafar og annarra úrræða gegn brottfalli.

Ráðherra skili Alþingi skýrslu um niðurstöður nefndarinnar, þar á meðal tillögum um

aukna náms- og starfsráðgjöf og fyrirkomulag hennar ef niðurstöður hníga í þá átt, fyrir 15. nóvember 2007.“

Hinn 17. janúar 2008 skipaði menntamálaráðuneytið með erindisbréfi (fylgiskjal I) nefnd.

Í nefndinni voru:

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, formaður, dósent í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands,

Ágústa E. Ingþórsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, Borgarholtsskóla og formaður Félags náms- og starfsráðgjafa,

Sigríður Bílddal, náms- og starfsráðgjafi, Holtaskóla í Reykjanesbæ.

Starfsmenn nefndarinnar voru:

Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, Mími – símenntun,

Ingibjörg Jóna Þórsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, Iðnskólanum í Hafnarfirði.

Nefndin hittist á 15 fundum.

Í ályktun þingsins koma fram viðamiklar spurningar um náms- og starfsval og áhrif náms- og starfsráðgjafar, sem hver um sig kallar á sjálfstæða rannsókn. Nefndin ákvað að leggja grunn að slíkri rannsóknavinnu með því að gefa yfirlit yfir nokkrar innlendar og erlendar rannsóknir um áhrifavalda í náms- og starfsval ungs fólks og áhrif náms- og starfsráðgjafar. Einnig leggur nefndin fram tillögur um aukna náms- og starfsráðgjöf og fyrirkomulag hennar. Það er afstaða nefndarinnar að íslenskar rannsóknir á þessu sviði, þar sem mat yrði lagt á störf náms- og starfsráðgjafa, myndu styrkja faglegar stoðir náms- og starfsráðgjafar í landinu. Í nágrannalöndum okkar hafa slíkar úttektir orðið grunnur að endurskipulagningu og aukinni skilvirkni í náms- og starfsráðgjöf.

Á vorþingi 2008 kom fram fyrirspurn um störf nefndarinnar (fylgiskjal II). Þar sem um mikla rannsóknarvinnu var að ræða reyndist verkið tímafrekara en talið var í upphafi.

Á ritunartíma þessarar skýrslu voru samþykkt ný grunn- og framhaldsskólalög (fylgiskjal III). Þar koma fram tímamótaákvæði þess efnis að allir nemendur grunn- og framhaldsskóla skuli eiga rétt á náms- og starfsráðgjöf. Því blasir við það verkefni að tryggja nemendum þann rétt.

2 Gildi og gagn náms- og starfsráðgjafar fyrir farsælt náms- og starfsval

Menntun er mikilvægur þáttur í lífi ungs fólks[1] og undirstaða hagsældar í nútímasamfélögum.[2] Náms- og starfsval er orðið flóknara verkefni en áður þar sem sífellt bætast við fleiri námsleiðir í skólakerfinu með tilheyrandi valfrelsi.[3] Vel heppnað náms- og starfsval er stór þáttur í gangverki skólakerfis og efnahagslífs og því þjóðhagslega mikilvægt að öflug náms- og starfsráðgjöf standi ungu fólki til boða.[4]

Gagnsemi náms- og starfsráðgjafar fyrir farsælt náms- og starfsval hefur verið viðfangsefni margra rannsókna. Þar hefur komið fram að nemendur sem hafa fengið náms- og starfsráðgjöf eru líklegri til að hafa meiri metnað og ljúka frekar námi en þeir sem ekki fengu slíka ráðgjöf.[5] Einnig eru þeir líklegri til að verða færari í að taka ákvarðanir um nám og störf[6] og haldast frekar í þeim störfum sem þeir velja sér.[7] Að auki hefur komið í ljós að ungt fólk sem

---

1 Numminen og Kasurinen, 2003
2 OECD og European Commission, 2004b
3 Numminen og Kasurinen, 2003; Watts, 2004
4 Council of the European Union, 2004; OECD og European Commission, 2004b
5 Lapan, Gysbers og Petroski, 2003
6 Whiston og Aricak, 2008
7 Blustein o.fl., 1997

hefur leitað til náms- og starfsráðgjafa hefur meiri trú á eigin hæfni til náms,[8] nær betri árangri í námi[9] og á auðveldara með náms- og starfsval.[10] Í fjölmörgum erlendum rannsóknum hefur verið sýnt fram á að náms- og starfsráðgjöf hefur jákvæð áhrif á þróun náms- og starfsferils.[11] Ráðgjöf til einstaklinga skilar mestum árangri[12] en markviss fræðsla um nám og störf í bekkjum eða litlum hópum er skilvirkasta aðferðin þar sem hún nær til margra á skömmum tíma.[13] Það er talið æskilegt að þessum aðferðum sé blandað saman á sem skipulegastan hátt. Einstaklingsaðstoð á að standa þeim til boða sem þess þurfa og jafnframt þarf að þjálfa alla nemendur í aðferðum við að taka ákvarðanir um nám og störf. Til að önnur áherslan verði ekki á kostnað hinnar þarf náms- og starfsráðgjöf í skólum að vera skipulega útfærð og ekki mega of margir nemendur vera á bak við hvert stöðugildi náms- og starfsráðgjafa. Bandarísku námsráðgjafasamtökin hafa komist að því að heppilegast er að vinna að markmiðum náms- og starfsráðgjafar eftir áætlunum ásamt því að mæla með að ekki séu fleiri en 300 nemendur að baki hverju stöðugildi náms- og starfsráðgjafa.[14]

Rannsókn meðal 12 og 15 ára nemenda sýndi að þeir voru ekki meðvitaðir um hvaða færni eða þekkingu þeir þurftu að tileinka sér til að ná árangri í námi og/eða starfi.[15] Því er talið nauðsynlegt að nemendur afli sér slíkrar færni eða þekkingar í grunn- og framhaldsskólum.

Í náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu er stefnt að því markmiði að nemendur tileinki sér leikni til að halda farsællega á sínum málum á náms- og starfsferlinum. Dæmi um slíkt er leikni við að afla upplýsinga um nám og störf og leikni við að taka rökstuddar ákvarðanir. Þetta læra nemendur jafnt í einstaklings- og hópráðgjöf hjá náms- og starfsráðgjöfum og í náms- og starfsfræðslu. Leikniþjálfunin tekur til fjögurra sviða:

- sjálfsþekkingar og/eða vitund um sjálfa/n sig: kunna að leggja mat á sjálfa/n sig, styrkleika og veikleika, áhuga og breytingar á áhuga, átta sig á forgangsröðun í lífinu og hvar takmarkanir liggja og skoða eigin reynslu
- könnunar á atvinnulífinu, á störfum, fyrirtækjum og fræðslustofnunum, á atvinnugreinum og tengslum þeirra við ólík þekkingarstig, ásamt því að átta sig á framtíðarþróun í atvinnulífinu
- þekkingar á skólakerfinu og fræðslukerfinu öllu, á ólíkum námsbrautum og hvert þær stefna og skilja hvernig unnt er að nýta þau tækifæri sem bjóðast
- leikni í að stýra breytingum, taka farsælar ákvarðanir, leita að starfi og komast í starf, vita hvernig reynslu er komið á framfæri og viðhalda starfshæfni sinni.[16]

Mælt er með að unnið sé að undirbúningi náms- og starfsvals og leikniþjálfun þar að lútandi samkvæmt heildstæðum áætlunum í grunn- og framhaldsskólum.[17] Í leikniþjálfun af þessu tagi er nauðsynlegt að nemendur hafi aðgang að vönduðum upplýsingakerfum[18] og læri

---

8 Edmundson og White, 1998; Evans og Burck, 1992; O´Brien o.fl. 1999
9 Edmundson og White, 1998; Elementary career awareness guide, 1999; OECD og European Commission, 2004b
10 Lapan, Gysbers og Petroski, 2003
11 Baker og Taylor, 1998; Brown og Ryan, 2000; Oliver og Spokane, 1988, Whiston, Sexton og Lasoff, 1998; Whiston og Brecheisen, 2002; Whiston o.fl., 2003; Whiston og Oliver, 2005
12 Whiston og Oliver, 2005
13 Oliver og Spokane, 1998; Whiston o.fl. 2003
14 American School Counselor, 2003; Dahir, 2001; Dahir og Stone, 2003
15 Johnson, 2000
16 Killeen og Kidd, 1991
17 American School Counselor, 2003; Dahir, 2001; Dahir og Stone, 2003; Gysbers og Henderson, 2000
18 Harris-Bowlsbey o.fl., 1998

að finna og vinna úr þeim upplýsingum sem þar liggja fyrir um nám og störf. Upplýsingatæknin býður líka upp á möguleika á sjálfsnámi, en rannsóknir hafa þó sýnt að slíkt sjálfsnám þarf að vera undir eftirliti náms- og starfsráðgjafa.[19] Upplýsingatæknina má þannig nota samhliða öðrum ráðgjafarþáttum eins og viðtalsformi, hópráðgjöf, heimsóknum, kynningum og kennslu. Þessir nýju möguleikar efla í senn starfsemi náms- og starfsráðgjafa og auka virkni og ábyrgð nemandans á eigin vali og framtíðarhugmyndum.

Nemendur taka ákvarðanir um nám og störf út frá þeim upplýsingum sem þeir hafa aðgang að en hér á landi skortir hlutlausar upplýsingar í aðgengilegu upplýsingakerfi. Í löndum hins vestræna heims hafa stjórnvöld komið á fót slíku kerfi[20] þar sem fram koma upplýsingar um menntunarleiðir og starfslýsingar ásamt mannaflaspám, upplýsingum um laun og menntunarkröfur starfa. Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld komi á sambærilegu upplýsingakerfi. Auk þess vantar námsefni í náms- og starfsfræðslu og afar fá tölvuforrit eru til sem nýtast í náms- og starfsráðgjöf og fræðslu. Á þessu sviði stöndum við einnig nágrannaþjóðum okkar langt að baki.

Nefndin leggur til að náms- og starfsfræðsla verði skyldugrein í grunn- og framhaldsskólum og að kennarar verði þjálfaðir í að samþætta efni náms- og starfsfræðslunnar við námsgreinar sínar. Jafnframt að gert verði átak í að hanna námsefni og upplýsingakerfi til nota í náms- og starfsráðgjöf og fræðslu um nám og störf.

3 Hvað geta náms- og starfsráðgjafar gert?

Árangur og skilvirkni náms- og starfsráðgjafar hefur verið mikið til skoðunar í nágrannalöndum okkar um tveggja áratuga skeið. Til eru fjölmargar rannsóknir sem meta árangur náms- og starfsráðgjafar og komast menn yfirleitt að þeirri niðurstöðu að unnt sé að stuðla að farsælu náms- og starfsvali með ýmsum hætti.[21] Aukin skilvirkni í náms- og starfsráðgjöf næst m.a. með því að móta stefnu í náms- og starfsráðgjöf, setja upp gæðastaðla í störfum náms- og starfsráðgjafa[22] og vinna eftir áætlunum.[23] Handbækur hafa verið gefnar út um þessi efni á vegum bæði OECD og ESB.[24] Þær matsrannsóknir sem farið hafa fram hér á landi benda til að náms- og starfsráðgjafar leggi sig fram í starfi og vilji gera enn betur en að forgangsröðun þeirra mótist fremur af því sem berst þeim inn á borð frekar en að unnið sé eftir áætlunum að tilteknum markmiðum.[25] Ítrekað kemur fram í íslenskum rannsóknum að meira en helmingur vinnutíma náms- og starfsráðgjafa fer í persónulega ráðgjöf.[26] Samkvæmt

---

19 Whiston o.fl. 2003

20 Sjá m.a. Dictionary of Occupational Titles, 2003; Occupational Information Network, e.d.; Occupational Outlook Handbook 2008/2009; Undervisning Ministeriet, e.d.a; e.d.b;

21 Baker og Taylor, 1998; Brown og Ryan, 2000; Oliver og Spokane, 1988, Whiston, Sexton og Lasoff, 1998; Whiston og Brecheisen, 2002; Whiston o.fl., 2003; Whiston og Oliver, 2005

22 Sjá m.a. American School Counselor Association, 2004; Blueprint for Life/Work Designs, 2000; Canadian Standards and Guidlines for Career Development Practictioners, 2004; Career Industry Council of Australia, 2006; International Association for Educational and Vocational Guidance, 2003; Matrix™, 2005; National Career Development Association, 1997

23 Sjá m.a. American School Counselor, 2003; Dahir, 2001; Dahir og Stone, 2003; Gysbers og Henderson, 2000

24 Sjá m.a. OECD og European Commission, 2004a, 2004b

25 Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2006

26 Sigríður Dísa Gunnarsdóttir, 2006

erlendum tillögum um áætlanir í náms- og starfsráðgjöf er mælt með að um 25%–40% vinnutíma hvers náms- og starfsráðgjafa fari í slíka ráðgjöf.[27]

Til að tryggja jafnt skilvirkni og gæði í náms- og starfsráðgjöf hafa nágrannalönd okkar farið þá leið að skipuleggja náms- og starfsráðgjöfina á grundvelli heildstæðra áætlana. Þar er náms- og starfsráðgjöfin skilgreind sem hluti af skólastarfinu en ekki sem hluti af stoðþjónustu. Þetta þýðir að markmið eru sett, eins og t.d. markmiðið að náms- og starfsráðgjöf sé fyrir alla nemendur, og síðan er unnið að þessum markmiðum í samvinnu við annað skólastarf. Jafnframt er vinnutími náms- og starfsráðgjafa bundinn við eftirfarandi verkefni í ákveðnum hlutföllum: náms- og starfsfræðsla (25–35%), náms- og starfsráðgjöf (15–25%), persónuleg ráðgjöf (25–40%) og samráð (10–15%).[28] Samkvæmt áætlun um samráð starfa náms- og starfsráðgjafar náið með kennurum, foreldrum og samfélaginu í heild eins og vinnuveitendum, sjálfboðasamtökum, heilbrigðisstéttum o.fl. Þannig er unnt að tryggja nauðsynlega tengingu skóla, hjálparstofnana og atvinnulífs.

Á Íslandi er staðan sú að þrátt fyrir að fram komi í nýsamþykktum grunnskólalögum að allir nemendur eigi rétt á náms- og starfsráðgjöf (fylgiskjal III) vantar stefnu um hvernig þessum áformum verði hrint í framkvæmd. Reglugerð um náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum hefur ekki verið samin og lítið sem ekkert kemur fram í námskrám grunnskólastigsins. Mikilvægt er að stjórnvöld marki stefnu og skilgreini störf náms- og starfsráðgjafa á því skólastigi. Náms- og starfsráðgjöf ásamt náms- og starfsfræðslu þarf að standa öllum nemendum grunnskólans til boða, jafnt í yngri sem eldri bekkjum. Þannig verða nemendur betur í stakk búnir til að velja nám og störf þegar lengra er komið og ákvarðanir verða betur ígrundaðar.[29]

Nefndin leggur til að farið verði að fordæmi annarra þjóða í því að vinna eftir áætlunum að markmiðum fræðslu og ráðgjafar um nám og störf. Jafnframt leggur nefndin til að Ísland taki þátt í alþjóðlegu stefnumótunarstarfi. Nefndin leggur einnig til að reglugerð um störf náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum verði samin.

4 Náms- og starfsráðgjöf sem úrræði gegn brottfalli

Nemendur sem falla brott frá námi fara á mis við mikilvægan undirbúning undir líf og starf og þjóðfélagið allt verður af dýrmætum mannauði. Það að vel takist til um náms- og starfsval og framvindu í grunn- og framhaldsskólanámi varðar því jafnt þjóðarhag sem einkahag. Talið er að um 20% nemenda[30] séu í áhættuhópi vegna brottfalls, sem verður að teljast allt of hátt hlutfall.

Orsakir brottfalls hafa verið rannsakaðar ítarlega jafnt innanlands sem erlendis.[31] Þær eru jafnt sálrænar, félagslegar og efnahagslegar eða eiga rætur að rekja til skólaumhverfisins. Færri rannsóknir eru til um hvernig unnt er að fyrirbyggja brottfall. Þau úrræði sem bent er á eru m.a. bætt kennaramenntun, góð skólabyrjun, samstarf við foreldra, betri undirbúningur

---

[27] American School Counselor, 2003; Gysbers og Henderson, 2000
[28] American School Counselor, 2003; Gysbers og Henderson, 2000
[29] OECD og European Commission, 2004b
[30] Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2008
[31] Alexander, Entwisle og Kabbani, 2001; Ferrera, Santos, Fonseca og Haase, 2007; Janosz, George og Parent, 1998; Janosz, Le Blanc, Boulerice og Tremblay, 2000; Jón Torfi Jónasson & Kristjana Stella Blöndal, 2002; Wacquant í Bourdieu og Wacquant, 1992

í lestri og stærðfræði og náms- og starfsráðgjöf.[32]

Nemendur sem hvorki hafa nægilega vel ígrundað náms- og starfsval né fengið hvatningu til náms eru líklegri til að falla brott úr námi.[33] Þeir sem hafa fengið náms- og starfsráðgjöf finnst sér ganga betur í námi og sjá gildi menntunar fyrir framtíðina,[34] sem er óneitanlega vísbending um að náms- og starfsráðgjöf gefi góða raun sem forvörn við brottfalli nemenda.

Vert er að benda á að náms- og starfsráðgjafar sinna gjarnan fræðslu og ráðgjöf um námstækni og vinnubrögð í námi. Námstækni fjallar m.a. um grundvallandi þætti fyrir nám, námsvenjur, námsaðferðir og námsstíl.[35] Komið hefur í ljós að nemendur leita mikið til náms- og starfsráðgjafa vegna vinnubragða í námi[36] og sýnt hefur verið fram á að nemendur með góðan námsárangur beita betri námsaðferðum og námsvenjum.[37] Tvær íslenskar rannsóknir gefa athyglisverðar niðurstöður um forvarnargildi náms- og starfsráðgjafar varðandi brottfall. Í annarri þeirra kom í ljós að af innri þáttum skólans sem höfðu fyrirbyggjandi áhrif á brottfall bar náms- og starfsráðgjöfina hæst.[38] Í hinni rannsókninni sögðust 73% framhaldsskólanemenda telja að náms- og starfsráðgjafi gæti hjálpað þeim ef þeir væru að hugsa um að hætta í skóla.[39] Í ljósi þessara niðurstaðna sem gefa vísbendingar um að náms- og starfsráðgjöf gegni mikilvægu hlutverki í forvörnum gegn brottfalli væri æskilegt að kanna fyrirbyggjandi áhrif hennar mun betur hér á landi.

Nefndin leggur til að kannað verði hvaða aðferðir í náms- og starfsráðgjöf eru skilvirk forvörn gegn brottfalli.

5 Framtíðaráform nemenda í grunn- og framhaldsskólum

Sú þróun hefur orðið hér á landi á undanförnum árum að æ fleiri nemendur sækja á bóknámsbrautir framhaldsskóla og nám á háskólastigi.[40] Fram hefur komið að rúmlega ⅔ nemenda í 10. bekk stefnir á nám til stúdentsprófs og mjög fáir ætla strax út á vinnumarkaðinn. Innan við fimmtungur nemenda stefnir á iðnnám.[41] Tæp 68% framhaldsskólanemenda telja líklegt að þeir fari í nám á háskólastigi að loknu framhaldsskólanámi og einungis tæpur þriðjungur nemenda stefnir á nám sem er ekki á háskólastigi.[42] Nemendur streyma því langflestir í háskólanám en allmargir þeirra hafa óljósar hugmyndir um hvaða nám þeir ætla að stunda þar. Í könnun sem gerð var um framtíðaráform nemenda í einum framhaldsskóla kemur fram að þriðjungur nemenda var óákveðinn um háskólanám skömmu fyrir útskrift. Ríflega helmingur nemenda hafði leitt hugann að áframhaldandi námi í háskóla þegar þeir völdu námsbraut við upphaf framhaldsskólanáms.[43] Þessar niðurstöður sýna að ungt fólk ætlar í háskólanám án þess að hafa ljósar hugmyndir um hvert það stefnir með því námi.

---

32 Lever, Sander, Lombardo, Randall, Axelrod, Rubenstein og Weist, 2004; Mapp, 2004; Montecel, Cortez & Cortez, 2004; National Dropout Prevention Center, 1999
33 Þórhalla Gunnarsdóttir, 2006
34 OECD og European Commission, 2004b
35 Sjá m.a. Cottrell, 2003; Ellis, 2006
36 Guðmunda A. Birgisdóttir o.fl. 1992
37 Berglind Halla Jónsdóttir o.fl. 1996
38 Guðbjörg Aðalbergsdóttir, 2006
39 Sunna Þórarinsdóttir, 2008
40 Jón Torfi Jónasson o.fl., óbirt. Hagstofa Íslands, 2004a
41 Þóroddur Bjarnason, óbirt.
42 Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl., 2008
43 Tinna Rósantsdóttir o.fl. 2007

Rannsókn á hugmyndum 15 ára unglinga á Íslandi árin 2000, 2003 og 2006, um hvað þeir muni starfa við um þrítugt sýndi mikið ósamræmi á milli væntinga unglinganna og raunverulegrar dreifingar starfa í atvinnulífinu. Flestir ætluðu að vinna við sérfræðistörf en mun færri við þjónustu-, sölu- og afgreiðslustörf. Einnig kom fram misvægi á milli áhuga ungmennanna og þarfar vinnumarkaðarins varðandi störf í iðnaði.[44] Forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins töldu niðurstöðurnar gefa vísbendingar um framtíðarþróun á íslenskum vinnumarkaði og að upp kunni að koma alvarlegt ójafnvægi í framtíðinni á milli framboðs og eftirspurnar eftir starfsfólki í atvinnulífinu. Þá hafa atvinnurekendur áhyggjur af áhugaleysi ungs fólks á framleiðslugreinum og telja að verði ekkert að gert sé líklegt að starfsfólk af erlendum uppruna verði ríkjandi í þeim atvinnugreinum.[45] Sérfræðingar um starfsþróun telja að ástæður þess að nemendur sækja í auknum mæli í bóklegt nám sé sá virðingarsess sem það nýtur í samfélaginu.[46]

Framtíðaráform ungs fólks mótast mjög mikið af hefðbundnum viðhorfum til kynferðis og má jafnvel segja að ólík skólakerfi séu til fyrir karla og konur.[47] Sömu sögu er að segja um vinnumarkaðinn sem er mjög kynskiptur.[48] Þær meginreglur sem gilda um kynskiptingu í starfsvali eru að konur sinna störfum sem kalla má framlengingu á heimilisstörfum (kennsla, umhyggja, þjónusta). Einnig sinna konur ýmsum aðstoðarstörfum stjórnenda.[49] Æðstu stjórnunarstöður fyrirtækja eru nær eingöngu skipaðar körlum.[50] Karlar eru í yfirgnæfandi meirihluta í tækni- og vélastörfum. Þessi skipting kemur t.d. fram í tölum Hagstofu Íslands frá árinu 2005. Þar eru konur 84% útskrifaðra nema í heilbrigðis- og uppeldisgreinum á háskólastigi en 28% úr tækni- og verkfræðigreinum. Ef ætlunin er að sporna við þessu ástandi þarf að vinna með nemendum frá unga aldri í því að skoða vinnumarkaðinn og störf óháð kyni. Fyrirmyndir eru mikilvægar og ef nemendur kynnast aðilum sem sinna störfum sem ekki teljast kynbundin þá mætti hafa áhrif á hvernig börn upplifa kynferði og störf og efla áhuga þeirra á fleiri möguleikum. Með heildstæðum áætlunum í náms- og starfsráðgjöf og aukinni náms- og starfsfræðslu væri hægt að vinna með nemendum við að leggja frekar áherslu á áhugasvið sitt og hæfileika fremur en kyn.

Karlar og konur hafa auk þess ólíkar væntingar til launa. Í könnun á viðhorfum íslenskra ungmenna til starfa og launa kom fram að í 8 tilfellum af 10 vænta karlar hærri launa fyrir starf en konur.[51] Í ljósi þessa er brýnt að jafnréttis- og kynjasjónarmið fléttist saman við náms- og starfsráðgjöf og fræðslu um vinnumarkað. Öflug náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðsla í skólum er augljós leið til að sporna við kynjaskiptingu í námi og störfum, sbr. ákvæði þess efnis í lögum um jafnan rétt karla og kvenna.[52]

Nefndin leggur til að sérstök áhersla verði lögð á jafnréttissjónarmið í miðlun upplýsinga og ráðgjöf um nám og störf. Jafnframt leggur nefndin til að stofnað verði til samstarfs við atvinnurekendur um eflingu náms- og starfsráðgjafar, náms- og starfsfræðslu og námsgagnagerðar.

---

44 Ragnar F. Ólafsson og Almar M. Halldórsson, 2007
45 Ágústa E. Ingþórsdóttir og Ragnheiður Bóasdóttir, 2007
46 Jón Torfi Jónasson, 2005
47 Jón Torfi Jónasson, 1997
48 Félagsmálaráðuneytið, 2006; Hagstofan, 2004
49 Bourdieu, 2001
50 Hagstofa Íslands, 2004b
51 Jafnréttisráð, 2007
52 Lög um jafnan rétt kvenna og karla 10/2008

6 Áhrifavaldar í náms- og starfsvali ungmenna

Allir sem eru í tengslum við ungt fólk geta haft áhrif á náms- og starfsval þess. Foreldrar og nánasta fjölskylda unglings eru miklir áhrifavaldar varðandi ákvarðanatöku[53] í þessum efnum og þá um leið á náms- og starfsþróun hans.[54] Það hefur sýnt sig að foreldrar eru óöruggir með hvort og hvernig þeir geti hjálpað börnum sínum við náms- og starfsval.[55] Rannsóknir sýna að foreldrar telja náms- og starfsráðgjafa geta veitt bestar upplýsingar um nám og störf.[56]

Góður stuðningur foreldra eykur líkur á góðum árangri í námi.[57] Almennt virðist vera að foreldrar leggi mikla áherslu á að börn þeirra ljúki stúdentsprófi.[58] Hvatning foreldra er mikilvæg en tæplega þriðjungur 10. bekkinga sem ekki skráðu sig í framhaldsnám telja að þeir hafi ekki fengið hvatningu frá foreldri.[59] Þetta geta orðið ástæður fyrir því að ungmenni falla frá námi. Náms- og starfsráðgjafar eru í lykilhlutverki við að leiðbeina foreldrum og öðrum uppeldisaðilum við náms- og starfsval nemenda.

Kennarar eru einnig áhrifavaldar varðandi náms- og starfsval nemenda. Í daglegum samskiptum við nemendur eru þeir fyrirmyndir og geta vakið áhuga þeirra á námi og störfum. Kynning á starfsvettvangi í tengslum við kennslugrein viðkomandi kennara getur til að mynda haft áhrif á námsval nemenda.[60] Þar sem náms- og starfsráðgjafar starfa í samstarfi við fagkennara er unnt að tengja námsgreinar við störf. Tækifæri skapast um leið til að efla vitund nemenda á kröfum starfa og auka metnað þeirra í námi.

Nefndin leggur til að foreldrar komi með skipulegum hætti að ákvarðanaferli barna sinna um nám og störf og verði þannig virkir þátttakendur í starfi skólans á þessu sviði.

7 Náms- og starfsfræðsla og gildi hennar

Náms- og starfsfræðsla er frekar óburðug grein í íslensku skólakerfi. Rannsókn á stöðu greinarinnar leiðir í ljós að hún er kennd í fjórðungi skóla á grunnskólastigi og sömu sögu er að segja um framhaldsskólastigið.[61] Í grunnskóla er greinin yfirleitt kennd í 10. bekk og áhersla lögð á vettvangsheimsóknir. Komið hefur í ljós að ekki er sama hvernig staðið er að slíkum heimsóknum.[62] Ef vandað er til vettvangsheimsókna nýtast þær vel, en á stundum er ávinningur lítill þrátt fyrir mikla vinnu við skipulagningu þeirra. Nefndin telur nauðsynlegt að meta umfang vettvangsheimsókna og kanna hver árangur þeirra er.

Í íslenskri rannsókn sem mat árangur af náms- og starfsfræðslu voru niðurstöður þær að nemendur sem fengu markvissa náms- og starfsfræðslu áttu auðveldara með að taka ákvarðanir um nám að loknum grunnskóla í samanburði við þá sem ekki fengu neina náms- og starfsfræðslu. Að auki höfðu þeir aflað sér víðtækra upplýsinga um nám og störf. Í rannsókninni voru bornar saman tvenns konar aðferðir í náms- og starfsfræðslu, annars vegar aðferð sem byggði á vettvangsheimsóknum og hins vegar aðferð sem byggði á uppgötvunaraðferð.

---

53 Gibbon o.fl. 2006; Peterson o.fl., 1999; Trusty og Watts, 1996; Whiston og Keller, 2004
54 Whiston og Keller, 2004.
55 Peterson o.fl., 1999; Trusty og Watts, 1996
56 Trusty og Watts, 1996
57 Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2008; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005
58 Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002
59 Jón Torfi Jónasson o.fl., óbirt.
60 Department for Education and Skills, 2004a
61 Sigríður Dísa Gunnarsdóttir, 2006
62 Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2007

Nemendur sem lærðu um nám og störf með uppgötvunaraðferð tóku framförum í að hugsa skipulega um störf, samanborið við þá sem fengu enga fræðslu.[63] Þessar niðurstöður renna stoðum undir að ástæða sé til að kanna árangur af vettvangsheimsóknum. Í framhaldsrannsókn[64] kom fram að þessir sömu nemendur sem tóku framförum í að hugsa skipulega um störf í 10. bekk voru líklegri til að útskrifast úr verknámi í framhaldsskóla. Aftur á móti höfðu þeir sem höfðu tekið minnstum framförum í hugsun um störf í 10. bekk fallið brott frá námi fyrir 23 ára aldur. Þarna er því að finna vísbendingu um að jafnvel tiltölulega fáar kennslustundir (að meðaltali 40 tímar) í náms- og starfsfræðslu geti haft verulegt gildi. Ótvírætt benda þessar niðurstöður til þess að þeir sem falla brott frá námi í framhaldsskóla fái minni örvun í skipulegri umhugsun um störf í atvinnulífinu, en hinir sem ná að útskrifast úr framhaldsskólum.

Rannsókn sem greinir niðurstöður fjöldamargra matsrannsókna á náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu sýnir að fimm þættir hafa mest áhrif á skilvirkni náms- og starfsfræðslu. Þetta eru:

- vinnubækur og skriflegar æfingar
- einstaklingsleiðsögn og endurgjöf
- upplýsingar um störf og atvinnulíf
- aðgangur að fyrirmyndum
- aðstoð við fyrirætlanir í námi og starfi.[65]

Náms- og starfsfræðsla tekst best þegar a.m.k. þremur þessara aðferða er beitt.

Fræðsla um nám og störf getur gefið ungu fólki forskot við að afla sér grunnþekkingar og hæfni sem það þarfnast á leið sinni til farsæls náms- og starfsvals. Huga þarf að námsvali strax í grunnskóla með öflugri náms- og starfsfræðslu og einstaklingsbundinni ráðgjöf til að ákvörðun nemenda sé í samræmi við áhuga og hæfileika hvers og eins.[66] Fræðsla og ráðgjöf um nám og störf ætti að vera liður í námskrá hvers skóla.[67] Bæta þarf úr brýnni þörf fyrir námsefni í náms- og starfsfræðslu. Síðast var slíkt efni gefið út fyrir 14 árum.

8 Náms- og starfsráðgjöf í helstu nágrannalöndum

OECD og Evrópubandalagið hafa lagt mikla áherslu á náms- og starfsráðgjöf því talið er að hún sé nauðsynlegur þáttur í þekkingarþjóðfélaginu og stuðli að hagvexti. Gerðar voru úttektir í 36 löndum á árunum 2001–2003 til að meta skipulagningu, stjórnun og framkvæmd náms- og starfsráðgjafar.[68] Í kjölfar niðurstaðna hafa margar þjóðir farið í stefnumótun og endurskipulagningu á ýmsum sviðum náms- og starfsráðgjafar.

Í stuttri skýrslu sem þessari er ekki rúm til að gera heildarsamanburð á náms- og starfsráðgjöf í nágrannalöndum okkar. Nánari upplýsingar má finna hjá Cedefop o.fl. aðilum.[69] Hér verður þó tæpt á nokkrum hugmyndum sem við getum sótt til annarra landa.

Á Norðurlöndum hefur kröftunum verið beint að því að samræma störf náms- og starfsráðgjafa og koma á heildstæðu kerfi þar sem grunnur er lagður að raunsæju vali nemenda. Finnar fóru þá leið að leggja megináherslu á heildstæða ráðgjöf innan og utan skóla þar sem

---

63 Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2007
64 Jón Gunnar Bernburg og Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2008
65 Brown o.fl., 2003
66 OECD og European Commission, 2004b
67 Numminen og Kasurinen, 2003; Watts, 2004
68 OECD og European Commission, 2004b
69 Cedefop, 2008, Evrópska Euroguidance samstarfsnetið, 2008

þjónusta til nemenda var þverfagleg á þann hátt að félags- og heilbrigðisþjónusta var tengd betur við skólakerfið.[70]

Nokkrar þjóðir hafa gert náms- og starfsfræðslu að skyldunámsefni í grunnskóla s.s. í Bretlandi en þar er námsgreinin kennd í 7.–11. bekk. Þar í landi velja skólarnir sjálfir hvernig þeir útfæra fræðsluna, t.d. hvort hún er kennd sem sérstök námsgrein eða samþætt öðrum greinum.[71] Í Noregi hafa verið gerðar miklar breytingar á náms- og starfsfræðslu á síðustu árum og er hún nú orðin skyldunámsgrein í 8.–10. bekk.[72]

Dæmi 1.

Í Noregi kom ósk frá þinginu um að reyna nýjar leiðir og áherslur í náms- og starfsráðgjöf vegna mikils brottfalls nemenda úr framhaldsskólanámi. Ástæðan var m.a. talin sú að nemendur völdu ekki „réttar“ brautir í framhaldsskólum og háskólum og mikil gagnrýni kom fram á störf náms- og starfsráðgjafa. Frá árinu 2006 hefur tilraunaverkefni verið í gangi í nokkrum grunnskólum og nýjar námskrár verið ritaðar. Í framhaldi af því var komið á nýrri námsgrein sem ber heitið „Programfag til valg“. Henni eru ætlaðir 200 árstímar sem skiptast á unglingadeild grunnskólanna þ.e. 8.–10. bekk. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist þekkingu á sjálfum sér, áhugasviði og styrkleikum, fái kynningu á framhaldsskólum og atvinnulífi. Að auki eru þeir hvattir til að horfa lengra fram á veginn varðandi náms- og starfsval. Námsefnið er samþætt öðrum námsgreinum, námið er aðlagað nemendum og áhersla er á að þeir geti unnið með raunhæf verkefni. Einnig fá nemendur tækifæri til að heimsækja fyrirtæki og framhaldsskóla. Þeir hafa möguleika á að sækja áfanga í framhaldsskólum og öðlast þannig betri forsendur til að meta hvort áhugi þeirra og val er raunhæft. Þessi skipan kallar á aukna samvinnu grunnskóla, framhaldsskóla og atvinnulífs og markmiðið er að minnka brottfall úr framhaldsskólum og gera námsval nemenda raunhæfara. Foreldrar og atvinnulífið hafa tekið virkan þátt í verkefninu með góðum árangri.[73]

Í Kanada hafa verið gerðar athyglisverðar tilraunir með þátttöku foreldra og forráðamanna nemenda, til að draga úr brottfalli og efla náms- og starfsráðgjöf í efri bekkjum framhaldsskóla (16–18 ára).[74] Mögulegt væri að yfirfæra verkefni af þessu tagi inni í grunnskóla hér á landi.

Dæmi 2.

Til að minnka brottfall nemenda úr framhaldsskólum, efla menntun og styrkja raunhæft náms- og starfsval hafa Kanadabúar farið þá leið að koma á fót verkefni sem þeir kalla „Future to discover“. Um er að ræða þróunarverkefni þar sem náms- og starfsráðgjafar vinna með 16–18 ára nemendum (high school) og foreldrum til að undirbúa náms- og starfsval betur. Til að byrja með var verkefnið kennt eftir skólatíma en stefnt er að því að það verði sett inn í stundatöflu skóla. Í 10. bekk er nemanda veittur stuðningur til að skoða sjálfan sig og kanna möguleika á námi og störfum sem byggjast á áhuga hans. Þessu næst fær hann aðstoð við að endurmeta valkosti sína með því að skoða þarfir vinnumarkaðarins, menntunar-

---

70 Numminen og Kasurinen, 2003
71 Department for Education and Skills, 2003; 2004b
72 Inga H. Andreassen, 2007; Stortingsmelding nr. 30, 2003–2004
73 Inga H. Andreassen, 2007; Stortingsmelding nr. 30, 2003–2004
74 The Canadian Millennium Scholarship Foundation, 2007

kröfur og forsendur einstaklings til náms. Í síðustu kennslustund fær nemandi tækifæri til að deila náms- og starfsáformum sínum með foreldrum og forráðamönnum.

Í 11. bekk mæta foreldrar með börnum sínum í alla tíma. Áhersla er á að styðja foreldra og nemendur í að skoða og lesa úr upplýsingum um vinnumarkaðinn og skilja betur náms- og starfvalsferlið. Útbúið hefur verið efni sem leggur áherslu á að hvetja foreldra til að styðja við náms- og starfsval barna sinna.

Í 12. bekk, þegar nemendurnir eru 18 ára, er m.a. rætt um hvað felst í því að skipta um skólastig og hvernig best sé að takast á við þær breytingar. Nemendur eru hvattir til að koma sér upp stuðningsneti og undirbúa sig fyrir að takast á við ný verkefni og áskoranir. Þá gefst þeim tækifæri til að hitta nemendur sem lengra eru komnir í námi og ræða um ýmislegt sem mætir þeim þegar þeir hefja nám í nýjum skóla og við nýjar kringumstæður.[75]

Til að tryggja gæði náms- og starfsráðgjafar hafa margar þjóðir einnig sett fram staðla eða gæðaviðmið um framkvæmd ráðgjafarinnar, gæði menntunarinnar og þeirra upplýsinga sem náms- og starfsráðgjafinn veitir. Má þar nefna Bretland,[76] Ástralíu,[77] Kanada[78] og Bandaríkin[79] ásamt Alþjóðasamtökum náms- og starfsráðgjafa.[80]

Þegar staðan á Íslandi er borin saman við önnur lönd er ljóst að mikið vantar upp á svo við stöndum jafnfætis öðrum þjóðum t.d. að náms- og starfsfræðsla er einungis kennd í fjórðungi grunn- og framhaldsskóla á Íslandi.[81] Nágrannaþjóðir okkar t.d. Norðmenn og Danir hafa komið því inn í námsskipulag grunnskóla að náms- og starfsfræðslan sé skylda fyrir nemendur unglingadeilda. Eins og komið hefur fram hafa matsrannsóknir á skilvirkni náms- og starfsráðgjafar verið gerðar í mörgum nágrannalöndum, s.s. Finnlandi[82] og öðrum OECD löndum.[83] Þær rannsóknir hafa undantekningalaust orðið lyftistöng náms- og starfsráðgjafar í viðkomandi löndum.

Nefndin leggur til að Íslendingar fari að dæmi nágrannaþjóðanna og móti skýra stefnu um markmið og framkvæmd náms- og starfráðgjafar og náms- og starfsfræðslu.

Nefndin leggur einnig til að menntamálaráðuneytið meti stöðu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum. Það mat verði undanfari endurskipulagningar sem hafi að leiðarljósi aukna skilvirkni náms- og starfsráðgjafar.

9 Lokaorð

Mörgum rannsóknum ber saman um að náms- og starfsráðgjöf stuðli að farsæld í náms- og starfsvali ungs fólks og sömuleiðis gefa nokkrar rannsóknir vísbendingar um að náms- og starfsráðgjöf fyrirbyggi að nemendur hverfi brott frá framhaldsskólanámi. Rannsóknir leiða jafnframt til þeirrar niðurstöðu að sumar aðferðir í náms- og starfsráðgjöf skili betri árangri en aðrar. Þetta hefur orðið til þess að erlendis hafa yfirvöld skólamála farið þá leið

---

75 The Canadian Career Development Foundation, 2004; The Canadian Millennium Scholarship Foundation, 2007
76 Matrix™, 2005
77 Career Industry Council of Australia, 2006; Commonwealth of Australia, 2005
78 Canadian Standards and Guidlines for Career Development Pratictioners, 2004; Blueprint for Life/Work Designs, 2000
79 American School Counselor Association, 2004; National Career Development Association, 1997
80 International Association for Educational and Vocational Guidance (IAEVG), 2003
81 Sigríður Dísa Gunnarsdóttir, 2006
82 Numminen og Kasurinen, 2003
83 OECD Review of career guidance polices, 2001; 2002a; 2002b; 2002c

að gera matsrannsóknir á skilvirkni náms- og starfsráðgjafar og lagt niðurstöður úr þeim til grundvallar í stefnumótun. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) og Evrópusambandið hafa leitt þessa stefnumótunarvinnu í ræðu og riti. Mikilvægt er að við Íslendingar séum þar virkir þátttakendur.

Ef beint er sjónum að stefnu og skipan náms- og starfsráðgjafar á Íslandi blasir við að við stöndum nágrannaþjóðum okkar að baki. Hér á landi skortir gögn sem styðja við framkvæmd náms- og starfsráðgjafar á borð við hlutlaust upplýsingakerfi um nám og störf, námsefni í náms- og starfsfræðslu, tölvuforrit í náms- og starfsráðgjöf, upplýsingar um þarfir vinnumarkaðar, heildræna námskrá í náms- og starfsfræðslu og náms- og starfsráðgjöf og stefnu í endurmenntun náms- og starfsráðgjafa. Allt eru þetta dæmi um gögn sem mynda umgjörð um náms- og starfsráðgjöf í nágrannalöndunum og byggja á stefnu í málaflokknum sem þar hefur verið mótuð. Þær upplýsingar sem við höfum um náms- og starfsráðgjöf hér á landi benda því miður til þess að sá undirbúningur sem íslenskir nemendur fá í náms- og starfsvali innan skólanna sé allsendis ófullnægjandi. Þetta kemur m.a. fram í því að náms- og starfsfræðsla er í boði í um fjórðungi grunn- og framhaldsskóla. Líklegasta skýringin á þessu ástandi er að hér á landi hefur okkur skort stefnu og þar af leiðandi umgjörð utan um þær aðgerðir sem gera þennan undirbúning að náms- og starfsvali markvissari. Það má jafnvel fullyrða að við þessar aðstæður sé það rökrétt að svo margir nemendur falli brott úr framhaldsskólum sem raun ber vitni.

Nú ber svo við að íslensk menntamálayfirvöld hafa nýlega fest í lög það markmið að allir grunn- og framhaldsskólanemendur eigi rétt á náms- og starfsráðgjöf. Ef þetta markmið á að nást er ljóst að endurskipulagningar er þörf í náms- og starfsráðgjöf í skólakerfinu. Besta leiðin til að hefja slíka endurskipulagningu er að kortleggja það sem gert er og skipuleggja hver framkvæmdaskrefin eru í átt að þeim markmiðum sem stefnt er að. Því er það ein megintillaga nefndarinnar að menntamálaráðuneytið beiti sér fyrir rannsókn á árangri náms- og starfsráðgjafar og marki stefnu í málaflokknum.

10 Helstu tillögur nefndar um aukna náms- og starfsráðgjöf og fyrirkomulag hennar

Nefndin leggur til að:

- menntamálaráðuneytið meti stöðu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum. Það mat verði undanfari endurskipulagningar sem hafi að leiðarljósi aukna skilvirkni náms- og starfsráðgjafar
- menntamálaráðuneytið móti skýra stefnu um markmið og framkvæmd náms- og starfsráðgjafar og náms- og starfsfræðslu
- komið verði á heildstæðri náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum. Þar verði unnið að markmiðum náms- og starfsráðgjafar á grundvelli áætlunar sem verði samofin öðrum námsmarkmiðum skólans
- hannað verði ítarlegt og hlutlaust upplýsingakerfi um nám og störf
- náms- og starfsfræðsla verði skyldugrein í grunn- og framhaldsskólum. Jafnframt að gert verði átak í að hanna námsefni og upplýsingakerfi til nota í náms- og starfsráðgjöf og fræðslu um nám og störf
- kennarar verði þjálfaðir í að samþætta efni náms- og starfsfræðslunnar við sínar námsgreinar í grunn- og framhaldsskólum
- sett verði reglugerð um starfssvið náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum
- sérstök áhersla verði lögð á jafnréttissjónarmið í náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu

- stofnað verði til samstarfs við atvinnurekendur um eflingu náms- og starfsráðgjafar, náms- og starfsfræðslu og námsgagnagerð
- foreldrar komi með skipulegum hætti að ákvarðanaferli barna sinna um nám og störf í framtíðinni. Aðkoma foreldra verði tengd við heildstæða áætlun skóla um náms- og starfsráðgjöf
- kannað verði hvaða aðferðir í náms- og starfsráðgjöf eru skilvirk forvörn gegn brottfalli.

11 Heimildaskrá

Alexander, K.L., Entwisle, D.R., & Kabbani, N.S. (2001). The dropout process in life course perspective: Early risk factors at home and school, Teachers College Record, 103, 760–822.

American School Counselor Association. (2003). The ASCA national model: A framework for school counseling programs. Sótt 12. október 2007 af: http://www.schoolcounselor.org/files/Natl%20Model%20Exec%20Summary_final.pdf

American School Counselor Association. (2004). ASCA National Standards for Students. Sótt 12. október 2007 af: http://www.schoolcounselor.org/files/NationalStandards.pdf

Ágústa E. Ingþórsdóttir og Ragnheiður Bóasdóttir. (2007) Jafnréttis- og kynjasjónarmið í náms- og starfsráðgjöf? Morgunblaðið 3. júní, 2007

Álfgeir Logi Kristjánsson, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Hrefna Pálsdóttir; Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2008). Ungt fólk 2007 Framhaldsskólanemar. Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn ungmenna í framhaldsskólum á Íslandi. Samanburður rannsókna frá 2000, 2004 og 2007. Reykjavík: Rannsóknir og greining.

Baker, S. og Taylor, J.G. (1998). Effects of career education interventions: A meta-analysis. Career Development Quarterly, 46, 376–386.

Berglind Halla Jónsdóttir, Ingibjörg Jóna Þórsdóttir og Sigríður Dísa Gunnarsdóttir. (1996). Námsvenjur framhaldsskólanema. Tengsl námsaðferða við námsrárangur. Óbirt lokaverkefni í námsráðgjöf. Háskóli Íslands: Félagsvísindadeild.

Blueprint for Life/Work Designs. (2000). The National Life/Work Centre. Canadian. Sótt 12. október 2007 af: http://www.blueprint4life.ca/blueprint/home.cfm/lang/1

Blustein, D.L., Phillips, S.D., Jobin-Davis, K., Finkelberg, S.L. og Roarke, A.E. (1997). A theory-building investigation of the school-to-work transition. The Counseling Psychologist, 25, 364–402.

Bourdie, P. (2001). Masculine Domination. Translated by Richard Nice. Stanford CA: Stanford University Press.

Brown, S.D., og Ryan Krane, N.E. (2000). Four (or five) sessions and a cloud of dust: Old assumptions and new observations about career counseling. Í S. D. Brown og R. W. Lent (ritstj.) Handbook of Counseling Psychology (3. útg., bls 740–766). New York: Wiley.

Brown, S.D., Ryan, C.N.E., Brecheisen, J., Castelion, P., Budisin, I., Miller, M. og Ednes, L. (2003). Critical ingredients of career choice interventions: More analyses and new hypotheses. Journal of Vocational Behavior, 62, 410–728.

Canadian Standards and Guidelines for Career Development Practitioners (2004). Sótt þann 13. september 2007 af: http://www.career-dev-guidelines.org/career_dev/

Career Industry Council of Australia (CICA). (2004). The National Standards and Accreditation of Career Practitioners. Sótt 12. október 2007 af: http://www.cica.org.au/index.pl?page=7

Cedefop – The European Trainin Village – Vocational Training In Europe. (2008). Sótt 1. júní 2008 af: http://www.trainingvillage.gr/etv/Information_resources/NationalVet/Thematic/analysis.asp

Commonwealth of Australia. (2005). Australian Blueprint for Career Development. Sótt 12. október 2007 af: http://www.cica.org.au/system/files/f1/o17/abcd.pdf

Cottrell, S. (2003). The Study Skills Handbook. (2. útgáfa). Hampshire: Palgrave Macmillan.
Council of the European Union (2004). Draft resolution of the Council and the representatives of the Member States meeting within the Council on Strengthening Policies, Systems and Practices in the field of Guidance throughout life in Europe (8448/04 EDUC 89 SOC 179). Sótt 1. júní 2008 af: http://ec.europa.eu/education/policies/2010/doc/resolution2004_en.pdf
Dahir, C. (2001). The national standards for school counseling programs: Development and implementation. Professional School Counseling, 4, 320–327.
Dahir, C. og Stone, C. (2003). Accountability: A m.e.a.s.u.r.e. of the impact school counselors have on student achievement. Professional School Counseling, 6, 214–221.
Department for Education and Skills. (2003). Careers Education and Guidance in England: A National Framework 11–19 [Rafræn útgáfa]. Nottingham:DfES Publications.
Department for Education and Skills. (2004a). Careers education and guidance in a nutshell. Sótt 27. febrúar 2008 af http://publications.teachernet.gov.uk/eOrderingDownload/Car_Gui.pdf
Department for Education and Skills. (2004b). Extension of the statutory duty on schools to provide planned programmes of careers education in the curriculum to include ears 7 and 8. Sótt 4. júní 2008 af: http://www.teachersnet.gov.uk/_doc/6516/Middle%20Schools%20Guidance%20May%2004.doc
Dictionary of Occuppational Titles. (2003). Sótt 1. júní 2008 af http://www.occupationalinfo.org/
Edmundson, J.H. og White, J. (1998). A tutorial and counseling program: Helping students at risk of dropping out of school. Professional School Counseling, 1, 43–48.
Elementary Career Awareness Guide. A Resource for Elementary School Counselors and Teachers. (1999). NC Department of Public Instruction.
Ellis, D. (2006). Becoming A Master Student (11. útgáfa). Boston: Houghton Mifflin Company.
Evans, J.H. og Burck, H.D. (1992). The effects of career education interventions nonacademic achievement: a meta-analysis. Journal of Counseling and Development, 71, 63–68.
Evrópska Euroguidance samstarfsnetið (2008). Sótt þann 1. júní 2008 af: http://www.euroguidance.net/GuidanceSystems.htm
Félagsmálaráðuneytið. (2006). Launamunur og kynbundinn launamunur. Reykjavík: Capacent Gallup.
Ferreira, J.A., Santos, E.J.R., Fonseca, A.C. & Haase, R.F. (2007). Early predictors of career development: A 10-year follow-up study. Journal of Vocational Behavior, 70, 61–77.
Gibbons, M.M., Borders, L.D., Wiles, M.E., Stephan, J.B. og Davis, P.E. (2006). Career and college planning needs of ninth graders-as reported by ninth graders. Professional School Counseling, 10, 168–178.
Guðbjörg Aðalbergsdóttir. (2006). An inverstigation into student dropout rates in Icelandic upper-secondary schools. Óbirt MPA ritgerð frá University of Warwick í Englandi.
Guðbjörg Vilhjálmsdóttir. (2007). Outcomes of two different methods in career education. Journal of Educational and Vocational Guidance, 7, 97–110.
Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Jón Gunnar Bernburg. (óútg.). The effect of developmental changes in vocational constructs on graduation from secondary education. Óbirt handrit.
Guðmunda A. Birgisdóttir, Guðrún Á. Stefánsdóttir, Hulda A. Arnljótsdóttir, Kristjana Blöndal og Ragnheiður Bóasdóttir. (1992). Námsráðgjöf í fimm áfangaskólum: Aðsókn og þjónusta. Óbirt lokaverkefni í námsráðgjöf. Háskóli Íslands: Félagsvísindadeild.
Gysbers, N.C. og Henderson, P. (2000). Developing and Managing your School Guidance Program (3. útg.). Alexandria, American Counseling Association.
Hagstofa Íslands. (2004a). Brottfall nemenda úr framhaldsskólum 2002–2003. Hagtíðindi Skólamál, 3. 89. árg. 45. tbl. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
Hagstofa Íslands. (2004b). Konur og karlar 2004. Hagtíðindi Heilbrigðis-, félags- og dómsmál, 2. 89. árg. 52. tbl. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Harris-Bowlsbey, J., Dikel, M.R. Og Sampson, J.P. Jr. (1998). The internet: A tool for career planning. A guide to using the internet in career planning. National Career Development Association, Tulsa. Oklahoma.

Inga H. Andreassen (2007). Fotograf eller fysioterapeut. DET VANSKELIGE YRKESVALGET. Kan yrket jeg ønsker, kombineres med mine interesser og ambisjoner? Er det jobb å få etter endt utdanning? Aftenposten. Sótt 2. júní 2008 af: http://www.aftenposten.no/meninger/kronikker/article1933574.ece

International Association for Educational og Vocational Guidance (IAEVG). (2003). International competencies for educational and vocational guidance practitioners. Sótt 22. september 2006 af: http://crccanada.org/crc/files/CompetenciesEnglish%20Druckversion2.doc

Jafnréttisráð. (2007). Viðhorf ungmenna til starfa og launa. Viðhorfsrannsókn gerð í mars-apríl 2007 af Capacent-Gallup. Sótt 9. júní 2007 af http://jafnrettisrad.jafnretti.is/jafnrettisrad/?D10cID=ReadNews&ID=11

Janosz, M. George, P., & Parent, S. (1998). Environnement socioéducatif à l'école secondaire: Un modèle théorique pour guider l'évaluation du milieu. Revue Canadienne de Psycho-Éducation, 27, 285–305.

Janosz, M., Le Blanc, M., Boulerice, B., & Tremblay, R.E. (2000) Predicting different types of school dropouts: A typological approach with two longitudinal samples. Journal of Educational Psychology, 92, 171–190.

Johnson, L.S., (2000). The relevance of school to career: A study in student awareness. Journal of Career Development, 26, 263–276.

Jón Torfi Jónasson. (1997). Students passing the University entrance examination (UEE) 1911–94. European Journal of Education, 32, 209–220.

Jón Torfi Jónasson. (2005). Allt á eina bókina lært?: Um reglufestu og einsleitni í þróun háskóla. Uppeldi og menntun. Tímarít Kennaraháskóla Íslands, 14, 133–140

Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2008). Making System Work-How and for Whom? Erindi haldið á ráðstefnu Evrópumiðstöðvar náms- og starfsráðgjafa í apríl í tengslum við Academia. European exchange program for vocational guidance counsellors.

Jón Torfi Jónasson, Jóhanna Rútsdóttir, Kristjana Stella Blöndal og Steingrímur Skúlason. (óbirt). Námsframvinda nemenda og skilvirkni framhaldsskóla. Námsmatsstofnun. Háskóli Íslands.

Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2002). Ungt fólk og framhaldsskólinn: Rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.

Killeen, J. and J. Kidd (1991). Learning Outcomes of Guidance: A Review of Recent Research, Cambridge, UK: National Institute for Careers Education and Counselling – Employment Department Group.

Lapan, R.T., Gysbers, N.C. og Petroski, G.F. (2003). Helping seventh graders be safe and successful: A statewide study of the impact of comprehensive guidance and counseling programs. Professional School Counseling, 6, 186–197.

Lever, N., Sander, M.A., Lombardo, S., Randall, C., Axelrod, J., Rubenstein, M. & Weist, M.D. (2004). A drop-out prevention program for high-risk inner-city youth, Behavior Modification, 28, 513–527.

Lög um jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008

Mapp, K. (2004). Family engagement. In F. P. Schargel & J. Smink (Eds), *Helping Students Graduate: A Strategic Approach to Dropout Prevention* (pp. 99–113). Larchmont, NY

Matrix™ (2005). Quality Standard for Information Advice and Guidance Service. Sótt 7. júlí 2007 af: http://www.matrixstandard.com/

Menntasvið Reykjavíkurborgar. (2006). Greining á starfi: náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum Reykjavíkur. Sótt 15. maí 2007 af http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_skjol/utgafur/grunnskolar/kannanirogskimar/n_msr_dgjafar-lokaskyrsla.pdf

Montecel, M.R, Cortez, J.D. & Cortez, A. (2004). Dropout-prevention programs. Right intent, wrong focus, and some suggestions on where to go from here. Education and Urban Society, 36, 169–188

Morgunblaðið. (2007). Laðast að læknisstarfinu en vilja ekki vinna í verksmiðju. Árvakur 11. apríl.

National Career Development Association. (1997). Career Counseling Competencies. Sótt 10. nóvember 2007 af: http://www.ncda.org/pdf/counselingcompetencies.pdf

National Dropout Prevention Center. (1999).The Keys to Success in Dropout Prevention. Students Serving Students. Clemson University and Iowa Association of Alternative Education.

Numminen, U. og Kasurinen, H. (2003). Evaluation of educational guidance and counseling in Finland: Evaluation nr. 57/2003. [Rafræn útgáfa]. Helsinki: National Board of Education.

O´Brien, K.M., Dukstein, R.D., Jackson, St.L., Tomlinson, M.J. og Kamatuka, N.A. (1999). Broadening Career horizons for students in at-risk environments. The Career Development Quarterly, 4, 215–229.

Oliver, L.W. og Spokane, A.R. (1988). Career-intervention outcome: What contributes to client gain? Journal of Counseling Psychology, 35, 447–462.

OECD Review of career guidance polices. (2001). Irland´s respones to National Questionnaire. Sótt 1. júní 2008 af: http://www.oecd.org/dataoecd/30/53/2511041.pdf

OECD Review of career guidance polices. (2002a). Danmark´s respones to National Questionnaire. Sótt 1. júní 2008 af: http://www.oecd.org/dataoecd/27/39/2494513.pdf

OECD Review of Career guidance polices. (2002b). Finland National Questionnaire. Sótt 1. júní 2008 af: http://www.oecd.org/dataoecd/0/8/1933243.pdf

OECD Review of career guidance polices. (2002c). Norway´s respones to National Questionnaire. Sótt 1. júní 2008 af: http://www.oecd.org/dataoecd/0/7/1933206.pdf

OECD og European Commission. (2004a). Career guidance: A Handbook for policy makers. Paris: Organization for Economic Co-operation and Development og European Commission.

OECD og European Commission. (2004b). Career guidance and public plicy: Bridging the gap. Paris: Organisation for Economic Co-operation and Development.

Occupational Outlook Handbook 2008/2009. U.S. Bureau of Labor Statistics Office of Occupational Statistics and Employment Projections Sótt 1. júní 2008 af: http://www.bls.gov/OCO/

Occupational Information Network. (e.d.). O*NET™ resource Center. Sótt 1. júní 2008 af http://www.onetcenter.org/

Peterson, G.W., Long, K.L. og Billups, A. (1999). The effect of three career interventions on educational choices of eighth grade students. Professional School Counseling, 3, 34–42.

Ragnar F. Ólafsson og Almar M. Halldórsson, 2007. Hvað ætlarðu að verða. Hugmyndir 15 ára ungmenna árið 2000, 2003 og 2006 um framtíðarstarf. Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Sigríður Dísa Gunnarsdóttir. (2006). Að stuðla að þróun starfsferils nemenda: Þáttur náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum. Óbirt meistaraprófsritgerð í náms- og starfsráðgjöf. Háskóla Íslands: Félagsvísindadeild.

Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal. (2005). Brotthvarf ungmenna frá námi og uppeldisaðferðir foreldra: Langtímarannsókn. Tímarit um menntarannsóknir, 2, 11–23.

Stortingsmelding nr. 30 (2003–2004) Kultur for læring. 6. kafli. Sótt 2. júní 2008 af: http://www.regjeringen.no/nb/dep/kd/dok/regpubl/stmeld/20032004/Stmeld-nr-030–2003-2004-.html?id=404433&showdetailedtableofcontents=true

Sunna Þórarinsdóttir. (2008). Vitneskja framhaldsskólanemendum um náms- og starfsráðgjöf. Óbirt meistaraprófsritgerð í náms- og starfráðgjöf. Háskóli Íslands: Félagsvísindadeild.

The Canada Millennium Scholarship Foundation (2007). Future to Discover. Pilot Project. Sótt 2. júní 2008 af http://www.milleniumscholarships. ca/en/newsletter.ca

The Canada Millennium Scholarship Foundation (2007). Future to Discover, Pilot Project. Montreal: Höfundur.

The Canadian Career Development foundation (2004). Lasting Gifts. Parents, Teens and The Career Journey. Ottawa: Höfundur.

Tinna Rósantsdóttir, Rósa Þórunn Hannesdóttir, Eydís Arna Kristjánsdóttir og Edona Katrín Hoda. 2007. Könnun á náms- og starfsvali nemenda í 4. bekk Kvennaskólans 2006 – 2007. Sótt þann 10. febrúar 2008 af: http://kvenno.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=1865

Trusty, J. og Watts, R.E. (1996). Parents´ persceptions of career information resources. The Career Development Quarterly. 44. 242.

Undervisning Ministeriet. (e.d.a). UddannelsesGuiden.dk. Sótt 1. júní 2008 af http://ug.dk

Undervisning Ministeriet. (e.d.b). Vidar.dk offentlig uddannelse for voksne. Sótt 1. júní 2008 af http://www.vidar.dk

Wacquant, L.J.D. (1992) Toward a social praxeology: The structure and logic of Bourdieu's sociology. Í P. Bourdieu, & L.J.D. Wacquant, Invitation to a reflexive sociology (bls. 1–60). Cambridge: Polity Press.

Watts, T. (2004). International Overview and Context. An address to the national forum for career practitioners held in Sydney, Australia, on 25–26 August. Sótt 7.9.2006 af: http://www.cica.org.au/system/files/fl/f1/f5/o34/tony_watts.pdf

Whiston, S.C. og Aricak, O.T. (2008). Development and investigation of the school counseling program evaluation scale. Professional School Counseling. 11. 253–261.

Whiston, S.C. og Brecheisen, B.K. (2002). Practice and research in career counseling and development-2001. The Career Development Quarterly. 51, 98–154.

Whiston, S.C., Brecheisen, B.K. og Stephans, J. (2003). Does treatment modality affect career counseling effectiveness? Journal of Vocational Behavior. 62, 390–410.

Whiston, S.C. og Keller, B.K. (2004). The influences of the family of orgin on career development: A review and analysis. The Counseling Psychologist. 32, 493.

Whiston, S.C og Oliver, L.W. (2005). Career counseling process and outcome. Í B. Walsh og M.L. Savicas (ritstj.), Handbook of Vocational Psychology: Theory, Research and Practice (3. útg. bls. 155–194). Mahwah, NJ:Lawrence Erlbaum Associates.

Whiston, S.C. og Sexton, T.L. (1998). A review of school counseling outcome research implications for practice. *Journal of Counseling and Development,* 76, 412–426.

Whiston, S.C., Sexton T.L. & Lasoff, D.L. (1998). Career intervention outcome: A replication and extension of Oliver and Spokane (1998). Journal of Counseling Psychology, 45, 150–165.

Þórhalla Gunnarsdóttir. (2006) *„Margt fer öðruvísi en ætlað er". Sögur brotthvarfsnemenda*. Óbirt Masters ritgerð í náms- og starfsráðgjöf. Háskóli Íslands: Félagsvísindadeild.

Þóroddur Bjarnason. (óbirt). *Náms- og starfsáform að loknum grunnskóla,* 1992–2007. Háskólinn á Akureyri.

12 Fylgiskjöl

1. Erindisbréf nefndarinnar frá menntamálaráðuneytinu.
2. Svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Katrínar Jakobsdóttur og Kolbrúnar Halldórsdóttur um náms- og starfsráðgjöf. Þskj. 586 – 310. mál.
3. Ákvæði um náms- og starfsráðgjöf í nýsamþykktum grunn- og framhaldsskólalögum.

Fylgiskjal I.

Erindisbréf nefndarinnar frá menntamálaráðuneytinu.
(3. september 2006.)

Menntamálaráðherra skipar yður hér með aðalmann í starfshóp um náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum og framhaldsskólum. Starfshópurinn skal setja fram tillögur um hvernig styrkja megi náms- og starfsráðgjöf til nemenda á þessum skólastigum m.a. í því skyni að bæta líðan og námsárangur nemenda og þannig draga úr brottfalli. Í því sambandi verði kannað núverandi umfang ráðgjafarinnar í skólunum.

Starfshópurinn tengi starf sitt við vinnu starfshópa um gerð tillagna um leiðir til að auka sveigjanleika og fjölbreytileika í skipulagi náms og námsframboðs og um málefni nemenda á almennri námsbraut framhaldsskóla.

Lögð er áhersla á víðtækt samráð við hagsmunaaðila. Hópurinn skili skýrslu með tillögum 15. desember 2006. Starfshópinn skipa:

Sigríður Bílddal, form., án tilnefningar
Arnar Þorsteinsson frá FG, varam. Brynja Áslaug Sigurðardóttir
Ragnheiður Bóasdóttir frá FF, varam. Björg Kristjánsdóttir
Kristrún G. Guðmundsdóttir frá SÍ, varam. Guðmundur Ó. Ásmundsson
Helga M. Steinsson frá FÍF, varam. Guðbjörg Aðalbergsdóttir
Ágústa E. Ingþórsdóttir frá Fél. náms- og starfsráðgj., varam. Guðrún Kristinsdóttir
Elín Thorarensen frá Landssamt. Heimili og skóla, varam. María K. Gylfadóttir
Sigrún Stefánsdóttir frá Samb. ísl. svfél., varam. Svandís Ingimundardóttir
Fjóla María Lárusdóttir frá Fræðslumiðst. atv.lífsins, varam. Ingibjörg E. Guðmundsdóttir.

Starfsmenn menntamálaráðuneytisins munu starfa með nefndinni. Þóknun fyrir nefndastarfið verður ákveðin af menntamálaráðuneyti.

Fylgiskjal II.

Svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Katrínar Jakobsdóttur og Kolbrúnar Halldórsdóttur um náms- og starfsráðgjöf.
(Þskj. 586, 310. mál 135. löggjafarþings 2007–2008.)

1. *Hvað líður störfum nefndar sem skipa átti samkvæmt þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 17. mars 2007 til að kanna gildi þess og gagn að auka náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, sem úrræðis gegn brottfalli nemenda í framhaldsskólum og fyrir farsælt náms- og starfsval, en nefndin átti að skila af sér 15. nóvember 2007?*

Nefndin er að störfum en verkefnið hefur reynst mun umfangsmeira en gert var ráð fyrir og því þarf nefndin lengri tíma en ráðgert var í upphafi. Nefndina skipa Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, dósent í náms- og starfsráðgjöf í Háskóla Íslands, formaður, Ágústa Ingþórsdóttir, formaður Félags náms- og starfsráðgjafa, og Sigríður Bílddal, námsráðgjafi. Ráðuneytið væntir

þess að niðurstöður og tillögur nefndarinnar komi að góðu gagni við framkvæmd nýrra laga um grunn- og framhaldsskóla ef þau verða samþykkt á yfirstandandi þingi. Samkvæmt lagafrumvörpunum er gert ráð fyrir mun meiri áherslu á náms- og starfsráðgjöf en í núverandi lögum. Í þessu sambandi má benda á kostnaðarmat sem fylgir frumvörpunum. Ráðuneytið mun gera Alþingi grein fyrir tillögum nefndarinnar um leið og þær liggja fyrir.

2. *Stendur til að lögvernda starfsheiti náms- og starfsráðgjafa í því skyni að efla þessa starfsemi?*

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um það í ráðuneytinu hvort starfsheiti náms- og starfsráðgjafa verður lögverndað. Ósk um slíka lögverndun liggur fyrir frá Félagi náms- og starfsráðgjafa.

Fylgiskjal III.

Ákvæði um náms- og starfsráðgjöf í nýsamþykktum grunn- og framhaldsskólalögum.

Úr nýsamþykktum grunnskólalögum. – Ákvæði er varða náms- og starfsráðgjöf.

Nemendur.

13. gr.

Réttur nemenda.

Grunnskóli er vinnustaður nemenda. Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Grunnskóli skal í hvívetna haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna. Nemendur eiga rétt á því að njóta bernsku sinnar í öllu starfi á vegum skólans. Þess skal gætt að vinnuálag í skóla sé hæfilegt þannig að nemendur fái nægjanlega hvíld frá skipulögðu starfi innan hvers skóladags og skólaárs, svo sem með samfelldu jóla- og páskaleyfi. Nemendur eiga rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstilhögun, fyrirkomulag skólastarfs og aðrar ákvarðanir sem snerta þá. Taka skal tillit til sjónarmiða þeirra eins og unnt er.

Hver nemandi skal hafa umsjónarkennara. Umsjónarkennari fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska, líðan og almennri velferð, leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar og ráðleggur þeim um persónuleg mál og stuðlar að því að efla samstarf skóla og heimila.

Nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í grunnskóla af til þess bærum sérfræðingum.

IX. KAFLI

Sérfræðiþjónusta og stoðkerfi grunnskóla.

40. gr.

Skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu.

Sveitarfélög skulu tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt í grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan grunnskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars

vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra.

Í grunnskólum skal frá upphafi skólagöngu nemenda unnið að forvarnastarfi með skimunum og athugunum á nemendum til að tryggja þeim kennslu og námsaðstoð við hæfi. Auk þess skal fara fram greining á nemendum sem eiga í sálrænum eða félagslegum erfiðleikum sem hafa áhrif á nám þeirra. Allar athuganir á vegum skóla sem varða einstaka nemendur skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra og óheimilt er að taka gjald fyrir slíkar athuganir. Greina skal foreldrum frá niðurstöðum slíkra athugana.

Foreldrar nemenda geta óskað eftir greiningu samkvæmt þessari grein, auk þess sem skólastjóri, kennarar eða starfsmenn heilsugæslu geta lagt fram ósk um greiningu í samráði við og með samþykki þeirra. Sérfræðiþjónusta sér um að greining fari fram, skilar tillögu til skólastjóra um hvernig við skuli bregðast, fylgist með úrbótum og metur árangur.

Skólastjóri skal samræma innan hvers skóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðiþjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu með stofnun nemendaverndarráðs. Jafnframt skal stuðla að samráði við félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna einstakra nemenda eftir því sem þurfa þykir.

Sveitarfélög sem reka grunnskóla skulu hafa frumkvæði að samstarfi sérfræðiþjónustu, félagsþjónustu, barnaverndaryfirvalda og heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins vegna nemenda með sérþarfir og langvinn veikindi. Sveitarfélög skulu einnig hafa frumkvæði að samstarfi sérfræðiþjónustu við aðila sem annast sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði á vegum ríkisins vegna einstakra nemenda.

Við framkvæmd sérfræðiþjónustu skulu sveitarfélög leggja áherslu á góð tengsl leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla með samfellu í skólastarfi að leiðarljósi.

Ráðherra setur reglugerð um sérfræðiþjónustu og starfsemi nemendaverndarráða í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Sé foreldri synjað um beiðni um greiningu skv. 3. mgr. verður sú ákvörðun kærð samkvæmt fyrirmælum 47. gr. Ráðuneytið getur í úrskurði mælt fyrir um að tilteknum nemanda skuli veitt greining í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

VII. KAFLI
Inntak náms, námsskipan, námsframboð, námsmat og starfstími.

24. gr.
Aðalnámskrá.

Ráðherra setur grunnskólum aðalnámskrá sem er endurskoðuð reglulega. Í henni er m.a. kveðið nánar á um uppeldishlutverk grunnskólans og meginstefnu í kennslu og kennsluskipan í samræmi við hlutverk grunnskólans, sbr. 2. gr. Í aðalnámskrá skal m.a. leggja áherslu á:

a. sjálfsvitund, siðgæðisvitund, félagsvitund og vitund nemenda um borgaralega ábyrgð og skyldur,
b. líkamlega og andlega velferð, heilbrigða lífshætti og ábyrga umgengni við líf og umhverfi,
c. þjálfun í íslensku í öllu námi,
d. leikræna og listræna tjáningu,
e. hæfni nemenda til að skilja orsakasamhengi og draga rökréttar ályktanir,
f. skilning og frjótt og skapandi starf, nýsköpun og frumkvöðlanám,
g. jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms,

h. leik barna sem náms- og þroskaleið,
i. nám sem nýtist nemendum í daglegu lífi og við frekara nám og starf,
j. undirbúning beggja kynja jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi,
k. margvíslegar leiðir við öflun þekkingar með notkun tæknimiðla, upplýsingatækni og safna- og heimildavinnu,
l. náms- og starfsfræðslu og kynningu á atvinnulífi og námsleiðum til undirbúnings náms- og starfsvali.

Í aðalnámskrá og við skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skal þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms og eigi þess kost að velja sér viðfangsefni og nálgun í eigin námi.

Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.

Í öllu skólastarfi skal stuðla að heilbrigðum lífsháttum og taka mið af persónugerð, þroska, hæfileikum, getu og áhugasviðum hvers og eins.

Úr nýsamþykktum framhaldsskólalögum. – Ákvæði er varða náms- og starfsráðgjöf

8. gr.
Starfsfólk framhaldsskóla.

Skólameistari ræður stjórnendur, kennara og aðra starfsmenn skólans að höfðu samráði við skólanefnd.

Skólameistari ræður staðgengil sinn til allt að fimm ára í senn. Kennari, sem ráðinn er staðgengill skólameistara, skal eftir atvikum fá leyfi frá kennarastarfi sínu þann tíma sem hann gegnir staðgöngu.

Um skilyrði þess að vera ráðinn skólameistari eða kennari við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum gildandi laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Óheimilt er að ráða einstakling til starfa við framhaldsskóla sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólameistara til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Ráðherra setur í reglugerð **ákvæði um menntun og starfssvið náms- og starfsráðgjafa,** starfsfólks skólasafna og annars starfsfólks framhaldsskóla, eftir því sem við á. Sama gildir um starfssvið skólameistara og kennara.

22. gr.
Skólanámskrá.

Sérhver framhaldsskóli skal gefa út skólanámskrá. Skólanámskrá skiptist í tvo hluta, almennan hluta og námsbrautarlýsingar.

Í almennum hluta skólanámskrár skal gerð grein fyrir starfsemi skólans, helstu áherslum og stefnumörkun, stjórnskipan, námsframboði og skipulagi náms, kennsluháttum, námsmati, stuðningi, **ráðgjöf** og þjónustu við nemendur, réttindum og skyldum nemenda, foreldrasamstarfi og samstarfi við utanaðkomandi aðila, sjálfsmati og gæðamálum og öðru sem skóli kýs að kveða á um í skólanámskrá. Jafnframt skal skóli gera grein fyrir því hvernig hann upp-

fyllir skilyrði samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og markmið laga þessara og reglna sem settar eru með stoð í þeim.

Um setningu námsbrautarlýsinga í skólanámskrá skal farið að ákvæðum 23. gr.

Skólanámskrá skal staðfest af skólanefnd að fenginni umsögn skólafundar, sbr. 5. gr. Skólanefnd fylgist með framkvæmd skólanámskrár.

37. gr.

Náms- og starfsráðgjöf.

Nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskóla af til þess bærum sérfræðingum.

Í skólanámskrá framhaldsskóla skal markmiðum og stefnu skóla varðandi ráðgjöf lýst og þar skal einnig koma fram hvernig skóli rækir skyldur sínar og hlutverk á þessu sviði.

354. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til l. um niðurfellingu laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 80/1966, með síðari breytingum, og um ráðstöfun eigna Kísilgúrsjóðs.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið fund sinn Guðrúnu Þorleifsdóttur frá iðnaðarráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga hf. og Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatni.

Í frumvarpinu er lagt til að lög um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 80/1966, verði felld úr gildi og að Kísilgúrsjóði verði slitið, starfsemi hans lögð niður og að iðnaðarráðherra verði heimilt að ráðstafa eignum sjóðsins með samningi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. Markmið þess samnings verður að efla atvinnulíf í Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppi og Norðurþingi. Helstu eignir Kísilgúrsjóðs eru bankainnstæður og hlutabréf. Staðan á bankabók sjóðsins 16. september 2008 var 14,9 millj. kr. og bókfært virði hlutabréfa 7,4 millj. kr.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Eygló Harðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. des. 2008.

Katrín Júlíusdóttir, form., frsm.	Kristján Þór Júlíusson.	Einar Már Sigurðarson.
Rósa Guðbjartsdóttir.	Björk Guðjónsdóttir.	Grétar Mar Jónsson.
Álfheiður Ingadóttir.		Herdís Þórðardóttir.

355. Tillaga til þingsályktunar [241. mál]

um endurskoðun vinnubragða við gerð fjárlaga.

Flm.: Ármann Kr. Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða vinnubrögð við gerð fjárlaga þar sem kannaðir verða kostir þess að taka upp núllgrunnsfjárlög.

Greinargerð.

Í kjölfar bankahrunsins hefur ríkissjóður orðið fyrir miklu áfalli. Í stað þess að fjárlögum sé lokað með rekstrarafgangi eins og undanfarin ár er ljóst að mikill halli verður á þeim á næstu árum. Þessi staðreynd kallar á alveg ný vinnubrögð. Það getur ekki gengið lengur að horfa eingöngu til þess hversu miklu hefur verið eytt í einstaka liði á undanförnum árum og bæta við þá eða lækka þá lítillega á milli ára eftir því hvernig árferðið er hverju sinni. Þá er nýjum liðum bætt við reglulega án þess að mikill eða öflugur rökstuðningur sé þar að baki.

Núllgrunnsfjárlagagerð (e. zero-base budgeting) er þekkt vinnuaðferð sem ýmsir horfa til í þeim tilgangi að draga úr sjálfvirku hækkunarferli sem núverandi fyrirkomulag hefur leitt af sér. Núllgrunnsfjárlög eru ekki lausn allra vandamála fjárlagagerðarinnar. Gildi þeirra felst fyrst og fremst í því að vald er fært til. Ríkisstofnanir og ráðuneyti sem eru stærstu notendur fjár úr opinberum sjóðum verða að endurmeta og rökstyðja öll sín útgjöld frá grunni. Alla liði útgjalda þarf að skýra út frá þörf og nauðsyn stöðunnar á hverjum tíma.

Rík þörf er á róttækum aðgerðum til að bæta vinnslu og framkvæmd fjárlaga. Ríkisútgjöld hafa vaxið úr hófi sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Á góðæristímum var þetta mögulegt en raunveruleikinn sem nú blasir við er annar.

Alþingi, og þar með fjárlaganefnd, verður að fá virkari tæki í hendur til þess að hafa möguleika á bættu eftirliti með framkvæmd fjárlaga ríkisins. Af þessum sökum er augljóst að löggjafarvaldið þarf ný úrræði á þeim erfiðu tímum sem framundan eru.

356. Fyrirspurn [242. mál]

til heilbrigðisráðherra um fjárheimild til nýrrar sjúkratryggingastofnunar.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

Hvernig skiptist 45,3 millj. kr. fjárheimild í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2008, 1.01 Umsýsla sjúkratrygginga, milli eftirfarandi liða sem þar eru raktir:

a. undirbúningskostnaður,
b. þóknun nýrrar stjórnar sem skipuð var í febrúar 2008,
c. laun starfandi stjórnarformanns og forstjóra,
d. laun annarra starfsmanna sjúkratryggingastofnunar frá 1. október sl.,
e. kostnaður við námsferðir til útlanda og þjónustu ráðningarstofa?

Skriflegt svar óskast.

357. Frumvarp til laga [243. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI
Breyting á lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, með síðari breytingum, skal gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskóla Íslands vera 855 kr. á mánuði árið 2009 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.

II. KAFLI
Breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 1. mgr. 30. gr., IX. kafla, X. kafla og XI. kafla laga þessara, reglugerða sem settar eru með stoð í lögunum og búvörusamninga sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við Bændasamtök Íslands og einstök landssamtök framleiðenda búvöru, þar sem m.a. er kveðið á um að framlög ríkissjóðs samkvæmt samningunum taki mánaðarlegum breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs, þá skulu heildarframlög ríkissjóðs samkvæmt ofangreindum heimildum vegna almanaksársins 2009 nema þeirri fjárhæð sem hér greinir:

a. Framlög samkvæmt samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar dags. 25. janúar 2007 skulu nema 4.137,0 m.kr.
b. Framlög samkvæmt samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu dags. 10. maí 2004 skulu nema 5.634,0 m.kr.
c. Framlög samkvæmt aðlögunarsamningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða dags. 12. mars 2002 skulu nema 413,0 m.kr.

III. KAFLI
Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

3. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „13,03%“ í 1. mgr. 23. gr. laganna kemur: 13,28%.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði í 1. og 2. mgr. 24. gr. laganna skal sveitarstjórn ákveða fyrir 30. desember 2008 hvaða hundraðshluti verði lagðar á tekjur manna á árinu 2009, sbr. 1. mgr. 23. gr. laganna svo og 1. mgr. 9. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ákvörðun sveitarstjórnar skal sömuleiðis tilkynna fjármálaráðuneytinu eigi síðar en 30. desember 2008.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, með síðari breytingum.

5. gr.

Orðið „Þingeyjarumdæmi" í 2. mgr. 11. gr. laganna fellur brott og í stað orðsins „hvert" í sömu málsgrein kemur: hvort.

V. KAFLI

Breyting á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „metnar að 50 hundraðshlutum" í 1. málsl. a-liðar 1. mgr. kemur: teljast til tekna.
b. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

7. gr.

Í stað „480.000 kr." í 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: 400.000 kr.

VII. KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

8. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „22,75%" í 1. tölul. 1. mgr. 66. gr. laganna kemur: 24%.

9. gr.

Í stað „874" í 1. málsl. 4. mgr. B-liðar 67. gr. laganna kemur: 987.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „57.891" í 3. mgr. A-liðar kemur: 61.191.
b. Í stað fjárhæðanna „144.116", „171.545", „240.034" og „246.227" í 4. mgr. A-liðar kemur: 152.331, 181.323, 253.716 og 260.262.
c. Í stað fjárhæðanna „524.469", „688.517" og „852.562" í 3. málsl. 3. mgr. B-liðar kemur: 554.364, 727.762 og 901.158.
d. Í stað fjárhæðanna „179.713", „231.125", „297.194" og „655" í 4. mgr. B-liðar kemur: 189.957, 244.299, 314.134 og 692.
e. Orðin „svo og gjaldföllnum afborgunum og vöxtum af lánum Íbúðalánasjóðs" í 14. mgr. B-liðar falla brott.

11. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 38/2008, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, orðast svo:

Umsýsla stórfyrirtækja skv. 5.–7. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal hefjast 1. janúar 2010. Ríkisskattstjóri skal fyrir árslok 2009 tilkynna formlega þeim fyrirtækjum sem falla undir tilgreind ákvæði að þau heyri undir Reykjavíkurumdæmi. Samkvæmt framansögðu heyra ákvarðanir er varða skatta og gjöld, sem tilgreind eru í II. kafla laga nr. 90/2003, undir sama umdæmi frá og með 1. janúar 2010. Jafnframt verður forræði í öllum málum aðila sem falla undir 5.–7. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003 í Reykjavíkurumdæmi, óháð því hvort ákvörðun varðar endurskoðun, eftirlit eða kæruúrskurði tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003 og þeirra skatta og gjalda sem tilgreind eru í II. kafla. Þetta ákvæði tekur einnig til ólokinna mála að teknu tilliti til ákvæða 97. gr. laga nr. 90/2003 um endurupptöku skattlagningar.

12. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 8. mgr. A-liðar 68. gr., sbr. reglugerð nr. 555/2004, um greiðslu barnabóta, verður barnabótum ekki skuldajafnað á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga á árinu 2009.

VIII. kafli
Brottfall laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., nr. 133/2005, með síðari breytingum.

13. gr.

Lög um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., nr. 133/2005, með síðari breytingum, eru felld úr gildi.

IX. KAFLI
Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „metnar að 50 hundraðshlutum“ í 1. málsl. a-liðar 2. mgr. kemur: teljast til tekna.
b. 2. málsl. 3. mgr. og 2. málsl. 4. mgr. falla brott.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða við lögin:

a. 10. tölul. ákvæðisins fellur brott.
b. Við bætist nýr töluliður sem orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 69. gr. laganna skulu bætur almannatrygginga, sem og greiðslur skv. 63. gr. og fjárhæðir skv. 22. gr., hækka um 9,6% á árinu 2009.

X. KAFLI
Breyting á lögum nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

16. gr.

1. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna orðast svo: Sjúkratryggingar taka til ókeypis vistar að ráði læknis í sjúkrahúsum sem rekin eru af ríkinu eða samkvæmt samningum skv. IV. kafla, þ.m.t. á fæðingarstofnunum, sbr. þó 23. gr., 2. tölul. 1. mgr. 29. gr. eða ákvæði sérlaga.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. tölul. 1. mgr. 29. gr. laganna:

a. Við töluliðinn bætast fjórir nýir málsliðir sem verða 1.–4. málsl. og orðast svo: Komu vegna innlagnar á sjúkrahús, sbr. 1. mgr. 18. gr. Gjaldið nær m.a. til kostnaðar við innritun og aðstöðu og er heimilt að innheimta einu sinni fyrir hverja legu á sjúkrahúsi. Ekki er þó heimilt að taka gjald vegna innlagnar á fæðingardeild. Gjald fyrir þjónustu skal vera lægra hjá öldruðum, öryrkjum og börnum.
b. Í stað orðsins „Almenna“ í 1. málsl., sem verður 5. málsl., kemur: Enn fremur almenna.

XI. KAFLI

Gildistaka.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009 nema ákvæði 3. og 4. gr. sem taka gildi þegar í stað. Ákvæði 7. gr. á við um foreldra barna sem fæðast 1. janúar 2009 eða síðar. Ákvæði 8. og 9. gr. koma til framkvæmda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 2009 og við álagningu tekjuskatts á árinu 2010. Ákvæði 10. gr. kemur til framkvæmda við álagningu á árinu 2009 vegna tekna og eigna á árinu 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Efnahagskreppa sú sem Íslendingar þurfa nú að takast á við í kjölfar hruns íslensku bankanna hefur í för með sér mikinn samdrátt í tekjum ríkisins á komandi ári. Ef ekki verður gripið til ráðstafana mun hallinn á ríkissjóði fara yfir 200 milljarða króna árið 2009. Af þeim sökum verða við 2. umræðu fjárlaga fluttar fjölmargar breytingartillögur sem miða að því að draga úr hallanum eins og unnt er. Er þá jafnframt verið að fylgja efnahagsáætlun þeirri sem unnin var í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, sbr. þingsályktun sem samþykkt hefur verið á Alþingi. Með frumvarpi þessu eru lagðar til samsvarandi breytingar á lögum.

Frumvarpið skiptist í ellefu kafla og er þeim raðað upp í aldursröð þeirra laga sem verið er að breyta. Í I. kafla er lögð til breyting á lögum um sóknargjöld þannig að fjárhæð þeirra hækki ekki eins og núgildandi lög gera ráð fyrir milli áranna 2008 og 2009. Í II. kafla er lagt til að sett verði þak á útgjöld ríkisins árið 2009 vegna búvörusamninga.

Í III. kafla er lagt til að sveitarfélögum verði heimilað að hækka útsvar um 0,25 prósentustig eða úr 13,03% í 13,28%. Áætlað er að þessi hækkun geti skilað sveitarfélögum allt að 2 milljörðum króna í útsvarstekjur miðað við það að öll sveitarfélög landsins fullnýti heimildina. Verði frumvarpið að lögum mun það skapa mun betri forsendur fyrir rekstri sveitarsjóðanna á næstu árum, en að öllu óbreyttu hefði stefnt í allnokkra tekjulækkun hjá mörgum sveitarfélögum vegna hinna miklu umskipta sem orðið hafa í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Staða sveitarfélaganna er vissulega misjöfn en reikna má með að meiri hluti sveitarfélaga muni nýta sér hina nýju heimild, sem frumvarp þetta hefur í för með sér, til að leggja á útsvar umfram það sem er í ár. Á yfirstandandi ári nýttu 63 sveitarfélög sér heimild til hámarksálagningar útsvars, 15 sveitarfélög lögðu á lægra útsvar og þar af voru 3 sem lögðu á lágmarksútsvar, en það er 11,24%. Ekki er með frumvarpinu lögð til breyting á lágmarksútsvari.

Þrátt fyrir að almennur frestur til að taka ákvörðun um útsvar komandi tekjuárs sé 1. desember, sbr. 1. mgr. 24 gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, og að upplýsa beri fjármálaráðuneytið um þá ákvörðun fyrir 15. desember, er með frumvarpinu lag til að sveitarfélög hafi frest til loka árs 2008 til að taka ákvörðun um útsvarsprósentu og tilkynna hana til fjármálaráðuneytisins.

Í IV. kafla er lögð til breyting á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, í sparnaðarskyni.

Í V. og IX. kafla er að finna tillögur til breytinga á lögum um málefni aldraðra annars vegar og almannatryggingar hins vegar varðandi aukin áhrif fjármagnstekna á lífeyristryggingar jafnframt því sem frítekjumarki 70 ára og eldri er breytt til samræmis við frítekjumark annarra hópa lífeyrisþega.

Í VI. kafla er gert ráð fyrir að greiðslur vegna fæðingarorlofs verði að hámarki 400.000 kr. á mánuði í stað 480.000 kr.

Í VII. kafla eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum um tekjuskatt. Í fyrsta lagi er lagt til að tekjuskattur einstaklinga verði hækkaður um 1,25 prósentustig, úr 22,75% í 24%. Markmiðið með þessari hækkun er tvíþætt. Annars vegar er hækkun um 1% til að mæta versnandi afkomu ríkissjóðs, sbr. tillögur ríkisstjórnarinnar um sparnaðaraðgerðir í kjölfar þeirra breytinga sem orðið hafa á efnahagsumhverfinu frá því að fjárlagafrumvarp ársins 2009 var lagt fram á Alþingi þann 1. október sl. Áætlað er að þessi hækkun skili ríkissjóði nálægt 7 milljörðum króna. Hins vegar er hækkun um 0,25% sem ætlað er að fjármagna sérstakt 1 milljarðs króna framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og greiðslur ríkissjóðs á fasteignagjöldum, eða samtals um nálægt 1,5 milljörðum króna.

Í öðru lagi er lögð til hækkun á viðmiðunarfjárhæðum sjómannaafsláttar, barnabóta og vaxtabóta frá 1. janúar 2009 í samræmi við upphaflegar forsendur fjárlagafrumvarps fyrir komandi ár. Verði frumvarpið að lögum mun grunnfjárhæð sjómannaafsláttar hækka um 12,9% og viðmiðunarfjárhæðir barnabóta og vaxtabóta um 5,7%. Áætlað er að útgjöld ríkissjóðs vegna hækkunar viðmiðunarfjárhæða sjómannaafsláttar, barnabóta og vaxtabóta verði um 1 milljarður króna.

Í þriðja lagi er lagt til að vaxtabótum verði ekki skuldajafnað á móti gjaldföllnum afborgunum og vöxtum af lánum Íbúðalánasjóðs ásamt sambærilegri tímabundinni breytingu hvað varðar skuldajöfnun barnabóta á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, og er það í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 14. nóvember sl. um aðgerðir í þágu heimilanna.

Í fjórða lagi er lagt til að stofnun sérstakrar einingar um skattaumsýslu stórfyrirtækja skv. 5.–7. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, verði frestað um eitt ár og hefjist 1. janúar 2010 í stað 1. janúar 2009.

Í VIII. kafla er lagt til að lög nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., verði felld úr gildi. Breytingartillögur við 2. umræðu fjárlaga munu gera ráð fyrir frestun ýmissa framkvæmda sem kveðið er á um lögunum. Vegna gjörbreyttra aðstæðna í efnahagslífi þjóðarinnar frá því lögin voru sett þykir réttast að fella þau hreinlega úr gildi og að ákvarðanir um fjármögnun framkvæmda og verkefna sem þar er fjallað um verði teknar árlega á vettvangi fjárlaga.

Í X. kafla er lögð til sú breyting á nýsettum lögum um sjúkratryggingar að heimilað verði að taka komugjald vegna innlagnar á sjúkrahús.

Í XI. kafla er loks að finna ákvæði um gildistöku breytinganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fjárhæð sóknargjalda er ákvörðuð með þeim hætti að ákveðin grunnfjárhæð hækkar milli ára samkvæmt 3. tölul. 2. gr. laganna með því að ofan á hana bætist hækkun sem kann að

verða á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu, milli næstliðinna tekjuára á undan tekjuárinu. Gjaldið reiknast fyrir alla einstaklinga, 16 ára og eldri, og er deilt út sem ákveðinni hlutdeild í tekjuskatti til þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga samkvæmt lögum um skráð trúfélög, nr. 108/1999, og Háskólasjóðs. Þróun sóknargjalda hefur verið þannig síðastliðin 4 ár, að árið 2005 voru þau 662,90 kr. á hvern einstakling á mánuði, árið 2006 voru þau 719,91 kr., árið 2007 voru þau 791 kr. og árið 2008 voru þau 872 kr. Lagt er til að sóknargjöld á árinu 2009 verði 855 kr. og er það um 2% lækkun miðað við sóknargjöld yfirstandandi árs. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2009 var þegar gert ráð fyrir 28 millj. kr. lækkun á þessari fjárheimild frá því sem annars hefði orðið. Í tillögum meiri hluta fjárlaganefndar um lækkun útgjalda vegna efnahagsástandsins við 2. umræðu fjárlaga er gert ráð fyrir að útgöldin lækki til viðbótar um 300 millj. kr. á næsta ári.

Um 2. gr.

Í búvörusamningum ríkisins við samtök bænda er kveðið á um að framlög samkvæmt samningunum taki mánaðarlegum breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs, sbr. grein 6.1. í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, 6. gr. samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu og grein 7.2. í aðlögunarsamningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða.

Með frumvarpsgreininni er ráðgert að skerða þessa vísitölutengingu með þeim hætti að framlög samkvæmt samningunum á samningsárinu 2009 hækki ekki meir en áætlað var að þau mundu hækka þegar fjármálaráðherra mælti fyrir frumvarpi til fjárlaga ársins 2009 í byrjun október sl.

Segja má að sammerkt sé með þeim búvörusamningum sem gerðir hafa verið á síðustu árum að þeir stefni einkum að því að lækka vöruverð og tryggja að kjör bænda séu sambærileg við kjör annarra stétta. Með þeim er m.a. stefnt að aukinni hagræðingu, viðhaldi stöðugleika og undirbúningi fyrir aukna samkeppni erlendis frá. Ríkissjóður veitir verulegar fjárhæðir til bænda og samtaka þeirra á grundvelli samninganna.

Til þess er að líta að þau réttindi sem hér koma til skerðingar eru um greiðslu framleiðslustuðnings án beins endurgjalds af hálfu viðtakenda. Skerðingin er almenns eðlis og bundin við takmarkaðan tíma. Hún er einn liður í viðamiklum aðhaldsráðstöfunum sem ríkinu er nauðugt að ráðast í vegna þeirra miklu efnahagsáfalla sem yfir þjóðina hafa dunið. Verður því ekki talið að þessi breyting stríði gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar jafnvel þótt gripið yrði inn í gildandi samninga ríkis og bænda.

Loks er rétt að geta þess að verði frumvarpsgreinin að lögum er eðlilegt að miða við að skerðing framlaga komi með jafnri hlutfallstölu niður á einstaka undirliði búvörusamninganna nema um annað verði samið, en í öllum samningunum er að finna heimildir til endurskoðunar á þeim.

Um 3. og 4. gr.

Samkvæmt 3. gr. hækkar hámarksútsvarsprósenta úr 13,03 í 13,28, eða um 0,25 prósentustig. Sveitarfélög ákveða fyrir 31. desember 2008 hver verður álagningarprósenta útsvars á árinu 2009 og tilkynna það fjármálaráðuneyti. Lágmarksútsvarsprósenta breytist ekki, verður áfram 11,24.

Samkvæmt 4. gr. ber sveitarfélagi að ákveða ekki síðar en 30. desember 2008 hver verður álagningarprósenta útsvars á tekjur ársins 2009. Ákvörðunina skal tilkynna til fjármálaráðuneytis eigi síðar en þann sama dag. Ástæðan fyrir þessum fresti er sú að mörg sveitarfélög, sem þegar hafa tekið ákvörðun um útsvar á grundvelli gildandi laga, þurfa svigrúm til

þess að endurmeta ákvörðun sína með hliðsjón af þeim breytingum sem frumvarp þetta mun leiða af sér.

Um 5. gr.

Með þessari grein frumvarpsins er ráðgert að fækka héraðsdýralæknum í Þingeyjarumdæmi úr tveimur í einn.

Um 6. gr.

Hér eru lagðar til efnislega sömu breytingar hvað varðar útreikning á þátttöku vistmanna í greiðslu dvalarkostnaðar og gert er ráð fyrir í 14. gr. frumvarpsins varðandi útreikning bóta lífeyristrygginga. Tekjur samkvæmt lögum um málefni aldraðra eru skilgreindar í 26. gr. laganna, en þar segir m.a. að fjármagnstekjur skuli metnar að 50 hundraðshlutum við útreikning á vistunarframlagi og að atvinnutekjur 70 ára og eldri teljist ekki til tekna. Er því gert ráð fyrir sömu efnisbreytingum og lagðar eru til að gerðar verði á lögum um almannatryggingar, þ.e. annars vegar að fjármagnstekjur teljist að fullu til tekna eftir að 90 þús. kr. frítekjumarki er náð og hins vegar að tekjur vistmanns af atvinnu hafi áhrif við útreikning á fjárhæð vistunarframlags eftir að frítekjumarkinu er náð. Þannig gildi sama frítekjumark gagnvart öllum vistmönnum eða 100 þús. kr. á mánuði.

Um 7. gr.

Lagt er til að hámarksgreiðsla úr Fæðingarorlofssjóði miðist við meðaltalsmánaðartekjur foreldra að fjárhæð 500.000 kr. þannig að mánaðarleg útgreiðsla sjóðsins til foreldris verði að hámarki 400.000 kr. Þetta gerir það að verkum að greiðslur til foreldra með lægri mánaðartekjur en 500.000 kr. að meðaltali verða 80% af meðaltali heildarlauna á tilteknu viðmiðunartímabili eins og verið hefur.

Þessari breytingu er ætlað að leiða til sparnaðar í útgjöldum Fæðingarorlofssjóðs í ljósi þeirrar stöðu sem komin er upp í ríkisfjármálum. Undirstrikað er að þau sjónarmið sem sett voru fram þegar hámark var sett á greiðslurnar á árinu 2004 eiga enn við og því er lögð áhersla á að litið sé svo á að um tímabundna aðgerð sé að ræða. Þess vegna verður stefnt á endurskoðun á fjárhæð hámarksgreiðslna til hækkunar um leið og aðstæður í ríkisfjármálum leyfa.

Um 8. gr.

Í 66. gr. tekjuskattslaga er kveðið á um skatthlutfall manna. Í samræmi við tillögur ríkisstjórnarinnar um sparnaðaraðgerðir í kjölfar þeirra breytinga sem orðið hafa á efnahagsumhverfinu frá því að fjárlagafrumvarp ársins 2009 var lagt fram á Alþingi þann 1. október sl. er lagt til að tekjuskattur einstaklinga verði hækkaður um 1,25 prósentustig, úr 22,75% í 24%. Um frekari skýringar vísast til almennra athugasemda.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að grunnfjárhæð sjómannaafsláttar verði hækkuð um 12,9% frá 1. janúar 2009 sem komi til framkvæmda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 2009.

Um 10. gr.

Með ákvæði þessu er lögð til hækkun á viðmiðunarfjárhæðum barnabóta og vaxtabóta um 5,7% sem komi til framkvæmda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 2009.

Þá er lagt til að vaxtabótum verði ekki skuldajafnað á móti gjaldföllnum afborgunum og vöxtum af lánum Íbúðalánasjóðs, sem er liður í aðgerðum stjórnvalda í þágu heimilanna.

Um 11. gr.

Lagt er til að umsýslu stórfyrirtækja skv. 5.–7. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, verði frestað og hefjist 1. janúar 2010 í stað 1. janúar 2009.

Um 12. gr.

Með ákvæði til bráðabirgða er lagt til að á árinu 2009 verði barnabótum ekki skuldajafnað á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, og er það í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í þágu heimilanna.

Um 13. gr.

Sjá almennar athugasemdir.

Um 14. gr.

Lagt er til að tvær breytingar verði gerðar á tekjuhugtaki almannatryggingalaga sem skilgreint er í 16. gr. laganna.

Í a-lið er gert ráð fyrir að fjármagnstekjur komi að fullu til skerðingar á tekjutengdum greiðslum lífeyristrygginga í stað þess að tekjurnar skerði bætur að 50 hundraðshlutum. Lagt er til að frítekjumark, að upphæð 90 þús. kr. á ári, sem kom inn í lögin fyrr á þessu ári í því skyni að draga úr of- og vangreiðslum bóta vegna fjármagnstekna, haldist óbreytt. Fyrstu 90 þús. kr. skerða því ekki tekjutengdar bætur lífeyristrygginga en fjármagnstekjur yfir þeim mörkum skerða bætur að fullu og eftir þeim reglum sem um það gilda í lögunum. Hið sama gildir um greiðslu vasapeninga skv. 48. gr. laganna. Er talið sanngjarnt að fjármagnstekjur yfir frítekjumarkinu skerði bætur í sama hlutfalli og aðrar tekjur, t.d. tekjur af atvinnu og frá lífeyrissjóðum.

Í b-lið er gert ráð fyrir að við útreikning tekjutengdra bóta lífeyristrygginga og vasapeninga verði frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega 70 ára og eldri hið sama og hjá örorkulífeyrisþegum og ellilífeyrisþegum sem ekki hafa náð 70 ára aldri, þ.e. 100 þús. kr. á mánuði. Hefur það sætt nokkurri gagnrýni að frítekjumark vegna atvinnutekna þeirra lífeyrisþega sem eru undir 70 ára aldri sé lægra en annarra og því ekki ósanngjarnt við þær aðstæður sem nú ríkja að frítekjumark allra lífeyrisþega sé hið sama. Innan við 1.000 ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri hafa atvinnutekjur yfir 100 þús. kr. á mánuði og munu þeir eftir sem áður geta aflað sér tekna upp að því marki án þess að bætur þeirra skerðist. Heildartekjur ellilífeyrisþega sem býr einn og hefur 100 þús. kr. á mánuði í atvinnutekjur nema því um 236 þús. kr. á mánuði að meðtöldum bótum almannatrygginga. Fari atvinnutekjurnar yfir 100 þús. kr. á mánuði munu þær skerða bætur samkvæmt þeim reglum sem um það gilda í lögum um almannatryggingar, á sama hátt og hjá ellilífeyrisþegum á aldursskeiðinu 67–69 ára og hjá örorkulífeyrisþegum.

Um 15. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að 10. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um almannatryggingar verði felldur brott. Í ákvæðinu er kveðið á um að á tímabilinu 1. apríl 2008 til og með 31. desember 2009 sé hægt að óska eftir því hjá Tryggingastofnun ríkisins að gerður

verði samanburður á útreikningi elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingar fyrir og eftir gildistöku laga nr. 17/2008, en með þeim lögum var að fullu afnumin tenging bóta lífeyristrygginga við tekjur maka. Leiði samanburðurinn til hærri bóta samkvæmt eldri lögum skal stofnunin greiða hærri bæturnar á því tímabili. Ákvæðið er framhald af 8. tölul. bráðabirgðaákvæðis laganna sama efnis, en frá því að byrjað var að draga úr vægi tekna maka við útreikning bóta lífeyristrygginga í janúar 2007 hefur verið hægt að óska eftir slíkum samanburði. Þeim sem hafa notið þessa samanburðar hefur fækkað reglulega eftir því sem bætur lífeyristrygginga hafa hækkað og er reiknað með að á árinu 2009 verði þeir aðeins á bilinu 500–600 talsins. Þessi hópur lífeyrisþega á það sammerkt að hafa þó nokkrar eigin tekjur, eða um og yfir 150 þús. kr. á mánuði. Þá er hér um fremur lágar fjárhæðir að ræða í bótum, en innan við 20 manns hafa 20 þús. kr. eða meira út úr samanburðargreiðslunni og þeir einstaklingar hafa allir yfir 200 þús. kr. á mánuði í aðrar tekjur. Með því að afnema ákvæðið úr lögunum munu tekjur maka endanlega hætta að hafa áhrif á útreikning bóta lífeyristrygginga og því er þetta til mikillar einföldunar á lífeyristryggingakerfinu. Ákvæðið um samanburð á útreikningi bóta samkvæmt núgildandi og eldri reglum dregur mjög úr sparnaði sem ætlað er að ná með 1. gr. frumvarpsins þar sem samanburðurinn dregur mjög úr lækkun greiðslna vegna þeirra breytinga sem þar eru lagðar til.

Í b-lið greinarinnar er lagt til, í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarpsins, að bætur almannatrygginga, sem og greiðslur skv. 63. gr. og fjárhæðir skv. 22. gr., hækki um 9,6% á árinu 2009. Til viðbótar því mun lágmarksframfærslutrygging sem mælt er fyrir um í reglugerð, sem sett er á grundvelli laga um félagslega aðstoð, hækka um 20%, úr 150 þús. kr. í 180 þús. kr. á mánuði sem tryggir sérstaklega hag tekjulægstu bótaþeganna. Þeim lífeyrisþegum sem fá bætur á grundvelli lágmarksframfærslutryggingarinnar mun fjölga verulega með breytingunni en reikna má með að um það bil tólf þúsund lífeyrisþegar fái bætur á grundvelli hennar á árinu 2009, en þeir voru um fjögur þúsund á árinu 2008.

Um 16. gr.

Með frumvarpinu er fyrirhuguð sú breyting á lögum um sjúkratryggingar að taka upp nýtt gjald vegna heilbrigðisþjónustu, þ.e. komugjald vegna innlagnar á sjúkrahús. Í samræmi við það er lagt til að í 1. málsl. 1. mgr. greinarinnar verði vísað til 2. tölul. 1. mgr. 29. gr. laganna þar sem kveðið er á um komugjaldið.

Um 17. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 29. gr. laganna en greinin fjallar um gjaldtöku fyrir heilbrigðisþjónustu og aðstoð sem sjúkratryggðir eiga rétt á á grundvelli laga eða samninga. Lagt er til að í 2. tölul. verði sett inn ákvæði er heimilar að taka upp komugjald við innlögn á sjúkrahús sem nái m.a. til kostnaðar við innritun og aðstöðu. Sérstaklega er kveðið á um að gjaldið skuli vera lægra hjá öldruðum, öryrkjum og börnum. Eðli málsins samkvæmt skal komugjald aðeins innheimt einu sinni vegna hverrar innlagnar og legu á sjúkrahúsi og önnur gjaldtaka af inniliggjandi sjúklingi er ekki heimil. Ekki er gert ráð fyrir innheimtu gjalds fyrir innlögn vegna fæðingar í samræmi við núgildandi ákvæði 1. og 2. tölul. 1. mgr. 29. gr. laganna sem kveða á um að ekki sé heimilt að taka gjald fyrir mæðra- og ungbarnavernd.

Heimild ráðherra skv. 1. mgr. 29. gr. laganna til að kveða nánar á um gjald í reglugerð, þar á meðal fjárhæð þess, nær til þessa gjalds eins og annarra þjónustugjalda sem kveðið er á um í þeirri málsgrein. Í reglugerð getur ráðherra þannig t.d. kveðið á um hámark komugjalds fyrir þá einstaklinga sem þurfa að leggjast inn á sjúkrahús oft á ári.

Með töku komugjalds vegna innlagnar á sjúkrahús skapast meira samræmi og jafnræði í gjaldtöku, enda er tekið komugjald vegna komu á slysadeild, bráðamóttöku og göngudeild, auk gjalds vegna rannsókna hjá þeim sem ekki eru inniliggjandi. Þess má geta að komugjöld vegna innlagnar eru innheimt á sjúkrahúsum í Svíþjóð og Finnlandi og er því síður en svo um einsdæmi að ræða á Norðurlöndunum.

Sú breyting á gjaldtöku sem hér er lögð til mun falla undir hámark á greiðsluþátttöku einstaklinga vegna heilbrigðisþjónustu, í samræmi við vinnu nefndar um gjaldtöku í heilbrigðisþjónustunni sem þingmennirnir Pétur H. Blöndal og Ásta R. Jóhannesdóttir hafa stýrt.

Um 18. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum til að draga úr verulegum halla á rekstri ríkissjóðs sem horfur eru á að verði að óbreyttu. Í kjölfar þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á efnahagsumhverfinu frá því að fjárlagafrumvarp fyrir árið 2009 var lagt fram á Alþingi þann 1. október sl. hafa áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs á næsta ári verið teknar til endurskoðunar. Útlit er fyrir að tekjur dragist verulega saman frá fyrri áætlunum og að útgjöld aukist mikið á sama tíma, m.a. vegna aukins atvinnuleysis, hækkandi verðlags, gengisfalls íslensku krónunnar og ekki síst vegna stóraukinnar vaxtabyrði af skuldum sem horfur eru á að ríkissjóður þurfi að taka á sig í kjölfar áfalla á fjármálakerfi landsins. Að óbreyttu voru horfur á að halli ríkissjóðs á árinu 2009 gæti orðið nálægt 215 milljarðar króna á greiðslugrunni.

Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að halli ríkissjóðs verði svo mikill hefur ríkisstjórnin ákveðið að grípa til ráðstafana á tekju- og gjaldahlið í samræmi við efnahagsáætlun unna í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir að halli á ríkissjóði á árinu 2009 verði ekki meiri en sem nemur um 165–170 milljörðum króna á greiðslugrunni. Með það að markmiði hefur ríkisstjórnin ákveðið að setja fram áætlun um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem skili a.m.k. 45 milljarða króna betri afkomu en orðið hefði að óbreyttu. Að öðrum kosti hefði þurft að afla fjármögnunar á þeim útgjöldum með lántökum á þeim kjörum sem nú eru í boði.

Á tekjuhlið fjárlaga fela aðgerðirnar í sér að tekjuskattur einstaklinga verði hækkaður og það skili um 7 mia. kr. tekjum. Á gjaldhlið er um að ræða ráðstafanir til að lækka eða koma í veg fyrir útgjaldaaukningu sem nemi um 38 mia. kr. Þegar hafa verið lagðar fram tillögur um slíkar ráðstafanir fyrir 2. umræðu frumvarps til fjárlaga 2009 sem nema um 30 mia. kr. og er gert ráð fyrir að frekari aðgerðir sem skili 8 mia. kr. lækkun útgjalda felist í tillögum við 3. umræðu. Sumar þessara ráðstafana fela í sér að gera þarf breytingar á lagaákvæðum sem að þeim snúa og koma fram tillögur um þann hluta í þessu frumvarpi. Í öðrum tilvikum þarf ekki lagabreytingar til að lækkun á útgjöldum nái fram að ganga.

Frumvarpið skiptist í tólf kafla og eru lagðar til breytingar sem lúta bæði að tekjum og gjöldum ríkissjóðs. Á tekjuhlið er gerð tillaga um að lögum um tekjuskatt verði breytt þannig að tekjuskattsprósentan hækki um 1,25%. Þar af er um 1% af hækkun tekjuskattsins vegna versnandi afkomu ríkissjóðs og er áætlað að það auki tekjurnar um 7 milljarða kr. á ári. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að skatturinn hækki um 0,25% til að standa undir sérstöku aukaframlagi að fjárhæð 1 mia. kr. til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og til að mæta því að álagningarprósenta fasteignagjalda verður ekki lækkuð eins og áformað var, en það svarar til um 0,5 mia. kr. Áætlað er að tekjuskatturinn gæti hækkað samtals um 8,5 til 9 milljarða kr. vegna þessa. Í frumvarpinu er einnig lagt til að sveitarfélögunum verði heimilað að hækka útsvar um 0,25% eða úr 13,03% í 13,28%. Þessi hækkun getur skilað sveitarfélögunum allt að 2 mia. kr. hærri tekjum ef þau nýta sér öll heimildina að fullu. Þessi ráðstöfun hefur ekki áhrif á tekjur ríkissjóðs.

Frumvarpið gerir ráð fyrir allverulegum breytingum til að lækka útgjöld ríkissjóðs. Í fyrsta lagi er lagt til að einingarverð sóknargjalda hækki ekki milli ára miðað við hækkun á meðaltekjuskattsstofni heldur verði það 855 kr. á mánuði fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldaári. Um er að ræða 2% lækkun á einingaverðinu sem gildir á þessu ári. Með þessu móti er áformað að sóknargjöld til trúfélaga lækki samtals um 328 milljónir kr., miðað við það sem annað hefði orðið. Þar af var þegar búið að gera ráð fyrir 28 m.kr. í fjárlagafrumvarpinu. Auk þess hefur í fjárlagafrumvarpinu verið gert ráð fyrir að framlag vegna sóknargjalda í Háskólasjóð verði ekki lengur lögboðið og að það lækki um 15 m.kr. við þá breytingu og verði í þess stað bein fjárveiting að fjárhæð 226 m.kr. Því til viðbótar er nú gert ráð fyrir að sú fjárveiting lækki um 118 m.kr. í tillögum um lækkun á útgjöldum menntamálaráðuneytins við aðra umræðu frumvarpsins.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að þak verði sett á hækkun búvörusamninga vegna ákvæða um tengingu framlaga við vísitölu neysluverðs. Verðhækkunin verði þannig óbreytt frá því sem reiknað var með í fjárlagafrumvarpinu eða 5,7%. Áætlað er að útgjöld ríkissjóðs vegna þessa verði um 800 m.kr. lægri en ella á næsta ári.

Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á málefnum aldraðra og almannatryggingum varðandi aukin áhrif fjármagnstekna á lífeyristryggingar, auk þess sem frítekjumarki 70 ára og eldri er breytt til samræmis við frítekjumark annarra hópa. Samtals lækka þessar breytingar útgjöld ríkissjóðs um rúman 1 mia.kr. Einnig er gert ráð fyrir því í þessum hluta frumvarpsins að hækkun á bótum almannatrygginga um næstu áramót verði óbreytt frá forsendum fjárlagafrumvarpsins, eða 9,6%, fremur en að miðað verði við vísitölu neysluverðs. Er áætlað að þannig verði komið í veg fyrir um 5,9 mia. kr. aukningu útgjalda. Í tengslum við þá breytingu er á hinn bóginn flutt tillaga við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins um að sérstök viðbót á elli- og örorkulífeyri til þeirra sem engar aðrar greiðslur hafa hækki um 20% og verði 180 þús. kr. á mánuði. Talið er að það auki útgjöld ríkissjóðs um 2 mia. kr. á ári.

Í fjórða lagi er í þessu frumvarpi lagt til að greiðslur vegna fæðingarorlofs verði að hámarki 400.000 kr. á mánuði. Hámarksgreiðsla úr Fæðingarorlofssjóði muni þannig miðast við meðalmánaðartekjur foreldris að fjárhæð 500.000 kr. en breytingin hefur ekki áhrif á greiðslur til þeirra sem hafa lægri laun. Gert er ráð fyrir að þessi breyting dragi úr aukningu útstreymis úr sjóðnum á næsta ári sem nemur um 400 m.kr.

Í fimmta lagi er gerð tillaga um að fresta því að koma á fót sérstakri einingu um skattaumsýslu stórfyrirtækja og leiðir það til 40 m.kr. lækkunar útgjalda á næsta ári.

Í sjötta lagi er í kafla um sjúkratryggingar lagt til að heimilað verði að taka upp sérstakt innritunargjald vegna innlagnar á sjúkrahús með ákveðnum undantekningum og afslætti fyrir

tiltekna hópa. Sértekjur heilbrigðisstofnana af gjaldinu eru áætlaðar um 360 m.kr. á næsta ári.

Í sjöunda lagi er lagt til að lög um ráðstöfun á söluandvirði Landsíma Ísland hf. verði felld niður þar sem gert er ráð fyrir að fresta ýmsum framkvæmdum sem kveðið er á um í lögunum. Sá framkvæmdakostnaður nemur um 700 m.kr. til viðbótar við aðrar framkvæmdir af þessum toga sem þegar hafði verið fallið frá í fjárlagafrumvarpinu.

Loks er eins og áður segir áformað að greiðslur í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga verði auknar um 1 mia. kr. og að fasteignagjöld ríkissjóðs lækki ekki um 500 m.kr. eins og reiknað var með í fjárlagafrumvarpinu sem fjármagnað verði með 0,25% hækkun tekjuskatts.

Auk þessa eru lagðar til breytingar sem ekki hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs frá því sem þegar hafði verið gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi ársins 2009. Þar má nefna hækkanir á viðmiðunarfjárhæðum barnabóta og vaxtabóta og ákvæði um að ekki verði kveðið á um skuldajöfnun vaxtabóta og barnabóta á móti gjaldföllnum opinberum gjöldum.

Eins og að framan greinir er áformað að aðgerðir í ríkisfjármálum bæti afkomu ríkissjóðs alls um 45 mia.kr. Af þeim aðgerðum sem felast í þessu frumvarpi er áætlað að tekjur ríkissjóðs aukist um 8,5 til 9 milljarða króna. Tillögur í frumvarpinu sem miða að breytingum á útgjaldahlið, bæði til lækkunar og hækkunar, ættu að samanlagt að draga úr eða koma í veg fyrir útgjaldaaukningu sem nemur 8,1 mia. kr., nettó. Verði frumvarpið óbreytt að lögum leiðir það þannig til þess að rekstrarhalli ríkissjóðs verði um það bil 16,5 til 17 mia. kr. minni en annars hefði orðið.

358. Nefndarálit [235. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsögn barst frá Viðskiptaráði Íslands.

Með lögum nr. 57/2008 sem samþykkt voru á Alþingi þann 29. maí sl. var lögum um almannatryggingar breytt þannig að frítekjumark örorkulífeyrisþega vegna atvinnutekna var hækkað úr rúmlega 27 þús. kr. í 100 þús. kr. á mánuði. Markmið breytingarinnar var að hvetja einstaklinga til vinnu og gera örorkulífeyrisþegum kleift að afla sér aukinna tekna af atvinnu án þess að til kæmi skerðing á bótum frá Tryggingastofnun ríkisins. Breytingin var tímabundin og henni ætlað að gilda út árið 2008. Unnið hefur verið að tillögu um endurskoðað örorkumat sem byggist m.a. á markmiðum um starfshæfnismat og eflingu starfsendurhæfingar með áherslu á að skoða frekar getu fólks til starfa en vangetu. Þar sem vinnu við þá tillögu er ekki lokið er lögð til framlenging á ákvæðinu til eins árs þannig að örorkulífeyrisþegar haldi þessum rétti sínum.

Nefndin lagði á sínum tíma til að frumvarp það sem varð að lögum nr. 57/2008 yrði samþykkt óbreytt og taldi að hækkun frítekjumarksins mundi leiða til aukinnar atvinnuþátttöku örorkulífeyrisþega og hafa þannig í för með sér hærri tekjur og meiri lífsgæði þeim til handa. Nefndin áréttar þessi sjónarmið sín ásamt því sem hún leggur áherslu á að svigrúm sé veitt til vinnu að endurskoðun örorkumatsins. Ljúki þeirri endurskoðun innan þess árs sem framlenging nær til verður gildistími laganna endurskoðaður.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Kristinn H. Gunnarsson, Árni Johnsen og Jón Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 2008.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Ármann Kr. Ólafsson.	Helga Sigrún Harðardóttir.
Ögmundur Jónasson.	Kjartan Ólafsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.

359. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, og lögum um útlendinga, nr. 96/2002.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hönnu S. Gunnsteinsdóttur og Bjarnheiði Gautadóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti og Gissur Pétursson frá Vinnumálastofnun. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Útlendingastofnun, Rauða krossi Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Viðskiptaráði Íslands, Fjölmenningarsetri og Alþýðusambandi Íslands.

Þegar Búlgaría og Rúmenía urðu aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu var samið um sérstaka aðlögun á löggjöf Evrópusambandsins gagnvart löndunum. Meðal annars var veittur aðlögunartími að reglum um frjálsa för launafólks og aðstandenda þeirra þannig að ákvæði sem tryggja eiga þessa frjálsu för tækju ekki gildi fyrr en 1. janúar 2009, hið fyrsta. Í gildandi lögum er nú miðað við það tímamark hvað varðar frjálsan atvinnu- og búseturétt ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu hér á landi sem hafa því sömu stöðu og aðrir borgarar utan Evrópska efnahagssvæðisins. Samkvæmt frumvarpinu verður aðlögunartíminn lengdur um þrjú ár, til 1. janúar 2012. Með þessu er þó einungis hluti heimildar til frestunar nýttur en aðildarríkjum að Evrópska efnahagssvæðinu er leyfilegt að lengja aðlögunartímann til 1. janúar 2014.

Í frumvarpinu er lagt til að nýtt sé heimild til að fresta gildistöku laganna vegna þeirra þrenginga sem orðið hafa í efnahagslífi þjóðarinnar og aukins atvinnuleysis sem þær hafa haft í för með sér. Aðstæður á vinnumarkaði hafa versnað og því eðlilegt að grípa til ráðstafana sem geta orðið til þess að draga úr yfirvofandi atvinnuleysi. Heimild til að framlengja aðlögunartímann er bundin þeim skilyrðum að framlenging þarf að koma til áður en gildandi tímamarki lýkur og tilkynna þarf til Eftirlitsstofnunar EFTA fyrir fram um frestun á gildistöku ákvæðanna um frjálsa för launafólks og aðstandenda. Augljóst er því að samþykkja þarf frumvarpið fyrir áramót sé ætlunin að fresta gildistöku ákvæðanna. Að sama skapi getur aðildarríki þó einhliða vikið frá aðlögunartíma og veitt ríkisborgurum landanna tveggja full réttindi á þessu sviði á við ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Nefndin telur eðlilegt við núverandi aðstæður að framlengja aðlögunartímann. Nefndin áréttar þó

jafnframt að takist þjóðinni að vinna sig út úr þeim fjárhagslegu erfiðleikum sem hún er í núna og draga verulega úr atvinnuleysi á nýjan leik áður en gildistími ákvæðanna rennur út verði vikið frá þessum hömlum og ríkisborgurum Búlgaríu og Rúmeníu veitt sömu réttindi til atvinnuþátttöku og búsetu hér á landi og aðrir ríkisborgarar á Evrópska efnahagssvæðinu hafa.

Á síðasta þingi hafði nefndin til meðferðar frumvarp til laga sem var samþykkt 29. maí sl., sbr. lög nr. 78/2008. Með þeim lögum var m.a. gerð sú breyting á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, að atvinnuleyfi voru flokkuð eftir því á hvaða grundvelli þau eru veitt. Ákvæðum sem varða atvinnuleyfi fyrir nánustu aðstandendur útlendings var jafnframt breytt. Við þá breytingu láðist að lögfesta heimild til að veita nánustu aðstandendum íslenskra ríkisborgara sambærileg atvinnuleyfi. Áður hafði verið stuðst við 7. gr. laganna til að veita slík leyfi eftir að útlendingi hafði verið veitt dvalarleyfi sem nánasta aðstandanda samkvæmt lögum um útlendinga. Vegna flokkunar atvinnuleyfa er ekki lengur hægt að styðjast við fyrri framkvæmd. Þykir því ástæða til að leiðrétta þetta og leggja til breytingar á 12. gr. laganna þannig að heimilt verði að veita atvinnuleyfi til nánustu aðstandenda íslenskra ríkisborgara að uppfylltum sömu skilyrðum og gilda varðandi veitingu atvinnuleyfa til nánustu aðstandenda útlendings sem fengið hefur tímabundið atvinnuleyfi skv. 8. gr. laganna, tímabundið atvinnuleyfi sem tengist dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 11. gr. eða óbundið atvinnuleyfi, sbr. 12. gr. laganna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við II. kafla bætist ný grein sem verði 2. gr., svohljóðandi:

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „nánustu aðstandenda“ í 1. mgr. kemur: íslensks ríkisborgara eða.
b. Við 6. mgr. bætist: eða um sé að ræða nánasta aðstandanda íslensks ríkisborgara.

Kristinn H. Gunnarsson, Árni Johnsen og Jón Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 2008.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Ármann Kr. Ólafsson.	Helga Sigrún Harðardóttir.
Ögmundur Jónasson.	Kjartan Ólafsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.

360. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 2009.

(Eftir 2. umr., 16. des.)

A-hluti
Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Árið 2009 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Skatttekjur	**357.713,4**	**353.468,0**
Skattar á tekjur einstaklinga	101.113,0	102.009,0
Skattar á tekjur lögaðila	22.100,0	21.000,0
Tryggingagjöld	39.818,5	39.267,2
Eignarskattar	7.062,8	6.946,8
Virðisaukaskattur	128.196,0	124.988,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	52.751,1	52.745,0
Skattar ótaldir annars staðar	6.672,0	6.512,0
Aðrar rekstrartekjur	**33.356,3**	**32.527,2**
Arðgreiðslur	2.130,0	2.130,0
Vaxtatekjur og eignatekjur	22.287,7	21.457,7
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	8.938,6	8.939,5
Sala eigna	**3.300,0**	**4.800,0**
Fjárframlög	**1.452,3**	**1.451,3**
Tekjur alls	**395.822,0**	**392.246,5**
Æðsta stjórn ríkisins	3.366,2	3.366,2
Forsætisráðuneyti	2.172,3	2.172,3
Menntamálaráðuneyti	57.423,5	57.423,5
Utanríkisráðuneyti	9.050,4	9.050,4
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	17.375,9	17.448,9
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	23.051,6	23.051,6
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	113.471,9	112.785,9
Heilbrigðisráðuneyti	112.464,8	112.464,8
Fjármálaráðuneyti	51.484,1	43.454,1
Samgönguráðuneyti	49.229,1	49.154,1
Iðnaðarráðuneyti	6.103,1	6.103,1
Viðskiptaráðuneyti	2.700,4	2.700,4
Umhverfisráðuneyti	6.521,7	6.521,7
Vaxtagjöld ríkissjóðs	34.670,0	28.500,0
Samtals	**489.085,0**	**474.197,0**
Tekjujöfnuður	**-93.263,0**	

A-hluti
Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Árið 2009 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.

Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-93.263,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	3.030,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	7.444,5
Viðskiptaskuldir, (breyting)	738,0
Handbært fé frá rekstri	**-82.050,5**
Fjármunahreyfingar	
Veitt stutt lán	0,0
Veitt löng lán	-8.800,0
Afborganir veittra lána	15.100,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-1.000,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	200,0
Fjármunahreyfingar samtals	**5.500,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-76.550,5**
Fjármögnun	
Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	55.000,0
Afborganir lána	-56.500,0
Fjármögnun samtals	**-1.500,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	-4.000,0
Breyting á handbæru fé	**-82.050,5**

B-hluti
Fjárreiður ríkisfyrirtækja

3. gr.

Árið 2009 er ætlast til þess að rekstri, arðgreiðslum, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 3.

m.kr.	Hagnaður tap	Arður til ríkissj.	Fjár-festing	Lán-tökur
Happdrætti Háskóla Íslands	900,0	0,0	30,0	0,0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	177,5	210,0	250,0	0,0
Íslenskar orkurannsóknir	-130,0	0,0	40,0	0,0
Samtals	**947,5**	**210,0**	**320,0**	**0,0**

C-hluti
Fjárreiður lánastofnana

4. gr.

Árið 2009 er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lánahreyfingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

m.kr.	Hagnaður tap	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Lánasjóður íslenskra námsmanna	5.713,0	14.476,0	79,0	10.000,0
Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild	1.205,0	0,0	6,0	0,0
Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir	829,0	26.756,0	4,0	29.660,0
Íbúðalánasjóður, viðbótarlán	118,0	0,0	0,0	0,0
Íbúðalánasj., Byggingarsj. ríkisins og verkam	-2.196,0	0,0	3,0	0,0
Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild	1.887,0	144.665,0	17,0	130.014,0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	18,0	0,0	0,0	0,0
Orkusjóður	1,5	0,0	0,0	0,0
Byggðastofnun	23,0	3.000,0	0,0	3.000,0
Samtals	**7.598,5**	**188.897,0**	**109,0**	**172.674,0**

Ýmis ákvæði

Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

5. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána, veita ríkisábyrgðir og fleira eftir því sem kveðið er á um í ákvæðum þessarar greinar:

1. Að taka lán allt að 55.000 m.kr. og ráðstafa því í samræmi við ákvæði þessara laga.

2. Að endurlána allt að 8.800 m.kr. til eftirtalinna aðila:
   2.1 Lánasjóðs íslenskra námsmanna allt að 8.800 m.kr.

3. Að veita eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, heimild til að nýta þær á árinu 2009 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í liðum 3.1 til 3.4, sbr. 26. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins:
   3.1 Landsvirkjun, allt að 25.000 m.kr., sbr. 9. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.
   3.2 Íbúðalánadeild Íbúðalánasjóðs, allt að 42.469 m.kr., sbr. 10. gr. og 1. tl. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.
   3.3 Íbúðalánasjóði til lána vegna leiguíbúða, allt að 30.403 m.kr., sbr. 10. gr. og 3. tl. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, með síðari breytingum.
   3.4 Byggðastofnun, allt að 3.000 m.kr., sbr. 15. gr. laga nr. 106/1999, um Byggðastofnun.

4. Að taka lán allt að 500 milljörðum króna eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til viðbótar lántöku samkvæmt 1. lið hér að framan, verði þess talin þörf til að efla gjaldeyrisvaraforða Seðlabanka Íslands eða til að styrkja viðskipti á innlendum fjármálamarkaði með útgáfu ríkisverðbréfa. Heimilt er að endurlána Seðlabanka Íslands þann hluta sem tekinn verður að láni í erlendri mynt.

5. Ýmis ákvæði.
   5.1 Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi fjárlaga.
   5.2 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.

5.3 Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:
   a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast;
   b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxta- eða gengisbreytingum;
   c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í lið 3, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

5.4 Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta sér heimildir skv. lið 3 eða 5.3 skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 5. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Heimildir

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

1.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjartaverndar á heilbrigði öldrunar.

Sala húsnæðis

2.1 Að semja við bæjaryfirvöld á Seyðisfirði um ráðstöfun fasteignarinnar við Hafnargötu 11, Seyðisfirði.
2.2 Að selja tækjageymslu á Norðfjarðarflugvelli.
2.3 Að selja fasteignina Laugarnesveg 91, Reykjavík.
2.4 Að selja fasteignir við Aragötu 9 og 14, Reykjavík, og verja andvirðinu til uppbyggingar Háskólatorgs.
2.5 Að selja fasteignina Kveldúlfsgötu 2, Borgarbyggð, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
2.6 Að selja húsnæði Vegagerðarinnar að Heiðavegi 4, Reyðarfirði.
2.7 Að selja gamla prestshúsið og kirkjuna á Stað í Grunnavík, Ísafjarðarbæ.
2.8 Að selja gamla prestshúsið og kirkjuna á Stað í Aðalvík, Ísafjarðarbæ.
2.9 Að selja íbúðarhús á Sauðanesi, Svalbarðshreppi.
2.10 Að selja stóðhestastöðina í Gunnarsholti ásamt landspildum við stöðina og ráðstafa andvirðinu til Hekluskóga og til uppbyggingar á landsmótssvæðinu að Gaddstaðaflötum.
2.11 Að selja fasteignina Fífilbrekku, Reykjum, Ölfusi.
2.12 Að selja fasteignirnar Túngötu 1 og 3, Hvanneyri.
2.13 Að selja fasteignina Möðruvelli 2 og 4, Hörgárbyggð.
2.14 Að selja fasteignirnar Hlíðarveg 16 og 17, Hvolsvelli, og ráðstafa andvirðinu til kaupa, leigu eða byggingar á nýrri lögreglustöð.
2.15 Að selja fasteignir ríkisins við Borgartún 5 og 7 og kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
2.16 Að selja húseignir ríkisins við Nauthólsvík.
2.17 Að selja húseign Skattstofu Austurlands að Selási 8, Egilsstöðum.
2.18 Að selja húsnæði Náttúrufræðistofnunar Íslands við Hlemm.
2.19 Að selja loðdýrahús á jörðinni Björnskoti, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
2.20 Að selja mannvirki á jörðunum Selárdal og Uppsölum í Vesturbyggð.
2.21 Að selja húseignir í Flatey á Skjálfanda.
2.22 Að selja fasteignina Stekkjartröð 1, Fljótsdalshéraði og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Sala eignarhluta í húsnæði

3.1 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur notaðar til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.

3.2 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteignum framhalds- og sérskóla sem ekki eru lengur notaðar sem slíkar og þykja ekki henta til skólahalds og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði í eigu ríkisins.
3.3 Að selja íbúð við Hvassaleiti 30 og kaupa aðra hentugri.
3.4 Að selja eignarhlut ríkisins að Bíldshöfða 16, Reykjavík, og kaupa eða leigja annað hentugra.
3.5 Að selja eignarhlut ríkisins í Hraunbæ 102d–102e og verja andvirðinu til kaupa eða leigu á hentugu húsnæði fyrir Heilsugæslu Árbæjar.
3.6 Að selja eignarhlut ríkisins í íbúðum við Kristnesspítala og verja andvirðinu til endurbóta og stækkunar á endurhæfingaraðstöðu spítalans.
3.7 Að selja fasteignina Giljasel 7, Reykjavík, og láta andvirðið renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra.
3.8 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Brautarholti 6, Reykjavík.
3.9 Að selja eignarhlut ríkisins í fyrrum húsnæði hjúkrunardeildarinnar Ljósheima að Austurvegi 28, Árborg og ráðstafa andvirðinu til uppbyggingar sjúkrahússins á Selfossi.
3.10 Að selja eignarhlut ríkisins í læknisbústað að Aðalstræti 37, Þingeyri.
3.11 Að selja eignarhlut ríkisins í heilsugæsluseli að Helluhrauni 17, Mývatnssveit, og kaupa eða leigja hentugra húsnæði.
3.12 Að selja eignarhlut ríkisins í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um ráðstöfun eignarinnar.
3.13 Að selja eignarhlut ríkisins í húsnæði Skógræktar ríkisins að Gagnheiði 25-27.

Sala lóða og jarða

4.1 Að selja land á Keldum, á Keldnaholti og við Úlfarsá og verja hluta andvirðisins til eflingar vísindarannsóknum.
4.2 Að selja landspildur í eigu ríkisins í Garðabæ.
4.3 Að selja lóðarspildu í eigu ríkisins við Þorragötu í Reykjavík.
4.4 Að selja jörðina Þjótanda, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.
4.5 Að selja hluta af jörðinni Flatey í Sveitarfélaginu Hornafirði.
4.6 Að selja hluta jarðarinnar Þormóðsdals í Mosfellsbæ.
4.7 Að selja hluta jarðarinnar Saurbæjar í Eyjafjarðarsveit.
4.8 Að selja fasteignina Hvammshlíð í Skorradal og ráðstafa andvirðinu til Skógræktar ríkisins.
4.9 Að selja jörðina Selá í Dalvíkurbyggð.
4.10 Að selja hluta af jörðinni Torfastöðum í Bláskógabyggð.
4.11 Að selja hluta af jörðinni Stóru-Völlum í Rangárþingi ytra.
4.12 Að selja hluta af jörðunum Torfastöðum I og II í Rangárþingi eystra.
4.13 Að selja Innranes úr landi Bolholts, Rangárþingi ytra, og ráðstafa andvirðinu til Landgræðslu ríkisins.
4.14 Að selja hluta af landsvæðum ríkisins við Litla-Hraun og ráðstafa andvirðinu til endurbóta á fangelsinu.
4.15 Að selja jarðarhlutann Rima, Bláskógabyggð.
4.16 Að selja hluta af jörðinni Skarði, Rangárþingi ytra, og ráðstafa andvirðinu til landgræðslu á þessum slóðum.
4.17 Að leigja út byggingarlóðir við Framhaldsskólann að Laugum.

4.18 Að selja jörðina Grænanes, Fjarðabyggð.
4.19 Að selja jörðina Kleifarkot, Strandabyggð.
4.20 Að selja jörðina Syðri-Bakka, Arnarneshreppi.
4.21 Að selja landspildur í eigu ríkisins í Kópavogi.
4.22 Að selja landspildur ríkisins við Flekkuvík.
4.23 Að selja landspildu úr Geitasandi, Rangárþingi ytra.
4.24 Að selja jörðina Ytri-Lynga II í Meðallandi, Skaftárhreppi.
4.25 Að selja jörðina Gröf í Rangárþingi ytra.
4.26 Að selja hluta jarðarinnar Stóra Bakka á Fljótsdalshéraði.
4.27 Að selja hluta eða alla jörðina Undirhraun 1, Skaftárhreppi.
4.28 Að selja jörðina Háu Kotey, Skaftárhreppi.
4.29 Að selja jörðina Lágu Kotey, Skaftárhreppi.
4.30 Að ganga til samninga við sveitarfélag um sölu á landspildu ríkisins við Helluflugvöll.
4.31 Að selja hluta af landsvæðum Landgræðslu ríkisins við Þorlákshöfn.

Sala hlutabréfa

5.1 Að selja hlut ríkisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.
5.2 Að selja hlut ríkisins í Endurvinnslunni hf.
5.3 Að selja hlut ríkissjóðs í Fiskeldi Eyjafjarðar ehf.

Kaup og leiga fasteigna

6.1 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta.
6.2 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal.
6.3 Að kaupa fasteign á skipulagsreit St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.
6.4 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu.
6.5 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir líknardeild á Akureyri.
6.6 Að kaupa húsnæði fyrir skammtímavistun fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu.
6.7 Að kaupa húsnæði fyrir þrjú sambýli á höfuðborgarsvæðinu.
6.8 Að kaupa 25 íbúðir vegna átaks í málefnum geðfatlaðra.
6.9 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir sjúkrabifreiðar Heilbrigðisstofnunarinnar Hvammstanga.
6.10 Að kaupa land Brekkubæjar á Hellnum.
6.11 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi Þjóðleikhússins.
6.12 Að kaupa jörðina Hjörleifshöfða í Mýrdalshreppi.
6.13 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir Vinnumálastofnun.
6.14 Að kaupa eða leigja viðbótarhúsnæði fyrir heilsugæslustöðina í Vík í Mýrdal.
6.15 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi Listasafns Íslands.
6.16 Að ganga til samninga við Reykjavíkurborg um lóð undir samgöngumiðstöð sem fyrirhugað er að reisa við Reykjavíkurflugvöll.
6.17 Að kaupa sendiherrabústað í Pretoríu, Suður-Afríku.
6.18 Að kaupa eignir af fráfarandi ábúendum á Möðrudal á Fjöllum, Fljótsdalshéraði.
6.19 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir lögreglu og sýsluskrifstofu á Neskaupstað og selja núverandi húsnæði að Miðstræti 18 og Melagötu 2a, Neskaupstað.
6.20 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur og selja núverandi húsnæði að Austurstræti 19, Reykjavík.

6.21 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir höfuðstöðvar lögreglu á höfuðborgarsvæðinu og fangelsi og selja núverandi húsnæði lögreglunnar að Hverfisgötu 113, Reykjavík.
6.22 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir hverfisstöðvar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.
6.23 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir dagvistun/hæfingarstöð fyrir fatlaða á höfuðborgarsvæðinu.
6.24 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir hjúkrunarrými aldraða í samræmi við áform um fjölgun slíkra rýma.
6.25 Að kaupa eða leigja hentugt húsnæði fyrir starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og nýja stofnun sjúkratrygginga og innkaupa á heilbrigðissviði.
6.26 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir hjálpartækjamiðstöð.
6.27 Að ganga til samninga við Reykjavíkurborg um leigu á rými í húsnæði ríkisins við Skólavörðustíg 37.
6.28 Að kaupa eða leigja land við flugvöllinn á Stóra Kroppi.
6.29 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Umferðarstofu.
6.30 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir Veðurstofu Íslands og Vatnamælinga.

Ýmsar heimildir

7.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi árið 2009 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.
7.2 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 2009, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
7.3 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.
7.4 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af lifrarbólgu C við blóðgjafir hér á landi fyrir október 1992. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
Gjöld samtals	**3.953,0**
Sértekjur:	
Sértekjur	-3.671,0
Gjöld umfram tekjur	**282,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	282,0

09-985 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll

Almennur rekstur:	
1.01 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll	1.112,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.112,3

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:	
1.90 Launa- og verðlagsmál	2.531,0

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-71,0
Gjöld umfram tekjur	**2.460,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.460,0

09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar	200,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	200,0

09-994 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu

Almennur rekstur:	
1.01 Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu	80,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	80,6

09-999 Ýmislegt

Almennur rekstur:	
1.10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	59,4
1.12 Greiðslur til samtaka höfundarréttarhafa fyrir ljósritun á höfundarréttarvernduðu efni	7,9
1.13 Kjarasamningar	18,3
1.14 Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	48,5
1.15 Kjararannsóknir	11,9
1.18 Framlög til stjórnmálasamtaka	371,5
1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga	30,0
1.31 Lífeyrissjóður bænda	45,0
1.45 Ýmsar nefndir	30,1
1.49 Rekstur fjárlagakerfis ráðuneyta og Alþingis	6,0
1.60 Dómkröfur	214,0
1.65 Kjararáð	37,1
1.66 Yfirfasteignamatsnefnd	16,9

	m.kr.
1.67 Þjóðlendumál	22,2
1.81 Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	5,0
1.90 Ýmis verkefni	128,1
1.94 Þróunarmál í upplýsingatækni	32,0
Almennur rekstur samtals	1.083,9
Stofnkostnaður:	
6.11 Bifreiðar Stjórnarráðsins	20,0
6.49 Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi ráðuneyta og Alþingis	4,8
6.95 Þróunarmál í upplýsingatækni	13,2
Stofnkostnaður samtals	38,0
Gjöld samtals	**1.121,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-22,0
Gjöld umfram tekjur	**1.099,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.099,9
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**51.484,1**
Greitt úr ríkissjóði	**40.823,7**
Innheimt af ríkistekjum	**2.630,4**
Viðskiptahreyfingar	**8.030,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	424,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-30,2
Gjöld umfram tekjur	**394,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	394,0

10-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.11 Fastanefndir	12,3
1.18 Meðlög samkvæmt lögum nr. 76/2003	207,1
1.23 Slysavarnaskóli sjómanna	65,1
1.34 Flugskóli Íslands	26,7
1.52 Samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq á Grænlandi	6,5
1.59 Til sveitarfélaga sem verða fyrir aflasamdrætti	250,0
1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis	35,2
Almennur rekstur samtals	602,9
Gjöld samtals	**602,9**
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,1
Gjöld umfram tekjur	**602,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	601,0
Innheimt af ríkistekjum	1,8

10-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

10-211 Rekstur Vegagerðarinnar

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 574,5
1.02 Innheimtukostnaður vegna markaðra tekna 80,9
1.05 Umdæmi og rekstrardeildir 5.660,9
Almennur rekstur samtals 6.316,3

Gjöld samtals **6.316,3**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -5.660,9

Gjöld umfram tekjur **655,4**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 655,4

10-212 Samgönguverkefni

Almennur rekstur:
1.07 Þjónusta 3.406,5
1.11 Styrkir til ferja og sérleyfishafa 988,5
1.13 Styrkir til innanlandsflugs 317,0
1.21 Rannsóknir 139,8
Almennur rekstur samtals 4.851,8

Viðhaldsverkefni:
5.10 Viðhald 4.913,8

Stofnkostnaður:
6.10 Framkvæmdir 19.812,9

Gjöld samtals **29.578,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 4.240,9
Innheimt af ríkistekjum 25.262,6
Viðskiptahreyfingar 75,0

m.kr.

10-251 Umferðarstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Umferðarstofa	447,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-225,9
Gjöld umfram tekjur	**221,7**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	221,7

10-281 Rannsóknanefnd umferðarslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd umferðarslysa	34,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-1,8
Gjöld umfram tekjur	**32,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	32,4

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	723,0
1.11 Vaktstöð siglinga	302,3
Almennur rekstur samtals	1.025,3
Stofnkostnaður:	
6.60 Vitabyggingar	32,0
6.80 Sjóvarnargarðar	59,0
Stofnkostnaður samtals	91,0
Gjöld samtals	**1.116,3**
Sértekjur:	
Sértekjur	-187,3
Gjöld umfram tekjur	**929,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	780,4
Innheimt af ríkistekjum	148,6

m.kr.

10-336 Hafnarframkvæmdir

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	12,7
Stofnkostnaður:	
6.70 Hafnabótasjóður	583,3
6.72 Landeyjahöfn	770,1
6.73 Tollaðstaða á Seyðisfirði	10,0
6.74 Lendingabætur	7,9
6.76 Ferjubryggjur	11,3
6.81 Vestmannaeyjaferja	600,0
Stofnkostnaður samtals	1.982,6
Gjöld samtals	**1.995,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.995,3

10-381 Rannsóknanefnd sjóslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd sjóslysa	40,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	40,4

10-471 Flugmálastjórn Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Flugmálastjórn Íslands	459,4
Sértekjur:	
Sértekjur	-4,2
Gjöld umfram tekjur	**455,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	235,2
Innheimt af ríkistekjum	220,0

m.kr.

10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta

Almennur rekstur:	
1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	1.097,4
1.11 Keflavíkurflugvöllur	1.342,2
1.81 Framlag Íslands vegna samnings við Alþjóðaflugmálastofnunina, ICAO	139,0
Almennur rekstur samtals	2.578,6
Viðhaldsverkefni:	
5.41 Viðhald	60,0
Stofnkostnaður:	
6.41 Framkvæmdir	422,3
Gjöld samtals	**3.060,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2.296,3
Innheimt af ríkistekjum	764,6

10-481 Rannsóknanefnd flugslysa

Almennur rekstur:	
1.01 Rannsóknanefnd flugslysa	43,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	43,7

10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin

Almennur rekstur:	
1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin	260,6
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,8
Gjöld umfram tekjur	**249,8**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	249,8

	m.kr.
10-513 Jöfnunarsjóður alþjónustu	
Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður alþjónustu	208,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	208,0
10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	
Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög	10.315,0
1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög	432,0
Almennur rekstur samtals	10.747,0
Gjöld samtals	**10.747,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10.747,0
10-811 Bjargráðasjóður	
Almennur rekstur:	
1.10 Bjargráðasjóður	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	10,0
10 Samgönguráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**49.229,1**
Greitt úr ríkissjóði	**21.421,6**
Innheimt af ríkistekjum	**27.732,5**
Viðskiptahreyfingar	**75,0**

m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa 227,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 227,4

11-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 8,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 8,0

11-205 Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Nýsköpunarmiðstöð Íslands 1.022,9

Sértekjur:
Sértekjur ..... -587,0

Gjöld umfram tekjur **435,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 435,9

11-240 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja

Almennur rekstur:
1.01 Iðnaðarrannsóknir og stóriðja 10,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,1

11-242 Tækniþróunarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Tækniþróunarsjóður 690,0

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 690,0

11-245 Samtök iðnaðarins

Almennur rekstur:
1.10 Samtök iðnaðarins 300,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 300,0

11-251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Almennur rekstur:
1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi 125,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 125,0

11-299 Iðja og iðnaður, framlög

Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir 3,2
1.15 Fjárfestingarstofan 17,1
1.19 Staðlaráð 55,6
1.30 Alþjóðlegt samstarf 23,5
1.48 Átak til atvinnusköpunar 80,0
1.50 Nýsköpun og markaðsmál 32,0
1.98 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis 94,7
Almennur rekstur samtals 306,1

Gjöld samtals **306,1**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 250,5
Innheimt af ríkistekjum 55,6

11-301 Orkustofnun

Almennur rekstur:
1.01 Orkustofnun 1.080,8

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-375,6
Gjöld umfram tekjur	**705,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	705,2

11-371 Orkusjóður

Almennur rekstur:	
1.01 Rekstur Orkusjóðs	36,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	36,0

11-373 Niðurgreiðslur á húshitun

Almennur rekstur:	
1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis	1.085,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	1.085,0

11-375 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Almennur rekstur:	
1.11 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	245,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	245,0

11-399 Ýmis orkumál

Almennur rekstur:	
1.12 Jarðhitaleit	48,3
1.22 Vistvænir orkugjafar	44,8
1.24 Notendur utan samveitna	44,7
1.98 Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis	27,5
Almennur rekstur samtals	165,3
Gjöld samtals	**165,3**

m.kr.

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 165,3

11-401 Byggðaáætlun

Almennur rekstur:
1.10 Byggðaáætlun 440,4

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 440,4

11-411 Byggðastofnun

Almennur rekstur:
1.10 Byggðastofnun 223,8
1.11 Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni 264,2
Almennur rekstur samtals 488,0

Gjöld samtals **488,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 488,0

11-501 Ferðamálastofa

Almennur rekstur:
1.01 Ferðamálastofa 98,7
1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis 195,9
1.11 Ferðamálasamtök landshluta 62,0
1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar 20,1
1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir 69,2
Almennur rekstur samtals 445,9

Gjöld samtals **445,9**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -17,0

Gjöld umfram tekjur **428,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 428,1
Innheimt af ríkistekjum 0,8

m.kr.

11-599 Ýmis ferðamál

Almennur rekstur:	
1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu	105,0
1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	63,7
1.53 Ferðaþjónusta á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti	80,0
1.90 Ýmis ferðamál	65,9
1.98 Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis	92,2
Almennur rekstur samtals	406,8
Gjöld samtals	**406,8**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	406,8

11 Iðnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**6.103,1**
Greitt úr ríkissjóði	**5.746,7**
Innheimt af ríkistekjum	**356,4**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

12 Viðskiptaráðuneyti

12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	219,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-0,7
Gjöld umfram tekjur	**218,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	218,5

12-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Neytendasamtökin	8,5
1.15 Fastanefndir	21,8
1.20 Rafræn viðskipti	8,4
1.23 Eftirlitsnefnd félags fasteignasala	19,0
1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál	31,0
Almennur rekstur samtals	88,7
Gjöld samtals	**88,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	67,7
Innheimt af ríkistekjum	21,0

12-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:	
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,0

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaeftirlitið	1.135,0

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-19,0
Gjöld umfram tekjur	**1.116,0**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1.116,0

12-411 Samkeppniseftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Samkeppniseftirlitið	304,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	304,1

12-421 Neytendastofa

Almennur rekstur:	
1.01 Neytendastofa	304,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-10,6
Gjöld umfram tekjur	**294,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	73,1
Innheimt af ríkistekjum	221,0

12-425 Talsmaður neytenda

Almennur rekstur:	
1.01 Talsmaður neytenda	17,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,0

12-431 Einkaleyfastofan

Almennur rekstur:	
1.01 Einkaleyfastofan	191,3

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -9,3

Gjöld umfram tekjur **182,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 10,8
Innheimt af ríkistekjum 171,2

12-811 Flutningssjóður olíuvara

Almennur rekstur:
1.10 Flutningssjóður olíuvara 475,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 475,0

12 Viðskiptaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **2.700,4**
Greitt úr ríkissjóði **696,2**
Innheimt af ríkistekjum **2.004,2**
Viðskiptahreyfingar **0,0**

m.kr.

14 Umhverfisráðuneyti

14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	328,7
Sértekjur:	
Sértekjur	-15,3
Gjöld umfram tekjur	**313,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	313,4

14-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir	6,7
1.12 Samvinnunefnd um miðhálendið	4,6
1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	16,0
1.35 Umhverfisvöktun	22,4
1.40 Alþjóðastofnanir	19,1
1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF	9,9
1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME	9,8
1.44 Skógræktarfélag Íslands	27,6
1.54 Rannsóknastöð að Kvískerjum	1,0
1.56 Vernd Breiðafjarðar	8,3
1.61 Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	37,4
1.90 Ýmis verkefni	30,8
1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	84,6
Almennur rekstur samtals	278,2
Gjöld samtals	**278,2**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	278,2

m.kr.

14-199 Ráðstöfunarfé

Almennur rekstur:
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra 5,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 5,0

14-202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Almennur rekstur:
1.01 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn 20,2

Sértekjur:
Sértekjur ..... -4,4

Gjöld umfram tekjur **15,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 15,8

14-211 Umhverfisstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Umhverfisstofnun 831,7
1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink 34,4
Almennur rekstur samtals 866,1

Viðhaldsverkefni:
5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði 14,0

Gjöld samtals **880,1**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -141,2

Gjöld umfram tekjur **738,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 588,9
Innheimt af ríkistekjum 150,0

m.kr.

14-212 Vatnajökulsþjóðgarður

Almennur rekstur:	
1.01 Vatnajökulsþjóðgarður	143,3
Stofnkostnaður:	
6.41 Framkvæmdir	245,5
Gjöld samtals	**388,8**
Sértekjur:	
Sértekjur	-49,7
Gjöld umfram tekjur	**339,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	339,1

14-231 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Landgræðsla ríkisins	636,1
1.90 Fyrirhleðslur	64,6
Almennur rekstur samtals	700,7
Viðhaldsverkefni:	
5.01 Viðhald fasteigna	23,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	23,4
Gjöld samtals	**747,1**
Sértekjur:	
Sértekjur	-154,5
Gjöld umfram tekjur	**592,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	590,6
Innheimt af ríkistekjum	2,0

14-241 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Skógrækt ríkisins	426,0

m.kr.

Viðhaldsverkefni:
5.01 Viðhald fasteigna 6,2

Stofnkostnaður:
6.20 Fasteignir 9,1

Gjöld samtals **441,3**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -170,4

Gjöld umfram tekjur **270,9**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 265,9
Innheimt af ríkistekjum 5,0

14-243 Hekluskógar

Almennur rekstur:
1.01 Hekluskógar 44,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 44,8

14-281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga

Stofnkostnaður:
6.51 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga 200,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 200,0

14-287 Úrvinnslusjóður

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 70,0
1.10 Úrvinnslusjóður 570,0
Almennur rekstur samtals 640,0

Gjöld samtals **640,0**

Sértekjur:
Sértekjur . . . . . -110,0

Gjöld umfram tekjur **530,0**

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	530,0

14-289 Endurvinnslan hf.

Almennur rekstur:	
1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun	1.240,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1.240,0

14-301 Skipulagsstofnun

Almennur rekstur:	
1.01 Skipulagsstofnun	184,9
Sértekjur:	
Sértekjur	-9,4
Gjöld umfram tekjur	**175,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	175,5

14-303 Skipulagsmál sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.11 Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem annast sjálf skipulagsmál sín	75,0
1.13 Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál	42,7
Almennur rekstur samtals	117,7
Gjöld samtals	**117,7**
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	117,7

14-310 Landmælingar Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Landmælingar Íslands	252,6

m.kr.

Sértekjur:
Sértekjur ..... -11,9

Gjöld umfram tekjur **240,7**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 237,7
Innheimt af ríkistekjum 3,0

14-321 Brunamálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Brunamálastofnun ríkisins 154,1

Sértekjur:
Sértekjur ..... -13,7

Gjöld umfram tekjur **140,4**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 140,4

14-381 Ofanflóðasjóður

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 7,9

Stofnkostnaður:
6.60 Ofanflóðasjóður 677,0

Gjöld samtals **684,9**

Sértekjur:
Sértekjur ..... -540,0

Gjöld umfram tekjur **144,9**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 144,9

14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands 436,4

	m.kr.
Sértekjur:	
Sértekjur	-106,3
Gjöld umfram tekjur	**330,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	330,1

14-403 Náttúrustofur

Almennur rekstur:	
1.10 Náttúrustofa Neskaupstað	9,8
1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum	9,8
1.12 Náttúrustofa Bolungarvík	18,9
1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi	9,8
1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki	9,8
1.15 Náttúrustofa Sandgerði	9,8
1.16 Náttúrustofa Húsavík	10,5
Almennur rekstur samtals	78,4
Gjöld samtals	**78,4**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	78,4

14-407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

Almennur rekstur:	
1.01 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	37,2
Sértekjur:	
Sértekjur	-5,5
Gjöld umfram tekjur	**31,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	31,7

14-412 Veðurstofa Íslands

Almennur rekstur:	
1.01 Almennur rekstur	1.302,3

	m.kr.
1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	215,4
Almennur rekstur samtals	1.517,7
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður	18,7
Gjöld samtals	**1.536,4**
Sértekjur:	
Sértekjur	-842,8
Gjöld umfram tekjur	**693,6**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	693,6
14 Umhverfisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**6.521,7**
Greitt úr ríkissjóði	**4.188,7**
Innheimt af ríkistekjum	**2.333,0**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Almennur rekstur:	
1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs	34.670,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	28.500,0
Viðskiptahreyfingar	6.170,0

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs, gjöld umfram tekjur	**34.670,0**
Greitt úr ríkissjóði	**28.500,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,0**
Viðskiptahreyfingar	**6.170,0**

m.kr.

Sundurliðun 3

Fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta

22 Menntamálaráðuneyti, B-hluti

22-201 Happdrætti Háskóla Íslands

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	4.200,0
Rekstrargjöld	3.400,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	100,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**900,0**
Hagnaður (-tap)	**900,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	900,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	60,0
Handbært fé frá rekstri	**960,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	30,0
Áhættufjármunir	500,0
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	4,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-526,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Greitt til Háskóla Íslands	415,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-415,0**
Breyting á handbæru fé	**19,0**
Handbært fé í ársbyrjun	763,0
Handbært fé í árslok	782,0

m.kr.

29 Fjármálaráðuneyti, B-hluti

29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	21.041,6
Rekstrargjöld	20.934,1
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	70,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**177,5**
Hagnaður (-tap)	**177,5**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	177,5
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	105,0
Handbært fé frá rekstri	**282,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	250,0
Áhættufjármunir	-1,5
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-248,5**
Fjármögnunarhreyfingar	
Arðgreiðsla í ríkissjóð	210,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-210,0**
Breyting á handbæru fé	**-176,0**
Handbært fé í ársbyrjun	885,5
Handbært fé í árslok	709,5

m.kr.

31 Iðnaðarráðuneyti, B-hluti

31-301 Íslenskar orkurannsóknir

Rekstraráætlun:

Rekstrartekjur	1.050,0
Rekstrargjöld	1.190,0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	10,0
Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi	**-130,0**
Hagnaður (-tap)	**-130,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-130,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	95,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-70,0
Handbært fé frá rekstri	**-105,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Varanlegir rekstrarfjármunir	40,0
Áhættufjármunir	30,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-70,0**
Breyting á handbæru fé	**-175,0**
Handbært fé í ársbyrjun	180,0
Handbært fé í árslok	5,0

m.kr.

Sundurliðun 4

Fjármál lánastofnana í C-hluta

42 Menntamálaráðuneyti, C-hluti

42-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	6.200,0
Fjármagnsgjöld	4.890,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	2.000,0
Hreinar fjármunatekjur	**-690,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	6.985,0
Aðrar rekstrartekjur	20,0
Önnur rekstrargjöld	602,0
Hagnaður (-tap)	**5.713,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	5.713,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-1.380,0
Handbært fé frá rekstri	**4.333,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	14.476,0
Afborganir af veittum löngum lánum	5.300,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	79,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-9.255,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	10.000,0
Afborganir af teknum löngum lánum	5.125,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**4.875,0**
Breyting á handbæru fé	**-47,0**
Handbært fé í ársbyrjun	555,0
Handbært fé í árslok	508,0

m.kr.

47 Félagsmálaráðuneyti, C-hluti

47-201 Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	45.467,0
Fjármagnsgjöld	44.123,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	154,0
Hreinar fjármunatekjur	**1.190,0**
Aðrar rekstrartekjur	36,0
Önnur rekstrargjöld	21,0
Hagnaður (-tap)	**1.205,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	1.205,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	16.629,0
Handbært fé frá rekstri	**17.834,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	14.539,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	6,0
Áhættufjármunir	-1.385,0
Annað (út)	24.100,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-8.182,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	7.445,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-7.445,0**
Breyting á handbæru fé	**2.207,0**
Handbært fé í ársbyrjun	14.159,0
Handbært fé í árslok	16.366,0

m.kr.

47-205 Íbúðalánasjóður, leiguíbúðir

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	18.694,0
Fjármagnsgjöld	18.091,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	121,0
Hreinar fjármunatekjur	**482,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	414,0
Aðrar rekstrartekjur	28,0
Önnur rekstrargjöld	95,0
Hagnaður (-tap)	**829,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	829,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-887,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-129,0
Handbært fé frá rekstri	**-187,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	26.756,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.181,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	4,0
Áhættufjármunir	-55,0
Annað (inn)	4.100,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-21.424,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	29.660,0
Afborganir af teknum löngum lánum	3.887,0
Afföll við sölu ibúðabréfa	3.458,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**22.315,0**
Breyting á handbæru fé	**704,0**
Handbært fé í ársbyrjun	2.439,0
Handbært fé í árslok	3.143,0

m.kr.

47-211 Íbúðalánasjóður, viðbótarlán

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	2.743,0
Fjármagnsgjöld	2.626,0
Hreinar fjármunatekjur	**117,0**
Aðrar rekstrartekjur	3,0
Önnur rekstrargjöld	2,0
Hagnaður (-tap)	**118,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	118,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	186,0
Handbært fé frá rekstri	**304,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	586,0
Áhættufjármunir	-66,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**652,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	461,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-461,0**
Breyting á handbæru fé	**495,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1.509,0
Handbært fé í árslok	2.004,0

m.kr.

47-215 Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	15.391,0
Fjármagnsgjöld	17.515,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	80,0
Hreinar fjármunatekjur	**-2.204,0**
Aðrar rekstrartekjur	19,0
Önnur rekstrargjöld	11,0
Hagnaður (-tap)	**-2.196,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	-2.196,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	13.101,0
Handbært fé frá rekstri	**10.905,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	4.550,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	3,0
Annað (út)	10.000,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-5.453,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Afborganir af teknum löngum lánum	4.354,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**-4.354,0**
Breyting á handbæru fé	**1.098,0**
Handbært fé í ársbyrjun	839,0
Handbært fé í árslok	1.937,0

m.kr.

47-219 Íbúðalánasjóður, íbúðalánadeild

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	70.678,0
Fjármagnsgjöld	67.524,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	451,0
Hreinar fjármunatekjur	**2.703,0**
Aðrar rekstrartekjur	106,0
Önnur rekstrargjöld	922,0
Hagnaður (-tap)	**1.887,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	1.887,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	3.650,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-468,0
Handbært fé frá rekstri	**5.069,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	144.665,0
Afborganir af veittum löngum lánum	7.099,0
Varanlegir rekstrarfjármunir	17,0
Áhættufjármunir	-374,0
Sala áhættufjármuna	30.000,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**107.209,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	130.014,0
Afborganir af teknum löngum lánum	12.923,0
Afföll við sölu íbúðabréfa	12.537,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**104.554,0**
Breyting á handbæru fé	**2.414,0**
Handbært fé í ársbyrjun	21.850,0
Handbært fé í árslok	24.264,0

m.kr.

51 Iðnaðarráðuneyti, C-hluti

51-101 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	300,0
Fjármagnsgjöld	2,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	160,0
Hreinar fjármunatekjur	**138,0**
Önnur rekstrargjöld	120,0
Hagnaður (-tap)	**18,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	18,0
Handbært fé frá rekstri	**18,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	90,0
Áhættufjármunir	1.000,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-910,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands	500,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**500,0**
Breyting á handbæru fé	**-392,0**
Handbært fé í ársbyrjun	2.020,0
Handbært fé í árslok	1.628,0

m.kr.

51-371 Orkusjóður

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	8,5
Hreinar fjármunatekjur	**8,5**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	36,0
Önnur rekstrargjöld	43,0
Hagnaður (-tap)	**1,5**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	1,5
Handbært fé frá rekstri	**1,5**
Fjárfestingarhreyfingar	
Afborganir af veittum löngum lánum	9,5
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**9,5**
Breyting á handbæru fé	**11,0**
Handbært fé í ársbyrjun	80,5
Handbært fé í árslok	91,5

m.kr.

51-411 Byggðastofnun

Rekstraráætlun:

Fjármunatekjur	1.850,0
Fjármagnsgjöld	1.300,0
Framlög í afskriftasjóð útlána	500,0
Hreinar fjármunatekjur	**50,0**
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði	488,0
Aðrar rekstrartekjur	25,0
Önnur rekstrargjöld	540,0
Hagnaður (-tap)	**23,0**

Sjóðstreymi:

Hagnaður (-tap)	23,0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	500,0
Handbært fé frá rekstri	**523,0**
Fjárfestingarhreyfingar	
Veitt löng lán	3.000,0
Afborganir af veittum löngum lánum	1.200,0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	**-1.800,0**
Fjármögnunarhreyfingar	
Tekin löng lán	3.000,0
Afborganir af teknum löngum lánum	1.100,0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	**1.900,0**
Breyting á handbæru fé	**623,0**
Handbært fé í ársbyrjun	1.000,0
Handbært fé í árslok	1.623,0

361. Frumvarp til laga [244. mál]

um breyting á lögum um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. A laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Þó er félögum skv. 1. gr. heimilt þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t.d. vegna erlends eignarhalds eða erlendra stjórnarmanna, að texti bókhaldsbókanna sé á dönsku eða ensku.
b. Í stað tilvísunarinnar „sbr. 2. mgr. 11. gr.“ í 2. mgr. kemur: sbr. 2. mgr. 7. gr.
c. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. hafa félög, skv. 1. gr., heimild til að varðveita gögn skv. 1. mgr. erlendis í allt að sex mánuði.
b. Í stað orðanna „tölvubúnaði“ og „tölvutækan“ í 3. mgr. kemur: rafrænum útbúnaði; og: rafrænan.

3. gr.

Við 3. mgr. 25. gr. laganna bætist við nýr málsliður sem orðast svo: Þó er félögum skv. 1. gr. heimilt þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t.d. vegna erlends eignarhalds eða erlendra stjórnarmanna, að texti ársreiknings sé á dönsku eða ensku.

4. gr.

32. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Endurskoðun ársreikninga.

Félagsmenn í félögum sem ber að semja ársreikninga samkvæmt þessum kafla sem fara með minnst einn fimmta hluta atkvæða í félagi, geta á félagsfundi krafist þess, ef ekki er um það getið í samþykktum félagsins, að kosinn verði a.m.k. einn endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki. Ákvæði laga um endurskoðendur gilda um starf endurskoðanda sem kosinn er skv. 1. málsl.

Uppfylli endurskoðandi ekki lengur skilyrði til starfans skal stjórn félagsins annast um að valinn verði nýr endurskoðandi eins fljótt og unnt er og skal hann gegna því starfi þar til kosning getur farið fram.

Ef endurskoðandi telur að nauðsynlegar upplýsingar vanti í ársreikninginn eða skýrslu stjórnar eða upplýsingar séu villandi og enn fremur ef hann telur að fyrir liggi atvik sem varðað geti stjórnendur ábyrgð skal hann vekja athygli á því í áritun sinni.

5. gr.

Orðin „og skoðunarmenn“ í 33. gr. laganna falla brott.

6. gr.

34. gr. laganna orðast svo:

Ef endurskoðandi telur að nauðsynlegar upplýsingar vanti í ársreikninginn eða skýrslu stjórnar eða upplýsingar séu villandi og enn fremur ef hann telur að fyrir liggi atvik sem varðað geti stjórnendur ábyrgð skal hann vekja athygli á því í áritun sinni. Áritun endurskoðanda telst hluti ársreiknings og skal varðveitt ásamt honum.

Endurskoðandi á rétt á að sitja fundi félagsins þar sem fjallað er um ársreikninga. Honum er óheimilt að gefa einstökum félagsmönnum eða öðrum upplýsingar um hag félags umfram það sem fram kemur í ársreikningi.

7. gr.

35. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Skoðunarmenn.

Þeir sem taka að sér að semja ársreikninga fyrir félög, skv. 1. gr., sem ekki eru skyld til að kjósa endurskoðanda í samræmi við lög eða samþykktir sínar skulu hafa þá reynslu í bókhaldi og reikningsskilum sem með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins telst nauðsynleg til rækslu starfans. Þeir skulu staðfesta þá vinnu sem þeir inna af hendi varðandi reikningsskilin með undirskrift sinni og dagsetningu á ársreikninginn og telst undirskriftirn hluti ársreiknings.

Ef kosinn er skoðunarmaður, einn eða fleiri, úr hópi félagsmanna sem trúnaðarmaður þeirra gagnvart stjórn, í samræmi við samþykktir félagsins, skal hann fylgjast með því að farið hafi verið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar um öflun, ráðstöfun og ávöxtun fjármuna og önnur atriði í rekstrinum á reikningsárinu.

Skoðunarmönnum er óheimilt að gefa einstökum félagsmönnum eða öðrum upplýsingar um hag félags umfram það sem fram kemur í ársreikningi.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009. Hjá þeim sem hafa annað reikningsár en almanaksárið koma lög þessi þó ekki til framkvæmda fyrr en við upphaf fyrsta reikningsárs sem hefst eftir 1. janúar 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða lagafrumvarpi til breytinga á lögum um ársreikninga. Lög um bókhald hafa að geyma ákvæði um bókhaldsskyldu, bókfærslu og bókhaldsskjöl og geymslu þessara gagna, auk almennra ákvæða um ársreikninga fyrir önnur félög en þeirra sem falla undir lög um ársreikninga, en það eru hlutafélög, einkahlutafélög og samvinnufélög, auk tiltekinna sameignarfélaga og samlaga.

Meginbreytingar þær sem hér eru lagðar til eru í samræmi við breytingar í frumvarpi til breytinga á lögum um ársreikninga varðandi hlutverk endurskoðenda annars vegar og skoðunarmanna hins vegar. Til viðbótar er lagt til að heimild félaganna að hafa texta bókhaldsbóka og ársreikninga á dönsku eða ensku í stað íslensku verði víkkuð út til annarra félaga en þeirra sem hafa heimild til að hafa reikningsskilin í erlendum gjaldmiðli, svo og ákvæði varðandi geymslu bókhaldsgagna erlendis í allt að sex mánuði.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem leiða af lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, sem samþykkt voru á síðasta vorþingi. Töluverðar breytingar voru gerðar á áður gildandi lögum og reglum um endurskoðendur. Lögin taka til endurskoðenda og starfa þeirra

sem felast í endurskoðun eins og hún er skilgreind í lögunum. Samkvæmt þeim lögum geta ekki aðrir en þeir sem fá löggildingu ráðherra endurskoðað reikningsskil og áritað þau í samræmi við endurskoðunina. Í frumvarpi til breytinga á lögum um ársreikninga er lagt til að falla frá endurskoðunarskyldu minni félaga eins og þau eru skilgreind í 98. gr. laga um ársreikninga, sbr. 11. frumvarps til breytinga á þeim lögum. Er það í samræmi við heimild í 2. mgr. 51. gr. í fjórðu tilskipun Evrópusambandsins, um ársreikninga félaga með takmarkaðri ábyrgð, að falla frá endurskoðunarkröfu minni félaga.

Í lögum um bókhald er kosning endurskoðenda eða skoðunarmanna ekki gerð að skyldu hjá þeim félögum sem semja ber ársreikninga sína samkvæmt III. kafla laganna eins og er með félög með takmarkaða ábyrgð félagsaðila sem semja ársreikninga í samræmi við lög um ársreikninga. Undir III. kafla bókhaldslaga falla margvísleg félög, sjóðir og stofnanir sem stofnsett eru og starfrækt um ýmis áhuga- og hagsmunamál félagsmanna. Mörg þessara félaga, sjóða og stofnana hafa með höndum fjármuni og velta milljónum króna árlega. Þau þurfa að gera félagsmönnum sínum og öðrum grein fyrir öflun og ráðstöfun þeirra. Telja verður eðlilegt að hagsmunir félagsmanna í slíkum félagsskap séu tryggðir með bókhaldsskyldu og samningu ársreiknings. Þessum félögum er í sjálfvald sett að kjósa sér endurskoðanda samkvæmt samþykktum sínu eða að kröfu a.m.k. 20% félagsmanna á fundi félagsins eða velja sér eða kjósa skoðunarmann eins og hann er skilgreindur í lögunum. Yfirleitt er í samþykktum þessara félaga, sjóða og stofnana ákvæði um að kjósa skuli endurskoðanda eða skoðunarmann ársreikninga sem er þá aðkeypt þjónusta bókhaldsfróðra manna eða að kosnir eru skoðunarmenn úr hópi félagsmanna, þ.e. félagskjörnir skoðunarmenn. Félagskjörinn skoðunarmaður er í reynd fulltrúi félagsmanna sem ekki hafa aðgang að bókhaldi félagsins. Ekki er gerð krafa til sérstakrar bókhaldskunnáttu hjá þeim og er hægt að fela þeim hvert það hlutverk sem félagsaðilar og samþykktir segja þeim varðandi yfirferð reikningsuppgjörsins eða önnur sértæk atriði er varðar rekstur félagsins. Engin breyting er lögð til á slíku fyrirkomulagi.

Orðið skoðunarmaður kemur víða fram í lögum og reglugerðum. Orðið kemur ekki alltaf fram með sömu merkinguna. Í átta lögum kemur það fram í tengslum við matsmenn verðmæta en í 13 lögum kemur það fram í tengslum við reikningsskil og ársreikninga. Skoðunarmenn eru skilgreindir í 32. gr. laga um bókhald sem „menn sem hafa þá reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum sem með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins er nauðsynleg til rækslu starfsins.“ Samkvæmt sveitastjórnarlögum, nr. 45/1998, eru tveir skoðunarmenn kosnir af sveitarstjórn „sem skulu yfirfara ársreikning sveitarfélagsins“ auk þess að athuga einstök fjárhagsleg málefni sveitarfélagsins. Jafnframt er sveitarfélaginu skylt að ráða „löggiltan endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtæki sem vinna skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu“. Í lögum um sértryggð skuldabréf, nr. 11/2008, kemur fram hugtakið „sjálfstæður skoðunarmaður“, þ.e. sá sem hefur eftirlit með útgáfu á sértryggðum skuldabréfum og staðfestir Fjármálaeftirlit skipan hans.

Í frumvarpinu er lagt til í 7. gr., sem er breyting á 35. gr. laganna, að þeir sem taki að sér að semja ársreikning skuli staðfesta þá vinnu sem þeir inna af hendi með undirskrift sinni og dagsetningu á ársreikninginn og telst sú undirskrift hluti hans. Er það ekki síst með tilliti til hagsmuna félagsmanna að ætla það með fulltingi laga að þeir sem veljast til slíkra starfa fyrir félagið eigi að hafa til að bera lágmarkskunnáttu í reikningsskilum sem með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins er nauðsynleg til rækslu starfsins. Tekið skal þó fram að vinna þeirra telst ekki vera endurskoðun þar sem hún er skilgreind í lögum um endurskoðendur sem

„óháð og kerfisbundin öflun gagna og mat á þeim í þeim tilgangi að láta í ljós rökstutt og faglegt álit endurskoðanda ...“.

Lagt er til að nota áfram orðið skoðunarmaður með sömu kröfum og er í lögum um bókhald um menn sem taka að sér að semja ársreikning fyrir félag jafnt sem einstaklinga í atvinnurekstri.

Vaxandi tilhneigingar félaga til að hafa texta ársreiknings á ensku kemur einkum af því að um erlenda eignaraðild og/eða stjórnaraðild er að ræða. Það er því aukakostnaður hjá þeim sem þurfa að láta þýða texta ársreiknings á íslensku aðeins vegna þess að það ber að birta hann opinberlega með framlagningu hans hjá ársreikningaskrá.

Því eru lagðar til breytingar á ákvæðinu um texta bókhaldsbókanna og ársreikninga Þegar heimilað var á árinu 2002 að félög gætu fengið að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðlum var jafnframt heimilað að þau ein mættu víkja frá því að texti bókhaldsbókanna og ársreikninga væri á íslensku. Texti mátti vera á dönsku eða ensku auk þess sem þau máttu hafa bókhaldsgögn sín erlendis vegna færslu bókhaldsins í allt að sex mánuði, en skylt var að flytja þau heim fyrr ef eftirlitsaðilar krefðust aðgangs að þeim. Reynsla sýnir að fjöldi félaga hafa ársreikninga sína á ensku þrátt fyrir að vera með reikningsskilin í íslenskum krónum og ekkert samband er á milli þess að færa bókhaldið í erlendum eða innlendum gjaldmiðli og texta bókhaldsins eða varðandi færslu bókhalds hérlendis eða erlendis. Er því lagt til í þessu frumvarpi að gera það að almennri heimild að texti bókhaldsbóka og ársreikninga megi vera á ensku eða dönsku og staðsetning bókhaldsgagna geti verið erlendis í allt að sex mánuði verði almenn og ekki bundin færslu þess í erlendum gjaldmiðli. Benda má á að rafrænt fært bókhald er að verða algengara og er þá alltaf óheftur aðgangur að rafrænum bókhaldsgögnum án tillits til hvar bókhald er vistað í heiminum. Tekið er þó fram að það verði að vera eðlilegar forsendur fyrir þessum frávikum, t.d. að um erlenda eignaraðild sé að ræða, svo og stjórnaraðild erlendra manna, þegar textinn er ekki á íslensku.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið er lagt til að það verði heimilað þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, og þá helst ef um erlenda eignaraðild eða stjórnaraðild er að ræða, að hafa texta bókhaldsbókanna á dönsku eða ensku.

Í b-lið er leiðrétt tilvísun til laga um ársreikninga, sem breyttist við endurútgáfu laganna.

Í c-lið er lagt til að fella brott 2. málsl. 2. mgr., þar sem kveðið er á um hvaða tungumál skuli notuð, en lagt er til að heimildin verði almenn, sbr. a-lið.

Um 2. gr.

Í a-lið er lagt er til að öll félög fái heimild til að varðveita bókhaldsgögn vegna færslu bókhalds þeirra erlendis í allt að sex mánuði án tillit til þess hvort þau færa bókhaldið í íslenskum gjaldmiðli eða erlendum.

Í b-lið er um samræmingu á orðanotkun að ræða. Hugtakið „rafrænn“ hefur rutt brott orðum á borð við tölvubúnaður og tölvutækur.

Um 3. gr.

Lagt er til að það verði heimilað þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, og þá helst ef um erlenda eignaraðild eða stjórnaraðild er að ræða, að hafa texta ársreiknings á dönsku eða ensku.

Um 4. gr.

1. mgr. fjallar um endurskoðun reikningsskila hjá þeim aðilum sem ekki falla undir ákvæði laga um ársreikninga. Lagt er til að ákvæðið um að félagsmenn sem fara með tuttugu prósent atkvæða í tilteknum félögum, sjóðum og stofnunum, þ.e. sem falla undir 7. tölul. 1. mgr. laganna, geti krafist þess á fundi að kosinn verði endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki verði nú látið ná til allra félaga sem falla undir 1. gr. Ákvæðið um skoðunarmann er fellt brott úr 32. gr. laganna og er vísað til 7. gr. frumvarpsins. 4. mgr. núverandi 32. gr. verður 2. málsl. 1. mgr. greinarinnar samkvæmt frumvarpinu.

2. mgr. er núverandi 3. mgr. 32. gr. en 2. mgr. greinarinnar, um skoðunarmenn, er felld brott.

3. mgr. er núverandi 2. mgr. 34. gr.

Um 5. gr.

Lagt er til að fellt verði brott orðið skoðunarmenn í 33. gr. laganna.

Um 6. gr.

Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er felld brott 1. mgr. 34. gr. laganna, um skoðunarmenn, en 2. mgr. verður 1. mgr., þá eru ákvæði 35. gr. um endurskoðendur færð í 34. gr.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að setja sérstakt ákvæði um skoðunarmenn. Eins og fram kemur í inngangi er um að ræða menn sem hafa þá bókhalds- og reikningsskilakunnáttu að geta fært bókhald og samið ársreikninga hjá þeim aðilum sem ekki er skyldir til að hafa endurskoðendur. Þar sem þetta orð hefur unnið sér inn þegnrétt í reikningsskilum er talið eðlilegt þó ekki sé nema fyrir hinn almenna félagsmann sem treystir á vinnu þessara manna að um þá sé fjallað í lögum um bókhald. Hér er lagt til að félög sem ekki eru skyld til að kjósa sér endurskoðanda í samræmi við lög eða samþykktir sem félögin setja sér geti snúið sér til aðila sem hafa þessa þekkingu. Er fyrst og fremst litið til þeirra sem hafa að atvinnu að bjóða fyrirtækjum þessa þjónustu. Einnig getur þessi vinna verið unnin innan félags eða fyrirtækis af launþega þess, jafnvel stjórnarmanni eða eiganda. Þegar svo er gert er ætlast til að viðkomandi staðfesti þá vinnu sem hann hefur innt af hendi og skili því til hins almenna félagsmanns með framlagningu ársreiknings á félagsfundi eða birtingu hans hjá ársreikningaskrá ef um skilaskylt félag er að ræða. Ábyrgð reikningsskila er alltaf á stjórn félags og breytir það í engu ábyrgð stjórnar þótt endurskoðandi áriti ársreikning eða skoðunarmaður staðfesti með undirritun vinnu sína.

Í 2. mgr. er tekið upp ákvæði, sem nú er í 1. mgr. 34. gr. laganna, um hlutverk félagskjörinna skoðunarmanna. Þeir eru fulltrúar félagsmanna sem ekki hafa aðgang að bókhaldi félagsins og eiga að gæta hagsmuna þeirra. Ekki er gerð krafa um sérstaka bókhaldskunnáttu en þeir þurfa að fullvissa sig um að eignir þær og skuldir sem eru tilgreindar séu raunverulega fyrir hendi og farið hafi verið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar varðandi tekjuöflun og kostnað. Einnig má fela þeim hvert það hlutverk sem félagsaðilar og samþykktir segja þeim varðandi önnur sértæk atriði er varðar rekstur félagsins.

Í 3. mgr. eru samsvarandi ákvæði um þagnarskyldu skoðunarmanna og endurskoðenda.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að lögin taki gildi 1. janúar 2009 en fyrir félög sem hafa annað reikningsár en almanaksárið taki lögin gildi við upphaf næsta reikningsárs eftir 1. janúar 2009.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem leiðir af lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, sem samþykkt voru á síðasta vorþingi. Samkvæmt þeim lögum geta ekki aðrir en þeir sem fá löggildingu ráðherra endurskoðað reikningsskil og áritað þau í samræmi við endurskoðunina. Meginbreytingar þær sem hér eru lagðar til eru í samræmi við breytingar í frumvarpi til breytinga á lögum um ársreikninga varðandi hlutverk endurskoðenda annars vegar og skoðunarmanna hins vegar. Til viðbótar er lagt til að heimild félaganna til að hafa texta bókhaldsbóka og ársreikninga á dönsku eða ensku í stað íslensku verði víkkuð út til annarra félaga en þeirra sem hafa heimild til að hafa reikningsskilin í erlendum gjaldmiðli, svo og ákvæði varðandi geymslu bókhaldsgagna erlendis í allt að sex mánuði.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

362. Frumvarp til laga [245. mál]

um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 1. gr. laganna:

a. Orðin „svo og dótturfélög sem eru innifalin í samstæðureikningsskilum þeirra“ í 1. tölul. falla brott.
b. Í stað fjárhæðanna „230.000.000 kr.“ og „460.000.000 kr.“ í 2. tölul. kemur: 250.000.000 kr.; og: 500.000.000 kr.
c. 3. tölul. orðast svo: Félög sem upp eru talin í 2. tölul. og eru undir þar tilgreindum stærðarmörkum, svo og sparisjóðir og skráð útibú erlendra félaga og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, sbr. lög nr. 33/1999.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „sjóðstreymi“ í 1. mgr. kemur: sbr. 28. gr.
b. 3. og 4. málsl. 1. mgr. falla brott.
c. Í stað 3. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Hafi ársreikningur verið endurskoðaður skal ársreikningurinn og áritun endurskoðanda mynda eina heild.

Hafi skoðunarmaður samið ársreikninginn, sbr. 35. gr. laga um bókhald, skal undirritun hans og dagsetning vera hluti ársreikningsins.

Ársreikningurinn skal lagður fram í samræmi við samþykktir félagsins en í síðasta lagi viku fyrir aðalfund.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þó er félögum skv. 1. gr. heimilt þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t.d. vegna erlends eignarhalds eða erlendra stjórnarmanna, að texti ársreiknings og samstæðureiknings sé á dönsku eða ensku. Skal gera grein fyrir ástæðunni í skýrslu stjórnar.
b. 3. málsl. 2. mgr. fellur brott.

4. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Ársreikningaskrá veitir heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill félagsins.

Starfrækslugjaldmiðill er sá gjaldmiðill sem vegur hlutfallslega mest í aðalefnahagsumhverfi félagsins. Aðalefnahagsumhverfið er þar sem félagið aðallega myndar og notar handbært fé. Við mat starfrækslugjaldmiðils skal litið til þess gjaldmiðils sem tekjur og gjöld af rekstrarhreyfingum eru ákvörðuð og greidd í enda sé það sá gjaldmiðill sem mest áhrif hefur á kostnaðarverð og söluverð vara og þjónustu félagsins, m.a. fyrir tilstilli samkeppnisafla, laga og reglna. Þá skal einnig litið til þeirra gjaldmiðla sem mestu varða við fjármögnun félagsins og varðveislu fjármuna þess.

Starfrækslugjaldmiðill skal vera skráður hjá Seðlabanka Íslands eða viðskiptabanka félagsins hér á landi.

Ráðherra getur sett reglugerð um nánari skilyrði fyrir veitingu heimildar samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Við 28. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Félög sem eru undanþegin að kjósa endurskoðanda, sbr. 1. mgr. 98. gr., hafa heimild til að falla frá að semja yfirlit um sjóðstreymi.

6. gr.

Á eftir 66. gr. b laganna kemur ný grein, 66. gr. c, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Góðir stjórnarhættir.

Félag skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal árlega birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í ársreikningi sínum. Í yfirlýsingunni skal koma fram eftirfarandi:

1. Tilvísanir í þær reglur um stjórnarhætti sem félagið fylgir eða fylgja ber samkvæmt lögum og upplýsingar um hvar slíkar reglur eru aðgengilegar almenningi, t.d. á vefsetri félagsins ef til er en ella annars staðar á netinu. Víki félagið frá hluta reglnanna eða hafi það ákveðið að beita ekki neinum ákvæðum reglna um stjórnarhætti skal greina frá ástæðum þess.
2. Lýsing á helstu þáttum innra eftirlitskerfis og áhættustýringarkerfi félagsins í tengslum við samningu reikningsskila.
3. Lýsing á samsetningu og starfsemi stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar og nefnda þeirra.

Sama gildir um samstæðureikningsskilin.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 68. gr. laganna:

a. Orðin „á reikningsskiladegi“ falla brott.
b. Í stað fjárhæðanna „230.000.000 kr.“ og „460.000.000 kr.“ kemur: 250.000.000 kr.; og: 500.000.000 kr.

8. gr.

4. mgr. 94. gr. laganna orðast svo:

Þegar um er að ræða félag sem er með skráða skrifstofu utan Evrópska efnahagssvæðisins en gefur út verðbréf sín sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarki hér á landi skal ársreikningaskrá hafa eftirlit með því hvort ársreikningur sem saminn er samkvæmt bindandi opinberum fyrirmælum heimaríkis er hliðstæður ákvæðum þessara laga.

9. gr.

Í stað orðanna „endurskoðunarfélag eða skoðunarmenn“ í 1. og 2. mgr. 96. gr. kemur: eða endurskoðunarfyrirtæki.

10. gr.

2. mgr. 97. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 98. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 96. gr. er félögum, sem ekki fara fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum tvö ár í röð, ekki skylt að kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki, sbr. þó 3.–5. mgr., til að endurskoða ársreikninga sína:

1. eignir nema 150.000.000 kr.,
2. rekstrartekjur nema 300.000.000 kr.,
3. fjöldi ársverka á reikningsári er 50.

Þegar ljóst er við stofnun félags eða upphaf rekstrar að einhverjum framangreindum mörkum verði þegar náð er skylt að kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

b. Í stað orðanna „skulu kjósa einn endurskoðanda“ í 2. og 4. mgr. kemur: falla ekki undir 1. mgr.
c. 3. mgr. orðast svo:
   Félög sem ekki leggja hömlur á viðskipti með eignarhluta falla ekki undir 1. mgr.
d. 5. mgr. orðast svo:
   Félagsmenn, sem fara með minnst einn fimmta hluta atkvæða á fundi félags sem ekki er skylt að kjósa endurskoðanda skv. 1. mgr, geta á fundi krafist þess að kosinn verði a.m.k. einn endurskoðandi.
e. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ákvæði 1. mgr. nær þó ekki til móðurfélags ef því er skylt að semja samstæðureikning skv. 1. mgr. 68. gr.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 99. gr. laganna:

a. Orðin „eða skoðunarmönnum“ í 1. mgr. falla brott.
b. 3. mgr. fellur brott.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 100. gr. laganna:

a. Orðin „eða skoðunarmanna“ og „eða skoðunarmaður“ í 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „og skoðunarmenn“ í 2. mgr. falla brott.
c. Orðin „eða skoðunarmanns“ og „eða skoðunarmaður“ í 3. mgr. falla brott.
d. Orðin „eða skoðunarmaður“ í 4. mgr. falla brott.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 101. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „eða skoðunarmaður er ekki valinn“ í 1. mgr. kemur: er ekki kosinn.
b. Í stað orðsins „laganna“ í 1. mgr. kemur: laga um endurskoðendur.
c. Orðin „eða skoðunarmann“ í 1. mgr. falla brott.
d. Orðin „eða skoðunarmanns“ og „eða skoðunarmaður“ í 3. mgr. falla brott.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 102. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Endurskoðendur skulu endurskoða ársreikninginn í samræmi við lög um endurskoðendur.
b. Orðin „eða skoðunarmenn“ í 2. og 3. mgr. falla brott.
c. 4. mgr. fellur brott.
d. Orðin „eða skoðunarmaður“ í 5. mgr. falla brott.
e. Í stað orðanna „lögum, félagssamþykktum eða góðri endurskoðunarvenju“ kemur: lögum og félagssamþykktum.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 103. gr. laganna:

a. Orðin „eða skoðunarmenn“ og „og skoðunarmönnum“ í 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „og skoðunarmönnum“ og „eða skoðunarmenn“ í 2. mgr. falla brott.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 104. gr. laganna:

a. Orðin „eða skoðunarmenn“ í 1. mgr. falla brott.
b. 2. og 3. mgr. orðast svo:

Áritun endurskoðenda skal a.m.k. innihalda:

1. inngang þar sem fram kemur hvaða ársreikning er verið að endurskoða og hvaða reikningsskilareglum hefur verið beitt við samningu ársreiknings,
2. lýsingu á umfangi endurskoðunar þar sem fram koma a.m.k. þær endurskoðunarreglur sem notaðar voru,
3. álit endurskoðenda um hvort ársreikningurinn gefur glögga mynd samkvæmt viðeigandi reikningsskilareglum og, eftir því sem við á, hvort ársreikningurinn uppfyllir lögboðnar kröfur; áritunin skal vera án fyrirvara, með fyrirvara, neikvæð eða ef þeir geta ekki gefið álit skal gerð grein fyrir því,
4. tilvísun til mála sem endurskoðendur vekja sérstaka athygli á án þess að gefa áritun með fyrirvara,
5. álit um það hvort skýrsla stjórnar hefur að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ársreikninginn og skulu endurskoðendur vekja athygli á því í áritun sinni ef svo er ekki.

Endurskoðendur skulu skrifa undir og dagsetja áritunina.

18. gr.

Orðin „eða skoðunarmenn“ í 105. gr. laganna falla brott.

19. gr.

106. gr. laganna fellur brott.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 107. gr. laganna:

a. Orðin „og skoðunarmenn“ í 1. og 3. mgr. falla brott.
b. Orðin „eða skoðunarmenn“ í 2. mgr. falla brott.

21. gr.

108. gr. laganna fellur brott.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 109. gr. laganna:

a. Orðin „ásamt áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna“ í 1. og 2. mgr. falla brott.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fjármálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um gjaldtöku fyrir aðgang að gögnum hjá ársreikningaskrá.

23. gr.

Orðin „með áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna“ í 1. mgr. 111. gr. laganna falla brott.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 116. gr. laganna:

a. Orðin „á reikningsskiladegi“ í 1. og 2. mgr. falla brott.
b. Í stað fjárhæðanna „575.000.000 kr.“ og „1.150.000.000 kr.“ í 1. mgr. kemur: 600.000.000 kr.; og: 1.200.000.000 kr.
c. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sömu stærðarmörk gilda um rekstrarreikning samstæðureiknings.

25. gr.

118. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra getur skipað fimm sérfróða menn til fjögurra ára í senn í nefnd sem nefnist reikningsskilaráð. Skal einn nefndarmanna vera tilnefndur af Félagi löggiltra endurskoðenda, einn tilnefndur af Samtökum fjármálafyrirtækja og einn tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins. Tveir nefndarmanna eru skipaðir af fjármálaráðherra og skal annar þeirra tengjast kennslu í reikningshaldi á háskólastigi. Fjármálaráðherra skipar formann reikningsskilaráðs úr hópi nefndarmanna.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 123. gr. laganna:

a. Orðin „eða skoðunarmenn“ falla brott.
b. Í stað orðsins „laganna“ í 1. tölul. kemur: laga um endurskoðendur.
c. Í stað orðanna „góða endurskoðunarvenju“ kemur: lög um endurskoðendur.
d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Enn fremur gerast aðrir þeir sekir um refsiverð brot gegn lögum þessum sem aðstoða við samningu ársreiknings og gefa rangar eða villandi upplýsingar eða láta hjá líða að geta um mikilsverð atriði er snerta rekstrarafkomu eða efnahag félagsins.

27. gr.

Í stað ártalsins „2004“ í 2. mgr. 127. gr. laganna kemur: 2008.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 128. gr. laganna:

a. Í stað tilvísunarinnar „og 2004/109/EB“ í 128. gr. kemur: 2004/109/EB, 2006/43/EB og 2006/46/EB.
b. Við greinina bætist: svo og reglugerðar Framkvæmdastjórnarinnar nr. 1569/2007/EB.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög.

29. gr.

4. tölul. 5. gr. laganna orðast svo: Fjölda stjórnarmanna og varastjórnarmanna, svo og hvernig kjöri þeirra skuli háttað.

30. gr.

Orðin „og endurskoðendur eða skoðunarmenn“ í 6. gr. laganna falla brott.

31. gr.

Orðin „endurskoðenda, skoðunarmanna“ í 4. tölul. 11. gr. laganna falla brott.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna ásamt skýrslu stjórnar um hag félagsins“ í 1. mgr. kemur: í samræmi við 3. gr. laga um ársreikninga.
b. Orðin „endurskoðenda og skoðunarmanna“ í c-lið 2. mgr. falla brott.
c. Orðin „endurskoðenda og skoðunarmanna“ í d-lið 2. mgr. falla brott.

33. gr.

Orðin „endurskoðenda og skoðunarmanna“ í 1. mgr. 35. gr. laganna falla brott.

34. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „endurskoðendum og skoðunarmönnum þess og, þegar við á þeim sem málið varðar“ í 1. mgr. kemur: og, þegar við á, þeim sem málið varðar, þar á meðal endurskoðanda hafi hann verið kosinn.
b. Orðin „eða skoðunarmanna“ í 2. mgr. falla brott.

35. gr.

Orðin „endurskoðanda eða skoðunarmanns“ 1. mgr. 61. gr. c laganna falla brott.

36. gr.

Orðin „Endurskoðaðir og samþykktir“ í 6. tölul. 62. gr. a laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 45/2003, falla brott.

37. gr.

Í stað orðanna „endurskoðendur og skoðunarmenn“ í 1. mgr. 74. gr. laganna kemur: og endurskoðandi hafi hann verið kosinn, svo og skoðunarmaður.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

38. gr.

Í stað orðanna „kjörtímabil stjórnarmanna, fjölda endurskoðenda eða skoðunarmanna og kjörtímabil þeirra“ í 6. tölul. 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: svo og kjörtímabil þeirra.

39. gr.

Orðin „og endurskoðendur eða skoðunarmenn“ í 2. mgr. 8. gr. laganna falla brott.

40. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 23. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „þessa reikninga“ í a-lið kemur: ef hún hefur verið samin.
b. Orðin „eða skoðunarmanna“ í c-lið falla brott; og við sama lið bætist: hafi þeir verið kosnir.

41. gr.

Í stað orðanna „og skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna“ í 2. málsl. 1. mgr. 59. gr. laganna kemur: í samræmi við 3. gr. laga um ársreikninga.

42. gr.

Orðin „endurskoðandi, skoðunarmaður“ í 2. mgr. 62. gr. laganna falla brott.

43. gr.

Í stað orðanna „skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda eða skoðunarmanna“ í 4. mgr. 63. gr. laganna kemur: í samræmi við 3. gr. laga um ársreikninga.

44. gr.

Orðin „eða skoðunarmanna“ í 2. mgr. 72. gr. laganna falla brott.

45. gr.

Orðin „endurskoðaðir og samþykktir“ í 3. tölul. 1. mgr. 82. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 52/2003, falla brott.

46. gr.

Orðin „endurskoðanda eða skoðunarmanns“ í 1. mgr. 83. gr. laganna falla brott.

47. gr.

Orðin „eða skoðunarmenn“ í 8. tölul. 95. gr. laganna falla brott.

48. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 97. gr. laganna:

a. Orðin „eða skoðunarmaður“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „eða skoðunarmenn“ í 2. málsl. 1. mgr. falla brott.
c. Orðin „eða skoðunarmaður“ í 4. mgr. falla brott.

49. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 98. gr. laganna:

a. Orðin „eða skoðunarmanns“ í 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „eða skoðunarmaður“ í 2. mgr. falla brott.

50. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 99. gr. laganna:

a. Orðin „eða skoðunarmanns“ í 4. mgr. falla brott.
b. Orðin „eða skoðunarmanns“ í 5. tölul. 5. mgr. falla brott.

51. gr.

Orðin „eða skoðunarmaður“ í 1. mgr. 101. gr. laganna falla brott.

52. gr.

Orðin „endurskoðenda eða skoðunarmanna“ og „og endurskoðendur eða skoðunarmenn“ í 5. mgr. 102. gr. laganna falla brott.

53. gr.

Orðin „eða skoðunarmenn“ í 3. mgr. 104. gr. laganna falla brott.

54. gr.

Orðin „eða skoðunarmaður“ í 107. gr. e laganna falla brott.

55. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 122. gr. laganna:

a. Orðin „svo og endurskoðenda eða skoðunarmanna“ í 3. tölul. 1. mgr. falla brott.
b. 3. tölul. 3. mgr. orðast svo: sönnur fyrir því að stofnendur uppfylli þau skilyrði er um ræðir í 3. gr. og stjórnarmenn og framkvæmdastjóri þau skilyrði sem um getur í 42. gr.

IV. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

56. gr.

Orðin „svo og endurskoðenda eða skoðunarmanna“ í 6. tölul. 2. mgr. 9. gr. laganna falla brott.

57. gr.

Orðin „og endurskoðendur“ í 4. mgr. 13. gr. laganna falla brott.

58. gr.

Við a-lið 2. mgr. 33. gr. laganna bætist: ef hún hefur verið samin.

59. gr.

Í stað tilvísunarinnar „skv. 1.–3. mgr. 98. gr. laga nr. 3/2006“ í 1. mgr. 79. gr. a laganna kemur: skv. 1. mgr. 96. gr., sbr. þó 98. gr. laga nr. 3/2006.

60. gr.

Í stað orðanna: „og skýrslu endurskoðenda eða skoðunarmanna“ í 2. málsl. 1. mgr. 84. gr. laganna kemur: í samræmi við 3. gr. laga um ársreikninga.

61. gr.

Orðin „endurskoðandi, skoðunarmaður“ í 2. mgr. 87. gr. laganna falla brott.

62. gr.

Í stað orðanna „skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda eða skoðunarmanna“ í 4. mgr. 88. gr. laganna kemur: í samræmi við 3. gr. laga um ársreikninga.

63. gr.

Orðin „eða skoðunarmanna“ í 2. mgr. 97. gr. laganna falla brott.

64. gr.

Orðin „endurskoðaðir og samþykktir“ í 4. tölul. 1. mgr. 107. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 39/2003, falla brott.

65. gr.

Orðin „endurskoðanda eða skoðunarmanns“ í 1. mgr. 108. gr. laganna falla brott.

66. gr.

Í stað orðanna „og endurskoðendur eða skoðunarmenn eru ekki kosnir strax“ 5. mgr. 127. gr. laganna kemur: er ekki kosin strax.

67. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 148. gr. laganna:

a. Orðin „svo og nöfn, kennitölu og heimilisföng endurskoðenda eða skoðunarmanna“ í 3. tölul. 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „og endurskoðendur eða skoðunarmenn þau hæfisskilyrði er getur í lögum um ársreikninga, ásamt skriflegri staðfestingu á að þeir hafi tekið endurskoðunina að sér“ í 3. tölul. 3. mgr. falla brott.

V. KAFLI
Breyting á lögum nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

68. gr.

Í stað orðanna „(eða endurskoðunarfélaga) eða skoðunarmanna“ í h-lið 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: eða endurskoðunarfyrirtækja.

69. gr.

Orðin „eða skoðunarmenn“ í 3. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

70. gr.

Orðin „ eða skoðunarmanni“ í 1. mgr. 13. gr. laganna falla brott.

71. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „(eða endurskoðunarfélög) eða skoðunarmenn“ í 1. málsl. kemur: eða endurskoðunarfyrirtæki.
b. Orðin „eða skoðunarmanns“ í 3. málsl. falla brott.

72. gr.

Orðin „eða skoðunarmanna“ í 31. gr. laganna falla brott.

73. gr.

Orðið „skoðunarmönnum“ í 34. gr. laganna fellur brott.

74. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „endurskoðendur og skoðunarmenn“ í 1. mgr. kemur: og endurskoðendur.
b. Orðin „eða skoðunarmönnum“ í 3. mgr. falla brott.

75. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Orðin „eða skoðunarmanna“ í 6. tölul. 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „eða skoðunarmenn“ í 3. tölul. 3. mgr. falla brott.

76. gr.

Orðin „eða skoðunarmanna“ í 2. mgr. 39. gr. laganna falla brott.

77. gr.

Orðið „skoðunarmenn“ í 42. gr. fellur brott.

78. gr.

Orðin „eða skoðunarmanna“ í 2. mgr. 45. gr. laganna falla brott.

VI. KAFLI
Breyting á lögum nr. 66/2003, um húsnæðissamvinnufélög.

79. gr.

Orðin „og endurskoðendur eða skoðunarmenn.“ í 1. mgr. 3. gr. falla brott.

80. gr.

Orðin „skoðunarmanna og endurskoðenda“ í 8. tölul. 2. mgr. 4. gr. laganna falla brott en á eftir orðinu „stjórnarmanna“ í sama lið kemur: og.

VII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 26/2004, um Evrópufélög.

81. gr.

Orðin „eða skoðunarmanna“ í 2. tölul. 17. gr. laganna falla brott.

82. gr.

Orðið „skoðunarmanni“ í 25. gr. laganna falla brott.

VIII. KAFLI
Breyting á lögum nr. 92/2006, um evrópsk samvinnufélög.

83. gr.

Orðin „eða skoðunarmanna“ í 2. tölul. 1. mgr. 18. gr. laganna falla brott.

84. gr.

Orðið „skoðunarmanni“ í 26. gr. laganna falla brott.

IX. KAFLI
Breyting á lögum nr. 26/1994, um fjöleignarhús.

85. gr.

Í stað orðsins „endurskoðanda“ í 6. tölul. 61. gr. laganna kemur: skoðunarmanns.

86. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 73. gr. laganna:

a. 1. og 2. mgr. orðast svo:

Skoðunarmaður, sem kjörinn skal á aðalfundi til eins árs í senn, skal staðreyna og staðfesta að sameiginlegum kostnaði sé skipt í samræmi við ákvæði laga þessara.

Sé þess krafist af minnst ⅕ hluta félagsmanna á félagsfundi, annaðhvort miðað við fjölda eða eignarhluta, skal kjósa endurskoðanda eða endurskoðandafyrirtæki ef ekki er um það getið í samþykktum félagsins.

b. Fyrirsögn greinarinnar fellur brott.

X. KAFLI
Breyting á lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands.

87. gr.

Í stað 1.–3. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna koma tveir málsliðir, svohljóðandi: Stjórn stofnunarinnar skal velja einn endurskoðanda til að endurskoða ársreikning stofnunarinnar. Ráðherra skal tilnefna skoðunarmann eða endurskoðanda.

XI. KAFLI
Gildistaka.

88. gr.

I. kafli laga þessara öðlast þegar gildi og skal gilda um ársreikninga og samstæðureikninga fyrir hvert það reikningsár sem hefst 1. janúar 2008 eða síðar.

II.–X. kafli laga þessara öðlast gildi 1. janúar 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta skiptist í ellefu kafla. Megintillögur þessa frumvarps eru breytingar sem leiðir af lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, sem sett voru á síðasta þingi. Samkvæmt þeim lögum geta ekki aðrir en þeir sem fá löggildingu ráðherra endurskoðað reikningsskil og áritað þau í samræmi við endurskoðunina. Meginbreytingar þær sem hér eru lagðar til leiðir af því að breyta gildandi lögum sem leggja störf endurskoðenda og skoðunarmanna að jöfnu. Þá verður í framhaldi af því að fylgja þeirri breytingu eftir með breytingum á löggjöf í félagarétti, svo sem lögum um hlutafélög, einkahlutafélög og fleiri lögum, sem gera kröfu um kosningu endurskoðenda og/eða skoðunarmanna í samþykktum sínum og framlagningu endurskoðaðra ársreikninga. Í frumvarpinu til breytinga á lögum um ársreikninga er lagt til að fallið verði frá endurskoðunarskyldu minni félaga eins og þau eru skilgreind 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna. Er það í samræmi við heimild í 2. mgr. 51. gr. fjórðu tilskipunar Evrópusambandsins, um ársreikninga félaga með takmarkaðri ábyrgð, til að falla frá endurskoðunarkröfu minni félaga. Til þess að slík niðurfelling verði að veruleika verður að fella ýmis ákvæði úr öðrum félagaréttarlögum, t.d. lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, sem skylda þau til að tiltaka í samþykktum sínum val á endurskoðanda eða skoðunarmanni og framlagningar endurskoðaðra ársreikninga á aðalfundi. Þeim félögum sem fara yfir til-

greind stærðarmörk í tvö samfelld reikningsár verður skylt að kjósa sér endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki. Enda þótt endurskoðunarskyldunni verði aflétt af litlum félögum verður eftir sem áður svo að félög munu leita eftir aðstoð annaðhvort endurskoðenda eða annarra manna sem hafa þá kunnáttu í reikningsskilum og hafa atvinnu af að bjóða þessum fyrirtækjum þjónustu sína ef þau hafa ekki í starfsliði sínu slíka kunnáttumenn í reikningsskilum.

Þær tillögur sem lagðar eru fram í þessu frumvarpi til breytinga á lögum um ársreikninga eru þrenns konar: Breytingar sem leiðir af lögum um endurskoðendur sem sett voru á síðasta þingi, breytingar til skýringar á starfrækslugjaldmiðli og breytingar vegna innleiðingar ákvæða Evróputilskipana auk lagfæringa á nokkrum greinum laganna.

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar sem leiðir af lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, sem samþykkt voru á síðasta vorþingi. Í því frumvarpi var boðað frumvarp til frekari breytinga á lögum um ársreikninga. Töluverðar breytingar voru gerðar á áður gildandi lögum og reglum um endurskoðendur. Lögin taka til endurskoðenda og starfa þeirra sem felast í endurskoðun eins og hún er skilgreind í lögunum. Samkvæmt þeim lögum geta ekki aðrir en þeir sem fá löggildingu ráðherra endurskoðað reikningsskil og áritað þau í samræmi við endurskoðunina.

Í núgildandi lögum er krafist þess að félög sem semja skulu ársreikninga í samræmi við þessi lög, þ.e. félög með takmarkaða ábyrgð félagsaðila, sem fara yfir tilgreind stærðarmörk 98. gr. laganna kjósi sér endurskoðendur, einn eða fleiri, eða endurskoðunarfyrirtæki á félagsfundi. Félög sem eru undir þeim mörkum skulu kjósa sér annaðhvort endurskoðanda, endurskoðunarfyrirtæki eða skoðunarmann. Skoðunarmaður er án endurskoðunarréttinda sem skal hafa samkvæmt ákvæðum laganna þá kunnáttu í bókhaldi og viðskiptaháttum sem með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins er talin nauðsynleg til rækslu starfans. Við setningu laganna 1994 var talið eðlilegt, þar sem um var að ræða opinbera birtingu ársreikninga til almennings, að ársreikningar væru sem kalla mætti uppáskrifaðir af þriðja aðila sem væri utanaðkomandi aðili. Endurskoðendur og skoðunarmenn eru því oftast nefndir saman í lagaákvæðunum þegar fjallað er um aðkomu þeirra að reikningsskilum félaga. Það má orða það svo að störf þeirra hafa verið gerð jafngild í núgildandi lögum varðandi vinnu þeirra við samningu ársreikninga minni félaga sem ekki eru skyld til að kjósa endurskoðanda. Með breytingu laga um endurskoðendur sem byggist á áttundu félagatilskipun Evrópuþingsins og ráðsins eru lagðar ríkari kröfur á endurskoðendur, menntun þeirra og ábyrgð og er því engan veginn hægt að leggja að jöfnu starf og stöðu endurskoðanda og skoðunarmanns. Þar af leiðandi verður að breyta núverandi lögum sem leggja störf þeirra að jöfnu.

Orðið skoðunarmaður kemur víða fram í lögum og reglugerðum. Orðið kemur ekki alltaf fram með sömu merkinguna. Í átta lögum kemur það fram í tengslum við matsmenn verðmæta en í 13 lögum kemur það fram í tengslum við reikningsskil og ársreikninga. Skoðunarmenn eru skilgreindir í 32. gr. laga um bókhald sem „menn sem hafa þá reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum sem með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins er nauðsynleg til rækslu starfsins“. Lagt er til í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um bókhald að færa þessi skilyrði í 35. gr. þeirra laga.

Þeir sem taka að sér að semja ársreikninga skulu staðfesta þá vinnu sem þeir inna af hendi varðandi reikningsskilin með undirskrift sinni og dagsetningu á ársreikninginn og telst sú undirskrift hluti hans. Er það ekki síst með tilliti til hagsmuna félagsmanna að mega vita það að þeir sem veljast til slíkra starfa fyrir félagið eigi að hafa til að bera lágmarkskunnáttu í reikningsskilum. Meginhluti félaga sem semja ber ársreikninga samkvæmt lögum um árs-

reikninga er þó eins manns einkahlutafélög þar sem engir aðrir en eigendur koma að allri fjárhagslegri ákvörðunartöku. Engu síður verða flestir þessara aðila að kaupa þessa þjónustu þó ekki sé nema vegna framtalsskila og framlagningar ársreiknings hjá ársreikningaskrá. Vinna þeirra telst þó ekki vera endurskoðun þar sem hún er skilgreind í lögum um endurskoðendur sem „óháð og kerfisbundin öflun gagna og mat á þeim í þeim tilgangi að láta í ljós rökstutt og faglegt álit endurskoðanda ...“.

Lagt er því til í þessu frumvarpi að nota áfram orðið skoðunarmaður með sömu skilgreiningu og er í lögum um bókhald um aðila sem taka að sér að semja ársreikninga fyrir félög jafnt sem einstaklinga í atvinnurekstri.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að til félaga sem ekki verða skyld til að kjósa sér endurskoðanda í samræmi við 98. gr. laganna eru gerðar sömu kröfur til trúverðugleika rekstrar- og efnahagsreikninga og ábyrgð stjórna þeirra er hin sama á ársreikningnum án tillits til þess hver semur ársreikninginn.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á 8. gr. laganna um sem fjallar um þau skilyrði sem félög verða að uppfylla til að fá heimild ársreikningaskrár til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Það er ekki um að ræða efnisbreytingu á ákvæðinu en í ljósi reynslu sem komin er á veitingu þessarar heimildar er lagt til að ákvæðið verði gert skýrara.

Í skýrslu nefndar til fjármálaráðherra sem vann að samningu frumvarps til laga á árinu 2001 um að heimila félögum að uppfylltum tilgreindum skilyrðum að færa bókhald og semja ársreikninga sína í erlendum gjaldmiðli kemur fram að það geti aukið áhuga erlendra fjárfesta á íslenskum fyrirtækjum og búi til umhverfi sem gerir fjölþjóðlegum fyrirtækjum kleift að hafa meginstarfsstöð hérlendis. Það mundi því auðvelda erlendum félögum að stofna dótturfélög eða útibú hér á landi og íslenskum félögum að stofna dótturfélög erlendis þegar þau geta bókað viðskipti sín í sama gjaldmiðli. Með því að opna fyrir þann möguleika að heimila félögum að færa bókhald í erlendum gjaldmiðli sé verið að koma á móts við íslensk félög sem eru í samkeppni á alþjóðlegum markaði bæði um sölu framleiðslu sinnar og um erlent fjármagn. Einnig kemur fram það álit nefndarinnar að fyrst og fremst yrði að líta til þess að viðskipti félags tengdist erlendu viðskiptaumhverfi, tekjuöflun félagsins byggðist á erlendum gjaldmiðli sem upprunafjárhæð og sýndi þannig veruleg tengsl félags við tiltekinn gjaldmiðil. Óljós greinarmunur er gerður í lagasetningunni á því hvort verið væri að veita móðurfélaginu heimildina eða reikningsskilum samstæðunnar. Reynslan sýnir að það eru ekki viðskipti milli eða innan samstæðu sem ráða úrslitum um hvort félag fái heimild til reikningsskila í erlendum gjaldmiðlum heldur tengsl félags við erlenda gjaldmiðla í viðskiptum sínum. Lagt er því til að upptalning þessara fjögurra töluliða í 8. gr. verði felld brott en í staðinn komi nánari skilgreining á starfrækslugjaldmiðlinum í samræmi við ákvæði alþjóðlega reikningsskilastaðalsins nr. 21, um áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla.

Í staðlinum er mælt fyrir um það hvernig skuli bóka viðskipti í erlendum gjaldmiðli og umreikning rekstrarafkomu og fjárhagsstöðu erlends rekstrar sem talinn er með í reikningsskilum samstæðunnar, enn fremur hvernig skuli umreikna reikningsskil úr starfrækslugjaldmiðli yfir í framsetningargjaldmiðil.

Staðallinn mælir aftur á móti alls ekki fyrir um að ákvarða skuli starfrækslugjaldmiðil fyrir samstæðuna sem slíka og hugtakið „starfrækslugjaldmiðill samstæðu“ er þar ekki að finna. Við samningu samstæðureiknings þegar í samstæðunni eru félög, þ.e. móðurfélag ásamt einu eða fleiri dótturfélögum starfandi víðs vegar um heim, sem hafa mismunandi starfrækslugjaldmiðla eðli málsins samkvæmt verður að yfirfæra ársreikninga þeirra í einn og sama gjaldmiðilinn í reikningsskilum samstæðunnar. Komi fleiri en einn gjaldmiðill til álita er sá

gjaldmiðill valinn sem gefur bestu mynd af samstæðunni sem heild, en algengast er að samstæðureikningur sé saminn í starfrækslugjaldmiðli móðurfélags.

Ef félag vill kynna og birta reikningsskil sín í öðrum gjaldmiðli en starfrækslugjaldmiðli er það kallað framsetningargjaldmiðill. Verður félagið að umreikna eða þýða reikningsskilin yfir í þann gjaldmiðil eftir reglum staðalsins. Það er ágreiningslaust að öll félög hafa heimild til að umreikna ársreikning sem saminn er í samræmi við bókhaldsfærslur rekstrareiningarinnar í starfrækslugjaldmiðli yfir í annan gjaldmiðil, framsetningargjaldmiðil, til að kynna niðurstöðu rekstrarárangurs félagsins á öðrum viðskiptamörkuðum. Munurinn er sá að allar fjárhæðir eru metnar og mældar í starfrækslugjaldmiðlinum sem síðan eru yfirfærðar í framsetningargjaldmiðilinn án þess að verða endurmetnar og endurmældar í þeim gjaldmiðli.

Samkvæmt staðlinum skal miða starfrækslugjaldmiðilinn við það efnahagsumhverfi sem félag starfar í og mest áhrif hefur á söluverð vöru og þjónustu. Einkum skal litið til gjaldmiðilsins sem ákvarðar söluverð vöru og þjónustu fyrir tilstilli samkeppnisafla, laga og reglugerða og mest áhrif hefur á rekstrarkostnað félags og fjármögnun þess. Líta verður því til starfsumhverfis sem fyrirtækið starfar og hrærist í og hvaða kröfur skuli gera til tengsla félags við erlent viðskiptaumhverfi.

Í staðlinum kemur fram að félagið hafi ekki frjálst val um ákvörðun á starfrækslugjaldmiðli og skuli ákvarða þann gjaldmiðil eftir þeim reglum sem settar eru fram í 9.–14. gr. staðalsins. Meginefni þeirrar skilgreiningar er að starfrækslugjaldmiðill „er gjaldmiðill aðalefnahagsumhverfis sem rekstrareiningin starfar í“.

Því getur verið álitamál hvort félag uppfylli þau skilyrði sem þar eru talin fram til að taka einn gjaldmiðil fram yfir annan gjaldmiðil, þ.m.t. gjaldmiðil heimaríkis félagsins. Það er því litið svo á að félög leiti heimildar til að færa bókhald sitt og semja í framhaldi af því ársreikning í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum. Það sé gert án tillits til þess hvort félaginu beri eða það hafi heimild til að semja ársreikning sinn og/eða samstæðureikning samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Benda má á að ársreikningaskrá hefur á grundvelli eftirlitsskyldu sinnar skv. 94. gr. laganna með félögum sem beita reglum alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna skyldu til að taka afstöðu til ákvarðana félaga á túlkun og framkvæmd staðlanna. Það er því eðlilegt að félög sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum leiti til ársreikningaskrár fyrir fram um ákvörðun um starfrækslugjaldmiðil þannig að ekki þurfi að hafna eða gera athugasemd við framlagða ársreikninga á skipulegum verðbréfamarkaði ef eftirlitsaðilinn, þ.e. ársreikningaskrá, er ósammála ákvörðun félagsins. Telja verður því að öllum félögum beri að leita heimildar ársreikningaskrár til að fá að færa bókhald og semja ársreikninga í öðrum gjaldmiðli en íslenskri krónu. Heimild ársreikningaskrár tekur því fyrst og fremst til færslumiðils í bókhaldi viðkomandi félags og við samningu ársreiknings.

Í þriðja lagi er lagt til að koma til framkvæmda hér á landi ákveðnum þáttum tilskipunar Evrópuþings og ráðsins nr. 2006/46/EB um góða stjórnunarhætti skráðra félaga á skipulegum verðbréfamarkaði og reglugerðar framkvæmdastjórnar nr. 1569/2007/EB um eftirlit ársreikningaskrár með félögum utan EES-ríkjanna sem skrá verðbréf sín á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi. Reglugerðin leggur fram skilmála sem reikningsskilareglur þriðju ríkjanna þurfa að uppfylla til að vera jafngildar alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem Evrópusambandið samþykkir. Stefna Evrópusambandsins er að komið verði á alþjóðlegum reikningsskilareglum fyrir félög sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði í löndum þess. Þar til að það gerist er stefnan að nema á brott kostnaðarsamar afstemmingar milli reikningsskilareglna Evrópusambandsins og helstu viðskipalanda þess. Reikningsskilareglur þriðju ríkjanna er hægt að leggja að jöfnu við alþjóðlegar reikningsskilareglur sem Evrópu-

sambandið samþykkir ef ársreikningur félags er saminn eftir viðurkenndum reikningsskilareglum þriðja ríkisins, þannig að það gerir fjárfestum kleift að komast að sambærilegri fjárhagslegri stöðu þess sem semur ársreikninginn.

Auk þess eru aðrar minni háttar breytingar, svo sem viðmiðunarfjárhæðir í lögunum eru lítillega hækkaðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið er lagt til að fellt verði brott ákvæði um að undir 1. tölul. falli dótturfélög félaga sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamarkaði. Með lögum nr. 171/2007, um breyting á lögum um ársreikninga, var afnumin skylda dótturfélaga skráðra félaga á skipulegum verðbréfamarkaði til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eins og skráðu móðurfélagi. Með þessari breytingu falla þá dótturfélög þessara félaga undir 2.–4. tölul. þessarar greinar eftir stærð þeirra.

Í b-lið er fjárhæðum um skiptingu minni félaga og stærri félaga hækkuð en þessum fjárhæðum hefur ekki við breytt síðan árið 2000.

Í c-lið er um orðalagsbreytingu að ræða til að gera ákvæðið skýrara, þ.e. að undir það falla félög sem upp eru talin í 2. tölul. og eru undir þargreindum stærðarmörkum.

Um 2. gr.

Í a-lið er lagt er til að vísað verði til nýrrar málsgreinar 28. gr. sem kveður á um undanþágu minni félaga til að semja sjóðstreymisyfirlit.

Í b-lið er lagt til að ákvæði 3. og 4. málsl. 1. mgr. um áritun ársreiknings verði færð í 3.–4. mgr. greinarinnar.

Í c-lið er lagt til að ákvæði 3. mgr., sbr. 3. og 4. málsl. 1. mgr., verði umorðað og því skipt í þrjár málsgreinar og eru í 3. mgr. ákvæði um áritun endurskoðanda enda sé hann kosinn í samræmi við lögin eða samþykktir félagsins. Í 4. mgr. eru ákvæði um undirritun skoðunarmanns hafi hann verið ráðinn eða valinn samkvæmt samþykkt félagsins. Teljast þessar áritanir og staðfestingar sem hluti ársreiknings sem skal fylgja honum. Í 5. mgr. eru niðurlagsákvæði gildandi 3. mgr. um framlagningu ársreiknings fyrir aðalfund.

Um 3. gr.

Í a-lið er lagt til að það verði almenn heimild félaga þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, og þá helst að um erlenda eignaraðild eða stjórnaraðild er að ræða, að hafa texta ársreiknings á dönsku eða ensku.

Með b-lið greinarinnar er lagt til að lokamálsliður 2. mgr., sem veitti aðeins félögum sem heimild hafa til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli að hafa texta ársreiknings á dönsku eða ensku, verði felldur brott.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að umorða skuli 8. gr. laganna sem fjallar um skilyrði sem félög verða að uppfylla til að fá heimild ársreikningaskrár til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Lagt er til að upptalning umsóknarskilyrða í núgildandi 8. gr. verði felld brott en í staðinn komi nánari skýring á starfrækslugjaldmiðlinum í samræmi við ákvæði alþjóðareikningsskilastaðals IAS 21, um áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að þeim félögum sem ekki verða skyld til að kjósa endurskoðanda til að endurskoða ársreikning sinn verði heimilað að falla frá skyldunni að semja sjóðstreymisyfirlit. Oft og tíðum eru þetta smá fyrirtæki þar sem þýðing sjóðstreymisyfirlits er nánast engin.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði ákvæði 7. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/46/EB um góða stjórnunarhætti félaga sem eru með verðbréf sína skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Um 7. gr.

Í a-lið er lagt til að orðin „á reikningsskiladegi“ verði felld brott þar sem viðmiðunin miðast við lok reikningsárs.

Í b-lið er lagt til að viðmiðunarfjárhæðirnar verði hækkaðar eins og er lagt til í b-lið 1. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Hér er lögð til breyting á 4. mgr. við 94. gr. laganna um eftirlit ársreikningaskrár með félögum sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Nær hún til eftirlits með ársreikningum þriðjaheimsríkja sem kunna að vilja skrá verðbréf sín á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi. Er þetta ákvæði í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1569/2007/EB frá 21. desember 2007.

Um 9. og 10. gr.

Hér er lagt til að felld verði brott ákvæði um skoðunarmenn, sbr. skýringar í inngangi almennra athugasemda.

Um 11. gr.

Hér er lagt til að 98. gr. laganna verði umorðuð.

Í 96. gr. laganna kemur fram aðalreglan að félagsaðilar kjósi sér á félagsfundi endurskoðanda. Í gildandi 98. gr. er kveðið á um það að félög sem fara yfir tilgreind stærðarmörk skuli kjósa sér endurskoðanda. Þetta hefur verið túlkað svo að önnur félög undir stærðarmörkunum verði þess í stað að kjósa sér skoðunarmann sem uppfylli tilgreinda kunnáttu sem skilgreind er í 2. mgr. 97. gr. laganna. Nú er lagt til að skilgreiningin verði aðeins í lögum um bókhald.

Nú er lagt til að með umorðaðri 98. gr. verði heimiluð undanþága frá skyldu 96. gr. fyrir félög sem eru undir tilgreindum stærðarmörkum til að kjósa sér endurskoðanda. Ábyrgðin er eftir sem áður hjá stjórn og framkvæmdastjóra félags að ársreikningur sé samninn í samræmi við lög og reglugerðir. Leiti þessi félög eftir aðstoð við samningu ársreiknings skulu þeir aðilar sem taka að sér það verk staðfesta vinnu sína við samningu ársreikningsins með undirritun sinni. Er þá litið til réttar félagsmanna til að fá að vita hver samdi ársreikninginn. Einnig geta þessi félög leitað til endurskoðanda til að endurskoða ársreikninginn og árita hann.

Í b- og c-lið er umorðun á skyldu félaga sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, félaga sem leggja ekki hömlur á viðskipti með hlutabréf sín eða samvinnufélög með B-deild stofnsjóðs til að kjósa endurskoðanda án tillits til stærðarmarkanna.

Í d-lið eru umorðuð réttindi 20% félagsmanna félaga sem ekki eru skyld til að kjósa endurskoðanda til að krefjast þess á fundi að kosinn verði endurskoðandi.

Í e-lið er sem er ný 6. mgr. er ákvæði um skyldu móðurfélags til að kjósa sér endurskoðanda ef því ber skylda til að semja samstæðureikning skv. 1. mgr. 68. gr. laganna. Endurskoðandinn yrði þá jafnframt endurskoðandi samstæðunnar.

Um 12.–16. gr.

Hér eru lagðar til breytingar sem stefna að því að fella niður skilgreint hlutverk skoðunarmanna og ná tilgreind ákvæði því aðeins til endurskoðenda.

Um 17. gr.

Hér er lagt til að í stað 2. og 3. mgr. 104. gr. laganna komi 1. mgr. 106. gr. núgildandi laga, sbr. 19. gr. frumvarpsins.

Um 18. gr.

Hér er lögð til breyting sem stefnir að því að fella niður skilgreint hlutverk skoðunarmanna og nær tilgreint ákvæði því aðeins til endurskoðenda.

Um 19. gr.

Hér er lagt til að ákvæði 1. mgr. 106. gr. núgildandi laga verði 2. mgr. 104. gr. laganna, sbr. 17. gr. frumvarpsins.

Um 20. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á lögunum sem stefna að því að fella niður skilgreint hlutverk skoðunarmanna og ná tilgreind ákvæði því aðeins til endurskoðenda.

Um 21. gr.

Lagt er til að 108. gr. laganna falli brott en þagnarskylduákvæði endurskoðenda er í lögum um endurskoðendur og þagnarskylda skoðunarmanna í lögum um bókhald.

Um 22. og 23. gr.

Hér er lagt til að felld verði brott ákvæðin um áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna þar sem í 3. gr. laganna er talið upp hvað fylgja skuli ársreikningi, þ.m.t. árritun endurskoðanda og undirritun skoðunarmanna.

Í b-lið 22. gr. er lagt til að í nýjum 2. málsl. 109. gr. laganna verði fjármálráðherra heimilað að setja með reglugerð ákvæði um gjaldtöku fyrir aðgang að ársreikningum. Núna er tekið gjald af hverri blaðsíðu í samræmi við aukatekjur ríkissjóðs. Fyrirhugað er að selja aðgang að ársreikningum á netinu og verður því að athuga annað fyrirkomulag á gjaldheimtunni.

Um 24. gr.

Í a-lið er lagt til að orðin „á reikningsskiladegi“ verði felld brott þar sem viðmiðunin miðast við lok reikningsárs.

Í b-lið er lagt til að viðmiðunarfjárhæðirnar verði hækkaðar. Enn fremur eiga viðmiðunarmörkin einnig að ná til samstæðureikninga skv. c-lið.

Um 25. gr.

Hér er lögð til breyting á skipun reikningsskilaráðs. Reikningsskilaráði var komið á fót með lögum nr. 95/1991. Eftir að lögum um ársreikninga var breytt með lögum nr. 45/2005 og skráðum félögum skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum þótti hlutverki reikningsskilaráðs vera lokið og ekki endurskipað í það þegar skipunartími nefndarmanna rann út. Lagt er til að skyldu fjármálaráðherra til að skipa í ráðið verði breytt í heimild þannig að grípa megi til þess ef ástæða þykir til að endurvekja ráðið. Á grundvelli breytinga á skipan mála á atvinnumarkaðinum er lagt til, ef til þess kemur að ráðið verður skipað að nýju, að það skipi fulltrúar endurskoðenda eins og verið hefur, fulltrúar Samtaka fjármálafyrirtækja og Samtaka atvinnulífsins og einn skipaður af ráðherra, sem tengist kennslu í reikningsskilum við einn af þremur háskólum landsins, og einn án tilnefningar.

Um 26. gr.

Í a-, b- og c-lið er lagt til að ákvæði greinarinnar verði breytt þannig að 1. mgr. nái aðeins til endurskoðenda.

Í d-lið er lagt til að ný 2. mgr greinarinnar nái yfir athafnir og athafnaleysi annarra manna en endurskoðenda, þ.m.t. skoðunarmanna, sem aðstoða við samningu ársreikninga og hjálpa til við að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða láta hjá líða að geta um mikilsverð atriði er snerta rekstrarafkomu eða efnahag félags.

Um 27. gr.

Viðmiðunarmörkum í lögunum er breytt með frumvarpi þessu og verða til nýjar grunnfjárhæðir sem ráðherra er heimilt að breyta til samræmis við breytingar á 4. tilskipun ESB eða ef verulegar breytingar verða á gengi evru miðað við 31. desember 2008.

Um 28. gr.

Hér er bætt við tilvísun til tilskipana og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins sem ákvæði laganna byggjast á.

Um 29.–37. gr.

II. kafli er um breytingar á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög. Lagt er til skyldu-ákvæði um að það að kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki eða velja skoðunarmann fari eftir ákvæðum laga um ársreikninga. Í stað þess að leggja fram endurskoðaða ársreikninga á aðalfundi verður lagt til að lagður verði fram ársreikningur í samræmi við 3. gr. laga um ársreikninga og fer þá eftir stærð og ákvörðun félagsins hvort ársreikningurinn er endurskoðaður eða ekki. Ekki er lagt til að felld verði brott ákvæði um endurskoðendur og skoðunarmenn í 76. og 77. gr. laganna.

Um 38.–55. gr.

III. kafli er um breytingar á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Lagt er til skyldu-ákvæði um að það að kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki eða velja skoðunarmann fari eftir ákvæðum laga um ársreikninga. Í stað þess að leggja fram endurskoðaða ársreikninga á aðalfundi verður lagt til að lagður verði fram ársreikningur í samræmi við 3. gr.

laga um ársreikninga og fer þá eftir ákvörðun félagsins ef það hefur ekki skyldu til að kjósa endurskoðanda hvort ársreikningurinn er endurskoðaður eða ekki. Ekki er lagt til að felld verði brott ákvæði um endurskoðendur og skoðunarmenn í 108., 110. og 126. gr. laganna.

Um 56.–67. gr.

IV. kafli er um breytingar á lögum nr. 138/1994, um hlutafélög. Lagt er til skylduákvæði um að það að kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki eða velja skoðunarmann fari eftir ákvæðum laga um ársreikninga. Í stað þess að leggja fram endurskoðaða ársreikninga á aðalfundi verður lagt til að lagður verði fram ársreikningur í samræmi við 3. gr. laga um ársreikninga og fer þá eftir ákvörðun félagsins ef það hefur ekki skyldu til að kjósa endurskoðanda hvort ársreikningurinn er endurskoðaður eða ekki. Ekki er lagt til að felld verði brott ákvæðum um endurskoðendur og skoðunarmenn í 134., 136. og 152. gr. laganna.

Um 68.–78. gr.

V. kafli er um breytingar á lögum nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Lagt er til að felld verði brott ákvæði um skyldu til að kjósa skoðunarmenn. Það leiðir til þess að fulltrúaráð verður að kjósa án tillits til stærðar félagsins endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki. Leiðir það af því að engir formlegir eigendur eru að stofnfé félagsins.

Um 79. og 80. gr.

VI. kafli er um breytingar á lögum nr. 66/2003, um húsnæðissamvinnufélög. Lagt er til skylduákvæði um að það að kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki eða velja skoðunarmann fari eftir ákvæðum laga um ársreikninga.

Um 81. og 82. gr.

VII. kafli er um breytingar á lögum nr. 26/2004, um Evrópufélög. Lagt er til að felld verði brott ákvæði um skoðunarmenn. Það leiðir til þess að kjósa skal án tillits til stærðar þess endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki. Leiðir það af því hversu sérhæf þessi félög eru.

Um 83. og 84. gr.

VIII. kafli er um breytingar á lögum nr. 92/2006, um evrópsk samvinnufélög. Lagt er til að felld verði brott ákvæði um skoðunarmenn. Það leiðir til þess að kjósa skal án tillits til stærðar þess endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki. Leiðir það af því hversu sérhæf þessi félög eru.

Um 85. og 86. gr.

IX. kafli er um breytingar á lögum nr. 26/1994, um fjöleignarhús. Þessi lög eru sett á árinu 1994 áður en lög nr. 145/1994, um bókhald, voru samþykkt.. Með þeim lögum var gerður greinarmunur á endurskoðanda sem lögvernduðu heiti og skoðunarmanni. Í 6. tölul. 61. gr. laganna er orðið endurskoðandi notað í merkingunni skoðunarmaður og er lagt til í 85. gr. frumvarpsins að breyta því í skoðunarmann til samræmis við viðtekna venju. Í 86. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 1. og 2. mgr. 73. gr. laganna varðandi skoðunarmann og kjör endurskoðanda og hlutfallið fært í 20% til samræmis við samsvarandi ákvæði í lögum um bókhald.

Um 87. gr.

X. kafli er um breytingar á lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands. Lögð er til breyting á 1.–3. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna sem fjallar um val á endurskoðanda og skoðunarmanni. Þessi lög eru sett á árinu 1992 áður en lög nr. 145/1994, um bókhald, voru samþykkt. Með þeim lögum var gerður greinarmunur á endurskoðanda sem lögvernduðu heiti og skoðunarmanni. Þessi málsgrein fjallar um að ársreikningur stofnunarinnar skuli endurskoðaður af tveimur skoðunarmönnum, öðrum tilnefndum af ráðhera en hinum völdum af stjórn og skal hann vera löggiltur. Lagt er til að þessu verði þannig breytt að stjórn stofnunarinnar skuli velja endurskoðanda til að endurskoða ársreikninginn en ráðherra hafi val hvort hann tilnefnir annan endurskoðanda eða skoðunarmann.

Um 88. gr.

Í greininni er gildistökuákvæði annars vegar fyrir I. kafla um lög um ársreikninga og svo hins vegar fyrir II.–X. kafla.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem leiðir af lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, sem samþykkt voru á síðasta vorþingi. Samkvæmt þeim lögum geta ekki aðrir en þeir sem fá löggildingu ráðherra endurskoðað reikningsskil og áritað þau í samræmi við endurskoðunina. Í fyrsta lagi er lagt til að breyta núverandi lögum þannig að leggja störf endurskoðenda og skoðunarmanna að jöfnu. Þá verður í framhaldi af því að fylgja þeirri breytingu eftir með breytingum á löggjöf í félagarétti, svo sem lögum um hlutafélög, einkahlutafélög og fleiri lögum, sem gera kröfu um kosningu endurskoðenda eða skoðunarmanna í samþykktum sínum og framlagningu endurskoðaðra ársreikninga. Önnur breyting í frumvarpinu er til skýringar á starfrækslugjaldmiðli, sbr. 8. gr. laganna sem fjallar um þau skilyrði sem félög þurfa að uppfylla til að fá heimild ársreikningaskrár til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Í þriðja lagi er lagt til að komi til framkvæmda hér á landi ákveðnir þættir tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/46/EB um góða stjórnunarhætti skráðra félaga á skipulegum verðbréfamarkaði.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

363. Frumvarp til laga [246. mál]

um breyting á lögum nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Lokamálsliður 2. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

3. tölul. 4. gr. laganna orðast svo: Hann hefur gegnt ráðherrastörfum í sex ár samtals eða lengur og lækkar þá aldursmark skv. l. tölul. um eitt ár og síðan um eitt ár til viðbótar fyrir hvert ár í embætti umfram sex ár. Aldursmarkið getur þó ekki lækkað um meira en fimm ár samkvæmt þessum tölulið.

3. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Eftirlaunahlutfall fyrrverandi ráðherra er 2,375% fyrir hvert ár í embætti og samsvarandi fyrir hluta úr ári.

4. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

3. tölul. 8. gr. laganna orðast svo: Hann hefur átt sæti á Alþingi í samtals 16 ár eða lengur og lækkar þá aldursmark skv. 1. tölul. um eitt ár og síðan til viðbótar um sem svarar helmingi þingsetutíma hans sem er umfram 16 ár. Aldursmarkið getur þó ekki lækkað um meira en fimm ár samkvæmt þessum tölulið.

6. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Eftirlaunahlutfall fyrrverandi alþingismanns er 2,375% fyrir hvert heilt ár þingsetu og samsvarandi fyrir hluta úr ári.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Hann hefur gegnt dómarastörfum í Hæstarétti í tólf ár eða lengur og lækkar þá aldursmark skv. 1. tölul. um eitt ár og síðan um eitt ár til viðbótar fyrir hvert ár í embætti umfram tólf ár. Aldursmarkið getur þó ekki lækkað um meira en fimm ár samkvæmt þessum tölulið.
b. 2. mgr. orðast svo:

Eftirlaunahlutfallið er 2,375% fyrir hvert ár í embætti og samsvarandi fyrir hluta úr ári.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. Lokamálsliður fellur brott.
b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Nú gegnir sá sem á rétt til eftirlauna samkvæmt lögum þessum starfi á vegum ríkisins, stofnana þess eða félaga í meirihlutaeigu þess, og koma þá launagreiðslur fyrir það starf að fullu til frádráttar þeim eftirlaunum sem ákvörðuð eru samkvæmt þessum lögum.

Skerðing greiðslna skv. 1. og 2. mgr. fellur niður þegar látið er af starfi.

9. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 22. gr. laganna orðast svo: Nú hefur maður öðlast rétt samkvæmt eldri lögum fyrir 30. desember 2003 og getur hann þá tekið eftirlaun eða makalífeyri samkvæmt þeim, en eftirlaunagreiðslur til hans skulu sæta skerðingu skv. 2. mgr. 19. gr.

10. gr.

Á eftir 23. gr. laganna kemur ný grein, 24. gr., svohljóðandi:

Nú hefur maður öðlast rétt á tímabilinu 30. desember 2003 til 30. júní 2009 og skal þá við útreikning eftirlauna, makalífeyris og örorkulífeyris taka fullt tillit til áunninna réttinda. Nánar skal mælt fyrir um fyrirkomulag útreiknings í reglum fjármálaráðherra, sbr. 2. mgr. 20. gr.

Um úrlausn ágreinings fer skv. 1. mgr. 20. gr.

11. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 15. gr. koma ekki til framkvæmda gagnvart þeim dómurum sem skipaðir hafa verið í Hæstarétt fyrir 1. júlí 2009.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á eftirlaunakjörum alþingismanna, ráðherra og hæstaréttardómara samkvæmt lögum nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, í því skyni að koma á meira samræmi í lífeyrismálum ráðamanna og almennings.

1. Breytingar á eftirlaunakjörum með lögum nr. 141/2003.

Lög nr. 141/2003, sem öðluðust gildi 30. desember 2003, fólu í sér gagngerar breytingar á eftirlaunakerfi æðstu embættismanna þjóðarinnar. Í almennum athugasemdum við frumvarp það sem varð að fyrrgreindum lögum var því lýst að markmið með setningu laganna væri m.a. að veita alþingismönnum og ráðherrum sem hefðu gegnt störfum lengi og verið í forystusveit í samfélaginu rýmri rétt en áður til að hverfa af opinberum vettvangi og draga sig í hlé frá stjórnmálum. Með því væri stuðlað að hæfilegri endurnýjun í þjóðmálum og þeim sem varið hefðu meginhluta starfsævi sinnar á þessum sviðum tryggður fjárhagslegur grundvöllur til að svo gæti orðið. Tekið var fram að gera ætti þeim sem lengi hefðu verið í forustu-

störfum í stjórnmálum kleift að hverfa af vettvangi með sæmilega örugga afkomu og án þess að þeir þyrftu að leita nýrra starfa seint á starfsævinni.

Með lögunum eru alþingismönnum, ráðherrum og hæstaréttardómurum veitt betri eftirlaunaréttindi en almennt tíðkast og þeim tryggð ákveðin lágmarksréttindi til eftirlauna umfram þau réttindi sem þeir njóta samkvæmt lögum nr. 1/1997. Sú skipulagsbreyting var gerð að eftirlaunagreiðslur þessara hópa koma beint úr ríkissjóði, en áður komu þær úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Þær helstu efnisbreytingar sem gerðar voru á eftirlaunakjörum þessara tveggja hópa með lögum nr. 141/2003 voru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi var þeim alþingismönnum sem láta af þingmennsku gert mögulegt að fara á eftirlaun 60 ára í stað 61 árs samkvæmt eldri lögum. Þá var þeim ráðherrum sem láta af embætti veittur réttur til að fara á eftirlaun 60 ára í stað 65 ára samkvæmt eldri lögum. Loks var myndaður sérstakur réttur fyrir alþingismenn og ráðherra, sem gegnt hafa forystuhlutverki í stjórnmálum um langan tíma, svo og fyrir hæstaréttardómara sem gegnt hafa störfum í langan tíma, til að hefja töku eftirlauna fyrr en ella eða í fyrsta lagi við 55 ára aldur.

Í öðru lagi var þeim ráðherrum sem höfðu hug á að hverfa af vettvangi stjórnmála gert kleift að gera jafnframt virk réttindi sín til eftirlauna fyrir þingmennsku og þeim þingmönnum sem höfðu hug á að hverfa af vettvangi stjórnmála gert kleift að gera jafnframt virk réttindi sín til eftirlauna fyrir ráðherrastörf hafi þeir gegnt slíkum starfa.

Í þriðja lagi var eftirlaunaréttur ráðherra færður til samræmis við eftirlaunarétt alþingismanna og geta eftirlaun ráðherra því hæst orðið 70% í stað 50% samkvæmt eldri lögum.

Í fjórða lagi var afnumið skilyrði um að ráðherra þyrfti að hafa setið í embætti í eitt ár til þess að öðlast rétt til eftirlauna.

Í fimmta lagi var sett sérregla um eftirlaunarétt forsætisráðherra og honum veitt frekari réttindi en öðrum ráðherrum.

Í sjötta lagi var réttindaávinnsla alþingismanna gerð jöfn, þ.e. 3% allan þingtímann, en áður var eftirlaunahlutfall þeirra mismunandi eftir lengd þingsetu. Réttindaávinnsla ráðherra var óbreytt, 6% á hverju ári í embætti.

Í sjöunda lagi var sett sérstakt ákvæði um skerðingu á eftirlaunagreiðslum þeirra alþingismanna og ráðherra sem gegna jafnframt föstu starfi.

Á móti kom að iðgjaldahlutfall þessara þriggja hópa var hækkað úr 4% í 5% af föstum launum, en gert var ráð fyrir að skylda til greiðslu iðgjalda félli niður þegar fullum réttindum væri náð. Auk þess var hin svokallaða „95 ára regla“ afnumin fyrir alþingismenn.

2. Helstu breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu.

Síðan lög nr. 141/2003 voru sett hafa þau sætt margs konar gagnrýni. Í þeirri umræðu hefur þó einkum verið staðnæmst við það atriði að þeir sem þiggja eftirlaun samkvæmt lögunum hafa samhliða getað verið í föstu starfi, þar á meðal hjá hinu opinbera, en sæta þá jafnframt skerðingu eftirlaunanna, þó ekki lengur en til 65 ára aldurs. Skerðing eftirlaunagreiðslna skv. 19. gr. laganna er 6% af áunnum réttindum fyrir hvert aldursár sem vantar upp á að viðkomandi nái 65 ára aldri. Enginn greinarmunur er gerður á því hvort starfið er á vegum hins opinbera eða annarra. Vert er að vekja athygli á því að þetta skerðingarfyrirkomulag var ekki að öllu leyti nýjung. Þeir sem eiga aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og hefja töku lífeyris fyrir 65 ára aldur sæta sambærilegri skerðingu, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Sú skerðingarregla er þó frábrugðin þeirri reglu sem mælt er fyrir um í 19. gr. laga nr. 141/2003 að því marki að skerðingin bygg-

ist á tryggingafræðilegum forsendum og er varanleg. Hvað sjóðfélaga í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins varðar er ekki gert ráð fyrir að réttindi verði virk á meðan sjóðfélagi gegnir starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að sjóðnum, sbr. 8. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 37. gr. laga nr. 1/1997. Taki sjóðfélagi úr B-deild aftur á móti við öðru launuðu starfi, sem ekki veitir réttindi samkvæmt reglum sjóðsins, skerða þau ekki lífeyri hans. Þá er rétt að taka fram að hjá lífeyrissjóðum á almennum markaði hefur ekki tíðkast að skerða greiðslu ellilífeyris þrátt fyrir að lífeyrisþegar taki að sér önnur störf. Geta sjóðfélagar því notið fulls ellilífeyris og jafnframt notið fullra launa vegna starfa án þess að til nokkurrar skerðingar komi. Á þetta bæði við um þá sem hefja töku ellilífeyris fyrir 65 ára aldur og þá sem hefja töku lífeyris síðar.

Þótt of snemmt sé að segja til um hvort þau markmið, sem stefnt var að með setningu laga nr. 141/2003, hafi náðst að fullu er ljóst að tilteknar hliðar á eftirlaunakerfi æðstu embættismanna þjóðarinnar mæta ekki almennum skilningi í þjóðfélaginu. Við því þarf að bregðast, meðal annars til að varðveita nauðsynlegt traust milli almennings og ráðamanna. Reynsla af framkvæmd laganna sýnir þó að alþingismenn og ráðherrar með langan feril að baki virðast almennt ekki kjósa að setjast í helgan stein þegar eftirlaunaaldri er náð eins og ráð var fyrir gert. Vegna reynslu sinnar er ekki óeðlilegt að þeir veljist í ýmis opinber störf og eiga þeir samkvæmt núgildandi lögum rétt á eftirlaunum, með ákveðinni skerðingu, samhliða launum fyrir það starf sem þeir gegna. Fyrir vikið njóta þeir kjara sem eru almennt mun betri en almenningur á kost á. Þykir þessi aðstaða sérstaklega óeðlileg þegar um er að ræða störf á vegum hins opinbera þannig að viðkomandi aðilar njóta þá bæði eftirlauna og launagreiðslna frá ríkinu.

Með hliðsjón af framangreindu eru með frumvarpinu lagðar til eftirfarandi breytingar á núgildandi lögum:

Í fyrsta lagi er lagt til að aldurslágmark alþingismanna, ráðherra og hæstaréttardómara til töku eftirlauna verði hækkað úr 55 árum í 60 ár.

Í öðru lagi er lagt til að réttindaávinnsla hjá alþingismönnum, ráðherrum og hæstaréttardómurum verði eftirleiðis 2,375% fyrir hvert ár í embætti og samsvarandi fyrir hluta úr ári, í stað 3% ávinnslu hjá alþingismönnum og 6% ávinnslu þegar ráðherrar og hæstaréttardómarar eiga í hlut eins og í núgildandi lögum. Samhliða er lagt til að fellt verði á brott ákvæði um að skylda til greiðslu iðgjalda falli niður þegar fullum réttindum samkvæmt lögunum er náð.

Í þriðja lagi er lagt til að girt verði fyrir það að þessir hópar njóti samtímis eftirlauna og launa frá ríkinu. Er það gert með því að kveða á um að launagreiðslur frá hinu opinbera komi að fullu til frádráttar eftirlaunum á grundvelli laganna. Gert er ráð fyrir að skerðingarregla núgildandi laga eigi áfram við um launagreiðslur vegna starfa hjá öðrum aðilum.

Í fjórða lagi er lagt til að sérákvæði um eftirlaunakjör forsætisráðherra verði felld á brott þannig að um fyrrverandi forsætisráðherra gildi eftirleiðis sömu reglur og um aðra ráðherra.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að áunnin réttindi alþingismanna og ráðherra skerðist ekki. Þá er ráðgert að þær breytingar, sem lagðar eru til á 15. gr. laganna, gildi einungis um þá hæstaréttardómara sem skipaðir verða eftir fyrirhugaða gildistöku frumvarpsins.

3. Sjónarmið sem hafa þarf í huga við breytingar á eftirlaunakjörum samkvæmt lögum nr. 141/2003.

Þegar hugað er að takmörkun eða skerðingu á þeim eftirlaunarétti sem alþingismenn, ráðherrar og hæstaréttardómarar njóta á grundvelli laga nr. 141/2003 þarf að tryggja að fyrirhuguð breyting brjóti ekki gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Hugtakið eignarréttur skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar hefur verið skýrt rúmri lögskýringu í dómum Hæstaréttar og staðfest hefur verið af dóminum að lífeyrisréttindi teljast til stjórnarskrárvarinna eignarréttinda. Sömu sjónarmið hafa komið fram í álitum umboðsmanns Alþingis sem og niðurstöðum Mannréttindadómstóls Evrópu. Verða eftirlaunaréttindi, sem ákveðin tegund lífeyrisréttinda, því ekki skert nema með skýlausri lagaheimild og verður slík skerðing að vera reist á málefnalegum sjónarmiðum. Við takmörkun á eftirlaunarétti verður jafnframt að tryggja að jafnræðis sé gætt í samræmi við 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Tilgangur eða markmið takmörkunar eða niðurfellingar eftirlaunaréttar hefur áhrif á lögmæti hennar og verða málefnaleg sjónarmið að búa að baki hugsanlegri lagabreytingu. Hafa verður í huga að með lögum nr. 141/2003 voru alþingismönnum, ráðherrum og hæstaréttardómurum tryggð ákveðin réttindi *til viðbótar* þeim almennu lífeyrisréttindum sem þeir njóta samkvæmt lögum nr. 1/1997 með sama hætti og aðrir sem greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Verður því að telja að lagabreyting sem takmarkar réttindi samkvæmt núverandi fyrirkomulagi feli ekki í sér umtalsverða takmörkun á framfærslu rétthafa samanborið við lífeyrisréttindi annarra starfsstétta. Þá mundi takmörkun eða niðurfelling eftirlaunagreiðslna til aðila sem gegna öðru launuðu starfi ekki ganga gegn þeim tilgangi eftirlaunagreiðslna að tryggja rétthöfum framfærslu þegar þeir hafa látið af störfum. Samkvæmt þessu verður heimild til takmörkunar á eftirlaunaréttindum samkvæmt lögum nr. 141/2003 að teljast rýmri en heimild til takmörkunar lífeyrisréttinda í almennum skilningi. Geta því ýmis sjónarmið fyrir takmörkun réttinda samkvæmt núverandi fyrirkomulagi talist málefnaleg eins og atvikum er háttað, þar á meðal það markmið frumvarpsins að koma á viðunandi samræmi í eftirlaunakjörum ráðamanna og almennings.

Takmörkun eftirlaunaréttar verður þó að vera almenn og samræmast jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. Eins og áður segir njóta alþingismenn, ráðherrar og hæstaréttardómarar ríkari lífeyrisréttinda samkvæmt lögum nr. 141/2003 en almennt tíðkast. Mundi lagabreyting sem hefði í för með sér skerðingu á þessum réttindum því ekki fela í sér umtalsverða takmörkun á framfærslu samanborið við lífeyrisréttindi annarra starfsstétta. Má því ætla að þær breytingar sem lagðar eru til á eftirlaunakjörum þessara hópa samræmist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, enda er þeim ætlað að ná til allra sem eins er ástatt um og mundu þær, svo sem áður greinir, hafa í för með sér að frekara samræmi næðist á milli eftirlaunakjara fyrrgreindra aðila og almennings.

Í dómum Hæstaréttar og álitum umboðsmanns Alþingis hefur verið fallist á þann skilning að löggjafinn hafi rýmra svigrúm til að takmarka væntanleg lífeyrisréttindi en þau réttindi sem þegar eru orðin virk. Ekki er þó útilokað að skerða megi slík virk réttindi, sé það gert með málefnalegum og almennum hætti.

Í samræmi við framangreind sjónarmið er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að áunnin réttindi viðkomandi hópa á grundvelli laga nr. 141/2003 frá gildistöku þeirra til 1. júlí 2009 séu ekki skert. Þannig er lagt til að við útreikning eftirlauna, makalífeyris og örorkulífeyris verði tekið tillit til áunninna réttinda, eftir atvikum hlutfallslega. Með þessu móti er ekki hróflað við áunnum réttindum á grundvelli laganna, en hins vegar er gert ráð fyrir því að ekki verði unnt að ávinna sér frekari rétt á grundvelli núverandi fyrirkomulags eftir 1. júlí 2009.

Hvað varðar sjónarmið um réttmætar væntingar geta þau tæplega vegið þungt í ljósi þess að núgildandi lög eru aðeins fimm ára gömul og hafa frá upphafi sætt stöðugri gagnrýni. Það er því ósennilegt að rétthafar samkvæmt lögunum geti talist hafa verið í góðri trú um fyrirvaralaus eftirlaunakjör á grundvelli laganna til framtíðar.

Í samræmi við sjónarmið um meðalhóf er gert ráð fyrir því að ákvæði frumvarpsins taki ekki gildi fyrr en 1. júlí 2009. Er þeim hópum sem falla undir lög nr. 141/2003 þannig veittur ákveðinn aðlögunartími.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með 1. gr. frumvarpsins er lagt til að lokamálsliður 2. mgr. 1. gr. laganna verði felldur brott þannig að skylda til greiðslu iðgjalda haldist þó svo að fullum réttindum samkvæmt lögunum verði náð. Slík breyting er í samræmi við það sem almennt gildir um sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sem og á almennum markaði. Þykir því eðlilegt að sama regla eigi við um þá aðila sem lög nr. 141/2003 taka til.

Með hliðsjón af þeim breytingum sem lagðar eru til á réttindaávinnslu alþingismanna, ráðherra og hæstaréttardómara í 3., 6. og 7. gr. frumvarpsins má ætla að þessi breyting muni ekki hafa teljandi áhrif í framkvæmd.

Um 2. og 5. gr.

Með 2. og 5. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á þeim ákvæðum laga nr. 141/2003 sem gera ráð fyrir því að þeir alþingismenn og ráðherrar sem hafa gegnt starfi sínu hvað lengst geti hafið töku eftirlauna fyrr en ella, þ.e. í einstaka tilfellum allt niður í 55 ára aldur. Verði frumvarpið að lögum munu þessir aðilar fyrst geta hafið töku eftirlauna samkvæmt lögunum við 60 ára aldur í samræmi við það sem gildir um sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Um 3. og 6. gr.

Með 3. og 6. gr. frumvarpsins er lagt til að réttindaávinnsla alþingismanna og ráðherra verði 2,375% fyrir hvert ár þingsetu eða eftir atvikum í embætti og samsvarandi fyrir hluta úr ári. Er þannig gert ráð fyrir að eftirlaunahlutfall þessara aðila verði lægra en samkvæmt núgildandi lögum.

Verði frumvarpið að lögum verður réttindaávinnsla alþingismanna og ráðherra í hlutfallslegu samræmi við réttindaávinnslu sjóðfélaga í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að teknu tilliti til hærri iðgjalda.

Um 4. gr.

Með 4. gr. frumvarpsins er lagt til að sérákvæði 6. gr. laganna um eftirlaunarétt fyrrverandi forsætisráðherra verði fellt brott.

Um 7. gr.

Með 7. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á réttindum hæstaréttardómara til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á réttindum alþingismanna og ráðherra. Lagt er til að hæstaréttardómarar geti í fyrsta lagi hafið töku eftirlauna við 60 ára aldur og að réttindaávinnsla þeirra verði 2,375% fyrir hvert ár í embætti og samsvarandi fyrir hluta úr ári.

Styðjast þessar breytingar við sömu rök og greinir í athugasemdum við annars vegar 2. og 5. gr. og hins vegar 3. og 6. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 11. gr. frumvarpsins munu breytingarnar þó einungis ná til þeirra hæstaréttardómara sem skipaðir verða eftir fyrirhugaða gildistöku laganna, en um röksemdir fyrir því vísast til athugasemda við það ákvæði.

Um 8. gr.

Með 8. gr. frumvarpsins er lagt til að gerðar verði umtalsverðar breytingar á skerðingarreglu 19. gr. laganna. Verði frumvarpið að lögum verður 19. gr. gildandi laga eftirleiðis 1. mgr. 19. gr. að undanskildum lokamálslið ákvæðisins sem verður 3. mgr. 19. gr. Þá bætist ný málsgrein við ákvæðið sem verður 2. mgr. 19. gr. og mælir fyrir um fulla skerðingu eftirlauna vegna launagreiðslna fyrir störf á vegum ríkisins, stofnana þess eða félaga í meirihlutaeigu þess.

Verði frumvarpið að lögum verður þannig í 1. mgr. 19. gr. mælt fyrir um að ef sá sem nýtur eftirlauna samkvæmt lögunum tekur við nýju starfi skerðist eftirlaunagreiðslur til hans fram að 65 ára aldri um sem nemur 0,5% af áunnum rétti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 65 ára aldur og að sama skerðing verði á eftirlaunum þess sem er í starfi er hann öðlast rétt til eftirlauna samkæmt lögunum. Í 2. mgr. verður svo mælt fyrir um að ef sá sem gegnir starfi á vegum ríkisins, stofnana þess eða félaga í meirihlutaeigu þess nýtur réttar til eftirlauna samkvæmt lögunum komi launagreiðslur fyrir það starf að fullu til frádráttar þeim eftirlaunum sem ákvörðuð eru samkvæmt þeim. Í 3. mgr. verður svo mælt fyrir um að skerðing greiðslna skv. 1. og 2. mgr. falli niður þegar látið er af starfi.

Sú aukna skerðing eftirlaunagreiðslna sem lögð er til með nýrri 2. mgr. 19. gr. er í samræmi við það almenna markmið frumvarpsins að færa kjör æðstu ráðamanna þjóðarinnar nær kjörum almennings að þessu leyti. Með ákvæðinu er komið í veg fyrir að þeir aðilar sem lögin taka til geti þegið launagreiðslur frá ríkinu samhliða fullum eftirlaunum úr ríkissjóði. Ekki er lagt til að gerð verði krafa um tiltekið starfshlutfall en hins vegar er eðlilegt að launagreiðslur komi einungis til frádráttar eftirlaunum ef um fast starf er að ræða. Má vísa til greinargerðar með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 141/2003 þar sem segir að hugtakið „starf“ merki almennt það aðalstarf sem jöfn mánaðarlaun komi fyrir. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að launagreiðslur fyrir tilfallandi störf eða einstök verkefni á vegum ríkisins og seta í stjórnum, nefndum og ráðum komi eftirlaunum til frádráttar. Undir störf á vegum ríkisins í skilningi ákvæðisins falla einnig störf á alþjóðavettvangi sem íslenska ríkið ber kostnað af eða sem íslenska ríkið velur menn til. Ekki er lagt til að sérstakt aldurshámark verði á þessari skerðingarreglu og er henni því ætlað að gilda uns látið er af hinu opinbera starfi sem að jafnaði yrði ekki síðar en við sjötugt. Þessi nýja skerðingarregla mun jafnan leiða til þess að eftirlaunagreiðslur til þeirra aðila sem gegna föstu starfi á vegum ríkisins falla niður á meðan viðkomandi gegnir starfinu. Þó er ekki útilokað að um einhverja gildi að laun þeirra séu lægri en eftirlaunagreiðslurnar og er talið eðlilegt að þeir einstaklingar sem þannig er ástatt um haldi þeim mismun.

Gert er ráð fyrir því að fyrirhugaðar breytingar á 19. gr. laganna taki til allra sem njóta eftirlaunaréttinda á grundvelli þeirra. Þannig munu þeir sem taka eftirlaun á grundvelli laganna og gegna samhliða starfi hjá ríkinu, stofnunum þess eða félögum í meirihlutaeigu þess frá 1. júlí 2009 sæta skerðingu á grundvelli hins nýja fyrirkomulags. Gildir það jafnt um þá sem þegar hafa hafið töku eftirlauna og þá sem hefja slíka töku síðar. Heimild til töku eftirlauna úr ríkissjóði samhliða föstu starfi á vegum hins opinbera getur ekki talist til áunninna réttinda

í skilningi 9. gr. frumvarpsins og er því ekki um skerðingu á áunnum réttindum að ræða. Svo sem áður greinir geta sjónarmið um réttmætar væntingar ekki haft sérstakt vægi í þessu sambandi, enda hefur núgildandi fyrirkomulag skerðingar sætt stöðugri gagnrýni bæði almennings og rétthafa og endurskoðun því verið yfirvofandi. Má í þessu sambandi minna á að eitt yfirlýstra markmiða lagabreytinganna í desember 2003 var að búa fyrrverandi þingmönnum og ráðherrum slík eftirlaunakjör að þeir þyrftu ekki að sækjast eftir nýju starfi seint á starfsævinni. Þá er rétt að taka fram að sú takmörkun sem hér um ræðir felur ekki í sér skerðingu á eftirlaunaréttindum þessara hópa samanborið við aðrar starfsstéttir. Hins vegar þykir rétt að veita ákveðinn aðlögunartíma að þessu leyti og mun þetta ákvæði frumvarpsins á sama hátt og önnur því ekki taka gildi fyrr en 1. júlí 2009.

Um 9. gr.

Með 9. gr. frumvarpsins er orðalagi 2. málsl. 1. mgr. 22. gr. laganna breytt og tekið fram að þegar þeir sem höfðu öðlast rétt samkvæmt eldri lögum fyrir gildistöku laga nr. 141/2003 þann 30. desember 2003 og ákveða að taka eftirlaun eða makalífeyri samkvæmt þeim, sæti eftirlaunagreiðslur til þeirra sæti skerðingu skv. 2. mgr. 19. gr. laganna. Ákveði rétthafi að taka eftirlaun eða makalífeyri samkvæmt eldri lögum munu greiðslur til hans þannig skerðast í samræmi við nýtt ákvæði 2. mgr. 19. gr., en um skýringu þess ákvæðis vísast til athugasemda við 8. gr. frumvarpsins.

Með þessu móti er tryggt að þeir sem njóta réttinda á grundvelli laga nr. 141/2003 sæti allir sams konar skerðingu eftirlaunagreiðlsna vegna starfa á vegum hins opinbera. Er þetta í samræmi við almenn sjónarmið um jafnræði og það markmið frumvarpsins að færa kjör ráðamanna nær kjörum almennings.

Um 10. gr.

Með 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins er áréttað að áunnin réttindi frá 30. desember 2003, er lög nr. 141/2003 tóku gildi, fram að gildistöku lagabreytinga samkvæmt frumvarpinu skerðist ekki. Þannig er lagt til að við útreikning eftirlauna, makalífeyris og örorkulífeyris verði tekið fullt tillit til áunninna réttinda, eftir atvikum hlutfallslegt, eins og þau standa við fyrirhugaða gildistöku laganna 1. júlí 2009. Gert er ráð fyrir því að nánar verði mælt fyrir um fyrirkomulag útreiknings í þeim reglum sem fjármálaráðherra setur á grundvelli 2. mgr. 20. gr. laganna.

Þannig er höfð hliðsjón af þeim stjórnskipulegu sjónarmiðum sem rakin voru í almennum athugasemdum. Enn fremur er gert ráð fyrir því að réttindaávinnsla á grundvelli núgildandi fyrirkomulags haldist fram til 1. júlí 2009. Þannig er gert ráð fyrir sanngjörnum aðlögunartíma í samræmi við sjónarmið um meðalhóf.

Eftir gildistöku laganna munu þeir hópar sem frumvarpið tekur til ekki ávinna sér frekari réttindi á grundvelli núverandi fyrirkomulags, sbr. þó bráðabirgðaákvæði varðandi hæstaréttardómara. Eru þau réttindi sem þeir hafa þegar áunnið sér þannig fryst, en þess að fullu gætt að þau séu ekki skert.

Rétt er að víkja sérstaklega að þýðingu áunninna réttinda hvað hlutfall réttindaávinnslu og starfstíma varðar.

Með því að við útreikning greiðslna á grundvelli laganna skuli tekið tillit til áunnina réttinda er hvað ávinnslu varðar átt við að hafi viðkomandi nú þegar áunnið sér eftirlaunarétt í samræmi við það hlutfall sem kveðið er á um í núgildandi lögum haldist þau réttindi, en viðkomandi hefji hins vegar söfnun réttinda í samræmi við hið breytta hlutfall við gildistöku frumvarpsins verði það að lögum.

Hvað starfstíma varðar og ávinnslu sem tengist honum er gert ráð fyrir því að tekið verði tillit til þess tíma sem viðkomandi hefur setið á Alþingi eða gegnt ráðherrastörfum í gildistíð núverandi eða eldra fyrirkomulags. Samkvæmt gildandi fyrirkomulagi getur þingmaður sem setið hefur 16 ár á Alþingi hafið töku eftirlauna 60 ára, þ.e. aldursmarkið lækkar um fimm ár. Þá er gert ráð fyrir að aldursmarkið geti lækkað til viðbótar um sem svarar helmingi þingsetutíma hans sem er umfram 16 ár, þó þannig að það færist aldrei neðar en í 55 ár. Þannig getur t.d. þingmaður sem setið hefur á Alþingi í 22 ár hafið töku eftirlauna við 57 ára aldur samkvæmt núverandi fyrirkomulagi.

Með þeim fyrirmælum frumvarpsgreinarinnar að tillit skuli tekið til áunninna réttinda er átt við að höfð verði hliðsjón af þeirri ávinnslu sem fyrrgreindir hópar hafa þegar öðlast vegna starfstíma á grundvelli núgildandi fyrirkomulags. Sem dæmi má nefna að hafi þingmaður setið á Alþingi í 8 ár við gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum, og situr áfram á þingi eftir það, hefur hann, þegar 16 ára þingsetu er náð, áunnið sér rétt til þess að aldursmark til töku eftirlauna lækki um tvö og hálft ár í stað eins árs, svo sem gert er ráð fyrir samkvæmt hinu nýja fyrirkomulagi. Gæti hann þá hafið töku eftirlauna við 62 og hálfs árs aldur í stað 64 ára aldurs samkvæmt hinu nýja fyrirkomulagi. Sitji hann lengur en það á þingi er hins vegar gert ráð fyrir því að aldursmark lækki um sem svarar helmingi þingsetutíma hans umfram 16 ár, þó aldrei meira en um tvö og hálft ár til viðbótar þar sem ekki er gert ráð fyrir að taka eftirlauna geti hafist fyrr en við 60 ára aldur samkvæmt hinu nýja fyrirkomulagi. Þingmaður í þessari stöðu gæti því hafið töku eftirlauna við 60 ára aldur, eftir 21 árs þingsetu í stað 24 ára þingsetu samkvæmt hinu nýja fyrirkomulagi.

Með sama hætti er gert ráð fyrir því að þingmaður sem þegar hefur setið á Alþingi í t.d. 20 ár við gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum, geti hafið töku eftirlauna 58 ára gamall, enda hefur hann áunnið sér rétt til þess. Á sama hátt og í fyrra dæminu er hins vegar ekki gert ráð fyrir því að hann geti áunnið sér frekari réttindi á grundvelli núverandi fyrirkomulags.

Framangreint gildir að breyttu breytanda um ráðherra.

Í 2. mgr. 10. gr. er mælt fyrir um að rétthafar geti skotið ágreiningi vegna útreiknings greiðslna á grundvelli 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins til þeirrar nefndar sem starfar skv. 1. mgr. 20. gr. laganna.

Um 11. gr.

Með 11. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að fyrirhugaðar breytingar á eftirlaunaréttindum hæstaréttardómara taki ekki til þeirra sem skipaðir hafa verið í Hæstarétt fyrir 1. júlí 2009. Þykir þetta eðlileg regla með hliðsjón af stöðu æðstu handhafa dómsvaldsins og með hliðsjón af þeim stjórnskipulegu sjónarmiðum sem rakin voru í almennum athugasemdum.

Um 12. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á eftirlaunakjörum alþingismanna, ráðherra og hæstaréttardómara í því skyni að koma á meira samræmi í lífeyrismálum ráðamanna og almennings. Með lögum nr. 141/2003 voru gerðar gagngerar breytingar á eftirlaunakerfi æðstu embættismanna þjóðarinnar og þeim veitt betri eftirlaunaréttindi en almennt tíðkast og tryggð ákveðin lágmarksréttindi til eftirlauna umfram þau réttindi sem þeir njóta samkvæmt lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Frá því fyrrnefndu lögin voru sett hafa þau sætt margs konar gagnrýni og ljóst er að tilteknar hliðar á eftirlaunakerfi æðstu embættismanna þjóðarinnar mæta ekki almennum skilningi í þjóðfélaginu. Megintilgangur frumvarpsins er að bregðast við þeirri gagnrýni og eru í því skyni lagðar til eftirfarandi breytingar á lögunum:

Í fyrsta lagi að aldurslágmark alþingismanna, ráðherra og hæstaréttardómara til töku eftirlauna hækki úr 55 árum í 60 ár. Í öðru lagi að réttindaávinnsla hjá alþingismönnum, ráðherrum og hæstaréttardómurum verði eftirleiðis 2,375% fyrir hvert ár í embætti og samsvarandi fyrir hluta úr ári í stað 3% ávinnslu alþingismanna og 6% ávinnslu ráðherra og hæstaréttardómara samkvæmt núgildandi lögum. Í þriðja lagi að girt verði fyrir að þessir hópar njóti samtímis eftirlauna og launa frá ríkinu. Í fjórða lagi að sérákvæði um eftirlaunakjör forsætisráðherra verði felld á brott þannig að um fyrrverandi forsætisráðherra gildi eftirleiðis sömu reglur og um aðra ráðherra. Áunnin réttindi alþingismanna og ráðherra samkvæmt núgildandi lögum skerðast ekki en frá og með gildistöku breytinganna, 1. júlí 2009, munu þessir aðilar ávinna sér rétt samkvæmt breyttum lögum. Þegar kemur að töku eftirlauna verða þau ákveðin í samræmi við árafjölda í hvoru kerfi. Núverandi hæstaréttardómarar njóta hins vegar óskertra réttinda samkvæmt núgildandi lögum út skipunartíma sinn.

Lög nr. 141/2003 ná að jafnaði til innvinnslu eftirlaunaréttinda 77 starfandi einstaklinga, auk geymdra réttinda þeirra sem áður hafa gegnt þessum störfum. Alls áttu 633 einstaklingar réttindi samkvæmt lögunum í árslok 2007 og nam áfallin eftirlaunaskuldbinding ríkissjóðs vegna þeirra um 12 milljörðum króna. Samkvæmt frumvarpinu eru áunnin réttindi varðveitt og því munu áhrif þess á skuldbindingar ríkissjóðs koma fram smám saman eftir því sem árin líða. Tryggingafræðilegur útreikningur sem unninn hefur verið á vegum forsætisráðuneytis leiðir í ljós að verði frumvarpið óbreytt að lögum megi að öðru óbreyttu gera ráð fyrir að í árslok 2009 verði skuldbinding ríkissjóðs 3% lægri en hún var í árslok 2007 og að í árslok 2012 verði skuldbindingin 7% lægri en í árslok 2007. Þegar fram í sækir og áhrif núverandi áunninna réttinda eru horfin má ætla að skuldbinding ríkissjóðs verði 40% lægri en hún ella hefði orðið að óbreyttum lögum.

364. Frumvarp til laga [247. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 97/1987, um vörugjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2008“ í ákvæði til bráðabirgða X og XI í lögunum kemur: 31. desember 2009.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2008“ í ákvæði til bráðabirgða VII, IX og X í lögunum kemur: 31. desember 2009.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

3. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2008“ í ákvæði til bráðabirgða IX í lögunum kemur: 31. desember 2009.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að framlengdar verði um eitt ár þær tímabundnu undanþágur frá vörugjöldum og virðisaukaskatti sem gilda um tiltekin vistvæn ökutæki samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 97/1987, 29/1993 og 50/1988. Að óbreyttu renna umræddar undanþágur út í lok árs 2008.

Nánar tiltekið er í umræddum ákvæðum um að ræða bifreiðar sem búnar eru vélum sem nýta rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu, ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni, bifreiðar sem búnar eru vélum og öðrum búnaði sem miðast við að bifreið nýti metangas að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu og ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 18 manns eða fleiri og búnar eru aflvélum samkvæmt EUROIII-staðli Evrópusambandsins. Einnig eiga hér undir sérhæfðir varahlutir í vetnisbifreiðar sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni.

Þar sem ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvernig staðið skuli að heildarskattlagningu ökutækja og eldsneytis, þ.m.t. vistvænna ökutækja, er með frumvarpi þessu lagt til að umræddar undanþágur frá vörugjöldum og virðisaukaskatti verði framlengdar um eitt ár.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 97/1987, um vörugjald.

Í gildandi lögum nr. 97/1987, 29/1993 og 50/1988 eru tímabundnar heimildir til 31. desember 2008 til þess í fyrsta lagi að lækka vörugjald af svonefndum tvíorkubifreiðum sem knúnar eru með metangasi eða rafmagni að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu, í öðru lagi til lækkunar á endurgreiðslu 2/3 hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu umhverfisvænna hópferðabifreiða. Í þriðja lagi til niðurfellingar vörugjalds af ökutækjum sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni og í fjórða lagi til niðurfellingar vörugjalds á sérhæfða varahluti í vetnisbifreiðar.

Í frumvarpinu er lagt til að framangreindar heimildir verði framlengdar til 31. desember 2009. Ekki er gert ráð fyrir að framlenging á þessum heimildum hafi teljandi áhrif á tekjur eða gjöld ríkissjóðs.

365. Frumvarp til laga [248. mál]

um heimild til fjárhagslegrar fyrirgreiðslu úr ríkissjóði í tengslum við málshöfðun fyrir erlendum dómstólum vegna íþyngjandi stjórnvaldsákvarðana erlendra stjórnvalda á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008.

Flm.: Sigurður Kári Kristjánsson, Árni Páll Árnason, Katrín Jakobsdóttir, Höskuldur Þórhallsson, Jón Magnússon.

1. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, er samkvæmt lögum þessum heimilt að veita fjárhagslega fyrirgreiðslu til að standa undir kostnaði af undirbúningi og rekstri dómsmála, sem kveðið er á um í 2. gr., fyrir erlendum dómstólum.

Fyrirgreiðsla sú sem mælt er fyrir um í 1. mgr. skal byggjast á samningi milli aðila og getur meðal annars falið í sér beinan fjárhagslegan styrk, lánveitingu eða fjárhagslega aðstoð að öðru leyti.

2. gr.

Skilyrði fyrir veitingu fjárhagslegrar fyrirgreiðslu skv. 1. gr. eru eftirfarandi:

a. að fyrirhuguð málshöfðun lúti með einhverjum hætti að lögmæti íþyngjandi stjórnvaldsákvörðunar eða stjórnvaldsathafnar erlends stjórnvalds á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008 í garð íslenskra lögaðila,

b. að ætla megi að með málshöfðun fáist niðurstaða sem sé mikilvæg fyrir íslenska almannahagsmuni og væri mögulega til þess fallin að styrkja hagsmuni Íslands á erlendri grundu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir árslok 2009.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af fyrsta flutningsmanni þess og Helga Áss Grétarssyni, lögfræðingi og sérfræðingi við Lagastofnun Háskóla Íslands.

Hinn 7. október sl. tóku gildi lög um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008. Þessi lög hafa verið nefnd neyðarlög. Á grundvelli laganna tók Fjármálaeftirlitið yfir rekstur Landsbanka Íslands hf., Glitnis banka hf. og Kaupþings banka hf. dagana 7.–9. október sl. og setti yfir þeim skilanefndir. Landsbankinn var fyrsti bankinn til að fara í þetta ferli en Kaupþing sá síðasti.

Hinn 8. október sl. frystu bresk stjórnvöld eignir Landsbanka Íslands hf. á grundvelli ákvæða sem er að finna í svokölluðum hryðjuverkalögum (e. Anti-terrorism, Crime and Security Act 2001). Sama dag gripu bresk stjórnvöld til aðgerða sem gerðu að verkum að stærsta dótturfélag Kaupþings banka hf., Singer & Friedlander, var knúið í greiðslustöðvun. Í kjölfarið varð Kaupþing banki hf. ógjaldfær.

Landsbanki Íslands hf. og Kaupþing banki hf. eru nú í því ferli sem kveðið er á um í ákvæðum neyðarlaganna sem og laga nr. 129/2008, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og er yfirstjórn þeirra í höndum áðurnefndra skilanefnda eða eftir atvikum aðstoðarmanns í greiðslustöðvun.

Á Íslandi voru viðbrögð við framgöngu og aðgerðum breskra stjórnvalda gagnvart Íslendingum á einn veg. Bretar voru fordæmdir og því mótmælt af hálfu Íslendinga að íslenskur einkabanki þyrfti að sæta því að vera beittur hryðjuverkalögum og þannig með óbeinum hætti gefið til kynna að Íslendingar ættu að vera á bás með þekktum hryðjuverkasamtökum og löndum sem styðja við bakið á slíkri starfsemi.

Allt frá því að bresk stjórnvöld gripu til aðgerða hefur sú skoðun notið mikils stuðnings á Íslandi að höfða ætti mál gegn breskum stjórnvöldum fyrir breskum dómstólum til að freista þess að fá það viðurkennt að með aðgerðum sínum hafi bresk stjórnvöld brotið lög og farið offari gagnvart Íslendingum og íslenskum hagsmunum. Þetta er ekki síður nauðsynlegt til að sýna fram á með formlegum, táknrænum og afdráttarlausum hætti að Íslendingar sætta sig ekki við að vera beittir hryðjuverkalögum af hálfu annarrar þjóðar. Slíkur málarekstur getur einnig verið æskilegur til að styrkja mögulegar herferðir sem fara þarf í á Bretlandi og víðar til að bæta orðspor Íslands. Brýnt er að leggja þetta frumvarp fram nú vegna þess að fyrir liggur að viðeigandi málshöfðunarfrestir samkvæmt breskum lögum, a.m.k. í máli Kaupþings banka hf., eru að renna út.

Samkvæmt almennum reglum gjaldþrotaréttar, sbr. lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, eru það kröfuhafar þrotabúa sem ráða því hvort bú höfði mál til að afla því meiri eigna og fjármuna. Nærtækast er að líta á Landsbanka Íslands hf. og Kaupþing banka hf. sem ígildi tveggja þrotabúa. Að óbreyttu eru það fyrst og fremst kröfuhafar bankanna tveggja sem

ákveða hvort höfða skuli mál gegn breskum stjórnvöldum vegna athafna þeirra hinn 8. október sl. Telja verður hins vegar líklegt að kröfuhafarnir hafa annaðhvort takmarkaðan áhuga á að fjármagna málshöfðun gegn breskum stjórnvöldum eða þá að þeir treysta sér ekki til þess af ýmsum ástæðum.

Flutningsmenn frumvarpsins telja það varða miklum almannahagsmunum að í málsókn á hendur breskum yfirvöldum verði ráðist til að freista þess að fá úr því skorið hvort aðgerðir breskra stjórnvalda gegn íslenskum lögaðilum á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008 hafi brotið gegn lögum. Verði niðurstaða slíkrar málshöfðunar jákvæð getur stofnast til skaðabótaréttar á hendur breska ríkinu. Þegar af þeim ástæðum er mikilvægt að til slíks málareksturs sé stofnað. Það er skoðun flutningsmanna að löggjafarvaldinu og íslenskum stjórnvöldum beri að gera allt sem í valdi þeirra stendur til að tryggja að mögulegt verði að höfða mál innan málshöfðunarfresta gegn breskum stjórnvöldum vegna þeirra stjórnvaldsaðgerða sem bresk stjórnvöld beittu gagnvart íslensku bönkunum tveimur jafnvel þó svo að kröfuhafar bankanna kjósi að velja ekki þann kost. Telja flutningsmenn að hagsmunir þeirra sem í hlut kunna að eiga og hagsmunir íslensku þjóðarinnar af slíkri málsókn séu svo veigamiklir að óvissa um það hver beri fjárhagslega og lagalega ábyrgð á slíkri málsókn megi ekki standa henni í vegi. Og í ljósi þess að þær stofnanir sem að slíkri málsókn kunni að koma eru flestar eða allar með einum eða öðrum hætti á vegum og ábyrgð ríkisins telja flutningsmenn réttlætanlegt að mæla fyrir frumvarpi sem þessu.

Með málshöfðun af þessu tagi, óháð því hver aðild kunni að eiga að henni, telja flutningsmenn að íslenska þjóðin væri að koma á framfæri skýrum skilaboðum gagnvart breskum stjórnvöldum um að framferði þeirra gagnvart íslenskum hagsmunum verði ekki liðið og að nauðsynlegt sé að skera úr um lögmæti aðgerðanna fyrir dómstólum.

Þá telja flutningsmenn frumvarpsins að efni þess samræmist ákvæðum b-liðar 2. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Samfara frumvarpi þessu telja flutningsmenn nauðsynlegt að flytja tillögu um breytingar á fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar sem tryggja að fjármálaráðherra verði heimilt að veita þá fjárhagslegu fyrirgreiðslu sem frumvarp þetta kveður á um.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að fjármálaráðherra verði heimilað, fyrir hönd íslenska ríkisins, að veita fjárhagslega fyrirgreiðslu til þess að standa undir þeim kostnaði sem til fellur vegna undirbúnings og reksturs dómsmála þeirra fyrir erlendum dómstólum vegna íþyngjandi stjórnvaldsákvarðana erlendra stjórnvalda á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008. Eru þar einkum hafðar í huga mögulegar málshöfðanir þeirra íslensku banka sem höfðu með höndum starfsemi á Bretlandseyjum, ýmist í dótturfélögum eða í útibúum, og þurftu að sæta harkalegum aðgerðum af hálfu breskra yfirvalda, m.a. á grundvelli bresku hryðjuverkalaganna.

Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir að fyrirgreiðslan sem mælt er fyrir um í 1. mgr. geti meðal annars falið í sér beinan fjárhagslegan styrk vegna þess kostnaðar sem til fellur vegna málshöfðunarinnar, lánveitingu vegna hennar eða fjárhagslega aðstoð að öðru leyti. Kveðið yrði á um fyrirkomulag fyrirgreiðslunnar í samningi milli fjármálaráðherra, annars vegar, og þess sem dómsmál höfðar fyrir hinum erlenda dómstóli, hins vegar, þar sem skilmálar og skilyrði fyrirgreiðslunnar yrðu útfærð nánar, svo sem varðandi endurgreiðslu lánveitingar, greiðslukjör o.s.frv.

Um 2. gr.

Greinin mælir fyrir um skilyrði fyrir veitingu fjárhagslegrar fyrirgreiðslu skv. 1. gr. frumvarpsins. Þannig segir að sem skilyrði fyrir fjárhagslegri fyrirgreiðslu sem þessari þurfi mál það sem leitað er til dómstóla vegna, í fyrsta lagi, að lúta með einhverjum hætti að lögmæti stjórnvaldsákvörðunar eða stjórnvaldsathafnar erlends ríkis og varða hagsmuni sem íslenskir lögaðilar eða íslenskir ríkisborgarar áttu. Í annan stað er það skilyrði sett fyrir fjárhagslegri fyrirgreiðslu að ætla megi að með málshöfðuninni fáist niðurstaða sem sé mikilvæg fyrir íslenska almannahagsmuni og væri mögulega til þess fallin að styrkja hagsmuni Íslands á erlendri grundu. Er þar ekki síst átt við að verði niðurstaða málshöfðunar um ólögmæti aðgerða breskra stjórnvalda gagnvart íslenskum ríkisborgurum eða íslenskum lögaðilum jákvæð fyrir þann sem málið höfðar þá sé hugsanlegt að aðrir gætu leitt rétt sinn af þeirri niðurstöðu, svo sem í skaðabótamáli síðar meir.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að lögin skuli endurskoðuð fyrir árslok 2009. Á þeim tíma má gera ráð fyrir að fyrir liggi skýrari mynd af þeim málarekstri sem ráðist hefur verið í gegn breska ríkinu vegna aðgerða þess í október á þessu ári. Telja flutningsmenn eðlilegt að heimild sú sem frumvarpið kveður á um varðandi fjárhagslega fyrirgreiðslu fjármálaráðherra verði endurskoðuð.

366. Svar [166. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um innlent leikið sjónvarpsefni.

1. *Hversu mikið í mínútum talið hefur verið framleitt af leiknu innlendu sjónvarpsefni hjá Ríkisútvarpinu síðan rekstrarformi þess var breytt og hverjir eru titlar þeirra dagskrárliða?*

Ríkisútvarpið ohf. leggur áherslu á að sýna innlent leikið efni hvort sem það framleiðir það sjálft, í samvinnu við aðra eða kaupir það tilbúið. Í töflunni hér að aftan kemur fram það leikna efni sem framleitt hefur verið frá því að RÚV ohf. tók til starfa.

Tímabil 1. apríl 2007 – 19. nóvember 2008.

		Frumsýnt	Endursýnt	Frumsýning í mín.	Endursýning í mín.	Samtals mín.
Sýnt	Mannaveiðar	4 þættir	2x	170	340	510
Sýnt	Svartir englar	6 þættir	1x	270	270	540
Sýnt	Áramótaskaup 2007	1 þáttur	1x	45	45	90
Sýnt	Er grín G-vara	1 þáttur	1x	40	20	80
Sýnt	Spaugstofan	37 þættir	2x	888	1.776	2.664
Ósýnt	Hamarinn	4 þættir		220		
Ósýnt	Jóladagatal 2008	24 þættir		168		
Ósýnt	Á uppleið	1 þáttur		15		
Ósýnt	Áramótaskaup 2008	1 þáttur		50		
Sýnt	Stundin okkar*	48 þættir	2x	720	1.440	2.160
			Samtals mín.	2.586	3.891	6.044

* 15 mín. af leiknu efni eru í hverjum þætti af Stundinni okkar

2. *Hefur verið farið eftir samningi Ríkisútvarpsins ohf. við ráðuneytið um aukið leikið efni fyrir sjónvarp á tímabilinu?*

Í þjónustusamningi milli Ríkisútvarpsins ohf. og menntamálaráðuneytis segir m.a.: „RÚV skal styrkja og efla sjónvarpsþátta-, kvikmynda- og heimildarmyndagerð með því að kaupa og sýna efni frá sjálfstæðum framleiðendum. Með hugtakinu sjálfstæður framleiðandi er átt við fyrirtæki sem er sjálfstæður lögaðili aðskilinn frá útvarpsfyrirtækinu og hefur frelsi til að skilgreina sína eigin viðskiptastefnu, þar með talið það sem lýtur að vinnu fyrir aðra en útvarpsfyrirtækið sjálft. RÚV skal gerast kaupandi eða meðframleiðandi að leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum, heimildarmyndum eða öðru sjónvarpsefni og verja til þess að lágmarki 150 millj. kr. á ári frá og með árinu 2008. Árið 2009 hækkar upphæðin í 200 millj. kr. og verður við lok samningstímabilsins 250 millj. kr.“

Ráðuneytið telur Ríkisútvarpið ohf. hafa uppfyllt skyldur sínar að þessu leyti fram til þessa. Eins og kemur fram í töflunni hér að framan hefur RÚV ohf. eflt leikna sjónvarpsþáttagerð til muna í samstarfi við sjálfstæða kvikmyndaframleiðendur. Sjónvarpsþættirnir Mannaveiðar, Svartir englar, Áramótaskaupið 2008, Jóladagatalið 2008 og Hamarinn eru allir framleiddir í samstarfi við sjálfstæða kvikmyndaframleiðendur.

3. *Hvaða áhrif hefur samningur Ríkisútvarpsins ohf. við leikara og tónlistarmenn frá í febrúar sl. haft á flutning leikins efnis í dagskrá Ríkisútvarpsins – sjónvarps?*

Nýr samningur við Félag íslenskra leikara hefur það í för með sér að nú er hægt að endurflytja eldra efni úr safni Sjónvarpsins. Í vetur mun Sjónvarpið endursýna gömul áramótaskaup, að jafnaði eitt í mánuði, og einnig eru í vinnslu þættir um sjónvarpsleikrit fyrri ára og annað leikið efni sem til er í safni Sjónvarpsins. Þessir þættir, sem eru í umsjón Hallmars Sigurðssonar og Rúnars Gunnarssonar, verða á dagskrá Sjónvarpsins í vetur. Samningurinn við tónlistarmenn hefur ekki haft áhrif á leikna innlenda dagskrárgerð enn sem komið er.

4. *Er að vænta breytinga á samningi Ríkisútvarpsins ohf. og ráðuneytisins?*

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið sem lagt hefur verið fram á Alþingi er gert ráð fyrir að ýmis atriði verði útfærð nánar í þjónustusamningi. Samþykkt

frumvarpsins mundi því kalla á að gerðar yrðu viðbætur við samninginn. Ekki hefur hins vegar verið tekin ákvörðun um það hvort gerðar verðar frekari breytingar á þjónustusamningi menntamálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins.

367. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 88 12. júní 2008, um meðferð sakamála.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund nefndarinnar kom Ragna Árnadóttir frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnun embættis héraðssaksóknara verði frestað um eitt ár eða til 1. janúar 2010. Ákvæði laga um meðferð sakamála taka að öðru leyti gildi 1. janúar 2009 og munu þau leysa af hólmi lög um meðferð opinberra mála.

Nefndin leggur áherslu á að frestunin er til komin vegna þeirra aðstæðna sem nú eru uppi í ríkisfjármálum. Nefndin vill hins vegar árétta þá afstöðu sína að efling ákæruvaldsins m.a. með stofnun embættis héraðssaksóknara er mikilvægt framfaraskref og leggur því áherslu á að hér er aðeins um að ræða frestun til eins árs.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Atli Gíslason skrifar undir álitið með fyrirvara.

Sigurður Kári Kristjánsson, Siv Friðleifsdóttir, Ólöf Nordal og Jón Magnússon voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. des. 2008.

Birgir Ármannsson, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Atli Gíslason, með fyrirvara.
Ellert B. Schram.		Karl V. Matthíasson.

368. Nefndarálit [212. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson og Maríönnu Jónasdóttur frá fjármálaráðuneyti, Guðmund Guðbjarnason frá ríkisskattstjóra, Hannes G. Sigurðsson og Sigurð Pál Hauksson frá Samtökum atvinnulífsins, Arnar Sigurmundsson frá Samtökum fiskvinnslustöðva og Árna Gunnarsson og Grím Sæmundsen frá Samtökum ferðaþjónustunnar. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, ríkis-

skattstjóra, Seðlabanka Íslands, Samtökum fjármálafyrirtækja, Félagi löggiltra endurskoðenda, PriceWaterhouseCoopers hf., Alþýðusambandi Íslands, Viðskiptaráði Íslands, Samorku, Samtökum iðnaðarins, Kauphöll Íslands, Samtökum fjárfesta og frá Samtökum atvinnulífsins, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Samtökum fiskvinnslustöðva sameiginlega.

Frumvarpi þessu er, í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar, ætlað að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja vegna efnahagsástandsins. Er lagt til að fyrirtæki sem að öðru leyti uppfylla skilyrði laganna verði gefinn kostur á að sækja um heimild ársreikningaskrár til að gera upp ársreikninga sína í erlendri mynt fyrir árin 2008 og 2009.

Í umsögnum sem nefndinni hafa borist hefur verið undirstrikuð þörfin á að láta heimild frumvarpsins vara lengur en til 15. desember 2008 og leggur nefndin til að því verði breytt í 30. desember.

Fulltrúar atvinnulífsins sem komu á fund nefndarinnar lögðu til að skilyrði 3. tölul. 8. gr. laga um ársreikninga fyrir heimild til færslu bókhalds og samningar ársreikninga í erlendri mynt yrðu rýmkuð. Það væri til þess fallið að færa framkvæmd ársreikningaskrár til meira samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla og auka möguleika fyrirtækja til að færa ársreikninga til uppgjörs í erlendri mynt, t.d. orkufyrirtækja og fyrirtækja í ferðaþjónustunni. Að óbreyttu mundu það einkum vera sjávarútvegsfyrirtæki sem gætu nýtt sér heimild frumvarpsins.

Af hálfu fjármálaráðuneytis kom fram sá skilningur að umrætt skilyrði laga um ársreikninga væri í framkvæmd álitið efnislega samhljóða þeim alþjóðlegu reikningsskilastöðlum sem um það fjölluðu. Enn fremur færi betur á að athugasemdir atvinnulífsins kæmu til skoðunar í tengslum við annað frumvarp sem varðar breytingar á lögum um ársreikninga og fjármálaráðherra hefur lagt fram (þskj. 362, 245. mál).

Nefndin fellst á sjónarmið ráðuneytisins og bendir á að frumvarpið sem hér er til umfjöllunar er skammtímaráðstöfun gerð í ljósi sérstakra aðstæðna sem felur í sér frávik frá 9. gr. laga um ársreikninga. Er um að ræða afturvirka en ívilnandi breytingu.

Nefndin bendir hins vegar á að mörg fyrirtæki sem gera upp í íslenskri mynt en hafa meginhluta bæði skulda og tekna í erlendri mynt, og jafnvel einnig hluta gjalda, sýna á pappírnum mikið tap vegna stórkostlegrar veikingar krónunnar undanfarið vegna þess að skuldir þeirra hækka strax á árinu og mynda mikið gengistap en tekjurnar, sem hækka munu næstu árin af sömu ástæðu og eiga að standa undir skuldunum, valda ekki samsvarandi hagnaði í bókhaldinu nema í nokkra mánuði. Ef litið er á rekstur slíkra fyrirtækja frá sjónarhorni erlendrar myntar hefur í raun ekkert breyst, hvorki skuldir né tekjur, en innlendur kostnaður hefur lækkað. Staða slíkra fyrirtækja hefur því styrkst, ef eitthvað er, vegna gengisfalls krónunnar en bókhald í íslenskum krónum sýnir miklu verri stöðu þeirra, sem ekki er rétt. Þetta á við um mörg sjávarútvegsfyrirtæki, fyrirtæki í ferðaþjónustu og iðnfyrirtæki í útflutningi, t.d. álfyrirtæki. Mikilvægt er að fyrirtæki sýni ekki slæma bókhaldslega stöðu að ósekju sem getur skaðað þau mjög mikið gagnvart erlendum lánveitendum.

Með hliðsjón af framansögðu ítrekar nefndin það sem fram hefur komið á fundum hennar að í núverandi efnahagsástandi gefi uppgjör í íslenskri mynt ekki glögga mynd af raunverulegri stöðu margra fyrirtækja og að huga verði að breytingum á skilyrðum 8. gr. ársreikningalaga. Enn fremur að ekki eigi að túlka umrædda lagagrein þrengra en alþjóðlegir reikningsskilastaðlar gefa tilefni til.

Loks leggur nefndin til að 2. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins falli brott þar sem ákvæðið virðist ekki hafa sjálfstæða þýðingu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr.
a. Dagsetningin „15. desember 2008“ í 1. efnismgr. verði: 30. desember 2008.
b. Síðari efnismálsgrein falli brott.

Gunnar Svavarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og styður álitið með fyrirvara.

Alþingi, 16. des. 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Ögmundur Jónasson.
Bjarni Benediktsson.	Birkir J. Jónsson.	Lúðvík Bergvinsson.
Katrín Jakobsdóttir.	Kjartan Ólafsson.	

369. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur, Þórð Reynisson og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti, Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins, Knút Signarsson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna og Árna Gunnarsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Neytendasamtökunum, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Samtökum iðnaðarins, Viðskiptaráði Íslands, Félagi íslenskra stórkaupmanna og Lýðheilsustöð.

Frumvarpinu er ætlað að treysta lagagrundvöll smásöluálagningar á áfengi sem er í höndum ÁTVR auk þess sem lagt er til að afnuminn verði sá mismunur sem er á álagningu áfengis sem selt er í kjarnasölu og reynslusölu. Frumvarpið gerir eftir sem áður ráð fyrir að versluninni verði heimilt að innheimta sérstakt gjald vegna kostnaðar sem hlýst af sölu nýrrar vöru.

Fram kemur í athugasemdum frumvarpsins að frumvarpið er samið vegna álits umboðsmanns Alþingis sem komist hafi að þeirri niðurstöðu að álagning ÁTVR á sölu áfengis hafi skort fullnægjandi lagastoð.

Á fundum nefndarinnar var rætt hvort frumvarpið hefði í för með sér að álagning á áfengi hækkaði eða lækkaði. Fulltrúar fjármálaráðuneytis og ÁTVR bentu á að verð á áfengi í kjarnasölu (bjór, léttvín og sterkt) mundi hækka en verð á bjór og léttvíni í reynslusölu lækka. Var tekið fram í þessu sambandi að meginstarfsemi verslunarinnar sem er sala áfengis hefði ekki staðið undir sér undanfarin ár þrátt fyrir að heildarreksturinn hefði gengið vel.

Sama álagning á reynslu- og kjarnavörur mundi auk þess styrkja stöðu nýrra birgja sem leiða ætti til aukinnar samkeppni og þar með lægra vöruverðs.

Fulltrúar framleiðenda og innflytjenda áfengra drykkja sem komu á fund nefndarinnar vöruðu við samþykkt frumvarpsins. Kom fram sú gagnrýni að um væri að ræða dulda hækkun á ríkistekjum sem ekki væri við hæfi að rökstyðja með vísan til skorts á lagastoð. Með hliðsjón af efnahagsaðstæðum væri hækkunin ekki vel tímasett og skaðaði hagsmuni neytenda enn meira en orðið er. Fulltrúi framleiðenda lagði áherslu á að fremur ætti að styðja við innlenda framleiðslu sem gera mætti með því að létta álagningu á bjór.

Nefndin ræddi hvort áfengisgjald væri hluti af innkaupsverði ÁTVR, sbr. 3. efnismgr. 2. gr. frumvarpsins, og tóku fulltrúar fjármálaráðuneytis fram að svo væri. Þeir tóku einnig fram að réttara hefði verið að tala um vörugjöld í stað innflutningsgjalda í lokamálsgrein athugasemda við 2. gr. frumvarpsins.

Nefndin ræddi einnig áhrif frumvarpsins á hækkun vísitölu neysluverðs og fengust þær upplýsingar úr fjármálaráðuneytinu að hún gæti numið 0,06% milli mánaða.

Meiri hlutinn styður frumvarpið í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs. Hann vill þó geta þess að staða nýrra birgja verður ekki tryggð nema gætt sé hófs í gjaldtöku vegna sölu nýrrar vöru. Leggur meiri hlutinn því áherslu á að forsendur sem liggja til grundvallar útreikningi gjaldsins liggi fyrir áður en hafist verður handa við innheimtu þess.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Gunnar Svavarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Ögmundur Jónasson.
Bjarni Benediktsson.	Lúðvík Bergvinsson.	Kjartan Ólafsson.

370. Nefndarálit [220. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Völu Rebekku Þorsteinsdóttur frá fjármálaráðuneyti.

Í frumvarpinu er lagt til að fjármögnun á þeirri starfsemi sem IcePro, samstarfsvettvangur um rafræn viðskipti, hefur haft með höndum verði breytt. Er gert ráð fyrir að verkefnið fái beina fjárveitingu úr ríkissjóði í fjárlögum í stað hlutfalls af skattstofni tryggingagjalds.

Á fundum nefndarinnar var óskað eftir upplýsingum um þá starfsemi IcePro. Fram kom að framlög til verkefnisins hefðu byggst á heimild í fjárlögum sem merkt er rafrænum viðskiptum. Hefði þeim lið verið ráðstafað til IcePro í samræmi við ákvæði laga um tryggingagjald.

Nefndin fékk upplýsingar um starfsemi IcePro og reikninga fyrir árið 2007. Var fjárveiting til starfseminnar 6,6 millj. kr. á því ári. Ekki stendur til að skerða framlög til málaflokksins heldur mun afnám ákvæðisins hafa í för með sér að svigrúm Alþingis til að ráðstafa fjármunum til þessa með fjárlagafrumvarpi verður meira. Kom fram að til greina komi að viðskiptaráðuneytið bjóði út hluta þeirrar þjónustu sem IcePro veitir.

Meiri hlutinn fagnar frumvarpinu og telur það samræmast betur fjárveitingarvaldi Alþingis að framlög til málaflokka séu ákveðin í fjárlögum fremur en almennum lögum. Mörg dæmi eru í lagasafninu um hið síðarnefnda.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Gunnar Svavarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Bjarni Benediktsson.
Lúðvík Bergvinsson.	Kjartan Ólafsson.	

371. Nefndarálit [234. mál]

um frv. til l. um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og hefur fengið á sinn fund Ágúst Geir Ágústsson, Margréti Erlendsdóttur og Þór G. Þórarinsson frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu, Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Guðmund Viggósson frá Sjónstöð Íslands, Kristinn Halldór Einarsson og Ólaf Haraldsson frá Blindrafélaginu, Bryndísi Snæbjörnsdóttur og Friðgeir Jóhannesson frá Daufblindrafélagi Íslands, Halldór Sævar Guðbergsson frá Öryrkjabandalagi Íslands og Þórð Sveinsson frá Persónuvernd. Þá hafa borist umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Blindrafélaginu, Öryrkjabandalagi Íslands, Viðskiptaráði Íslands, Daufblindrafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Blindrabókasafni Íslands.

Í frumvarpinu er kveðið á um stofnun sérstakrar þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Til þessa hafa þau verkefni sem heyra skulu undir miðstöðina samkvæmt frumvarpinu verið á forsvari þriggja ráðuneyta, þ.e. heilbrigðisráðuneytis og menntamálaráðuneytis auk félags- og tryggingamálaráðuneytis. Lagt er til að þessi nýja stofnun heyri einungis undir síðastnefnda ráðuneytið. Hlutverk stofnunarinnar verður að veita blindum, sjónskertum og daufblindum einstaklingum þjónustu á sviði ráðgjafar, hæfingar og endurhæfingar með það að markmiði að auka möguleika þeirra til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra. Þá skal stofnunin m.a. einnig gegna samhæfingarhlutverki og vera þekkingarmiðstöð sem aflar og miðlar þekkingu og leitast við að auka skilning á aðstæðum blindra, sjónskertra og daufblindra.

Stofnunin yfirtekur m.a. starfsemi Sjónstöðvar Íslands, Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra, en auk þess mun hluti af starfsemi Blindrabókasafns Íslands heyra undir hina nýju stofnun. Starfsmönnum þar verða boðin áframhaldandi störf.

Nefndin fagnar framkomnu frumvarpi og telur það mjög til bóta fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Þá telur nefndin jákvætt að daufblinda sé nú í fyrsta sinn skilgreind sem sérstök fötlun en ekki samþætting tveggja fatlana eins og hefur verið. Frumvarpið hefur verið unnið í góðri samstöðu og samstarfi við hlutaðeigandi aðila og varð nefndin vör við mikla ánægju með þau vinnubrögð, m.a. hjá Blindrafélaginu og Daufblindrafélaginu sem höfð voru með í ráðum frá upphafi. Telur nefndin mikilvægt þegar unnið er að lagasetningu sem móta á þjónustu við fatlaða að sem flestir séu fengnir að borðinu og unnið sé í samstarfi við hagsmunasamtök og þá aðila sem málið varða. Þannig er hægt að sætta sjónarmið ef með þarf og nýta þá reynslu og þekkingu sem skapast hefur ásamt því sem tryggt er að þjónustan taki mið af þeim sérþörfum sem fatlaðir kunna að hafa.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að forstjóri hinnar nýju stofnunar skuli hafa lokið háskólaprófi og hafa menntun og reynslu sem nýtist í starfi stofnunarinnar. Nefndin telur ekki ástæðu til að gerð sé skilyrðislaus krafa um háskólapróf, enda geti þekking, reynsla og starf að málefnum blindra, sjónskertra og daufblindra nýst allt eins vel. Leggur nefndin því til breytingar þess efnis.

Þeim sjónarmiðum var hreyft fyrir nefndinni að auka mætti aðkomu menntamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis að rekstri stofnunarinnar. Telur nefndin eðlilegt að verkefnið sé vistað hjá einu ráðuneyti en bendir jafnframt á að stofnuninni er ætlað viðamikið hlutverk sem fer inn á málefnasvið fleiri ráðuneyta. Með því að ráðuneytin tilnefni fulltrúa í samráðsnefnd stofnunarinnar telur nefndin þó tryggt að faglega verði farið með þau málefni sem kunna að skarast.

Þá telur nefndin rétt að samráðsnefndin verði ráðherra einnig til ráðgjafar um gjaldtöku skv. 9. gr. Greinin kveður á um að stofnuninni sé heimilt að taka gjald fyrir þá þjónustu sem hún veitir skv. 4. gr. Þar er um að ræða viðamikil og fjölbreytt verkefni og leggur nefndin áherslu á að hófs sé gætt við ákvörðun gjalda. Nefndin áréttar jafnframt þann skilning sinn að ekki sé ætlunin að taka gjald fyrir þjónustu sem hingað til hefur verið gjaldfrjáls.

Komið var á framfæri við nefndina athugasemdum þess efnis að blindir, sjónskertir og daufblindir einstaklingar af landsbyggðinni ættu erfiðara um vik að nálgast þá þjónustu sem stofnunin veitir. Þá sé fötlun vegna blindu, sjónskerðingar og daufblindu fátíð og því erfitt að byggja upp þjónustu fyrir þennan hóp í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Með 5. mgr. 4. gr. frumvarpsins er stofnuninni veitt heimild til að gera þjónustusamninga við sveitarfélög og telur nefndin það mjög til bóta. Nefndin telur mikilvægt að reynt verði að jafna kostnað eftir föngum og að gætt verði jafnréttissjónarmiða og enn fremur að allir eigi greiðan aðgang að þjónustu stofnunarinnar.

Meðal þeirra verkefna sem stofnuninni er falið með c-lið 1. tölul. 2. mgr. 4. gr. er að meta þörf og úthluta sérhæfðum hjálpartækjum. Það atriði er endurtekið í 8. tölul. og leggur nefndin til að sá liður falli brott.

Hvað varðar þá skyldu stofnunarinnar að halda skrá yfir blinda, sjónskerta og daufblinda áréttar nefndin þann skilning sinn að tilgangur skráningar sé að bæta þjónustu við hópinn, meta þörf fyrir þjónustu og halda til haga upplýsingum um þá þjónustu sem er veitt. Í gildandi lögum er til staðar sambærilegt ákvæði og því er ekki um að ræða eðlisbreytingu á skráningu.

Í nefndinni kom til umræðu að koma á formlegri tilkynningarskyldu stofnunarinnar vegna einstaklinga sem eigi bágt með eða eru ófærir um að stjórna ökutækjum vegna sjónskerðingar. Nefndin leggur þó ekki til breytingar þess efnis enda eðlilegra að kveða á um slíkt í umferðarlögum.

Frumvarpið miðar að því að gera þjónustu við blinda, sjónskerta og daufblinda heildstæðari þannig að hún sé sem mest aðgengileg á einum stað og að þar sé jafnframt tryggð sem best yfirsýn yfir aðstæður hópsins. Hér er um að ræða réttindamál, frumvarpið var unnið í samráði við hlutaðeigandi aðila og breið samstaða og sátt er um málið. Telur nefndin því eðlilegt að hraða afgreiðslu málsins eins og hægt er.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kristinn H. Gunnarsson, Jón Gunnarsson og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. des. 2008.

Guðbjartur Hannesson, form., frsm.	Ármann Kr. Ólafsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Helga Sigrún Harðardóttir.	Kjartan Ólafsson.	Árni Johnsen.

372. Breytingartillögur [234. mál]

við frv. til l. um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „lokið háskólaprófi og hafa menntun“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: menntun, þekkingu.
   b. Við 4. mgr. bætast orðin: og gjaldtöku skv. 9. gr.
2. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „og kennsla“ í 1. tölul. 2. mgr. komi: kennsla og úthlutun hjálpartækja.
   b. 8. tölul. 2. mgr. 4. gr. fellur brott.

373. Nefndarálit [211. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti, Jón Guðmundsson og Bjarna Amby Lárusson frá ríkisskattstjóra og Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Seðlabanka Íslands, Viðskiptaráði Íslands, ríkisskattstjóra og Alþýðusambandi Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar sem varða uppgjör á virðisaukaskatti. Er annarri ætlað að tryggja fullan innskattsrétt þeirra sem kosið hafa að fresta greiðslu virðisaukaskatts í samræmi við lög nr. 130/2008, um breyting á tollalögum. Hinni er ætlað að gefa fyrirtækjum kost á að nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil ef útskattur er að jafnaði lægri en innskattur.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ellert B. Schram, Bjarni Benediktsson, Gunnar Svavarsson og Birkir J. Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. des. 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm. Ögmundur Jónasson. Lúðvík Bergvinsson.

Katrín Jakobsdóttir. Árni Páll Árnason.

374. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Áslaugu Árnadóttur og Helgu Óskarsdóttur frá viðskiptaráðuneyti, Eirík Guðnason frá Seðlabanka Íslands, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Helga Sigurðsson frá Nýja Kaupþingi banka hf., Gísla G. Hall frá laganefnd Lögmannafélags Íslands, Sigurð A. Jónsson og Bjarna Þór Óskarsson frá Intrum á Íslandi ehf., Davíð B. Gíslason frá Momentum greiðslu- og innheimtuþjónustu ehf., Hildigunni Hafsteinsdóttur frá Neytendasamtökunum og Ástu S. Helgadóttur frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Þá barst nefndinni skrifleg umsögn um frumvarpið frá Viðskiptaráði Íslands.

Frumvarp þetta er hluti af aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í þágu heimilanna sem kynnt var 14. nóvember sl. og er markmið þess að draga úr kostnaði fyrirtækja og heimila vegna hárra dráttarvaxta sem leitt geta til mikilla greiðsluerfiðleika. Gerir frumvarpið ráð fyrir að

dráttarvextir miðist framvegis við 7% álag á algengustu skammtímalán Seðlabanka Íslands til lánastofnana í stað 11% álags. Auk þess er lagt til að heimild Seðlabankans til að ákveða annað vanefndaálag falli brott og að dráttarvextir verði birtir fjórum sinnum á ári í stað tvisvar á ári samkvæmt núgildandi lögum.

Samkvæmt tilkynningu Seðlabankans frá 26. nóvember eru dráttarvextir 26,5% til og með 31. desember 2008 þannig að grunnur dráttarvaxta sé 15,5% til samræmis við stýrivexti 1. júlí og vanefndaálag 11%. Á grundvelli nýrrar tilkynningar Seðlabankans frá 16. desember sl. skulu dráttarvextir vera 25% frá og með 1. janúar 2009. Er þar miðað við 18% stýrivexti og 7% vanefndaálag. Hefur Seðlabankinn þannig nýtt sér heimild í 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna til þess að lækka vanefndaálag úr 11% í 7%. Með samþykkt þessa frumvarps verður vanefndaálagið hins vegar fest í 7 prósentustigum.

Nefndin fagnar lækkun dráttarvaxta með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Nefndin telur að slík lækkun komi bæði einstaklingum og fyrirtækjum til góða, sérstaklega í því árferði sem nú ríkir.

Nefndin ræddi á fundum sínum nokkuð um dráttarvexti, samsetningu þeirra og ákvörðunardaga þeirra. Í lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, kemur fram í 2. mgr. 6. gr. að heimilt sé að semja um fastan hundraðshluta vanefndaálags á grunn dráttarvaxta, að undanskildum neytendalánum. Slíkt samningsfrelsi gildir því um lánveitingar og viðskipti önnur en neytendalán. Samkvæmt lögum um neytendalán, nr. 121/1994, falla þar undir lánasamningar sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur, þar á meðal húsnæðislán neytenda.

Þá komu þau sjónarmið fram fyrir nefndinni að undirliggjandi vandamál við ákvörðun dráttarvaxta hér á landi séu í raun háir stýrivextir. Bent var á að umræddar breytingar gætu leitt til þess að dráttarvextir yrðu í einhverjum tilvikum lægri en hæstu útlánsvextir sem lánastofnanir bjóða. Slíkt gæti ekki talist ákjósanlegt í ljósi þess að eðli dráttarvaxta er að vera lögákveðnar skaðabætur til kröfuhafa vegna vanefnda. Þó var bent á að nauðsynlegt væri að taka heildarkostnað vanskila með í reikninginn, svo sem innheimtukostnað. Sömuleiðis kom fram í umfjöllun nefndarinnar að nú þegar megi finna samningsbundna vexti sem eru hærri en dráttarvextir. Því var hreyft fyrir nefndinni að ákveðið misræmi geti komið fram milli stýrivaxta og dráttarvaxta þar sem dráttarvextir eru aðeins ákvarðaðir á sex mánaða fresti og byggjast því á allt að sex mánaða gömlum stýrivaxtatölum. Var því lagt til við nefndina að dráttarvaxtaákvörðunardagar væru oftar og jafnvel fleiri en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Fyrir nefndina komu einnig fulltrúar neytenda, frá Neytendastofu og Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, og fögnuðu þessir aðilar almennt lækkun dráttarvaxta samkvæmt frumvarpinu. Var því sjónarmiði hreyft að lækkun dráttarvaxta með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir gæti haft jákvæð áhrif á lækkun vaxta hjá lánastofnunum. Þá kom fram fyrir nefndinni að mikilvægt verði að teljast að lögfesta sem fyrst úrræði um greiðsluaðlögun, en unnið hefur verið að frumvarpinu í nokkurn tíma. Slíkt úrræði muni koma neytendum til góða og bæta stöðu þeirra aðila sem hvað verst eru settir fjárhagslega.

Eftir umfjöllun sína leggur nefndin til eftirfarandi breytingartillögur:

Gerð er tillaga um að gildistökudagar dráttarvaxta verði fyrsti dagur hvers mánaðar þannig að Seðlabankinn birti dráttarvexti mánaðarlega en ekki fjórum sinnum á ári eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Með þessu er reynt að koma til móts við misræmi sem myndast getur milli dráttarvaxta og stýrivaxta sem ákvarðast oftar en fjórum sinnum á ári.

Þá er einnig lagt til að gildistaka laganna verði 1. janúar 2009.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. C-liður orðist svo: Í stað orðanna „1. janúar og 1. júlí ár hvert“ í 3. málsl. kemur: fyrsta dag hvers mánaðar.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

Birkir J. Jónsson, Höskuldur Þórhallsson og Björk Guðjónsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. des. 2008.

Ágúst Ólafur Ágústsson, form., frsm.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Árni Páll Árnason.
Birgir Ármannsson.	Herdís Þórðardóttir.	Árni Þór Sigurðsson.

375. Nefndarálit [226. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ögmund Hrafn Magnússon frá fjármálaráðuneyti. Þá hefur nefndinni borist umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Fyrsta breytingin er í samræmi við fyrirheit ríkisstjórnarinnar um að skilmálabreytingar sem gerðar eru á grundvelli laga um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga skuli vera lántaka að kostnaðarlausu. Önnur breytingin kveður á um sams konar heimild til gjaldtöku vegna útgáfu leyfisbréfs til leikskólakennara eins og gildir um grunnskóla- og framhaldsskólakennara. Þriðja breytingin mælir fyrir um gjaldtökuheimild vegna útgáfu og endurnýjunar á innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum auk endurnýjunar á leyfi fyrir starfrækslu uppboðsmarkaða fyrir sjávarafla. Loks er lagt til að heimilt verði að taka gjald fyrir rafræna miðlun upplýsinga.

Fram kom að 4. gr. frumvarpsins mundi heimila ríkisstofnunum að innheimta gjald fyrir afhendingu gagna á rafrænu formi eins og tíðkast þegar gögn eru afhent í ljósriti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Gunnar Svavarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Ögmundur Jónasson.
Bjarni Benediktsson.	Birkir J. Jónsson.	Lúðvík Bergvinsson.
Katrín Jakobsdóttir.	Kjartan Ólafsson.	

376. Frumvarp til laga [28. mál]

um breyting á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Á eftir 2. málsl. 3. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama á við ef fyrir liggur stofnefnahagsreikningur hins nýja eftirlitsskylda aðila.
b. Í stað „5. og 6. mgr. 5. gr.“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: 4. og 5. mgr. 5. gr.

2. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki skulu greiða eftirfarandi hlutföll af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.:
   a. Viðskiptabankar 0,00774%.
   b. Sparisjóðir, lánafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki 0,00686%.

   Þrátt fyrir framangreint skulu Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf. og Landsbanki Íslands hf. aðeins greiða fastagjald að fjárhæð 4.000.000 kr. hver.
2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,381% af bókfærðum iðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,215% af þeim iðgjöldum sem miðlað hefur verið á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 300.000 kr.
4. Verðbréfafyrirtæki skulu greiða 0,061% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr.
5. Verðbréfamiðlanir skulu greiða 0,061% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 350.000 kr.

6. Rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf skulu greiða 0,0074% af eignum rekstrarfélags og viðkomandi sjóða samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr.
7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,84% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 350.000 kr.
8. Kauphallir skulu greiða 0,61% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 350.000 kr.
9. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,00891% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 700.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 1.120.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna, 1.960.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tíu milljörðum til tuttugu og fimm milljarða króna, 3.650.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tuttugu og fimm milljörðum til eitt hundrað milljarða króna og 4.210.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við hreina eign til greiðslu lífeyris.
10. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 300.000 kr.
11. Íbúðalánasjóður skal greiða 0,0032% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.
12. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 300.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulið 1. mgr.

Eignarhaldsfélög á fjármálasviði, eignarhaldsfélög á vátryggingasviði, blönduð eignarhaldsfélög, blönduð eignarhaldsfélög á vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu greiða fastagjald sem nemur 1.500.000 kr.

Útgefendur hlutabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, skulu greiða fastagjald tengt fjárhæð markaðsvirðis útgefinna hlutabréfa sinna. Greiða skal 300.000 kr. fastagjald vegna hlutabréfa að markaðsvirði undir fimm milljörðum króna, 800.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá fimm til tuttugu og fimm milljarða króna, 2.400.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá tuttugu og fimm til eitt hundrað milljarða króna, 4.400.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá eitt hundrað til fimm hundruð milljarða króna og 6.300.000 kr. vegna hlutabréfa með markaðsvirði yfir fimm hundruð milljörðum króna.

Útgefendur skuldabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, skulu greiða fastagjald tengt fjárhæð markaðsvirðis útgefinna skuldabréfa sinna. Greiða skal 100.000 kr. fastagjald vegna skuldabréfa að markaðsvirði undir einum milljarði króna, 150.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá einum til fimm milljarða króna, 350.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá fimm til tíu milljarða króna, 600.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá tíu til fimmtíu milljarða króna, 850.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá fimmtíu til tvö hundruð milljarða króna og 1.000.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði yfir tvö hundruð milljörðum króna.

Aðilar með innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum, nr. 95/2008, skulu greiða fastagjald sem nemur 600.000 kr.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

377. Frumvarp til laga [179. mál]

um breytingu á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, og lögum um útlendinga, nr. 96/2002.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „1. janúar 2009“ í ákvæði til bráðabirgða II í lögunum kemur: 1. janúar 2012.

II. KAFLI

Breyting á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „nánustu aðstandenda“ í 1. mgr. kemur: íslensks ríkisborgara eða.
b. Við 6. mgr. bætist: eða um sé að ræða nánasta aðstandanda íslensks ríkisborgara.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða II í lögunum:

a. Í stað orðanna „14. gr.“ kemur: 22. gr.
b. Í stað orðanna „1. janúar 2009“ kemur: 1. janúar 2012.

III. KAFLI

Breyting á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða II í lögunum:

a. Í stað orðanna „1. janúar 2009“ í 1. og 2. málsl. kemur: 1. janúar 2012.
b. Orðin „og ákvæði 4. mgr. 35. gr. laganna um heimild EES- eða EFTA-útlendings til að sækja um dvalarleyfi eftir komu til landsins“ í 2. málsl. falla brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

378. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Loga Kjartansson og Þorstein Sæmundsson frá umhverfisráðuneyti, Sigríði Björnsdóttur frá tilraunadýranefnd, Sigurborgu Daðadóttur frá dýraverndarráði, Sif Traustadóttur frá Dýralæknafélagi Íslands, Grétar Hrafn Harðarson frá Landbúnaðarháskóla Íslands og Ólaf R. Dýrmundsson frá Bændasamtökum Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Íslenskri erfðagreiningu ehf., Landbúnaðarháskóla Íslands, Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins, Bændasamtökum Íslands og Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 16. gr. laga um dýravernd sem ætlað er að skýra nánar hlutverk og valdsvið tilraunadýranefndar. Verkefni nefndarinnar hafa vaxið á undanförnum árum og því er lagt til að skerpt sé á hlutverki hennar. Þá er tilraunadýranefnd veitt lagaheimild til að innheimta gjald til að standa undir kostnaði við leyfisveitingar og eftirlit vegna dýratilrauna.

Nefndin telur mikilvægt að tilraunadýranefnd hafi lagalega stoð sem tryggi henni fjármagn og lagalegt umhverfi til að sinna starfi sínu og gæta þess að þeir sem geri tilraunir á dýrum fari eftir settum reglum, tilraunir séu gerðar á mannúðlegan og réttan hátt og meðferð dýranna sé lögum samkvæmt. Sú breyting sem lögð er til á hlutverki nefndarinnar er að mestum hluta til útfærsla sem nú er í reglugerð nr. 279/2002, um dýratilraunir. Sú reglugerð var sett með hliðsjón af tilskipun Evrópusambandsins, 86/609/EBE um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildaríkjanna um verndun dýra sem notuð eru í tilrauna- og vísindaskyni, með síðari breytingum.

Nefndin leggur til breytingar á b-lið 1. gr. frumvarpsins þar sem segir að kröfur um menntun og þjálfun þeirra sem nota dýr í tilraunaskyni skuli taka mið af menntun í vísindagrein eða námskeiði tengdu dýratilraunum. Reglugerð um dýratilraunir mælir aftur á móti fyrir um að bæði skuli einstaklingur hafa menntun og hafa sótt réttindanámskeið í meðferð tilraunadýra. Þá er sambærilega kröfu að finna í 14. gr. tilskipunar 86/609/EBE en þar er kveðið á um þær lágmarkskröfur sem aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins ber að innleiða. Lögunum er ætlað að tryggja dýravernd og því mikilvægt að gerðar séu strangar kröfur til þeirra sem stunda dýratilraunir. Því verður að telja eðlilegt skilyrði að leyfisbeiðandi hafi lokið slíku námskeiði til að honum sé veitt leyfi til dýratilrauna en ekki sé nægilegt að sækja námskeiðið. Að sama skapi verður ekki séð að þær kröfur sem lögin kveða á um gangi lengra en nauðsyn krefur og því leggur nefndin til að 2. efnismálsl. b-liðar falli brott.

Tilraunadýranefnd hefur nokkra sérstöðu sem eftirlitsaðili og útgefandi leyfa þar sem nefndin heyrir undir Umhverfisstofnun en er vistuð hjá Matvælastofnun. Af þessari ástæðu virðast hafa verið vandkvæði með fjármögnun vinnu tilraunadýranefndar. Nefndin leggur ekki til breytingar á ákvæðum sem miða að því að veita tilraunadýranefnd gjaldtökuheimild

þar sem augljóst er að eigi nefndin að sinna lögboðnum verkefnum sínum þurfi að koma fjármagn til þess. Nefndin áréttar þann skilning sinn að með því að kveða á um að gjaldið skuli ekki vera hærra en nemur eðlilegum kostnaði við eftirlit eða útgáfu sé gert ráð fyrir mishárri gjaldtöku eftir umfangi við vinnu leyfisins og eftirlits, enda nefndinni verið kynnt dæmi þar sem eftirlit getur verið mjög umfangsmikið. Með þessu móti er jafnframt hægt að innheimta lægra gjald fyrir endurnýjun leyfa þegar ekki þarf að fara í umfangsmikla og tímafreka gagnaöflun. Þó telur nefndin rétt að beina því til ráðuneytisins að skoða stöðu og hlutverk tilraunadýranefndar við yfirstandandi endurskoðun laga um dýravernd með það í huga að tryggja henni stöðu innan stjórnsýslunnar og eðlilega leið að fjármagni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

B-liður 1. gr. orðist svo: Við 5. mgr., er verður 6. mgr., bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Kröfur um menntun og þjálfun þeirra sem nota dýr í tilraunaskyni skulu taka mið af menntun í vísindagrein sem tekur til þeirrar tilraunastarfsemi er um ræðir. Þá skal einnig gera kröfu um að námskeiði í meðferð tilraunadýra hafi verið lokið.

Katrín Júlíusdóttir og Kjartan Ólafsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Kolbrún Halldórsdóttir og Árni Þór Sigurðsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Kristinn H. Gunnarsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 17. des. 2008.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Ólöf Nordal.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.
Illugi Gunnarsson.	Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara.	Árni Þór Sigurðsson, með fyrirvara.
	Valgerður Sverrisdóttir, með fyrirvara.	

379. Frumvarp til laga [249. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Íris Ósk Ipsen, f. 1992 á Íslandi.
2. Birna Björnsdóttir Mirman, f. 1955 á Íslandi.
3. María Pálsdóttir Árdal, f. 1949 á Íslandi.
4. Graham Russel Jones, f. 1988 í Bandaríkjunum.
5. Maria de los Angeles Alvarez, f. 1965 í Mexíkó.
6. Vikas Vasant Pethkar, f. 1971 á Indlandi.
7. Malvina Chukhlib, f. 1973 í Úkraínu.
8. Natalia Wium, f. 1975 í Rússlandi.
9. Kannika Kaorum, f. 1996 í Taílandi.
10. Elham Sadegh Tehrani, f. 1980 í Íran.
11. Natalija Sertvytiené, f. 1980 í Litháen.
12. Jakica Kapor, f. 1921 í Króatíu.
13. Saquina Amade Mogne, f. 1976 í Mósambík.
14. Miguel Angel Sepulveda Roman, f. 1978 í Chile.
15. Hallgrímur Björgólfsson, f. 1954 á Íslandi.
16. Elena Sachova Dontcheva, f. 1985 í Búlgaríu.
17. Davor Lucic, f. 1977 í Króatíu.
18. Mile Kovacevic, f. 1966 í Króatíu.
19. Sinisa Pavlica, f. 1987 í Króatíu.
20. Dusan Klaric, f. 1952 í Serbíu.
21. Martin Stuart Kelly, f. 1976 í Bretlandi.
22. Viktorija Ólafsson, f. 1980 í Litháen.
23. Manolito Moreno Gaviola, f. 1972 á Filippseyjum.
24. Maris Leitans, f. 1982 í Lettlandi.
25. Zeljko Guzijan, f. 1971 í Bosníu og Hersegóvínu.
26. Mario Adolfo Rivera Vivar, f. 1956 í Chile.
27. Srecko Knezevic, f. 1975 í Króatíu.
28. Aleksandar Knezevic, f. 1975 í Króatíu.
29. Rafael Cao Romero Millan, f. 1974 í Mexíkó.
30. Dele Lawrence Inyang, f. 1974 í Nígeríu.
31. Olayinka Isaac Abioye, f. 1973 í Nígeríu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

380. Nefndarálit [210. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47/2006, um kjararáð.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gunnar Björnsson og Björn Rögnvaldsson frá fjármálaráðuneyti, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Guðrúnu Zoëga frá kjararáði, Hauk Ingibergsson frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Eggert Óskarsson frá Dómarafélagi Íslands og Magnús Björn Björnsson frá Prestafélagi Íslands. Einnig hafa nefndinni borist umsagnir frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, kjararáði, Félagi starfsmanna Alþingis, Seðlabanka Íslands, Viðskiptaráði Íslands, Félagi starfsmanna Stjórnarráðsins, Sýslumannafélagi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins, Dómarafélagi Íslands og skrifstofustjórum í menntamálaráðuneyti. Þá hefur nefndinni borist tilkynning frá Hagstofu Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að kjararáð úrskurði fyrir lok ársins að laun alþingismanna og ráðherra lækki tímabundið um 5–15%. Einnig er lagt til að kjör annarra sem heyri undir ráðið verði endurskoðuð í kjölfarið og til samræmis. Lögð er sérstök áhersla á að þeir sem hæstu launin hafa lækki hlutfallslega mest.

Aðilar almenna vinnumarkaðarins styðja frumvarpið og telja eðlilegt að laun þeirra sem frumvarpið varðar taki mið af almennri þróun á vinnumarkaði. Þar hafi margir misst vinnu að undanförnu eða orðið að sæta launalækkun og/eða minnkun starfshlutfalls sem rekja megi til efnahagsástandsins.

Fram kom það sjónarmið á fundum nefndarinnar að skerðing á launum starfsmanna ríkisstofnana ætti í mörgum tilvikum ekki rétt á sér þar sem núverandi árferði hefði leitt til aukins vinnuálags. Dómarafélag Íslands taldi, öndvert við það sem haldið er fram í almennum athugasemdum, að héraðsdómur í máli E-1939/2006 gæfi ekki tilefni til að ætla að frumvarpið samrýmdist grunnreglum um sjálfstæði dómsvaldsins, sbr. 2. og 70. gr. stjórnarskrárinnar. Félag forstöðumanna ríkisstofnana taldi að 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrár reisti því skorður að löggjafinn breytti málsmeðferðarreglum um starfskjör embættismanna endurtekið og lagði til að frumvarpið yrði einskorðað við alþingismenn og ráðherra. Prestafélag Íslands taldi að frumvarpið væri til þess fallið að draga úr hlutleysi kjararáðs.

Nefndin ræddi hvort einskorða ætti frumvarpið við alþingismenn og ráðherra en eftir ítarlegar umræður telur hún að þannig verði tilgangi þess ekki náð með fullnægjandi hætti. Bendir hún á að mikil áföll hafa dunið yfir þjóðina og tekjustofnar ríkissjóðs hafa skroppið saman. Viðbúið er að ríkissjóður muni þurfa að standa undir miklum útgjöldum á næstunni vegna falls bankanna og jafnvel vegna innlánsreikninga íslenskra banka erlendis. Einnig er viðbúið að vaxtagreiðslur vaxi umtalsvert. Á sama tíma er gerð krafa um að ríkissjóður verði innan skamms tíma hallalaus. Því má mæta með skattahækkun eða með niðurskurði gjalda. Skattahækkunum þarf að beita mjög varlega þar sem bæði einstaklingar og fyrirtæki standa mjög veikt eftir áföllin þó að eitthvað megi beita þeim. Niðurskurður gjalda markast af því að yfir 70% ríkisútgjalda er launakostnaður og flestir aðrir liðir eru tengdir gengi erlendra mynta, sem hefur stórhækkað, og því erfitt að lækka þá liði. Því verður ekki séð hvernig hægt verður að komast hjá lækkun launakostnaðar hjá ríkinu. Slíkri lækkun má ná fram með eftirfarandi hætti: fækkun starfsmanna með uppsögnum eða ráðningastoppi, ráðningu starfs-

manna í hlutastarf í stað fullrar stöðu, afnámi yfirvinnu og aukagreiðsla eða með beinni lækkun launa í kjarasamningum. Ekki er talið æskilegt að auka atvinnuleysi með fyrstu leiðinni og því verður að fara blöndu af síðari leiðunum þremur. Síðasta leiðin, bein launalækkun, þarf að hlífa þeim sem lægst hafa launin, t.d. þeim sem eru með tekjur undir 250.000 kr. á mánuði. Það er sú leið sem bent hefur verið á á hinum almenna markaði. Nefndin telur að frumvarpið sé einmitt leið að því marki og leggur því til að frumvarpið verði samþykkt.

Nefndin leggur til að felldur verði burt fyrirvari um að kjararáð endurskoði kjör annarra sem undir ráðið heyra svo fljótt sem unnt er heldur verði það gert samtímis endurskoðun á kjörum alþingismanna og ráðherra. Jafnframt telur nefndin að fengnum ábendingum ekki þörf á að hafa sérstakan fyrirvara í frumvarpstextanum er lýtur að stjórnskipulegri sérstöðu dómstóla og leggur til að hann falli brott.

Kjararáð tók ekki efnislega afstöðu til frumvarpsins en lagði áherslu á að tryggja yrði greiðari aðgang þess að upplýsingum um laun til að það gæti sinnt starfsskyldum sínum. Nefndin tekur undir það sjónarmið og leggur því til breytingu á 6. gr. laga um kjararáð um það efni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við bætist ný grein sem verði 1. gr., svohljóðandi:
   Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. laganna:
   a. Við 1. málsl. bætist: og launagreiðendum þeirra sem heyra undir kjararáð.
   b. Í stað orðanna „störfum þeirra“ í 2. málsl. kemur: störfunum.
2. Við 1. gr. Orðin „svo fljótt sem auðið er“ og „að teknu tilliti stjórnskipulegrar sérstöðu dómara“ í 3. málsl. efnismálsgreinar falli brott.

Gunnar Svavarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og styður álitið.

Alþingi, 17. des. 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Ögmundur Jónasson.
Bjarni Benediktsson.	Birkir J. Jónsson.	Lúðvík Bergvinsson.
Rósa Guðbjartsdóttir.		Árni Þór Sigurðsson.

381. Fyrirspurn [250. mál]

til dóms- og kirkjumálaráðherra um sjálfkrafa skráningu barna í trúfélag.

Frá Katrínu Jakobsdóttur.

Telur ráðherra ástæðu til að breyta ákvæðum laga þannig að forsjáraðilar taki sameiginlega ákvörðun um skráningu barns í trúfélag þegar og ef þeir kjósa svo, í samræmi við það álit lögfræðings Jafnréttisstofu að sjálfkrafa skráning barna í trúfélag móður standist tæpast jafnréttislög?

382. Fyrirspurn [251. mál]

til fjármálaráðherra um verð á áfengi.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver hefur verið þróun áfengisgjalds frá árinu 1995, að nafnvirði og raungildi, á:
   a. sterku víni,
   b. léttvíni,
   c. bjór?
2. Hver hefur verið hækkun vísitölu neysluverðs á sama tíma?
3. Hefur þróun áfengsgjalds endurspeglast í útsöluverði áfengis á sama tíma að teknu tilliti til gengisþróunar?
4. Hver hefur hlutur áfengis verið í útgjöldum heimilanna frá 1995 og í vísitölu neysluverðs, samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands?
5. Hefur verðþróun áfengis frá 1995 stuðlað að hækkun vísitölu neysluverðs eða lækkun?

Skriflegt svar óskast.

383. Fyrirspurn [252. mál]

til iðnaðarráðherra um vöktun á samfélagsáhrifum virkjunar- og stóriðjuframkvæmda á Austurlandi.

Frá Þuríði Backman.

1. Mun ráðherra leggja niðurstöður vöktunar og rannsókna á samfélagsáhrifum vikjunar- og stóriðjuframkvæmda á Austurlandi til grundvallar mati á leyfisveitingum til stóriðjuframkvæmda í öðrum fámennum byggðalögum?

2. Telur ráðherra að vöktun á framkvæmdatíma Kárahnjúkavirkjunar og Hraunaveitu ásamt ganga- og stíflugerð sem tengist þeim, byggingu Fjarðaráls og háspennulínum til álversins, gefi skýra mynd af langtímaáhrifum þessara framkvæmda á samfélagsþróun á Austurlandi?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir áframhaldandi vöktun og rannsóknum á samfélagsáhrifum vikjunar- og stóriðjuframkvæmda á Austurlandi, svo meta megi langtímaáhrif framkvæmdanna og reksturs álversins á Reyðarfirði?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Frá árinu 2004 hefur verið unnið að rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi. Að rannsókninni standa iðnaðarráðuneyti, Byggðastofnun, Byggðarannsóknastofnun og Þróunarfélag Austurlands. Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) hefur einkum annast rannsóknir. Lýkur þessu verkefni á næsta ári þegar rekstur álvers er nýhafinn, en gangsetningu seinkaði frá upphaflegum áætlunum og gagnaöflun miðast við árslok 2008.

384. Nefndarálit [239. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir. Fjármálaráðherra upplýsti nefndina á fundi 12. nóvember sl. að í samræmi við 33. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, hefði verið tekin ákvörðum í ríkisstjórninni um að veita heimild til að leggja 385 milljarða kr. í nýju bankana og leggja sparisjóðunum til stofnfé. Ráðherra greindi jafnframt frá því að lagt hefði verið til 2,3 milljarða kr. hlutafé við stofnun nýju bankanna. Þetta mál verður skoðað frekar á milli 2. og 3. umræðu.

Meiri hlutinn hefur enn fremur farið yfir þau erindi sem hafa borist nefndinni og gerir tíu breytingartillögur við frumvarpið sem samtals nema 120,5 m.kr. til hækkunar. Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

Nefndin mun á milli 2. og 3. umræðu kalla eftir frekari upplýsingum um einstaka málaflokka, svo sem varðandi breytingar á 5. og 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2008.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 40 m.kr.

201 Alþingi.

1.01 Alþingiskostnaður. Lögð er til 10 m.kr. hækkun á liðnum til að styrkja rekstrargrunn. Forsætisnefnd breytti greiðslum ferðakostnaðar í kjördæmi frá og með árinu 2008 þannig að hann er nú sá sami fyrir alla alþingismenn og öll kjördæmi.

207 Rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008.

1.01 Rannsóknarnefnd. Gerð er tillaga um 30 m.kr. framlag til að standa straum af kostnaði við rannsóknarnefnd sem ætlað er að rannsaka aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna á árinu 2008, en samþykkt voru lög þar að lútandi 12. desember sl. Framlagið er til þess að undirbúa rannsóknina og felst m.a. í leigu á vinnuaðstöðu og búnaði, þóknun til sérfræðinga, bæði innlendra og erlendra, o.fl.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 55 m.kr.

318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður.

6.63 Framhaldsskólinn á Laugum. Gerð er tillaga um 15 m.kr. stofnkostnaðarframlag til Framhaldsskólans á Laugum.

919 Söfn, ýmis framlög.

6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður. Gerð er tillaga um 4 m.kr. framlag til bátasafns Breiðafjarðar á Reykhólum sem upphaflega var ætlað Byggðasafni Snæfellinga til sama verkefnis.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands.

1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Gerð er tillaga um 16 m.kr. framlag til að styrkja rekstrargrunn hljómsveitarinnar.

999 Ýmislegt.

6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög. Gerð er tillaga um 20 m.kr. framlag sem ætlað er til stækkunar íþróttahúss Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík.

Þá er lagt til að 5 m.kr. framlag sem veitt var til fjölnota menningarhúss í Grímsey í fjárlögum fyrir árið 2008 á þessum lið verði notað til að endurbæta sundlaug í Grímsey.

08 Heilbrigðisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðisráðuneytis verði aukin um 5 m.kr.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.90 Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag sem ætlað er Félagi áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúkra og annarra skyldra sjúkdóma en fjárveiting til félagsins féll niður við afgreiðslu fjárlaga ársins.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild til samgönguráðuneytis verði aukin um 7,5 m.kr.

336 Hafnarframkvæmdir.

6.70 Hafnabótasjóður. Gerð er tillaga um sérstakt 6 m.kr. framlag til dýpkunar hafskipabryggju á Þórshöfn.

6.74 Lendingarbætur. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. framlag til lendingarbóta við Selsvör.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 13 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 6 m.kr. framlag til Framkvæmdaráðs Snæfellinga vegna Green Globe verkefnisins en fjárveiting til þess féll niður við afgreiðslu fjárlaga ársins.

231 Landgræðsla ríkisins.

1.90 Fyrirhleðslur. Gerð er tillaga um 7 m.kr. framlag til að breyta ósi Skjálfandafljóts og koma honum í eldri farveg.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. des. 2008.

Gunnar Svavarsson, form., frsm.	Kristján Þór Júlíusson.	Guðbjartur Hannesson.
Illugi Gunnarsson.	Ásta Möller.	Steinunn Valdís Óskarsdóttir.
Ármann Kr. Ólafsson.	Björk Guðjónsdóttir.	

385. Breytingartillögur [239. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, GuðbH, IllG, ÁMöl, SVÓ, ÁKÓ, BjörkG).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **00-201 Alþingi**			
1.01 Alþingiskostnaður	0,0	10,0	10,0
2. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
00-207 Rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008			
1.01 Rannsóknarnefnd	0,0	30,0	30,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*30,0*	*30,0*
3. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður			
6.63 Framhaldsskólinn á Laugum	0,0	15,0	15,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*15,0*	*15,0*

4. Við **02-919 Söfn, ýmis framlög**			
6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður	0,0	4,0	4,0
Greitt úr ríkissjóði	*18,0*	*4,0*	*22,0*
5. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands			
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands	0,0	16,0	16,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*16,0*	*16,0*
6. Við **02-999 Ýmislegt**			
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	0,0	20,0	20,0
7. Við **08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**			
1.90 Ýmis framlög	0,0	5,0	5,0
8. Við **10-336 Hafnarframkvæmdir**			
6.70 Hafnabótasjóður	0,0	6,0	6,0
6.74 Lendingarbætur	0,0	1,5	1,5
Greitt úr ríkissjóði	*14,0*	*7,5*	*21,5*
9. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
14-190 Ýmis verkefni			
1.90 Ýmis verkefni	0,0	6,0	6,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*6,0*	*6,0*
10. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
14-231 Landgræðsla ríkisins			
1.90 Fyrirhleðslur	0,0	7,0	7,0
Greitt úr ríkissjóði	*0,0*	*7,0*	*7,0*

386. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um breyt. ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti, Loga Kjartansson frá umhverfisráðuneyti, Kristin Einarsson, Þórarin Svein Arnarsson og Lárus Ólafsson frá Orkustofnun, Guðjón Bragason og Jönu Friðfinnsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitafélaga, Sigurð B. Halldórsson frá Samtökum iðnaðarins, Stefán Thors og Þorvald Þorsteinsson frá Skipulagsstofnun.

Umsagnir bárust frá Byggðastofnun, Brunamálastofnun, Bændasamtökum Íslands, Eyþingi – sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Hafrannsóknastofnuninni, Landhelgisgæslu Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landsvirkjun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Siglingastofnun, Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun, auk þess bárust minnisblöð frá iðnaðarráðuneytinu.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem heyra undir iðnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti vegna kolvetnisstarfsemi.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, þess efnis að skerpt verði á skilyrðum varðandi útgáfu leyfa og að svæðisgjöld verði lækkuð, sem og leyfisgjöld fyrir rannsóknarleyfi. Á móti verði tekið upp sérstakt umsóknargjald sem leggist á alla umsækjendur. Þá er gert ráð fyrir að ríkið geti stofnað hlutafélag um þátttöku í vinnslu kolvetnis.

Í frumvarpinu eru einnig lagðar til breytingar á skipulags- og byggingarlögum, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um mat á umhverfisáhrifum, lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda og lögum um brunavarnir. Með breytingunum er ætlunin að setja skýrari lagaumgjörð um skipulags-, mengunarvarna- og öryggismál í tengslum við rannsóknir, leit og vinnslu kolvetnis á hafsvæðunum umhverfis Ísland. Hlutverk Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar og Brunamálastofnunar er víkkað út þannig að þau taki einnig til starfsemi við rannsóknir, leit og vinnslu kolvetnis innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka Íslands. Lagt er til að Skipulagsstofnun ákvarði um matsskyldu samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, annist gerð og framkvæmd skipulagsáætlana, veiti framkvæmdaleyfi og hafi eftirlit með leyfisskyldri starfsemi. Umhverfisstofnun veiti starfsleyfi og hafi eftirlit með starfsemi sem getur haft í för með sér mengun í hafi eða á hafsbotni. Brunamálastofnun annist eldvarnaeftirlit, staðfesti öryggismat vegna mannvirkja á svæðinu og endurskoði það mat reglulega.

Nefndinni bárust nokkrar athugasemdir við frumvarpið þó að umsagnaraðilar væru flestir jákvæðir gagnvart starfseminni sjálfri. Töluverð umræða skapaðist í nefndinni um skipulagslögsögu sveitarfélaga á strandsvæðum og komu fram athugasemdir um að aðkoma þeirra væri ekki nægilega tryggð í þeim tilfellum sem kolvetnisstarfsemi kæmi nær ströndum. Það skipti sveitarfélög og íbúa þeirra miklu hvaða starfsemi væri leyfð við stönd eða á fjörðum í sveitarfélögum og því væri nauðsynlegt að tryggja þátttöku þeirra í ákvörðunum um það. Fellst nefndin á þau sjónarmið og leggur til breytingu á frumvarpinu til að tryggja umsagnarétt viðeigandi sveitarfélags komi til þess að sótt verði um leyfi á svæði sem er innan 1 sjómílu utan netlaga. Meiri hlutinn tekur jafnframt undir það sem kemur fram í umsögnum Fjórðungssambands Vestfjarða og Sambands íslenskra sveitarfélaga um mikilvægi þess að ljúka vinnu við að skilgreina lögsögu sveitarfélaga til hafsins, eins og lagt var upp með árið 2002 en ekki lokið við. Þá skapaðist mikil umræða um skipulagsþátt málsins sem nokkuð var gagnrýndur. Eftir yfirferð nefndarinnar leggur meiri hlutinn til þónokkrar viðbætur og breytingar á frumvarpinu.

Í fyrsta leggur meiri hlutinn til að kveðið verði á um að Orkustofnun skuli leita umsagnar hjá viðeigandi sveitafélagi komi til þess að sótt verði um leyfi á svæði sem er innan 1 sjómílu utan netlaga. Með breytingartillögunni er verið að koma til móts við athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga um aðkomu sveitarfélaga að ákvörðun um leyfi á svæðum sem liggja nærri landi. Sambærilega breytingartillögu er að finna varðandi afgreiðslu rannsóknar- og vinnsluleyfa.

Í öðru lagi leggur meiri hlutinn til breytingar sem fjalla um nánari útfærslu á skilyrðum varðandi skipulag leyfishafa og starfsemi hans hér á landi. Annars vegar er lagt til að kveðið verði á um að leyfishafi skuli hafa skipulag sem tryggir sjálfstæða stjórnun og umsjón framkvæmda frá Íslandi á öllum þáttum tengdum kolvetnisstarfsemi sinni hér á landi. Í þessu felst að öll umsýsla og þjónusta við leyfishafa, rekstur og áhafnaskipti fari fram á Íslandi. Í þessum tilgangi verði Orkustofnun heimilt að setja sérstök skilyrði er lúta að skipulagi og eiginfjárgrunni leyfishafa. Slík regla mundi skapa skilyrði til uppbyggingar á þekkingu og iðnaði og efla þannig atvinnulíf í byggðum á þeim svæðum þar sem þjónustan yrði veitt. Hins

vegar er lagt til að kveðið verði á um að kolvetnisstarfsemi og tengd starfsemi skuli rekin frá stöð á Íslandi. Breytingartillagan byggist á norskri fyrirmynd og tilgangurinn er að tryggja starfsemi hér á landi með öryggissjónarmið í huga.

Í þriðja lagi leggur meiri hlutinn til að lögfest verði að sá sem hlýtur rannsóknar- og vinnsluleyfi skuli á gildistíma leyfisins greiða árlegt framlag til sérstaks menntunar- og rannsóknarsjóðs. Þá er lagt til að í rannsóknar- og vinnsluleyfum skuli nánar kveðið á um stofnframlag og árlegt gjald í framangreindan sjóð. Ráðherra er heimilað að setja í reglugerð nánari ákvæði sem lúta að markmiði og hlutverki sjóðsins. Kveðið er á um að sjóðurinn skuli skipaður fulltrúum leyfishafa auk fulltrúa ríkisins sem iðnaðarráðherra skipar og skal hann hafa neitunarvald ef ákvarðanir stjórnar eru ekki í samræmi við hlutverk og markmið sjóðsins. Færeyingar hafa sett sambærilegan sjóð á fót í tengslum við kolvetnisstarfsemi þar í landi og hefur hann gefið mjög góða raun. Með honum er unnt að auka menntun og þekkingu á málum tengdum kolvetnisstarfsemi hér á landi.

Í fjórða lagi leggur meiri hlutinn til að í rannsóknar- og vinnsluleyfi skuli kveðið á um stofnframlag, sem og árlegt gjald leyfishafa rannsóknar- og vinnsluleyfis í menntunar- og rannsóknarsjóð. Í fimmta lagi leggur meiri hlutinn til að Orkustofnun skuli starfrækja og leiða starf samráðshóps eftirlitsaðila vegna leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis við Ísland. Starfshópi þessum hefur nú þegar verið komið á fót en í honum eiga sæti fulltrúar Brunamálastofnunar, Flugmálastjórnar Íslands, Geislavarna ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar, Landhelgisgæslu Íslands, Orkustofnunar, Siglingastofnunar Íslands, Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar og Vinnueftirlits ríkisins. Þessu til viðbótar er lagt til að Náttúrufræðistofnun Íslands verði veitt aðild að starfshópnum. Er það í samræmi við umsögn meiri hluta umhverfisnefndar Alþingis sem bendir á hið lögbundna hlutverk Náttúrufræðistofnunar sem sé m.a. að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja. Þá starfar Náttúrufræðistofnun í nánu samstarfi við Hafrannsóknastofnunina að skráningu og gerð gagnagrunns um botndýr á Íslandsmiðum.

Í sjötta lagi leggur meiri hlutinn til að í bráðabirgðaákvæði við lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis verði kveðið á um að iðnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti skuli fyrir 1. janúar 2010 hafa lokið skoðun á því hvort þörf sé breytinga á ákvæðum 14.–18. gr. þeirra laga og ákvæðum skipulags- og byggingarlaga varðandi efni, gerð og málsmeðferð skipulagsáætlana og leyfisveitinga vegna einstakra framkvæmda á grundvelli leyfa til rannsóknar og vinnslu kolvetnis útgefnum af Orkustofnun. Breytingin tengist athugasemdum Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins um fyrirkomulag leyfisveitinga og því að lagt er til að felld verði brott ákvæði frumvarpsins er varða breytingar á skipulags- og byggingarlögum.

Í sjöunda lagi leggur meiri hlutinn til að felldar verði brott þær greinar frumvarpsins sem fjalla um breytingar á skipulags- og byggingarlögum. Í umsögnum sem bárust nefndinni komu fram athugasemdir frá Skipulagsstofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins við að víkka út gildissvið laganna með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Í ljósi þessara athugasemda og ákvæða kolvetnislaga um afgreiðslu Orkustofnunar á rannsóknar- og vinnsluleyfum og samþykkis stofnunarinnar fyrir einstökum framkvæmdum þótti rétt að þessi þáttur málsins yrði skoðaður nánar. Í þessu sambandi var sérstaklega haft í huga að samkvæmt gildandi lögum ber Orkustofnun að leita umsagna umhverfisráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis áður en veitt er rannsóknar- og vinnsluleyfi eða leyfi fyrir einstökum framkvæmdum. Þá var horft til þess að lögfestur hefur verið samráðshópur eftirlitsaðila þar sem allar stofnanir sem eftirliti eiga að sinna hafa sinn

fulltrúa, þar á meðal Orkustofnun og Skipulagsstofnun. Samkvæmt tillögu að nýju bráðabirgðaákvæði ber iðnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti að skoða þennan þátt betur.

Í áttunda lagi leggur meiri hlutinn til þess að orðið „leit“ verði fellt brott úr greinum frumvarpsins. Gera verður greinarmun á leit að kolvetni annars vegar og rannsóknum og vinnslu hins vegar. Leit er, eins og fram kemur í lögunum, bundin við rannsóknir sem ekki eru líklegar til að hafa í för með sér röskun, en framkvæmdir tengdar rannsóknum og vinnslu hafa í för með sér röskun. Því er eðlilegt að miða við rannsóknir og vinnslu en ekki leit þegar verið er að fjalla um breytingar á umhverfislöggjöf.

Í níunda lagi leggur meiri hlutinn að 19. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að nýtt ákvæði verði 6. gr. a en ekki 6. gr. b svo sem lagt er til í frumvarpinu.

Þá leggur meiri hlutinn til að 20. gr. frumvarpsins falli brott. Greinin fjallar um heimild Umhverfisstofnunar til gjaldtöku vegna leyfisveitinga og eftirlits. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur m.a. fram að með því að fela stofnuninni útgáfu starfsleyfa nái ákvæði 21. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir til þessa en ákvæðið fjallar um gjaldtöku vegna þjónustu stofnunarinnar. Óþarft sé að kveða á um sérstaka gjaldtökuheimild vegna leyfisveitinga og eftirlits með kolvetnisstarfsemi fyrst almenn ákvæði laganna um gjaldtöku nái til leyfisveitinga og eftirlits með kolvetnisstarfsemi.

Þá leggur meiri hlutinn til að gerðar verði tvær breytingar á fylgiskjölum við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Annar vegar er lagt til að fylgiskjali I, sem hefur að geyma lista yfir atvinnurekstur sem Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir, verði breytt þannig að rannsóknir og vinnsla kolvetnis séu talin upp í fylgiskjalinu í samræmi við það sem lagt er til í 19. gr. frumvarpsins. Hins vegar er lagt til að fylgiskjali II, sem hefur að geyma lista yfir starfsemi sem færa skal grænt bókhald, verði breytt þannig að kolvetnisvinnsla komi fram í upptalningunni.

Meiri hlutinn telur leggur til að 23. gr. frumvarpsins verði breytt, en greinin varðar breytingu á skilgreiningu laga um varnir gegn mengun hafs og stranda á hugtakinu losun þegar úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis stafa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni, berast í hafið. Að ábendingu Umhverfisstofnunar og umsögn umhverfisnefndar er talið réttara að við b-lið 7. tölul. 3. gr. laganna bætist orðin: „nema um sé að ræða mengandi efni frá kolvetnisvinnslu eða boranir tengdar henni“. Með þessu er ætlunin að skýra nánar hvað átt er við með losun en ljóst er að hluti þeirra jarðefna sem stafa frá rannsóknum eða nýtingu teljast ekki losun. Meiri hlutinn vísar til þess að í 25. gr. frumvarpsins er lagt til að gildissvið laga um brunavarnir verði víkkað út þannig að það nái til starfsemi og framkvæmda utan netlaga og innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka vegna leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis. Í athugasemd Sambands íslenskra sveitarfélaga var gerð athugasemd við að gildissvið laganna væri víkkað út með þessum hætti þar sem ljóst væri að flest ákvæði laganna ættu ekki við um þessa starfsemi og slíkt gæti valdið misskilningi. Í ljósi þessa leggur meiri hlutinn til þess að í 25. gr. frumvarpsins verði kveðið á um að gildissvið laga um brunavarnir verði látið halda sér nema sérstaklega sé kveðið á um annað í lögunum.

Í 26. og 27. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði sem eingöngu munu ná til rannsókna og vinnslu kolvetnis utan netlaga. Að lokum leggur meiri hlutinn til að í lögum um brunavarnir komi í stað orðsins efnahagslögsaga orðið mengunarlögsaga í samræmi við þá hugtakanotkun sem nú þegar er í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Grétar Mar Jónsson skrifar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 18. des. 2008.

Katrín Júlíusdóttir, form., frsm.	Kristján Þór Júlíusson.	Einar Már Sigurðarson.
Eygló Harðardóttir.	Herdís Þórðardóttir.	Rósa Guðbjartsdóttir.
Björk Guðjónsdóttir.		Grétar Mar Jónsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal I.

Umsögn frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Umhverfisnefnd hefur borist erindi frá iðnaðarnefnd þar sem óskað er umsagnar nefndarinnar um þá þætti sem snúa að málefnasviði hennar í 152. máli, frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi. Nefndin hefur fjallað um þann hluta málsins sem varðar breytingu á löggjöf umhverfisráðuneytis, sbr. 2. þátt frumvarpsins.

Nefndin fékk á sinn fund Loga Kjartansson frá umhverfisráðuneyti, Kristínu Lindu Árnadóttur og Kristján Geirsson frá Umhverfisstofnun, Stefán Thors og Þorvald Heiðar Þorsteinsson frá Skipulagsstofnun, Trausta Baldursson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Elísabetu Pálmadóttur frá Brunamálastofnun, Lárus Ólafsson frá Orkustofnun, Helga Jóhannesson og Gísla Viggósson frá Siglingamálastofnun og Björgólf Thorsteinsson og Berg Sigurðsson frá Landvernd.

Þeim hluta frumvarpsins sem snýr að málefnasviði umhverfisnefndar er ætlað að setja lagaumgjörð um skipulagsmál, mengunarvarnamál og öryggismál í tengslum við rannsóknir, leit og vinnslu kolvetnis á hafsvæðunum umhverfis Ísland. Lagðar eru til breytingar sem miða að því að víkka út hlutverk Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar og Brunamálastofnunar þannig að það nái einnig til starfsemi við rannsóknir, leit og vinnslu kolvetnis innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka Íslands. Samkvæmt frumvarpinu eru lagðar til breytingar á alls fimm lögum sem heyra undir umhverfisráðuneytið og snýr því meiri hluti efnisatriða frumvarpsins að málefnasviði nefndarinnar. Lagabreytingarnar fela einna helst í sér útfærslu á gildissviði skipulagsvaldsins sem og reglum um leyfisveitingar, mengunar- og öryggismál.

Meiri hluti nefndarinnar vekur athygli iðnaðarnefndar á því að skipulagsþátturinn er ekki leystur með fullnægjandi hætti í frumvarpinu og áréttar að þetta atriði þurfi að laga.

Frumvarpið leggur þá skyldu á Skipulagsstofnun að leita umsagnar ýmissa stofnana við skipulagsgerð og veitingu framkvæmdarleyfis eða byggingarleyfis, þó er ekki gert ráð fyrir að leitað sé umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands. Líklegt verður að telja að vegna samstarfs stofnunarinnar við Hafrannsóknastofnunina við skráningu og gerð gagnagrunns um botndýr á Íslandsmiðum hafi verið talið nægilegt að sú síðarnefnda væri umsagnaraðili. Þar

sem lögbundið hlutverk Náttúrufræðistofnunar er m.a. að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna verður þó ekki annað séð en að um yfirsjón sé að ræða. Meiri hlutinn leggur því til að Náttúrufræðistofnun verði bætt við sem umsagnaraðila í sambærilegum ákvæðum 13., 15. og 16. gr. eftir breytingu.

Kveðið er á um það í b-lið 7. tölul. 3. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, að þegar efni sem beinlínis stafa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni berast í hafið sé ekki um að ræða losun eins og hugtakið er skilgreint í lögunum. 23. gr. frumvarpsins er ætlað að breyta hugtakinu þannig að það taki einnig til losunar mengandi efna vegna kolvetnisstarfsemi, án þess þó að b-liður greinarinnar sé felldur brott. Við það verður ósamræmi í lagatextanum. Ekki þykir þó fært að fella liðinn brott enda ákvæðið þá orðið opnara en ætlað var. Leggur meiri hlutinn því til að málsliðurinn verði færður undir b-lið greinarinnar þannig að ekki sé um að ræða losun nema þegar mengandi efni losna í hafið vegna starfsemi eða framkvæmda við rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Telur nefndin að með þessu sé sem minnst hróflað við skilgreiningunni en að tilgangur breytingarinnar nái þó fram að ganga.

Katrín Júlíusdóttir skrifar undir umsögnina með fyrirvara vegna formennsku í iðnaðarnefnd.

Illugi Gunnarsson, Árni Þór Sigurðsson, Guðfinna S. Bjarnadóttir og Kristinn H. Gunnarsson áheyrnarfulltrúi voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 2008.

Helgi Hjörvar, form.,
Kjartan Ólafsson,
Ólöf Nordal,
Katrín Júlíusdóttir, með fyrirvara,
Eygló Harðardóttir.

Fylgiskjal II.

Umsögn frá minni hluta umhverfisnefndar.

Umhverfisnefnd hefur borist erindi frá iðnaðarnefnd þar sem óskað er umsagnar nefndarinnar um þá þætti sem snúa að málefnasviði hennar í 152. máli, frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi. Nefndin hefur fjallað um þann hluta málsins sem varðar breytingu á löggjöf umhverfisráðuneytis, sbr. 2. þátt frumvarpsins.

Það er meginsjónarmið minni hluta nefndarinnar að hér sé á ferðinni ófullburða frumvarp sem þarfnist frekari vinnu og umfjöllunar, jafnt í stofnunum umhverfisráðuneytisins sem á Alþingi, auk þess sem það er stefnumarkandi um afstöðu íslenskra stjórnvalda til orku- og umhverfismála almennt. Þá er það umhugsunarefni að mál þetta skuli vera á forræði iðnaðarnefndar þar sem fimm af þeim sex lögum sem frumvarpið breytir eru á málasviði umhverfis-

nefndar og þær stofnanir sem þurfa að taka á sig auknar skyldur vegna frumvarpsins heyra flestar undir umhverfisráðherra.

Ef auðlindanýting á að lúta meginreglum umhverfisréttar og lögmálum sjálfbærrar þróunar er skynsamlegast að koma áætlunum um rannsóknir og nýtingu náttúruauðlinda þjóðarinnar fyrir í umhverfis- og auðlindaráðuneyti, þannig eru mestar líkur á að verndar- og nýtingarsjónarmið verði jafnrétthá við ákvarðanatöku. Slík skipan mála væri í samræmi við framsýna stefnumörkun, sem endurspeglaði gjörbreytta sýn á umhverfismál 21. aldarinnar.

Ríksstjórnin gaf óljós fyrirheit um að Ísland ætti vera í fararbroddi þjóða heims í umhverfismálum í stefnuyfirlýsingu sinni fyrir einu og hálfu ári. Lagabandormur þessi um kolvetnisstarfsemi gengur hins vegar gegn þeim áformum. Það liggur ekki beint við að Ísland leggi út á þær brautir að bora eftir olíu í Norður-Íshafinu. Sé það ásetningur ríkisstjórnarinnar að hefja olíuvinnslu í efnahagslögsögu Íslands, á eigin vegum eða annarra, kallar það á vandaðri umfjöllun en þá sem frumvarp þetta hefur fengið í nefndum þingsins.

Hugmyndirnar sem liggja að baki frumvarpi þessu eru illa ígrundaðar. Fjárhaglegi þátturinn er óljós og ekki gert ráð fyrir framlögum í fjárlagafrumvarpi 2009. Þótt skýrsla iðnaðarráðuneytisins frá mars 2007 hafi að geyma ýmsan fróðleik um möguleika þess að gas eða olíu sé að finna á Drekasvæðinu við Jan Mayen-hrygg hefur umræða um skýrsluna verið af skornum skammti. Einnig er rétt að geta þess að skoðanir hafa verið skiptar um þau lagafrumvörp er varða kolvetnisstarfsemi og rædd hafa verið á Alþingi, en þetta frumvarp er hið þriðja sem lagt er fram á þessu málasviði (kolvetnisstarfsemi) síðan árið 2000.

Það er mat minni hlutans að best fari á því að afgreiðslu frumvarps þessa verði frestað fram á næsta ár svo að betra tóm gefist til að fara ofan í saumana á því og leiðrétta umtalsverða annmarka. Það er ekki nokkur von til þess að á þeim þremur dögum sem gert er ráð fyrir að eftir séu af þinghaldi fyrir jólahlé geti iðnaðarnefnd lagfært þá alvarlegu ágalla er lúta að skipulagsþætti frumvarpsins, og segja má að það sé alls ekki á verksviði iðnaðarnefndar að vinna tillögur þar um þar sem skipulagsmál eru á verksviði umhverfisnefndar. Það er líka ámælisvert að Skipulagsstofnun skuli ekki hafa komið að málinu með nokkrum hætti fyrr en 3. desember þegar hún í tölvupósti var beðin að gefa umsögn um frumvarpið og gert að skila henni örfáum dögum síðar. Vinnubrögð af þessu tagi eru Alþingi ekki til sóma.

16. des. 2008.

Kolbrún Halldórsdóttir.

387. Breytingartillögur [152. mál]

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar (KaJúl, KÞJ, EMS, EyH, HerdÞ, RGuðb, BjörkG, GMJ).

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Við 2. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá skal Orkustofnun leita umsagnar viðeigandi sveitarfélaga ef sótt er um leyfi á svæði sem er innan 1 sjómílu frá netlögum.
2. Við 7. gr.
   a. Við bætist nýr liður er verði a-liður, svohljóðandi: Við 4. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá skal Orkustofnun leita umsagnar viðeigandi sveitarfélaga ef sótt er um leyfi á svæði sem er innan 1 sjómílu frá netlögum.
   b. B-liður orðist svo: Við bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
      Skilyrði leyfisveitingar er að stofnað sé sérstakt félag hér á landi um þessa starfsemi umsækjanda. Leyfishafi skal hafa skipulag sem tryggir sjálfstæða stjórnun og umsjón framkvæmda frá Íslandi á öllum þáttum tengdum kolvetnisstarfsemi sinni hér á landi. Í þessum tilgangi er Orkustofnun heimilt að setja sérstök skilyrði er lúta að skipulagi og eiginfjárgrunni leyfishafa. Tilgangur og starfsemi leyfishafa skal vera bundin við leit, rannsóknir og/eða vinnslu kolvetnis samkvæmt ákvæðum laga þessara.
      Kolvetnisstarfsemi og tengd starfsemi skal rekin frá stöð á Íslandi. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um starfsemi slíkra stöðva í reglugerð, svo sem varðandi fjarlægð frá rannsóknar- og vinnslusvæði.
      Leyfishafi rannsóknar- og vinnsluleyfis skal á gildistíma leyfis greiða árlegt framlag til sérstaks menntunar- og rannsóknarsjóðs. Í rannsóknar- og vinnsluleyfi skal nánar kveðið á um stofnframlag sem og árlegt gjald í framangreindan sjóð. Nánar skal kveðið á um markmið og hlutverk menntunar- og rannsóknarsjóðs í reglugerð sem iðnaðarráðherra setur. Stjórn sjóðsins skal skipuð fulltrúum leyfishafa auk fulltrúa ríkisins sem iðnaðarráðherra skipar og hefur neitunarvald séu ákvarðanir stjórnarinnar ekki í samræmi við hlutverk og markmið sjóðsins eins og þau eru skilgreind í reglugerð. Orkusjóður undir umsjón Orkustofnunar annast daglega umsýslu sjóðsins.
      Hver umsækjandi getur eingöngu fengið úthlutað einu leyfi skv. IV. kafla.
3. 8. gr. orðist svo:
   9. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Stofnframlag sem og árlegt gjald leyfishafa rannsóknar- og vinnsluleyfis í sérstakan menntunar- og rannsóknarsjóð.
4. 10. gr. orðist svo:
   Í stað 2. mgr. 24. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Orkustofnun skal gefa iðnaðarráðherra árlega skýrslu um framkvæmd leitar, rannsókna og vinnslu.
   Orkustofnun skal starfrækja og leiða starf samráðshóps eftirlitsaðila vegna leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis við Ísland. Í samráðshópnum skulu sitja 11 fulltrúar skipaðir af Brunamálastofnun, Flugmálastjórn Íslands, Geislavörnum ríkisins, Hafrannsóknastofnuninni, Landhelgisgæslu Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun,

Siglingastofnun Íslands, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og Vinnueftirliti ríkisins. Hlutverk samráðshópsins skal m.a. vera að tryggja upplýsingaskipti og samræma opinbert eftirlit vegna leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis við Ísland. Nánar skal kveðið á um samráðshópinn í reglugerð.

5. Við 12. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi:
   Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Fyrir 1. janúar 2010 skulu iðnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti hafa lokið skoðun á því hvort þörf sé breytinga á ákvæðum 14.–18. gr. laganna og ákvæðum skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, varðandi efni, gerð og málsmeðferð skipulagsáætlana og leyfisveitinga vegna einstakra framkvæmda á grundvelli leyfa til rannsóknar og vinnslu kolvetnis sem gefin eru út af Orkustofnun.
6. 13.–17. gr. falli brott.
7. Orðið „leitar“ í 18., 19. og 25.–27. gr. falli brott.
8. Inngangsmálsliður 19. gr. orðist svo: Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, svohljóðandi.
9. Á eftir 19. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað „6. gr. a“ í 7. gr. a laganna kemur: 6. gr. b.
10. 20. gr. falli brott.
11. Í stað „6. gr. b“ í 21. gr. komi: 6. gr. a.
12. Á eftir 21. gr., er verði 17. gr., komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
    a. (18. gr.)
       Við fylgiskjal I við lögin bætist nýr töluliður er verður 25. tölul. og orðast svo: Rannsóknir og vinnsla kolvetnis.
    b. (19. gr.)
       Við fylgiskjal II við lögin bætist nýr töluliður er verður töluliður 1.5 og orðast svo: Kolvetnisvinnsla.
13. 23. gr. orðist svo:
    Við b-lið 7. tölul. 3. gr. laganna bætist: nema um sé að ræða efni frá kolvetnisvinnslu eða borunum tengdum henni.
14. Við 24. gr. Í stað orðsins „efnahagslögsögunnar“ komi: mengunarlögsögunnar.
15. 25. gr. orðist svo:
    Við 1. málsl. 2. gr. laganna bætist: nema kveðið sé á um annað í lögum þessum.

388. Lög [28. mál]

um breyting á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 376.

389. Lög [169. mál]

um niðurfellingu laga um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 80/1966, með síðari breytingum, og um ráðstöfun eigna Kísilgúrsjóðs.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 204.

390. Lög [179. mál]

um breytingu á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, og lögum um útlendinga, nr. 96/2002.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 377.

391. Lög [235. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 326.

392. Frumvarp til laga [212. mál]

um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 18. des.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laganna geta félög sótt um heimild ársreikningaskrár fyrir 30. desember 2008 til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðli annars vegar vegna reikningsárs sem hefst 1. janúar 2008 eða síðar á því ári og hins vegar vegna reikningsársins sem hefst 1. janúar 2009.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

393. Frumvarp til laga [237. mál]

um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 18. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „ellefu hundraðshluta álags“ í 1. málsl. kemur: sjö hundraðshluta álags.
b. 2. málsl. fellur brott.
c. Í stað orðanna „1. janúar og 1. júlí ár hvert“ í 3. málsl. kemur: fyrsta dag hvers mánaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

394. Frumvarp til laga [234. mál]

um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

(Eftir 2. umr., 18. des.)

I. KAFLI

Hlutverk, markmið, skipulag, stjórn og orðskýringar.

1. gr.

Markmið og hlutverk.

Starfrækja skal þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Markmið hennar er að auka möguleika þeirra sem eru blindir, sjónskertir eða daufblindir til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra, með áherslu á stuðning til náms, sjálfstæðs heimilishalds, virkra tómstunda og atvinnuþátttöku.

Stofnunin skal veita þjónustu á sviði ráðgjafar, hæfingar og endurhæfingar. Jafnframt skal hún þjóna hlutverki þekkingarmiðstöðvar sem aflar og miðlar þekkingu á aðstæðum notenda í því skyni að bæta þjónustu og stuðla að framförum.

Stofnunin skal hafa yfirsýn yfir aðstæður þeirra sem eru blindir eða sjónskertir og gegna samhæfingarhlutverki gagnvart öðrum sem veita umræddum notendum þjónustu. Hún skal einnig sinna fræðslu, ráðgjöf og stuðningi við aðstandendur, skóla og aðrar þjónustustofnanir.

Um þjónustu stofnunarinnar við daufblinda fer skv. 5. gr.

2. gr.

Skipulag og stjórn.

Stofnunin heyrir undir félags- og tryggingamálaráðherra. Ráðherra skipar stofnuninni forstjóra til fimm ára í senn og setur honum erindisbréf. Forstjóri skal hafa menntun, þekkingu og reynslu sem nýtist á starfssviði stofnunarinnar og við stjórnun hennar og rekstur.

Forstjóri ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

Ráðherra skipar stofnuninni sex manna samráðsnefnd samkvæmt tilnefningum Blindrafélagsins, Daufblindrafélags Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, menntamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis. Félags- og tryggingamálaráðherra skipar fulltrúa án tilnefningar og er hann jafnframt formaður samráðsnefndarinnar.

Samráðsnefndin skal vera ráðherra og forstjóra stofnunarinnar til ráðgjafar um fagleg málefni og gjaldtöku skv. 9. gr.

3. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

1. *Sjónskertur:* Einstaklingur telst sjónskertur ef læknisfræðileg greining sýnir að sjón hans er minni en 30% á betra auga, með venjulegum sjónglerjum, og innan við 20 gráðu sjónsvið, eða ef starfrænt mat sýnir erfiðleika vegna sjónskerðingar með lestur 10 punkta leturs með venjulegum sjónglerjum, með athafnir daglegs lífs og umferli.
2. *Blindur:* Einstaklingur telst blindur ef læknisfræðileg greining sýnir að sjón hans er minni en 5%, með venjulegum sjónglerjum, og innan við 10 gráðu sjónsvið.
3. *Daufblindur:* Einstaklingur telst daufblindur ef saman fer sjón- og heyrnarskerðing sem takmarkar athafnasemi hans og hamlar þátttöku í samfélaginu í slíkum mæli að hann þarfnast sértækrar þjónustu, laga þarf umhverfi að þörfum viðkomandi eða nýta sérstakan tæknibúnað til að mæta þörfum hans. Daufblinda er sérstök fötlun, en ekki samsetning tveggja fatlana.

II. KAFLI
Verkefni og starfssvið.

4. gr.

Verkefni.

Stofnunin veitir þjónustu vegna hæfingar og endurhæfingar þeirra sem eru blindir eða sjónskertir, að undanskilinni frumgreiningu augnsjúkdóma, frumgreiningu á sjón og læknismeðferð.

Verkefni stofnunarinnar eru m.a.:

1. *Greining, mat, ráðgjöf, kennsla og úthlutun hjálpartækja.*
   a. Greining á þörf fyrir hæfingu og endurhæfingu.
   b. Starfrænt mat og sjónmat.
   c. Mat á þörf og úthlutun sérhæfðra hjálpartækja sem ekki er úthlutað á vegum Tryggingastofnunar eða Heyrnar- og talmeinastöðvar.
   d. Ráðgjöf um umhverfi, lýsingu og aðgengi.
   e. Sálfræðiráðgjöf og félagsráðgjöf vegna aðstæðna sem tengjast fötluninni.

f. Skynfæraörvun, kennsla blindraleturs, umferliskennsla, kennsla í sjónbeitingu og kennsla í notkun hjálpartækja.
g. Útgáfa vottorða til staðfestingar á fötlun.

2. *Yfirfærsla efnis.*
Yfirfærsla efnis vegna náms, tómstunda eða starfa af svartletri yfir á blindraletur, stækkað letur, þreifiefni eða stafrænt form annað en hljóðbækur.

3. *Stuðningur við nám á öllum skólastigum.*
a. Ráðgjöf og námskeiðahald fyrir foreldra og starfsfólk menntastofnana um námsumhverfi og kennsluhætti.
b. Námsráðgjöf.
c. Sérhæfð kennsla.
d. Mat á þörf fyrir sérútbúið námsefni, svo sem þreifiefni, námsefni með stækkuðu letri, blindraletri eða á stafrænu formi.

4. *Stuðningur við sjálfstæði í búsetu.*
a. Þjálfun í athöfnum daglegs lífs.
b. Þjálfun í lífsleikni.

5. *Stuðningur við atvinnuþátttöku.*
a. Starfsráðgjöf.
b. Aðstoð og ráðgjöf vegna aðlögunar á nýjum vinnustað, t.d. varðandi umhverfi, umferlismál, hjálpartæki og fræðslu til samstarfsfólks.

6. *Stuðningur til virkra tómstunda.*
Þjálfun í félagsfærni og sjálfsstyrking.

7. *Öflun og miðlun þekkingar og fræðslu.*
a. Þátttaka í rannsóknum og þróunarverkefnum sem hafa það að markmiði að meta aðstæður blindra, sjónskertra og daufblindra og bæta stöðu þeirra.
b. Þróun og viðhald þekkingarbrunns á sviði fötlunar vegna blindu og sjónskerðingar, og miðlun upplýsinga og fróðleiks á þessu sviði út í samfélagið.

Stofnunin skal vera til ráðgjafar og veita aðstoð almennum þjónustustofnunum og öðrum þeim sem veita þjónustu, svo sem á sviði heilbrigðis-, félags- og menntamála, sé þörf á sérfræðiþekkingu til að þeir geti ræktað hlutverk sitt gagnvart þeim sem eru blindir eða sjónskertir.

Stofnunin skal sinna fræðslu, ráðgjöf og leiðsögn við einstaklinga, nánustu aðstandendur þeirra og aðra sem eru að jafnaði í tengslum við blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, varðandi áhrif fötlunarinnar, viðeigandi þjálfun og úrræði.

Stofnuninni er heimilt að gera þjónustusamning við sveitarfélög um að annast fyrir þeirra hönd þjónustu sem þau bera ábyrgð á gagnvart blindum og sjónskertum einstaklingum.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd verkefna samkvæmt ákvæði þessu.

5. gr.

Þjónusta við daufblinda.

Stofnunin veitir daufblindum og aðstandendum þeirra þjónustu til samræmis við verkefni þau sem talin eru upp í 4. gr. á grundvelli fötlunar þeirra. Þjónustan er einungis á þeim sérfræðisviðum sem stofnunin býr yfir og er veitt í samstarfi við aðra aðila og stofnanir sem veita daufblindum þjónustu.

6. gr.
Skráning upplýsinga.

Stofnunin skal halda skrá yfir alla sem eru blindir, sjónskertir og daufblindir hér á landi í þeim tilgangi að bæta þjónustu við þá, tryggja gæði þjónustunnar og hafa með henni eftirlit og til tölfræðiúrvinnslu og vísindarannsókna til samræmis við skilgreint hlutverk, sbr. 1. gr. Um skráningu og meðferð upplýsinga fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000.

Ráðherra skal í reglugerð, að fenginni umsögn Persónuverndar, kveða nánar á um hvaða persónuupplýsingar megi færa í skrána og hvernig þær skuli nýttar.

7. gr.
Réttindagæsla.

Verði stofnunin þess áskynja að einstaklingar sem stofnunin sinnir njóti ekki fullnægjandi þjónustu annarra aðila skal stofnunin leiðbeina þeim við að fá úrlausn mála eftir atvikum og, ef viðkomandi einstaklingur óskar þess, með því að beina skriflegu erindi til viðkomandi þjónustustofnunar. Slíkt erindi skal þá unnið í samráði við einstaklinginn eða forráðamann hans. Ef ástæða þykir til og viðkomandi einstaklingur óskar þess skal afrit erindisins sent til trúnaðarmanns fatlaðra á þjónustusvæði einstaklingsins og einnig til svæðisskrifstofu málefna fatlaðra eða sveitarfélags sem ber ábyrgð á þjónustu við einstaklinginn þar sem hann býr.

8. gr.
Þagnarskylda.

Starfsfólki ber að gæta trúnaðar um atvik er varða lögmæta einkahagsmuni notenda þjónustu stofnunarinnar eða aðstandenda þeirra sem því verða kunn í starfi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

9. gr.
Gjaldtaka.

Heimilt er að taka gjald fyrir þjónustu stofnunarinnar skv. 4. gr. í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur.

Einstaklingur sem sjúkratryggður er samkvæmt lögum um sjúkratryggingar skal greiða gjald fyrir þjónustu stofnunarinnar skv. 4. gr. í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur.

Þeir sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi samkvæmt lögum um sjúkratryggingar skulu greiða gjald sem nemur kostnaði við veitta þjónustu í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, nema í gildi sé samningur um þjónustuna við það ríki sem þeir koma frá.

10. gr.
Eftirlit.

Um eftirlit með heilbrigðisstarfsmönnum sem starfa hjá stofnuninni fer samkvæmt lögum um landlækni.

11. gr.
Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

12. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfsfólki Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra, sem starfar á grundvelli laga nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, skulu boðin störf hjá hinni nýju stofnun. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði. Um réttarvernd starfsmanna fer samkvæmt lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/2002.

Starfsfólki Blindrabókasafns Íslands, sem við gildistöku laga þessara sinnir verkefnum sem flytjast munu til nýrrar stofnunar, skulu boðin störf hjá hinni nýju stofnun. Sama máli gegnir um starfsmenn sem ráðnir voru til Blindrafélagsins fyrir gildistöku þessara laga samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið. Ekki er skylt að auglýsa störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði laus til umsóknar skv. 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Þegar lög þessi hafa verið samþykkt er heimilt að auglýsa embætti forstjóra hinnar nýju stofnunar laust til umsóknar og skal skipun í embættið miðast við 1. janúar 2009.

395. Lög [217. mál]

um breyting á lögum nr. 88 12. júní 2008, um meðferð sakamála.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 294.

396. Lög [209. mál]

um breyting á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 282.

397. Lög [212. mál]

um breyting á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 392.

398. Lög [220. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 298.

399. Lög [211. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 284.

400. Lög [226. mál]

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 305.

401. Lög [237. mál]

um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 393.

402. Lög [234. mál]

um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

(Afgreidd frá Alþingi 18. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 394.

403. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem varða svokallaða kolvetnisstarfsemi, þ.e. lögum nr. 13/2001, sem fjalla um leit, rannsóknir og vinnslu á jarðolíu og jarðgasi í efnahagslögsögunni, skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, og lögum um brunavarnir, nr. 75/2000.

Meginmarkmið þessa bandorms er að gera breytingar á alls sex lögum að ósk hagsmunaaðila í olíuiðnaði „sem starfa á vettvangi olíumála og búa yfir viðamikilli sérþekkingu á þessu sviði,“ eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið. Iðnaðarráðuneytið hefur notið aðstoðar, upplýsinga og ráðlegginga frá viðkomandi hagsmunaaðilum en láðist við undirbúning málsins að hafa nægilegt samráð við Skipulagsstofnun og sveitarfélögin í landinu og er það ámælisvert.

Lögin sem varða leit, rannsóknir og vinnslu á jarðolíu og/eða jarðgasi voru upphaflega sett á árinu 2001 en var breytt talsvert með lögum nr. 49/2007. Lög þessi heyra eðli máls samkvæmt undir iðnaðarráðuneytið en frumvarpið tekur einnig til breytinga á lögum sem heyra undir umhverfisráðuneytið, þ.e. lögum sem varða skipulagsmál, brunavarnir og mengunarvarnir. Telur minni hlutinn að þær breytingar hefðu með réttu átt að vera á forræði umhverfisráðuneytis og umhverfisnefndar þingsins sem einungis var veittur umsagnarréttur þar um. Sú ráðstöfun er óásættanleg þar sem umhverfisþættir málsins eru vanreifaðir og illa undirbúnir af frumvarpshöfundum.

Það er mat minni hlutans að hér sé fremur farið fram af kappi en forsjá og enda þótt breytingar þær sem gerðar hafa verið á frumvarpinu í meðförum nefndarinnar séu til hins betra, hefði nefndin að ósekju mátt leggja meiri vinnu í þær og vinna þær í náinni samvinnu við umhverfisnefnd þingsins. Engin haldbær rök hafa komið fram um nauðsyn þess að afgreiða frumvarpið fyrir jólahlé, aðeins yfirlýsing ráðuneytisins um að búið sé að „tilkynna“ að leyfi til olíuleitar á svonefndu Drekasvæði verði boðin út 15. janúar nk. Þrýstingur af því tagi á vinnu þingnefndar er að mati minni hlutans ómálefnalegur. Ljóst er einnig að ná hefði mátt betri sátt um lausn ágreinings sem frumvarpið kveikti með víðtækara samráði og meiri vinnu en hinn knappi tímarammi ráðuneytisins leyfði.

Hraðinn við afgreiðslu málsins er heldur ekki í neinu samræmi við þann veruleika sem við blasir og vandséð að olíuvinnsla hefjist á Drekasvæði eða annars staðar í lögsögu Íslendinga fyrr en eftir allmörg ár. Hvetur minni hlutinn til þess að menn gæti hófs í yfirlýsingum sínum og kyndi ekki undir væntingum um skjótfenginn gróða af olíuiðnaði og mikinn fjölda starfa sem honum kunni að fylgja. Ábyrgð Íslendinga í umhverfismálum, ekki síst hvað varðar lofthjúp jarðar og breytingar á honum, verður að vera í fyrirrúmi þegar teknar eru ákvarðanir sem varða orkuvinnslu og orkunýtingu. Þá eru Íslendingar samábyrgir varðandi umhverfisvernd á heimskautasvæðum gegnum Norðurheimskautsráðið.

Stjórnvöld mega ekki missa sjónar á mikilvægi endurnýjanlegra orkugjafa og sjálfbærri nýtingu þeirra þótt olíuvinnslufyrirtæki utan úr heimi banki upp á og vilja auka framleiðslu sína með samstarfi við Ísland. Minni hlutinn tekur undir það álit minni hluta umhverfisnefndar að ekki sé sjálfgefið að Íslendingar leggi nú út á þær brautir að bora eftir olíu á botni Norður-Íshafsins og að ákvörðun um að útboð á leyfum til slíks hefði þurft ítarlegri umfjöllun.

Hér er um að ræða frumvarp um auðlindir sem eru í sameign þjóðarinnar, sbr. lög nr. 73/1990, um auðlindir hafsbotnsins, og eins og ætíð er það vandmeðfarið hvernig hagsmuna eigendanna, þ.e. almennings í landinu, er gætt bæði hvað varðar leyfisveitingar sem slíkar, framsal á nýtingu auðlindarinnar og gjaldtöku fyrir nýtingu hennar.

Minni hlutinn gerir ekki athugasemdir við þær breytingar sem gerðar eru á gjaldtökuheimildum fyrir leyfi til rannsókna og vinnslu á jarðolíu og jarðgasi en bendir á þann möguleika að í stað ákvæðis í 11. gr. um að taka stighækkandi gjald fyrir leyfi til rannsókna og vinnslu gæti ríkið myndað eignarhlut í slíkum fyrirtækjum. Ábendingar þar um komu fram í umræðum þegar lögunum var breytt í mars 2007 og aftur núna en voru ekki ræddar í nefndinni.

Í 5. gr. frumvarpsins er nýmæli sem heimilar ráðherra að stofna hlutafélag til að gæta hagsmuna ríkisins af olíu- og/eða gasvinnslu. Er í frumvarpinu tekið mið af norska ríkishlutafélaginu Petoro AS sem ólíkt StatoilHydro tekur ekki beinan þátt í olíuvinnslu. Þessi leið er ekki einboðin og bendir minni hlutinn á mikinn ávinning Norðmanna af uppbyggingu StatoilHydro en frá upphafi stýrðu Norðmenn olíuvinnslu sinni í farveg sem miðaði að því að byggja upp þekkingu og aðild innlendra aðila að rannsóknum og vinnslu olíu. Þar hafa menn ekki verið feimnir við að beita ríkisvaldinu til að tryggja að í höndum Norðmanna sjálfra yrði til öflugur iðnaður á þessu sviði. Danir völdu hins vegar að fara aðra leið þegar þeir framseldu réttindi sín í Norðursjó í hendur einkaaðila. Þar í landi hefur ekki byggst upp viðlíka iðnaður og þekking sem í Noregi. Þetta atriði hefði þurft nánari skoðunar við í nefndinni sem og félagsformið.

Í meðförum nefndarinnar var litið til ákvæða norskra laga sem tryggja að þjónusta við þá sem leita að, rannsaka eða vinna jarðolíu og/eða jarðgas fari fram frá höfn í Noregi og var

samstaða um það í nefndinni að svo skyldi einnig vera hér á landi og er þar átt við t.d. þjónustu, rekstur og áhafnaskipti.

Þá var í meðförum nefndarinnar litið til fordæmis Færeyinga sem hafa stofnað menntunar- og rannsóknasjóð með framlögum frá olíuleitarfyrirtækjum. Var samstaða um það í nefndinni að fara skyldi svipaða leið hér á landi. Telur minni hlutinn það til mikilla bóta en hefði kosið að slíkum framlögum væri ætlað að efla rannsóknasjóði, rannsóknastofnanir og háskóla sem fyrir eru en um það náðist ekki samkomulag í nefndinni.

Stærsti hluti frumvarpsins fjallar um lög sem eru á forræði umhverfisráðuneytis, þ.e. lög um skipulagsmál, mengunarvarnir og brunavarnir. Rannsóknir og vinnsla á jarðolíu og jarðgasi geta haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar á lífríki úthafsins sem og strandsvæða og mikilvægt að lög um hollustuhætti og mengunarvarnir taki til þeirrar starfsemi sem hér er fjallað um, sem og flutninga jarðolíu og unninnar olíu í efnahagslögsögunni. Sama á við um ákvæði laga um brunavarnir. Minni hlutinn gerir ekki athugasemdir við þessi atriði að öðru leyti en því að betur hefði farið á því að fjalla einnig um áhrif á andrúmsloftið, sbr. áhrif á haf og hafsbotn, m.a. með tilliti til nýlegra laga um losun gróðurhúsalofttegunda.

Helstu athugasemdir sem nefndinni bárust vörðuðu aðkomu Skipulagsstofnunar og sveitarfélaganna að skipulagsgerð, útgáfu framkvæmdar- og byggingarleyfa og eftirlit en vegna ónógs undirbúnings og þess kapps sem iðnaðarráðuneytið lagði á að hraða afgreiðslu málsins gafst nefndin upp fyrir því verkefni að breyta skipulags- og byggingarlögum eins og frumvarpið gerði ráð fyrir og vísaði því til frekari vinnu í iðnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti. Á henni að ljúka fyrir 1. janúar 2010. Telur minni hlutinn ófullnægjandi að sveitarfélögum og ráðuneyti sveitarstjórnarmála skuli ekki tryggð bein aðkoma að þeirri vinnu.

Samband íslenskra sveitarfélaga og ríkisvaldið hafa um árabil deilt um forræði á skipulagi strandsvæðanna en lögsagnarumdæmi sveitarfélaga ná samkvæmt núgildandi lögum á haf út innan netlaga, þ.e. 115 metra frá stórstraumsfjöruborði lands, hólma og eyja sem tilheyra bújörðum. Miklu skiptir hvers konar starfsemi og framkvæmdir eru leyfðar uppi í landsteinum og á hafsbotni við strendur landsins enda geta þær haft víðtæk áhrif eins og dæmi sanna m.a. frá efnistöku og fiskeldi. Sambandið og þau sveitarfélög sem sendu inn umsagnir og komu á fund nefndarinnar lögðust eindregið gegn ákvæðum frumvarpsins um breytingar á skipulagslögum og lögðu til að forræði sveitarfélags til skipulags með ströndum næði til einnar sjómílu utan við grunnlínupunkta. Er þar vísað til norskra laga en með þessu móti yrði forræði sveitarfélaga yfir skipulagi sem lýtur að fiskeldi, lagningu sæstrengja og vatnslagna, efnistöku, náttúruvernd o.fl. tryggt á hafsbotni og strandsvæðum innan fjarða sem á landi. Skipulagsstofnun og fleiri umsagnaraðilar lögðust einnig gegn ákvæðunum en stofnuninni var ætlað að vinna skipulagstillögur, veita byggingar- og framkvæmdarleyfi og hafa eftirlit með sömu þáttum. Niðurstaða ráðuneytisins sem meiri hluti iðnaðarnefndar gerir að sinni er að veita Orkustofnun skipulagsvaldið utan netlaga þegar um er að ræða jarðolíu- og/eða jarðgasvinnslu, þó þannig að ef um er að ræða framkvæmdir á svæði sem er innan við eina sjómílu utan netalaga skuli Orkustofnun leita umsagnar viðkomandi sveitarfélags eða sveitarfélaga. Þetta telur minni hlutinn algerlega ófullnægjandi niðurstöðu og harmar að ekki gefist tími til að leita álits Sambands íslenskra sveitarfélaga eða ráðuneytis sveitarstjórnarmála um þetta atriði.

Minni hlutinn telur að málið sé ekki fullunnið, að þrýstingur sá sem iðnaðarráðuneyti leggur á afgreiðslu þess fyrir jólahlé sé ekki í samræmi við þær kröfur sem gera verður til vandaðrar vinnu í nefndum þingsins. Málið varðar ekki aðeins iðnaðarnefnd, heldur einnig umhverfisnefnd, samgöngunefnd og efnahags- og skattanefnd. Þessar nefndir hefðu þurft að

fá tóm til að fara yfir málið í sameiningu. Þing mun koma saman 12. janúar á nýju ári og víst er að ekki verður héraðsbrestur þótt fyrirhugað útboð á olíuleitarleyfum dragist um einn mánuð eða svo. Hér er ekki verið að tjalda til einnar nætur, sbr. reynslu Færeyinga af olíuleit á sínu landgrunni.

Minni hlutinn vill freista þess að málinu verði breytt milli umræðna og það unnið með þeim hætti að þingið hafi fullan sóma. Minni hlutinn áskilur sér rétt til að gera breytingartillögur við 3. umræðu málsins, m.a. um heiti laganna og notkun orðsins kolvetni, sem í daglegu tali og orðabókum er samheiti yfir sykrur en ekki olíur og gas. Verði ekki fallist á þessi tilmæli telur minni hlutinn sér ekki fært að samþykkja frumvarpið með vísan til framangreinds rökstuðnings.

Alþingi, 18. des. 2008.

Álfheiður Ingadóttir.

404. Nefndarálit [243. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór Árnason frá forsætisráðuneyti, Maríönnu Jónasdóttur og Ingibjörgu Helgu Helgadóttur frá fjármálaráðuneyti og Markús Möller frá Seðlabanka Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem ætlað er að draga úr hallarekstri ríkissjóðs vegna efnahagsástandsins. Taka þær breytingar mið af fjárlagavinnu fyrir næsta ár og efnahagsáætlun þeirri sem liggur henni til grundvallar og unnin var í samstarfi ríkisstjórnar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Frumvarpið greinist í ellefu kafla, að meðtöldum kafla um gildistöku, og hefur nefndin á þeim stutta tíma sem hún hefur haft málið til umfjöllunar vísað einstökum köflum til umsagnar annarra fastanefnda þingsins í samræmi við málefnasvið þeirra. Þannig ákvað nefndin að vísa I. kafla frumvarpsins til allsherjarnefndar, II. og IV. kafla til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, III. kafla til samgöngunefndar, V., VI., og IX. kafla til félags- og tryggingamálanefndar og X. kafla til heilbrigðisnefndar. Allar nefndirnar hafa fjallað um málið og eruumsagnir þeirra birtar sem fylgiskjal með áliti þessu. Er þar að finna greinargóðar lýsingar á frumvarpsgreinum þeim sem þar eiga undir.

Efnahags- og skattanefnd tók sjálf til umfjöllunar VII. og VIII. kafla. Í VII. kafla eru lagðar til breytingar á lögum um tekjuskatt og má þar af nefna þær sem varða hækkun tekjuskattsprósentu, hækkun á viðmiðunarfjárhæðum barnabóta, vaxtabóta og loks skuldajafnaðarrétt hins opinbera vegna vaxtabóta og barnabóta.

Efnahags- og skattanefnd hefur rætt um frumvarpið í heild sinni og kynnt sér helstu efnisþætti þess. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir frekari aukningu tekna ríkissjóðs með nokkrum hætti. Má þar helst nefna almenna hækkun á tekjuskatti um 1,25 prósentustig, eða úr 22,75%, í 24%. Markmið hækkunarinnar er tvíþætt, annars vegar að mæta versnandi afkomu ríkis-

sjóðs og hins vegar að fjármagna sérstakt eins milljarðs króna framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir aukningu tekna sveitarfélaganna með því að heimila hækkun hámarksútsvars um 0,25 prósentustig, eða úr 13,03% í 13,28%. Einnig er gert ráð fyrir breytingum sem fela í sér þak á útgjöld ríkisins árið 2009 vegna búvörusamninga og eins lækkun hámarksgreiðslu úr fæðingarorlofssjóði úr 480.000 kr. í 400.000 kr. Enn fremur felst í frumvarpinu breyting á lögum til fækkunar héraðsdýralækna í Þingeyjarumdæmi úr tveimur í einn. Þá er stofnun sérstakrar einingar um skattumsýslu stórfyrirtækja, samkvæmt lögum um tekjuskatt, frestað, auk þess sem felld eru úr gildi lög nr. 133/2005, um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. Að endingu felst í frumvarpinu breyting á lögum um sjúkratryggingar með upptöku sérstaks gjalds við innlögn á sjúkrahús með undantekningu vegna innlagnar við fæðingu.

Sá hluti frumvarpsins sem felur í sér lagabreytingar til samræmis við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í þágu heimilanna felst í því að fjárhæð sóknargjalda hækkar ekki milli ára eins og núgildandi lög um sóknargjöld gera ráð fyrir. Þá er lögð til hækkun á viðmiðunarfjárhæðum sjómannafsláttar, barnabóta og vaxtabóta frá 1. janúar 2009 og auk þess fallið frá skuldajöfnun vaxtabóta á móti gjaldföllnum afborgunum og vöxtum af lánum Íbúðalánasjóðs. Eins er fallið frá skuldajöfnun barnabóta á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaganna. Einnig felast í frumvarpinu lagabreytingar sem snúa að auknum áhrifum fjármagnstekna á lífeyristryggingar, breytingar á frítekjumarki 70 ára og eldri til samræmis við aðra hópa og loks er afnumin heimild til nýtingar á reiknireglu um tekjutengingu maka við útreikning lífeyristrygginga.

Nefndin ræddi áhrif frumvarpsins á tekjur lífeyrisþega og greiðslur almannatrygginga og að teknu tilliti til verðlagsþróunar.

Nefndin ræddi almennt um vísitölubindingu þjónustusamninga sem ríkið hefur gert, t.d. við stéttir á heilbrigðissviði og með hliðsjón af ákvæðum frumvarpsins um búvörusamninga.

Nefndin ræddi ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. og hvernig það sem óráðstafað væri hefði verið varðveitt.

Efnahags- og skattanefnd ræddi umsagnir annarra fagnefnda. Vill meiri hluti nefndarinnar af því tilefni taka fram að í umsögn meiri hluti heilbrigðisnefndar kemur fram að tekjur heilbrigðisstofnana af innlagnargjaldi muni nema um 100 millj. kr. á ári, en ekki 360 millj. kr. eins og fjármálaráðuneyti gerði ráð fyrir. Þetta stafar af því að meginhluti teknanna kemur til vegna hækkana á núgildandi gjöldum en ekki hins nýja komugjalds. Þá er kostnaðarauki sjúklinga af þeim breytingum sem felast í frumvarpinu afar lítill í samhengi við heildarkostnað sjúklinga af heilbrigðisþjónustu. Þó telur meiri hluti heilbrigðisnefndar mikilvægt að í reglugerð verði tekið ríkt tillit til sjúklinga sem leggjast inn á sjúkrahús oft á ári hverju. Meiri hluti heilbrigðisnefndar bendir einnig á að með ákvæðum frumvarpsins fæst meira samræmi milli þess hvaða gjöld eru tekin fyrir innlögn annars vegar og fyrir göngu- og bráðadeildarþjónustu án innlagnar hins vegar.

Í áliti meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar er lögð áhersla á að gæta hagsmuna elli- og örorkulífeyrisþega og telur meiri hlutinn tillögur frumvarpsins miða að því að vernda hag þeirra sem hafa lægstar tekjur. Meiri hluti nefndarinnar tók einnig fæðingar- og foreldraorlofslöggjöfina til sérstakrar umræðu og lagði til að efnahags- og skattanefnd legði mat sitt á það sem fram kom hjá fulltrúa Vinnumálastofnunar og fæðingarorlofssjóðs um að tillögur um lækkun á hámarksgreiðslum mundu ekki skila nema um helmingi áætlaðrar kostnaðarlækkunar upp á 400 millj. kr. ef lögin tækju gildi 1. janúar 2009. Efnahags- og skattanefnd

hafa síðan borist þær upplýsingar úr félags- og tryggingamálaráðuneyti að 300 millj. kr. muni sparast á árinu vegna lækkunarinnar og allt að 100 millj. kr. sparist að auki vegna almennrar lækkunar launa og af öðrum ástæðum.

Meiri hlutinn tekur fram að í frumvarpinu er miðað við að ekki komi til skerðingar á hámarki greiðslna til foreldra í fæðingarorlofi hjá þeim foreldrum sem eignast hafa barn fyrir 1. janúar 2009 og eiga enn ónýttan orlofsrétt og telur meiri hlutinn að það samrýmist sjónarmiðum um bann við afturvirkni laga.

Meiri hlutinn leggur til tvær breytingar á frumvarpinu. Önnur varðar breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997. Er henni ætlað að veita Skipulagssjóði heimild til að standa að gerð gróður-, jarðfræði- og vistgerðarkorta sem eru nauðsynleg grunngögn í skipulagsvinnu í tengslum við verndun og nýtingu náttúru Íslands. Mikilvægt er að þau frumgögn séu til staðar svo og breytingar í tengslum við framkvæmdir verði ekki fyrir óþarfa töfum.

Þá er lögð til breyting á 8. gr. frumvarpsins þess efnis að tekjuskattsprósenta hækki um 0,1 prósentustig og verði 24,1%.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 8. gr. Í stað hlutfallstölunnar „24“ komi: 24,1.
2. Við bætist nýr kafli, er verði XI. kafli, með fyrirsögninni: **Breyting á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997,** með tveimur greinum, svohljóðandi:
   a. (18. gr.)
      Við 28. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Skipulagssjóði er heimilt að standa fyrir gerð korta, svo sem gróður-, jarðfræði- og vistgerðarkorta. Sjóðurinn skal bera kostnað af slíkri kortagerð, sbr. 6. tölul. 34. gr.
   b. (19. gr.)
      Við 6. tölul. 34. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nýti Skipulagssjóður heimild til gerðar korta, sbr. 2. mgr. 28. gr., ber sjóðurinn þó þann kostnað að fullu.

Alþingi, 18. des. 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Bjarni Benediktsson.
Rósa Guðbjartsdóttir.	Lúðvík Bergvinsson.	Illugi Gunnarsson.

Fylgiskjal I.

Umsögn meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur að beiðni efnahags- og skattanefndar fjallað um I. kafla frumvarpsins. Á fund nefndarinnar komu Þorvaldur Karl Helgason, Sigríður Dögg Geirsdóttir og Guðmundur Þór Guðmundsson frá Biskupsstofu.

Markmið frumvarpsins er að bregðast við fyrirsjáanlegum samdrætti í tekjum ríkisins á næsta ári. Í I. kafla er gert ráð fyrir breytingu á lögum um sóknargjöld þannig að sú fjárhæð sem rennur af óskiptum tekjuskatti til þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskóla Íslands verði 855 kr. á mánuði á hvern einstakling, 16 ára og eldri, í stað 872 kr. á yfirstandandi ári.

Meiri hlutinn gerir ekki athugasemdir við frumvarpið þennan kafla frumvarpsins.

Alþingi, 17. des. 2008.

Birgir Ármannsson, form.,
Ágúst Ólafur Ágústsson,
Guðfinna S. Bjarnadóttir,
Ólöf Nordal,
Karl V. Matthíasson.

Fylgiskjal II.

Umsögn minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur að beiðni efnahags- og skattanefndar fjallað um I. kafla frumvarpsins. Á fund nefndarinnar komu Þorvaldur Karl Helgason, Sigríður Dögg Geirsdóttir og Guðmundur Þór Guðmundsson frá Biskupsstofu.

Með frumvarpinu er framlag til kirkjunnar skert um 300 millj. kr. og framlagið tekið frá kirkjunni og látið renna til ríkissjóðs í staðinn. Gestir undirstrikuðu að afleiðingin verður sú að þjónusta sóknanna skerðist jafnframt því sem þjónustuþörfin eykst vegna hruns bankakerfisins og áfalla sem því tengjast. Töldu hagsmunaaðilar að vegna þessarar skerðingar þyrfti að segja upp starfsmönnum sókna, fresta viðhaldi og stöðva nýframkvæmdir. Fram kom að 2/3 hlutar kirkna í landinu, eða um 205 kirkjur, eru friðaðir, en vegna þess er viðhald þeirra kostnaðarsamara en ella. Afleiðing frumvarpsins er því þjónustuskerðing sókna ásamt því sem dregið er verulega úr mannaflafreku viðhaldi og nýframkvæmdum.

Minni hlutinn styður ekki frumvarpið.

Alþingi, 17. des. 2008.

Siv Friðleifsdóttir,
Jón Magnússon,
Atli Gíslason.

Fylgiskjal III.

Umsögn 1. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur að beiðni efnahags- og skattanefndar fjallað um II. kafla og IV. kafla frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum og fengið á sinn fund Sigurgeir Þorgeirsson og Arndísi Steinþórsdóttur frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og Eirík Blöndal og Ernu Bjarnadóttur frá Bændasamtökum Íslands.

Í II. kafla frumvarpsins er lögð til breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum á þann veg að sett verði þak á útgjöld ríkisins árið 2009 vegna búvörusamninga. Framlög samkvæmt samningunum taka mánaðarlegum breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs. Með frumvarpinu er lagt til að vísitölutengingin verði skert með þeim hætti að framlög ríkisins árið 2009 hækki ekki meir en áætlað var að þau mundu hækka þegar fjármálaráðherra mælti fyrir frumvarpi til fjárlaga 2009 í byrjun október.

Í IV. kafla frumvarpsins er lögð til sú breyting á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, með síðari breytingum, að héraðsdýralæknum í Þingeyjarumdæmi verði fækkað úr tveimur í einn.

Meiri hlutinn ræddi þau áhrif sem lagabreyting þessi kann að hafa í för með sér fyrir bændur og telur hún að þrátt fyrir að aðgerðin hafi víðtæk áhrif sé hún liður í niðurskurði á útgjöldum ríkisins og nauðsynleg ráðstöfun í þeim niðurskurði í ríkisfjármálum sem orsakast af erfiðu ástandi í efnahagsmálum.

Sú fjárhæð sem sett er fram í fjárlögum fyrir árið 2009 gerir ráð fyrir að hækkun frá áætluðu meðalverðlagi 2008 til áætlaðs meðalverðlags 2009 verði 5,7%. Í ljósi þess að nú er gert ráð fyrir að hækkun meðalverðlags milli ára verði allt að 15% er reiknað með að frumvarpið feli í sér allt að 800 millj. kr. sparnað á árs grundvelli. Þær tölur sem miðað er við í þessu frumvarpi eru þær sömu og gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi 2009 þar sem gert er ráð fyrir 5–6% hækkun á meðalverði, en vísitölubundnum hækkunum samninganna vegna 2009 verði sleppt að öðru leyti.

Fram komu sjónarmið um að breytingin gengi nærri mörgum bændum sem ættu margir hverjir í efiðleikum nú þegar. Nefndin leggur áherslu á að aðgerð þessi er liður í viðamiklum aðhaldsráðstöfunum sem ríkinu er nauðugt að ráðast í vegna þeirra miklu efnahagsáfalla sem yfir þjóðina hafa dunið. Í áliti Bændasamtakanna kemur fram að þeir mótmæli harðlega þessum skerðingum og vísa í framlagt lögfræðiálit þar að lútandi. En í greinagerð með frumvarpinu kemur fram að breytingin er ekki talin stríða gegn eignaréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar jafnvel þótt gripið yrði tímabundið inn í gildandi samninga ríkis og bænda.

Fram kom í máli fulltrúa ráðuneytisins að sparnaður skv. 5. gr. væri 8–10 millj. kr. Einnig kom fram að þessi breyting mundi ekki draga verulega úr þjónustu við bændur og eftirliti með dýraheilbrigði, en breytingin hefur þegar verið framkvæmd að nokkru leyti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 17. des. 2008.

Arnbjörg Sveinsdóttir, form.,
Helgi Hjörvar,
Karl V. Matthíasson.

Fylgiskjal IV.

Umsögn 2. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Minni hlutinn telur mikilvægt að fjalla um frumvarpið út frá hagsmunum bænda. Þær tillögur sem hér eru kynntar eru til þess fallnar að skerða greiðslur til bænda um allt að 800 millj. kr. á ársgrundvelli. Íslenskur landbúnaður hefur lengi átt erfitt uppdráttar og árið 2008 hefur reynst sérstaklega erfitt. Allur tilkostnaður hefur hækkað verulega, svo sem fóður, áburður og olía. Margir bændur, einkum þeir sem endurnýjað hafa bú sín og tækjakost á síðastliðnum árum, skulda mikið, bæði í verðtryggðum og gengistryggðum lánum, sem hafa hækkað langt umfram afurðaverð. Bændur eru almennt tekjulág starfsstétt. Í kjölfar efnahagshrunsins hefur íslenskur landbúnaður aldrei verið þjóðinni mikilvægari vegna fæðuöryggis og innlends matvælaiðnaðar. Bændur og innlendur matvælaiðnaður skiptir nú sköpum fyrir atvinnuuppbyggingu, verðmæta- og nýsköpun. Auk þess er mikilvægt að standa vörð um sjálfbærni innlends landbúnaðar á þeim umbrotatímum sem nú eru. Minni hlutinn telur því fráleitt að þjarma enn frekar að landbúnaði og matvælaiðnaði á Íslandi með þeirri miklu skerðingu sem frumvarpið mælir fyrir um.

Vekur minni hlutinn athygli á þeim sjónarmiðum sem samtök bænda hafa haldið fram og hefur stjórn Bændasamtaka Íslands ályktað sem svo að aðgerðir ríkisins sem hér eru til umfjöllunar séu klárt samningsrof, enda verði samningum þessum ekki breytt nema með samþykki beggja aðila þar sem búvörusamningar eru skuldbindandi fyrir ríkissjóð, þar á meðal um fjárhæðir og vísitölubindingar, og til þess fallnir að stofna greiðsluskyldu af hendi ríkisins, enda eru þeir gerðir á grundvelli skýrra ákvæða í búvörulögum. Þessi sjónarmið og fleiri koma einnig fram í lögfræðiáliti sem Bændasamtök Íslands hafa lagt fram um heimildir til að breyta búvörusamningum (sjá fylgiskjal). Þar er einnig tiltekið að greiðsluskyldu ríkisins samkvæmt samningunum verður ekki breytt með lækkun framlaga til þeirra á fjárlögum, auk þess sem talið er að ráða megi af ákvæðum samninganna að samþykki Bændasamtakanna sé nauðsynlegt til að hægt sé að endurskoða þá.

Í ljósi framangreinds leggst minni hlutinn alfarið gegn þeim breytingartillögum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Alþingi, 17. des. 2008.

Atli Gíslason,
Valgerður Sverrisdóttir.

Fskj. 1.

Bréf frá Bændasamtökum Íslands.
(16. des. 2008.)

Efni: Hugsanleg áform stjórnvalda um niðurskurð á verðbótum búvörusamninga.

Á stjórnarfundi BÍ þann 10. des. sl. var eftirfarandi bókað um málið.

20. Önnur mál:

a) **Niðurskurður á fjárframlögum til búvöru- og búnaðarlagasamninga.**
Formaður greindi frá því að ríkisstjórnin hafi tilkynnt að óhjákvæmilegt reynist að skera niður fjárframlög til búvöru- og búnaðarsamninga um 800 m.kr. við fjárlagagerð 2009. Fjárlagaárið 2008 verður því gert upp miðað við þær vísitölubindingar sem er að finna í samningunum, en samningsfjárhæðirnar vegna 2009 munu einungis hækka um 5–6% frá lokaniðurstöðunni skv. fjáraukalögum 2008, en vísitölubundnum hækkunum samninganna vegna 2009 verði að öðru leyti sleppt. Ríkisstjórnin hefur jafnframt ákveðið að gripið verði til sambærilegra aðgerða varðandi önnur verðtryggð útgjöld ríkisins, s.s. til almannatryggingakerfisins. Í þessu sambandi kynnti formaður jafnframt minnisblað, dags. 9. desember sl., með lögfræðiáliti, sem lögfræðistofan Lex hefur unnið fyrir Bændasamtökin vegna málsins, en niðurstaða þess er að hér sé um klárt samningsrof að ræða, enda verði þessum samningum ekki breytt nema með samþykki beggja aðila. Miklar umræður fóru fram um málið en að þeim loknum var ákveðið að hafa samráð við viðkomandi búgreinafélög um frekari vinnslu málsins. Jafnframt var því mótmælt harðlega að til þessara skerðinga þurfi að koma.

Þetta tilkynnist yður hér með og er nefndu lögfræðiáliti komið á framfæri við sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis og fylgir minnisblað lögfræðistofnunnar Lex bréfi þessu.

Viriðingarfyllst
f.h. Bændasamtakanna.

Eiríkur Blöndal.

Fskj. 2.

Minnisblað Karls Axelssonar hrl. og Arnars Þórs Stefánssonar hdl. til Bændasamtakanna um heimild ríkisstjórnarinnar til að breyta búvörusamningum.
(9. des. 2008.)

Bændasamtök Íslands hafa falið undirrituðum lögmönnum á Lex að gefa álit sitt á því hvort ríkisstjórn Íslands sé heimilt að breyta ákvæðum gildandi búvörusamninga í tengslum við efnahagsaðgerðir nú um stundir, ef sú krafa kæmi upp. Var óskað eftir því að fjárhæðir og vísitölubindingar yrðu skoðaðar sérstaklega í því sambandi. Loks var farið þess á leit að fjárlög og áhrif þeirra yrðu skoðuð að því er þessi atriði varðar.

Undirritaðir hafa undir höndum eftirtalda samninga:

a. Samning um verkefni samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998 og framlög ríkisins til þeirra á árunum 2006 til 2010, dags. 17. maí 2005.
b. Aðlögunarsamning um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða, dags. 12. mars. 2002.
c. Samning um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, dags. 10. maí 2004.
d. Samning um starfsskilyrði sauðfjárræktar, dags. 25. janúar 2007.

Verður álit þetta gefið með vísan til efnisákvæða þessara samninga.

Ofangreindir samningar skapa þeim sem samningarnir beinast að tiltekinn rétt og jafnframt skyldu á herðar ríkisins til ákveðinna nánar tilgreindra fjárframlaga úr ríkissjóði í tilteknum eyrnamerktum tilgangi.

Fyrir liggur að allir samningarnir voru gerðir af hálfu ráðherra samkvæmt heimild í lögum. Þannig var *samningur um verkefni samkvæmt búnaðarlögum og framlög ríkisins til þeirra á árunum 2006 til 2010* gerður af hálfu landbúnaðarráðherra samkvæmt heimild í 1. mgr. 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998. Þá voru *samningarnir um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu og sauðfjárræktar* gerðir af hálfu landbúnaðarráðherra með heimild í 30. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Loks var *aðlögunarsamningur um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða* gerður af hálfu ráðherrans með heimild 58. gr. laga nr. 99/1993.

Að mati undirritaðra veldur hinn ótvíræði lagagrundvöllur samninganna því að þeir eru skuldbindandi fyrir ríkissjóð, og þá um öll atriði þeirra, m.a. fjárhæðir og vísitölubindingar. Um gildistíma og heimildir til endurskoðunar samninganna fer því eftir nánari ákvæðum samninganna sjálfra. Ríkisvaldið getur þannig til að mynda ekki breytt samningunum einhliða af sinni hálfu, heldur þarf til þess jafnframt atbeina hins samningsaðilans, sem eru Bændasamtök Íslands.

Af hálfu ráðherra og Alþingis kann því mögulega að vera tjaldað til gagnvart Bændasamtökunum að Alþingi geti dregið úr greiðsluskyldu ríkissjóðs samkvæmt samningunum með lækkun framlaga í fjárlögum. Að mati undirritaðra fengist slíkt ekki staðist og tilraunir Alþingis í þá veru myndu ekki breyta greiðsluskyldu ríkisins samkvæmt hinum undirrituðu samningum, enda eru þeir samningar gerðir á grundvelli skýrra lagaákvæða sem áður voru rakin. Lækkun framlaga í fjárlögum myndi því ekki draga úr greiðsluskyldu ríkisins á grundvelli samninganna sjálfra. Vísast um þetta atriði til sjónarmiða sem fram koma í dómum Hæstaréttar Íslands, Hrd. 1996, bls. 3482 (mál nr. 26/1996) og Hrd. 2003, bls. 115 (mál nr. 343/2002).

Þá gæti Alþingi enn fremur komið það til hugar að breyta nú umræddum lagaákvæðum sem áður eru rakin og samningarnir eru grundvallaðir á, þ.e. 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og 30. og 58. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Að mati undirritaðra myndi slík breyting aðeins horfa fram á við, en ekki afturvirkt, og ekki hrófla við greiðsluskyldu samkvæmt þeim samningum sem áður eru raktir og undirritaðir hafa verið.

Samkvæmt framangreindu eru áðurnefndir samningar skuldbindandi fyrir ríkissjóð. Ráðast því gildistími og heimildir til endurskoðunar samninganna af ákvæðum þeirra sjálfra. Um þau atriði hafa samningarnir nokkuð ólík ákvæði. Verða efnisákvæði hvers samnings um sig að þessu leyti til nú rakin.

A. Samningur um verkefni samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998 og framlög ríkisins til þeirra á árunum 2006 til 2010.

Í samningnum, sem undirritaður var 17. maí 2005, er mælt fyrir um að gildistími hans sé frá 1. janúar 2006 til 31. desember 2010. Þá segir að samningurinn „[komi] til endurskoðunar að tveimur árum liðnum og framlengist í tvö ár“. Undirritaðir hafa ekki um það upplýsingar hvort af þessari endurskoðun hefur orðið enn þá. Framangreint ákvæði er ekki mjög skýrt en ætla verður að skilja beri þetta ákvæði svo að aðeins geti orðið af endurskoðun ef báðir aðilar eru samþykkir því í hverju endurskoðunin felst. Að öðrum kosti framlengist samningurinn óbreyttur um tvö ár. Tekið skal þó fram, eins og áður segir, að ákvæði þetta getur valdið nokkrum vafa við skýringu að þessu leyti til.

B. Aðlögunarsamningur um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða.

Í samningnum, sem undirritaður var 12. mars 2002, er mælt fyrir um að gildistími hans sé frá og með 1. janúar 2002 til og með 31. desember 2011. Þá er tekið fram í grein 7.3 að aðilar geti „hvor um sig óskað eftir viðræðum um endurskoðun á einstökum atriðum“ samningsins. Samkvæmt þessu er ótvírætt að samningi þessum verður ekki breytt nema að samþykki Bændasamtakanna komi til.

C. Samningar um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu.

Í samningnum, sem undirritaður var 10. maí 2004, kemur fram að gildistími hans sé frá og með 1. september 2005 til og með 31. ágúst 2012. Þá er mælt fyrir um það í grein 8.1 að samningsaðilar geti „á samningstímanum hvor um sig farið fram á viðræður um endurskoðun á samningnum eða einstökum atriðum hans“. Samkvæmt þessu er ótvírætt að samningi þessum verður ekki breytt nema að samþykki Bændasamtakanna komi til.

D. Samningur um starfsskilyrði sauðfjárræktar.

Í samningnum, sem undirritaður var 25. janúar 2007, kemur fram að gildistími hans sé frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2013. Þá segir í samningnum að aðilar hans geti „á gildistíma hans hvor um sig óskað eftir viðræðum um endurskoðun á einstökum atriðum hans“. Enn fremur segir að „[v]erði af hálfu beggja samningsaðila fallist á breytingu skulu þær gerðar skriflega sem viðauki við samning þennan“. Samkvæmt þessu er ótvírætt að samningnum verður ekki breytt nema að samþykki Bændasamtakanna komi til.

Að framan er rakið að búvörusamningar þeir sem fjallað er um í minnisblaði þessu er skuldbindandi fyrir ríkissjóð, þ.á m. um fjárhæðir og vísitölubindingar, og stofna greiðslu-

skyldu úr hendi ríkisins því til samræmis, enda eru þeir gerðir á grundvelli skýrra ákvæða í búvörulögum nr. 70/1998 og lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sem áður voru rakin. Þá kom fram að greiðsluskyldu ríkisins samkvæmt samningunum yrði ekki breytt með lækkun framlaga til þeirra á fjárlögum.

Loks kom fram að ef Alþingi kæmi til hugar að breyta framangreindum ákvæðum laga nr. 70/1998 og 99/1993 myndi slík breyting aðeins horfa fram á við, en ekki afturvirkt, og ekki hrófla við greiðsluskyldu samkvæmt búvörusamningunum.

Af framangreindu leiðir að gildistími og heimildir til endurskoðunar sarnninganna ráðast af ákvæðum þeirra sjálfra. Um þau atriði hafa samningarnir nokkuð ólík ákvæði. Voru ákvæði hvers og eins samnings, að því er þau atriði varðar, rakin hér að framan. Orðalag þriggja af samningunum fjórum ber með sér að ótvírætt er að samþykki Bændasamtakanna þarf til svo að þeir samningar verði endurskoðaðir. Er þar átt við aðlögunarsamning um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða, samning um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu og samning um starfsskilyrði sauðfjárræktar. Orðalag eins samninganna, þ.e. samnings um verkefni samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998 og framlög ríkisins til þeirra á árunum 2005 til 2010, er nokkuð óskýrt um þessi atriði en undirritaðir hallast þó að því að ákvæði þess samnings verði að skilja svo að af endurskoðun geti aðeins orðið ef báðir aðilar eru samþykkir því í hverju endurskoðunin felst.

Undirritaðir veita allar nánari upplýsingar um efni minnisblaðs þessa.

kax/aþs

Fylgiskjal V.

Umsögn meiri hluta heilbrigðisnefndar.

Nefndinni barst hinn 16. desember erindi frá efnahags- og skattanefnd þar sem óskað er álits nefndarinnar á þeim þáttum sem snúa að málefnasviði heilbrigðisnefndar í 234. máli, frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Nefndin fékk á sinn fund Unu Björk Ómarsdóttur og Vilborgu Þ. Hauksdóttur frá heilbrigðisráðuneytinu, Björn Zoëga og Önnu Lilju Gunnarsdóttur frá Landspítala. Auk þess komu á fund nefndarinnar Helga Jónsdóttir frá BSRB, Stefán Aðalsteinsson frá BHM, Gylfi Arnbjörnsson frá ASÍ og Guðmundur Magnússon og Guðríður Ólafsdóttir frá Öryrkjabandalagi Íslands.

Nefndin tók til umfjöllunar þá liði frumvarpsins sem snúa að málefnum heilbrigðisnefndar en í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingum á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, á þann hátt að heimilað verði að taka komugjald vegna innlagnar á sjúkrahús. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir upptöku gjalds fyrir innlögn á sjúkrahús sem skuli ná til kostnaðar við innritun og aðstöðu. Sérstaklega er til tekið að gjaldið skuli vera lægra fyrir aldraða, öryrkja og börn og einnig að ekkert gjald skuli tekið fyrir innlögn vegna fæðingar en það er í samræmi við ákvæði núgildandi laga um að ekki sé heimilt að taka gjald fyrir mæðra- og ungbarnavernd. Gjald þetta skuli innheimt einu sinni vegna hverrar innlagnar og að ekki verði um að ræða aðra gjaldtöku af inniliggjandi sjúklingi. Markmið breytinganna er meðal annars að auka samræmi í gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu, en þegar er innheimt gjald vegna komu eða innritunar á m.a. göngudeildir, dagdeildir, rannsóknardeildir og bráðamóttökur sjúkrahúsa. Með

þessari breytingu skapist meira jafnræði í gjaldtöku sem og betri nýting fjármuna innan heilbrigðiskerfisins.

Ýmsum sjónarmiðum var hreyft fyrir nefndinni í tengslum við tillögur þær sem fram eru settar í frumvarpi þessu. Þar kom m.a. fram að í núgildandi kerfi felist hvati til að notast við dýrari úrræði innan sjúkrahúsa í stað þess að fá þjónustu á göngu- eða bráðadeildum sjúkrahúsa, en hið fyrrnefnda er fjárhagslega hagstæðara fyrir sjúkling samkvæmt núgildandi reglum. Með breytingunni sem felst í frumvarpinu er komið á samræmi í gjaldtöku af innlögn annars vegar og þjónustu á göngu- eða bráðadeildum án innlagnar hins vegar og um leið sneitt hjá því að greiðsluþátttaka sjúklings hafi áhrif á ákvörðun um hvort sjúklingur verði lagður inn á sjúkrahús eður ei. Nefndin telur því rökrétt að meira jafnræði sé á milli gjalda hvort sem einstaklingur er lagður inn eða nýtir sér göngudeildir eða bráðadeildir sjúkrahúsa. Nefndin vonast því til að með þessu frumvarpi verði hægt að fækka enn frekar legudögum en það má þó aldrei gerast á kostnað gæða þjónustunnar.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að tekjur heilbrigðisstofnana af innlagnargjaldi þessu muni nema um 100 millj. kr. á ári. Komugjaldið vegna innlagnar á sjúkrahús mun því ekki skila 360 millj. kr. eins og fram kemur í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins þar sem meginhluti þeirra tekna sem þau ákvæði frumvarpsins er varða breytingar á lögum um sjúkratryggingar gera ráð fyrir mun koma til vegna hækkana á núgildandi gjöldum.

Meiri hluti nefndarinnar minnir á að sjúklingar verða fyrir ýmsum kostnaði vegna þjónustu á sjúkrahúsum og er því langt í frá verið að brjóta blað í frumvarpinu þegar kemur að gjaldtöku af sjúklingum sem njóta sjúkrahúsþjónustu. Sé sá kostnaðarauki sem sjúklingar verða fyrir vegna frumvarpsins settur í samhengi við heildarkostnað sjúklinga af heilbrigðisþjónustu er ljóst að hann er afar lítill.

Meiri hlutinn vill leggja áherslu á að í reglugerð ráðherra verði tekið ríkt tillit til þeirra sjúklinga sem þurfa að leggjast inn á sjúkrahús oft á ári.

Þá hvetur meiri hluti nefndarinnar til þess að vinnu nefndar um gjaldtöku í heilbrigðisþjónustu verði hraðað eins og kostur er enda er nauðsynlegt að tekið verði tillit til heildarkostnaðar einstaklinga af heilbrigðisþjónustu.

Alþingi, 17. des. 2008.

Ásta Möller, form.,
Ágúst Ólafur Ágústsson,
Árni Páll Árnason,
Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
Birgir Ármannsson.

Fylgiskjal VI.

Umsögn minni hluta heilbrigðisnefndar.

Að beiðni efnahags- og skattanefndar hefur heilbrigðisnefnd fjallað um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum eða þann hluta þess sem snertir málefnasvið nefndarinnar. Minni hluti nefndarinnar er andvígur þeim breytingum sem þar eru boðaðar á nýsettum

lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, og fela í sér upptöku sérstaks gjalds við innlögn á sjúkrahús sem hingað til hefur verið kostuð af sjúkratryggingum.

Það er álit minni hlutans að breyting þessi komi ekki til með að skila hagræði eða jafnræði í heilbrigðisþjónustunni. Eins og frumvarpið er úr garði gert felur það í raun í sér opna heimild fyrir heilbrigðisráðherra til þess að leggja bæði ný gjöld á sjúklinga og hækka þau sem fyrir eru. Í greinargerð með frumvarpi þessu er í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis tekið fram að tekjur ríkissjóðs vegna upptöku innlagnargjalda á sjúkrahús séu áætlaðar um 360 millj. kr. á næsta ári.

Á fundi nefndarinnar kom hins vegar fram að nýtt innlagnargjald mun líklegast verða að svipaðri fjárhæð og komugjöld sem nú eru innheimt á slysa- og bráðadeildum, eða um 4.000 kr. Þannig mun upptaka gjaldsins ekki skila nema um 110 millj. kr. á ársgrundvelli miðað við 32.000 innlagnir á ári. Það er því óútskýrt hvaðan viðbótartekjurnar, þ.e. um 250 millj. kr., muni koma en reikna má með því að það verði með hækkun á öðrum sjúklingasköttum. Minni hlutinn bendir á að til viðbótar við hið nýja innlagnargjald og aðrar hækkanir sem vænta má á gjöldum fyrir sérfræðiþjónustu var við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins boðuð viðbótarhækkun á lyfjum til sjúklinga sem nemur á milli 700 og 800 millj. kr. Er þar um að ræða hækkun um alls 320 millj. kr. vegna breyttrar greiðsluþátttöku ríkisins í lyfjum og 410 millj. kr. lækkun á þátttöku sjúkratrygginga í lyfjaútgjöldum með því að hækka lágmarksgjald sjúkratryggðra fyrir lyf.

Fram kom hjá fulltrúum BSRB, Öryrkjabandalagsins og Alþýðusambandsins að samtökin hafi ályktað gegn frekari gjaldtöku á hendur sjúklingum. Fulltrúar Öryrkjabandalagsins töldu gjaldtökuna verulega íþyngjandi fyrir skjólstæðinga sína til viðbótar við launalækkun, atvinnumissi og annan niðurskurð í velferðarþjónustunni.

Það er því mat minni hluta nefndarinnar að með þessari nýju gjaldtöku sé stigið varasamt skref og að mögulegt sé að ná þeim tekjum sem innlagnargjaldinu er ætlað að skapa með hagræðingu og endurskipulagningu innan sjúkrastofnananna enda virðist ljóst að gjaldið muni aðeins skila um 110 millj. kr. til ríkissjóðs á ársgrundvelli. Fyrirsjáanlegar virðast því vera ýmsar óútskýrðar og frjálsar hækkanir til þess að ná fram þeim 360 millj. kr. tekjum sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Telur minni hluti umræddar breytingar á lögum um sjúkratryggingar óásættanlegar með vísan til þess sem hér kemur fram.

Alþingi, 17. des. 2008.

Álfheiður Ingadóttir,
Þuríður Backman,
Eygló Harðardóttir.

Fylgiskjal VII.

Umsögn samgöngunefndar.

Nefndin hefur að beiðni efnahags- og skattanefndar fjallað um III. kafla frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Í III. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum. Með þessum breytingum er sveitarfélögum heimilað að hækka útsvar um 0,25 prósentustig eða úr 13,03% í 13,28%. Staða sveitarfélaga er misjöfn en telja verður líklegt að meiri hluti þeirra nýti sér þessa nýju heimild. Sveitarfélög ákveða fyrir 31. desember 2008 hver verður álagningarprósenta útsvars árið 2009. Áætlað er að þessi hækkun geti skilað sveitarfélögum allt að 2 milljörðum kr. í útsvarstekjur miðað við það að öll sveitarfélög landsins fullnýti heimildina. Með 4. gr. frumvarpsins er sveitarfélögum sem nú þegar hafa tekið ákvörðun um útsvar á grundvelli gildandi laga gefið svigrúm til að endurmeta þá ákvörðun með hliðsjón af frumvarpi þessu.

Nefndin telur að frumvarpið geti styrkt rekstur sveitarfélaganna á næstu árum, að óbreyttu hefðu mörg sveitarfélög orðið fyrir mikilli tekjulækkun vegna hinna miklu umskipta sem orðið hafa í efnahagsmálum þjóðarinnar. Það er brýnt verkefni að tryggja afkomu sveitarfélaganna til framtíðar.

Nefndin vekur athygli á að aðgerðir þessar eru liður í viðamiklum aðhaldsráðstöfunum sem ríkinu er nauðugt að ráðast í vegna þeirra miklu efnahagsáfalla sem yfir þjóðina hafa dunið.

Árni Þór Sigurðsson gerir fyrirvara varðandi 8. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að aukaframlagi í Jöfnunasjóð sveitarfélaga og skuldbindingum ríkisins til greiðslu fasteignagjalda sé mætt með 0,25 prósentustiga hækkun á tekjuskatti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 17. des. 2008.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form.,
Ólöf Nordal,
Herdís Þórðardóttir,
Karl V. Matthíasson,
Árni Þór Sigurðsson, með fyrirvara,
Helga Sigrún Harðardóttir, með fyrirvara,
Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal VIII.

Umsögn meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Félags- og tryggingamálanefnd hefur borist erindi frá efnahags- og skattanefnd þar sem óskað er álits nefndarinnar á þeim þáttum sem snúa að málefnasviði hennar í 243. máli, frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Nefndin hefur tekið til umfjöllunar V., VI. og IX. kafla sem leggja til breytingar á lögum um málefni aldraða, nr. 125/1999, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, og lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007.

Nefndin fékk á sinn fund Ágúst Geir Ágústsson, Hönnu S. Gunnsteinsdóttur og Ágúst Þór Sigurðsson frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, Sigurð P. Sigmundsson frá Vinnumálastofnun og fæðingarorlofssjóði, Helgu Jónsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja,

Stefán Aðalsteinsson frá Bandalagi háskólamanna, Ingólf Gíslason frá Jafnréttisstofu, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Guðlaug Stefánsson frá Samtökum atvinnulífsins, Helga Hjálmarsson og Borgþór S. Kjærnested frá Landsambandi eldri borgara, Margréti Margeirsdóttur og Sigurð Einarsson frá félagi eldri borgara, Guðmund Magnússon og Guðríði Ólafsdóttur frá Öryrkjabandalagi Íslands og Rögnu Halldórsdóttur, Sigurð M. Grétarsson og Gunnar Þ. Andersen frá Tryggingastofnun ríkisins.

Frumvarpið fjallar um breytingar á ýmsum lögum til að draga verulega úr áætluðum halla á rekstri ríkissjóðs í kjölfar hruns íslensku bankanna.

Í VI. kafla frumvarpsins er lagt til að hámarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði lækki úr 480 þús. kr. í 400 þús. kr.

Í V. og IX. kafla er að finna tillögur til breytinga á lögum um almannatryggingar annars vegar og málefni aldraða hins vegar sem gera munu að verkum að fjármagnstekjur umfram frítekjumark komi að fullu til skerðingar við útreikning á elli- og örorkulífeyri, örorkustyrk og tekjutrygginga sem og við ákvörðun á dvalarkostnaði vistmanns. Með sama hætti er frítekjumarki atvinnutekna ellilífeyrisþega 70 ára og eldri og vistmanna breytt til samræmis við frítekjumark annarra hópa ellilífeyrisþega.

Í IX. kafla er lagt til að 10. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um almannatryggingar verði fellt brott. Með því að fella ákvæðið úr lögunum munu tekjur maka endanlega hætta að hafa áhrif á útreikning bóta lífeyristrygginga, sem er til mikillar einföldunar á lífeyristryggingakerfinu. Breytingin felur í sér afnám heimildar til að nýta reiknireglu sem tengdi við tekjur maka, þrátt fyrir að tekjutengingin sem slík hafi verið afnumin 1. apríl sl. Þá er lagt til að bætur almannatrygginga, sem og greiðslur skv. 63. gr. og fjárhæðir skv. 22. gr. almannatryggingalaga, hækki um 9,6% 1. janúar 2009. Þessar bætur áttu samkvæmt lögunum að hækka um áramótin samkvæmt neysluvísitölu sem er áætluð umtalsvert hærri. Þá mun lágmarksframfærslutrygging sem mælt er fyrir um í reglugerð, sem sett er á grundvelli laga um félagslega aðstoð, hækka um 20%, úr 150 þús. kr. í 180 þús. kr. á mánuði sem tryggir sérstaklega hag tekjulægstu bótaþeganna.

Á fundi nefndarinnar komu fram ýmis sjónarmið og m.a. lýstu gestir almennri óánægju og áhyggjum yfir skerðingu lífeyrisgreiðslna og bóta og harmað var að vísitöluhækkun lífeyrisgreiðslna sem koma átti til framkvæmda um áramót verður lækkuð og miðað við 9,6%. Gestir áréttuðu mikilvægi þess að verja hag aldraðra og öryrkja í því ástandi sem skapast hefur.

Fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins o.fl. töldu að ef ekki yrði sett frítekjumark á greiðslur úr lífeyrissjóði samhliða hækkun á lágmarksframfærslutryggingu mundu greiðslur úr lífeyrissjóðum skerða bætur krónu á móti krónu allt að 61.000 kr. og þannig draga úr vilja til á að greiða iðgjöld í lífeyrissjóði. Þeir töldu þetta stofna framtíð lífeyrissjóðakerfisins í hættu.

Meiri hluti nefndarinnar tekur undir mikilvægi þess að gæta hagsmuna elli- og örorkulífeyrisþega og telur að í framangreindum tillögum sé gætt sérstaklega að hag þeirra sem lægstar tekjur hafa. Meiri hlutinn tekur undir mikilvægi þess að verja lífeyrissjóðakerfið og áréttar að endurskoðun á almannatryggingakerfinu í heild verði hraðað og skoðaðar hugmyndir um frítekjumark á greiðslur úr lífeyrissjóði og reynt að koma í veg fyrir jaðarskerðingar í lífeyriskerfinu.

Í umræðum í nefndinni kom fram að lög um fæðingar- og foreldraorlof hefðu sannað gildi sitt og mikilvægt að halda þeim grunnhugmyndum sem lögin byggjast á. Það var samdóma álit gesta að ef lækka verður útgjöld fæðingarorlofssjóðs væri það best gert með lækkun á há-

marksgreiðslum eins og tillagan gerði ráð fyrir. Þær upplýsingar fengust frá fulltrúa Vinnumálastofnunar og fæðingarorlofssjóðs að ákvæði frumvarpsins um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof mundi ekki skila nema um helming áætlaðrar kostnaðarlækkunar upp á 400 m.kr. ef gildistími laganna verður frá 1. janúar 2009. Áætlun fjármálaráðuneytis og fulltrúa Vinnumálastofnunar ber því ekki saman. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ekki komi til skerðingar á hámarki greiðslna til forelda í fæðingarorlofi hjá þeim foreldrum sem eignast hafa barn fyrir 1. jan. 2009 og eiga enn ónýttan orlofsrétt. Meiri hlutinn bendir efnahags- og skattanefnd á þetta. Frá félags- og tryggingamálaráðuneyti fengust þær upplýsingar að reynt hafi verið að forðast afturvirkni laganna, en bent var á að lagalega væri mögulegt að breyta útfærslunni þannig að hámarkið mundi eiga við alla foreldra sem tækju fæðingarorlof eftir 1. janúar 2009 óháð því hvenær fæðingardagur barns væri. Meiri hlutinn áréttar þann skilning sinn að lækkun á hámarksgreiðslum úr sjóðnum sé tímabundin ráðstöfun sem gangi til baka um leið og aðstæður leyfa. Þá sé nauðsynlegt að tryggja að ekki sé vikið frá grundvallartilgangi löggjafarinnar.

Meiri hlutinn fellst á að óhjákvæmilegt sé að grípa til aðgerða í þeirri stöðu sem upp er komin í fjármálum ríkisins og draga úr fyrirsjáanlegum halla á ríkissjóði. Meiri hlutinn telur að þess hafi verið gætt í tillögununum að ganga ekki of nærri velferðarkerfinu, sem nauðsynlegt er að standa vörð um. Með tillögunum tekst að standa vörð um megnið af þeim hækkunum og réttarbótum sem ákveðnar hafa verið á liðnum missirum. Meiri hlutinn leggst því ekki gegn tillögunum en áréttar mikilvægi þess að verja hagsmuni þeirra sem hafa lægstar tekjur og fagnar því að frumvarpið tryggi þetta, m.a. með því að hækka lágmarksframfærslutrygginguna.

Alþingi, 17. des. 2008.

Guðbjartur Hannesson, form.,
Jón Gunnarsson,
Kjartan Ólafsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir,
Arnbjörg Sveinsdóttir,
Árni Johnsen.

Fylgiskjal IX.

Umsögn 1. minni hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Á fundum félags- og tryggingamálanefndar þar sem farið var yfir þau atriði frumvarps um sérstakar ráðstafanir í ríkisfjármálum sem að verksviði nefndarinnar snúa með gestum, kom fram hörð gagnrýni á niðurskurð til almannatrygginga, bæði niðurskurðinn sem slíkan, en þó ekki síður útfærslu hans. Sérstaklega var varað við þeim neikvæðu afleiðingum sem af þessu hlytust fyrir lífeyrissjóðakerfið með stórauknum jaðaráhrifum og skerðingu greiðslna krónu fyrir krónu.

Fyrsti minni hluti telur þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir varðandi almannatryggingakerfið vanhugsaðar og illa útfærðar og leggst gegn afgreiðslu þeirra. Ekki er hins

vegar lagst gegn breytingum á fyrirkomulagi fæðingarorlofsgreiðslna sé talið óumflýjanlegt að draga þar úr kostnaði þó að rétt hefði verið að huga þar að öðrum mögulegum útfærslum.

Alþingi, 17. des. 2008.

Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal X.

Umsögn 2. minni hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Þau ákvæði laganna sem falla undir félags- og tryggingamálanefnd varða verulega skerðingu sem lögð er á herðar eldri borgara og öryrkja og nýbakaðra foreldra. 2. minni hluti telur ófært að leggja mat á þær tillögur þar sem engar forsendur hafa komið fram varðandi þá útreikninga sem liggja að baki þessum sparnaðartillögum auk þess sem ekki hefur verið gerð grein fyrir eða sýnt fram á með heildstæðum hætti hvaða áhrif allar þær niðurskurðaraðgerðir sem nú eru að koma fram á síðustu dögum fyrir jólaleyfi Alþingis hafa í för með sér fyrir fjölskyldurnar í landinu, hvað þá að fyrir liggi mat á þeim varðandi einstaka hópa samfélagsins. Ríkisstjórnin og/eða einstakir ráðherrar hennar hafa heldur ekki lagt fram upplýsingar og útreikninga svo þingmenn geti lagt sjálfstætt mat á þær. Þá er tíminn sem gefinn er til afgreiðslu allra þeirra niðurskurðartillagna sem varða beint rekstur fjölskyldna í landinu fullkomlega óásættanlegur þar sem hver neyðarlögin reka önnur. Niðurskurðarhnífnum virðist því í besta falli ómarkvisst beitt án tillits til aðstæðna mismunandi hópa samfélagsins.

Gert er ráð fyrir stóraukinni þátttöku sjúklinga vegna þjónustu heilbrigðiskerfisins og gert er ráð fyrir að sækja 4,9 milljarða kr. ofan í vasa eldri borgara og öryrkja. Nýbakaðir og verðandi foreldrar verða af 300–400 millj. kr. vegna lækkunar heildargreiðslna í fæðingarorlofi. Alvarlegar athugasemdir voru á fundi nefndarinnar gerðar við niðurskurð og afturköllun nýrra reglna um frítekjumark og vísitölubindingu lífeyrisgreiðslna til eldri borgara og öryrkja. Þær nýju reglur sem hér væru lagðar til væru alvarlegasta atlaga sem gerð hefði verið að lífeyrissjóðakerfinu og gætu gengið af því dauðu enda eru þær hvatning um að menn hætti þátttöku í lífeyrissjóðakerfinu. Þá hafa boð til ríkisstjórnar um aðstoð við að finna betri lausnir sem skila sama árangri ekki verið þegnar.

Annar minni hluti félags- og tryggingamálanefndar getur ekki lagt mat á þau ákvæði sem til skoðunar komu í nefndinni vegna skorts á framangreindum upplýsingum en minnir á að lífeyrissjóðskerfið og fæðingarorlofsreglur hérlendis hafa verið fyrirmynd annarra þjóða sem horft hafa með aðdáun á þá uppbyggingu og þann árangur sem hér hefur náðst á þessum sviðum. Þessi rós sem Íslendingar hafa haft í sínu hnappagati er nú að visna upp og deyja í meðförum þess meiri hluta sem nú situr á Alþingi.

Alþingi, 17. des. 2008.

Helga Sigrún Harðardóttir.

405. Nefndarálit [243. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins er háð mikilli óvissu og er vakin athygli á því að það er ekki fyrr en í gær, eftir að 2. umræða um fjárlagafrumvarpið hefur farið fram, að fjármálaráðuneytið leggur fram sundurliðaða áætlun. Augljóst er hins vegar að sú áætlun er skot út í loftið. Tekjur ríkissjóðs er háðar því hvernig efnahagslífinu reiðir af, hverjar skuldir þjóðarbúsins verða, hver vaxtakjör erlendra skuldbindinga koma til með að verða og jafnframt hvernig heimilum og fyrirtækjum reiðir af, ekki síst þeim sem búa við mikla skuldabyrði. Í ljósi þeirrar óvissu sem nú er uppi er fráleitt að ganga frá fjárlögum fyrir komandi ár á jafnhæpnum forsendum og hér er um að ræða. Ráðlegra væri að komast að niðurstöðu til bráðabirgða en fullnusta verkið á fyrstu mánuðum komandi árs og hafa fjárlögin síðan til stöðugrar endurskoðunar.

Í bréfi sem þingmönnum hefur borist frá prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, Þórólfi Matthíassyni, segir m.a.: „Þrátt fyrir að starfsfólk fjármálaráðuneytis hafi lagt fram mikið vinnuframlag við að breyta frumvarpinu verður ekki hjá því komist að fum og fálm séu fyrstu orðin sem koma í hugann þegar breytingartillögunum er flett.“

Þetta eru í hnotskurn vinnubrögðin sem hér hafa verið viðhöfð.

Í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem er fylgifiskur fjárlagafrumvarpsins, kemur berlega í ljós hve vanhugsaðar og félagslega ranglátar tillögur stjórnarmeirihlutans eru. Má þar nefna niðurskurð á almannatryggingum, en í fyrsta skipti sem reynir á varnir öryrkja og aldraða sem festar voru í lög árið 1998, þar sem segir að sú vísitala skuli gilda sem hærri er, neysluvísitala eða launavísitala, eru þær numdar brott með lögum.

Þegar þrengir að í þjóðfélaginu eru það einmitt þeir hópar sem hafa lífsviðurværi sitt að öllu leyti eða hluta frá almannatryggingum sem ber að verja. Það er ekki gert í þessu frumvarpi nema að hluta til, því að fjórðungur lífeyrisþega er varinn, og er það að sönnu tekjulægsti hópurinn. Þá er grafalvarlegt að í fyrsta skipti er ráðgert að rukka sjúklinga sem leggjast inn á sjúkrahús landsins um aðgangseyri. Er þar með brotið blað í sögu heilbrigðismála á Íslandi með afar neikvæðum hætti. Þetta brýtur í bága við loforð og heitstrengingar stjórnvalda um að heilbrigðisþjónustan eigi að vera fjármögnuð með skattfé og byggð á jafnræði. Dregið er úr framlagi til rannsókna á háskólastigi, ráðist á kjör bændastéttarinnar og er umhugsunarvert að búvörusamningurinn skuli tekinn til sérstaks niðurskurðar með það fyrir augum að rýra kjör bænda.

Fyrsti minni hluti vekur athygli á því að vaxtabætur og barnabætur eru skertar verulega að raungildi með frumvarpinu þar sem þær eiga að hækka á grundvelli forsendna fjárlagafrumvarps næsta árs en ekki með tilliti til verðlagsþróunar. Þetta felur m.a. í sér skerðingu fyrir húsnæðiskaupendur og barnafólk.

Athygli vekur að skattahækkanir eru flatar og enginn greinarmunur gerður á tekjuháum og tekjulitlum, í stað þess að setja á þrepaskiptan hátekjuskatt og breyta fjármagnstekjuskatti til tekjujöfnunar. Fráleitt er að nýta ekki skattkerfið til þess að jafna byrðunum á landsmenn, ekki síst við þær aðstæður sem nú eru uppi.

Meðfylgjandi eru umsagnir minni hluta í nefndum þingsins sem efnahags- og skattanefnd fékk frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármál í hendur til umsagnar. Í einu tilviki er um að ræða

sameiginlega umsögn nefndar en þar gerir fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs engu síður grein fyrir fyrirvara, sbr. umsögn samgöngunefndar.

Grétar Mar Jónsson var áheyrnarfulltrúi á fundum nefndarinnar og er hann samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 18. des. 2008.

Ögmundur Jónasson, frsm. Katrín Jakobsdóttir.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl, sjá samhljóða fylgiskjöl í þskj. 404:

I. Umsögn minni hluta allsherjarnefndar.
II. Umsögn 2. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.
III. Umsögn minni hluta heilbrigðisnefndar.
IV. Umsögn samgöngunefndar.
V. Umsögn 1. minni hluta félags- og tryggingamálanefndar.

406. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Ingibjörgu Helgu Helgadóttur frá fjármálaráðuneyti, Skúla Eggert Þórðarson og Ingvar J. Rögnvaldsson frá ríkisskattstjóra, Sigríður Lillý Baldursdóttir frá Tryggingastofnun ríkisins, Jónu Björk Guðnadóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Guðlaug Stefánsson frá Samtökum atvinnulífsins og Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands. Þá hefur nefndinni borist umsögn frá Samtökum fjármálafyrirtækja.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum tekjuskattslaga. Þar af má nefna ákvæði sem varða skattfrelsi greiðslna Endurhæfingarsjóðs, meðferð söluhagnaðar af íbúðarhúsnæði, skilyrði vaxtabóta, skilyrði barnabóta, einföldun framtalsskila og sjálfvirka upplýsingaskyldu. Einnig er í frumvarpinu ákvæði til bráðabirgða sem ætlað er að koma í veg fyrir afturvirk áhrif laga nr. 38/2008 á tilgreinda söluaðila hlutabréfa.

Nefndin ræddi sérstaklega ákvæði 7. gr. frumvarpsins um sjálfvirka upplýsingaskyldu banka, sparisjóða og annarra fjármálafyrirtækja gagnvart skattyfirvöldum. Fram kom að tilgangur þess væri að tryggja jafnræði í skattframkvæmd, þ.m.t. við álagningu skatta, skattívilnanir og greiðslu bóta. Skattyfirvöld gætu á grundvelli þess haft eftirlit með að fjármálafyrirtæki haldi réttilega eftir staðgreiðslu skatta vegna tilgreindra fjármagnstekna. Þá væri ákvæðið liður í áformum skattyfirvalda skv. 6. gr. frumvarpsins um að aflétta framtalsskyldu af tilgreindum hópi framteljanda.

Á fundum nefndarinnar var sjálfvirk upplýsingaskylda rædd annars vegar með hliðsjón af þeim trúnaðarskyldum sem bankar bera almennt gagnvart viðskiptavinum sínum og hins

vegar með tilliti til sérstakra aðstæðna í íslensku efnahagslífi. Undirstrikað var það sjónarmið að greiður aðgangur að umræddum upplýsingum gerði framkvæmd skattskila áreiðanlegri. Aðrir töldu að frumvarpsgreinin væri of víðtæk og til þess fallin að rýra traust á íslensku fjármálakerfi.

Nefndin leggur til breytingu á 7. gr. frumvarpsins og er hún gerð til að sætta öndverð sjónarmið skattyfirvalda og Samtaka fjármálafyrirtækja í málinu. Til viðbótar við það sem að framan er rakið hefur verið bent á að það geti reynst tæknilega erfitt að afhenda umræddar upplýsingar.

Nefndin leggur einnig til breytingu á gildistökuákvæði frumvarpsins. Auk þess bendir nefndin á að henni hafa verið gefnar þær skýringar á ákvæðum 1. gr. og a. liðar 2. gr. frumvarpsins að um formbreytingu sé að ræða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 7. gr. Orðin „og um skuldir“ og „og hvers konar sjóðsreikningum“ falli brott.
2. Við 8. gr. Eftirfarandi breytingar verða á greininni:
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Ákvæði 1., 2., 3., 4. og 9. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2009.
   b. 3. mgr. falli brott.

Birkir J. Jónsson og Gunnar Svavarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 18. des. 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Ögmundur Jónasson.
Bjarni Benediktsson.	Lúðvík Bergvinsson.	Katrín Jakobsdóttir.

Rósa Guðbjartsdóttir.

407. Beiðni um skýrslu [253. mál]

frá viðskiptaráðherra um peningamarkaðs- og skammtímasjóði.

Frá Kristni H. Gunnarssyni, Álfheiði Ingadóttur, Birki J. Jónssyni, Atla Gíslasyni, Árna Þór Sigurðssyni, Eygló Harðardóttur, Grétari Mar Jónssyni, Guðjóni A. Kristjánssyni, Helgu Sigrúnu Harðardóttur, Höskuldi Þórhallssyni, Jóni Bjarnasyni, Jóni Magnússyni, Katrínu Jakobsdóttur, Kolbrúnu Halldórsdóttur, Magnúsi Stefánssyni, Siv Friðleifsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Valgerði Sverrisdóttur, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

Með vísan til 54. gr. stjórnarskrárinnar og 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að viðskiptaráðherra flytji Alþingi skýrslu um peningamarkaðs- og skammtímasjóði. Meðal þess sem óskað er eftir að fram komi í skýrslunni er eftirfarandi:

1. Reglur sem giltu um peningamarkaðs- og skammtímasjóði fyrir hrun bankanna og þar til þeir voru gerðir upp.
2. Fjárfestingarstefna sjóðanna, hvort henni hafi verið fylgt og hversu oft og hvernig henni hafi verið breytt síðustu 18 mánuði fyrir lokun sjóðanna í október sl., t.d. er óskað eftir:
   a. yfirliti yfir breytingar á eignasamsetningu í sjóðunum á fyrrgreindu tímabili,
   b. skýringum á hvernig verðmyndun hafi verið framkvæmd á verðbréfum í sjóðunum, þ.m.t. bréfum sem ekki voru skráð á opinberan markað eða með félög sem menn vissu eða máttu vita að voru í vanda stödd,
   c. upplýsingum um hvernig breytingar á fjárfestingarstefnu sjóðanna voru kynntar, t.d. til Fjármálaeftirlitsins, hlutdeildarskírteinishafa, eða í Lögbirtingablaði og hvort Fjármálaeftirlitið hafi samþykkt þær breytingar.
3. Hvort rekstraraðilar eða eigendur þeirra hafi átt hagsmuna að gæta við stjórn hinna tilgreindu sjóða í aðdraganda bankahrunsins og þar til þeir voru gerðir upp. Í því sambandi verði m.a. gerð grein fyrir:
   a. hverjir voru og eru eigendur þeirra sjóða sem spurt er um og hver var eignarhlutur þeirra,
   b. hvort sjóðirnir hafi verið notaðir með einhverjum hætti til þess að halda uppi gengi hlutabréfa, t.d. með kaupum á skuldabréfum útgefnum af bönkunum sjálfum og aðilum og félögum tengdum eigendum bankanna,
   c. hvort verulegar breytingar hafi orðið á eignasamsetningu sjóðanna frá 1. janúar 2008 og til slita þeirra,
   d. hvort fullyrðingar um áhættustig (áhættuleysi) við kynningu og sölu sjóðanna á bréfum sínum hafi staðist,
   e. hugsanlegum fyrirmælum sjóðsstýringar, bankastjórnar, bankastjóra eða annarra hagsmunaaðila innan bankanna um að selja eignir sjóðanna: svo sem skuldabréf, hlutabréf, bankabréf og önnur verðbréf, innstæður hvers konar og önnur verðmæti í eigu peningamarkaðs- og skammtímasjóða,
   f. sjóðsstjórum og stjórnum sjóðanna, aðalmönnum og varamönnum, við lokun sjóðanna og tilgreint hvaða stöðum þessir aðilar gegndu jafnhliða því að sitja í stjórnum sjóðanna og hvaða stöðum viðkomandi gegna nú.
4. Hvort einhver óeðlileg viðskipti hafi átt sér stað með bréf í tilgreindum sjóðum eða með eignir sem þeir fóru með síðustu 18 mánuði fyrir lokun sjóðanna, þ.m.t.:

a. hvort tryggari kröfur í sjóðunum hafi verið seldar fyrir ótryggari kröfur,
b. hvort viðskipti hafi átt sér stað við aðila sem tengjast bönkunum, þ.e. nákomna í skilningi 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., og ef svo er hverjir þessir tengdu aðilar eru.

5. Samsetning hlutdeildarskírteinishafa tilgreindra peningamarkaðssjóða í aðdraganda bankahrunsins þar til þeir voru gerðir upp og hvernig hlutur þeirra skiptist, t.d.:
   a. hversu margir einstaklingar og lögaðilar, þ.e. lífeyrissjóðir, sveitarfélög, stofnanir og félög í eigu ríkisins, tryggingafélög, einkahlutafélög, önnur félög o.s.frv., áttu eignir í peningamarkaðs- og skammtímasjóðum Glitnis, Landsbanka Íslands og Kaupþings þegar Fjármálaeftirlitið f.h. ríkissjóðs tók yfir rekstur þeirra í byrjun október sl.,
   b. um hversu miklar eignir var að ræða, sundurliðað eftir fjölda hlutdeildarskírteinishafa í peningamarkaðssjóðum í hverjum banka fyrir sig og fjölda þeirra sem áttu innstæður á bilinu 0–5 millj. kr., 5–10 millj. kr., 10–50 millj. kr., 50–100 millj. kr., 100–500 millj. kr., 500–1.000 millj. kr. og meira en 1.000 millj. kr.,
   c. hver samanlögð eign var í hverjum banka og sjóði 19. júlí 2007, 16. október 2007, 1. janúar 2008, 1. júlí 2008 og 6. október 2008, hver var hæsta innstæða í hverjum banka og sjóði, og hve mikið var tekið út úr þeim síðustu vikuna fyrir yfirtöku ríkisins á bönkunum,
   d. að auki er óskað eftir upplýsingum um hvort til eru upptökur af símtölum sjóðsstjóra og/eða þjónustufulltrúa viðkomandi sjóða, rekstrarfélaga þeirra, eða banka við hlutdeildarskírteinishafa síðustu vikuna fyrir bankahrunið, og ef svo er ekki hver skýringin er.
6. Ákvarðanir stjórnvalda og stjórnenda bankanna, gömlu og nýju, til að endurfjármagna peningamarkaðs- og skammtímasjóðina og aðdraganda þessara ákvarðana. M.a. er óskað upplýsinga um:
   a. hver aðkoma ríkisstjórnarinnar, ráðherra og embættismanna ráðuneytanna og stjórnkerfisins, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka var í þessari atburðarás,
   b. á hverju sú ákvörðun Fjármálaeftirlitsins byggðist að láta loka öllum verðbréfasjóðum bankanna 6. október sl. og á hverju tilmæli Fjármálaeftirlitsins byggðust um að þeim skyldi slitið 17. október sl. og greitt úr þeim,
   c. hvort gömlu og nýju bankarnir, bankastjórar, bankastjórnir, bankaráð, bráðabirgðastjórnir/skilanefndir bankanna, sjóðsstjórnir og sjóðsstjórar hafi haft umboð og heimild stjórnvalda til að taka svo stórar ákvarðanir. Óskað er eftir að viðkomandi fundargerðir á tímabilinu þar sem fjallað er um kaup á skuldabréfum, hlutabréfum, bankabréfum og öðrum verðbréfum, innstæðum hvers konar og öðrum verðmætum í eigu peningamarkaðs- og skammtímasjóða verði birtar sem viðaukar við skýrsluna,
   d. hvort keypt voru bankabréf, útgefin af Landsbankanum, Kaupþingi eða Glitni, og hvert var verðmat þeirra við kaupin,
   e. hvort stjórnendur peningamarkaðssjóðanna hafi leitað bestu verða við sölu á eignum sjóðanna, skuldabréfum, hlutabréfum, bankabréfum og öðrum verðbréfum, innstæðum hvers konar og öðrum verðmætum, hvort kaupendur hafi leitað að bestu verðum á markaðnum við kaup á þessum eignum, hver keypti og hver er nú eigandi eignanna,
   f. hvernig þess var gætt að ákvæðum stjórnarskrár um fjárveitingarvald Alþingis væri fylgt.

7. Hversu miklu af skattfé ríkisins var ráðstafað, með beinum eða óbeinum hætti, til að endurfjármagna peningamarkaðssjóðina í aðdraganda og í kjölfar bankahrunsins og hvort annars konar fjárhagslegri fyrirgreiðslu var beitt, þ.m.t.:
   a. hversu mikið fé ríkissjóður hefur lagt til í þeim tilgangi að styrkja stofnfjár- og eiginfjárstöðu bankanna,
   b. hversu miklum fjármunum nýju ríkisbankarnir hafa, hver um sig, varið til kaupa á eignum peningamarkaðssjóðanna,
   c. hvernig kaup á eignum sjóðanna voru fjármögnuð.
8. Hvort gætt hafi verið jafnræðis við uppgjör tilgreindra peningamarkaðs- og skammtímasjóða annars vegar gagnvart eigendum verðbréfa í öðrum sjóðum í þessum þremur bönkum eða öðrum bönkum og sparisjóðum og hins vegar gagnvart fjármálastofnunum sem ekki áttu hlut að máli, þ.m.t.:
   a. hvort reglur um sjálfstæði og óhæði hafi verið virtar að vettugi þar sem bankarnir keyptu nær eingöngu eignir í „sínum“ sjóðum,
   b. mati á hvort ekki hefði verið eðlilegra að ríkisbankarnir þrír hefðu gætt jafnræðis og keypt eignir út úr öllum peningamarkaðssjóðum innlendra fjármálastofnana.
   c. hvað sambærileg fyrirgreiðsla mundi kosta ríkissjóð / nýstofnaða ríkisbanka, þ.e. að kaupa út bréf í peningamarkaðssjóðum smærri fjármálafyrirtækja.
9. Hvernig staðið var að slitum og uppgjöri tilgreindra peningamarkaðssjóða af hálfu fulltrúa ríkisvaldsins, á hvaða aðferðafræði var byggt og hvort samræmis hafi verið gætt. M.a. verði greint frá:
   a. eignaverðmæti þeirra eigna sem standa/stóðu á bak við sjóðina, svo sem skuldabréfa, hlutabréfa, bankabréfa og annarra verðbréfa, innstæða hvers konar og annarra verðmæta í eigu peningamarkaðs- og skammtímasjóða,
   b. hvort um var að ræða bréf eða aðra fjármálagerninga frá tæknilega gjaldþrota fyrirtækjum, t.d. Stoðum,
   c. hvort kaup á eignum peningamarkaðs- og skammtímasjóðanna hafi verið tilkynnt til Fjármálaeftirlitsins og Kauphallarinnar,
   d. hvort rétt hafi verið staðið að slitum og uppgjöri sjóðanna og í samræmi við góða reikningsskilavenju,
   e. hversu hátt hlutfall var greitt úr hverjum sjóði og hverjar voru tíu hæstu greiðslur sem greiddar voru til einstaklings eða lögaðila,
   f. hverjar svonefndar viðskiptalegar forsendur nýju ríkisbankanna, hvers um sig, voru fyrir kaupum á eignum af peningamarkaðs- og skammtímasjóðum gömlu bankanna þriggja, svo sem skuldabréfum, hlutabréfum, bankabréfum og öðrum verðbréfum, innstæðum hvers konar og öðrum verðmætum? Óskað er eftir að sjálfstætt mat matsfyrirtækja um verðgildi eignanna og greinargerð þeirra til bankanna verði birt sem viðauki skýrslunnar,
   g. hvernig stendur á þeim mun sem var á útgreiðslu úr peningamarkaðs- og skammtímasjóðum viðskiptabankanna annars vegar og hins vegar úr peningamarkaðssjóði BYR sem var nær 96% hlutfalli innstæðna,
   h. hvort við kaup á skuldabréfum út úr þessum sjóðum og greiðslu á þeim hafi verið borgað raunvirði og hvort jafnvel sé eftir að borga hluta af þeim peningum síðar,
   i. að auki er óskað eftir að ársreikningar peningamarkaðs- og skammtímasjóða í rekstri bankanna og félaga þeirra, svo sem Glitnis sjóða hf. í rekstri Glitnis banka, Landsvaka hf. í rekstri Landsbankans, og Rekstrarfélag Kaupþings Banka hf. í rekstri

Kaupþings banka, fyrir síðustu fimm ár verði lagðir fram sem viðaukar við skýrsluna.

10. Tillögur til úrbóta.

Óskað er eftir því að skýrslubeiðnin sé prentuð með skýrslu ráðherra og jafnframt að skýrslan verði tekin til umræðu þegar hún hefur verið lögð fram á Alþingi.

Greinargerð.

Farið er fram á að viðskiptaráðherra afli allra upplýsinga um viðskipti ríkisbankanna, hvers fyrir sig, sem hafa varðað peningamarkaðs- og skammtímasjóði gömlu bankanna þriggja og endurfjármögnun þeirra síðan Fjármálaeftirlitið f.h. ríkissjóðs tók yfir rekstur þeirra í byrjun október sl. og geri grein fyrir þeim í skýrslu til Alþingis.

Um er að ræða alla peningamarkaðs- og skammtímasjóði Glitnis sjóða hf. í rekstri Glitnis banka, Landsvaka hf. í rekstri Landsbankans, og Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. í rekstri Kaupþings banka. Mikill fjöldi fólks lagði peninga inn á þessa reikninga í góðri trú. Svo virðist sem það hafi jafnvel verið sérstaklega hvatt til þess af bönkunum og jafnvel til að færa fé af öruggum reikningum yfir í sjóði sem áhætta var bundin við.

Komið hefur fram að miklir fjármunir voru teknir út úr peningamarkaðssjóðunum skömmu áður en bankarnir komust í þrot og voru þjóðnýttir. Það kann að benda til þess að einhverjir hafi haft vitneskju um var hvað í vændum og getað forðað sér en aðrir ekki.

Fjármálaeftirlitið f.h. ríkissjóðs þjóðnýtti og tók yfir rekstur gömlu bankanna þriggja, Glitnis, Landsbanka Íslands og Kaupþings, í byrjun október sl. Í kjölfar þess að Fjármálaeftirlitið beindi tilmælum til ríkisbankanna þriggja um upplausn sjóðanna og að samræmis skyldi gætt voru öll skuldabréf sem eftir voru í sjóðunum keypt af bönkunum áður en greitt var úr þeim. Áður höfðu gömlu bankarnir keypt bréf úr peningamarkaðssjóðum sínum. Talið er að bankarnir, þeir gömlu undir stjórn Fjármálaeftirlitsins og skilanefnda fyrir þess hönd, og nýju bankarnir undir stjórn Fjármálaeftirlitsins og bankastjórna fyrir þess hönd, hafi samtals varið allt að 200.000 millj. kr. í kaup á bréfum sjóðanna. Fyrir bréf sjóðanna var því greitt með ríkisfé, bæði þau sem gömlu og nýju bankarnir keyptu, enda bankarnir komnir í hendur ríkisins.

Erfitt hefur reynst að afla staðfestra upplýsinga um uppgjör sjóðanna, eignasamsetningu þeirra, verðmæti eigna á bak við þá og hreyfingar úr sjóðunum. Ríkisstjórnin, sérstaklega viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra, hafa jafnvel borið við bankaleynd.

Mikilvægir þjóðarhagsmunir standa til þess að fram komi hvernig aðdraganda og ákvörðun var háttað um ráðstöfun allt að 200.000 millj. kr. af ríkisfé í þessu máli. Skýrslubeiðendur telja að bankaleynd eigi ekki við þegar svo miklir hagsmunir eru í húfi auk þess sem ekki er óskað upplýsinga um málefni nafngreindra einstaklinga eða lögaðila. Bent er á að Fjármálaeftirlitið hefur heimildir til að krefjast flestra ef ekki allra þeirra gagna sem skýrslubeiðendur óska eftir, sbr. t.d. 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum. Skýrslubeiðendur telja skýrslu þessa afar mikilvæga svo Alþingi sé unnt að sinna eftirlitshlutverki sínu.

408. Nefndarálit [239. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2008.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Inngangur.

Meiri hluti fjárlaganefndar afgreiddi frumvarp til fjáraukalaga 2008 til 2. umræðu á Alþingi þremur sólarhringum eftir að frumvarpið var lagt fram á Alþingi 15. desember sl. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi eftir að meiri hlutinn lagði fram breytingartillögur við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2009 til 2. umræðu. Þingmenn sáu því ekki frumvarp til fjáraukalaga fyrr en í þann mund sem 2. umræða um fjárlög fyrir árið 2009 hófst. Minni hlutinn átelur þau vinnubrögð að fram fari meginumræða um fjárlög áður en fjallað er um frumvarp til fjáraukalaga á Alþingi. Minni hlutinn telur að þetta vinnulag sé tilkomið vegna þess að ríkisstjórnin hafi ekki tök á stöðu þjóðmála og efnahagsmálum í kjölfar þeirra efnahagslegu áfalla sem þjóðin hefur orðið fyrir.

Minni hlutinn bendir á að frumvarpið ber lítt merki um fall bankakerfisins í byrjun október sl. Því telur minni hlutinn að engin ástæða hafi verið til að draga framlagningu frumvarpsins fram í miðjan desember. Minni hlutinn gagnrýnir þessi vinnubrögð ríkisstjórnarinnar en þau eru til marks um það uppnám og skipulagsleysi sem einkennir fjárlagagerðina.

Minni hlutinn vekur athygli á því að fjárlaganefnd skortir ýmsar upplýsingar og forsendur er varða fjárhagsárið 2008, m.a. þær sem tengjast innkomu ríkisins í bankakerfið og falli þess.

Minni hlutinn óskar eftir að unnin verði ítarleg greinargerð um allt er varðar fall viðskiptabankanna þriggja, yfirtökur ríkisins á þeim, stofnun nýrra ríkisbanka, lánveitingar Seðlabanka Íslands því tengdu, heildarfjármögnun eins og hún liggur nú fyrir og skuldbindinga sem ríkissjóður þarf að taka á sig vegna málsins. Einnig óskar minni hlutinn eftir skýrslu um aðkomu og útgjöld Fjármálaeftirlitsins svo og Seðlabanka Íslands vegna þessara mála.

Tekjuáætlun.

Endurskoðuð tekjuáætlun 2008 var lögð fram í byrjun október sl. haust og birtist í ritinu Stefna og horfur, sem var fylgirit með frumvarpi til fjárlaga 2009. Tekjuáætlun í frumvarpi til fjáraukalaga er nokkuð breytt frá endurskoðaðri áætlun. Helstu frávik tekjuáætlunar í frumvarpi til fjáraukalaga miðað við fjárlög 2008, eru að tekjuskattar einstaklinga lækka um 5%, tekjuskattar lögaðila um 11,5%, skatttekjur samtals eru lækkaðar um alls 23,8% frá fjárlögum 2008. Aðrar tekjur hækka um 14,7%. Samtals lækka tekjur ríkissjóðs um 12,3% frá fjárlögum ársins. Hækkun á öðrum tekjum birtist helst í auknum vaxtatekjum og er meginástæðan sú að vaxtatekjur af bankareikningum ríkissjóðs hækka um 10,5 milljarða kr. frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlögum 2008. Hækkunin skýrist að langmestu leyti af sértækum aðgerðum ríkisstjórnarinnar síðastliðið vor til að styrkja innlenda fjármálamarkaði og gjaldeyrisvaraforðann. En aðgerðirnar fólu í sér að tekin voru lán sem ávöxtuð voru í sjóðum og veittum lánum til Seðlabanka Íslands. Minni hlutinn vekur athygli á því að þessar auknu vaxtatekjur eru í beinum tengslum við beinar lántökur og stóraukinn vaxtakostnað.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að vaxtagjöld ríkissjóðs aukist um 11 milljarða kr. en í fjárlögum ársins voru vaxtagjöld áætluð um 21,7 milljarðar kr. Samtals er því gert ráð fyrir að

vaxtagjöld ársins verði um 33 milljarðar kr. Þessi auknu vaxtagjöld eiga rætur að rekja til aðgerða í efnahagsmálum sem fela í sér aukna útgáfu ríkisbréfa og erlenda lántöku.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárheimild til launa og verðlagsmála verði hækkuð um 4,8 milljarða kr. til að mæta útgjöldum sem greidd eru í erlendum gjaldmiðlum. Kemur þetta til vegna þess að gengi íslensku krónunnar hefur lækkað mikið frá því sem gert er ráð fyrir í forsendum fjárlaga.

Vegna atburða sem urðu við fall bankanna er athyglisvert að bera tekjuáætlun í frumvarpi til fjáraukalaga saman við endurskoðaða tekjuáætlun frá því í byrjun október sl., fyrir fall bankanna. Helstu frávik eru þau að tekjuskattar einstaklinga hækka um 0,3% en engin breyting er á tekjusköttum lögaðila. Skatttekjur alls lækka hins vegar um 5,3%. Aðrar tekjur aukast um 3% en tekjur ríkissjóðs alls eru lækkaðar um 2,3% í tekjuáætlun frumvarps til fjáraukalaga miðað við endurskoðaða tekjuáætlun frá því í byrjun október.

Minni hlutinn telur að tekjur í frumvarpi til fjáraukalaga 2008 séu ofáætlaðar þar sem áhrifin af falli bankanna og almenns samdráttar í kjölfarið ættu að koma fram í minni tekjum en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Minni hlutinn gerir ráð fyrir því að fjármálaráðuneytið muni endurskoða tekjuáætlunina fyrir 3. umræðu.

Gjaldahlið.

Minnihlutinn lýsir áhyggjum af því að lagt sé af stað inn í erfiðleika næsta árs með uppsafnaðan mikinn halla hjá mörgum af helstu stofnunum ríkisins.

Minni hlutinn bendir sérstaklega á rekstrarstöðu einstakra stofnana á sviði heilbrigðismála. Fjölmargar heilbrigðisstofnanir glíma við uppsafnaðan rekstrarhalla og var hann áætlaður 4,4 milljarðar kr. samkvæmt upplýsingum heilbrigðisráðuneytisins. Í frumvarpi til fjáraukalaga er að hluta til tekið á uppsöfnuðum halla með sérstökum fjárheimildum en þriðjungur hallans almennt skilinn eftir óbættur. Samkvæmt breytingartillögum við frumvarp til fjárlaga fyri árið 2009, sem samþykktar hafa verið, eru fjárheimildir þessara stofnana auk þess almennt skornar niður um 3% frá upphaflegu frumvarpi. Minni hlutinn telur ótækt að þessar stofnanir hefji nýtt rekstrarár með algerlega óviðunandi rekstrarstöðu, sérstaklega í ljósi þeirrar þröngu stöðu sem fram undan er á næstu árum. Hún er í andstöðu við yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar um standa vörð um heilbrigðis- og velferðarþjónustuna. Minni hlutinn lýsir ekki síður yfir áhyggjum af rekstrarstöðu öldrunarstofnana. Samkvæmt upplýsingum minni hlutans er áætlaður uppsafnaður halli þeirra um 1 milljarður kr. Í frumvarpinu eru engin merki um að taka eigi á þessum vanda. Þessar stofnanir mæta sömuleiðis 3% niðurskurði á árinu 2009. Minni hlutinn fær ekki séð að öldrunarstofnunum sé tryggður eðlilegur rekstrargrundvöllur á næstu árum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 70 m.kr. fjárheimild til heimssýningarinnar EXPO 2010 í Kína. Minni hlutinn bendir á að engin fjárheimild var vegna þessa verkefnis í fjárlögum 2008. Fram kom í fjárlaganefnd í janúar sl., rúmum mánuði eftir að fjárlögin voru samþykkt, hafi ríkisstjórnin samþykkt að fara út í þetta verkefni. Minni hlutinn mótmælir þessum vinnubrögðum og lausatökum í fjármálum og bendir á að þetta gengur gegn ákvæðum laga um fjárreiður ríkisins. Minni hlutinn vekur athygli á hringlandahætti umhverfisráðuneytisins varðandi gestastofu á Látrabjargi og við Hornstrandir. Í fjárlögum 2008 og frumvarpi til fjáraukalaga er gert ráð fyrir fjárheimildum til að koma þessum gestastofum upp. Í breytingartillögum við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2009, sem samþykktar voru við 2. umræðu, voru þessar fjárheimildir skornar niður með það fyrir augum að loka þessum gestastofum. Ekki

verður annað sagt en lítið samræmi sé í þessum verkum milli fjárlaga og fjáraukalaga og skýr stefnumótun ekki fyrir hendi.

Ekki er gert ráð fyrir að tekið verði á rekstrarvanda Landbúnaðarháskóla Íslands. Fyrir liggur að stofnunin glímir við uppsafnaðan rekstrarhalla. Minni hlutinn leggur áherslu á að tillögur til lausnar á málinu komi fram fyrir 3. umræðu.

Minni hlutinn undrast þá stöðu sem upp er komin með nýja sjúkratryggingastofnun. Það blasir við að heilbrigðisráðuneyti og félags- og tryggingamálaráðuneyti ásamt forstjórum Tryggingastofnunar og sjúkratryggingastofnunar eiga í deilum um skiptingu fjárheimilda milli stofnananna vegna verkaskiptingar. Minni hlutinn bendir á þetta mál sem dæmi um stefnuleysi stjórnvalda í ríkisrekstrinum. Minni hlutinn telur að margt bendi til að þetta mál muni valda mun meiri útgjöldum fyrir ríkissjóð en þörf er á.

Minni hlutinn vekur athygli á að við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2008 vakti hann athygli á því hvert stefndi og er niðurstaðan í samræmi við þau varnaðarorð.

Minni hlutinn vekur athygli á því að verulega skortir á upplýsingar um áætlaða rekstrarniðurstöðu stofnana almennt og leggur áherslu á að þær upplýsingar liggi fyrir fyrir 3. umræðu fjárlaga.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 125 m.kr. fjárheimild til bóta vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að sérstök nefnd muni taka afstöðu til bótakrafna. Minni hlutinn gagnrýnir að forsendur fyrir bótagreiðslum hafi ekki komið fram og leggur áherslu á að staða málsins verði skýrð betur fyrir þriðju umræðu.

Niðurlag.

Í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem nú ríkja skortir verulega upplýsingar og forsendur til að leggja mat á hvað fram undan er. Miklar byrðar verða lagðar á almenning, mikil óvissa ríkir um stöðu mála og ráðaleysi innan ríkisstjórnarinnar birtist í því að hún gat ekki lagt fram neinar viðbótarupplýsingar eða tillögur fyrir 2. umræðu fjáraukalaga sem eykur enn á óvissuna. Í frumvarpinu er ekki leyst úr mikilvægum málum sem tengjast erfiðri rekstrarstöðu margra stofnana og mikið skortir á heildarsýn yfir rekstur ríkissjóðs í frumvarpinu, hvað þá til framtíðar. Minni hlutinn ítrekar að enn þá vantar ýmsa liði í frumvarpið sem tengjast falli bankanna. Minni hlutinn reiknar með að ýmsar tillögur komi fram fyrir 3. umræðu. Minni hlutinn áréttar kröfu um sérstaka skýrslu um fall fjármálakerfisins og stöðu íslenska ríkisins áður en fjárlög fyrir árið 2009 verða afgreidd. Minni hlutinn hefur mjög miklar áhyggjur af stöðu heimilanna, atvinnulífsins og íslenska ríkisins og áréttar að enn hefur ekki verið lögð fram stefnumörkun fyrir næstu ár sem vísar veginn út úr þeim ógöngum sem íslenskt samfélag er lent í.

Minni hlutinn styður þær tíu breytingartillögur sem fram koma í áliti meiri hluta fjárlaganefndar.

Alþingi, 18. des. 2008.

Guðjón A. Kristjánsson, frsm. Jón Bjarnason. Magnús Stefánsson.

409. Frumvarp til laga [254. mál]

um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38 26. maí 2001.

Flm.: Kolbrún Halldórsdóttir, Álfheiður Ingadóttir,
Árni Þór Sigurðsson, Katrín Jakobsdóttir.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. laga þessara og ákvæði lánasamninga verðtryggðra fasteignaveðlána til íbúðakaupa um að lánin skuli verðtryggð á grundvelli vísitölu neysluverðs skal hækkun vísitölunnar til verðtryggingar 1. janúar 2009 – 31. desember 2009 að hámarki vera í samræmi við þær forsendur sem fjárlagafrumvarp fyrir árið 2009 byggðist á þegar það var lagt fram 1. október 2008, þ.e. 5,7%.

Í framhaldi af gildistöku ákvæðis þessa skal ríkisstjórnin taka upp viðræður við þær lánastofnanir sem í hlut eiga um nánari útfærslu ákvæðisins, m.a. með hvaða hætti þeir aðilar sem ákvæðið tekur til mæti sameiginlega þeim áhrifum sem aðgerð þessi hefur í för með sér.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við þær sérstöku aðstæður sem nú eru uppi í samfélaginu, óðaverðbólgu og háa vexti, yrði sú ráðstöfun sem hér er lögð til, að frysta verðtrygginguna tímabundið, mikil kjarabót fyrir lántakendur. Áhrif verðtryggingar almennt eru þau að vöxtum er haldið lægri en ella væri vegna þess hve lítil áhætta lánveitandans er. Hér á landi hafa lánveitendur í gegnum tíðina getað tryggt lánsfjármagn með verðtryggingu og breytilegum vöxtum, stundum meira að segja hvorutveggja í senn. Verðtrygging lána tryggir þannig hagsmuni lánveitanda og ver hann fyrir öllum sveiflum í verðlagi en lántakandinn tekur hins vegar áhrifin öll á sínar herðar.

Samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38 26. maí 2001, er stuðst við vísitölu neysluverðs sem grundvöll verðtryggingarinnar og er hún reiknuð samkvæmt lögum um vísitölu neysluverðs, nr. 12/1995. Höfuðstóll láns breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli gjalddaga. Grunnvísitala skal vera vísitala sú sem í gildi er þegar lán er veitt, nema samningur eða eðli máls leiði til annars. Vísitala neysluverðs, sem áður hét framfærsluvísitala, hefur verið reiknuð frá 1914 í einni eða annarri mynd. Grunnur vísitölunnar er reistur á neyslurannsóknum og hefur svo verið frá 1939. Vísitalan mælir fyrst og fremst verðbólgu auk þess að vera notuð til verðtryggingar.

Ekki er talin æskileg leið við framkvæmd frystingar verðtryggingar að leggja af vísitöluna sjálfa þar sem hún og undirvísitölur hennar eru mikilvægar við peningastjórn Seðlabanka Íslands, auk þess sem verðtrygging er notuð við efnahagsspár, mat á kaupmætti o.fl. Sú leið sem lögð er til í frumvarpi þessu er að hækkun vísitölunnar til verðtryggingar verðtryggðra fasteignaveðlána til íbúðakaupa skuli ekki vera hærri en sem nemur 5,7% á ársgrundvelli, tímabilið 1. janúar 2009 –31. desember 2009, eða í samræmi við þær forsendur sem fjárlagafruvmvarp fyrir árið 2009 byggðst á þegar það var lagt fram 1. október sl.

Í verðbólguskotinu sem nú gengur yfir þurfa lántakendur að búa við þá staðreynd að höfðustóll lána þeirra hækkar stöðugt og er svo komið að margar fjölskyldur ráða ekki lengur við afborganir af lánum. Það er óviðunandi að áhrif ástandsins í efnahagslífinu komi svo illa niður á heimilum sem hafa tekið verðtryggð lán til íbúðakaupa sem raun ber vitni og að fjölskyldurnar í landinu þurfi svo að sitja uppi með verðbólguáhrifin á lánunum þar til síðasti gjalddagi hefur verið greiddur langt inni í framtíðinni. Mat flutningsmanna er því að nauðsynlegt sé að stjórnvöld grípi til róttækra en raunhæfra aðgerða í því skyni að styðja fjölskyldur í því að standa í skilum með afborganir af íbúðalánum sínum. Það verður best gert með því að koma böndum á verðtrygginguna og er aðferð sú sem mælt er fyrir um í frumvarpinu sú sama og ríkisstjórnin sjálf notaði til að frysta hækkanir á búvörusamningum við bændur, sbr. 2. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Í framhaldi af setningu laga þessara mundi ríkisstjórnin taka upp viðræður við þær lánastofnanir sem í hlut eiga um nánari útfærslu ákvæðisins. Þá yrði leitað leiða til þess að samningsaðilar, fjármálastofnanirnar í landinu og skuldendur íbúðalána, mæti sameiginlega þeim áhrifum sem aðgerð þessi hefur í för með sér. Í ljósi mögulegs taps lánveitenda er vakin athygli á því að það er eðlilegt í ljósi þess sérstaka ástands sem ríkir í þjóðfélaginu að jafna áhifin eins og mögulegt er þannig að lánveitendur taki einnig á sig hluta áhættunnar sem ellegar felli á lántaka.

Nauðsynlegt er að taka verðtryggingu lána í heild sinni til endurskoðunar, en þar til það hefur verið gert er mikilvægt að koma til móts við lántakendur verðtryggðra lána og ná fram þeirri breytingu sem hér er lögð til. Verði framangreindar hugmyndir um frystingu verðtryggingar á lánum að veruleika mun það auðvelda fjölmörgum skuldsettum heimilum að komast í gegnum efnahagsumrótið.

Í samningum um verðtryggð fasteignaveðlán er kveðið á um að þau taki mánaðarlegum breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs. Í frumvarpi þessu er ráðgert að skerða þessa vísitölutengingu með þeim hætti að verðtryggð fasteignaveðlán hjá lánastofnunum skuli á árinu 2009 ekki hækka meira en sem nemur forsendum þeim sem fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar byggðist á þegar það var lagt fram 1. október sl.

Er hér beitt sömu aðferð og gert er í nýlegu frumvarpi ríksistjórnarinnar um ráðstafanir í ríkisfjármálum að því er varðar skerðingu verðtryggingar á greiðslum til bænda samkvæmt búvörusamningum.

Skerðingin er almenns eðlis og bundin við takmarkaðan tíma. Hún er einn liður í viðamiklum ráðstöfunum sem ríkið er nauðugt að ráðast í vegna þeirra miklu efnahagsáfalla, sem yfir þjóðina hafa dunið, ef takast á að bjarga heimilum landsmanna frá fjöldagjaldþrotum. Verður því ekki talið að þessi breyting stríði gegn 72. gr. stjórnarskrárinnar jafnvel þótt gripið yrði inn í gildandi samninga heimilanna við lánastofnanir.

Í framhaldi af setningu laga þessara skal ríkisstjórnin taka upp viðræður við þær lánastofnanir sem í hlut eiga um nánari útfærslu ákvæðisins, m.a. um með hvaða hætti þeir aðilar sem það tekur til, þ.e. lánveitendur og skuldendur íbúðalána, mæti sameiginlega þeim áhrifum sem aðgerð þessi hefur í för með sér.

410. Nefndarálit [243. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Annar minni hluti vekur sérstaka athygli á því að með frumvarpi þessu er verið að skerða ýmsa grunnþjónustu, heimila nýjar gjaldtökur og sniðganga samninga. Fjallað var um málið á vettvangi efnahags- og skattanefndar auk þess sem fagnefndir Alþingis skiluðu umsögnum um þá hluta frumvarpsins sem að þeim snúa.

Í ljósi þeirrar umfjöllunar og umsagna sem fyrri liggja telur 2. minni hluti rétt að vekja athygli á að breytingar á lögum um sjúkratryggingar í X. kafla frumvarpsins muni ekki skila hagræði eða jafnræði í heilbrigðisþjónustu. Eins og frumvarpið er úr garði gert felur það í raun í sér opna heimild til ráðherra til þess að leggja á ný gjöld og hækka þau sem fyrir eru. Telja verður að með þessari nýju gjaldtöku sé stigið varasamt skref og að mögulegt sé að ná sömu markmiðum með hagræðingu og endurskipulagningu. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að auka kostnaðarhlutdeild sjúklinga um 360 millj. kr.

Einnig er bent á í sambandi við II. kafla frumvarpsins, um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, að mikilvægt sé að líta til hagsmuna bænda og sú ráðstöfun að ganga inn í gildandi búvörusamninga með þessum hætti sé til þess fallin að auka enn frekar vanda íslensks landbúnaðar sem var þó nægur fyrir. Auk þess er vakin athygli á þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið um lögfræðilega vankanta sem á ráðstöfuninni kunna að vera og lúta að því að hér sé í raun um klárt samningsrof að ræða og eðli samninganna sé þannig að ákvæðum þeirra verði ekki breytt nema báðir aðilar séu því samþykkir. Íslenskir bændur hafa ekki verið taldir hálaunastétt hingað til, heldur er hér um skulduga atvinnugrein að ræða sem þolir á engan hátt 800 millj. kr. skerðingu á gerðum samningum við ríkisvaldið. Ljóst er að þessi aðgerð mun vafalaust leiða til hærra matvælaverðs sem mun síðar leiða til hærri verðbólgu.

Með breytingum á lögum um málefni aldraða, sbr. IV. kafla frumvarpsins, og breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof verður veruleg skerðing lögð á herðar eldri borgurum, öryrkja og nýbakaðra foreldra. Ekki liggja fyrir í frumvarpi þessu fullnægjandi forsendur varðandi útreikninga sem liggja að baki sparnaðartillögunum til að hægt sé að leggja mat á þær. Með þessum tillögum er verið að sækja 3,9 milljarða kr. í vasa eldri borgara og öryrkja og nýbakaðir foreldrar verða af um 400 millj. kr. vegna lækkunar heildargreiðslna í fæðingarorlofi. Þær reglur sem hér eru lagðar til eru ein alvarlegasta atlaga sem gerð hefur verið að lífeyrissjóðakerfinu og gæti gengið af því dauðu. Nær ekkert samráð hefur verið haft við samtök eldri borgara, öryrkja og Alþýðusambands Íslands sem öll hafa lagst eindregið gegn þessum gjörðum ríkisstjórnarinnar. Verið er að skerða kjör þeirra sem síst skyldi með þessum aðgerðum.

Loks bendir 2. minni hluti á að breyting á lögum um sóknargjöld samkvæmt I. kafla frumvarpsins mun að öllum líkindum leiða til skertrar þjónustu sóknanna, með uppsögnum starfsmanna, frestun á viðhaldi og stöðvun nýframkvæmda. Þetta gerist samhliða því að þjónustuþörfin eykst vegna hruns bankakerfisins og áfalla sem því tengjast. Þá bendir 2. minni hluti á að frumvarpið mun leiða af sér enn meiri skerðingu til Háskóla Íslands og ekki var þar á bætandi. Ljóst er að niðurskurðaraðgerðir ríkisstjórnarflokkanna í þessu frumvarpi bitna helst

á þeim sem síst skyldi og eru í algjörri mótsögn við yfirlýsingar og væntingar sem ríkisstjórnin hefur vakið frá því að hún tók til starfa.

Í ljósi þessa telur 2. minni hluti þær breytingartillögur sem fram koma í frumvarpinu óásættanlegar og leggst gegn þeim.

Alþingi, 19. des. 2008.

Birkir J. Jónsson.

411. Frumvarp til laga [255. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir,
Árni Þór Sigurðsson, Jón Bjarnason, Katrín Jakobsdóttir,
Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Við 1. tölul. A-liðar 7. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Hafi maður 10 millj. kr. eða meira í árlegar fjármagnstekjur en enga eða óverulega launaða vinnu með höndum skal hann reikna sér endurgjald sem um hálft starf væri að ræða við fjármálaumsýslu fyrir óskyldan eða ótengdan aðila. Koma laun fyrir aðra vinnu ef einhver eru þeirri upphæð til frádráttar. Hafi maður 20 millj. kr. eða meira í árlegar fjármagnstekjur skal hið reiknaða endurgjald með sama hætti miðast við fullt starf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2009 vegna tekna á árinu 2008.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er uppfærð og endurbætt útgáfa af frumvarpi sem fyrsti flutningsmaður lagði fram á 133. löggjafarþingi árið 2007. Ef eitthvað er hefur umræða enn aukist um mikilvægi þess og þá sanngjörnu kröfu að þeir sem hafa miklar fjármagnstekjur en telja fram engin eða óveruleg laun leggi sitt af mörkum til samfélagsins og taki eðlilegan þátt í að greiða fyrir þá þjónustu, t.d. á vegum sveitarfélags, sem þeir þiggja eins og aðrir.

Samkvæmt skattframtali vegna tekna ársins 2007 höfðu 120 einstaklingar og 264 hjón sem telja fram saman yfir 10 millj. kr. í fjármagnstekjur á ári en engar eða óverulegar launatekjur (undir 1 millj. kr. fyrir einstaklinga, undir 2 millj. kr. fyrir hjón sem telja saman fram). Samtals er því um að ræða 384 framteljendur sem lagabreyting þessi næði til að öllu óbreyttu. Af þeim höfðu 213 framteljendur milli 10–20 millj. kr. í árlegar fjármagnstekjur en 171 yfir 20 millj. kr. Ef reiknað er með að um 150 einstaklingar með litlar eða engar launatekjur mundu í kjölfar lögleiðingar frumvarpsins verða að reikna sér endurgjald eins og um hálft starf væri að ræða og 50 eins og um fullt starf væri að ræða má áætla gróflega að tekjuauki ríkissjóðs gæti orðið um 100–150 millj. kr. á ársgrundvelli.

Að öðru leyti vísast í þá greinargerð sem fylgdi frumvarpinu þegar það var fyrst flutt og fer hér á eftir:

„Að undanförnu hafa komið fram upplýsingar um að þeim fjölgi nú ört sem engar launatekjur telja fram til skatts en hafa hins vegar umtalsverðar fjármagnstekjur og lifa af þeim. Sérstaka athygli vekur að fleiri hundruð einstaklingar, og ört stækkandi hópur, hafa nú orðið mjög umtalsverðar fjármagnstekjur, svo nemur a.m.k. fleiri tugum eða hundruðum milljóna, án þess að telja fram neinar tekjur vegna launaðrar vinnu. Þetta leiðir til þess að viðkomandi borgar ekki gjald í Framkvæmdasjóð aldraða, greiðir ekki útsvar til síns sveitarfélags og mun ekki borga nefskatt til Ríkisútvarpsins, sbr. nýsamþykkt lög um Ríkisútvarpið ohf., komi álagning hans til framkvæmda 2009 eins og lög gera nú ráð fyrir. Telja verður eðlilegt að þeir sem þannig háttar til um séu meðhöndlaðir sem séu þeir sjálfstætt starfandi við fjármálaumsýslu, þ.e. í vinnu fyrir sjálfa sig við að ávaxta eigið fé. Þeim verði því gert að reikna sér endurgjald eins og öðrum sjálfstætt starfandi aðilum og þeim sem vinna við eigin atvinnurekstur eins og kveðið er á um í 1. gr.“

412. Frumvarp til laga [210. mál]

um breytingu á lögum nr. 47/2006, um kjararáð.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. bætist: og launagreiðendum þeirra sem heyra undir kjararáð.
b. Í stað orðanna „störfum þeirra“ í 2. málsl. kemur: störfunum.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 8. og 10. gr. skal kjararáð fyrir árslok 2008 kveða upp nýjan úrskurð er feli í sér 5–15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gildi frá 1. janúar 2009. Til ársloka 2009 skal ráðinu óheimilt að endurskoða úrskurð þennan til hækkunar. Jafnframt skal kjararáð endurskoða kjör annarra er undir það heyra, til samræmis. Ákvæði þetta gildir ekki um forseta Íslands.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

413. Frumvarp til laga [186. mál]

um breytingu á lögum um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Hlutverk tilraunadýranefndar er að taka til afgreiðslu umsóknir um leyfi til dýratilrauna, leyfi til að halda og annast tilraunadýr og leyfi til að rækta tilraunadýr, svo og að sinna sértæku eftirliti með aðbúnaði og meðferð tilraunadýra. Heimilt er tilraunadýranefnd að binda leyfi þeim skilyrðum sem nauðsynleg má telja til að tryggja velferð tilraunadýra. Ef háttsemi leyfishafa brýtur gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim er tilraunadýranefnd heimilt að afturkalla leyfi. Tilraunadýranefnd er heimilt að innheimta gjald fyrir útgáfu leyfis svo og sérstakt eftirlit með aðbúnaði og meðferð tilraunadýra. Gjald þetta skal greiðast af hlutaðeigandi leyfishafa og/eða þeim sem eftirlitið beinist að og má ekki vera hærra en nemur eðlilegum kostnaði við eftirlit eða útgáfu leyfis.
b. Við 5. mgr., er verður 6. mgr., bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Kröfur um menntun og þjálfun þeirra sem nota dýr í tilraunaskyni skulu taka mið af menntun í vísindagrein sem tekur til þeirrar tilraunastarfsemi er um ræðir. Þá skal einnig gera kröfu um að námskeiði í meðferð tilraunadýra hafi verið lokið.
c. 6. mgr., er verður 7. mgr., orðast svo:
   Umhverfisráðherra setur í samráði við tilraunadýranefnd reglugerð þar sem meðal annars er kveðið nánar á um hlutverk og störf tilraunadýranefndar, menntun og þjálfun þeirra sem nota eða halda dýr í tilraunaskyni, meðferð tilraunadýra og eftirlit með dýratilraunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

414. Nefndarálit [247. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 97/1987, um vörugjald.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilað verði að framlengja tímabundið undanþágur frá vörugjöldum og virðisaukaskatti sem gilda um tiltekin vistvæn ökutæki.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ögmundur Jónasson og Birkir J. Jónsson gera fyrirvara við álit þetta.

Gunnar Svavarsson, Lúðvík Bergvinsson og Katrín Jakobsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. des. 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.
Bjarni Benediktsson.	Birkir J. Jónsson, með fyrirvara.	Jón Gunnarsson.

415. Nefndarálit [248. mál]

um frv. til l. um heimild til fjárhagslegrar fyrirgreiðslu úr ríkissjóði í tengslum við málshöfðun fyrir erlendum dómstólum vegna íþyngjandi stjórnvaldsákvarðana erlendra stjórnvalda á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundi sínum. Nefndin telur að það geti varðað miklum almannahagsmunum að úr því verði skorið með málsókn á hendur breskum yfirvöldum hvort aðgerðir breskra stjórnvalda gegn íslenskum lögaðilum á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008 hafi brotið gegn lögum. Fyrir liggur að frestur til málsóknar rennur út í byrjun næsta árs.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Ellert B. Schram var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. des. 2008.

Birgir Ármannsson, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Atli Gíslason.
Sigurður Kári Kristjánsson.	Siv Friðleifsdóttir.	Ólöf Nordal.
Karl V. Matthíasson.		Jón Magnússon.

416. Frumvarp til laga [256. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir,
Árni Þór Sigurðsson, Jón Bjarnason, Katrín Jakobsdóttir,
Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á tekjuskattsstofn manna vegna tekna frá 1. mars skal frá þeim degi leggja þrepaskipt álag á hærri tekjur eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 6.000.000 kr. eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 12.000.000 kr. skal reikna sérstakan tekjuskatt. Sérstakur tekjuskattur vegna tekna áranna 2009 til og með 2010 skal vera 3%. Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 6.000.000 kr. reiknast þeim sinn hlutinn hvoru hins sérstaka tekjuskatts. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna lægri en 6.000.000 kr. reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 8.400.000 kr. eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 16.800.000 kr. skal reikna sérstakan tekjuskatt. Sérstakur tekjuskattur vegna tekna áranna 2009 til og með 2010 skal vera 8%. Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 8.400.000 kr. reiknast þeim sinn hlutinn hvoru hins sérstaka tekjuskatts. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna lægri en 8.400.000 kr. reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda, þó ekki fyrr en 1. mars 2009.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun staðgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 4. mgr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra sem úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar. Ákvörðun skattstjóra er kæranleg til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra. Ríkisskattstjóri skal kveða upp úrskurð sinn innan 15 daga frá því að kæra barst honum og skal úrskurður hans vera endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema hann geti sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli mánaða þannig að álagning hins sérstaka tekjuskatts eigi ekki við. Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um þetta atriði.

Um sérstakan tekjuskatt samkvæmt ákvæði þessu skulu ákvæði VIII.–XIII. kafla laganna gilda eftir því sem við á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við þær aðstæður sem nú eru uppi í íslensku samfélagi er það augljóst sanngirnismál að þeir sem meira hafa milli handanna leggi mest af mörkum til samneyslunnar og endurreisnar íslensks samfélags. Enginn vafi er á því að hinir tekjuhæstu hafa færi á því að taka á sig hóflegt skattaálag á laun ofan við tiltekin viðmiðunarmörk án verulegrar lífskjaraskerðingar, en þeir tekjulægri hafa til þess minni eða enga möguleika. Hér eru lagðar til breytingar á

skattkerfi þjóðarinnar sem miða að því að auka tekjur ríkissjóðs til þess að létta undir með þeim tekjulægstu, þ.e. þeim sem núverandi efnahagsþrengingar bitna mest á.

Frumvarpið sem hér er lagt fram er öðrum þræði leiðrétting á þeim mistökum sem gerð voru þegar hátekjuskatturinn svokallaði var lækkaður í áföngum og loks afnuminn árið 2006. Enginn vafi leikur á að þær skattalækkanir sem afnám hátekjuskattsins var hluti af eiga sinn þátt í ofþenslu sem að lokum leiddi ásamt með fleiru til þeirra efnahagsþrenginga sem við stöndum nú frammi fyrir. Við það bætist óréttlætið sem fólst í því að lækka skatta kerfisbundið á þá sem höfðu hæstu tekjurnar á tímum þar sem sannkölluð ofurlaun héldu einmitt innreið sína en láta skattleysismörkin fara lækkandi að raungildi á sama tíma. Hér er lagt til að snúið verði af þeirri braut og mörkuð heilbrigðari og mannúðlegri skattastefna sem byggist á sanngjarnari dreifingu byrðanna í íslensku samfélagi.

Lög þessi öðlast þegar gildi en framkvæmd þeirra hefst 1. mars svo að launagreiðendum gefist tækifæri til að aðlaga launakerfi að hinu nýja fyrirkomulagi.

Tekjur ríkissjóðs af frumvarpinu má gróflega áætla með því að miða við þá upphæð sem slíkur skattur hefði gefið í septembermánuði sl. samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra. Eins og sjá má á töflunni í fylgiskjali I eru heildartekjur af álaginu 3.439 millj. kr ef miðað er við 4% lækkun launa frá því í september sl. Gera verður ráð fyrir að þónokkur fækkun verði í þeim hópi sem á næsta ári verður með laun ofan þeirra marka sem álagið leggst á miðað við það sem var í septembermánuði sl. Einnig að um nokkra viðbótarraunlækkun launa verði að ræða og er því gert ráð fyrir að skatttekjur verði 10% lægri á næsta ári en þær hefðu orðið miðað við útreikningana í september sl. Þar sem veittur er aðlögunar- og undirbúningstími til 1. mars nk. koma inn tekjur vegna tíu mánaða á næsta ári. Er gert ráð fyrir af þeim sökum að tekjuauki ríkissjóðs með þessari breytingu verði nálægt 2.600 millj. kr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

1. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði skal lagt þrepaskipt álag á hærri tekjur. Í lægra þrepi verði lagður 3% skattur á tekjur manna umfram ákveðin mörk, en í hinu hærra 5% skattur til viðbótar eða samtals 8% skattur á tekjur manna umfram ákveðin mörk.

Þegar um er að ræða hjón sem bæði hafa tekjur sem lenda í sérstökum skatti er gert ráð fyrir að skattinum verði skipt hlutfallslega í samræmi við tekjur þeirra umfram þau mörk sem ákveðin eru í ákvæðinu.

2. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Tekið úr staðgreiðslusundurliðunum vegna september 2008.
(Laun voru lækkuð um 4% áður en stofn var fundinn.)

				Ógiftir	Fjöldi einstaklinga	
	Stofn í september	Viðbótarskattur í september		Skattur á ári	141.091	undir mörkum
3%	600.667.451	18.020.024	12	216.240.282	7.700	lægri
8%	1.417.191.507	113.375.321	12	1.378.920.656	3.992	hærri
				1.595.160.938	11.692	samt

				Hjón	Fjöldi einstaklinga	
	Stofn í september	Viðbótarskattur í september		Skattur á ári	46.398	undir mörkum
3%	781.792.956	23.453.789	12	281.445.464	4.850	lægri
8%	1.627.709.188	130.216.735	12	1.562.600.820	2.404	hærri
				1.844.046.284	7.254	samt

				Hjón og ógiftir	Fjöldi einstaklinga	
	Stofn í september	Viðbótarskattur í september		Skattur á ári	233.887	undir mörkum
3%	1.382.460.407	41.473.812	24	497.685.747	17.400	lægri
8%	3.044.900.695	243.592.056	24	2.941.521.476	8.200	hærri
				3.439.207.222	259.487	samt

Fylgiskjal II.

Reiknuð tekjuskattsprósenta á launatímabil miðað við ákvæði frumvarpsins.

hjón

laun 1	laun2	samt	skatt%	skattur	pa	skattur - pa	skattur 5%	skattur 3%	samt.skattur	ný skatt %
700.000	700.000	1.400.000	0,3722	521.080	84.000	437.080	20.000	0	457.080	0,3865
800.000	800.000	1.600.000	0,3722	595.520	84.000	511.520	30.000	6.000	547.520	0,3947
900.000	900.000	1.800.000	0,3722	669.960	84.000	585.960	40.000	12.000	637.960	0,4011
1.000.000	1.000.000	2.000.000	0,3722	744.400	84.000	660.400	50.000	18.000	728.400	0,4062
1.100.000	1.100.000	2.200.000	0,3722	818.840	84.000	734.840	60.000	24.000	818.840	0,4104
1.200.000	1.200.000	2.400.000	0,3722	893.280	84.000	809.280	70.000	30.000	909.280	0,4139
1.300.000	1.300.000	2.600.000	0,3722	967.720	84.000	883.720	80.000	36.000	999.720	0,4168
1.400.000	1.400.000	2.800.000	0,3722	1.042.160	84.000	958.160	90.000	42.000	1.090.160	0,4193
1.500.000	1.500.000	3.000.000	0,3722	1.116.600	84.000	1.032.600	100.000	48.000	1.180.600	0,4215
1.600.000	1.600.000	3.200.000	0,3722	1.191.040	84.000	1.107.040	110.000	54.000	1.271.040	0,4235
1.700.000	1.700.000	3.400.000	0,3722	1.265.480	84.000	1.181.480	120.000	60.000	1.361.480	0,4251
1.800.000	1.800.000	3.600.000	0,3722	1.339.920	84.000	1.255.920	130.000	66.000	1.451.920	0,4266
1.900.000	1.900.000	3.800.000	0,3722	1.414.360	84.000	1.330.360	140.000	72.000	1.542.360	0,4280
2.000.000	2.000.000	4.000.000	0,3722	1.488.800	84.000	1.404.800	150.000	78.000	1.632.800	0,4292

einhl

laun 1	laun2	samt	skatt%	skattur	pa	skattur - pa	skattur 5%	skattur 3%	samt.skattur	ný skatt %
700.000	700.000	700.000	0,3722	260.540	42.000	218.540	10.000	0	228.540	0,3865
800.000	800.000	800.000	0,3722	297.760	42.000	255.760	15.000	3.000	273.760	0,3947
900.000	900.000	900.000	0,3722	334.980	42.000	292.980	20.000	6.000	318.980	0,4011
1.000.000	1.000.000	1.000.000	0,3722	372.200	42.000	330.200	25.000	9.000	364.200	0,4062
1.100.000	1.100.000	1.100.000	0,3722	409.420	42.000	367.420	30.000	12.000	409.420	0,4104
1.200.000	1.200.000	1.200.000	0,3722	446.640	42.000	404.640	35.000	15.000	454.640	0,4139
1.300.000	1.300.000	1.300.000	0,3722	483.860	42.000	441.860	40.000	18.000	499.860	0,4168
1.400.000	1.400.000	1.400.000	0,3722	521.080	42.000	479.080	45.000	21.000	545.080	0,4193
1.500.000	1.500.000	1.500.000	0,3722	558.300	42.000	516.300	50.000	24.000	590.300	0,4215
1.600.000	1.600.000	1.600.000	0,3722	595.520	42.000	553.520	55.000	27.000	635.520	0,4235
1.700.000	1.700.000	1.700.000	0,3722	632.740	42.000	590.740	60.000	30.000	680.740	0,4251
1.800.000	1.800.000	1.800.000	0,3722	669.960	42.000	627.960	65.000	33.000	725.960	0,4266
1.900.000	1.900.000	1.900.000	0,3722	707.180	42.000	665.180	70.000	36.000	771.180	0,4280
2.000.000	2.000.000	2.000.000	0,3722	744.400	42.000	702.400	75.000	39.000	816.400	0,4292

417. Frumvarp til laga [257. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir,
Árni Þór Sigurðsson, Jón Bjarnason, Katrín Jakobsdóttir,
Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Í stað orðanna „10% af þeim tekjum“ í 3. mgr. 66. gr. laganna kemur: 14% af þeim tekjum sem eru umfram 120.000 kr. á ári.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „10% af þessum tekjum“ í 3. mgr. kemur: 14% af þessum tekjum.
b. 2. málsl. 4. mgr. orðast svo: Skal hann vera 14% af þeim tekjum.
c. Í stað orðanna „10% tekjuskatti af slíkum vöxtum að tekjuári loknu“ í 4. málsl. 4. mgr. kemur: 14% tekjuskatti af slíkum vöxtum að tekjuári loknu.
d. Í stað orðanna „10% tekjuskatti af slíkum tekjum að tekjuári loknu“ í 5. málsl. 4. mgr. kemur: 14% tekjuskatti af slíkum tekjum að tekjuári loknu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009 og koma til framkvæmda þá þegar vegna tekna á árinu 2009.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 131. löggjafarþingi (7. mál), aftur á 132. löggjafarþingi (31. mál) og enn á 133. löggjafarþingi (66. mál), en var í ekkert skiptið afgreitt. Málið er nú flutt að nýju efnislega óbreytt að öðru leyti en því að í þessum áfanga er aðeins lagt til að hækka hið almenna skatthlutfall í 14.

Í frumvarpinu er lagt til að hlutfall fjármagnstekjuskatts hækki úr 10% í 14% en jafnframt verði sett skattleysismörk við 120 þús. kr. fjármagnstekjur einstaklinga á ári. Erfitt er að áætla við núverandi óvissuaðstæður hver nákvæm tekjuáhrif af slíkri breytingu verða en líklegt má telja að tekjuauki geti orðið a.m.k. á bilinu 2,5–3 milljarðar kr., um leið og stærstur hluti almennra sparifjáreigenda með óverulegar fjármagnstekjur verður skattfrjáls vegna frítekjumarksins. Til glöggvunar fylgir hér með greinargerð sú er fylgdi frumvarpinu þegar það var síðast flutt, en þar er einnig að finna upplýsingar um hvernig fyrirkomulag tekju- og fjármagnstekjuskatts er eða var á þeim tíma í nokkrum nálægum löndum. Eldri greinargerð frumvarpsins frá 133. löggjafarþingi var svohljóðandi:

„Tekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti námu 14.612 millj. kr. á rekstrargrunni árið 2005 samkvæmt upplýsingum í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007. Miðað við forsendur þessa frumvarps má ætla að tekjur af fjármagnsskatti hefðu orðið rúmar 24.000 millj. kr., eða sem svarar aukningu upp á 9.500 millj. kr. Í fjárlögum fyrir árið 2006 var gert ráð fyrir að tekjur af fjármagnstekjuskatti yrðu 12.300 millj. kr. en í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2007 er áætlað að fjármagnstekjur árið 2006 verði mun hærri, eða um 17.900 millj. kr. Í frumvarpi

til fjárlaga fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir 19.000 millj. kr. fjármagnstekjuskatti á rekstrargrunni.

Lagt er til að sett verði skattleysismörk við 120 þús. kr. fjármagnstekjur á ári hjá einstaklingum. Gera má ráð fyrir að við það verði rúm 90% einstaklinga og ríflega 70% hjóna sem nú greiða fjármagnstekjuskatt undanþegin skattinum. Þótt hlutfallið sé hátt er hér fyrst og fremst um að ræða smásparnað almennings sem hefur yfirleitt sínar tekjur af launavinnu.

Á undanförnum árum hefur fjölgað þeim einstaklingum hér á landi sem afla töluverðs hluta heildartekna sinna með tekjum af fjármagni sem þeir greiða aðeins 10% skatt af. Um leið breikkar bilið milli þeirra tekjuhæstu og tekjulægstu. Ætla má að fjármagnstekjur séu meira en helmingur af tekjum þeirra 5% framteljenda sem hæstar tekjur hafa í þjóðfélaginu.

Þessir aðilar greiða lægra hlutfall af tekjum sínum til samfélagsins en launafólk gerir. Vinnandi fólk greiðir af launum sínum um 36,72% að samanlögðum tekjuskatti og útsvari. Tekjur þeirra auðugustu í landinu, þ.e. þeirra sem eiga fjármagnið og þeirra sem þiggja hluta tekna sinna af hlutabréfakaupum eða kaupréttarsamningum, eru aftur á móti mestmegnis fjármagnstekjur. Af þeim greiða þeir, eins og fyrr segir, aðeins 10% skatt.

Flutningsmenn vilja að brugðist verði við breyttu tekjumynstri í þjóðfélaginu og því órétttlæti sem stafar af misræmi í skattlagningu fjármagnstekna og launa. Þá mun sú lagabreyting sem hér er lögð til afla ríkissjóði aukinna tekna til að standa straum af nauðsynlegri velferðarþjónustu.

Fróðlegt er að líta til skattheimtu af launum og fjármagnstekjum í nokkrum löndum Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku til samanburðar við lög hér á landi og þá breytingu sem flutningsmenn leggja til.

Í Bandaríkjunum er notað stighækkandi skatthlutfall sem ræðst af tekjum og félagslegri stöðu fólks, allt frá 10% og upp í 35%. Fastur frádráttur er 5.150 bandaríkjadalir fyrir einstakling.

Hægt er að draga frá persónuafslátt að upphæð 3.300 dalir ef tekjur liggja á ákveðnu bili, fyrir einstaklinga er bilið 150.500–273.000 dalir. Ef tekið er dæmi af einhleypum einstaklingi líta skattþrepin svona út:

< 7.550	USD	10%
7.551–30.650	USD	15%
30.651–74.200	USD	25%
74.201–154.800	USD	28%
154.801–336.550	USD	33%
> 336.550	USD	35%

Við þetta bætast ýmsir svæðisbundnir skattar þar sem skattstofninn er svipaður en persónuafsláttur og frádráttur eru mismunandi eftir einstökum ríkjum. Skatthlutfallið er oftast stighækkandi frá 3% upp í 25%. Fjármagnstekjur aðrar en söluhagnaður eru skattlagðar á sama hátt og aðrar tekjur. Skatthlutfall er að hámarki 15% af söluhagnaði langtímaeignar, þ.e. eignar sem viðkomandi hefur átt lengur en í 12 mánuði. Ef tekjur einstaklinga eru skattlagðar miðað við 15% skatthlutfall eru fjármagnstekjurnar skattlagðar að hámarki með 5% skatthlutfalli. Á árunum 2008–2010 verður arður og söluhagnaður ekki skattlagður hjá þessum hópi. Árið 2011 verður skattlagning færð aftur í fyrra horf, þ.e. arður skattlagður með öðrum tekjum, söluhagnaður af langtímaeignum skattlagður með 20% skatti en aðeins 10% fyrir einstaklinga sem skattlagðir eru í neðstu tveimur skattþrepunum.

Í Bretlandi eru þrjú skattþrep í almennum tekjuskatti: 10% á tekjur upp að 2.090 pundum, 22% á tekjur á bilinu 2.091–32.400 pund og 40% á tekjur umfram 32.400 pund. Um fjármagnstekjuskatt gildir að skattprósenta á söluhagnað ræðst af tekjuskattsstofni hvers einstaklings, nema ef fjármagnstekjur eru í milliflokknum en þá bera þær aðeins 20% skatt. Fjármagnstekjur eru skattlagðar eftir því hversu lengi eignin hefur verið í eigu einstaklings og lækka skattskyldu fjármagnstekjurnar eftir því sem eignin hefur verið lengur í eigu hans. Fjármagnstekjur af sparifé bera 20% skatt í lægri flokkunum tveimur en 40% í hæsta flokknum. Arðgreiðslur bera 10–32,5% skatt þegar búið er að nýta sérstakan skattafrádrátt.

Í Danmörku leggur ríkið skatt á tekjur sem hér segir:

< 265.500	DKK	5,48%
265.501–318.700	DKK	6%
> 318.700	DKK	15%

Að meðaltali er sá skattur sem greiddur er til sýslna og sveitarfélaga 33,3%. Fjármagnstekjur eru skattlagðar með öðrum tekjum. Innheimtur er 28% skattur af arðgreiðslum upp að 44.300 dönskum kr. en 43% af hærri upphæðum.

Í Finnlandi leggur ríkið á tekjuskatt í eftirfarandi þrepum:

< 12.200	EUR	0%
12.2001–17.000	EUR	9,0%
17.001–20.000	EUR	14,0%
20.001–32.800	EUR	19,50%
32.801–58.200	EUR	25,0%
> 58.200	EUR	32,5%

Til sveitarfélaga er greiddur skattur á bilinu 16–21%. Fjármagnstekjur eru skattlagðar með flötum 28% skatti.

Reglugerðin fjallar almennt um öll matvæli og er beint að matvælafyrirtækjum og stjórnendum þeirra sem bera frumábyrgð á að tryggja að allar kröfur séu uppfylltar til að tryggja matvælaöryggi í allri matvælakeðjunni frá hafi og haga til maga. Fyrirtæki sem framleiða matvæli úr dýraafurðum verða jafnframt að fara eftir reglugerð (EB) nr. 853/2004.

Hlutverk lögbærs eftirlitsaðila er að sannreyna að fyrirtækið uppfylli kröfur reglugerðarinnar og skal eftirlitsaðili gera það samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 882/2004 og þegar um dýraafurðir er að ræða jafnframt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 854/2004 sem fjallað er

um hér síðar. Skýrt er tekið fram að innflutt matvæli verða að uppfylla kröfur samkvæmt reglugerð (EB) nr. 178/2002 og öðrum EB-gerðum vegna matvæla. Hér er átt við matvæli frá þriðju ríkjum, þ.e. ríkjum utan EES.

Gildissvið reglugerðarinnar er frá hafi og haga til maga nema á eftirfarandi sviðum þar sem ætlast er til að ríkin setji sér eigin reglur:

- Frumframleiðslu til eigin nota svo sem fiskur, villibráð, heimaslátrun, berjatínsla og grænmeti.
- Unnum afurðum úr frumframleiðslu til eigin nota.
- Sölu framleiðanda á litlu magni af eigin framleiðslu beint til neytenda eða í litlar verslanir á heimasvæði sem selja beint til neytenda.

Reglugerð nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu.

Reglugerðin fjallar um heilbrigðisákvarðanir fyrir fyrirtæki sem framleiða matvæli af dýrauppruna; kjöt, fisk, mjólk og egg. Helsta markmið reglugerðarinnar er að setja ítarlegri reglur fyrir matvæli af dýrauppruna og er hún til fyllingar reglugerð (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti í matvælaiðnaði. Verið er að samþætta og einfalda reglur um framleiðslu matvæla sem nú er að finna í mörgum mismunandi gerðum.

Reglugerð nr. 854/2004 um sérstakar reglur um opinbert eftirlit með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis.

Reglugerðin snýr að yfirvöldum sem hafa eftirlit með framleiðendum matvæla af dýrauppruna. Eftirlit yfirvalda skal ná til allra mikilvægra þátta sem varða heilbrigði fólks og þar sem við á heilbrigði dýra og dýravelferð. Yfirvöld skulu framkvæma sérstakar skoðanir til að tryggja þessa þætti. Reglugerðin er til fyllingar reglugerð (EB) nr. 882/2004 sem fjallað er um hér á eftir.

Reglugerð nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að tryggja sannprófun þess að lög um fóður og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virtar.

Helsta gildissvið er opinbert eftirlit í ESB-löndum með fóðri, dýraheilbrigði og dýravelferð og sambærilegt eftirlit við innflutning til ESB frá þriðju ríkjum. Skoða verður ákvæði þessarar gerðar með hliðsjón af ákvæðum matvælareglugerðar (EB) nr. 178/2002, heilbrigðisreglugerða nr. 852/2004, 853/2004, 854/2004 og reglugerðar (EB) nr. 183/2005 um fóðurheilbrigði.

V. Aukaafurðir úr matvælum – ákvarðanir nr. 135/2007 og 136/2007.

Ákvörðun nr. 135/2007 innleiðir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 auk afleiddra gerða. Reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (Animal by-products) er víðtæk og fjallar um reglur til verndar heilbrigði dýra og manna. Í reglugerðinni er að finna ákvæði um söfnun, flutning, meðhöndlun, markaðssetningu, vinnslu og notkun eða förgun á úrgangi frá dýrum sem ekki er ætlaður til manneldis (aukaafurðir). Jafnframt gilda reglurnar um úrgang sem fellur til við alþjóðlega flutningastarfsemi, sem og almennan eldhúsúrgang.

Með setningu reglugerðar hér á landi um meðferð og nýtingu á slátur- og dýraleifum nr. 820/2007 voru margar af efnisreglum reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 innleiddar í íslenskt lagaumhverfi. Regluverkið í gerðinni er þó bæði mun víðtækara og ítarlegra en í reglugerð nr. 820/2007.

Í reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er einnig að finna ákvæði sem skylda alla sem senda, flytja eða taka við aukaafurðum úr dýrum að halda skrá yfir sendingarnar. Mikinn fjölda viðskiptaskjala (heilbrigðisvottorða) er að finna í reglugerðinni og ljóst að skjalavinna fyrir hagsmunaaðila og hið opinbera mun aukast umtalsvert hér á landi við innleiðingu þessarar reglugerðar.

Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1774/2002 verða íslensk yfirvöld skuldbundin til þess að farga úrgangi sem tilkominn er vegna riðu með brennslu. Jafnframt verður að álykta svo að yfirvöldum sé skylt að sjá til þess að slík aðstaða sé fyrir hendi, en svo er ekki hér á landi. Ákvörðun nr. 136/2007 fjallar jafnframt um afleiddar gerðir reglugerðar (EB) nr. 1774/2002.

Íslensk yfirvöld hafa frest til 1. nóvember 2010 til þess að innleiða þær gerðir ákvörðunarinnar sem gilda um búfjárafurðir, kjöt, mjólk og egg. Þennan tíma þarf að nota til að aðlaga stjórnvaldsfyrirmæli að löggjöf ESB og til þess að breyta lagaframkvæmd. Efnisákvæði reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 um aukaafurðir vegna fisks og fóðurs öðlast gildi 1. mars 2009.

VI. Löggjöf um hollustuhætti í fóðuriðnaði – ákvörðun nr. 138/2007.

Ákvörðunin innleiðir í íslenska löggjöf reglugerð (EB) nr. 183/2005 frá 12. janúar 2005 um hollustuhætti í fóðuriðnaði.

Reglugerðin fjallar um fóður og er beint að fóðurfyrirtækjum og stjórnendum þeirra sem bera frumábyrgð á að tryggja að allar kröfur séu uppfylltar til að tryggja fóðuröryggi. Fóðuröryggi er grundvöllur matvælaöryggis en dýraheilbrigði hefur stóru hlutverki að gegna í hollustu matvæla. Fóðurfyrirtæki eru tilkynningarskyld til yfirvalda og sum þurfa á starfsleyfi að halda. Þetta er nauðsynlegt m.a. til að tryggja rekjanleika fóðurs á öllum stigum. Reglugerðin nær til fóðurframleiðslu og eftir atvikum til markaðssetningar eða útflutnings fóðurs. Hlutverk lögbærs eftirlitsaðila er að sannreyna að fyrirtækið uppfylli kröfur reglugerðarinnar og skal eftirlitsaðili gera það samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 882/2004. Fóðurfyrirtækjum ber hins vegar að hafa kerfi innra eftirlits með sama hætti og matvælafyrirtæki.

VII. Efnislegar breytingar frá fyrra frumvarpi.

Frumvarp með sama heiti var lagt fram á 135. löggjafarþingi, 524. mál. Gerðar hafa verið nokkrar efnislegar breytingar frá ákvæðum þess frumvarps. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

- Ákvæði frumvarpsins um fæðubótarefni hafa verið gerð skýrari þannig að fæðubótarefni sem innhalda lyf eða lyfjavirk efni er óheimilt að flytja til landsins eða markaðssetja.
- Í 2. gr. frumvarpsins er það áréttað að lög nr. 93/1995, um matvæli, taka til matvælaeftirlits hérlendis og um borð í skipum í höfnum og á leið til hafna hérlendis. Sama á við um loftför á flugvöllum hérlendis.
- Hugtakinu „eftirlitsaðili“ er breytt í „opinber eftirlitsaðili“. Þetta er gert til aðgreiningar frá sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila (e. control body) sem er hugtak notað í reglugerðum ESB um faggiltan aðila sem fær úthlutað eftirlitsverkefnum af Matvælastofnun. Í sumum tilvikum er heitið „Matvælastofnun“ einnig notað í stað „eftirlitsaðili“ í þeim tilvikum þegar stofnunin fer ein með opinbert eftirlit.
- Ákvæði um starfsleyfisskyldu sauðfjár- og hrossaræktar eru felld út úr frumvarpinu, en þessar búgreinar þurfa þess í stað að tilkynna Matvælastofnun um starfsemi sína.
- Skilgreining reglugerða EB um áhættugreiningu er tekin upp í frumvarpið.

– Í 6. og 68. gr. frumvarpsins er heimild til að gefa út eitt starfsleyfi enda þótt starfsleyfisskyldan byggist á fleiri en einum lögum.
– Í 14. gr. frumvarpsins er tekið á skörun á hlutverki opinberra eftirlitsaðila og einnig er lögð áhersla á að matvælaeftirlit skuli byggjast á áhættugreiningu og áhættumati. Ráðherra skal skipa ráðgefandi nefnd sem vinna skal að áhættumati á hlutlausan hátt. Sama á við um fóðureftirlit skv. c-lið 72. gr. frumvarpsins.
– Gert er ráð fyrir að Matvælastofnun hafi eftirlit með kjötvinnslum og kjötpökkunarstöðvum að undanskilinni slíkri starfsemi í smásöluverslun. Jafnframt er gert ráð fyrir að Matvælastofnun hafi eftirlit með mjólkurstöðvum og eggjavinnslu. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna hafa sinnt eftirliti vegna framangreindrar starfsemi, nema þegar kjötvinnsla er tengd sláturhúsi, en þá er hún undir eftirliti Matvælastofnunar. Stofnunin hefur einnig eftirlit með mjólkurstöðvum vegna útflutnings.
– Í 14. gr. frumvarpsins eru tekin upp sams konar efnisákvæði og eru í 19. gr. laga nr. 7 frá 1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, vegna yfirumsjónarhlutverks Matvælastofnunar gagnvart heilbrigðisnefndum og starfa stofnunarinnar við samræmingu matvælaeftirlits.
– Í síðustu málsgrein a-liðar 5. gr. frumvarpsins er áréttað að stjórnandi matvælafyrirtækis og eftirlitsaðilar skulu í störfum sínum huga sérstaklega að því að ekki berist á markað matvæli sem geta valdið matarsjúkdómum. Ráðherra skal setja reglugerð þar sem kveðið er á um sýnatökur og skilyrði markaðssetningar matvæla sem geta valdið matarsjúkdómum. Skyldur matvælafyrirtækja eru einnig áréttaðar í c-lið 19. gr.
– Í 15. gr. frumvarpsins hefur verið bætt við ákvæðið um faggilta aðila til samræmis við ákvæði 54. gr. þar sem fjallað er um eftirlit með sjávarafurðum. Vegna fóðureftirlits hefur sambærilegu ákvæði verið bætt við 72. gr. frumvarpsins.
– Í 15., 54. og 72. gr. hefur einnig verið sett inn ákvæði um að ráðherra geti ákveðið að vottað innra eftirlit matvæla- og fóðurfyrirtækja geti með tilteknum skilyrðum orðið þáttur í opinberu eftirliti.
– Gerðar eru breytingar á 17., 43., 63. og 73. gr. frumvarpsins um eftirlitsgjöld. Texti um lágmarksgjöld er felldur niður. Ákvæði 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 um lágmarksgjöld mun þannig gilda um þessi gjöld.
– Þá er fellt út úr 17., 43., 63. og 73. gr. frumvarpsins heimild eftirlitsaðila til að afturkalla starfsleyfi vegna vanskila eftirlitsgjalda. Jafnframt eru gerðar aðrar minni háttar breytingar á ákvæðinu til samræmis við 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 882 frá 2004.
– Í 17. gr. er það gert skýrara að sveitarfélög skulu gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitsskylda starfsemi heilbrigðisnefnda vegna matvælaeftirlits á grundvelli laga nr. 93 frá 1995 um matvæli og ákvæða reglugerðar (EB) nr. 882 frá 2004.
– Í 19. og 72. gr. frumvarpsins er lögð sú skylda á stjórnanda matvæla- og fóðurfyrirtækis að hann tilkynni opinberum eftirlitsaðila með hæfilegum fyrirvara um flutning matvæla eða fóðurs til landsins frá EES-ríkjum ef brýna nauðsyn ber til þannig að opinber eftirlitsaðili geti skipulagt eftirlitið.
– Í 23. gr. frumvarpsins, sbr. breytingar á 30. gr. a, er kveðið á um að dagsektir sem Matvælastofnun ákveður renni í ríkissjóð en dagsektir sem heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna ákveða skulu renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits á viðkomandi svæði. Hámark dagsekta skal ákveðið í reglugerð sem ráðherra setur.
– Í 41. gr. frumvarpsins, sem er ákvæði til bráðabirgða, er ráðherra heimilt með reglugerð, að ákveða skiptingu og fjölda umdæma skv. 11. gr. laganna aðra en þar greinir í þeim

tilgangi að unnt sé að gera breytingar á umdæmum í áföngum. Fjöldi umdæma og svæðaskipting skv. 11. gr. skal þannig koma til framkvæmda í síðasta lagi 1. nóvember 2013.
– Ráðherra er jafnframt heimilt skv. 41. gr frumvarpsins að fela héraðsdýralækni að sinna tímabundið almennri þjónustu við dýraeigendur á tilteknu svæði ef heilbrigði eða velferð dýra er stefnt í hættu enda fáist ekki dýralæknar til að sinna slíkri þjónustu við dýraeigendur á umræddu svæði. Heimild ráðherra samkvæmt þessu ákvæði fellur úr gildi 1. nóvember 2013.
– Í 33. gr. frumvarpsins er það sérstaklega tilgreint að ef aukaafurðir dýra teljast til úrgangs gilda um starfsemina ákvæði laga nr. 55 frá 2003, um meðhöndlun úrgangs.
– Í 38. gr. er gert ráð fyrir því að dýralæknar sinni bakvakt utan venjulegs vinnutíma á landinu öllu. Vaktsvæðin eru þrettán.
– Í 68. gr. frumvarpsins segir að ef kveðið sé á um starfsleyfisskyldu í lögum um matvæli eða sérlögum fyrir starfsemi sem fellur einnig undir ákvæði laga um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru skuli Matvælastofnun gefa út eitt starfsleyfi á grundvelli laganna. Samsvarandi ákvæði er í lögum um matvæli, nr. 93/1995.
– Í h-lið 72. gr. frumvarpsins er fóðurfyrirtæki og aðilum sem starfa við rannsóknir og greiningu á fóðri gert skylt að tilkynna Matvælastofnun ef í fóðri greinast örverur sem geta borist í dýr og þannig valdið sjúkdómum í mönnum sem eru tilkynningarskyldir samkvæmt ákvæðum sóttvarnalaga, nr. 19/1997, eða reglna settra með stoð í þeim lögum.

VIII. Helstu efnisatriði frumvarpsins eftir köflum.

Í I. og VI. kafla frumvarpsins eru tekin upp ýmis mikilvæg ákvæði reglugerðar (EB) nr. 178/2002 í lög um matvæli, nr. 93/1995, og í lög um fóður, nr. 22/1994. Hér er um að ræða skilgreiningar hugtaka og ákvæði um öryggi matvæla og fóðurs, ábyrgð stjórnenda matvæla- og fóðurfyrirtækja, rekjanleika matvæla og fóðurs, varúðarreglur og upplýsingar til almennings. Í þessum köflum eru gjaldskrárákvæði vegna matvæla og fóðurs í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 882/2004. Nánar er fjallað um ákvæði frumvarpsins vegna eftirlitsgjalda í VII. kafla þessara athugasemda. Jafnframt er gert ráð fyrir ákvæði um viðbrögð við matarsýkingum og matareitrunum. Gert er ráð fyrir ítarlegri reglugerðarheimild í frumvarpinu þar sem ráðherra er veitt heimild til þess að innleiða helstu reglugerðir EB vegna matvæla- og fóðurlöggjafar auk breytingagerða.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um breytingar á 10. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum. Með þessari lagabreytingu er innflutningsbann vegna heilbrigðiskrafna flestra vara sem rekja má til afurða úr dýraríkinu fellt brott. Meginreglan verður sú að heimilt verður að flytja þessar vörur til landsins uppfylli varan skilyrði Evrópusambandsins um heilbrigðisvottun. Jafnframt er í þessum kafla ákvæði um smithættu vegna aukaafurða dýra sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Ráðherra er jafnframt veit heimild til þess að setja reglugerðir um flutning líflamba og innleiðing reglugerðar (EB) nr. 1774/2002.

Í III. kafla er fjallað um breytingar á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, með síðari breytingum. Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er aðildarríkjum EES gert skylt að tryggja að ekki geti orðið hagsmunaárekstrar við opinbert eftirlit eftirlitsaðila, þar á meðal dýralækna. Frumvarpið gerir því ráð fyrir nauðsynlegum lagabreytingum til að uppfylla kröfur reglugerðarinnar um aðskilnað opinbers eftirlits og faglegrar/klínískrar þjónustu

dýralækna. Í tengslum við þessar breytingar verða verulegar breytingar á starfssvæðum héraðsdýralækna. Ný skipan kallar á breytingar á störfum héraðsdýralækna og endurspegla ákvæði þessa kafla þessar breytingar. Í kaflanum er ákvæði til bráðbirgða sem fjallar um niðurlagningu starfa héraðsdýralækna.

Í IV. kafla frumvarpsins er fjallað um breytingar á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, nr. 96/1997, með síðari breytingum. Um er að ræða lagabreytingar vegna reglugerðar (EB) nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að tryggja að uppfylltar séu kröfur laga um fóður og matvæli og um reglur varðandi dýraheilbrigði og dýravernd. Lagabreytingarnar varða fresti vegna heilbrigðisskoðunar í sláturhúsum og gjaldskrárákvæði vegna eftirlits. Í IX. kafla þessara athugasemda er gerð sérstök grein fyrir ákvæðum frumvarpsins vegna eftirlitsgjalda.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um breytingar á lögum um framleiðslu, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, með síðari breytingum. Lagabreytingarnar fela í sér að ákvæði laganna eru aðlöguð að þeim reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins sem gerð er grein fyrir í almennum athugasemdum og eru tilefni þessa frumvarps, einkum reglugerðum (EB) nr. 178/2002 og 882/2004. Í samræmi við VI. kafla frumvarpsins eru efnisákvæði um fiskimjöl felld út úr lögunum enda munu lög nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, gilda um fiskimjöl, sbr. hér síðar.

Einnig er leitast við að tryggja að ákvæði laganna geti einnig gilt um aukaafurðir úr sjávarafurðum og eldisafurðum sem eru ætlaðar til manneldis.

Í VI. kafla frumvarpsins eru ákvæði um breytingar á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, með síðari breytingum. Lagabreytingarnar fela í sér að ákvæði laganna eru löguð að þeim reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins sem gerð er grein fyrir í almennum athugasemdum og eru tilefni þessa frumvarps, einkum reglugerðum (EB) nr. 178/2002, 183/2005 og 882/2004. Það nýmæli er í þessum kafla frumvarpsins að fiskimjöl er nú skilgreint sem fóður þannig að lög nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, og EES-löggjöf um fóður gildir um fiskimjöl. Núgildandi reglur um fiskimjöl er að finna í lögum um framleiðslu, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998.

Einnig er leitast við að tryggja að ákvæði laganna geti gilt um aukaafurðir úr dýraafurðum sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sbr. reglugerð (EB) nr. 1774/2002.

Í VII. kafla frumvarpsins eru ákvæði um heimild ríkisstjórnarinnar til að staðfesta þær ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér eru til umfjöllunar. Umræddar ákvarðanir voru samþykktar af íslenskum stjórnvöldum með stjórnskipulegum fyrirvara vegna þeirra lagabreytinga sem ákvarðanirnar kalla á. Í VII. kafla frumvarpsins er einnig að finna gildistökuákvæði. Lögin munu taka gildi 1. mars 2009 hvað varðar allar matvælategundir aðrar en kjöt, mjólk og egg. Hvað þessar matvælategundir varðar og afurðir úr kjöti, mjólk og eggjum taka lögin gildi eigi síðar en 1. nóvember 2010. Gildistökuákvæðin miðast við þann tíma sem ESB-gerðir þær sem frumvarpinu er ætlað að heimila innleiðingu á taka gildi hér á landi sem er mismunandi eftir einstökum matvælategundum.

IX. Gjaldskrárákvæði laga nr. 93/1995, nr. 22/1994, nr. 96/1997 og nr. 55/1998.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á gjaldtökuákvæðum 25. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, og 11. gr. laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum. Frumvarpið gerir ráð fyrir sambærilegu ákvæði í lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, og einnig í lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Gjald er tekið vegna kostnaðar við heilbrigðiseftirlit hjá matvæla- og fóðurfyrirtækjum og í sláturhúsum. Þessi fjögur ákvæði frumvarpsins eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 882/ 2004.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setji gjaldskrá fyrir eftirlitið sem byggist á eftirlitsgjöldum sem ekki eru hærri en raunkostnaður við eftirlitið. Gert er ráð fyrir því að sveitarfélögin setji gjaldskrár fyrir matvælaeftirlit viðkomandi heilbrigðisnefndar sem byggist á gjaldtökuákvæði 25. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli. Þetta er í samræmi við efnisákvæði 12. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og a-liðar 4. tölul. 27. gr. reglugerðar (EB) 882/2004. Í dag eru eftirlitsgjöld reiknuð með ýmsum hætti. Í tilviki eftirlits með sláturafurðum ákveður Alþingi með lögum þá krónutölu sem greiða skal fyrir eftirlit með hverju kílói innvegins kjöts í sláturhúsi.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir samræmdu ákvæði um gjaldtöku fyrir landamæraeftirlit með innflutningi frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Með frumvarpinu er nánar tilgreint hvaða kostnaði tekjum af eftirlitsgjaldinu er ætlað að standa undir.

X. Eftirlitsaðilar með matvælum og fóðri.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna hafa eftirlit með matvælum samkvæmt lögum nr. 93/1995, um matvæli, sbr. I. kafla frumvarpsins. Matvælastofnun hefur jafnframt eftirlit með matvælum samkvæmt lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, skv. IV. kafla frumvarpsins, og lögum nr. 55/1998, um framleiðslu, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Matvælastofnun hefur auk eftirlits með matvælum eftirlit með fóðri samkvæmt lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

Verkaskipting milli Matvælastofnunar og heilbrigðisnefnda í matvælaeftirliti er nú þannig að Matvælastofnun fer með eftirlit með frumframleiðslu búfjárafurða, eftirlit með sláturhúsum og kjötvinnslum sem þeim tengjast og eftirlit með sjávarafurðum og eldisfiski, allt að smásölu, jafnframt mjólkurbúum vegna útflutnings. Þá fer stofnunin með allt inn- og útflutningseftirlit með matvælum. Heilbrigðisnefndir fara því með eftirlit með innlendum matvælavinnslum, þ.m.t. kjötvinnslum utan sláturhúsa og einnig mjólkurbúum, auk þess að hafa eftirlit með dreifingu og smásölu matvæla. Verkefni þessi eru skilgreind í 6. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli. Af þessu má sjá að kjötvinnslur eru ýmist undir eftirliti Matvælastofnunar eða heilbigðisnefndar og að mjólkurbú eru undir eftirliti beggja aðila.

Með frumvarpi þessu er lagt til að einn og sami aðili fari með eftirlit með mjólkurbúum, eggjavinnslu og það sama gildi um kjötvinnslur og kjötpökkunarstöðvar, að undanskildum vinnslum sem eru í smásöluverslunum, sbr. ákvæði 4. gr. frumvarpsins. Fyrir kjötframleiðslu er þetta þá sama verkaskipting og gildir í dag fyrir sjávarafurðir. Er lagt til að þetta eftirlit verði í höndum Matvælastofnunar og er þá horft til þess að þessi fyrirtæki dreifa vöru um allt land og fá nú einnig heimild til að dreifa vörum til ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. Eftirlit með annarri matvælavinnslu en vinnslu sjávar- og búfjárafurða verður þá undir eftirliti heilbrigðisnefnda ásamt frekari dreifingu og sölu matvæla, að undanskildu inn- og útflutningseftirliti sem Matvælastofnun fer áfram með. Vísast hér jafnframt til athugasemda um 4. gr. frumvarpsins sem er breyting á 6. gr. matvælalaga. Eftirlitsverkefni Matvælastofnunar verða þannig tilgreind í 6. gr. matvælalaga, en annað eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla annast heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna skv. 22. gr. sömu laga. Þetta eftirlit heilbrigðisnefndanna er undir yfirumsjón Matvælastofnunar skv. 14. gr. frumvarpsins.

Fyrir liggur ítarlegt kostnaðarmat Matvælastofnunar vegna frumvarpsins þar sem farið er yfir kostnaðarþætti sem falla til vegna frumvarpsins.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna skulu skv. 17. gr. frumvarpsins innheimta gjöld vegna matvælaeftirlits sem miðast við raunkostnað þess. Ráðherra setur gjaldskrá vegna eftirlits Matvælastofnunar en viðkomandi sveitarfélag setur gjaldskrá fyrir matvælaeftirlit heilbrigðisnefndar. Samkvæmt þessu munu eftirlitsþolar greiða raunkostnað vegna eftirlits og því ætti ekki að falla aukinn kostnaður á sveitarfélögin vegna breytinga á matvælaeftirliti heilbrigðisnefnda.

Samkvæmt 15., 54. og 72. gr. frumvarpsins er opinberum eftirlitsaðilum heimilt að úthluta tilteknum aðilum sérverkefnum sem tengjast opinberu eftirliti. Matvælastofnun og heilbrigðisnefnd mega úthluta sérverkefnum til tiltekins aðila ef hann hefur þá sérþekkingu, búnað og grunnvirki sem þarf til að annast þau verkefni sem honum hefur verið úthlutað. Slíkur aðili þarf að hafa yfir að ráða nægu starfsfólki með viðeigandi menntun og hæfi. Hann þarf að vera óhlutdrægur og engir hagsmunaárekstrar mega eiga sér stað að því er varðar framkvæmd þeirra verkefna sem honum hefur verið úthlutuð. Eftirlitsaðilinn skal hafa fengið faggildingu í samræmi við Evrópustaðal. Nánar er fjallað um skilyrði framangreindrar úthlutunar verkefna til faggiltra aðila í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004. Gert er ráð fyrir að Matvælastofnun nýti sér heimild sína til að úthluta verkefnum til aðila sem uppfylla skilyrði 5. gr. þannig að faggiltir aðilar geti áfram sinnt eftirliti með matvælum, t.d. í sjávarútvegi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Meginmarkmið matvælalöggjafar Evrópusambandsins er matvælaöryggi. Til að ná þessu markmiði er kveðið á um opinbert eftirlit með framleiðslu og markaðssetningu matvæla. Jafnframt eru reglur um rekjanleika dýraafurða og annarra matvæla auk ákvæða um vernd neytenda matvæla. Yfirvöld geta einnig gripið til varúðar- og varnaraðgerða til að tryggja heilsu almennings vegna hugsanlegra heilsuspillandi áhrifa matvæla. Lagt er til að síðari málsliður 1. gr. laganna sem breytt er með 1. gr. frumvarpsins endurspegli þessar áherslur löggjafarinnar og kveði á um innra eftirlit, áhættugreiningu, rekjanleika afurða og vara og neytendavernd, auk heimildar til varnaraðgerða, enda mikilvæg úrræði til að ná markmiðum laganna.

Um 2. gr.

Orðalagi 1. mgr. 2. gr. laganna er breytt til samræmis við 3. tölul. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002. Síðasti málsliður 1. mgr. er þó óbreyttur frá núgildandi lögum. Í síðasta málslið 2. mgr. 2. gr. er skýrt kveðið á um að lögin gildi ekki um plöntur fyrir uppskeru og lifandi dýr nema þau séu meðhöndluð til markaðssetningar til manneldis. Þetta er í samræmi við b–c-lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002. Núgildandi lög um matvæli gilda ekki um fóður. Gert er ráð fyrir því í þessu frumvarpi að svo verði áfram enda þótt reglugerð (EB) nr. 178/2002 gildi bæði um matvæli og fóður. Fóðurlöggjöf reglugerðar (EB) nr. 178/2002 er innleidd með breytingum á lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Sérstaklega er tekið fram í ákvæðinu að frumvarpið taki til fæðubótarefna. Núgildandi lög hafa ekki kveðið skýrt á um þetta, en fæðubótarefni teljast til matvæla samkvæmt EES-löggjöf. Í lögunum er það áréttað að lögin gilda um matvælaeftirlit um borð í skipum og loftförum sem staðsett eru hérlendis og í skipum á leið til landsins.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu eru skilgreind nokkur hugtök sem notuð eru í frumvarpinu. Hugtakið matvæli er skilgreint upp á nýtt í samræmi við skilgreiningu reglugerðar (EB) nr. 178/2002. Fæðubótarefni eru nú skilgreind sem matvæli. Skilgreining á hugtakinu áhættugreining er tekin upp í lögin enda notast við hugtakið í 14. gr. frumvarpsins sem breytir 22. gr. laga nr. 93/1995. Skilgreiningin er í samræmi við reglugerð (EB) nr. 178/2002. Við innleiðingu þessarar reglugerðar, sbr. heimild í 28. gr. frumvarpsins, munu koma fram nánari skilgreiningar á þeim þáttum sem hugtakið áhættugreining nær yfir.

Í frumvarpinu er jafnframt skilgreining á því hvað séu fæðubótarefni. Um frekari skýringar á ákvæðum laganna um fæðubótarefni vísast til athugasemda við 8. gr. frumvarpsins. Nauðsynlegt þótti að skilgreina hugtakið „opinber eftirlitsaðili“ sérstaklega og „neysluvatn“, en það er skilgreint eins og í tilskipun (EB) nr. 98/83/EB. Aðrar skilgreiningar frumvarpsins eru samhljóða skilgreiningum í reglugerð (EB) nr. 178/2002. Ekki er talið að aðrar skilgreiningar í núverandi lögum stangist á við hugtök sem notuð eru í matvælalöggjöf Evrópusambandsins.

Um 4. gr.

Hér er a-lið gildandi ákvæðis 6. gr. laganna eins og hann er með þeim breytingum sem gerðar voru á lögunum með lögum nr. 167/2007, um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands, skipt í tvo stafliði til einföldunar og glöggvunar í framkvæmd. Frumframleiðsla er skilgreind í 3. gr. frumvarpsins. Með frumframleiðslu í 4. gr. frumvarpsins er m.a. átt við framleiðslu matjurta og er þá átt við það ferli sem verður frá og með uppskeru og geymslu þar til kemur að pökkun og dreifingu. Pökkun og dreifing matjurta er því samkvæmt þessu háð eftirliti heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Með frumframleiðslu eggja er átt við ferlið sem verður frá útungun dags gamalla alifugla og við eldi þeirra, svo og tínslu neyslueggja, þvott, flokkun, pökkun og geymslu eggja á framleiðslustað. Egg lúta því eftirliti heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna þegar þau yfirgefa framleiðslustað. Varðandi aðrar búfjárafurðir felur hugtakið frumframleiðsla í sér mjöltun og eldi dýra til slátrunar, ásamt flutningi og öðru sem þetta varðar, áður en kemur til frekari vinnslu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir nýjum efnisákvæðum vegna eftirlits með mjólkurstöðvum, kjötvinnslum, kjötpökkunarstöðvum og eggjavinnslu. Í dag er málum þannig háttað að Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga (HES) veitir mjólkurstöðvum starfsleyfi og hefur eftirlit með þeim, nema þegar um er að ræða fyrirtæki sem hafa leyfi til útflutnings, en þá fer MAST einnig með eftirlit með þeim fyrirtækjum. Varðandi kjötvinnslur fer Matvælastofnun með eftirlit með vinnslum sem tengdar eru sláturhúsum en HES fer með eftirlit með öðrum kjötvinnslum. Sú tilhögun er viðhöfð til að fyrirbyggja að tveir eftirlitsaðilar fari með eftirlit í sama fyrirtæki, en dýralæknar hjá MAST fara með eftirlit í sláturhúsum. Framangreind skipan mála gerir það að verkum að tveir eftirlitsaðilar hafa eftirlit með fyrirtækjum sem leyfi hafa til útflutnings. Þetta gerir það að verkum að misræmi getur orðið í framkvæmd eftirlits. Samkvæmt ákvæðum 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu skulu opinberir eftirlitsdýralæknar fara með eftirlit með hluta kjötvinnsla og kjötpökkunarstöðva (e. cutting plants) sem setja ferskar kjötvörur á markað. MAST hefur opinbera eftirlitsdýralækna sem starfa á umdæmisskrifstofum stofnunarinnar um allt land. Sama gildir ekki um heilbrigðiseftirlitið, en þar starfa dýralæknar við matvælaeftirlit á sumum eftirlitssvæðum, en ekki öðrum. Samkvæmt þessu gerir frumvarpið ráð fyrir að Matvælastofnun verði falið eftirlit með kjötvinnslum og kjöt-

pökkunarstöðvum, að undanskildum slíkum vinnslum tengdum smásöluverslun. Verkaskiptingin gagnvart HES yrði þá hin sama og gildir um sjávarafurðir samkvæmt núgildandi ákvæðum 6. gr. matvælalaga, nr. 93/1995. Til samræmis við þetta ætti sama fyrirkomulag að gilda um eftirlit með mjólkurstöðvum og vinnslu eggja. Í nýjum d-lið 6. gr. er jafnframt vísað til „eggjavinnslu“ til áréttingar því sem áður var sagt um frumframleiðslu eggja í a-lið hér að framan. Eggjavinnsla er söfnun, pökkun og vinnsla afurða úr eggjum, sbr. 10. þátt III. viðauka reglugerðar (EB) nr. 853/2004. Vakin er athygli á að þau matvælafyrirtæki sem hér um ræðir dreifa vöru um allt land og eiga nú einnig að fá heimild til frjálsrar dreifingar matvæla á EES. Því er eðlilegt að samræma eftirlit með þessum fyrirtækjum með því að fela það einum aðila.

Um 5. gr.

Lagt er til að við lögin bætist þrjú ný ákvæði, 8. gr. a, 8. gr. b og 8. gr. c, í samræmi við 17. og 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.

Um a-lið (8. gr. a).

Ákvæðið skilgreinir örugg matvæli. Matvæli sem ekki eru örugg skal ekki markaðssetja. Matvæli skulu ekki teljast örugg ef þau eru álitin heilsuspillandi eða óhæf til neyslu. 2.–4. mgr. ákvæðisins gefur nánari leiðbeiningar um það hvað má telja örugg, heilsuspillandi eða óneysluhæf matvæli.

Rétt þykir að huga sérstaklega að markaðssetningu matvæla sem geta innihaldið örverur sem kunna að valda matarsjúkdómum. Er hér t.d. átt við kjötvörur sem gætu innihaldið örverur eins og salmonellu og kampýlóbakter. Íslensk matvælaframleiðsla stendur mjög vel hvað varðar fyrirbyggjandi aðgerðir til að tryggja að t.d. alifuglar mengaðir þessum örverum berist ekki á markað. Í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2007, um breytingu á EES-samningnum, kemur fram að Ísland muni sækja um svokallaðar viðbótartryggingar vegna salmonellu sem geri það að verkum að unnt verður að krefjast vottorða með vörum sem berast hingað frá EES. Ekki er hins vegar hægt að sækja um slíkar tryggingar vegna kampýlóbakter. Telja verður ákvæði 5. gr. frumvarpsins fullnægjandi ef til þess kemur að taka þurfi matvæli af markaði vegna hættu á heilsutjóni. Hins vegar þykir í ljósi framansagðs eðlilegt að kveða skýrt á í frumvarpinu um skyldur bæði matvælafyrirtækja og eftirlitsaðila til að fyrirbyggja að vörur sem valdið geta matarsýkingum berist á markað. Því er lagt til að í 5. mgr. nýrrar 8. gr. a laganna komi eftirfarandi ákvæði „Stjórnandi matvælafyrirtækis, sbr. 8. gr. b, og opinberir eftirlitsaðilar samkvæmt lögum þessum skulu í störfum sínum tryggja eins og kostur er að ekki berist á markað matvæli sem geta valdið matarsjúkdómum. Þá skal ráðherra setja reglugerð þar sem kveðið er á um sýnatökur og skilyrði markaðssetningar matvæla til að fyrirbyggja að þau geti valdið matarsjúkdómum.“ Ákvæðið leggur þá skyldu á ráðherra að setja nánari ákvæði um markaðssetningu þessarar matvöru með það að markmiði að fyrirbyggja markaðssetningu matvæla sem ekki eru örugg vegna örvera sem valdið geta matarsjúkdómum.

Þetta þýðir að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið mun meðal annars framfylgja núverandi reglugerð nr. 688/2002 sem fjallar um slátrun og markaðssetningu alifugla. Reglugerðinni þarf þó að breyta þannig að hún nái með skýrum hætti til flutnings afurða frá EES-svæðinu til landsins og innflutnings frá ríkjum utan EES-svæðisins. Fyrir gildistöku reglugerðarinnar var hún tilkynnt til ESA á grundvelli EES-reglna sem varða tæknilegar viðskiptahindranir og barst svar við þeirri tilkynningu frá ESB. Það var niðurstaða ESB að reglugerðin ætti jafnt við um innlenda framleiðslu og innfluttar vörur, en þó þykir rétt að gera á henni

nokkrar breytingar, m.a. með hliðsjón af athugasemdum ESB sem þó voru ekki umtalsverðar. Í 1. gr. reglugerðarinnar segir:

„Sláturafurðir alifugla sem boðnar eru ferskar til sölu skulu vera af sláturfuglum þar sem staðfest hefur verið með sýnatöku, a.m.k. einu sinni á eldistímanum, að ekki hafi greinst hitaþolnir campylobactersýklar. Ef hitaþolnir campylobactersýklar greinast á eldistímanum þá skulu sláturafurðir viðkomandi eldishóps allar frystar eða hitameðhöndlaðar, þannig að kjarnhiti nái 72°C, áður en afurðunum er dreift. Óheimilt er að dreifa sláturafurðum alifugla sem vitað er að eru mengaðir af hitaþolnum campylobactersýklum nema frystum eða hitameðhöndluðum. Landbúnaðarráðherra getur að fengnum tillögum yfirdýralæknis fyrirskipað strangara eftirlit en hér segir fyrir um, til að hindra eins og kostur er að campylobactermengaðar sláturafurðir fari ferskar á markað.“

Gert er ráð fyrir að eftirlitsaðilar muni taka sýni hjá dreifingaraðilum vegna afurða sem koma frá EES-löndum ef vörunni fylgja ekki vottorð um niðurstöður sýnatöku og rannsókna á eldistíma eða í sláturhúsi. Komi í ljós að varan er sýkt verður dreifingaraðila skylt að frysta eða hitameðhöndla vöruna, eyða henni eða endursenda hana.

Samkvæmt ákvæðinu er hugtakið matarsjúkdómar samheiti yfir eitranir og sýkingar í fólki sem stafa af neyslu matvæla.

Um b-lið (8. gr. b).

Stjórnendur matvælafyrirtækja eins og þeir eru skilgreindir í frumvarpinu bera ábyrgð á því að starfsemin sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Stjórnanda ber einnig að sannprófa að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um reksturinn gilda. Stjórnandi er í bestri aðstöðu til að þróa öruggt kerfi fyrir afhendingu matvæla og til að tryggja að matvæli, sem hann afhendir, séu örugg. Af þessum sökum er eðlilegt að stjórnandi matvælafyrirtækis beri frumábyrgð á öryggi matvæla. Stjórnandi hefur einnig skyldu skv. 8. gr. c til að afturkalla vöru af markaði og láta eftirlitsaðila vita ef hann hefur grun um að matvæli sem hann hefur framleitt, unnið eða dreift séu ekki í samræmi við öryggiskröfur matvæla.

Um c-lið (8. gr. c).

Í ákvæðinu er orðalag núverandi ákvæðis matvælalaga um ábyrgð framleiðenda matvæla lagað að reglugerð (EB) 178/2002 að því marki sem það er talið nauðsynlegt, sbr. 17. gr. reglugerðarinnar. Talið er að núverandi orðalag ákvæðisins samræmist ákvæði reglugerðarinnar nokkuð vel, einnig að teknu tilliti til reglugerða EB sem settar hafa verið í kjölfar hennar svo sem reglugerðar (EB) nr. 852/2004.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er lögð til sú almenna regla að matvælafyrirtæki skuli hafa starfsleyfi frá viðkomandi eftirlitsaðila, sbr. 20. gr. laganna, og sækja um slíkt leyfi áður en starfsemi hefst. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að binda starfsleyfi tilteknum skilyrðum ef eftirlitsaðili telur ástæðu til. Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma enda uppfylli starfsemin skilyrði laga og stjórnvaldsreglna sem um hana gilda. Gert er ráð fyrir að óheimilt sé að hefja starfsleyfisskylda starfsemi hafi starfsleyfi fyrir hana ekki verið gefið út. Enn fremur er gert ráð fyrir að stjórnanda beri að veita eftirlitsaðila upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Þá er gert ráð fyrir að eftirlitsaðila sé heimilt að endurskoða starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef breytingar verða á rekstrinum, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um öryggi matvæla eða framkvæmd matvælaeftirlits.

Í greininni er fjallað nánar um þá þætti sem skulu koma fram í starfsleyfi og um leið skilyrði sem sett eru vegna veitingar þeirra. Ákvæði frumvarpsins eru jafnframt talin ná yfir tilvik þar sem eftirlitsaðilar gefa starfsleyfi til skemmri tíma eða til bráðabirgða, t.d. þegar fyrirtæki er að hefja rekstur, en eftirlitsaðili metur það svo að ekki séu öll skilyrði uppfyllt til fulls. Engu síður sé mögulegt að leyfa fyrirtækinu að hefja rekstur þar sem það sem á vanti varði ekki matvælaöryggi, enda verði úr því bætt innan skamms tíma í samræmi við skilyrði í starfsleyfi. Að þeim tíma liðnum og þegar staðfest er að bætt hafi verið úr verði gefið út fullt starfsleyfi til lengri tíma.

Núverandi staða vegna búfjárafurða hefur verið sú að nautgripa-, svína- og alifuglarækt eru starfsleyfisskyldar greinar, en sauðfjár- og hrossarækt ekki. Lagt til að þetta fyrirkomulag haldist óbreytt þannig að þeir aðilar sem stunda sauðfjár- og hrossarækt í atvinnuskyni til matvælaframleiðslu skuli ekki vera starfsleyfisskyldir. Þessar búgreinar skulu þó tilkynna Matvælastofnun um starfsemi sína. Þeir bændur sem sinna ræktun matjurta eru ekki starfsleyfisskyldir heldur þurfa einungis að tilkynna Matvælastofnun um starfsemi sína. Ekki er talin ástæða til þess að krefjast starfsleyfis vegna þessarar ræktunar við núverandi aðstæður.

Í greininni er gert ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð undanskilið frá starfsleyfisskyldu tómstundabændur, þ.e. þá aðila sem ekki halda sauðfé, geitfé og hross í ágóðaskyni heldur sér til ánægju. Þeir verði þó eftir sem áður skyldir til að vera með sín dýr á skrá hjá viðkomandi búfjáreftirliti og lúta öllum öðrum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum, svo sem um einstaklingsmerkingar og fleiri atriði sem varða dýraheilbrigði og dýravernd og heilbrigði sláturdýra, kjósi þeir að senda dýr til slátrunar.

Loks er gert ráð fyrir að í sérlögum sé heimilt að kveða á um sérstök skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis fyrir starfsemi einstakra matvælafyrirtækja. Ef einnig er kveðið á um starfs- eða vinnsluleyfisskyldu í sérlögum eða lögum um eftirlit með fóðri fyrir starfsemi sem fellur undir ákvæði þessara laga er eftirlitsaðila heimilt að gefa út eitt starfsleyfi á grundvelli hvorra tveggja laganna.

Um 7. gr.

Hugtakið „matvælafyrirtæki“ kemur í stað orðanna „Þeir sem framleiða matvæli og dreifa þeim“. Einnig er hér tekið upp ákvæði um innra eftirlit sambærilegt við það sem nú er í 15. gr. laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, þar sem gert er ráð fyrir að stjórnandi matvælafyrirtækis beri ábyrgð á að sett sé á fót og starfrækt innra eftirlit með framleiðslu og starfsemi matvælafyrirtækja og skal það byggt á meginreglum hættugreiningar þar sem innleidd löggjöf ESB kveður á um slíkt. Með því er átt við að matvælafyrirtæki greini hættuþætti og mikilvæga stýristaði í framleiðslu og við dreifingu matvæla. Þá er þar ákvæði um að matvælafyrirtækjum sé skylt að fara eftir reglum um almenna hollustuhætti en þar er einkum átt við reglugerðir (EB) nr. 852/2004 og 853/2004 sem heimilað er að innleiða með 28. gr. frumvarpsins og gerð er grein fyrir í almennum athugasemdum með frumvarpinu. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 8. gr.

Fæðubótarefni geta innihaldið lyf eða lyfjavirk efni sem falla undir ákvæði lyfjalaga. Slík fæðubótarefni verður hins vegar óheimilt að flytja til landsins eða markaðssetja skv. 8. gr. frumvarpsins sem breytir 1. mgr. 11. gr. gildandi laga. Í Evrópulöggjöf teljast fæðubótarefni til matvæla. Samkvæmt þessu telst vara sem hefur verið markaðssett og kynnt sem fæðubótarefni og inniheldur lyfjavirkt efni eða efnasamband ólöglegt fæðubótarefni. Samkvæmt

lögunum verður það skýrt að ef fæðubótaefni innihalda lyf eða lyfjavirk efni á eftirlitsaðili að taka á málum á grundvelli matvælalaga. Samráð skal hafa við þá sem fara með eftirlit samkvæmt lyfjalögum. Þeir sem fara með matvælaeftirlit taka þá vöru af markaði ef varan inniheldur lyf eða lyfjavirkt efni eða ætla má að hún geti verið hættuleg til neyslu eða blekki neytendur varðandi eðli eða áhrif vörunnar, samkvæmt mati Matvælastofnunar eða heilbrigðisnefnda sveitarfélagana, að höfðu samráði við Lyfjastofnun.

Um 9. gr.

Miklu skiptir að hægt sé að rekja feril matvæla. Í þessu skyni gerir matvælalöggjöf Evrópusambandsins ráð fyrir víðtæku kerfi rekjanleika í matvælafyrirtækjum til þess að hægt sé að afturkalla vörur á markvissan og nákvæman hátt eða veita neytendum eða eftirlitsmönnum upplýsingar og komast þannig hjá óþarfa röskun þegar upp koma vandamál í tengslum við öryggi matvæla. Ákvæðið kveður á um grunnreglu reglugerðar (EB) nr. 178/2002 í 18. gr. um rekjanleika matvæla, dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og efna sem notuð eru í matvæli. Stjórnandi eins og hann er skilgreindur þarf að hafa vitneskju um birgja og aðra þá sem útvega hráefni til matvælaframleiðslu eða matvælavinnslu. Þessa vitneskju þarf stjórnandinn að hafa tiltæka ef eftirlitsaðilar óska þessara upplýsinga. Matvælafyrirtæki, að innflytjanda meðtöldum, getur þurft að staðfesta frá hvaða fyrirtæki það hefur fengið tiltekin matvæli, dýr eða efni sem sett eru í matvæli til að tryggja rekjanleika á öllum stigum ef rannsókn fer fram. Þá skulu stjórnendur matvælafyrirtækja einnig geta tilgreint hverjum þeir hafa afhent sínar framleiðsluvörur.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Ákvæðið kveður á um hagsmunavernd neytenda matvæla og er samsvarandi 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002. 2. mgr. ákvæðisins er samsvarandi 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Gert er ráð fyrir að leyfisveitingar verði bæði í höndum Matvælastofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna og að leyfisveitandi verði sú stofnun sem fer með eftirlit með starfsemi viðkomandi matvælafyrirtækis. Um eftirlit heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna og Matvælastofnunar gildir 22. gr. laga nr. 93/1995, sbr. 6. gr. sömu laga.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði sem heimilar ráðherra að ákveða hvaða opinber aðili skuli fara með eftirlit og veita starfsleyfi ef tveir aðilar hafa lögbundna eftirlitsskyldu í sama matvælafyrirtæki á grundvelli matvælalaga. Markmiðið er að tryggja að aðeins einn aðili fari með matvælaeftirlit í hverju fyrirtæki.

Opinbert matvælaeftirlit skal framkvæmt með viðeigandi aðferðum sem þróaðar hafa verið í þeim tilgangi, þ.m.t. kerfisbundinni vöktun og eftirliti, svo sem skoðunum, sannprófun-

um, úttektum og töku og prófun sýna. Byggt skal á meginreglum um áhættugreiningu. Tíðni opinbers eftirlits skal vera regluleg og í réttu hlutfalli við áhættuna, að teknu tilliti til niðurstaðna úr eftirliti rekstraraðila matvælafyrirtækja, samkvæmt eftirlitsáætlunum, byggðum á greiningu á hættu og mikilvægum stýristöðum. Þá er í ákvæðinu nýmæli um að ráðherra eða Matvælastofnun geti leitað til ráðgefandi nefndar sem veita mundi þessum aðilum vísindalega ráðgjöf um áhættumat.

Efnisákvæði 2. og 3. mgr. ákvæðisins eru efnislega samhljóða 2. mgr. 18. gr. og 19. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Samkvæmt 22. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, hefur Matvælastofnun yfirumsjón með eftirliti heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Eðlilegt þykir að skýrt sé hvað við er átt með hugtakinu yfirumsjón. Matvælastofnun skal þannig samræma allt matvælaeftirlit í landinu og gefa út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmd matvælaeftirlits sem heilbrigðisnefndirnar skulu lúta.

Um 15. gr.

Hér er kveðið á um heimild til að fela faggiltum skoðunarstofum að framkvæma tiltekin verkefni við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögunum og einnig að fela rannsóknastofum tiltekin verkefni við rannsóknir samkvæmt lögunum. Samkvæmt matvælalögum geta þetta verið verkefni á vegum Matvælastofnunar eða heilbrigðisnefnda. Sambærilegt ákvæði varðandi eftirlit er í 16. gr. laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, sbr. 54. gr. frumvarpsins, en breyta verður þessu ákvæði um hlutverk faggiltra skoðunarstofur samkvæmt lögunum til samræms við þau ákvæði sem um þær gilda í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004.

Í 5. mgr. kemur fram nýtt ákvæði um með hvaða hætti innra eftirlit matvælafyrirtækja getur verið þáttur í opinberu eftirliti. Ráðherra getur sett reglugerð á grundvelli ákvæðisins sem t.d. gæti falið í sér að dregið yrði úr tíðni opinbers eftirlits hjá matvælafyrirtækjum sem starfa eftir vottuðu gæðakerfi og hafa uppfyllt settar kröfur um innra eftirlit og hollustuhætti.

Í 6. mgr. ákvæðisins er kveðið á um heimild ráðherra til að ákveða að tilteknar rannsóknastofur verði svokallaðar tilvísunarrannsóknastofur. Til að tryggja áreiðanlegar og sambærilegar rannsóknaniðurstöður hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins hafa tilteknar rannsóknastofur innan Evrópu verið tilnefndar sem svokallaðar tilvísunarrannsóknastofur og er ein slík útnefnd á hverju fagsviði til að bera ábyrgð á þróun aðferða og miðlun upplýsinga og tryggja að samræmi sé í niðurstöðum milli landa. Ætlast er til að innan hvers aðildarlands sé sett upp svipað kerfi, þ.e. ein tilvísunarrannsóknastofa í hverju landi sinni sama hlutverki á landsvísu og tilvísunarrannsóknastofa Evrópusambandsins (ESB) sinnir fyrir ESB. Tilvísunarrannsóknarstofur ESB eru ákveðnar sérstaklega af ESB, en yfirvöld í hverju landi fyrir sig ákveða tilvísunarrannsóknastofur á landsvísu og tilkynna ESB. Hvort tveggja er birt með sérstökum ákvörðunum fyrir hvert rannsókna- eða prófunarsvið.

Um 16. gr.

24. gr. laga nr. 93/1995 er breytt í samræmi við hugtakið „matvælafyrirtæki“. Einnig er kveðið á um hvaða aðilar það eru sem hafa skyldu til að tilkynna Matvælastofnun um upplýsingar sem þeir gætu haft undir höndum og varða öryggi matvæla.

Um 17. gr.

Ákvæðið er í samræmi við meginreglur um gjaldtökuheimildir hér á landi og einnig 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004. Byggt er á því að eftirlitsgjöld miðist við raunkostnað við

eftirlitið. Þetta er í samræmi við efnisákvæði a-liðar 4. tölul. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004. Ákvæðið gildir um eftirlit sem framkvæmt er af Matvælastofnun og eins af heilbrigðisnefndum sveitarfélaga. Í ákvæðinu er hugtakið opinber eftirlitsaðili notað en það er skilgreint í 3. gr. frumvarpsins.

Um 1. mgr.

Í a–c-liðum 1. mgr. er fjallað um þá kostnaðarþætti sem eftirlitsgjaldið skal standa straum af. Stafliðirnir eru nær orðrétt þeir sömu og greinir í VI. viðauka við reglugerð nr. 882/2004 þar sem fjallað er um viðmiðanir sem taka skal tillit til við útreikning gjalda. Einnig má vísa til II. viðauka við reglugerðina þar sem fjallað er um viðmiðanir fyrir þjálfun starfsfólks sem gefur leiðbeiningar um hugtakið „þjálfun“ í b-lið. Hluti kostnaðar sem tilgreindur er í b-lið verður lagður á öll matvælafyrirtæki eftir hlutfallstölu.

Um 2. mgr.

Í 2. mgr. er fjallað um viðbótareftirlit umfram almennt og eðlilegt matvæla- eða heilbrigðiseftirlit. Hvað fellur undir „almennt og eðlilegt“ matvæla- eða heilbrigðiseftirlit fer eftir því hversu mikið eftirlit er talið nauðsynlegt á hverjum tíma í regluverki sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og fyrirmælum eða leiðbeiningum Matvælastofnunar. Um það verður ekki fjölyrt hér enda fer það eftir óræðum breytum er einkum varða sjúkdómaástand og sjúkdómavarnir eða aðra starfsemi matvælafyrirtækja. Hér má vísa til V. bálks reglugerðar nr. 882/2004 þar sem fjallað er um eftirlitsáætlanir.

Ákvæðið er í samræmi við fyrirmæli 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 um kostnað við opinbert viðbótareftirlit. Í þeirri grein er sú skylda lögð á lögbært yfirvald að innheimta gjald fyrir viðbótareftirlit umfram eðlilega eftirlitsstarfsemi hjá þeim matvælafyrirtækjum sem eru ábyrg fyrir því að ekki er farið að tilskildum ákvæðum eða hjá matvælafyrirtæki sem á eða hefur vörurnar í sinni vörslu þegar viðbótareftirlitinu er sinnt. Í reglugerðinni er eðlileg eftirlitsstarfsemi talin sú venjubundna eftirlitsstarfsemi sem krafist er samkvæmt lögum, þ.e. innlendum lögum eða lögum Evrópusambandsins, og má hér vísa til fyrirmæla um innlendar eftirlitsáætlanir í V. bálki reglugerðarinnar. Opinbert viðbótareftirlit umfram eðlilega eftirlitsstarfssemi skv. 28. gr. reglugerðarinnar felur í sér rannsóknarkostnað, m.a. töku og greiningu sýna, auk annars eftirlits sem krafist er til að kanna umfang vandamáls, til að sannprófa hvort gerðar hafi verið úrbætur eða til að finna og/eða færa sönnur á að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum. Erfitt er að sjá hversu oft ástæða verður til að sinna viðbótareftirliti eða fella kostnað af því á matvælafyrirtæki.

Með fyrirmælum um viðbótareftirlit er tryggt að matvælafyrirtæki (framleiðandi, innflytjandi, dreifingaraðili eða sláturleyfishafi) sem smitefni hefur greinst hjá þarf sjálft að bera þann kostnað sem af viðbótarsýnatökum og prófunum hlýst.

Fyrirkomulagið er til samræmis við þá ábyrgð sem Evrópusambandið leggur á matvælafyrirtæki vegna sjúkdómavarna. Má hér vísa t.d. til 4. þáttar reglugerðar (EB) nr. 178/2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla.

Um 3. mgr.

Í 3. mgr. er ráðherra heimilað að setja reglugerð og gjaldskrá til að útfæra nánar framkvæmd eftirlits og innheimtu fyrir það. Slík gjaldskrá mun gilda fyrir eftirlit Matvælastofnunar. Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, setja sveitarstjórnir gjaldskrá fyrir matvælaeftirlit heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna. Samkvæmt þeirri grein bera sveitarfélögin ábyrgð á fjármálum og rekstri heilbrigðiseftirlits á viðkomandi svæði og því óeðlilegt að ráðherra setji þeim gjaldskrá. Í 3. mgr. felst að sveitarstjórnir

Ákvæðið fellir brott 2. mgr. 3. gr. gildandi laga en samkvæmt greininni skipaði landbúnaðarráðherra tvær nefndir, annars vegar fóðurnefnd og hins vegar sáðvöru- og áburðarnefnd, til fjögurra ára í senn sem höfðu það hlutverk að vera ráðgefandi um framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum. Þar sem þessar nefndir hafa ekki verið starfandi um nokkurn tíma og þar sem EES-löggjöf gildir um fóður, áburð og sáðvöru er ekki talinn tilgangur með áframhaldandi starfi slíkra nefnda.

Um 68. gr.

Ákvæðið kveður á um tilkynningarskylda starfsemi og hvaða fyrirtæki þurfa starfsleyfi. Meginreglan er sú að fóður-, áburðar- og sáðvörufyrirtæki þurfa að tilkynna starfsemi sína til Matvælastofnunar. Þessi fyrirtæki þurfa að sýna fram á fullnægjandi aðstöðu fyrir þá starfsemi sem tilkynnt er um. Fóðurfyrirtæki sem nota aukefni eða forblöndur í fóðurvörur eða vinna fóður úr aukaafurðum dýra skulu hafa starfsleyfi frá Matvælastofnun. Þessi ákvæði eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 882/2004. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 6. gr. frumvarpsins eftir því sem við á. Ef gefa skal út starfsleyfi samkvæmt lögum um matvæli eða sérlögum fyrir starfsemi sem fellur einnig undir ákvæði laga um eftirlit með fóðri, áburði

eða sáðvöru er Matvælastofnun heimilt samkvæmt þessu ákvæði að gefa út eitt starfsleyfi á grundvelli hvorra tveggja laganna.

Um 69. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og 21. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um skyldu stjórnvalda til að upplýsa almenning um eðli hættu sem er fyrir hendi. Ákvæðið leggur þá skyldu á herðar eftirlitsaðila að upplýsa almenning um tiltekna hættu sem stafar af fóðri.

Í 2. og 3. mgr. ákvæðisins eru ný ákvæði sem kveða á um birtingu upplýsinga eða niðurstaðna vegna eftirlits með fóðri, áburði eða sáðvöru. Ákvæðin eru sambærileg við 2. og 3. mgr. nýrrar 28. gr. a laga nr. 93/1995 í 21. gr. frumvarpsins.

Um 70. gr.

Í ákvæðinu er að finna reglugerðarheimild til að kveða nánar á um framleiðslu og markaðssetningu, hollustuhætti í framleiðslu, rekjanleika fóðurs, merkingar og vörulýsingar, efnainnihald, sýnatökur, viðmiðunarmörk fyrir örverufræðilega þætti og aðskotaefni, umbúðir og pökkun, eftirlit eftirlitsaðila, innra eftirlit, meðferð aukaafurða dýra, innflutning fóðurs, áburðar og sáðvöru frá þriðju ríkjum og starfsemi landamærastöðva vegna fóðurs, hraðviðvörunarkerfi og stjórnun vegna neyðartilvika. M.a. er heimild til að útfæra efnisákvæði um hraðviðvörunarkerfi og stjórnun vegna neyðartilvika í reglugerð í samræmi við efnisákvæði IV. kafla reglugerðar (EB) nr. 178/2002. Orðalag ákvæðisins er öðru leyti lagað að þeim nýmælum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 178/2002. Einnig er tekið mið af því að í kjölfar reglugerðarinnar verða settar ítarlegar reglur, m.a. um hollustuhætti í fóðuriðnaði. Rétt þykir þó að hafa í lögunum tilvísanir í þær megingerðir fóðurlöggjafar Evrópusambandsins þannig að reglugerðarheimildir verði skýrar hvað þessar tilteknu gerðir varðar. Þessar tilvísanir eru í 2. og 3. mgr. 7. gr. laganna.

Um 71. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 72. gr.

Lagt er til að við lögin bætist nýr kafli með tíu nýjum ákvæðum, 7. gr. a – 7. gr. j.

Um a-lið (7. gr. a).

Ákvæðið skilgreinir öruggt fóður. Fóður sem ekki er öruggt skal ekki markaðssetja. Fóður skal ekki teljast öruggt ef það er álitið heilsuspillandi fyrir menn og dýr.

Um b-lið (7. gr. b).

Ákvæðið er í samræmi við reglur reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002. Reglugerðin heimilar í undantekningartilvikum notkun aukaafurða dýra í dýrafóður. Ákvæðið tekur til tiltekinna unninna aukaafurða dýra svo sem fiskimjöls svo dæmi sé tekið. Skv. 2. mgr. er heimilt að nota fiskimjöl sem fóður fyrir búfé og eldisfisk. Þetta orðalag tryggir að auk jórturdýra verði heimilt að nota fiskimjöl í fóður fyrir t.d. svín og alifugla.

Um c-lið (7. gr. c).

Opinbert fóðureftirlit skal fara fram með viðeigandi aðferðum sem þróaðar hafa verið í þeim tilgangi, þ.m.t. kerfisbundinni vöktun og eftirliti, svo sem skoðunum, sannprófunum, úttektum og töku og prófun sýna. Byggt skal á meginreglum um áhættugreiningu. Tíðni opinbers eftirlits skal vera regluleg og í réttu hlutfalli við áhættuna, að teknu tilliti til niðurstaðna

úr eftirliti rekstraraðila fóðurfyrirtækja, samkvæmt eftirlitsáætlunum, byggðum á greiningu á áhættu og mikilvægum stýristöðum. Þá er í ákvæðinu nýmæli um að ráðherra eða Matvælastofnun geti leitað til ráðgefandi nefndar sem veita mundi þessum aðilum vísindalega ráðgjöf um áhættumat.

Í 3. málsl. ákvæðisins er fjallað um skyldu stjórnenda fóðurfyrirtækja, þ.m.t. að þeir beri ábyrgð á að sett sé á fót og starfrækt innra eftirlit með framleiðslu og starfsemi fóðurfyrirtækja og skal það byggt á meginreglum hættugreiningar, en með því er átt við fóðurfyrirtæki greini hættuþætti og mikilvæga stýristaði.

Um d-lið (7. gr. d).

Stjórnendur fóðurfyrirtækja eins og þeir eru skilgreindir í frumvarpinu bera ábyrgð á því að starfsemin sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Stjórnendum ber einnig að sannprófa að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um reksturinn gilda. Stjórnandi er í bestri aðstöðu til að þróa öruggt kerfi fyrir afhendingu fóðurs og til að tryggja að fóður, sem hann afhendir, sé öruggt. Af þessum sökum er eðlilegt að stjórnandi fóðurfyrirtækis beri frumábyrgð á öryggi fóðurs.

Um e-lið (7. gr. e).

Ákvæðið er að mestu sambærilegt að efni við 8. gr. c sem lagt er til að verði lögfest í lögum um matvæli og kveðið er á um í 5. gr. þessa frumvarps. Um athugasemdir vísast til athugasemda við 5. gr. frumvarpsins. Um síðustu málsgrein 7. gr. e vísast til athugasemda við 19. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um efnisákvæði 27. gr. a í lögum nr. 93/1995.

Um f-lið (7. gr. f).

Miklu skiptir að hægt sé að rekja feril fóðurs eins og matvæla. Í þessu skyni gerir matvælalöggjöf Evrópusambandsins ráð fyrir víðtæku kerfi rekjanleika í fóðurfyrirtækjum til þess að hægt sé að afturkalla vörur á markvissan og nákvæman hátt eða veita neytendum eða eftirlitsmönnum upplýsingar og komast þannig hjá óþarfa röskun þegar upp koma vandamál í tengslum við öryggi fóðurs. Ákvæðið kveður á um grunnreglu reglugerðar (EB) nr. 178/2002 sem þar kemur fram í 18. gr. um rekjanleika fóðurs, dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og efna sem notuð eru í matvæli. Stjórnandi eins og hann er skilgreindur þarf að hafa vitneskju um birgja og aðra þá sem útvega hráefni til fóðurframleiðslu eða vinnslu. Þessa vitneskju þarf stjórnandinn að hafa tiltæka ef eftirlitsaðilar óska þessara upplýsinga. Fóðurfyrirtæki, að innflytjanda meðtöldum, getur þurft að staðfesta frá hvaða fyrirtæki það hefur fengið tiltekið fóður eða efni sem sett eru í fóður til að tryggja rekjanleika á öllum stigum ef rannsókn fer fram. Einnig skal stjórnandi geta tilgreint fyrirtæki sem fóðurfyrirtækið hefur afhent vörur sínar.

Um g-lið (7. gr. g).

Lagt er til að varúðarregla 7. gr. reglugerðar (EB) 178/2002 verði lögfest eins og gert var í 18. gr. þessa frumvarps um matvæli. Rétt þykir að kveðið sé á um það í lögum hvenær heimilt er að grípa til varúðarráðstafana án þess að fyrirliggjandi séu óyggjandi gögn um að viðkomandi vara muni hafa í för með sér heilsuspillandi áhrif. Skilyrði fyrir beitingu reglunnar er þó að slík áhrif séu möguleg. Í sumum tilvikum er vafi um heilsuspillandi áhrif fóðurs en þó hætta á heilsutjóni vegna þeirra. Ákvæðið heimilar ráðherra að framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir í slíkum tilvikum. Ákvæðið tilgreinir ekki heimilar ráðstafanir heldur er kveðið á um að þær skuli vera í réttu hlutfalli við markmið þeirra og ekki hamla viðskiptum meira en nauðsynlegt er. Ráðstafanirnar skulu endurskoðaðar innan eðlilegs tíma enda er um tímabundnar ákvarðanir að ræða. Ákvæði þetta þarf að túlka í samræmi við þá meginreglu matvælalöggjafar EB að markaðshindrandi aðgerðir eða aðgerðir sem leiða til

ójafnra samkeppnisskilyrða eru ekki leyfðar nema í sérstökum undantekningartilvikum. Varúðarreglan byggist á því að við þessar sérstöku aðstæður sem verða til þegar ekki er hægt að eyða vísindalegri óvissu en hætta er á að fóður valdi heilsutjóni geti verið nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að fyrirbyggja hugsanlega heilsufarsvá fyrir þjóðfélagsþegnana.

Um h-lið (7. gr. h).

Á liðnum árum hafa komið upp tilfelli þar sem reglubundið eftirlit í eldi kjúklinga og svína hefur leitt í ljós að þeir voru orðnir mengaðir af salmonellu. Að lokinni faraldsfræðilegri rannsókn á uppruna sýkinganna hefur verið hægt að útiloka aðra möguleika en þann að mengunin hafi komið með fóðri. Við nánari athuganir hefur komið í ljós að sama tegund af salmonellu hafði greinst í fóðurverksmiðju sem seldi kjúklingabúinu fóðrið, en hvorki verksmiðjan eða rannsóknastofan taldi sig þurfa að tilkynna viðkomandi eftirlitsaðila um þessar niðurstöður þar sem ákvæði í 3. mgr. 24. gr. í lögum um matvæli, nr. 93/1995, næði aðeins til matvæla en ekki til fóðurs. Rétt er að taka fram að rannsóknir á fóðri til að sannreyna að fóðrið hafi valdið sýkingum í kjúklingum og svínum er mjög erfið. Það er helst með faraldsfræðilegum niðurstöðum sem hægt er að leiða sterkar líkur að því að svo hafi verið. Með ákvæðinu er tryggt samræmi hvað varðar tilkynningarskyldu þegar sjúkdómsvaldandi örverur greinast í matvælum og fóðri.

Um i-lið (7. gr. i).

Ákvæðið er að mestu efnislega samhljóða 19. gr. frumvarpsins sem bætir nýju ákvæði við matvælalögin, 27. gr. b. Á sama hátt og gildir um búfjár- og sjávarafurðir frá ríkjum utan EES ber að fara með fóður og fóðurvörur, sem innihalda dýraafurðir, um landamærastöðvar enda er fóðrið innflutt frá ríkjum utan EES.

Um j-lið (7. gr. j).

Ákvæðið er að mestu efnislega samhljóða 15. gr. frumvarpsins sem bætir nýju ákvæði við 23. gr. matvælalaga. Hér er verið að innleiða sambærileg ákvæði fyrir fóður og gilda munu um matvæli á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 882/2004. Vísast því til athugasemda um 15. gr. frumvarpsins.

Um 73. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði í lögum nr. 22/1994 sambærilegt ákvæði um gjaldtöku fyrir eftirlit og gert er ráð fyrir að verði lögfest m.a. í 25. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli. Um skýringu á ákvæðinu vísast að öðru leyti til athugasemda við 17. gr. þessa frumvarps.

Um 74. gr.

Ákvæðið varðar gjaldtöku vegna starfsleyfa og sérstakrar þjónustu sem hagsmunaaðilar leita eftir, svo sem vegna útgáfu vottorða, staðfestinga eða afgreiðslu umsókna. Efnislega sambærilegt ákvæði er í 26. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli.

Um 75. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 76. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að lögfest verði sambærileg ákvæði um þvingunarúrræði og eru í lögum nr. 7/1998. Þannig verða þvingunarúrræði vegna fóðureftirlits þau sömu og þvingunarúrræði vegna matvælaeftirlits, sbr. lög um matvæli. Einnig felst í ákvæðinu að verið er að samræma viðurlagaákvæðin ákvæðum um viðurlög sem fram koma í þeim reglugerðum

Evrópuþingsins og ráðsins sem stefnt er að því að mynda grundvöll fyrir innleiðingu á með frumvarpi þessu. Þá er það nýmæli að lagt er til að eftirlitsaðili geti ákveðið að eftirlitsskyldir aðilar skuli greiða allan kostnað vegna þvingunarúræða sem framkvæmd eru samkvæmt lögum þessum og má innheimta slíkan kostnað með fjárnámi án undanfarandi dóms eða sáttar. Það er jafnframt nýmæli að stjórnanda fyrirtækis er skylt að veita aðstoð við framkvæmd eftirlitsins. Þykir þetta eðlileg krafa þar sem um umfangsmiklar aðgerðir er að ræða.

Um skýringar við greinina vísast að öðru leyti til athugasemda við 26.–30. gr. í frumvarpi til laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. Alþingistíðindi, A-deild, 122. löggjafarþing 1997–98, þskj. 197, 194. mál.

Þá er lagt til að lögfest verði sambærilegt ákvæði og í 31. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli. Brot gegn ákvæðum laganna geta haft í för með sér mikla hættu og valdið heilsutjóni á mönnum og dýrum, svo og skaðað ýmsa aðra hagsmuni. Er því talið nauðsynlegt að efla varnaðaráhrif laganna með því að leggja til þyngri viðurlög við brotum á þeim. Með ákvæðinu er lagt til að tekið verði upp ákvæði um tiltekin viðurlög við brotum á lögunum og að um meðferð þeirra fari samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Jafnframt er með þessu ákvæði leitast við að samræma ákvæði laganna þeim ákvæðum um viðurlög sem fram koma í þeim EB-reglugerðum sem verið er að leggja grundvöll að innleiðingu á með frumvarpi þessu, sbr. almennar athugasemdir hér að framan.

Um 77. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 78. gr.

Ákvæðið fjallar um heimild Alþingis fyrir ríkisstjórnina til staðfestingar á þeim ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér eru til umfjöllunar. Sameignlega EES-nefndin tók umræddar ákvarðanir með fyrirvara um samþykki Alþingis. Eðlilegt þykir að hafa sérstakt ákvæði í frumvarpinu sem kveður á um samþykki Alþingis hvað þessar ákvarðanir varðar.

Um 79. gr.

Þær ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér eru til umfjöllunar og taldar eru upp í 78. gr. frumvarpsins lúta ákvæðum 1. tölul. 103. gr. EES-samningsins. Í 1. tölul. segir: „Ef ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar getur einungis verið bindandi fyrir samningsaðila eftir að hann hefur uppfyllt stjórnskipuleg skilyrði skal ákvörðunin ganga í gildi á þeim degi sem getið er í henni, ef sérstakur dagur er tiltekinn, að því tilskildu að hlutaðeigandi samningsaðili hafi tilkynnt hinum samningsaðilunum fyrir þann dag að stjórnskipuleg skilyrði hafi verið uppfyllt. Hafi tilkynningin ekki farið fram fyrir umræddan dag gengur ákvörðunin í gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir síðustu tilkynningu.“

Tilteknar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér eru til umfjöllunar heimila íslenskum yfirvöldum að fresta innleiðingu á tilteknum efnisákvæðum ákvarðananna. Þannig fela ákvarðanir nr. 133, 135, 136 og 137 í sér sérstakt 18 mánaða aðlögunartímabil sem nota á m.a. til að innleiða efnisákvæði sem varða búfjárafurðir. Ákvörðun nr. 134/2007 sem varðar innleiðingu reglugerðar (EB) nr. 178/2002 eða önnur þau ákvæði sem falla ekki undir 18 mánaða aðlögunartímann taka gildi þegar stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt samkvæmt EES-samningnum. Samkvæmt efni sínu áttu þessi ákvæði að taka gildi 27. október 2007. Þar sem það tímamark er liðið þarf að skoða síðasta málslið 1. tölul. 103. gr. EES-samningsins

en þar segir: „Hafi tilkynningin ekki farið fram fyrir umræddan dag gengur ákvörðunin í gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir síðustu tilkynningu.“

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. mars 2009 sem þýðir að efnisákvæði sem ekki lúta aðlögunarfresti taka þá gildi. Ef stjórnskipulegum fyrirvara verður aflétt þá tekur 18 mánaða aðlögunartíminn að líða frá 1. maí 2009 að telja, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Þannig lýkur 18 mánaða aðlögunartímanum 1. nóvember 2010.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

Í október 2007 heimilaði ríkisstjórnin með fyrirvara um samþykki Alþingis staðfestingu á sex ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fela í sér breytingar á viðauka og bókunum við EES-samninginn. Frumvarp þetta byggist á þeirri samþykkt. Með frumvarpinu er verið að taka inn í íslenska löggjöf gerðir Evrópusambandsins um matvæli og fóður. Það felur annars vegar í sér endurskoðun á undanþágu Íslands frá I. kafla í viðauka I við EES-samninginn og hins vegar upptöku löggjafar Evrópusambandsins um matvæli og fóður inn í EES-samninginn. Verði frumvarp þetta að lögum munu sömu reglur gilda um fæðuöryggi við framleiðslu, eftirlit og dreifingu matvæla á Íslandi og gilda á innri markaði EES-svæðisins. Jafnframt mun samþykkt frumvarpsins þýða að ný löggjöf um matvæli tekur gildi á Íslandi.

Markmið frumvarpsins eru meðal annars að auka frelsi til innflutnings landbúnaðarafurða á grundvelli heilbrigðiskrafna, efla fæðuöryggi og tryggja þannig hnökralaus viðskipti með örugg matvæli á innri markaðinum og gera opinbert fóðureftirlit víðtækara en áður. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að störf héraðsdýralækna sem sinna bæði opinberu eftirliti og almennri dýralæknaþjónustu verði lögð niður en í þeirra stað komi stærri opinber eftirlitssvæði þar sem Matvælastofnun hefur umdæmisskrifstofur. Í frumvarpinu er kveðið á um að starfsmönnunum skuli boðin störf hjá Matvælastofnun og að ekki þurfi að auglýsa þau störf skv. 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í fjárlögum 2007 var 70 m.kr. fjárveiting veitt vegna upptöku Íslands á gerðum í I. kafla I. viðauka við EES samninginn, um viðskipti með dýraafurðir. Sú fjárveiting skiptist þannig að 15 m.kr. voru vegna skimunar eftir búfjársjúkdómum í lifandi dýrum, 10 m.kr. vegna eftirlits með lifandi dýrum til varnar því að búfjársjúkdómar berist í menn, 25 m.kr. vegna reksturs Súnu-miðstöðvar með tveimur starfsmönnum, 10 m.kr. vegna uppsetningar og reksturs tveggja landamærastöðva til eftirlits með innflutningi og 10 m.kr. vegna þátttökukostnaðar við rekstur samningsins.

Við undirbúning þessa frumvarps hafa Matvælastofnun og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið unnið kostnaðaráætlun um ný og breytt verkefni á þessu sviði. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er komið í veg fyrir hagsmunaárekstra eftirlitsaðila og

eftirlitsþola. Flestir héraðsdýralæknar sinna bæði opinberu eftirliti og almennri dýralæknaþjónustu við framleiðendur. Samkvæmt frumvarpinu verður að aðskilja þá starfsemi, en það kallar á breytingar á umdæmisskrifstofum Matvælastofnunar. Við þessa breytingu er gert ráð fyrir að umdæmisskrifstofur verði sex talsins, en þær eru nú 14. Jafnframt er gert ráð fyrir að kostnaður af rekstri þeirra falli að fullu á Matvælastofnun en stofnunin greiðir nú hlut í 11 skrifstofum af 14. Einnig er gert ráð fyrir að héraðsdýralæknar verði starfsmenn Matvælastofnunar sem sinni eingöngu opinberum eftirlitsstörfum. Því verða héraðsdýralæknar að hætta einkarekstri. Ekki er gert ráð fyrir að dýralæknum sem starfa fyrir stofnunina fækki við þessar breytingar. Í öðru lagi er gert er ráð fyrir að Ísland þurfi að sækja um viðbótartryggingu vegna salmonellusmits í innfluttum dýraafurðum (svo sem kjöti og eggjum). Til að geta gert það þarf að sýna fram á að salmonella sé fátíð í umræddum afurðum á Íslandi og til þess þarf stofnunin að fá samþykkta eftirlitsáætlun og gera umfangsmiklar rannsóknir, byggðar á sýnatökum. Jafnframt er gert ráð fyrir gerð gæðahandbókar, vinnu við eftirlits- og sýnatökuáætlanir og gerð innri úttektar á starfsemi Matvælastofnunar, Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og skoðunarstofa. Í þriðja lagi er nú gert ráð fyrir að taka inn í íslenska löggjöf reglur er varða aðskotaefni og lyfjaleifar. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir aukinni vinnu við Evrópugerðir og löggjöf við fund fastanefnda og vinnuhópa ESB um fæðukeðjuna og dýraheilbrigði, fund með EFTA og tíðari eftirlitsferðir Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) til Íslands. Þá er reiknað með 10 m.kr. einskiptiskostnaði til Matvælastofnunar og 1 m.kr. vegna breytinga á tölvuskráningarkerfi og rekstur á því. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að árlega þurfi Ísland að greiða 73.592 evra þátttökugjald að Matvælaöryggisstofnun Evrópu en það gera um 10,9 m.kr. á ári ef að skráð gengi evru er um 148 kr. eins og það var þann 8. desember 2008.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að kostnaður Matvælastofnunar verði 35,2 m.kr. árið 2008, 64,5 m.kr. árið 2009 og 67,7 m.kr. árið 2010. Þar af er tímabundinn stofnkostnaður 8,8 m.kr. árið 2008 og 13 m.kr. árið 2009, eða samtals 21,8 m.kr. Frá og með árinu 2010 er þannig gert ráð fyrir að útgjöld stofnunarinnar aukist varanlega um 67,7 m.kr. Við þá fjárhæð bætist 70 m.kr. fjárveiting sem veitt var í fjárlögum 2007 vegna kostnaðar við upptöku Íslands á gerðum í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, um viðskipti með dýraafurðir. Samtals munu því útgjöld Matvælastofnunar vegna þessara lagabreytinga verða 137,7 m.kr. á ári þegar þær eru að fullu komnar fram. Auk þess er gert er ráð fyrir að útgjöld aðalskrifstofu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis vegna þessara áforma muni aukast um 2 m.kr. á árinu 2008 og verða 12 m.kr. á ári eftir það. Er sá kostnaður vegna ráðningar tveggja sérfræðinga, hagsmunagæslu erlendis, birtingar á gerðum og kynningar innan lands á reglunum. Heildarkostnaður ríkissjóðs vegna frumvarpsins verður því 37,2 m.kr. árið 2008, 87,4 m.kr. árið 2009 og 90,6 m.kr. árið 2010 til viðbótar við 70 m.kr. framlag til þessara verkefna í fjárlögum 2007. Gert hefur verið ráð fyrir þessum útgjöldum í fjárlagafrumvarpi 2009 fyrir utan 10 m.kr. einskiptiskostnað vegna breytinga á tölvukerfi og 10,9 m.kr. þátttökugjalds að Matvælaöryggisstofnun Evrópu.

419. Frumvarp til laga [259. mál]

um greiðslur til líffæragjafa.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI
Gildissvið, markmið og orðskýringar.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um réttindi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar þegar þeir geta hvorki stundað vinnu né nám vegna líffæragjafar.

2. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja líffæragjöfum tímabundna fjárhagsaðstoð þegar þeir geta hvorki stundað vinnu né nám vegna líffæragjafar.

3. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Líffæragjafi:* Einstaklingur sem er á lífi og gengst undir læknismeðferð í því skyni að gefa öðrum einstaklingi líffæri.
2. *Líffæragjöf:* Læknismeðferð sem einstaklingur gengst undir í því skyni að gefa öðrum einstaklingi líffæri.
3. *Launamaður:* Hver sá sem vinnur launuð störf í annarra þjónustu í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði.
4. *Sjálfstætt starfandi einstaklingur:* Hver sá sem starfar við eigin rekstur, án tillits til félagsforms, í því umfangi að honum er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda, skil á tryggingagjaldi.
5. *Nám:* 75–100% samfellt nám, verklegt eða bóklegt, í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi sem stendur yfir í a.m.k. sex mánuði. Enn fremur er átt við 75–100% nám á háskólastigi og annað nám sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.
6. *Samfellt starf:* Með samfelldu starfi er átt við a.m.k. 25% starf í hverjum mánuði á innlendum vinnumarkaði yfir tiltekið tímabil. Enn fremur teljast til samfellds starfs þau tilvik sem talin eru upp í a–e-lið 2. mgr. 9. gr.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

4. gr.
Yfirstjórn.

Félags- og tryggingamálaráðherra fer með yfirstjórn greiðslna til líffæragjafa samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Framkvæmdaraðili.

Félags- og tryggingamálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða aðila hann felur framkvæmd laga þessara.

Kostnaður vegna framkvæmdar á lögum þessum greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

6. gr.

Umsókn um greiðslur.

Líffæragjafi skal sækja um greiðslur skv. III kafla laganna til framkvæmdaraðila skv. 5. gr. laganna. Umsókn líffæragjafa sem er launamaður eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. 3. eða 4. tölul. 3. gr., skal meðal annars fylgja vottorð sérfræðilæknis sem annast líffæragjöfina um óvinnufærni líffæragjafans, staðfesting frá vinnuveitanda um að líffæragjafinn hafi lagt niður störf og launagreiðslur fallið niður, sem og staðfesting á starfstímabili hans. Umsókn líffæragjafa í námi, sbr. 5. tölul. 3. gr., skal meðal annars fylgja vottorð sérfræðilæknis sem annast líffæragjöfina um að viðkomandi verði að gera hlé á námi sínu vegna líffæragjafar og vottorð frá skóla um að líffæragjafi hafi gert hlé á námi og um fyrri námsvist. Framkvæmdaraðila er heimilt að óska eftir að aðrar upplýsingar fylgi með umsókn líffæragjafa um greiðslur samkvæmt lögum þessum telji framkvæmdaraðili slíkt nauðsynlegt. Umsókn skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum og undirrituð af líffæragjafanum.

Framkvæmdaraðila er heimilt að óska eftir umsögn frá þeim aðilum sem hann telur ástæðu til hverju sinni vegna einstakra umsókna um greiðslur samkvæmt lögum þessum.

Skattyfirvöld, sjúkratryggingastofnun, Tryggingastofnun ríkisins og Vinnumálastofnun skulu láta framkvæmdaraðila í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Kæruheimild.

Heimilt er að kæra ákvarðanir framkvæmdaraðila um réttindi líffæragjafa sem teknar eru á grundvelli laga þessara til úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála.

Kæra skal berast nefndinni skriflega innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Kæra telst nægilega snemma fram komin ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist nefndinni eða verið afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

Úrskurðarnefndin skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að nefndinni berst mál til úrskurðar.

Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

III. KAFLI
Réttindi líffæragjafa.

8. gr.

Skilyrði fyrir réttindum líffæragjafa á vinnumarkaði.

Líffæragjafi, sbr. 3. eða 4. tölul. 3. gr., sem verður óvinnufær vegna líffæragjafar getur átt rétt á tekjutengdum greiðslum skv. 10. gr. í allt að þrjá mánuði samkvæmt mati framkvæmdaraðila.

Líffæragjafi getur átt rétt á tekjutengdum greiðslum skv. 1. mgr. hafi hann verið í samfelldu starfi á innlendum vinnumarkaði í sex mánuði, sbr. 6. tölul. 3. gr., áður en hann verður

óvinnufær vegna líffæragjafar. Til þess að finna vinnuframlag líffæragjafa sem er sjálfstætt starfandi einstaklingur skal miðað við skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi fyrir sama tímabil. Enn fremur er skilyrði að líffæragjafinn sé óvinnufær, sbr. þó 11. gr., og að fyrir liggi vottorð sérfræðilæknis sem annast líffæragjöfina um hvenær líffæragjafinn varð óvinnufær vegna líffæragjafarinnar sem og í hversu langan tíma hann er óvinnufær. Þá er skilyrði að líffæragjafinn eigi lögheimili hér á landi þegar hann verður óvinnufær vegna líffæragjafar sem og þann tíma sem greiðslur eru inntar af hendi.

Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um rétt líffæragjafa til greiðslna samkvæmt ákvæði þessu.

9. gr.

Þátttaka á vinnumarkaði.

Þátttaka á innlendum vinnumarkaði í skilningi 8. gr. felur í sér að starfa í annarra þjónustu í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði eða að starfa við eigin rekstur, án tillits til félagsforms, í því umfangi að hlutaðeiganda er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda, skil á tryggingagjaldi. Fullt starf miðast við 172 vinnustundir á mánuði, en þó skal jafnan tekið tillit til fjölda vinnustunda sem samkvæmt kjarasamningi teljast fullt starf.

Til þátttöku á vinnumarkaði telst enn fremur:

a. orlof eða leyfi samkvæmt lögum, kjarasamningi eða ráðningarsamningi þótt ólaunað sé að hluta eða öllu leyti,
b. sá tími sem líffæragjafi fær greiddar atvinnuleysisbætur, er á biðtíma eftir slíkum bótum eða hefði átt rétt á þeim hefði hann skráð sig án atvinnu samkvæmt gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar,
c. sá tími sem líffæragjafi fær greidda sjúkra- eða slysadagpeninga, er á biðtíma eftir dagpeningum eða hefði átt rétt á þeim hefði hann sótt um þá til sjúkratryggingastofnunar samkvæmt gildandi lögum um sjúkratryggingar, eða fær greiðslur úr sjúkrasjóði stéttarfélags, enda hafi hann látið af launuðum störfum af heilsufarsástæðum,
d. sá tími sem líffæragjafi nýtur bóta frá tryggingafélagi sem koma í stað launa vegna tímabundins atvinnutjóns af völdum slyss,
e. sá tími sem líffæragjafi fær tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna eða hefði átt rétt á slíkum greiðslum hefði hann sótt um þær til Tryggingastofnunar ríkisins.

Vinnumálastofnun, sbr. lög um atvinnuleysistryggingar, metur hvort líffæragjafi hefði átt rétt á atvinnuleysisbótum hefði hann skráð sig án atvinnu á þeim tíma sem um er að ræða, sbr. 2. tölul. 2. mgr. Um rétt til atvinnuleysisbóta fer samkvæmt ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar.

Sjúkratryggingastofnun, sbr. lög um sjúkratryggingar, metur hvort líffæragjafi hefði átt rétt á sjúkra- eða slysadagpeningum hefði hann sótt um þá fyrir þann tíma sem um er að ræða, sbr. 3. tölul. 2. mgr. Um rétt til sjúkradagpeninga fer samkvæmt ákvæðum laga um sjúkratryggingar.

Tryggingastofnun ríkisins metur á grundvelli laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna hvort líffæragjafi hefði átt rétt á tekjutengdum greiðslum skv. III. kafla laganna hefði hann sótt um slíkar greiðslur. Um rétt til greiðslnanna fer samkvæmt ákvæðum laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

10. gr.

Tilhögun greiðslna til líffæragjafa á vinnumarkaði.

Tekjutengdar greiðslur skv. 8. gr. til líffæragjafa sem er launamaður, sbr. 3. tölul. 3. gr., skulu nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við tekjuárið á undan því ári sem viðkomandi leggur niður störf vegna líffæragjafar. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald, sem og greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkra- eða slysadagpeningar, greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga, bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns eða tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. 2. mgr. 9. gr. Þegar um er að ræða greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóði stéttarfélags, bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns eða tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna skal þó taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við. Einungis skal miða við meðaltal heildarlauna fyrir þá mánuði á viðmiðunartímabili sem líffæragjafi hefur verið á innlendum vinnumarkaði, sbr. einnig 2. mgr. 9. gr. Aldrei skal þó miða við færri mánuði en fjóra við útreikning á meðaltali heildarlauna.

Tekjutengdar greiðslur skv. 8. gr. til líffæragjafa sem er sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. 4. tölul. 3. gr., skulu nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við tekjuárið á undan því ári sem viðkomandi leggur niður störf vegna líffæragjafar. Að öðru leyti gildir ákvæði 1. mgr.

Þrátt fyrir 1.–2. mgr. skal hámarksfjárhæð tekjutengdra greiðslna í hverjum mánuði aldrei nema hærri fjárhæð en 535.700 kr. Enn fremur skal lágmarksfjárhæð tekjutengdra greiðslna aldrei nema lægri fjárhæð en 134.300 kr.

Útreikningar á tekjutengdum greiðslum skv. 1.–2. mgr. skulu byggjast á upplýsingum sem framkvæmdaraðili aflar um tekjur viðkomandi líffæragjafa úr skattframtölum, staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá skattyfirvalda. Framkvæmdaraðili skal leita staðfestingar hjá skattyfirvöldum á því að upplýsingar úr staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá hafi verið í samræmi við álagningu skattyfirvalda.

Réttur til tekjutengdra greiðslna til líffæragjafa skv. 1. mgr. hefst frá og með þeim degi er fullar launagreiðslur í forföllum vegna líffæragjafar falla niður frá vinnuveitanda. Viðkomandi líffæragjafi skal leggja fram vottorð vinnuveitanda um að líffæragjafi hafi lagt niður störf og að launagreiðslur hafi fallið niður. Sjálfstætt starfandi einstaklingur telst hafa lagt niður störf þegar ekki er greitt reiknað endurgjald vegna starfa hans.

Tekjutengdar greiðslur fyrir undanfarandi mánuð eða hluta úr mánuði skulu inntar af hendi eftir á, fimmtánda virka dag hvers mánaðar, enda hafi líffæragjafi skilað inn nauðsynlegum gögnum til framkvæmdaraðila fyrir fimmta virka dag mánaðarins.

Greiðslur frá vinnuveitanda eða öðrum aðilum til líffæragjafa, fyrir sama tímabil og greitt er fyrir, sem eru hærri en nemur mismun greiðslna samkvæmt lögum þessum og meðaltals heildarlauna líffæragjafans á viðmiðunartímabili skv. 1. eða 2. mgr. koma til frádráttar greiðslum samkvæmt ákvæði þessu. Þó er heimilt að taka tillit til kjarasamningsbundinna launahækkana, annarra kjarasamningsbundinna greiðslna og launabreytinga sem rekja má til breytinga á störfum líffæragjafans. Hið sama gildir um greiðslur til líffæragjafa sem er sjálfstætt starfandi einstaklingur eftir því sem við getur átt.

Fjárhæð hámarksgreiðslna og lágmarksgreiðslna skv. 3. mgr. kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þá er félags- og tryggingamálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjár-

hæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar framangreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð greiðslna skal félags- og tryggingamálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.

11. gr.

Greiðslur samhliða minnkuðu starfshlutfalli.

Þrátt fyrir skilyrði 2. mgr. 8. gr. um óvinnufærni getur líffæragjafi, sbr. 3. eða 4. tölul. 3. gr., sem kemur aftur til starfa eftir líffæragjöf í lægra starfshlutfalli en hann var í fyrir líffæragjöfina átt rétt á hlutfallslegum greiðslum skv. 8. og 10. gr. í samræmi við minnkað starfshlutfall. Skilyrði er að ástæður þess að líffæragjafi er í lægra starfshlutfalli en áður megi rekja til líffæragjafarinnar og skal líffæragjafi leggja fram vottorð sérfræðilæknis sem annast líffæragjöfina um að hann sé einungis fær um að sinna starfi sínu að ákveðnum hluta vegna líffæragjafar. Fullar greiðslur skulu miðast við starfshlutfall líffæragjafans á ávinnslutímabili skv. 2. mgr. 8. gr. Að öðru leyti gilda skilyrði 8. og 10. gr. um greiðslur til líffæragjafans samhliða minnkuðu starfshlutfalli.

Óski líffæragjafi eftir greiðslum skv. 1. mgr. skal greiða 80% af meðaltali heildarlauna skv. 1.–2. mgr. 10. gr., eftir því sem við á, í samræmi við það starfshlutfall sem hann minnkar við sig vinnu. Heimilt er sem því nemur að lengja greiðslutímabil sem líffæragjafi hefði ella átt rétt á greiðslum skv. 8. og 10. gr. hefði hann lagt niður störf að fullu.

Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um rétt líffæragjafa til greiðslna samkvæmt ákvæði þessu.

12. gr.

Uppsöfnun lífeyrisréttinda og stéttarfélagsgjöld.

Líffæragjafi, sbr. 3. eða 4. tölul. 3. gr., greiðir að lágmarki 4% af greiðslum skv. 8., 10. og 11. gr. í lífeyrissjóð og ríkissjóður greiðir 8% mótframlag. Líffæragjafa er að auki heimilt að greiða í séreignarsjóð.

Líffæragjafa er heimilt að óska eftir því að halda áfram að greiða til stéttarfélags síns og sér þá framkvæmdaraðili um að koma greiðslunni til hlutaðeigandi stéttarfélags.

13. gr.

Skilyrði fyrir réttindum líffæragjafa í námi.

Líffæragjafi sem gerir hlé á námi, sbr. 5. tölul. 3. gr., vegna líffæragjafar getur átt rétt á greiðslum skv. 1. mgr. 15. gr. í allt að þrjá mánuði samkvæmt mati framkvæmdaraðila.

Skilyrði eru meðal annars að líffæragjafinn hafi verið í námi, sbr. 5. tölul. 3. gr., í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en hann gerði hlé á námi vegna líffæragjafar. Enn fremur er skilyrði að líffæragjafi hafi ekki getað stundað nám sitt vegna líffæragjafar samkvæmt vottorði þess sérfræðilæknis sem annast líffæragjöfina og að hann hafi þar af leiðandi þurft að gera hlé á námi sínu í a.m.k. eina önn. Þá er það skilyrði að líffæragjafinn eigi lögheimili hér á landi þegar hann gerir hlé á námi sínu vegna líffæragjafar sem og það tímabil sem greitt er fyrir.

Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um rétt líffæragjafa til greiðslna samkvæmt ákvæði þessu.

14. gr.

Undanþágur frá skilyrðum fyrir réttindum líffæragjafa í námi.

Heimilt er að veita undanþágu frá lögheimilisskilyrði 2. mgr. 13. gr. hafi líffæragjafi flutt lögheimili sitt tímabundið vegna náms erlendis eftir að hafa átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. fimm ár fyrir flutning lögheimilis.

Þrátt fyrir skilyrði 2. mgr. 13. gr., um nám, sbr. 5. tölul. 3. gr., í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en líffæragjafi gerir hlé á námi sínu vegna líffæragjafar samkvæmt vottorði sérfræðilæknis sem annast líffæragjöfina, getur líffæragjafi sem uppfyllir ekki það skilyrði átt rétt á greiðslum skv. 13. og 15. gr. hafi hann verið í samfelldu starfi í a.m.k. sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fram til þess að námið hófst. Hið sama á við hafi líffæragjafi lokið a.m.k. einnar annar námi, sbr. 5. tölul. 3. gr., og verið síðan í samfelldu starfi á innlendum vinnumarkaði. Skilyrði er að nám og starf hafi varað samfellt í a.m.k. sex mánuði.

15. gr.

Tilhögun greiðslna til líffæragjafa í námi.

Greiðsla til líffæragjafa skv. 13. gr. skal nema 134.300 kr. á mánuði.

Greiðslur skv. 1. mgr. reiknast frá og með þeim degi er líffæragjafi verður að gera hlé á námi sínu vegna líffæragjafar samkvæmt vottorði þess sérfræðilæknis sem annast líffæragjöfina. Þær skulu inntar af hendi eftir á í einu lagi þegar önn viðkomandi skóla er lokið og staðfest er að líffæragjafi hafi gert hlé á námi vegna líffæragjafarinnar. Líffæragjafi skal leggja fram vottorð skóla um að hann hafi gert hlé á námi á önninni sem og um fyrri námsvist.

Fjárhæð greiðslna skv. 1. mgr. kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þá er félags- og tryggingamálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar framangreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð greiðslna skal félags- og tryggingamálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.

Greiðslur til líffæragjafa frá öðrum aðilum fyrir sama tímabil skulu koma til frádráttar greiðslum samkvæmt ákvæði þessu.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Ósamrýmanleg réttindi.

Líffæragjafi sem fær greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar á ekki rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum fyrir sama tímabil. Sama á við um líffæragjafa sem fær lífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Líffæragjafi sem fær greiðslur í fæðingarorlofi eða fær greiddan fæðingarstyrk samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof öðlast ekki jafnframt rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum fyrir sama tímabil. Sama á við um líffæragjafa sem fær geiðslur samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

17. gr.

Skuldajöfnuður.

Hafi líffæragjafi fengið hærri greiðslur en honum bar samkvæmt lögum þessum er heimilt að skuldajafna ofgreiddum greiðslum á móti inneign líffæragjafans vegna ofgreiddra skatta,

barnabóta og vaxtabóta samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt. Fjármálaráðherra skal setja í reglugerð nánari reglur um skuldajöfnun og forgangsröð.

Um innheimtu ofgreidds fjár samkvæmt lögum þessum fer skv. 111. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Félags- og tryggingamálaráðherra getur þó falið sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu.

18. gr.

Reglugerðarheimild.

Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi og eiga ákvæði þeirra við um líffæragjafa sem verða óvinnufærir vegna líffæragjafar eftir gildistöku laganna enda séu skilyrði laganna uppfyllt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Félags- og tryggingamálaráðherra og heilbrigðisráðherra skipuðu sérstakan vinnuhóp í nóvember 2007 sem ætlað var að kanna stöðu lifandi líffæragjafa og þá einkum með tilliti til greiðslna vegna tímabundinnar óvinnufærni eftir líffæragjöf. Fulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins áttu sæti í vinnuhópnum auk fulltrúa stjórnvalda og skilaði hópurinn skýrslu til ráðherranna í apríl 2008. Frumvarp þetta er byggt á tillögum vinnuhópsins en þar var meðal annars lagt til að yfirstjórn greiðslna til líffæragjafa á vinnumarkaði ætti undir málefnasvið félags- og tryggingamálaráðherra enda um að ræða réttindi til greiðslna vegna tímabundinnar fjarveru fólks af vinnumarkaði sem fjármagnaðar væru úr ríkissjóði. Var efni laga nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, með síðari breytingum, haft til hliðsjónar eins og vinnuhópurinn hafði lagt til. Þá hyggst heilbrigðisráðherra breyta ákvæðum tveggja reglugerða, annars vegar reglugerðar um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu og hins vegar reglugerðar um ferðakostnað sjúkratryggðra og aðstandenda þeirra innan lands, í því skyni að tryggja að líffæragjafar sem eru sjúkratryggðir hér á landi þurfi hvorki að greiða hlutdeild sjúkratryggðs í heilbrigðisþjónustu né óhjákvæmilegan ferðakostnað.

Vinnuhópurinn kynnti sér líffæraígræðslur hér á landi en í skýrslu hans kemur meðal annars fram að alvarleg bilun lífsnauðsynlegra líffæra, svo sem hjarta, lifrar, lungna og nýrna, hefur verið vaxandi heilbrigðisvandamál á Vesturlöndum á síðustu árum. Ígræðsla líffæris er þá í mörgum tilvikum besta meðferðarúrræðið sem völ er á. Líffærin fást aðallega frá látnum líffæragjöfum en einnig geta heilbrigðir einstaklingar sem eru á lífi gefið nýra og hluta lifrar. Sem dæmi er nefnt að lifandi nýrnagjöfum hafi víða fjölgað mikið síðustu ár vegna skorts á nýrum frá látnum gjöfum en áhættan sem fylgir slíkri aðgerð sé mjög lítil. Nýru eru þau líffæri sem oftast eru grædd í sjúklinga hér á landi en árlega hefja um tuttugu einstaklingar meðferð við lokastigsnýrnabilun hér á landi. Tvenns konar meðferð er í boði, annars vegar blóðhreinsun, sem kallast skilun, og hins vegar ígræðsla nýra, sem er kjörmeðferð en hentar þó ekki öllum sjúklingum. Nýrnaígræðslur frá lifandi gjöfum hafa verið framkvæmdar hér á landi á Landspítala frá árinu 2003. Fram til ársins 2005 voru að meðaltali gerðar fimm nýrnaígræðslur árlega í sjúklinga sem sjúkratryggðir eru hér á landi en þeim hefur fjölgað nokkuð og frá árinu 2005 og fram til þess tíma er vinnuhópurinn skilaði skýrslu

sinni hefur verið gerð 31 ígræðsla frá lifandi gjöfum og ellefu ígræðslur frá látnum gjöfum. Má gera ráð fyrir að sjúklingum sem þarfnast ígræðslu nýra komi til með að fjölga á næstu árum og til marks um það bendir vinnuhópurinn á að í ársbyrjun 2008 hafi um þrjátíu einstaklingar verið á ýmsum stigum undirbúnings fyrir ígræðslu.

Líffæragjafi sem er á lífi verður í flestum tilvikum óvinnufær í tenglsum við líffæragjöf og þarf því að leggja tímabundið niður störf sé hann virkur þátttakandi á vinnumarkaði. Réttur launafólks til launa í veikindaforföllum samkvæmt kjarasamningum hefur hins vegar ekki verið talinn ná til þessara tilvika, enda ekki um eiginleg sjúkdómstilfelli að ræða. Eðlilegra þykir að líffæragjöfum sé tryggð tímabundin fjárhagsaðstoð með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpi þessu. Sjúkra- og styrktarsjóðir stéttarfélaganna hafa í einhverjum tilvikum veitt félagsmönnum sínum fjárhagslegan stuðning eða greitt dagpeninga vegna ólaunaðrar fjarveru frá vinnu í tengslum við líffæragjöf á grundvelli sérstakra heimilda, enda þótt ekki sé kveðið beint á um slík tilfelli í reglum þeirra.

Með frumvarpi þessu er lagt til að líffæragjafar sem eru launamenn eða sjálfstætt starfandi einstaklingar á innlendum vinnumarkaði og verða óvinnufærir vegna líffæragjafar geti átt rétt á tekjutengdum greiðslum í allt að þrjá mánuði enda hafi þeir verið virkir þátttakendur á vinnumarkaði samfellt í a.m.k. sex mánuði fyrir þann tíma. Í skýrslu vinnuhópsins kemur fram að í langflestum tilvikum séu líffæragjafar komnir til starfa á ný eftir sex vikur en ástæða þyki til að gera ráð fyrir að fjarvistir frá vinnu geti staðið yfir í allt að þrjá mánuði, enda geta tilvikin verið nokkuð misjöfn. Er lagt til að sá sérfræðilæknir sem hefur umsjón með undirbúningi líffæragjafar, aðgerðinni sem og eftirmeðferð, votti um hvenær líffæragjafi verði óvinnufær og hversu lengi hann er óvinnufær vegna líffæragjafarinnar. Skilyrði er jafnframt að líffæragjafi hafi lögheimili hér á landi þegar hann verður óvinnufær vegna líffæragjafar og þann tíma sem greiðslur standa yfir. Það komi síðan í hlut framkvæmdaraðila að meta aðstæður líffæragjafa heildstætt og þá í hversu langan tíma hann geti átt rétt á greiðslum. Gert er ráð fyrir að greiðslur reiknist frá og með þeim degi er vinnuveitandi hættir að greiða starfsmanni sínum full laun í forföllum hans í tengslum við líffæragjöfina.

Vinnuhópurinn fjallaði einungis um rétt líffæragjafa sem eru starfandi á innlendum vinnumarkaði en lagði áherslu á að skoðuð yrði sérstaklega staða þeirra líffæragjafa sem eru námsmenn. Við nánari athugun þótti ástæða til að veita líffæragjöfum sem eru námsmenn ákveðin réttindi, enda getur líffæragjöf falið í sér fjárhagslegt óhagræði fyrir námsmenn í tilvikum þegar líffæragjöfin hefur veruleg áhrif á námsframvindu þeirra. Í slíkum tilvikum eiga námsmenn á hættu að eiga ekki rétt á námslánum eða öðrum fjárhagslegum stuðningi sem byggist yfirleitt á að námsmaður fullnægi þeim skilyrðum sem viðkomandi skóli setur um eðlilega námsframvindu. Enn fremur getur líffæragjöfin haft áhrif á getu líffæragjafans til að stunda vinnu samhliða náminu sem ætluð var honum til framfærslu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að líffæragjöfum sem eru virkir þátttakendur á vinnumarkaði verði veittur réttur til tímabundinna greiðslna þegar þeir þurfa að leggja tímabundið niður störf í tengslum við líffæragjöf. Er með þessu átt við að líffæragjafar verði óvinnufærir vegna líffæragjafar og geti þar af leiðandi ekki stundað vinnu sína tímabundið. Bæði er átt við líffæragjafa sem eru launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar en hugtökin eru nánar skilgreind í 3. gr. frumvarpsins. Enn fremur er lagt til að líffæragjöfum sem þurfa að gera hlé á námi vegna líffæragjafar verði veitt ákveðin réttindi til greiðslna við sömu aðstæður. Í frumvarpinu eru

síðan skilgreind nánar þau skilyrði sem verða að vera uppfyllt til þess að líffæragjafi geti átt rétt á greiðslum.

Um 2. gr.

Markmið frumvarps þessa er að tryggja líffæragjöfum sem eru virkir þátttakendur á vinnumarkaði félagslega aðstoð í formi tímabundinnar fjárhagsaðstoðar þurfi þeir að leggja tímabundið niður störf vegna líffæragjafar. Þykir mikilvægt að stjórnvöld komi til móts við líffæragjafa með þessum hætti þar sem reynslan hefur meðal annars sýnt að fjárhagslegar ástæður liggja oft að baki því að einstaklingar treysta sér ekki til að gefa líffæri. Er með frumvarpinu þannig verið að leggja til að líffæragjöfum verði veittur fjárhagslegur stuðningur vegna líffæragjafar til að koma til móts við sannanlegt tekjutap geti þeir ekki stundað vinnu sína í kjölfar líffæragjafar. Enn fremur er frumvarpinu ætlað að koma til móts við aðstæður líffæragjafa sem eru námsmenn og þurfa að gera hlé á námi vegna líffæragjafar.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta hefur að geyma ýmsar orðskýringar, t.d. á hugtökunum „líffæragjafi“ og „líffæragjöf“ í skilningi frumvarpsins. Með líffæragjöf er átt við þá læknismeðferð sem einstaklingur gengst undir í því skyni að gefa öðrum einstaklingi líffæri, þ.m.t. nauðsynlegar rannsóknir sem því geta fylgt. Hér er meðal annars átt við það þegar einstaklingur gefur öðrum einstaklingi nýra, hluta lifrar eða beinmerg. Enn fremur eru hugtökin „launamaður“, „sjálfstætt starfandi einstaklingur“ og „nám“ skýrð en þær orðskýringar eru efnislega samhljóða skilgreiningum í lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, og lögum nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, með síðari breytingum.

Um 4. gr.

Lagt er til að félags- og tryggingamálaráðherra fari með yfirstjórn greiðslna til líffæragjafa samkvæmt frumvarpi þessu. Sú skipan er í samræmi við stefnu stjórnvalda þess efnis að ráðherra vinnumála fari með yfirumsjón þeirra réttinda sem snúa að greiðslum vegna tímabundinnar fjarveru fólks af vinnumarkaði sem fjármagnaðar eru úr ríkissjóði, sbr. meðal annars lög nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, og lög nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, með síðari breytingum.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að félags- og tryggingamálaráðherra ákveði með reglugerð hvaða aðila hann feli framkvæmd efnisákvæða frumvarpsins. Viðkomandi aðila væri þar með meðal annars falið að meta á grundvelli viðeigandi gagna hvort líffæragjafi uppfylli skilyrði laganna til greiðslna, þar á meðal í hversu langan tíma líffæragjafi á rétt á greiðslum skv. 8.–11. gr. og 13.–15. gr. frumvarpsins.

Enn fremur er gert ráð fyrir að kostnaði vegna framkvæmdar á ákvæðum frumvarpins verði mætt með sérstöku framlagi á fjárlögum ár hvert í samræmi við áætlun þar um.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að líffæragjafi sæki um greiðslur skv. III. kafla frumvarpsins til framkvæmdaraðila skv. 5. gr. frumvarpsins. Umsóknin skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum og er mikilvægt að nauðsynleg gögn fylgi umsókn líffæragjafans en þau gögn sem

þurfa að fylgja með svo unnt verði að afgreiða umsóknir eru ekki tæmandi talin í frumvarpinu. Ástæðan er sú að aðstæður líffæragjafa kunna að vera misjafnar og þarf framkvæmdaraðila að vera unnt að meta þær í hverju tilviki fyrir sig.

Enn fremur er lagt til að framkvæmdaraðila verði heimilt að óska eftir umsögn frá þeim aðilum sem hann telur ástæðu til hverju sinni vegna umsókna sem honum berast um greiðslur samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa.

Þá er lagt til að tiltekin stjórnvöld veiti framkvæmdaraðila upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd frumvarpsins en sérstaklega þykir mikilvægt að unnt sé að byggja á upplýsingum frá skattyfirvöldum við útreikninga á tekjutengdum greiðslum til líffæragjafa sem eru virkir þátttakendur á vinnumarkaði.

Um 7. gr.

Lagt er til að líffæragjöfum verði heimilt að kæra til úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála ákvarðanir framkvæmdaraðila um réttindi þeirra sem teknar eru á grundvelli frumvarps þessa. Ekki þykir ástæða til að setja á laggirnar nýja úrskurðarnefnd, enda má gera ráð fyrir að eðli mála sem upp kunna að koma geri sambærilegar kröfur um hæfni nefndarmanna og gerðar eru við skipan þeirrar nefndar, en nefndin fjallar bæði um stjórnsýslukærur á grundvelli laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, sem og laga nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, með síðari breytingum. Skv. 5. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof skal einn nefndarmanna uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara en annar skal vera læknir. Einn nefndarmaður er skipaður án tilnefningar og er ekki sérstaklega kveðið á um hæfni hans. Gert er ráð fyrir þriggja mánaða kærufresti frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun framkvæmdaraðila og er það í samræmi við 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga.

Í 3. mgr. er tilgreindur viðmiðunartími um afgreiðslu mála hjá nefndinni sem verður að teljast eðlilegur málshraði þegar litið er til þess að veita skal aðilum kost á að tjá sig um málið áður en það er tekið til úrskurðar. Séu mál sérstaklega umfangsmikil og tímafrekt reynist að undirbúa þau og rannsaka með viðunandi hætti er hugsanlegt að afgreiðslutími nefndarinnar lengist að sama skapi. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að 6. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, og ákvæði stjórnsýslulaga gildi um málsmeðferð nefndarinnar.

Um 8. gr.

Lagt er til að líffæragjafar sem eru starfandi á innlendum vinnumarkaði og verða óvinnufærir vegna líffæragjafar geti átt rétt á tekjutengdum greiðslum í allt að þrjá mánuði samkvæmt mati framkvæmdaraðila. Á þetta bæði við um líffæragjafa sem eru launamenn og þá sem eru sjálfstætt starfandi einstaklingar. Þannig fellur það í hlut framkvæmdaraðila að meta hvort og í hversu langan tíma líffæragjafi á rétt á greiðslum samkvæmt frumvarpi þessu. Skilyrði fyrir réttinum til greiðslna eru meðal annars að líffæragjafi hafi verið samfellt í sex mánuði á innlendum vinnumarkaði áður en hann verður óvinnufær vegna líffæragjafar. Er hér átt við almanaksmánuði. Þegar líffæragjafi er sjálfstætt starfandi einstaklingur skal miða við skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi fyrir sama tímabil. Enn fremur er það skilyrði að líffæragjafi verði óvinnufær, sbr. þó 11. gr. frumvarps þessa, vegna líffæragjafarinnar en sérfræðilæknir sem annast læknismeðferð í tengslum við líffæragjöfina skal votta hvenær líffæragjafinn varð óvinnufær og hversu lengi viðkomandi líffæragjafi er óvinnufær vegna líf-

færagjafarinnar. Enn fremur er það skilyrði að líffæragjafinn eigi lögheimili hér á landi þegar hann verður óvinnufær sem og þann tíma sem greiðslur eru inntar af hendi.

Þá er lagt til að félags- og tryggingamálaráðherra verði heimilt að kveða í reglugerð nánar á um rétt líffæragjafa samkvæmt ákvæðinu. Með þessu er átt við að ráðherra verði heimilt að útfæra nánar hina matskenndu lagareglu sem ákvæðið felur í sér til leiðbeiningar fyrir framkvæmdaraðila. Þegar stjórnvaldi er falið að meta hvernig atvik og aðstæður þess máls er fyrir því liggur falla að settri lagareglu er því meðal annars rétt og skylt að líta til málefnalegra sjónarmiða en einnig til reglugerðarákvæða sem útfæra nánar hina matskenndu reglu. Slík reglugerð getur verið til þess fallin að gæta betur samræmis í stjórnsýslufframkvæmd og gera almenningi auðveldara að sjá fyrir niðurstöður stjórnvalds. Með stjórnsýslufyrirmælum er matið takmarkað að ákveðnu leyti enda þótt slíkar reglur geti ekki afnumið það skyldubundna mat sem stjórnvöldum er falið með lögum. Í þessu sambandi er meðal annars lagt til að félags- og tryggingamálaráðherra verði heimilt að setja reglur um til hvaða atriða framkvæmdaraðili skuli líta þegar teknar eru ákvarðanir um réttindi líffæragjafa samkvæmt ákvæðinu.

Um 9. gr.

Aðstæður fólks á vinnumarkaði geta verið misjafnar þar sem upp geta komið tímabundnar aðstæður, svo sem atvinnumissir, slys eða barnsfæðing, sem valda því að fólk getur tímabundið ekki tekið virkan þátt á vinnumarkaði. Fullnægir það því ekki skilyrði um sex mánaða samfellt starf á vinnumarkaði á þessu tímabili og ætti því strangt til tekið ekki rétt á slíkum vinnumarkaðstengdum greiðslum sem hér eru lagðar til kæmi til líffæragjafar á umræddu tímabili. Hins vegar hefur tíðkast við framkvæmd sambærilegra greiðslna að jafna tilteknum aðstæðum við þátttöku á vinnumarkaði og eru þær tæmandi taldar í a–e-lið 2. mgr. ákvæðis þessa. Ástæðan er einkum sú að ekki hefur þótt sanngjarnt að svo tímabundnar aðstæður komi í veg fyrir að fólk missi áður áunninn rétt sinn til vinnumarkaðstengdra greiðslna sem þessara komi upp þær aðstæður að greiðslurnar geti átt við. Það hvort tímabundin fjarvera fólks af vinnumarkaði falli undir þau tilvik sem talin eru upp í b-, c- og e-lið 2. mgr. er þeirra að meta sem fara með framkvæmd hlutaðeigandi laga, sbr. 3.–5. mgr. ákvæðisins. Efnislega samhljóða ákvæði er jafnframt að finna í lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, og lögum nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, með síðari breytingum.

Um 10. gr.

Lagt er til að greiðslur til líffæragjafa sem verða óvinnufærir vegna líffæragjafar og leggja þar af leiðandi niður störf miðist við ákveðið hlutfall fyrri tekna þeirra fyrir störf þeirra á innlendum vinnumarkaði, að uppfylltum skilyrðum 8. gr. laganna. Þannig er miðað við að líffæragjafi sem er launamaður eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. 3. eða 4. tölul. 3. gr. frumvarpsins geti átt rétt á greiðslum sem nema 80% af meðaltali heildarlauna á viðmiðunartímabilinu, sem tekur til tekjuársins á undan því ári sem hann leggur niður störf vegna líffæragjafar. Með tekjuári er átt við almanaksár. Skal ekki draga frá þann tíma sem viðkomandi líffæragjafi hefur verið í orlofi eða leyfi samkvæmt lögum, kjarasamningi eða ráðningarsamningi þótt ólaunaður sé að hluta eða öllu leyti eða önnur þau tilvik sem talin eru í a–e-lið 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–2. mgr. greinarinnar er annars vegar gert ráð fyrir hámarki og hins vegar lágmarki á mánaðarlegar greiðslur til líffæragjafa. Lagt er til að hámarkið miðist við

meðalmánaðartekjur viðkomandi líffæragjafa að fjárhæð 669.625 kr. þannig að mánaðarlegar greiðslur til hans verði að hámarki 535.700 kr. Er miðað við sama hámark á greiðslur og gildir samkvæmt lögum nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, með síðari breytingum. Enn fremur er gert ráð fyrir að lágmarksgreiðslur verði ekki lægri en lagt er til að námsmenn geti átt rétt á skv. 1. mgr. 15. gr. frumvarps þessa.

Hafi líffæragjafi ekki verið á vinnumarkaði á öllu viðmiðunartímabilinu skal miða við meðalheildarlaun hans fyrir það tímabil sem hann hefur verið á innlendum vinnumarkaði, sbr. einnig a–e-lið 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins. Skal þá alltaf miða við almanaksmánuði. Er þá að lágmarki unnt að miða við fjóra almanaksmánuði við útreikning á meðaltali heildarlauna líffæragjafa enda ætíð gert að skilyrði að líffæragjafi uppfylli skilyrði 8. gr. frumvarpsins um sex mánaða samfellt tímabil á innlendum vinnumarkaði áður en hann leggur niður störf vegna líffæragjafar til að öðlast rétt á tekjutengdum greiðslum. Þá er miðað við heildarlaun en til launa skulu teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald sem og greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkra- eða slysadagpeningar, greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga, bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns eða tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. a–e-lið 2. mgr. 9. gr. frumvarps þessa. Þegar um er að ræða greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóði stéttarfélags, bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns eða tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna skal þó miða við þær viðmiðunartekjur sem þær greiðslur miðuðust við. Hafi því tímabili sem líffæragjafi á rétt á tekjutengdum atvinnuleysisbótum verið lokið skal engu síður miða við viðmiðunartekjur hans sem nýttar voru fyrir tekjutengda tímabilið. Þó er ekki átt við styrki sem líffæragjafi kann að hafa fengið úr Atvinnuleysistryggingasjóði eða sjúkrasjóðum stéttarfélaga á tímabilinu heldur eingöngu þær greiðslur sem ætlað er að koma í stað launa. Jafnframt skiptir ekki máli þótt líffæragjafi hafi verið í vinnu hjá fleirum en einum vinnuveitanda á umræddu tímabili.

Lagt er til að framkvæmdaraðili leiti staðfestingar hjá skattyfirvöldum á að upplýsingar úr staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá hafi verið í samræmi við álagningu skattyfirvalda er álagningin liggur fyrir að því er varðar viðmiðunartímabil samkvæmt ákvæði þessu. Tekjur líffæragjafa eru færðar inn í staðgreiðsluskrá tveimur mánuðum eftir þann mánuð sem þær eru greiddar fyrir og ættu því að liggja fyrir þegar sótt er um tekjutengdar greiðslur samkvæmt ákvæði þessu. Í þeim tilgangi að auðvelda framkvæmdaraðila starf sitt er skattyfirvöldum gert skylt að láta honum í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd frumvarps þessa, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

Þá er lagt til að líffæragjafi öðlist rétt til greiðslna þegar fullar launagreiðslur frá vinnuveitanda hafa fallið niður í forföllum vegna líffæragjafar. Með fullum launagreiðslum er vísað til þess að vinnuveitandi geti áfram greitt starfsmanni sínum laun samkvæmt kjarasamningi, ráðningarsamningi eða einhliða ákvörðun sinni til hagsbóta fyrir starfsmanninn. Þykir því ekki ástæða til að líffæragjafi njóti greiðslna samkvæmt frumvarpi þessu á sama tíma. Engu síður er gert ráð fyrir að vinnuveitandi geti greitt starfsmanni mismun greiðslnanna og launa starfsmannsins án þess að það skerði greiðslur til viðkomandi starfsmanns samkvæmt frumvarpi þessu. Í tilvikum þegar líffæragjafar fá greidd laun frá vinnuveitanda og/eða öðrum aðilum, t.d. sjúkra- og styrktarsjóðum stéttarfélaga, sem reynast hærri en sem nemur mismun greiðslnanna og meðaltals heildarlauna líffæragjafa á viðmiðunartímabili skv. 1.–3.

mgr. er gert ráð fyrir að viðbótin komi til frádráttar greiðslunum. Er þannig ekki gert ráð fyrir að líffæragjafar hagnist fjárhagslega við þessar aðstæður.

Um 11. gr.

Áhersla er lögð á sveigjanleika þannig að líffæragjafanum verði gert kleift að hefja sem fyrst aftur þátttöku á vinnumarkaði þrátt fyrir að hafa ekki fulla starfsgetu vegna líffæragjafarinnar án þess að eiga á hættu að missa að fullu þær greiðslur sem lagðar eru til samkvæmt frumvarpi þessu. Þess vegna er lagt til að þrátt fyrir skilyrði 8. gr. um óvinnufærni geti líffæragjafi sem á þess kost að sinna starfi sínu í lægra starfshlutfalli en hann var í fyrir líffæragjöfina, eða býðst að hefja önnur störf í lægra starfshlutfalli, átt rétt á hlutfallslegum greiðslum skv. 8. og 10. gr. frumvarps þessa í samræmi við hið minnkaða starfshlutfall. Skilyrði er að sérfræðilæknir sá sem annaðist læknismeðferðina í tengslum við líffæragjöfina votti að líffæragjafinn sé einungis fær um að sinna starfi sínu að ákveðnum hluta vegna líffæragjafarinnar enda skilyrði að rekja megi ástæður þess að hann sé í lægra starfshlutfalli en áður til líffæragjafarinnar. Enn fremur er gert ráð fyrir að heimilt sé að lengja greiðslutímabilið sem hann ella hefði átt rétt á hefði hann lagt niður störf að fullu sem því nemur og skulu fullar greiðslur miðast við starfshlutfall líffæragjafans á ávinnuslutímabilinu skv. 2. mgr. 8. gr. frumvarps þessa. Sem dæmi má nefna líffæragjafa sem hefur verið í 80% starfi á vinnumarkaði með 200.000 kr. í mánaðartekjur og á rétt á greiðslum í allt að þrjá mánuði samkvæmt frumvarpi þessu að uppfylltum öllum skilyrðum. Leggi líffæragjafinn niður störf að fullu á hann rétt á sem nemur 160.000 kr. tekjutengdum greiðslum þann tíma. Geti líffæragjafinn hins vegar hafið störf eftir einn mánuð í 40% starfi ætti hann þá rétt á 80.000 kr. í allt að fjóra mánuði að því gefnu að hann haldi sama starfshlutfalli.

Um 12. gr.

Ákvæðinu er ætlað að tryggja áframhaldandi uppsöfnun lífeyrissjóðsréttinda en lagt er til að líffæragjafi á vinnumarkaði greiði 4% af greiðslum í lífeyrissjóð og ríkissjóður greiði 8% mótframlag. Ekki er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði mótframlag ef líffæragjafi ákveður að greiða framlag í séreignarsjóð. Enn fremur er gert ráð fyrir að líffæragjafi geti óskað eftir því að framkvæmdaraðili dragi stéttarfélagsgjald af greiðslunum og greiði það til hlutaðeigandi stéttarfélags.

Um 13. gr.

Gert er ráð fyrir að líffæragjafi sem þarf að gera hlé á námi vegna líffæragjafar samkvæmt vottorði sérfræðilæknis sem annast líffæragjöfina geti átt rétt á greiðslu í allt að þrjá mánuði samkvæmt mati framkvæmdaraðila. Miðað er við að líffæragjafi hafi verið námsmaður í fullu námi í skilningi frumvarpsins í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en hann verður að gera hlé á námi sínu vegna líffæragjafar. Að þessu skilyrði uppfylltu þykir ljóst að líffæragjafi hafi sannanlega verið námsmaður. Enn fremur er gert ráð fyrir að líffæragjafinn geti ekki stundað nám sitt vegna líffæragjafarinnar samkvæmt vottorði þess sérfræðilæknis sem annast líffæragjöfina. Er ekki gert ráð fyrir að greiðslur geti komið til fyrr en líffæragjöfin hefur haft veruleg áhrif á námsframvindu líffæragjafans og þar með leitt til þess að hann getur ekki aflað sér lífsviðurværis með þeim hætti sem áætlað var þegar ákvörðun um nám var tekið. Er því miðað við að hann hafi þurft að gera hlé á námi sínu í a.m.k. eina önn í viðkomandi skóla. Ástæðan er sú að umræddum greiðslum er ætlað að bæta framfærslumissi líffæragjafans sem námsmanns en ekki ætlað að vera styrkur vegna líffæragjafarinnar.

Um 14. gr.

Lagt er til að heimilt verði að veita undanþágu frá lögheimilisskilyrði 2. mgr. 13. gr. frumvarps þessa í tilvikum þegar líffæragjafar hafa flutt lögheimili sitt tímabundið vegna náms erlendis áður en þeir gera hlé á námi vegna líffæragjafar. Er þá gert að skilyrði að líffæragjafi hafi átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. fimm ár fyrir flutning lögheimilis. Einungis er átt við líffæragjafa sem hefur verið í námi, sbr. 5. tölul. 3. gr., og námið stendur enn yfir.

Auk þessa er lagt til að undanþága verði veitt frá skilyrðinu um lengd skólavistar til að koma eins og frekast er unnt í veg fyrir að líffæragjafar hafi engan rétt samkvæmt frumvarpi þessu þegar þeir hefja störf eftir nám eða hefja nám eftir að hafa verið á vinnumarkaði. Skilyrði er þá að nám og starf hafi varað samfellt í a.m.k. sex mánuði. Efnislega samhljóða undanþágur eru í lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, og lögum nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, með síðari breytingum.

Um 15. gr.

Lagt er til að mánaðarleg greiðsla til líffæragjafa sem verður að gera hlé á námi sínu vegna líffæragjafar samkvæmt vottorði sérfræðilæknis sem annast líffæragjöfina verði 134.300 kr. á mánuði. Við ákvörðun á fjárhæð greiðslnanna var höfð hliðsjón af réttindum samkvæmt lögum nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, með síðari breytingum, sbr. 15. gr. laganna. Er jafnframt miðað við að greiðslurnar verði greiddar eftir á í einu lagi þegar önn viðkomandi skóla er lokið og staðfest er að líffæragjafi hafi sannanlega gert hlé á námi sínu vegna líffæragjafarinnar.

Enn fremur er gert ráð fyrir að greiðslur frá öðrum aðilum til líffæragjafa fyrir sama tímabil komi til frádráttar greiðslunum sem inntar eru af hendi samkvæmt ákvæði þessu. Hér er einkum átt við lán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna sem ætlað er námsmönnum til framfærslu og greiðslur frá vinnuveitanda hafi líffæragjafinn jafnframt unnið samhliða námi sínu og þær greiðslur haldið áfram.

Um 16. gr.

Líffæragjafi sem fær greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar á ekki rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum fyrir sama tímabil enda er atvinnuleysisbótum ætlað að tryggja framfærslu hlutaðeigandi þann tíma. Sama á við um líffæragjafa sem fær lífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar. Þá er gert ráð fyrir að líffæragjafi sem fær greiðslur annaðhvort á grundvelli laga um fæðingar- og foreldraorlof eða III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna eigi ekki rétt á greiðslum samkvæmt frumvarpi þessu fyrir sama tímabil af sömu ástæðum.

Um 17. gr.

Lagt er til að heimilt verði að skuldajafna ofgreiddum greiðslum samkvæmt frumvarpinu á móti inneign líffæragjafa vegna ofgreiddra skatta, barnabóta og vaxtabóta samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt. Á þetta einkum við þegar líffæragjafar hafa fengið greiðslur frá vinnuveitanda eða öðrum aðilum sem hafa verið hærri en sem nemur mismun greiðslna skv. 8. gr. frumvarpsins og meðaltals heildarlauna líffæragjafa fyrir viðmiðunartímabil 1.–2. mgr. 10. gr. frumvarpsins, sbr. 7. mgr. sömu greinar. Einnig getur þetta átt við þegar líffæragjafi hefur fengið greiðslur skv. 13. gr. frumvarpsins en síðar kemur í ljós að hann hefur jafnframt fengið greiðslur frá öðrum aðilum fyrir sama tímabil, sbr. 4. mgr. 15. gr. frumvarpsins.

Um 18. gr.

Í ákvæðinu er félags- og tryggingamálaráðherra veitt heimild til að setja reglugerð um nánari framkvæmd frumvarpsins. Markmið með slíkri heimild er að kveðið verði skýrt á um framkvæmd laganna ef nauðsyn ber til enda um nýmæli að ræða.

Um 19. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um greiðslur til líffæragjafa.

Markmiðið með frumvarpinu er að tryggja líffæragjöfum tímabundna fjárhagsaðstoð þegar þeir geta hvorki stundað vinnu né nám vegna líffæragjafar.

Í frumvarpinu er lagt til að líffæragjafi sem verður óvinnufær vegna líffæragjafar geti átt rétt á tekjutengdum greiðslum í allt að þrjá mánuði. Frumvarpið gerir ráð fyrir að tekjutengdar greiðslur til launamanns nemi 80% af meðaltali heildarlauna yfir viðmiðunartímabil sem tekur til tólf mánaða. Greiðslur munu þó aldrei nema meira en 535.700 kr. á mánuði sem er sama hámark og á greiðslum sem gilda innan fæðingarorlofskerfisins. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir að líffæragjafi sem er námsmaður og gerir hlé á námi sínu vegna líffæragjafar geti átt rétt á greiðslum í allt að þrjá mánuði að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Greiðsla til líffæragjafa í námi skal nema 130.000 kr. á mánuði en sú fjárhæð er höfð til hliðsjónar við réttindi foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna.

Við mat á kostnaði er miðað við meðal heildarlaun á mánuði árið 2007 hjá fullvinnandi launafólki á verðlagi ársins 2008. Aðgerðir eru áætlaðar 25 talsins á ári en í ársbyrjun 2008 voru um 30 einstaklingar á ýmsum stigum undirbúnings fyrir ígræðslu. Í langflestum tilvikum eru líffæragjafar komnir til starfa á ný eftir sex vikur og miðast útreikningar við að 60% líffæragjafa hefji störf að sex vikum liðnum en 40% líffæragjafa verði frá vinnu í þrjá mánuði. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda námsmanna í hópi líffæragjafa.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að árleg útgjöld muni aukast samtals um rúmlega 21,5 m.kr. miðað við að flestir sem falla undir skilyrði frumvarpsins nýti rétt sinn til greiðslna.

Í útgjaldaramma gildandi fjárlaga fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið eru ekki fyrir hendi fjárheimildir vegna þessara auknu útgjalda.

420. Frumvarp til laga [260. mál]

um heimild til greiðslu útsvars í tveimur sveitarfélögum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson, Grétar Mar Jónsson.

Breyting á lögum nr. 21/1990, um lögheimili.

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, svohljóðandi:

Hafi maður bækistöð í fleiri en einu sveitarfélagi getur hann þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 4. gr. skráð annað heimili í því sveitarfélagi þar sem hann dvelst minni hluta árs svo lengi sem hann hafi þar fasta búsetu samtals þriðjung úr ári hið minnsta.

Annað heimili getur þó ekki verið í gistihúsi, fangelsi, vinnuhæli, sjúkrahúsi, athvarfi, heimavistarskóla, verbúð, vinnubúðum eða öðru húsnæði sem jafna má til þess. Sama gildir um húsnæði á skipulögðu iðnaðar-, athafna- og hafnarsvæði og öðru svæði innan þéttbýlis sem skipulagt er fyrir atvinnustarfsemi nema búseta sé þar heimil samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Heimilt er að hafa annað heimili í frístundahúsi uppfylli það lágmarkskröfur um stærð, not o.fl. sem útfærðar eru nánar í reglugerð.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð frekari fyrirmæli um skráningu annars heimilis.

Breyting á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Við 1. mgr. 20. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal ⅓ hluti útsvars greiðast til þess sveitarfélags þar sem annað heimili manna er hafi þeir skráð slíkt heimili skv. 4. gr. a laga nr. 21/1990, um lögheimili.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2009.

Greinargerð.

Frumvarpinu er ætlað að gera þeim sem halda úti tveimur heimilum mögulegt að skipta útsvari sínu þannig að ⅓ hluti útsvars greiðist til þess sveitarfélags þar sem annað heimili er. Ekki þarf að vera um samfellda búsetu að ræða. Gert er ráð fyrir því að ráðherra geti sett frekari reglur um skráningu annars heimilis í reglugerð en þó eru gerðar í frumvarpinu nokkrar takmarkanir á því hvers konar húsnæði geti talist til annars heimilis. Í þeim efnum er að mestu miðað við þá reglu sem gildir um skráningu lögheimilis, þó með þeirri breytingu að leyfilegt verður að skrá annað heimili í frístundahúsi. Er með þessu ekki talið að brotið sé gegn þeirri reglu sem sett var með lögum nr. 149/2006 þar sem fært var í lög bann við skráningu lögheimilis í frístundabyggð, né þeim sjónarmiðum sem voru að baki þeirri lagasetningu.

Gert er ráð fyrir að með skráningu annars heimilis í öðru sveitarfélagi en þar sem lögheimili er renni ⅓ hluti greidds útsvars til þess sveitarfélags. Ekki er hér tekin afstaða til þess með hvaða hætti þetta verði gert, þ.e. hvort uppgjör fylgi mánaðarlegum skilum staðgreiðslu eða ársuppgjöri eftir skil skattskýrslu, enda gert ráð fyrir því að nýtt verði reglugerðarheimild til nánari útfærslu svo að hún verði með sem einföldustum og skilvirkustum hætti.

Engin breyting er gerð á skyldum sveitarfélaga til að sinna íbúum sínum og réttindum þeirra en samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, sbr. einnig m.a. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, telst maður íbúi þess sveitarfélags þar sem hann á lögheimili. Sveitarfélögum er skylt að veita íbúum sínum þjónustu, sjá m.a. 12. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, og þar sem frumvarpið leggur ekki til breytingar á íbúahugtakinu eða skráningu lögheimilis verður ekki breyting á þeim réttindum sem íbúar eiga í því sveitarfélagi þar sem lögheimili þeirra er skráð. Ber hér að nefna að slík þjónusta á einungis við um hluta grunnþjónustu, svo sem grunnmenntun, leikskólavist barna og félagsþjónustu sem eðlilegt má telja að fylgi lögheimilisskráningu enda sé þar dvalist meiri hluta árs. Nauðsynlega þjónustu og neyðarþjónustu er hægt að sækja þar sem hægast er, t.a.m. má sækja heilbrigðisþjónustu til þeirrar heilsugæslustöðvar eða heilbrigðisstofnunar sem auðveldast er að ná til hverju sinni, sbr. 5. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007. Einnig þykir vert í þessu samhengi að nefna að ekki verður séð að þótt útsvar sé tekjustofn sveitarfélags teljist það þjónustugjald, heldur skattur sem lagður er á íbúa sveitarfélags. Haldi einstaklingur út fleiri en einu heimili er því eðlilegt að hægt sé að skipta útsvarsgreiðslum milli þeirra sveitarfélaga þar sem föst búseta hans er.

421. Breytingartillögur [247. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 97/1987, um vörugjald.

Frá Álfheiði Ingadóttur og Árna Þór Sigurðssyni.

1. Við 1. gr. bætist nýr stafliður, a-liður, svohljóðandi: 3. málsl. í ákvæði til bráðabirgða X í lögunum fellur brott.
2. Við bætist nýr kafli, IV. kafli, **Breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum**, með einni grein, 4. gr., svohljóðandi:
   Í stað orðanna „skulu endurgreidd 80% olíugjalds“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: skal endurgreitt að fullu olíugjald.

422. Fyrirspurn [261. mál]

til fjármálaráðherra um bifreiðahlunnindi starfsmanna hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hve margir bankastarfsmenn voru á bifreiðum í eigu nýju og gömlu ríkisbankanna 1. desember sl., sundurliðað eftir bönkum?
2. Hve margir fyrrverandi starfsmenn ríkisbankanna voru á slíkum bílum 1. desember sl., sundurliðað eftir bönkum?

3. Hvert er skattalegt hlunnindamat á hverja bifreið á mánuði?
4. Hver tekur ákvörðun um hver fái slík bifreiðahlunnindi?
5. Tíðkast slík hlunnindi almennt í öðrum ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum, t.d. hjá Ríkisútvarpinu, Landsvirkjun, Veðurstofunni, Byggðastofnun o.s.frv.?

Skriflegt svar óskast.

423. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 88/2005, lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, og lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Ögmund Hrafn Magnússon.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á tollalögum, lögum um virðisaukaskatt og lögum um gjald af áfengi og tóbaki að teknu tilliti til athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), umboðsmanni Alþingis og Ríkisendurskoðun.

Lagt er til að ákvæði um afmörkun heimilda til innflutnings á varningi, þ.m.t. áfengi og tóbaki, verði færð í lög. Í öðru lagi er lagt til að heimild til tímabundins innflutnings bifreiða skv. a-lið 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga nái jafnframt til nýrra og óskráðra bifreiða sem fluttar eru inn frá öðru EES-ríki. Lagt er til að fyrirtækjum, sem eru staðsett í sömu ríkjum, verði heimilt að flytja tímabundið inn bifreiðar fyrir starfsfólk sitt hér á landi, óháð búsetu þess, vegna sérstakra verkefna. Í þriðja lagi er lagt til að ferðamenn og farmenn skuli ótilkvaddir gera grein fyrir hærri fjárhæðum en nemur 10.000 evrum í stað 15.000 evra í núgildandi lögum. Einnig er lagt til að tekinn verði af vafi um að skyldan taki jafnframt til handhafabréfa, þ.m.t. ferðatékka. Í fjórða lagi er lagt til að kveðið verði á um það í lögum að farmenn geri skriflega grein fyrir öllum þeim varningi sem þeir hafa meðferðis til landsins. Loks er lagt til að heimilt verði að fresta gjalddaga á greiðslufresti í tolli vegna virðisaukaskatts fram að uppgjöri almennra virðisaukaskattsskila þegar aðilinn sem um ræðir er að jafnaði með hærri innskatt en útskatt.

Nefndin gerir athugasemd við orðalag í lokamálslið b-liðar 1. gr. frumvarpsins en þar er rætt um börn yngri en 12 ára. Nefndin bendir á að lög ganga almennt út frá því að einstaklingur sé barn fram til 18 ára aldurs. Skilningur nefndarinnar er því sá að með umræddu orðalagi sé átt við þau börn sem eru undir 12 ára aldri.

Loks leggur nefndin til þá breytingu að tiltekið orðalag í lokamálslið a-liðar 2. gr. verði fellt brott en nefndin telur það óþarft.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Orðin „innan mánaðar frá því að viðkomandi kom til landsins til tímabundinnar dvalar“ í lokamálslið a-liðar 2. gr. falli brott.

Gunnar Svavarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. des. 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Bjarni Benediktsson.
Birkir J. Jónsson.	Lúðvík Bergvinsson.	Katrín Jakobsdóttir.
Árni Þór Sigurðsson.	Ólöf Nordal.	

424. Frumvarp til laga [262. mál]

um breytingu á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Tekjustofnar“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Tekjur.
b. Á eftir 1. málsl. 1. tölul. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Gjaldið rennur í ríkissjóð.
c. Í stað fjárhæðarinnar „14.580 kr.“ í 3. málsl. 1. tölul. 1. mgr. kemur: 17.200 kr.
d. Við 2. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Í stað tíu gjalddaga skal gjalddagi einstaklinga vera einn, 1. ágúst ár hvert. Dragist framlagning álagningarskrár fram yfir 1. ágúst færist gjalddagi til fyrsta dags næsta mánaðar eftir framlagningu.
e. 3. mgr. fellur brott.
f. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Tekjur.*

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

Greinargerð.

Ríkisútvarpið var gert að opinberu hlutafélagi með lögum nr. 6/2007. Í 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna er gert ráð fyrir að í stað afnotagjalds verði tekið upp sérstakt útvarpsgjald sem lagt verði á einstaklinga og lögaðila 1. janúar 2009. Frá sama tíma fellur brott innheimta

afnotagjalds samkvæmt ákvæði til bráðabirgða V í lögum um Ríkisútvarpið ohf., nr. 6/2007. Var við það miðað að við þetta tímamark yrði fjárhæð gjaldsins endurskoðuð. Ljóst er hins vegar að ákveðin vandkvæði eru á innheimtu gjaldsins og ráðstöfun þess til félagsins. Þykir því rétt að leggja til að gjaldið renni í ríkissjóð. Í samræmi við þessa framsetningu er lagt til að heiti greinarinnar verði breytt til samræmis við 2. og 3. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna, þar sem talað er um tekjur félagsins.

Í c-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að fjárhæð gjalds skv. 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna hækki úr 14.580 kr. í 17.200 kr. Í athugasemdum við 1. mgr. 11. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 6/2007 kemur fram að við útreikninga á gjaldinu hafi verið gert ráð fyrir óbreyttum tekjum Ríkisútvarpsins ohf. og höfð hliðsjón af tekjustreymi félagsins á árunum 2005 og 2006 og lagt til grundvallar að allir gjaldendur sem féllu undir lögin stæðu skil á gjaldinu. Í frumvarpinu var jafnframt tekið fram að eðlilegt væri að fjárhæð gjaldsins yrði endurskoðuð þegar nær drægi breytingu á tekjustofnum Ríkisútvarpsins ohf. úr afnotagjaldi í sérstakt útvarpsgjald skv. 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna. Þá var því sjónarmiði lýst að haga bæri álagningu gjaldsins þannig að hvert heimili með tvo einstaklinga sem greiða mundu gjaldið yrði nokkurn veginn jafnsett eftir upptöku gjaldsins. Við það er miðað að þeir einstaklingar sem greiða í Framkvæmdasjóð aldraðra greiði útvarpsgjaldið, svo og þeir lögaðilar sem eru skattskyldir og bera sjálfstæða skattaðild. Undanskilin álagningu gjaldsins eru dánarbú, þrotabú og ýmsir lögaðilar, svo sem stofnanir í eigu ríkis og sveitarfélaga, félagasamtök og sjálfseignarstofnanir sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni. Til viðmiðunar var gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra lagt á 185.532 einstaklinga álagningarárið 2008 vegna tekna árið 2007 og hafði þeim fjölgað um 2,35% frá árinu á undan. Undanþegnir gjaldinu voru einstaklingar með tekjuskattsstofn undir 1.080.067 kr., þ.m.t. námsmenn 16 ára og eldri undir þeim tekjumörkum. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra voru lögaðilar á skrá í október sl. 41.198. Af þeim voru lögð opinber gjöld á 32.868 vegna tekna þeirra á árinu 2007. Fjöldi lögaðila sem greiddi opinber gjöld í október sl. var 24.409. Með hliðsjón af framansögðu, og að teknu tilliti til þess að atvinnu- og tekjuhorfur þykja óvissar nú um stundir, þykir varlegt að áætla að greiðendur gjaldsins geti verið um 205.000 á árinu 2009, en vitanlega ríkir nokkur óvissa um þann fjölda. Með því að láta gjaldið renna í ríkissjóð er aukin vissa í rekstri Ríkisútvarpsins ohf., en ríkissjóður mun bera áhættuna af óvissu um fjölda greiðenda sem félagið hefði ella borið.

Árleg greiðsluskylda afnotagjalds skv. 12. gr. laga nr. 122/2000, um útvarpsgjald og innheimtu þess, nemur nú 35.940 kr. á hvert heimili. Hér er lagt til að hækkun gjaldsins frá því sem ákveðið er í 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga um Ríkisútvarpið ohf. taki mið af því sjónarmiði sem áður er lýst, að haga bæri álagningu gjaldsins þannig að heimili með tvo einstaklinga sem greiða mundu gjaldið verði því næst sem jafnsett eftir upptöku gjaldsins. Samkvæmt þessu yrði gjaldið 17.200 kr., sem felur í sér rétt um 18% hækkun heildartekna Ríkisútvarpsins ohf. frá gildandi lögum. Tekjuaukning félagsins stafar að mestu af því að lögaðilar með sjálfstæða skattaðild greiða gjaldið nú, en greiddu það ekki áður. Rétt er að benda á að upptaka gjaldsins snertir gjaldendur með ólíkum hætti eftir því annars vegar hve margir deildu greiðslum afnotagjalds og hins vegar hvernig álagningin varðar einstaklinga og lögaðila. Þannig munu sumir verða undanþegnir gjaldinu og greiðslur þeirra sem eru einir í heimili munu í flestum tilvikum lækka.

Í d-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að tveir nýir málsliðir bætist við 2. mgr. 11. gr. laganna þar sem við það verði miðað að gjalddagi skv. 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna verði einn í stað 10 eins og kveðið er á um í tilvitnuðum ákvæðum laga um tekjuskatt. Er hér fylgt

sömu málsmeðferð og gildir um greiðslu gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra. Nauðsynlegt þykir að kveða skýrt á um gjalddaga gjaldsins.

Loks er í e-lið 1. gr. frumvarpsins lagt til að 3. mgr. 11. gr. laganna falli brott. Í lögum um Ríkisútvarpið ohf. og athugasemdum með frumvarpi því er varð að þeim lögum er skýrt að tekjur Ríkisútvarpsins ohf. af hinu sérstaka útvarpsgjaldi skv. 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna taka mið af því gjaldi sem raunverulega innheimtist. Þannig skal áætla fyrir gjaldinu fyrir fram í fjárlögum og greiða til félagsins mánaðarlega 1/12 af áætluðum tekjum vegna gjaldsins árið á eftir. Þegar raunálagning liggur fyrir á haustmánuðum skal gera upp við félagið miðað við rauntekjur. Í þessu felst að ef innheimt fjárhæð gjaldsins verður hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir rennur mismunurinn til félagsins. Ef fjárhæðin reyndist á hinn bóginn lægri, getur það leitt til þess að félagið fái skert eða jafnvel ekkert rekstrarfé síðustu mánuði ársins. Miðað við efnahagshorfur má reikna með því að áætlun sem taki mið af greiðendafjölda 2008, þar sem byggt er á álagningu ársins 2007, feli í sér ofáætlun um fjölda greiðenda á árinu 2009. Þannig er skynsamlegt að reikna með því að greiðendur geti mögulega orðið færri en gengið er út frá í áætluninni. Í stað þess að búa við slíka óvissu þar sem Ríkisútvarpið yrði í áætlunum sínum að taka mið af slíkum aðstæðum er, eins og rakið hefur verið, lagt til að gjaldið greiðist í ríkissjóð. Af ákvæðum II. kafla laga um Ríkisútvarpið ohf. leiðir enn fremur að meginhlutverk félagsins er hvers konar útvarpsrekstur í almannaþágu. Þá er í 3. mgr. 3. gr. laganna tekið fram að menntamálaráðherra og Ríkisútvarpinu ohf. beri að gera sérstakan þjónustusamning um markmið, umfang og nánari kröfur um útvarpsþjónustu í almannaþágu, auk annarra atriða sem þar eru nánar greind. Af 6. mgr. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, leiðir að fylgja ber ákvæðum greinarinnar við gerð þjónustusamningsins. Í þessu ljósi þykir enn fremur rétt að láta innheimt gjald renna í ríkissjóð. Þannig fær félagið ekki gjaldið til sín og gera verður ráð fyrir að tekjur af gjaldinu muni ásamt öðru hafa áhrif á ákvörðun um greiðslur samkvæmt þjónustusamningi.

Nefndin telur að við þessar aðstæður sé eingöngu rétt að afgreiða þann þátt sem varðar tekjustofn Ríkisútvarpsins ohf., en þar er gert ráð fyrir að tekið verði upp sérstakt gjald sem leggst á einstaklinga og lögaðila. Það skal þó tekið fram að meðal þeirra flokka sem skipa menntamálanefnd eru skiptar skoðanir um fyrirkomulag gjaldheimtu og rekstrarform Ríkisútvarpsins ohf. Enn fremur ítrekar nefndin að um er að ræða tímabundna ráðstöfun varðandi fjárhæð gjaldsins og önnur atriði frumvarps til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið ohf. sem lagt var fram á þessu þingi (þskj. 295, 218. mál).

Nefndin áréttar að þótt reglur sem varða takmörkun Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði séu ekki afgreiddar að svo stöddu, sbr. áðurnefnt frumvarp, þá verða þær áfram til meðferðar hjá menntamálanefnd. Nefndin telur eðlilegt að sá starfshópur sem starfað hefur á vegum menntamálaráðherra og fjallað hefur um stöðuna á íslenskum fjölmiðlamarkaði útfæri tillögur um takmörkun Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Samhliða leggi starfshópurinn fram tillögur að reglum um eignarhald á fjölmiðlum. Þetta skuli gert eigi síðar en 15. febrúar 2009.

Við umfjöllun um málið kom til tals sá möguleiki að lögfesta ákvæði sem kveði á um bann við því að Ríkisútvarpið afli sér auglýsingatekna að eigin frumkvæði. Nefndin telur hins vegar ekki ástæðu til að gera tillögur um slíkt bann að sinni en beinir þeim tilmælum til Ríkisútvarpsins að ganga hóflega fram þar til málið hefur verið afgreitt á Alþingi.

425. Nefndarálit [246. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund nefndarinnar komu Halldór Árnason frá forsætisráðuneyti, Vigfús Ásgeirsson frá Talnakönnun og Þórey Þórðardóttir frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á eftirlaunakjörum alþingismanna, ráðherra og hæstaréttardómara í því skyni að koma á meira samræmi í lífeyrismálum ráðamanna og almennings. Í fyrsta lagi er lagt til að aldurslágmark alþingismanna, ráðherra og hæstaréttardómara til töku eftirlauna verði hækkað úr 55 árum í 60 ár. Í öðru lagi er lagt til að réttindaávinnsla þeirra verði 2,375% fyrir hvert ár í embætti í stað 3% ávinnslu hjá alþingismönnum og 6% hjá ráðherrum og hæstaréttardómurum. Í þriðja lagi er lagt til að þessir hópar geti ekki notið samtímis eftirlauna og launa frá ríkinu og launagreiðslur komi að fullu til frádráttar eftirlaunum. Skerðingarregla gildandi laga gildir áfram um launagreiðslur vegna starfa hjá öðrum aðilum. Í fjórða lagi er lagt til að sérákvæði um eftirlaunakjör forsætisráðherra verði felld á brott þannig að um fyrrverandi forsætisráðherra gildi eftirleiðis sömu reglur og um aðra ráðherra. Loks er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að áunnin réttindi alþingismanna og ráðherra skerðist ekki. Þá er ráðgert að þær breytingar sem lagðar eru til á 15. gr. laganna gildi einungis um þá hæstaréttardómara sem skipaðir verða eftir fyrirhugaða gildistöku frumvarpsins.

Innan nefndarinnar komu fram sjónarmið um ýmsar frekari breytingar eða aðrar útfærslur á fyrirkomulagi eftirlauna þeirra sem undir þessi lög heyra og telur meiri hluti allsherjarnefndar að slík skoðun þurfi að eiga sér stað.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Ellert B. Schram skrifar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 19. des. 2008.

Birgir Ármannsson, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Sigurður Kári Kristjánsson.
Ellert B. Schram, með fyrirvara.	Ólöf Nordal.	Karl V. Matthíasson.

426. Breytingartillaga [246. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.

Frá Pétri H. Blöndal.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, er verður 1. gr. a, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 1. gr. skal þeim sem undir lögin heyra heimilt að greiða í lífeyrissjóð að eigin vali enda fari starfsemin eftir lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Um iðgjaldagreiðslu, lífeyrisrétt, skerðingu lífeyris, rétt maka og barna og önnur réttindi fer eftir reglum þess lífeyrissjóðs sem valinn er. Þó skulu þegar áunnin réttindi samkvæmt lögum þessum haldast við skiptin.

Kjararáð skal meta verðmæti lífeyrisréttinda, sbr. 9. gr. laga, nr.47/2006, um kjararáð. Séu verðmæti réttinda í þeim sjóði sem valinn hefur verið á grundvelli 1. mgr. minni en verðmæti réttinda skv. 1. gr. skal kjararáð ákveða sérstakt álag á laun viðkomandi sem nemur mismuni á verðmæti réttinda að teknu tilliti til iðgjalds.

427. Fyrirspurn [263. mál]

til viðskiptaráðherra um tjón af Suðurlandsskjálfta í maí sl.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvert varð heildartjón í Suðurlandsskjálfta í maímánuði sl. á lausafé, á mannvirkjum og samtals?
2. Hve mörg tjón hafa verið tilkynnt samtals og sundurliðað í lausafé og mannvirki?
3. Hver var meðalfjárhæð tjóna á lausafé, á mannvirkjum og samtals?
4. Hve hárri fjárhæð nemur heildargreiðsla Viðlagatryggingar Íslands vegna tjóna á lausafé, á mannvirkjum og samtals?
5. Hve há fjárhæð fellur á tjónþola vegna tjóna á lausafé, á mannvirkjum og samtals og hver er meðalfjárhæðin í hverju tilviki?
6. Hve há er fjárhæðin sem Viðlagatrygging Íslands greiðir í auknar tjónabætur vegna lækkunar á sjálfsábyrgð lausafjár úr 85.000 kr. í 20.000 kr. sem ákveðin var með bráðabirgðalögunum 7. júní 2008, hve mörg eru tjónin og hver er meðalfjárhæðin í hverju tjóni sem bráðabirgðalögin ná til?
7. Hve mörg tjón eru óuppgerð og hvað er áætlað að þau nemi hárri fjárhæð samtals og sundurliðað eftir lausafé og mannvirkjum?

Skriflegt svar óskast.

428. Tillaga til þingsályktunar [264. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 20. desember 2008 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 20. janúar 2009.

429. Breytingartillögur [246. mál]

við frv. til. um breyt. á l. nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.

Frá Ögmundi Jónassyni, Atla Gíslasyni, Jóni Magnússyni,
Grétari Mar Jónssyni, Siv Friðleifsdóttur, Eygló Harðardóttur.

1. 1. gr. orðist svo:
   1. gr. laganna orðast svo:
   Forseti Íslands, ráðherrar, alþingismenn og hæstaréttardómarar skulu meðan þeir gegna störfum greiða iðgjöld í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eftir þeim reglum sem um sjóðinn gilda.
   Iðgjaldagreiðslur skv. 1. mgr. skapa rétt til lífeyris úr A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í samræmi við greiðslurnar, samkvæmt almennum reglum sjóðsins og í samræmi við sérlög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.
2. 2. gr. orðist svo:
   2. gr. laganna orðast svo:
   Þeir sem heyra undir lög þessi og hafa áunnið sér rétt samkvæmt eldri lögum halda þeim réttindum sem þegar hafa myndast við gildistöku laga þessarra.
3. 3. gr. orðist svo:
   3. gr. laganna orðast svo:
   Nú gegnir sá sem á rétt til eftirlauna skv. 2. gr. þessara laga launuðu starfi og koma þá launagreiðslur fyrir það starf að fullu til frádráttar þeim eftirlaunum sem ákvörðuð eru samkvæmt þessum lögum.
   Skerðing greiðslna samkvæmt þessari grein fellur niður þegar látið er af starfi.
4. 4. gr. orðist svo:
   Ákvæði 4.–23. gr. laganna falla brott.
5. 5.–11. gr. falli brott.
6. 12. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

430. Nefndarálit [246. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Meginmarkmið þessa frumvarps er að gera breytingar á núgildandi lögum er snúa að eftirlaunum forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara. Forsögu málsins má rekja til setningar laganna árið 2003 sem hafði í för með sér lögbindingu fjölmargra sérréttinda, sérstaklega til handa ráðherrum og hæstaréttardómurum.

Minni hlutinn telur að málið hefði þarfnast mun meiri tíma í nefndinni svo unnt hefði verið að fara yfir það með fullnægjandi hætti og tryggja að frumvarpið næði tilgangi sínum.

Minni hlutinn telur mikilvægt að ekki gildi sérreglur fyrir forseta Íslands, ráðherra, alþingismenn og hæstaréttardómara hvað eftirlaun varðar. Eðlilegast er að þeir greiði sambærileg iðgjöld og njóti sömu réttinda og opinberir starfsmenn í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Slíkt fyrirkomulag er einfalt, auðskiljanlegt og gagnsætt.

Minni hlutinn mun standa að breytingartillögum við frumvarpið sem byggðar eru á frumvarpi sem lagt hefur verið fram á Alþingi (þskj. 134 í 124. máli). Er vísað til þess um frekari rökstuðning.

Alþingi, 19. des. 2008.

Atli Gíslason, frsm. Jón Magnússon. Siv Friðleifsdóttir.

431. Svar [183. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Ármanns Kr. Ólafssonar um störf í orkufrekum iðnaði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mörg störf, bein og afleidd, er talið að eftirfarandi starfsemi þurfi miðað við hvert notað megavatt af rafmagni:

a. álbræðsla,
b. járnblendi,
c. kísilvinnsla,
d. netþjónabú?

Óskað er eftir að í svarinu komi fram hversu hátt hlutfall þessara starfa krefst háskólamenntunar.

A- og b-liður fyrirspurnarinnar beinast að starfsemi sem nú þegar fer fram á Íslandi. Svörin eru því grundvölluð á reynslutölum og upplýsingum um störf og aflþörf í starfandi atvinnufyrirtækjum í áliðnaði og járnblendiiðnaði. Öðru máli gegnir um c- og d-lið fyrirspurnarinnar sem varða rekstur kísilvinnslu og netþjónabúa. Sú starfsemi er óþekkt hér á

landi en allmörg erlend fyrirtæki hafa sýnt áhuga á að setja á fót starfsemi sem gæti flokkast undir þessi heiti. Nokkur þessara fyrirtækja hafa góðfúslega veitt upplýsingar sem hér er stuðst við.

Álbræðsla.

Ál er framleitt í þremur verksmiðjum hér á landi, álveri Rio Tinto Alcan í Straumsvík, sem framleiðir tæplega 184 þús. tonn árlega, álveri Norðuráls á Grundartanga, sem framleiðir um 260 þús. tonn árlega og álveri Fjarðaáls í Reyðarfirði, sem framleiðir um 346 þús. tonn árlega, alls um 790 þús. tonn á ári. Samtals þurfa álverin 1.387 MW til starfseminnar. Fastir starfsmenn í beinum störfum í álverunum eru 1.385, þar af um 230 með háskólamenntun. Afleidd störf eru talin vera að minnsta kosti 2.800, þannig að alls styðja um 4.185 ársverk álframleiðslu á Íslandi. Að jafnaði er fjöldi beinna starfa 1,0 á hvert MW en samanlögð störf, bein og afleidd, eru 3,0 á hvert MW.

Járnblendi.

Járnblendi er unnið í verksmiðju Elkem Íslandi ehf. á Grundartanga. Afurðirnar eru aðallega þrenns konar, kísiljárn, magnesíumblandað kísiljárn og kísilryk, samtals um 140 þús. tonn á ári. Verksmiðjan þarf 120 MW rafafl til starfseminnar. Fastir starfsmenn í beinum störfum eru 200, þar af um 40 með háskólamenntun. Afleidd störf eru talin vera um 300, þannig að alls styðja 500 manns rekstur járnblendiverksmiðjunnar. Bein störf á hvert MW eru 1,7 og ef öll störf, bein og afleidd, eru talin eru störfin 4,2 á hvert MW.

Kísilvinnsla.

Kísilvinnslu þarf að skipta í tvo flokka eftir eðli framleiðslunnar, sem fer eftir hreinleika afurðarinnar. Til fyrri flokks telst hefðbundin kísilmálmvinnsla, þar sem kísilmálmur er unninn úr kvartsgrýti og kolefnum (kolum eða koksi) við bræðslu og bruna í rafskautaofnum. Afurðin er óhreinn kísill (e. Metalurgical Grade Silicon (MGSi)). Í síðari flokknum fer fram frekari hreinsun á MGSi eftir ýmsum orkufrekum leiðum, eftir því hve hreinan kísil menn vilja fá. Ef sóst er eftir kísli til notkunar í sólarrafhlöður, eins og í þeim tilvikum sem hér um ræðir, verður til afurð sem kölluð er hér hreinkísill (e. Solar Grade Silicon (SGSi)).

Erlent fyrirtæki fyrirhugar að framleiða hér á landi 50 þús. tonn árlega af hefðbundnum kísilmálmi (MGSi). Liggur fyrir álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar frá 2. október 2008. Aflþörfin er 60 MW. Fjöldi beinna starfa yrði 90, þar af um 30 störf sem krefðust háskólamenntunar. Talið er að um 180 afleidd störf mundu skapast annars staðar í þjóðfélaginu. Um 270 ársverk stæðu því að baki þessari verksmiðju. Bein störf yrðu 1,5 á hvert MW og ef bæði bein og afleidd störf væru talin yrðu störfin 4,5 á hvert MW.

Annað erlent fyrirtæki hefur sýnt áhuga á að reisa hér verksmiðju til framleiðslu á bæði hefðbundnum kísilmálmi (MGSi) og hreinkísli (SGSi). Aflþörfin er 100 MW. Fjöldi beinna starfa yrði 350, þar af um 100 störf sem krefðust háskólamenntunar. Talið er að allt að 875 afleidd störf gætu skapast annars staðar. Um 1.225 ársverk stæðu því að baki þessum iðnaði. Þannig yrðu til 3,5 bein störf á hvert MW, en 12,3 störf á MW ef bæði bein og afleidd störf væru talin.

Þriðja erlenda fyrirtækið hafði áhuga á að framleiða 13 þús. tonn af hreinkísli eingöngu (SGSi). Aflþörfin var áætluð 184 MW. Fjöldi beinna starfa var áætlaður um 300 störf, þar af um 100 störf sem krefðust háskólamenntunar. Afleidd störf voru talin geta orðið allt að

600 störf. Samtals um 900 ársverk hefðu staðið að baki þessum iðnaði. Fjöldi beinna starfa var áætlaður 1,6 störf á hvert MW en 4,9 bein og afleidd störf á hvert MW ef öll störf væru talin. Fyrirtækið hætti við að fjárfesta á Íslandi.

Netþjónabú.

Netþjónabú eru miðstöðvar sem safna, geyma og miðla tölvutækum upplýsingum. Þau eru því eins konar gagnaver sem rekin eru í þjónustu alþjóðlegra upplýsingakerfa. Tölvubúnaður sem varðveitir og miðlar slíkum gögnum er flókinn og umfangsmikill og þarf mikla raforku til rekstursins, ekki síst til kælingar á búnaðinum. Um tvenns konar gagnaver gæti verið að ræða. Annars vegar gagnageymslu þar sem tölvugögn og upplýsingar eru varðveitt á öruggum stað en sjaldan notuð. Þar er því tiltölulega lítil starfsemi og fátt starfsfólk að störfum nema til viðhalds og gæslu. Hins vegar sístarfandi gagnaver í stöðugri notkun sem sinnir m.a. hugbúnaðargerð með stöðugri þjónustu allt árið við viðskiptavini víða um heim. Slík gagnaver þurfa mun fleiri starfsmenn og menn með menntun á sviði kerfisfræði og tölvunarfræði og þar starfa bæði starfsmenn gagnaveranna sjálfra og viðskiptavina. Stefnt er að því að gagnaver á Íslandi verði aðallega á síðara sviðinu, sem eru sístarfandi. Upplýsingar um fjölda starfsmanna og menntun eru ónákvæmar og verður að taka með fyrirvara.

Gagnaver á Suðvesturlandi sem nýtti allt að 25 MW rafafl í byrjun gæti þurft 30–60 fasta starfsmenn. Af þeim mundi helmingurinn eða allt að tveir þriðju starfsmanna þurfa að hafa háskóla- og fagskólamenntun. Reiknað er með að jafnmörg störf skapist við alls kyns þjónustustörf utan veggja gagnaversins. Um 60–120 störf mundu því tengjast þessum rekstri beint og óbeint. Fjöldi beinna starfa yrði 1,2–2,4 á hvert MW, en ef allt væri talið, bein störf og afleidd störf, eru störfin 2,4–4,8 á hvert MW. Þetta hlutfall kynni að breytast ef gagnaverið yrði stækkað.

Orkustofnun skal gefa iðnaðarráðherra árlega skýrslu um framkvæmd leitar, rannsókna og vinnslu.

Orkustofnun skal starfrækja og leiða starf samráðshóps eftirlitsaðila vegna leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis við Ísland. Í samráðshópnum skulu sitja 11 fulltrúar skipaðir af Brunamálastofnun, Flugmálastjórn Íslands, Geislavörnum ríkisins, Hafrannsóknastofnuninni, Landhelgisgæslu Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Siglingastofnun Íslands, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og Vinnueftirliti ríkisins. Hlutverk samráðshópsins skal m.a. vera að tryggja upplýsingaskipti og samræma opinbert eftirlit vegna leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis við Ísland. Nánar skal kveðið á um samráðshópinn í reglugerð.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. a laganna:

a. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, 1. og 2. mgr., svohljóðandi:

Umsækjandi um leyfi til leitar að kolvetni skal greiða til Orkustofnunar 150.000 kr. umsóknargjald.

Umsækjandi um leyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis skal greiða til Orkustofnunar 150.000 kr. umsóknargjald.

b. 1. mgr., er verður 3. mgr., orðast svo:
Til að standa undir kostnaði af undirbúningi og útgáfu leyfa samkvæmt lögum þessum skal greiða gjöld til leyfisveitanda:
1. Fyrir leyfi til leitar að kolvetni með rannsóknir og vinnslu að markmiði, sbr. 4. gr., skal greiða 600.000 kr.
2. Fyrir leyfi til rannsókna kolvetnis, sbr. 7. gr., skal greiða 850.000 kr.
3. Fyrir leyfi til vinnslu kolvetnis, sbr. 7. gr., skal greiða 1.350.000 kr.

c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Gjaldtaka vegna umsókna, útgáfu leyfa og eftirlits.*

13. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Þar til reglugerð hefur verið sett með stoð í 3. mgr. 6. gr. halda reglur um veitingu leyfa til leitar að kolvetni, nr. 553/2001, gildi sínu.

b. (II.)

Fyrir 1. janúar 2010 skulu iðnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti hafa lokið skoðun á því hvort þörf sé breytinga á ákvæðum 14.–18. gr. laganna og ákvæðum skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, varðandi efni, gerð og málsmeðferð skipulagsáætlana og leyfisveitinga vegna einstakra framkvæmda á grundvelli leyfa til rannsóknar og vinnslu kolvetnis sem gefin eru út af Orkustofnun.

2. ÞÁTTUR
Breytingar á löggjöf umhverfisráðuneytis.

II. KAFLI
Breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

14. gr.

Við 2. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Lögin ná einnig til starfsemi og framkvæmda í efnahagslögsögunni vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis.

15. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, svohljóðandi:

Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir atvinnurekstur vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis sem getur haft í för með sér mengun í hafi eða á hafsbotni innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka. Áður en Umhverfisstofnun tekur ákvörðun varðandi leyfisumsókn skal stofnunin afla umsagna Hafrannsóknastofnunarinnar, Orkustofnunar og Brunamálastofnunar. Umhverfisstofnun annast eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum vegna starfsleyfisskyldrar starfsemi samkvæmt þessari grein. Ráðherra setur reglugerð samkvæmt tillögum Umhverfisstofnunar um framkvæmd hollustuhátta- og mengunarvarnaeftirlits varðandi mannvirki sem reist eru vegna rannsókna eða vinnslu kolvetnis í jörðu.

16. gr.

Í stað „6. gr. a“ í 7. gr. a laganna kemur: 6. gr. b.

17. gr.

Við 2. mgr. 32. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu leyfis skv. 6. gr. a er heimilt að kæra til umhverfisráðherra. Um aðrar ákvarðanir Umhverfisstofnunar fer skv. 31. gr.

18. gr.

Við fylgiskjal I við lögin bætist nýr töluliður er verður 25. tölul. og orðast svo: Rannsóknir og vinnsla kolvetnis.

19. gr.

Við fylgiskjal II við lögin bætist nýr töluliður er verður töluliður 1.5 og orðast svo: Kolvetnisvinnsla.

III. KAFLI
Breyting á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum.

20. gr.

Við c-lið 2. tölul. 2. viðauka við lögin bætist nýr liður, vi. liður, svohljóðandi: vinnsla og rannsóknarboranir vegna kolvetnis utan netlaga og innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka.

IV. KAFLI
Breyting á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, með síðari breytingum.

21. gr.

Við b-lið 7. tölul. 3. gr. laganna bætist: nema um sé að ræða efni frá kolvetnisvinnslu eða borunum tengdum henni.

22. gr.

Við A-lið viðauka I við lögin bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Rannsóknir og vinnsla kolvetnis innan mengunarlögsögunnar.

V. KAFLI
Breyting á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

23. gr.

Við 1. málsl. 2. gr. laganna bætist: nema kveðið sé á um annað í lögum þessum.

24. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Um eldvarnaeftirlit varðandi mannvirki vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis í íslenskri efnahagslögsögu og innan landgrunnsmarka fer samkvæmt ákvæðum þessarar greinar eftir því sem við getur átt. Brunamálastofnun annast framkvæmd eldvarnaeftirlits og setur um það reglur sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra.

25. gr.

Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, 13. gr. a, svohljóðandi:

Mannvirki innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka sem eru fyrirhuguð eða tilkomin vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis skulu háð sérstöku öryggismati sem framkvæmt er af notanda mannvirkis og staðfest af Brunamálastofnun. Öryggismat þetta skal endurskoða að jafnaði á fimm ára fresti. Umhverfisráðherra setur að fengnum tillögum Brunamálastofnunar reglugerð um útfærslu og framkvæmd öryggismats, svo og þau gögn og upplýsingar sem nauðsynlegar verður að telja til að matið byggist á öruggum forsendum. Í reglugerð þessari skal einnig kveðið á um hlutverk slökkviliða vegna eld- eða sprengihættu í þessu sambandi.

Brunamálastofnun er heimil gjaldtaka vegna eldvarnaeftirlits, öryggismats og endurskoðunar öryggismats. Gjaldið má þó ekki vera hærra en nemur rökstuddum kostnaði við gerð eða endurskoðun öryggismats og framkvæmd eldvarnaeftirlits.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

435. Frumvarp til laga [228. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 20. des.)

1. gr.

Í stað orðsins „Skattaðila“ í 3. mgr. 15. gr. laganna kemur: Mönnum utan atvinnurekstrar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 5. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Á eftir orðinu „íbúðarhúsnæðis“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: hér á landi eða í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
c. Við 8. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um hagnað af sölu búseturéttar.

3. gr.

Við 28. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Styrkir úr Endurhæfingarsjóði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem ganga til greiðslu kostnaðar vegna endurhæfingar, heilbrigðisþjónustu og tiltekinnar þjónustu fagaðila. Fjármálaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd þessa ákvæðis.

4. gr.

4. málsl. 4. mgr. 55. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „ákveðnar“ í 1. málsl. 8. mgr. A-liðar kemur: á grundvelli skattframtals.
b. Í stað orðanna „eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993“ í 1. mgr. B-liðar kemur: búseturétti samkvæmt lögum nr. 66/2003 og kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð samkvæmt eldri lögum.

6. gr.

Við 90. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi framtalsskyldur maður ekki sinnt skyldu sinni skv. 1. málsl. 1. mgr. er skattstjóra heimilt að útbúa skattframtal á viðkomandi með fyrirliggjandi framtalsupplýsingum, enda telji skattstjóri þær fullnægjandi. Þannig gert skattframtal skal auðkennt sérstaklega og réttaráhrif þess eru þau sömu og áætlunar skv. 2. mgr. 95. gr. Um tilkynningu og kærufresti fer skv. 2. málsl. 1. mgr. 98. gr. og 99. gr.

7. gr.

Á eftir 2. mgr. 92. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Bankar, sparisjóðir, önnur fjármálafyrirtæki og aðrir þeir aðilar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, sem taka við fjármunum til ávöxtunar, skulu ótilkvaddir veita skattyfirvöldum ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður upplýsingar um greidda eða greiðslukræfa vexti á árinu skv. 8. gr. laga þessara og afdregna staðgreiðslu og innstæður eða inneignir á bankareikningum í árslok.

8. gr.

Ákvæði 1., 2., 3., 4. og 9. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2009.

Ákvæði 5., 6. og 7. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2009 vegna tekna ársins 2008 og eigna og skulda í lok þess árs.

9. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 38/2008 orðast svo:

Ákvæði 5. mgr. 18. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu halda gildi sínu um hagnað lögaðila skv. 1. mgr. 2. gr. sömu laga og einstaklinga í atvinnurekstri af sölu hlutabréfa sem féll til fyrir gildistöku laga þessara.

436. Þingsályktun [264. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 20. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 428.

437. Lög [249. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 20. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 379.

438. Lög [210. mál]

um breytingu á lögum nr. 47/2006, um kjararáð.

(Afgreidd frá Alþingi 20. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 412.

439. Lög [186. mál]

um breytingu á lögum um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 413.

440. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft fjárlagafrumvarpið til athugunar frá því að 2. umræða fór fram 15. desember sl. Til viðræðna við nefndina komu forsvarsmenn ráðuneyta.

Formaður efnahags- og skattanefndar, Pétur H. Blöndal, kom á fund nefndarinnar og kynnti álit meiri hluta efnahags- og skattanefndar er varðar tekjuhlið frumvarpsins og Ögmundur Jónasson kynnti álit minni hluta nefndarinnar.

Í nefndarálitinu er fyrst gerð grein fyrir meginbreytingum sem varða tekjuhlið frumvarpsins. Þá er gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagt er til að verði á 2. gr. og 5. gr. Að lokum er gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til á sundurliðun 2.

Fram kom í fjárlagafrumvarpinu að skiptingu og útfærslu fjárheimilda til rekstrar öldrunarþjónustu milli ráðuneyta væri ekki lokið og var fyrirhugað að tillögur um það kæmu fram

við 2. umræðu. Við breytingar á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, sem tóku gildi 1. janúar 2008 fluttist yfirstjórn öldrunarmála frá heilbrigðisráðuneyti til félags- og tryggingamálaráðuneytis. Í samræmi við reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 177/2007 fer félags- og tryggingamálaráðuneytið m.a. með mál er varða málefni aldraðra og uppbyggingu öldrunarþjónustu á hjúkrunarheimilum. Heilbrigðisráðuneytið fer hins vegar með mál er m.a. varða heilbrigðisþjónustu almennt og þar á meðal alla heilbrigðisþjónustu á hjúkrunarheimilum.

Við 2. umræðu frumvarpsins kom fram að enn væri verið að vinna að skiptingunni og það kynni að hafa í för með sér flutning á milli fjárlagaliða. Þeirri vinnu er ekki enn lokið. Því er það niðurstaða meiri hlutans að skipuð verði sameiginleg verkefnisstjórn félags- og tryggingamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis sem hafi það hlutverk að tryggja samhæfða og skilvirka ákvarðanatöku á sviði öldrunarmála og annast framkvæmd verkefna sem henni eru falin.

Verkefnisstjórnin skal skipuð fimm sérfræðingum og skipi heilbrigðisráðuneytið tvo, fjármálaráðuneytið einn og félags- og tryggingamálaráðuneytið tvo. Allar ákvarðanir og tillögur til ráðuneytanna skulu samþykktar samhljóða. Ráðuneytin setja verkefnisstjórninni erindisbréf þar sem verkefnum hennar er lýst og henni settar starfsreglur. Verkefnisstjórnin skal njóta aðstoðar starfsmanna ráðuneytanna á sviði öldrunarmála og fjármála. Einnig getur hún aflað sér sérþekkingar annarra aðila.

Verkefnisstjórnin skal skila fjárlaganefnd Alþingis fyrir lok janúar 2009 tillögum að skiptingu fjárlagaliða sem lúta að öldrunarmálum í samræmi við reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 177/2007.

Í samræmi við 43. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, mun meiri hlutinn leggja fram frumvarp um fjáraukalög í febrúar nk. þar sem leitað verður eftir heimildum Alþingis til fjárráðstafana um millifærslu milli fjárlagaliða í samræmi við framangreint.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis var gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs yrðu rúmir 395,8 milljarðar kr., 65,3 milljörðum kr. minna en á árinu 2008. Samdrátturinn nemur 14,2% að nafnvirði en 24,6% umfram verðbólgu sem spáð er að verði 13,8% á næsta ári. Gert er ráð fyrir að tekjur hækki um 6.676 m.kr. en gert er ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga hækki um 2,2 milljarða kr., þar af eru um 1,5 milljarðar kr. ætlaðir til að fjármagna auknar greiðslur ríkisins til sveitarfélaga. Einskiptis tekjur að fjárhæð 3 milljarðar kr. eru af áformaðri sölu sendiherrabústaða en á móti koma áætluð 2 milljarða kr. útgjöld við kaup á ódýrari húseignum. Þá er gert ráð fyrir 3.830 m.kr. tekjum af nýjum skatti vegna Ríkisútvarpsins ohf. en niður falla 2.945 m.kr. tekjur af afnotagjöldum. Loks er dregið um 589 m.kr. úr fyrri áætlunum um lækkun tekna af fjármagnstekjuskatti sem ríkissjóður gerir auk smærri breytinga.

Með breytingum á 2. gr. er í fyrsta lagi gerð grein fyrir tryggingabréfum, alls að fjárhæð 385.000 m.kr., sem ríkissjóður yfirtekur frá Seðlabanka Íslands á árinu 2008 og áformað er að verja á árinu 2009 til greiðslu á eiginfjárframlagi ríkissjóðs í nýju bönkunum þremur. Í öðru lagi eru innheimtar afborganir af veittum lánum ríkissjóðs hækkaðar um 900 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun. Í þriðja lagi eru afborganir ríkissjóðs af teknum lánum hækkaðar um 43.500 m.kr. í samræmi við endurskoðaða lánsfjáráætlun ríkissjóðs.

Með breytingum á 5. gr. er gerð tillaga um 105.000 m.kr. hækkun á lántökuheimild fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Í öðru lagi er lögð til 1.200 m.kr. hækkun á endurlánaheimildum til Lánasjóðs íslenskra námsmanna í ljósi endurskoðaðra áætlana sjóðsins. Í þriðja lagi er lögð til 5.000 m.kr. hækkun á heimild til veitingar ríkisábyrgðar á lántökum Lands-

virkjunar í ljósi endurskoðaðra rekstrar- og fjárfestingaráætlana fyrirtækisins. Þá er í fjóðra lagi lögð til 87.545 m.kr. hækkun á heimild til veitingar ríkisábyrgðar á lántökum Íbúðalánasjóðs vegna almennra íbúðalána. Munar mest um 100.000 m.kr. hækkun til kaupa á fasteignalánum bankanna en á móti kemur að gert er ráð fyrir að nokkuð dragi úr eftirspurn eftir almennum íbúðarlánum. Loks er í fimmta lagi lögð til 743 m.kr. lækkun á heimild til veitingar ríkisábyrgðar á lántökum Íbúðalánasjóðs vegna leiguíbúða í ljósi nýrra áætlana sjóðsins.

Tillögur meiri hlutans er varða útgjöld A-hluta ríkissjóðs leiða til 67.018 m.kr. hækkunar útgjalda og er því gert ráð fyrir að heildarútgjöld verði 556.103 m.kr. og tekjuafgangur neikvæður um 153.605 m.kr. Skýringar á breytingartillögum meiri hlutans við sundurliðun 2 fylgja með þessu skjali sem viðauki.

Gert er ráð fyrir að rekstraryfirliti í 1. gr. og viðeigandandi liðum í sjóðstreymi í 2. gr. verði breytt í samræmi við áhrif af þeim breytingum sem gerð er tillaga um.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 19. des. 2008.

Gunnar Svavarsson, form., frsm.	Kristján Þór Júlíusson.	Ármann Kr. Ólafsson.
Guðbjartur Hannesson.	Jón Gunnarsson.	Steinunn Valdís Óskarsdóttir.
Björk Guðjónsdóttir.		Illugi Gunnarsson.

Fylgiskjal I.

Álit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2009.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein Þorgeirsson og Elínu Guðjónsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Markús Möller frá Seðlabanka Íslands, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins og Eddu Rós Karlsdóttur frá Nýja Landsbankanum.

Í frumvarpi til fjárlaga sem lagt var fram í byrjun október sl. var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs mundu nema 450.470 millj. kr. á rekstrargrunni, en 438.530 millj. kr. á greiðslugrunni. Hér á eftir verður fjallað um tekjur á rekstrargrunni. Þeim má skipta í eftirfarandi flokka: Skatttekjur að fjárhæð 399.763 millj. kr., aðrar rekstrartekjur 45.921 millj. kr., sölu eigna að fjárhæð 3.300 millj. kr. og fjárframlög að fjárhæð 1.486 millj. kr. Í tillögum til breytinga á tekjuáætlun við aðra umræðu um fjárlagafrumvarpið er gert ráð fyrir að tekjur ríkisins lækki um 54.648 millj. kr., eða 12,1%, og nemi 395.822 millj. kr. Lækkunin skiptist

þannig að skatttekjur lækka um 42.050 millj. kr., eða 10,5%, aðrar rekstrartekjur um 12.565 millj. kr., eða 27,4%, og fjárframlög um 34 millj. kr., eða 2,3%.

Eftir lækkunina er gert ráð fyrir að tekjur af fyrrgreindum flokkum skiptist á eftirfarandi hátt: Skatttekjur munu nema 357.713 millj. kr., aðrar rekstrartekjur 33.356 millj. kr., sala eigna 3.300 millj. kr. og fjárframlög 1.452 millj. kr.

Helstu þættir lækkunarinnar greinast þannig að tekjur af fjármagnstekjuskatti einstaklinga lækka um 9.569 millj. kr. (40,7%) og af tekjuskatti lögaðila um 5.100 millj. kr. (18,8%). Tryggingagjöld munu lækka um 2.214 millj. kr. (5,3%), skattar á launagreiðslur og vinnuafl um 21,8 millj. kr. sem eru ábyrgðargjald vegna launa og gjald til jöfnunar og lækkunar á örorkubyrði lífeyrissjóða. Gert er ráð fyrir að tekjur af eignarsköttum lækki um 1.386 millj. kr. (16,4%), einkum vegna lækkunar á stimpilgjöldum, en þau lækka um 1.343 millj. kr. Af sköttum á vöru og þjónustu lækkar virðisaukaskattur um 16.904 millj. kr. (11,6%), vörugjald af innfluttum ökutækjum um 3.427 millj. kr. (62,0%), áfengisgjald af innfluttu áfengi um 798 millj. kr., olíugjald til framkvæmda Vegagerðarinnar um 492 millj. kr., úrvinnslugjald um 220 millj. kr., bifreiðagjald um 227 millj. kr., þungaskattur af dísilbifreiðum um 130 millj. kr. og skráningargjöld ökutækja um 101 millj. kr.

Lækkun annarra rekstrartekna stafar af lækkun vaxtatekna af endurlánum ríkissjóðs, að fjárhæð 4.740 millj. kr., og lækkun annarra vaxtatekna, að fjárhæð 6.890 millj. kr. Þá lækka tekjur af lendingargjaldi vegna millilandaflugs um 639 millj. kr., öryggisgjaldi um 514 millj. kr., skoðunargjöldum til Vinnueftirlits ríkisins um 41 millj. kr. og tekjur af þinglýsingu um 40 millj. kr.

Heildartekjur ríkissjóðs munu samkvæmt uppfærðri tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins lækka um 65,3 millj. kr. frá árinu 2008. Samdrátturinn nemur 14,2% að nafnvirði en 24,6% sé gengið út frá spám um 13,8% verðbólgu á næsta ári, en tekjuáætlunin byggist á uppfærðum þjóðhagsforsendum og öðrum forsendum sem fjármálaráðuneytið hefur unnið í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Lækkun tekna skýrist af því mikla áfalli sem íslenskt efnahagslíf hefur orðið fyrir. Þrír stærstu viðskiptabankar landsins eru komnir í þrot, fjölmörg atvinnufyrirtæki glíma við rekstrarerfiðleika, atvinnuleysi hefur vaxið og vandamál heimilanna aukist. Skuldsetning ríkissjóðs hefur aukist og mun aukast verulega á næsta ári. Hömlur ríkja í viðskiptum með gjaldeyri. Í áætlunum stjórnvalda er gert ráð fyrir að erfiðleikar verði í efnahagslífinu næstu tvö árin.

Alþingi, 18. des. 2008.

Pétur H. Blöndal, form.,
Ellert B. Schram,
Bjarni Benediktsson,
Lúðvík Bergvinsson,
Rósa Guðbjartsdóttir.

Fylgiskjal II.

Álit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2009.

Frá minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins er háð mikilli óvissu og er vakin athygli á því að það er ekki fyrr en í gær, eftir að 2. umræða um fjárlagafrumvarpið hefur farið fram, að fjármálaráðuneytið leggur fram sundurliðaða áætlun. Augljóst er hins vegar að sú áætlun er skot út í loftið. Tekjur ríkissjóðs er háðar því hvernig efnahagslífinu reiðir af, hverjar skuldir þjóðarbúsins verða, hver vaxtakjör erlendra skuldbindinga koma til með að verða og jafnframt hvernig heimilum og fyrirtækjum reiðir af, ekki síst þeim sem búa við mikla skuldabyrði. Í ljósi þeirrar óvissu sem nú er uppi er fráleitt að ganga frá fjárlögum fyrir komandi ár á jafnhæpnum forsendum og hér er um að ræða. Ráðlegra væri að komast að niðurstöðu til bráðabirgða en fullnusta verkið á fyrstu mánuðum komandi árs og hafa fjárlögin síðan til stöðugrar endurskoðunar.

Í bréfi sem þingmönnum hefur borist frá prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, Þórólfi Matthíassyni, segir m.a.: „Þrátt fyrir að starfsfólk fjármálaráðuneytis hafi lagt fram mikið vinnuframlag við að breyta frumvarpinu verður ekki hjá því komist að fum og fálm séu fyrstu orðin sem koma í hugann þegar breytingartillögunum er flett.“

Þetta eru í hnotskurn vinnubrögðin sem hér hafa verið viðhöfð.

Í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem er fylgifiskur fjárlagafrumvarpsins, kemur berlega í ljós hve vanhugsaðar og félagslega ranglátar tillögur stjórnarmeirihlutans eru. Má þar nefna niðurskurð á almannatryggingum, en í fyrsta skipti sem reynir á varnir öryrkja og aldraða sem festar voru í lög árið 1998, þar sem segir að sú vísitala skuli gilda sem hærri er, neysluvísitala eða launavísitala, eru þær numdar brott með lögum.

Þegar þrengir að í þjóðfélaginu eru það einmitt þeir hópar sem hafa lífsviðurværi sitt að öllu leyti eða hluta frá almannatryggingum sem ber að verja. Það er ekki gert í þessu frumvarpi nema að hluta til, því fjórðungur lífeyrisþega er varinn, og er það að sönnu tekjulægsti hópurinn. Þá er grafalvarlegt að í fyrsta skipti er ráðgert að rukka sjúklinga sem leggjast inn á sjúkrahús landsins um aðgangseyri. Er þar með brotið blað í sögu heilbrigðismála á Íslandi með afar neikvæðum hætti. Þetta brýtur í bága við loforð og heitstrengingar stjórnvalda um að heilbrigðisþjónustan eigi að vera fjármögnuð með skattfé og byggð á jafnræði. Dregið er úr framlagi til rannsókna á háskólastigi, ráðist á kjör bændastéttarinnar og er umhugsunarvert að búvörusamningurinn skuli tekinn til sérstaks niðurskurðar með það fyrir augum að rýra kjör bænda.

Minni hlutinn vekur athygli á því að vaxtabætur og barnabætur eru skertar verulega að raungildi með frumvarpinu þar sem þær eiga að hækka á grundvelli forsendna fjárlagafrumvarps næsta árs en ekki með tilliti til verðlagsþróunar. Þetta felur m.a. í sér skerðingu fyrir húsnæðiskaupendur og barnafólk.

Athygli vekur að skattahækkanir eru flatar og enginn greinarmunur gerður á tekjuháum og tekjulitlum, í stað þess að setja á þrepaskiptan hátekjuskatt og breyta fjármagnstekjuskatti

til tekjujöfnunar. Fráleitt er að nýta ekki skattkerfið til þess að jafna byrðunum á landsmenn, ekki síst við þær aðstæður sem nú eru uppi.

Meðfylgjandi eru umsagnir minni hluta í nefndum þingsins sem efnahags- og skattanefnd fékk í hendur um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Í einu tilviki er um að ræða sameiginlegt álit nefndar en þar gerir fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs engu síður grein fyrir fyrirvara, sbr. álit samgöngunefndar.

Alþingi, 18. des. 2008.

Ögmundur Jónasson.

Með álitinu voru eftirtaldar umsagnir sem birtar voru í nefndaráliti meiri hluta efnahags- og skattanefndar um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Sjá þskj. 404.

Fskj. 1. Umsögn minni hluta allsherjarnefndar.
Fskj. 2. Umsögn 2, minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.
Fskj. 3. Umsögn minni hluta heilbrigðisnefndar.
Fskj. 4. Umsögn samgöngunefndar.
Fskj. 5. Umsögn 1. minni hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Viðauki. Skýringar á breytingartillögum við sundurliðun 2.

00-101 Embætti forseta Íslands **-15,0**

1.01 Almennur rekstur

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 15 m.kr. hagræðingu í rekstri hjá embætti forseta Íslands.

00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit **252,0**

6.55 Framkvæmdir á Alþingisreit

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 252 m.kr. framlag til framkvæmda á Alþingisreitnum á árinu 2009. Er þeirri fjárhæð ætlað að standa að nokkru leyti undir framkvæmdum við endurgerð og flutning Skúlahúss og Skjaldbreiðar, ljúka fornleifagreftri og setja af stað samkeppni um hönnun nýbyggingar.

00-207 Rannsókn á falli íslensku bankanna á árinu 2008 **150,0**

1.01 Rannsóknarnefnd

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 150 m.kr. framlag til að standa straum af kostnaði við rannsóknarnefnd sem ætlað er að rannsaka aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna á árinu 2008, en samþykkt voru lög þar að lútandi 12. desember sl. Framlagið er til þess að undirbúa rannsóknina og felst m.a. í leigu á vinnuaðstöðu og búnaði, þóknun til sérfræðinga, bæði innlendra og erlendra, o.fl.

Samtals æðsta stjórn ríkisins 387,0

02-201 Háskóli Íslands **1,0**

1.01 Háskóli Íslands

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Lagt er til að veita Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands 1 m.kr. tímabundið framlag til fjarkennslu í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu.

02-210 Háskólinn á Akureyri **25,0**

1.01 Háskólinn á Akureyri

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 25 m.kr. tímabundið framlag til Háskólans á Akureyri til að styrkja núverandi rekstrargrunn vegna RES-Orkuskóla.

02-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum **2,5**

1.01 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum

Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. tímabundið framlag til Guðbrandsstofnunar að Hólum í Hjaltadal.

02-223 Námsmatsstofnun **2,0**

1.01 Námsmatsstofnun

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lögð er til 2 m.kr. fjárheimild til að sjá um próf í íslensku fyrir þá sem hyggjast sækja um íslenskan ríkisborgararétt í samræmi við frumvarp til laga fyrirhugað er að flutt verði um málið. Reiknað er með að sérstakt prófgjald standi undir kostnaði við prófin og undirbúning þeirra. Á móti fellur niður jafnhá fjárveiting vegna þessara prófa sem færð hefur verið hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður **10,0**
6.59 Verkmenntaskólinn á Akureyri
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til Verkmenntaskólans á Akureyri til tækjakaupa.

02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður **2,0**
6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til viðhalds skólahúsnæðis framhaldsskólans á Dalvík.

02-319 Framhaldsskólar, almennt **6,0**
1.24 Iðnnemasamband Íslands
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 6 m.kr. framlag til Iðnnemasambands Íslands en framlag til þess var fellt brott við 2. umr. um frumvarpið.

02-319 Framhaldsskólar, almennt **4,0**
1.33 Myndlistarskólinn Akureyri
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 4 m.kr. hækkun á framlagi til Myndlistaskólans á Akureyri.

02-319 Framhaldsskólar, almennt **2,5**
1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. hækkun á framlagi til Myndlistarskóla Kópavogs.

02-319 Framhaldsskólar, almennt **10,0**
1.38 Menntun á sviði kvikmyndagerðar
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 10 m.kr. hækkun á framlagi til Kvikmyndaskóla Íslands.

02-451 Símenntun og fjarkennsla **50,0**
1.12 Námskeið og ráðgjöf
Ákvarðanir ríkisstjórnar
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 50 m.kr. hækkun á framlagi til símenntunar og fullorðinsfræðslu. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnar frá 17. febrúar 2008 var ákveðið að grípa til aðgerða til að greiða fyrir gerð kjarasamninga til þriggja ára og er einn þáttur í því að framlög til símenntunar og fullorðinsfræðslu sem nýtist fólki á vinnumarkaði verði aukin með jöfnum framlögum um 300 m.kr. á næstu tveimur árum. Gert er ráð fyrir að veitt verði 100 m.kr. framlag í fjáraukalögum 2008, 200 m.kr. í fjárlögum 2009 og 300 m.kr. í fjárlögum 2010. Þegar hefur verið gert ráð fyrir 150 m.kr. framlagi í frumvarpi til fjárlaga 2009 og er hér lagt til að það hækki í 200 m.kr.

02-451 Símenntun og fjarkennsla **12,0**
1.31 Fræða- og þekkingarsetur
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 12 m.kr. framlag til Háskólafélags Suðurlands ehf. til stofnunar þekkingarseturs á Suðurlandi.

02-451 Símenntun og fjarkennsla **1,0**
1.31 Fræða- og þekkingarsetur
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 1 m.kr. framlag til reksturs fræðaseturs Háskóla Íslands í landnýtingu. Setrið verður stofnað í byrjun árs 2009 og mun starfa á Selfossi.

02-451 Símenntun og fjarkennsla **26,0**
1.31 Fræða- og þekkingarsetur
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 26 m.kr. framlag til rannsóknasetra. Gert er ráð fyrir að framlagið skiptist þannig:
Háskólasetur Snæfellsness 5 m.kr.
Háskólasetur Hornafjarðar 5 m.kr.
Rannsóknasetur HÍ, Húsavík 5 m.kr.
Rannsókna- og fræðasetrið á Austurlandi 5 m.kr.
Háskólasetur í Bolungarvík 5 m.kr.
Rannsóknasetur HÍ í landnýtingu 1 m.kr.

02-720 Grunnskólar, almennt **12,0**
1.31 Sérstök fræðsluverkefni
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Gerð er tillaga um 12 m.kr. framlag til starfsemi Hlíðarskóla á Akureyri.

02-901 Fornleifavernd ríkisins **8,0**
1.01 Fornleifavernd ríkisins
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Gerð er tillaga um 8 m.kr. framlag til að ráða minjavörð á Suðurlandi.

02-901 Fornleifavernd ríkisins **2,5**
1.01 Fornleifavernd ríkisins
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. tímabundið framlag til Þorláksbúðarfélagsins til að endurreisa Þorláksbúð í Skálholti.

02-902 Þjóðminjasafn Íslands **5,0**
1.01 Þjóðminjasafn Íslands
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til Landvistar á Húsavík vegna fjarvinnslu.

02-902 Þjóðminjasafn Íslands **5,0**
1.01 Þjóðminjasafn Íslands
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til Forsvars á Hvammstanga vegna fjarvinnslu.

02-902 Þjóðminjasafn Íslands **8,0**
1.10 Byggða- og minjasöfn
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 8 m.kr. tímabundið framlag til Hins þingeyska fornleifafélags til fornleifarannsókna í Suður-Þingeyjarsýslu.

02-902 Þjóðminjasafn Íslands **5,5**
1.10 Byggða- og minjasöfn
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 5,5 m.kr. tímabundið framlag til frágangs fornminja í Skálholti.

02-902 Þjóðminjasafn Íslands **3,0**
1.10 Byggða- og minjasöfn
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingar og björgunar menningarverðmæta í Kolkuósi.

02-902 Þjóðminjasafn Íslands **2,5**
1.10 Byggða- og minjasöfn
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. tímabundið framlag til fornleifarannsókna við gamla prestssetrið að Útskálum.

02-902 Þjóðminjasafn Íslands **4,0**
1.10 Byggða- og minjasöfn
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til Fornleifafélags Barðstrendinga og Dalamanna vegna fornleifarannsókna.

02-902 Þjóðminjasafn Íslands **4,0**
1.10 Byggða- og minjasöfn
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til Hólarannsóknarinnar til að halda áfram fornleifauppgreftri á tanganum við Kolkuós (Kolbeinsárós).

02-902 Þjóðminjasafn Íslands **3,0**
1.10 Byggða- og minjasöfn
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag til Eldstáls ehf. til fornleifarannsókna á Bæ í Öræfum.

02-902 Þjóðminjasafn Íslands **4,0**
1.10 Byggða- og minjasöfn
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til Fornleifastofnunar Íslands til úrvinnslu fornleifarannsókna sem gerðar voru í Skálholti 2002-2007.

02-902 Þjóðminjasafn Íslands **1,0**
1.10 Byggða- og minjasöfn
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag til Byggðasafns Skagfirðinga vegna Tyrfingsstaðaverkefnisins.

02-902 Þjóðminjasafn Íslands **2,5**
1.10 Byggða- og minjasöfn
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. framlag til rannsókna á menningarsögulegum minjum í Hringsdal og nágrenni hans á vegum Arnfirðingafélagsins.

02-902 Þjóðminjasafn Íslands **4,0**
1.10 Byggða- og minjasöfn
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Stofnun

Gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til Hólarannsóknarinnar til áframhaldandi fornleifarannsóknar á hinu forna biskups- og menntasetri að Hólum í Hjaltadal.

02-919 Söfn, ýmis framlög **3,0**
1.10 Listasafn ASÍ
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 3 m.kr. framlag til Listasafns ASÍ.

02-919 Söfn, ýmis framlög **1,0**
1.11 Nýlistasafn
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Gerð er tillaga um 1 m.kr. hækkun á framlagi til Nýlistasafnsins.

02-919 Söfn, ýmis framlög **17,0**
1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 17 m.kr. framlag vegna vinnu tveggja sérfræðinga í Húnavatnssýslu með hliðsjón af skýrslu nefndar til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi, en framlagið var fellt brott við 2. umr. um frumvarpið.

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður **-70,0**
6.84 Hönnunarsafn Íslands
Hagræðing starfsemi
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fallið verði frá 70 m.kr. framlagi til byggingar Hönnunarsafns Íslands. Tillagan er hluti af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um hvernig brugðist skuli við aðstæðum í efnahagsmálum þjóðarinnar.

02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður **8,0**
6.95 Menningarhús
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Gerð er tillaga um 8 m.kr. tímabundið framlag til endurbóta á menningarhúsinu Tjarnarborg, félagsheimili Ólafsfirðinga.

02-971 Ríkisútvarpið **0,0**
1.10 Ríkisútvarpið
Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Í fyrirliggjandi frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 6/2007 er gert ráð fyrir að tekjur af gjaldi vegna Ríkisútvarpsins ohf. renni í ríkissjóð. Fyrirtækið fær þess í stað beint framlag úr ríkissjóði. Tillagan snýr aðeins að fjármögnun og hefur ekki áhrif á upphæð fjárveitingarinnar.

02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands **0,0**
1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands
Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Fjármálaráðuneyti

Hagræðing og verðlagsuppfærsla.

02-979 Húsafriðunarnefnd **6,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Kvennaskólahúsið á Blönduósi. Gerð er tillaga um 6 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **4,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Faktorshúsið á Djúpavogi. Gerð er tillaga um 4,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **3,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Einarshús í Bolungarvík. Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **3,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Gamla Mjólkursamlagið, Borgarnesi. Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **3,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gudmanns Minde, Gamli spítali á Akureyri. Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **3,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Kirkjutorg 4, Reykjavík. Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **3,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Ólafsdalsfélagið, menningarverðmæti í Ólafsdal í Dölum. Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **3,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Verslunarhús í Englendingavík í Borgarnesi. Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **3,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Hólskirkja í Bolungarvík. Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **3,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Kaupfélagshúsið, elsta íbúðarhúsið á Höfn í Hornafirði. Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **3,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar, Duus-hús. Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **3,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Einstaklingur

Síldarverksmiðjan á Djúpavík á Ströndum. Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **3,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gamla kaupfélagshúsið á Breiðdalsvík. Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Brydebúð í Vík. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Faktorshúsið í Hæstakaupstað. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Friðbjarnarhús á Akureyri. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Gamla Borg. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Gamla rafstöðvarhúsið á Bíldudal. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Gamla verslunarhúsið í Króksfjarðarnesi. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Gamli barnaskólinn á Akureyri. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Garðahús á Akranesi. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Hafnarstræti 88, Akureyri, gamli bankinn. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Hótel Framtíð á Djúpavogi. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Kaffi Krókur, Sauðárkróki. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Kaupvangur í Vopnafirði. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Kálfatjarnarkirkja. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Ketukirkja á Skaga. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Norræna húsið. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Pakkhús í Ólafsvík. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Pakkhús sem hýsir mótorbátinn Skaftfelling. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Pompei norðursins. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Sandahús á Akranesi. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Skaftholtsréttir. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Smiðjan á Patreksfirði. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Tangi á Fáskrúðsfirði. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Tryggvaskáli. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Vatneyrarbúð á Patreksfirði. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Vjelasmiðja Jóhanns Hanssonar. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Dagsbrún, gamla félagsheimilið í Skarðshlíð undir Eyjafjöllum. Gerð er tillaga um 0,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Eyrardalsbærinn í Súðavíkurhreppi. Gerð er tillaga um 0,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Einstaklingur

Gamla kjötfrystihúsið í Norðurfirði á Ströndum. Gerð er tillaga um 0,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Gamla prestssetrið að Útskálum. Gerð er tillaga um 0,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Einstaklingur

Hlíðarhús á Siglufirði. Gerð er tillaga um 0,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Miðstræti 3, elsta húsið á Bolungarvík. Gerð er tillaga um 0,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Einstaklingur

Mjallargata 5 á Ísafirði. Gerð er tillaga um 0,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Prestssetrið á Brjánslæk. Gerð er tillaga um 0,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Skólahúsið í Þingborg. Gerð er tillaga um 0,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Skólahúsið Norðurkot, Vogum. Gerð er tillaga um 0,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Smiðjan á Bíldudal. Gerð er tillaga um 0,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Hlaðan Skjaldbreið, Vogum. Gerð er tillaga um 0,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Bryggjuhús á Wathnes-torfunni á Seyðisfirði. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **1,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Listasmiðja Norðfjarðar, endurnýjun á Þiljuvöllum 11. Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Sveitarfélag

Árnes á Skagaströnd. Gerð er tillaga um 0,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-979 Húsafriðunarnefnd **0,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
Breyttur forgangur í ramma
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Uppsalir í Selárdal, hús Gísla á Uppsölum. Gerð er tillaga um 0,5 m.kr. tímabundið framlag.

02-982 Listir, framlög **3,0**
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 3 m.kr. tímabundið framlag til Draumasmiðjunnar.

02-982 Listir, framlög **5,0**
1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun á rekstrarstyrk til skrifstofu sjálfstæðu leikhúsanna.

02-983 Ýmis fræðistörf **2,0**
1.52 Skriðuklaustur
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Fyrirtæki

Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til fornleifarannsókna á klaustrinu sem starfrækt var á Skriðu í Fljótsdal.

02-983 Ýmis fræðistörf **2,0**
1.53 Snorrastofa
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til rannsóknarverkefna sem tengjast Snorra Sturlusyni.

02-988 Æskulýðsmál **6,5**
1.12 Ungmennafélag Íslands
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 6,5 m.kr. hækkun á framlagi til Ungmennafélags Íslands.

02-988 Æskulýðsmál **20,0**
1.12 Ungmennafélag Íslands
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 20 m.kr. framlag til reksturs ungmenna- og tómstundabúða að Laugum í Sælingsdal sem eru samstarfsverkefni UMFÍ og sveitarfélagsins Dalabyggðar.

02-988 Æskulýðsmál **4,0**
1.14 Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 4 m.kr. framlag til að styrkja rekstrargrunn útilífsmiðstöðvar skáta á Úlfljótsvatni.

02-988 Æskulýðsmál **4,0**
1.15 Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 4 m.kr. framlag til að styrkja rekstrargrunn æskulýðsmiðstöðvar KFUM í Vatnaskógi.

02-988 Æskulýðsmál **1,0**
1.17 Landssamband KFUM og KFUK
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 1 m.kr. hækkun á framlagi til KFUM og KFUK á Íslandi vegna svæðisfulltrúa á Suðurnesjum. Gengið hefur verið frá samningi við Reykjanesbæ sem dugar til að greiða helming kostnaðar.

02-989 Ýmis íþróttamál **12,0**
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 12 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi til ÍSÍ.

02-989 Ýmis íþróttamál **8,0**
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 8 m.kr. tímabundið framlag vegna vetrarólympíuleikanna árið 2010.

02-989 Ýmis íþróttamál **10,0**
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag vegna ýmissa ólympískra verkefna á vegum Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands.

02-989 Ýmis íþróttamál **1,5**
1.20 Glímusamband Íslands
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Félagasamtök

Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. tímabundið framlag til Glímusambands Íslands vegna fyrsta heimsmeistaramótsins í íslenskri glímu sem haldið var í Danmörku í ágúst sl.

02-989 Ýmis íþróttamál **6,0**
1.30 Bridgesamband Íslands
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 6 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi Bridgesambands Íslands.

02-999 Ýmislegt **0,0**
1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis
Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Lagt er til að fallið verði frá 6 m.kr. lækkun á fjármagni til verkefnis íslenska upplýsingasamfélagsins um árvekniþjónustu á bókasöfnum. Þess í stað lækki framlög til samninga og styrkja varðandi menningarmál á grundvelli umsókna um 6 m.kr. Tillagan hefur ekki áhrif á heildarfjárveitingu liðarins.

02-999 Ýmislegt **8,0**
1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 8 m.kr. tímabundið framlag til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi eystra og Austurlandi, en framlagið var fellt niður við 2. umræðu um frumvarpið..

02-999 Ýmislegt **-25,0**
1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis
Ákvörðun Alþingis
Samþykkt á Alþingi
Alþingi

Gerð er tillaga um 25 m.kr. lækkun á fjárveitingum til samninga og styrkja ýmissa menningarmála vegna aðhalds í ríkisrekstri.

02-999 Ýmislegt **10,0**
1.98 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis
Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 10 m.kr. framlag til Gaulverjabæjarskóla vegna áframhaldandi meðferðarstarfs.

Samtals menntamálaráðuneyti 361,5

03-300 Sendiráð Íslands **1.982,0**

6.21 Fasteignir

Breyttar forsendur
Samþykkt af ríkisstjórn
Ríkisstjórn

	Heildartekjur samtals	**402.498,7**	**398.624,2**

443. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2009.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, ÁKÓ, GuðbH, JónG, SVÓ, BjörkG, IllG).

Við 2. gr.

a. Við liðinn ***Fjármunahreyfingar:***
   a. Undir fyrirsögn komi nýr liður, svohljóðandi: Yfirtekin tryggingabréf frá Seðlabanka Íslands, 385.000,0 m.kr.
   b. Í stað fjárhæðarinnar 15.100,0 m.kr. í Afborganir veittra lána komi: 16.000,0 m.kr.
   c. Á eftir liðnum „Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög“ komi nýr liður, svohljóðandi: Eiginfjárframlög til bankakerfisins, -385.000,0 m.kr.

b. Við liðinn ***Fjármögnun:***
   Í stað fjárhæðarinnar „-56.500,0“ í Afborganir lána komi: -100.000,0.

c. Liðurinn „Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, -4.000,0 m.kr.“ falli brott.

444. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2009.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, ÁKÓ, GuðbH, JónG, SVÓ, BjörkG, IllG).

Við 5. gr.

a. Í stað orðanna „allt að 55.000 m.kr.“ í 1. tölul. komi: 160.000 m.kr.
b. Í stað orðanna „allt að 8.800 m.kr.“ í inngangsmálslið 2. tölul. komi: allt að 10.000 m.kr.
c. Í stað orðanna „allt að 8.800 m.kr.“ í lið 2.1 komi: allt að 10.000 m.kr.
d. Í stað orðanna „allt að 25.000 m.kr.“ í lið 3.1 komi: allt að 20.000 m.kr.
e. Í stað orðanna „allt að 42.469 m.kr.“ í lið 3.2 komi: allt að 130.014 m.kr.
f. Í stað orðanna „allt að 30.403 m.kr.“ í lið 3.3 komi: allt að 29.660 m.kr.

445. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2009.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, ÁKÓ, GuðbH, JónG, SVÓ, BjörkG, IllG).

1. Við 6. gr. Liðir 2.10 og 2.15 falli brott.
2. Við 6. gr. Liður 3.5 orðist svo: Að selja eignarhlut ríkisins í Hraunbæ 102d–102e.
3. Við 6. gr. Nýir liðir:
   3.14 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Mýrarbraut 13, Mýrdalshreppi.

3.15 Að selja eignarhlut ríkisins í Suðurgötu 40, Hafnarfirði.
3.16 Að selja sendiherrabústað í New York og verja hluta söluverðs til að kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
3.17 Að selja sendiherrabústað í Washington og verja hluta söluverðs til að kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
3.18 Að selja sendiherrabústað í Osló og verja hluta söluverðs til að kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.
3.19 Að selja sendiherrabústað í London og verja hluta söluverðs til að kaupa eða leigja annað hentugra húsnæði.

4. Við 6. gr. Nýir liðir:
4.32 Að selja Sorpstöð Suðurlands 30 ha af útskiptu landi sem áður tilheyrði jörðinni Kirkjuferjuhjáleigu 3.
4.33 Að selja jörðina Geldingalæk, Rangárþingi ytra.
4.34 Að selja jörðina Gervidal í Ísafirði, Strandabyggð.
4.35 Að selja hluta jarðarinnar Undirhrauns I, Skaftárhreppi.
4.36 Að selja Nýbýlaland VI, Fljótsdalshéraði.
4.37 Að selja eignarhlut ríkisins í Strandvegi 50, Vestmannaeyjum, og kaupa eða leigja hentugra húsnæði.

5. Við 6. gr. Liðir 6.14 og 6.17 falli brott.

6. Við 6. gr. Nýir liðir:
6.31 Að kaupa hesthús í landi Mógilsár í Kollafirði.
6.32 Að leigja viðbótarhúsnæði fyrir landlæknisembættið.
6.33 Að leigja viðbótarhúsnæði fyrir Lyfjastofnun.
6.34 Að leigja húsnæði fyrir Fjölsmiðjuna.
6.35 Að kaupa flugskýli við Vestmannaeyjaflugvöll.
6.36 Að kaupa fasteign RÚV ohf. við Efstaleiti.

7. Við 6. gr. Nýir liðir:
7.12 Að endurgreiða sveitarfélögum, eða opinberum félögum á þeirra vegum, virðisaukaskatt vegna kaupa á nýjum slökkvibifreiðum og búnaði slökkviliða.
7.13 Að heimila að endurgreiða virðisaukaskatt af sérhæfðum íþróttabúnaði fyrir fatlaða íþróttamenn.
7.14 Að veita fjárhagslega fyrirgreiðslu til að standa undir kostnaði vegna málshöfðunar fyrir erlendum dómstólum um lögmæti íþyngjandi stjórnvaldsákvörðunar erlends stjórnvalds sem beint var að íslenskum lögaðila, eða lögaðilum, á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008, ef ætla má að með málshöfðuninni fáist niðurstaða sem sé mikilvæg fyrir íslenska almannahagsmuni og til þess fallin að styrkja hagsmuni Íslands á erlendri grundu.
7.15 Að ganga til samninga við hafnarsjóð Seyðisfjarðar um viðbótartollaðstöðu á Seyðisfirði.
7.16 Að ganga til endanlegra samninga við Landsvirkjun um endurgjald fyrir vatnsréttindi ríkisins við Kárahnjúka á grundvelli úrskurðar matsnefndar um ákvörðun bóta vegna réttindanna.
7.17 Að verja, ef á þarf að halda, frekari fjárhæðum til greiðslu bóta til þeirra er sætt hafa misgjörðum á vistheimilum fyrir börn en heimilað er í fjáraukalögum fyrir árið 2008.

7.18 Að leggja þremur nýjum fjármálafyrirtækjum sem stofnuð hafa verið á grundvelli 1. mgr. 1. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., samtals allt að 385 milljarða kr. í eigið fé.

7.19 Að leggja sparisjóðum til allt að 14 milljarða kr. stofnfé eða hlutafé á grundvelli 1. mgr. 2. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

7.20 Að kaupa af Seðlabanka Íslands þau viðskiptabréf sem bankanum hafa verið afhent til tryggingar veðlánum bankans og annast uppgjör þeirra krafna eins og hagkvæmast þykir.

446. Frumvarp til laga [231. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, og lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 20. des.)

I. KAFLI
Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað b-liðar 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna koma þrír nýir stafliðir, svohljóðandi:

b. Varningur sem ferðamenn, búsettir hér á landi, hafa meðferðis hingað til lands eða kaupa í tollfrjálsri verslun hér á landi umfram það sem greinir í a-lið, að verðmæti allt að 65.000 kr., miðað við smásöluverð á innkaupsstað. Verðmæti einstaks hlutar skal þó að hámarki vera 32.500 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta réttinda samkvæmt þessum lið að hálfu.

c. Varningur sem skipverjar og flugverjar, búsettir hér á landi, hafa meðferðis hingað til lands eða kaupa í tollfrjálsri verslun umfram það sem greinir í a-lið, að verðmæti allt að 24.000 kr., miðað við smásöluverð á innkaupsstað, hafi þeir verið skemur en 15 daga í ferð, en 48.000 kr., hafi þeir verið lengur í ferð. Verðmæti einstaks hlutar skal þó að hámarki vera 24.000 kr.

d. Matvæli, þ.m.t. sælgæti, sem ferðamenn og farmenn hafa meðferðis hingað til lands eða kaupa í tollfrjálsri verslun, að verðmæti allt að 18.500 kr., miðað við smásöluverð á innkaupsstað. Þyngd matvæla skal þó að hámarki vera 3 kg. Matvæli skulu talin með varningi skv. b- og c-lið.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna:

a. 1. og 2. málsl. a-liðar orðast svo: Af bifreiðum sem eru skráðar erlendis eða keyptar nýjar og óskráðar á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum ef innflytjandi eða eftir atvikum kaupandi hennar hefur eða hefur haft fasta búsetu erlendis, hyggst dvelja hér á landi tímabundið og nota bifreiðina í eigin þágu. Það er jafnframt skilyrði að bifreiðin sé flutt til landsins eða eftir atvikum keypt ný og óskráð.

b. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Af bifreiðum, skráðum erlendis, sem vinnuveitandi með staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum sér starfsmanni sínum fyrir, enda sé bifreiðin nauðsynleg til þess að starfsmaðurinn geti sinnt starfsskyldum sínum. Það er jafnframt skilyrði að notkun bifreiðarinnar hér á landi sé tímabundin og ekki meiri en notkun hennar erlendis. Bifreiðin telst vera notuð tímabundið hér á landi ef hún er ekki notuð lengur en samtals 183 daga á sérhverju 12 mánaða tímabili. Notkun bifreiðarinnar telst vera meiri hér á landi en erlendis ef hún er á 12 mánaða tímabili notuð meira hér á landi í einkaerindum og í atvinnuskyni en hún er notuð erlendis í atvinnuskyni, í kílómetrum talið.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „15.000 evrum“ í 2. mgr. kemur: 10.000 evrum.
b. Á eftir orðinu „reiðufé“ í 2. mgr. kemur: eða handhafabréfum, þ.m.t. ferðatékkum.
c. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Sérhver farmaður skal ótilkvaddur gera tollgæslu skriflega grein fyrir öllum varningi sem hann hefur fengið erlendis eða í ferðinni, hvort sem varningurinn er tollskyldur eður ei.

4. gr.

Í stað orðsins „Ráðherra“ í lokamálslið 2. tölul. 2. mgr. 48. gr. laganna kemur: Tollstjóra.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 91. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „öðrum“ í 2. málsl. kemur: ótengdum aðilum.
b. Við bætist nýr málsliður er verður 3. málsl. og orðast svo: Tollstjóra er þó heimilt að veita öðrum starfsleyfi ef leyfishafi uppfyllir kröfur tollstjóra um fullnægjandi aðstöðu og bókhaldslega aðgreiningu og stenst áhættumat.
c. Í stað orðsins „Ráðherra“ í lokamálslið 2. tölul. kemur: Tollstjóra.

6. gr.

Við 122. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Tollstjóra er heimilt, á grundvelli umsóknar, að fresta gjalddaga skuldfærðs virðisaukaskatts skv. 2. mgr. fram að uppgjöri virðisaukaskatts fyrir sama uppgjörstímabil, sbr. 1. og 2. mgr. 24. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, enda sé aðili að jafnaði með lægri útskatt en innskatt þar sem verulegur hluti veltunnar er undanþeginn virðisaukaskatti skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Heimild, útgefin af tollstjóra, skal gilda í 12 mánuði í senn.

7. gr.

Við 10. tölul. 1. mgr. 195. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Jafnframt er gjaldtaka heimil til að standa straum af kostnaði við gerð innsigla vegna farmverndar, sbr. 7. gr. laga um siglingavernd, nr. 50/2004.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

8. gr.

Við 36. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Áfengi og tóbak skv. 5., 6. og 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 10. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

9. gr.

Í stað 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna koma þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:

5. Af áfengi sem ferðamenn hafa meðferðis til landsins sem hér segir:
   a. 1 lítra af sterku áfengi og 1 lítra af léttvíni, eða
   b. 3 lítra af léttvíni, eða
   c. 1 lítra af sterku áfengi eða 1,5 lítra af léttvíni og 6 lítra af öli.
6. Af áfengi sem skipverjar á íslenskum skipum eða skipum í leigu íslenskra aðila hafa meðferðis eftir að hafa verið 15 daga eða lengur í ferð, sem hér segir:
   a. 1,5 lítra af sterku áfengi og 3 lítra af léttvíni, eða
   b. 1,5 lítra af sterku áfengi eða léttvíni og 24 lítra af öli.

   Ef sömu aðilar hafa verið skemur en 15 daga í ferð skulu þeir njóta að hálfu réttinda samkvæmt þessum lið. Skipstjóra, yfirstýrimanni, yfirvélstjóra og bryta, svo og matsveinum á farþega- og vöruflutningaskipum, er jafnframt heimilt að taka gjaldfrjálst aukalega til risnu um borð jafnstóran skammt og þeir mega hafa gjaldfrjálst samkvæmt þessum lið.
7. Af áfengi sem flugverjar, þ.m.t. flugverjar í aukaáhöfn, hafa meðferðis, eftir að hafa verið 15 daga eða lengur í ferð, sem hér segir:
   a. 1 lítra af sterku áfengi og 0,75 lítra af léttvíni, eða
   b. 1 lítra af sterku áfengi eða 0,75 lítra af léttvíni og 6 lítra af öli.

   Hafi ferð varað skemur en 15 daga er sömu aðilum heimilt að hafa meðferðis gjaldfrjálst:
   a. 0,375 lítra af sterku áfengi og 0,75 lítra af léttvíni, eða
   b. 0,375 lítra af sterku áfengi eða 0,75 lítra af léttvíni og 3 lítra af öli.

10. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Tóbak sem ferðamenn eða farmenn hafa meðferðis til landsins skal undanþegið gjaldi skv. 1. mgr. að því hámarki sem hér segir:

1. 100 vindlingar eða 125 g af öðru tóbaki sem flugverjar er hafa verið skemur en 15 daga í ferð hafa meðferðis.
2. 200 vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki sem ferðamenn, skipverjar á íslenskum skipum eða skipum í leigu íslenskra aðila er hafa verið skemur en 15 daga í ferð hafa meðferðis og flugverjar, þ.m.t. flugverjar í aukaáhöfn, er hafa verið 15 daga eða lengur í ferð hafa meðferðis.
3. 400 vindlingar eða 500 g af öðru tóbaki sem skipverjar á íslenskum skipum eða skipum í leigu íslenskra aðila er hafa verið 15 daga eða lengur í ferð hafa meðferðis.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

447. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson og Guðmund Jóhann Árnason frá fjármálaráðuneyti.

Frumvarpinu er ætlað að treysta lagagrundvöll álagningar stimpilgjalds vegna tilgreindra skjala. Er það lagt fram í kjölfar álits umboðsmanns í máli nr. 4712/2006.

Nefndin ræddi á hverjum skylda til að greiða gjaldið hvíli, hverjar tekjur væru af gjaldinu og tengsl stimpilskyldu og þinglýsingar í ljósi tilvísunar frumvarpsins til þinglýsingar. Nefndin ræddi einnig áform í stjórnarsáttmálanum um afnám stimpilgjalds.

Fram kom að lög um stimpilgjald mæltu ekki afdráttarlaust fyrir um á hverjum stimpilskylda hvíli heldur væri það jafnan komið undir samkomulagi hlutaðeigandi aðila. Þegar um gjaldtöku samkvæmt frumvarpinu væri að ræða mætti gera ráð fyrir því að gerðarbeiðandi legði út fyrir gjaldinu en að gerðarþoli beri kostnaðinn endanlega þegar um er að ræða lið í innheimtuaðgerðum.

Fram kom að stimpilskylda væri miðuð við útgáfu skjals en í framkvæmd hefði greiðsla verið innt af hendi við þinglýsingu. Ekki stæði til að breyta þeirri framkvæmd. Þá kom fram að tekjur af gjaldi því sem frumvarpið mælir fyrir um nemi um það bil 5% af heildartekjum af stimpilgjaldi á ári eða sem svarar 320 millj. kr.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Lúðvík Bergvinsson og Birkir J. Jónsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Bjarni Benediktsson og Gunnar Svavarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. des. 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Ögmundur Jónasson.
Birkir J. Jónsson, með fyrirvara.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.	Katrín Jakobsdóttir.

Rósa Guðbjartsdóttir.

448. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2009.

Frá Sigurði Kára Kristjánssyni, Katrínu Jakobsdóttur, Illuga Gunnarssyni, Höskuldi Þórhallssyni, Ragnheiði Ríkharðsdóttur og Katrínu Júlíusdóttur.

Breytingar á sundurliðun 2:

Við **02-982 Listir, framlög**

1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982-1.70).

		Þús. kr.
1.	Atli Heimir Sveinsson	1.800
2.	Ásgerður Búadóttir	1.800
3.	Erró	1.800
4.	Fríða Á. Sigurðardóttir	1.800
5.	Guðbergur Bergsson	1.800
6.	Guðmunda Elíasdóttir	1.800
7.	Gunnar Eyjólfsson	1.800
8.	Hannes Pétursson	1.800
9.	Herdís Þorvaldsdóttir	1.800
10.	Jóhann Hjálmarsson	1.800
11.	Jón Nordal	1.800
12.	Jón Sigurbjörnsson	1.800
13.	Jón Þórarinsson	1.800
14.	Jónas Ingimundarson	1.800
15.	Jórunn Viðar	1.800
16.	Kristbjörg Kjeld	1.800
17.	Kristján Davíðsson	1.800
18.	Magnús Pálsson	1.800
19.	Matthías Johannessen	1.800
20.	Megas	1.800
21.	Róbert Arnfinnsson	1.800
22.	Thor Vilhjálmsson	1.800
23.	Vigdís Grímsdóttir	1.800
24.	Vilborg Dagbjartsdóttir	1.800
25.	Þorbjörg Höskuldsdóttir	1.800
26.	Þorsteinn frá Hamri	1.800
27.	Þráinn Bertelsson	1.800
28.	Þuríður Pálsdóttir	1.800
	Samtals	**50.400**

449. Tillaga til þingsályktunar [265. mál]

um endurskoðun á samkeppnislögum.

Flm.: Ármann Kr. Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni heildarendurskoðun á samkeppnisumhverfi íslenskra fyrirtækja.

Greinargerð.

Í kjölfar bankahrunsins er mikilvægt að hefja strax endurreisn á íslensku viðskipta- og efnahagslífi. Til að það sé mögulegt á sem stystum tíma verður að ríkja öflug samkeppni hér á landi. Því miður er mikil hætta á að ríkjandi ástand ýti undir samþjöppun og hún verði enn meiri en við höfum upplifað á undanförnum árum. Slíkt getur dregið mjög úr hraða endurreisnarinnar þar sem frumkvæði og framtakssemi þjóðarinnar nær ekki fullum skriðþunga. Í skýrslu Samkeppniseft,irlitsins nr. 2/2008, *Öflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnustarfsemi* er greint frá reynslu annarra ríkja af þýðingu samkeppni í efnahagskreppum og hvaða lærdóm megi draga af henni. Sú reynsla og rannsóknir í hagfræði sýna að aðgerðir til þess að viðhalda og efla samkeppni stuðla að hraðari endurreisn atvinnulífsins.

Nú þegar við stöndum frammi fyrir miklum efnahagserfiðleikum í kjölfar bankahrunsins hefur aldrei verið mikilvægara að horfa til framtíðar og undirbúa næstu skref til viðreisnar íslensku efnahagslífi. Ljóst er að samkeppnisumhverfi íslenskra fyrirtækja er gallað. Hringamyndun og krosseignarhald hefur fengið að þrífast hér á landi, fákeppni hefur blómstrað og fyrirtæki hafa misbeitt markaðsráðandi stöðu sinni um áraraðir. Þetta sést glöggt þegar horft er til smásöluverslunar, matvöruiðnaðarins, fjölmiðla- og fjarskiptamarkaðarins, samgöngufyrirtækja og lyfjamarkaðarins svo eitthvað sé nefnt.

Íslenskt þjóðfélag má engan tíma missa. Krónan hefur fallið mjög hratt og hafa verðhækkanir ekki látið á sér standa eðli málsins samkvæmt. Nauðsynlegt er að þær gangi með sama hraða til baka í styrkingarferli krónunnar. Ef fákeppni eða samkeppnisskortur ríkir á markaðnum mun myndast mikil tregða til verðlækkana eins og sagan og dæmin hafa sýnt okkur. Við slíku ástandi verður að sporna og má ljóst vera að forsenda þess er öflugri samkeppnismarkaður.

Mörg úrræði eru til að efla samkeppni innan núverandi löggjafar. Önnur kalla á að reglu- og lagaumgjörð fyrirtækjanna eða samkeppnismarkaða sé breytt og úrræði Samkeppniseftirlitsins efld. Sérstaklega mikla áherslu þarf að leggja á að hlúa að og bæta rekstrarumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja, m.a. með því að ryðja úr vegi hindrunum sem takmarka möguleika nýrra fyrirtækja til að komast inn á samkeppnismarkaði (aðgangshindranir), eða möguleika smærri fyrirtækja til að vaxa við hlið stærri fyrirtækja, sbr. m.a. fyrrgreinda skýrslu Samkeppniseftirlitsins.

450. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Eftir að fram hafði farið 2. umræða um frumvarp til fjárlaga 2009, með miklu magni breytingartillagna frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar, voru þær samþykktar af stjórnarmeiri hlutanum á Alþingi. Minni hlutinn vísar í ítarlegt nefndarálit sitt sem lagt var fram við 2. umræðu um frumvarpið. Mikill þrýstingurinn hefur verið á umfjöllun um frumvarpið í nefndinni og tímapressan sem lögð er á alla aðila við vinnslu málsins er í senn óþolandi og skapar aðstæður fyrir óvönduð vinnubrögð og mistök. Eitt af því sem hefur einkennt störf fjárlaganefndar síðustu daga og vikur er bið eftir upplýsingum og tillögum frá fjármálaráðuneytinu og hefur það gert alla vinnu erfiðari en ella og takmarkað þann tíma sem nefndinni hefur verið gefinn í sínum störfum. Þetta verklag sýnir betur en margt annað hver staða Alþingis er gagnvart framkvæmdarvaldinu. Fjárlaganefnd fjallaði ekki um breytingartillögur um frumvarpið sem afgreiddar voru eftir 2. umræðu með fulltrúum ráðuneyta fyrr en eftir að tillögurnar voru samþykktar af stjórnarmeirihlutanum á Alþingi. Það að ekki skuli hafa verið svigrúm hjá nefndinni til að fjalla um breytingartillögurnar með fulltrúum ráðuneytanna áður en nefndin afgreiddi tillögurnar til 2. umræðu er einstakt og í reynd mjög gagnrýnisvert. Við umfjöllun fulltrúa ráðuneytanna um tillögurnar komu fram ýmsar upplýsingar um einstaka mál sem fjárlaganefnd hefði þurft að fá fram mun fyrr, áður en 2. umræða fór fram.

Sem dæmi um það má nefna að í breytingartillögunum er gert ráð fyrir tilfærslum fjárheimilda milli einstakra heilbrigðisstofnana víða um landið með því fororði að um sameiningar og hagræðingu væri að ræða. Eftir að tillögurnar höfðu verið samþykktar af stjórnarmeirihlutanum á Alþingi og fulltrúar heilbrigðisráðuneytisins komu til fundar við fjárlaganefnd komu fram þær upplýsingar að unnið væri að yfirgripsmiklum sameiningum heilbrigðisstofnana innan heilbrigðisumdæma á stórum landsvæðum. Samkvæmt upplýsingum minni hlutans hefur ekkert samráð verið haft um þessi áform við heimaaðila á viðkomandi svæðum, sveitarstjórnir og starfsfólk heilbrigðisstofnana. Því síður hafa borist upplýsingar um það hver áhrifin verða á rekstur og þjónustustig heilbrigðisþjónustunnar á þessum landsvæðum. Minni hlutinn lýsir áhyggjum vegna þessara áforma varðandi þjónustustig og öryggi heilbrigðisþjónustunnar. Hér er um að ræða allt aðrar og mun umfangsmeiri sameiningar stofnana en þingmenn töldu vera við umfjöllun í fjárlaganefnd og það sem kemur fram í greinargerð með frumvarpinu. Eftir þetta hefur komið í ljós að einstaka þingmenn hafa ekki verið með á nótunum hvað þetta varðar og þessar upplýsingar hafa komið þeim í opna skjöldu.

Þetta er lýsandi fyrir það að þingið hefur enga möguleika á því að vita hvað verið er að samþykkja eða hvaða afleiðingar það hefur né geta þingmenn almennt á nokkurn hátt gert sér grein fyrir heildarmynd mála. Umfjöllun og afgreiðsla fjárlaganna er með þeim hraða og tætingslega hætti að þingmenn hafa hreinlega ekki þær forsendur sem nauðsynlegar eru til þess að setja sig inn í málið eins og vera þyrfti. Án þess að gera lítið úr þingmönnum efast minni hlutinn um að margir þingmenn stjórnarmeirihlutans geri sér fulla grein fyrir því sem frumvarpið og breytingartillögurnar fela í sér og hver heildaráhrifin verða fyrir samfélagið. Minni hlutinn bendir á að þegar fall bankanna varð og í margar vikur eftir það fór lítil vinna fram í fjárlaganefnd Alþingis sem miðaði að því að greina áfallið og fjalla um það. Það er nefnilega þannig að menn tala oft fjálglega um daginn og veginn þegar allt gengur sinn gang,

en þegar eitthvað bjátar á sitja menn oft þögulir og róa fram í gráðið. Sá hefur verið háttur ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans sem hún styðst við á Alþingi.

Minni hlutinn bendir á að þrátt fyrir mikinn mannauð sem felst í þekkingu og reynslu alþingismanna og starfsfólks Alþingis var sá mannauður lítið og alls ekki nægilega notaður við greiningu vandans, til að fjalla um málin og leita lausna á þeim miklu efnahagserfiðleikum sem sköpuðust við fall bankanna. Minni hlutinn harmar að enginn raunverulegur vilji var til þess af hálfu ríkisstjórnarinnar að taka í útrétta hönd stjórnarandstöðunnar í októbermánuði og virkja þá þekkingu og reynslu sem þar er fyrir hendi og boðin var fram. Sama má segja um þingmenn stjórnarmeirihlutans, þeir búa einnig yfir sömu kostum, en ekki var að sjá að þeir væru virkjaðir að neinu marki til að vinna að lausnum. Ríkisstjórnin hefur haldið öllum þessum málum í fangi sér og skammtar Alþingi sínar lausnir og ákvarðanir, nánast tilviljanakennt, seint og illa. Það er mikill ábyrgðarhluti að allt þetta fólk sitji nánast aðgerðarlaust meðan hamfara ástand hefur ríkt í efnahagsmálum þjóðarinnar. Björgunarsveitin var þannig látin bíða aðgerðalaus meðan þeir sem voru á slysstað voru nánast látnir sjá um sig sjálfir. Þessi framkoma ríkisstjórnarinnar gagnvart Alþingi og almenningi í landinu er í senn ólýðræðisleg og óþingleg. Ekki síst á erfiðleika- og óvissutímum er mikilvægt að virða lýðræðislegar grunnstoðir þjóðfélagsins. Minni hlutinn ítrekar að strax við fall bankanna bauð stjórnarandstaðan fram krafta sína til sameiginlegs átaks, en ríkisstjórnin þáði ekki það boð.

Eins og minni hlutinn hefur vakið athygli á hefur verklagið við umfjöllun og afgreiðslu frumvarpsins og breytingartillagna verið gagnrýnisvert, sérstaklega vegna tímahraks og flausturslegra vinnubragða. Það eru vinnubrögð sem ekki eiga að viðgangast á Alþingi Íslendinga og eru ekki til þess fallin að auka traust og virðingu almennings fyrir löggjafarvaldinu. Í þessu sambandi vísar minni hlutinn til álits Lögmannafélags Íslands sem hefur gagnrýnt hroðvirknisleg og óvönduð vinnubrögð Alþingis við umfjöllun og afgreiðslu mála í þinginu. Minni hlutinn tekur undir þessa gagnrýni lögmannafélagsins og krefst þess að Alþingi beiti sér af fullu afli til þess að vinnubrögðin verði eins og lög og reglur kveða á um, en láti ekki framkvæmdarvaldið algerlega stjórna ferðinni með þeim afleiðingum sem allir sjá. Stjórnarmeirihluti þingmanna ber meginábyrgð á því að Alþingi starfar með þessum hætti. Þeir eiga ekki að láta ráðherra sína komast upp með að hafa þau áhrif og völd sem eru staðreynd og ráða hvað mestu um vinnulag þingsins.

Fulltrúar fjármálaráðuneytisins mættu á fund fjárlaganefndar að morgni föstudagsins 19. desember og kynntu tillögur frá ríkisstjórninni um breytingar á frumvarpinu fyrir 3. umræðu á Alþingi. Fjárlaganefnd hélt tvo fundi um málið þann dag. Eftir að fjárlaganefnd hafði haft breytingartillögur ríkisstjórnarinnar til skoðunar í örfáar klukkustundir ákvað meiri hluti nefndarinnar að afgreiða frumvarpið og breytingartillögurnar úr nefndinni til 3. umræðu og gerði tillögurnar að sínum. Minni hlutinn lagðist gegn því að nefndin hætti umfjöllun um frumvarpið og breytingartillögurnar á þeim tímapunkti, enda vantaði margar mikilvægar upplýsingar og forsendur er varða frumvarpið. Auk þess er það álit minni hlutans að þingmenn hafi ekki haft tækifæri til þess að gera sér fulla grein fyrir tillögunum, afleiðingum þeirra og eðli. Minni hlutinn telur að enn þá sé ekki forsvaranlegt að Alþingi afgreiði frumvarpið svo ófullkomið og vanreifað sem það er. Það er mat minni hlutans að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hafi gefist upp við að vinna að gerð ábyrgra fjárlaga. Jafnframt er það mat minni hlutans að stór hluti þingheims geti ekki og hafi ekki forsendur til þess að gera sér grein fyrir því hvað frumvarpið og breytingartillögurnar fela í sér og hver áhrifin af þessu mikla niðurskurðarfrumvarpi verða á samfélagið í heild. Þótt nokkur tilraun sé gerð til þess að meta fjárskuldbindingar ríkissjóðs og þjóðarbúsins á árinu 2009 mun þar skeika hundruðum milljarða

til eða frá. Ekkert mat liggur fyrir um greiðslugetu ríkissjóðs og þjóðarbúsins á næstu árum. Þessi vinnubrögð eru ekki boðleg og þjóna ekki hagsmunum almennings í landinu.

Þá geta ómarkviss og götótt fjárlög aldrei orðið það hagstjórnartæki sem þeim er ætlað að vera. Ef fjármálastefna stjórnvalda verður ekki í samræmi við peningamálastefnuna er hætt við að illa gangi að halda ríkisfjármálum í því horfi sem gert er ráð fyrir í samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Samkvæmt breytingartillögum ríkisstjórnarinnar, sem meiri hluti fjárlaganefndar hefur gert að sínum, er áætlaður halli fjárlaga 153 milljarðar kr. á rekstrargrunni. Fjármálaráðuneytið gerir fyrirvara um niðurstöður um vaxtakostnað vegna erlendra innlánsreikninga bankanna, upplýsingar þar um liggja ekki fyrir. Sú aðferð að samþykkja fjárlög með þessu stóra gati er ekki til þess fallið að skapa hagstjórninni trúverðugleika.

Tekjuáætlun.

Í breytingartillögum meiri hlutans við tekjuáætlun felast auknar tekjur sem nema alls 6,7 milljörðum kr. á rekstrargrunni. Samkvæmt því eru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar 402,5 milljarðar kr. 2009. Gert er ráð fyrir að skatttekjur aukist um 6,6 milljarða kr. Um er að ræða 2,2 milljarða kr. vegna hærra hlutfalls tekjuskatts á einstaklinga og fjármagnstekjuskatts að fjárhæð 589 millj. kr. sem ríkissjóður greiðir sjálfur og þá er nýr skattur vegna Ríkisútvarpsins upp á 3,8 milljarða kr., en þær tekjur renna til Ríkisútvarpsins á gjaldahlið. Aðrar rekstrartekjur lækka um 2,9 milljarða kr. þar sem afnotagjöld til Ríkisútvarpsins eru lögð af. Þá er gert ráð fyrir að seldar verði fasteignir erlendis sem skili tekjum að fjárhæð 3 milljarðar kr., en þar er um að ræða sölu á sendiherrabústöðum í New York, Washington, London og Ósló. Þess ber að geta að gert er ráð fyrir að leigja þurfi húsnæði eða kaupa ódýrari eignir í staðinn, þannig að hér er a.m.k. að hluta til um að ræða sýnda veiði en ekki gefna varðandi fjárhagslegan ávinning ríkissjóðs.

Í nefndaráliti minni hlutans fyrir 2. umræðu um frumvarpið voru gerðar alvarlegar athugasemdir við að allar forsendur tekjuáætlunar vantaði. Þrátt fyrir formlegar og ítrekaðar óskir þar um höfðu þær upplýsingar ekki borist. Eftir að Alþingi hafði samþykkt tekjuáætlun eins og hún lá fyrir við 2. umræðu barst fjárlaganefnd bréf frá fjármálaráðuneytinu, dags. 17. desember, þar sem gerð er ítarleg grein fyrir forsendum tekjuáætlunar eins og hún var afgreidd eftir 2. umræðu. Minni hlutinn gagnrýnir harðlega að þessar forsendur hafi ekki legið fyrir í fjárlaganefnd áður en nefndin afgreiddi tekjuáætlunina til 2. umræðu og áður en stjórnarmeirihlutinn samþykkti hana. Þar sem þessar upplýsingar höfðu ekki borist fyrr liggur fyrir að stjórnarmeirihlutinn hafði ekki eðlilegar forsendur til að leggja mat á tekjuáætlunina áður en hún var samþykkt á Alþingi. Þessi vinnubrögð stjórnarmeirihlutans eru lýsandi fyrir það sem á sér stað á Alþingi um þessar mundir og eru langt frá því að geta talist ábyrg og eðlileg. Minni hlutinn gagnrýnir harðlega þessi vinnubrögð og vísar til ábyrgðar stórnarmeirihlutans á þeim.

Fjárlaganefnd barst álit frá efnahags- og skattanefnd varðandi tekjuáætlun. Þingmennirnir Pétur H. Blöndal, formaður efnahags- og skattanefndar og Ögmundur Jónasson fulltrúi Vinstri grænna í nefndinni mættu á fund fjárlaganefndar og gerðu grein fyrir álitum um tekjuáætlunina. Þeir voru sammála um að mjög mikil óvissa væri ríkjandi og að tekjuáætlun sé alls ekki raunhæf. Að öðru leyti er vísað í framangreind álit sem eru birt sem fylgiskjöl með nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar.

Minni hlutinn telur að mikil óvissa geri það að verkum að tekjuáætlun geti ekki talist raunhæf og hefur minni hlutinn áhyggjur af því að í áætluninni séu tekjur ríkissjóðs ofmetnar. Það á fyrst og fremst við um tekjuskatta einstaklinga og lögaðila, með tilvísun í mjög alvarlegt

ástand sem er á vinnumarkaði og í atvinnustarfsemi almennt og að horfur í þeim efnum eru ekki góðar. Samkvæmt spám má gera ráð fyrir auknu atvinnuleysi og meiri samdrætti í atvinnustarfseminni þegar líður á árið 2009.

Gjaldahlið.

Í breytingartillögum meiri hlutans koma fram nokkrar tillögur um aðgerðir til að lækka útgjöld og nema þær alls 2,9 milljörðum kr. Þessar tillögur fela fyrst og fremst í sér niðurskurð á stofnkostnaði og framkvæmdum. Sem dæmi um það nemur lækkun fjárheimilda vegna stofnkostnaðar öldrunarstofnana 200 millj. kr. Lækkun fjárheimilda vegna stofnkostnaðar á nokkrum fjárlagaliðum heilbrigðisráðuneytis alls 130 millj. kr. Loks er um að ræða lækkun fjárheimilda alls 1,5 milljörðum kr. hjá samgönguráðuneyti, þar er um að ræða niðurskurð á vegaframkvæmdum sem nemur 500 millj. kr. til viðbótar við 5,5 milljarða kr. niðurskurð samkvæmt breytingartillögum við 2. umræðu. Draga á úr hafnarframkvæmdum upp á 250 millj. kr., fresta á smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju og skera niður 600 millj. kr., loks er tillaga um að draga úr framkvæmdum á lið flugvalla og flugleiðsöguþjónustu að fjárhæð 200 millj. kr.

Á móti breytingartillögum til niðurskurðar útgjöldum eru tillögur um aukin útgjöld að fjárhæð alls 3,5 milljarðar kr. Loks eru fjölmargar sundurliðaðar tillögur til aukinna útgjalda að fjárhæð 13,1 milljarður kr. vegna uppreiknings á áhrifum launa, verðlags og gengis krónunnar. Í frumvarpi til fjárlaga var almennt miðað við 5,4% verðlagshækkanir, en endurskoðuð spá gerir ráð fyrir að verðbólga milli ára verði 14,3%. Í frumvarpinu var gengið út frá þeirri forsendu að gengisvísitala krónunnar verði óbreytt frá stöðu 3. september sl., en endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir mun hærri gengisvísitölu, eða 200 stigum.

Samkvæmt ákvæðum frumvarps um ráðstafanir í ríkisfjármálum, þskj. 357, mál 243, er gert ráð fyrir að hækkun bóta almannatrygginga verði óbreytt miðað við forsendur í frumvarpinu, það sama gildi um framlög samkvæmt búvörusamningum. Minni hlutinn bendir á að þetta leiðir til þess að viðkomandi greiðslur munu rýrna að raunvirði eða sem nemur mismuninum á raunverulegum verðlagsbreytingum og 5,4% áætlun fjárlaga og þar með skila lægri rauntekjum til þjóðfélagshópa og minnkandi kaupmætti.

Vaxtagjöld.

Það liggur í augum uppi að vegna falls bankakerfisins og allra þeirra gríðarlegu skuldbindinga sem ríkissjóður þarf að gangast undir þess vegna verður vaxtakostnaður ríkissjóðs mjög mikill á næstu árum. Fjármálaráðuneytið lagði fyrir fjárlaganefnd vaxtaáætlun ríkissjóðs fyrir árið 2009. Samkvæmt þeirri áætlun er gert ráð fyrir að vaxtakostnaður verði alls 86,9 milljarðar kr. Vaxtagjöld vegna lána ríkissjóðs eru áætluð 41 milljarður kr., en voru áætluð 34,7 milljarðar kr. í frumvarpi til fjárlaga 2009. Vaxtakostnaður sem tengist falli bankakerfisins er áætlaður yfir 45 milljarðar kr. Samkvæmt þessu er áætlaður vaxtakostnaður 21,6% af áætluðum tekjum ríkissjóðs 2009, en ekki er gert ráð fyrir vaxtakostnaði vegna væntanlegra skuldbindinga ríkissjóðs vegna Icesave-reikninga Landsbankans í Hollandi og Bretlandi. Mikil óvissa er um hve mikill sá kostnaður verður. Hér er um að ræða gríðarlega háar fjárhæðir sem ríkissjóður þarf væntanlega að standa skil á. Þetta veldur því að mjög þrengir að varðandi fjárheimildir til alls konar starfsemi ríkisins, svo sem á sviði velferðar-, heilbrigðis- og menntamála. Það er því augljóst að áhrifin af falli bankanna setja þessa málaflokka í mikla hættu og leggur minni hlutinn áherslu á að þessa málaflokka verður að verja. Betur þarf að gera í því en fram kemur í frumvarpinu og þeim breytingartillögum sem fram hafa komið af hálfu ríkisstjórnar og stjórnarmeirihlutans.

Fjármögnunarþörf ríkissjóðs vegna falls bankanna.

Á fundi fjárlaganefndar 19. desember lögðu fulltrúar fjármálaráðuneytisins fram minnisblað, dags. 18. desember um sérstök framlög vegna falls bankanna. Þar er fjallað um fjármögnunarþörf ríkissjóðs og er þá miðað við lán ríkissjóðs 2008, endurfjármögnun og fjármögnunarþörf. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að ríkissjóður gefi út skuldabréf til Seðlabanka Íslands að fjárhæð 285 milljarðar kr. til að mæta veð- og daglánatöpum bankans. Í öðru lagi er um að ræða yfirtekin tryggingabréf til aðalmiðlara með ríkisverðbréf að fjárhæð 65 milljarðar kr. og færð til skuldar samsvarandi fjárhæð ríkisbréfa. Í þriðja lagi er lán til að styrkja gjaldeyrisvarasjóð. Ríkissjóður hefur fengið erlend lánsloforð vegna efnahagsvandans að jafnvirði 750 milljarðar kr. Nú er gert ráð fyrir að 105 milljarðar kr. af þeim heimildum verði greiddir til Seðlabanka til að styrkja gjaldeyrisvarasjóð bankans. Andvirði þess fjár verði nýtt til að kaupa innleyst tryggingabréf af Seðlabanka vegna veð- og daglána bankans sem verði nýtt til greiðslu á eiginfjárframlagi ríkissjóðs til nýju viðskiptabankanna þriggja. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir eiginfjárframlagi til nýju viðskiptabankanna þriggja að fjárhæð 385 milljarðar kr.

Samtals er um að ræða 840 milljarða kr. fjármögnunarþörf sem er sundurgreind hér að framan. Tekið skal fram að hér er ekki gert ráð fyrir fjármögnunarþörf vegna hallareksturs ríkissjóðs.

Minni hlutinn vekur sérstaka athygli á þessum fjárhæðum. Um er að ræða hluta af þeim miklu skuldbindingum sem almenningur í landinu þarf að standa undir vegna falls bankanna. Það er ljóst að áhrifin af því munu vara í mörg ár og bitna á komandi kynslóðum sem á engan hátt bera ábyrgð á því sem gerst hefur.

Samkvæmt því sem fram hefur komið hjá yfirmanni sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hér á landi mun kostnaðurinn við að endurreisa bankakerfið og endurfjármagna Seðlabankann verða á bilinu 85–90% af landsframleiðslu sem er mjög hátt hlutfall í öllum samanburði. Hins vegar eru um 60% af þeim kostnaði innlend og þess vegna hvílir endurreisnin mest á því að taka til heima fyrir. Ef miðað er við að landsframleiðsla sé nálægt 1.300 milljörðum kr. gæti þessi kostnaður legið í kringum 1.000 milljarða kr.

Heimildargreinar.

Í breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar eru allmargar tillögur er varða 6. gr. frumvarpsins, heimildargrein. Þar kennir ýmissa grasa. Minni hlutinn beinir því til fjármálaráðherra og fjárlaganefndar að sú regla verði tekin upp að ef fjárútlát samkvæmt þessari heimildargrein stefni í að fara umfram tiltekna fjárhæð beri að leggja fram mat á því hvaða kostnað viðkomandi heimildir munu fela í sér. Í því sambandi er vísað í reglur sem gilda um kostnaðarmat lagafrumvarpa sem lögð eru fram af ríkisstjórninni. Slík vinnubrögð mundu bera merki um meiri aga í ríkisfjármálum, auk þess sem það er eðlilegt að Alþingi fái slíkar upplýsingar og þannig sé ljóst um hvað er að ræða þegar þingið samþykkir slíkar heimildir.

Niðurlag.

Minni hlutinn ítrekar að rekstur heilbrigðis- og öldrunarstofnana hefur verið með uppsöfnuðum halla, en að hluta til er tekið á því í fjáraukalögum 2008. Hins vegar munu þessar stofnanir hefja rekstrarárið 2009 með talsverðan uppsafnaðan halla, auk þess sem fjárheimildir þeirra eru skornar niður í þessu þessu frumvarpi. Minni hlutinn lýsir miklum áhyggjum af þessu ráðslagi ríkisstjórnarinnar og spáir því að þessar stofnanir verði fljótlega komnar í mikinn rekstrarvanda ef miðað er við óbreytt þjónustustig. Minni hlutinn óttast að ráðist verði

í að draga úr þjónustu til að mæta þessum rekstrarvanda en það kæmi mjög illa niður á velferðarþjónustunni og öllum þeim sem þurfa á henni að halda.

Minni hlutinn vekur sérstaka áherslu á þeirri „nýbreytni“ að sjúklingar sem þurfa á þjónustu sjúkrahúsa að halda greiði gjald fyrir. Það er ástæða til að vekja athygli á því að þessu nær Sjálfstæðisflokkurinn fram með dyggum stuðningi Samfylkingarinnar. Hér er um nýjan sjúklingaskatt að ræða sem að sjálfsögðu kemur illa niður á þeim sem þurfa á þjónustu sjúkrahúsa að halda.

Vegna þess mikla niðurskurðar ríkisútgjalda sem birtist holt og bolt um allt kerfið telur minni hlutinn að afleiðingarnar verði þær að margir einstaklingar muni missa störf sín. Það muni leiða til þess að álag á atvinnuleysistryggingarnar muni aukast með auknum útgjöldum. Minni hlutinn vísar allri ábyrgð af því á ríkisstjórnina og stjórnarmeirihlutann á Alþingi. Hætt er við því að þessar aðgerðir muni leiða af sér meiri ríkisútgjöld en niðurskurðinum nemur. Hér er því um kolranga forgangsröðun og aðferðafræði að ræða sem mun þegar fram líður auka á misrétti og valda samfélaginu miklu tjóni.

Minni hlutinn lýsir yfir áhyggjum sínum af því að lagt sé af stað inn í framtíðina með jafnilla grundaðar áætlanir og óskýra framtíðarsýn og hér birtist. Með því er átt við að engin rekstraráætlun hefur verið lögð fram til fjögurra ára sem birtir framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar á það hver rekstrarniðurstaðan sé líkleg til að verða. Engar áætlanir hafa verið lagðar fram um hver sé áætluð skuldastaða þjóðarbúsins og ríkissjóðs ár frá ári næstu fjögur árin. Engin greiðsluáætlun liggur fyrir og ekkert mat á því undir hve háum greiðslum afborgana og vaxta ríkissjóður og þjóðarbúið geta staðið. Lánskjör þeirra lána sem fyrirhugað er að taka liggja ekki fyrir. Ekki liggur fyrir til hve langs tíma seðlabankar Bretlands og Hollands eru reiðubúnir að lána vegna Icesave-reikninganna. Þá liggur ekki fyrir lánsloforð Hollendinga heldur einungis viljayfirlýsing og er það undir ríkisstjórninni komið hvort hún fær það lán eða ekki. Minni hlutinn varar við þeirri hættu sem stafar af mögulegri hækkun vaxta á lánstímanum. Þegar skuldastaða þjóðarbúsins er orðin jafnviðkvæm og í stefnir má engu muna til að illa fari. Þá bendir minni hlutinn á að ekkert liggur fyrir um kjör vegna hugsanlegrar endurfjármögnunar.

Minni hlutinn telur að ekki sé unnt að vinna að trúverðugu fjárlagafrumvarpi á þann hátt sem meiri hlutinn gerir. Ef fjárlög verða samþykkt út frá þessum hæpnu forsendum sem liggja til grundvallar og ítarlega hefur verið fjallað um hér að framan munu þau ekki gefa rétta mynd af því sem fram undan er. Né heldur geta þau verið raunhæft og sanngjarnt stjórntæki ríkisfjármála eins og þeim er ætlað að vera.

Vakin er athygli á að eftirlitskerfi ríkisins hefur ekki staðið undir sínu hlutverki. Í því sambandi má benda á að fjárlög hafa ekki staðist árum saman, frávikagreining fjármálaráðuneytisins er ómarkviss og bendir minni hlutinn á að fjármálaráðuneytið vinnur skýrslur um framkvæmd fjárlaga fyrir hvern ársfjórðung, en til þessa hefur ekki verið unnin slík skýrsla fyrir síðasta ársfjórðung liðinna ára. Minni hlutinn bendir á að ríkisreikningur kemur allt of seint fram ár hvert í stað þess að vera til staðar skömmu eftir áramót eins og er hjá fyrirtækjum sem taka sig alvarlega.

Minni hlutinn vekur athygli á að margt hefur komið fram sem bendir til þess að rekstrarhalli ríkissjóðs næstu fjögur árin geti numið tekjum eins fjárlagaárs. Enn hefur ekkert komið fram sem dregur úr ótta minni hlutans við að skuldastaða ríkissjóðs geti á einhverjum tímapunkti numið vel á annað þúsund milljarða króna og að á móti þeim skuldum standi óvissar eignir í þrotabúum gömlu bankanna sem ekki hafa enn verið verðmetnar opinberlega.

Minni hlutinn vekur athygli á að líklegt er að fjármagna þurfi lánsfjárþörf landsmanna innan lands á næstu árum. Ástæðan er sú að ólíklegt er að erlendir aðilar treysti sér til að lána

ríkissjóði, fyrirtækjum og sveitarfélögum á öðrum forsendum en pólitískum og að sú fyrirgreiðsla verði fullnýtt á næstunni.

Þá leggur minni hlutinn þunga áherslu á hlutverk Alþingis og fjárlaganefndar við eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Við þær aðstæður sem nú hafa komið upp verður þetta eftirlit mikilvægara en áður og því ber að leggja sérstaka áherslu á það.

Minni hlutinn leggur áherslu á það að Alþingi fjalli um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2009 á vorþingi 2009. Eins og minni hlutinn hefur ítrekað bent á vantar mikilvægar upplýsingar og forsendur fjárlaganna. Þegar líður fram á árið 2009 munu margir hlutir skýrast smám saman, t.d. um væntanlegar skuldbindingar ríkissjóðs varðandi uppgjör á innstæðureikningum Icesave í Bretlandi og Hollandi. Þar verður væntanlega um að ræða mjög stórar fjárhæðir sem fjalla þarf um í tengslum við fjáraukalög næsta árs. Þá hefur komið fram að endurskoðuð þjóðhagsáætlun fjármálaráðuneytisins verður birt í janúar. Samkvæmt samkomulaginu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn mun sjóðurinn meta framvindu mála ársfjórðungslega. Miklir óvissuþættir eru varðandi fall bankanna og verðmæti eigna þeirra. Allt þetta hefur það sín áhrif á forsendur fjárlaga og er líklegt að þau mál skýrist með einhverjum hætti þegar líður á árið 2009.

Í ljósi þess sem að framan greinir gerir minni hlutinn eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2009 bætist ný grein sem orðist svo:

Fjárlög fyrir árið 2009 skulu koma til endurskoðunar á Alþingi með sérstöku frumvarpi til fjáraukalaga sem lagt verði fyrir Alþingi eigi síðar en 1. mars 2009.

Alþingi, 20. des. 2008.

Magnús Stefánsson, frsm. Guðjón A. Kristjánsson. Jón Bjarnason.

451. Lög [243. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 432.

452. Lög [152. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi.

(Afgreidd frá Alþingi 20. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 434.

453. Lög [228. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 435.

454. Lög [231. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, og lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 446.

455. Lög [247. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og lögum nr. 97/1987, um vörugjald.

(Afgreidd frá Alþingi 20. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 364.

456. Lög [248. mál]

um heimild til fjárhagslegrar fyrirgreiðslu úr ríkissjóði í tengslum við málshöfðun fyrir erlendum dómstólum vegna íþyngjandi stjórnvaldsákvarðana erlendra stjórnvalda á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008.

(Afgreidd frá Alþingi 20. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 365.

457. Frumvarp til laga [266. mál]

um bráðabirgðagreiðsluheimildir úr ríkissjóði og heimildir til nauðsynlegrar lántöku í byrjun árs 2009.

Flm.: Jón Bjarnason.

1. gr.

Þar til fjárlög fyrir árið 2009 taka gildi, þó ekki lengur en til 15. febrúar nk., er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 2008, að teknu tilliti til almennrar verðlagsþróunar, laun, rekstrarkostnað og önnur gjöld er talist geta til venjulegra fastra greiðslna ríkisins er inna þarf af hendi fyrir 15. febrúar, þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn. Þá er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði nauðsynlegar greiðslur til að standa við þegar gerða samninga vegna fjárfestinga ríkisins og skuldbindingar er falla til þar til fjárlög fyrir árið 2009 hafa verið afgreidd.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fram til 15. febrúar á árinu 2009 að taka nauðsynleg lán eða nýta innstæður ríkissjóðs hjá Seðlabankanum til að tryggja eðlilegan rekstur ríkisbúskaparins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er algerlega vanreifað og á engan hátt tækt til afgreiðslu. Vænlegasti kosturinn er því að fresta afgreiðslu þess og vinna nýtt frumvarp sem unnt yrði að afgreiða með sómasamlegum hætti í lok janúar eða byrjun febrúar næsta árs. Því er frumvarp þetta flutt og tengist tillögu í nefndaráliti minni hluta fjárlaganefndar um að vísa fjárlagafrumvarpinu til ríkisstjórnar.

458. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um skattlagningu kolvetnisvinnslu.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð Reynisson, Björn Ragnar Björnsson og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti, Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti, Ingvar Rögnvaldsson og Aðalstein Hákonarson frá ríkisskattstjóra, Gunnlaug Jónsson frá Lindum Resources hf. og Bryndísi Skúladóttur frá Samtökum iðnaðarins. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum fjárfesta, Orkustofnun, Lindum Resources hf., Náttúrufræðistofnun Íslands, Seðlabanka Íslands, ríkisskattstjóra og Viðskiptaráði Íslands.

Frumvarp þetta tengist áformum um að bjóða út leyfi til kolvetnisleitar á Drekasvæði. Tilgangur þess er að færa íslenska ríkinu viðunandi endurgjald fyrir afnot af hinni takmörkuðu auðlind, þ.e. olíu og gasi.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um heimildir íslenska ríkisins til að leggja skatt á starfsemi sem með beinum eða óbeinum hætti varðar vinnslu og dreifingu kolvetnis innan íslenskrar efnahagslögsögu. Skattskyldan tekur til lögaðila, sjálfstætt starfandi manna og launþega og er meginreglan sú að starfsemi þeirra beri þá skatta og önnur opinber gjöld sem almennt eru lögð á samkvæmt íslenskum lögum. Þá er gert ráð fyrir að þeir sem fengið hafa úthlutað leyfi til vinnslu kolvetnis greiði sérstakt vinnslugjald sem leggst á þegar framleiðslan hefur náð tilteknu stigi og allt þar til hagnaður af starfseminni nær 20% af skattskyldum rekstrartekjum en þá leggst á sérstakur kolvetnisskattur. Skattlagningarheimildir þessar eru útfærðar í frumvarpinu þar sem kveðið er meðal annars á um skattskyldu, skattstofn, útreikning skattfjárhæðar og skattskil.

Fram kom á fundum nefndarinnar að til stæði að hefja útboð á rannsóknarleyfum 15. janúar nk. og ræddi nefndin sérstaklega hvers vegna málið hefði ekki komið fyrr til meðferðar þingsins.

Nefndin ræddi tilgang skattlagningar kolvetnisvinnslu, hvers vegna sú skattlagningarleið sem valin er í frumvarpinu hefði verið valin og hvort hún ætti sér fyrirmyndir í öðrum ríkjum. Nefndin ræddi einnig um muninn á vinnslugjaldi og kolefnisskatti, kosti þeirra og galla, afmörkun leitarsvæða og heimildir vinnslufyrirtækja þar að lútandi til að flytja tap af leyfisskyldri starfsemi milli leyfishafa eða einstakra leyfissvæða.

Fram kom að ekki væri vitað hversu margir mundu taka þátt í útboði þegar leyfi verða boðin út en innan Evrópu væri litið á svæðið sem eitt hið áhugaverðasta til olíuleitar. Fram kom að leit og vinnsla kolvetnis á Drekasvæðinu væri dýrt og áhættusamt verkefni og að hagfellt skattumhverfi gæti ráðið miklu um hvort fyrirtæki sæktust eftir leyfi, ekki síst í ljósi erfiðra skilyrða á vettvangi, ríkjandi tregðu á fjármálamörkuðum og lágs olíuverðs. Einnig varðaði miklu að lagaramminn yrði skýr þegar leyfi yrðu boðin út og að erfitt gæti reynst að breyta honum eftir úthlutun leyfa.

Á fundum nefndarinnar komu fram ólík sjónarmið um hvort skattumhverfi eins og það er mótað í frumvarpinu væri hagfellt.

Fulltrúi olíufjárfesta sem kom á fund nefndarinnar taldi að vinnslugjaldið væri einkum til þess fallið að draga úr áhuga erlendra olíufélaga vegna þess hvernig það væri uppsett. Gjaldið væri skattur sem reiknaður væri út frá verðmæti framleiðslu en tæki ekki mið af kostnaði

eða hagnaði fyrirtækis, sem gæti verið verulega íþyngjandi. Einfaldara væri að leggja flatan skatt á allan hagnað með lágri skattprósentu.

Fulltrúar ráðuneytisins bentu á að vinnslugjaldið styddist við þau rök að ríkinu, sem eiganda auðlindarinnar, hlotnuðust tekjur af nýtingu hennar óháð því hvort starfsemin væri arðbær. Einnig væri vinnslugjaldinu ætlað að virka sem hvati fyrir vinnslufyrirtæki til að skila hagnaði og enn fremur væri því ætlað að letja fyrirtæki til að hefja vinnslu ef fyrirséð væri að starfsemin yrði ekki arðbær.

Bent var á að vinnslugjaldið er háð vinnslumagninu á tvennan hátt. Vinnslumagnið, unnið magn af kolvetni hefur bein áhrif (línuleg) á gjaldhlutfallið og einnig á gjaldstofn vinnslugjaldsins. Vinnslugjaldið er margfeldi þessara þátta og því háð magninu í öðru veldi (annars stigs jafna). Það getur farið upp fyrir 100% í frekar ólíklegum tilfellum. Þá hafa verið miklar sveiflur í olíuverði og þær geta leitt til þessa að fyrirtækin greiði ýmist vinnslugjald, sem oft er miklu hærra, eða kolefnisskatt, allt eftir því hvert olíuverðið er. Vinnslugjaldið er hugsað sem sterkur hvati til að sýna hagnað.

Í tilefni af athugasemdum komu fram þær skýringar á fundum nefndarinnar að samkvæmt almennum reglum væri vinnslugjald álitið vera frádráttarbær rekstrarkostnaður til skatts þó að það drægist ekki frá við mat á því hvort hagnaður nær 20% af skattskyldri starfsemi (sjá a-lið 2. mgr. 12. gr.), en þegar það á við mun greiðsla þess skoðast sem staðgreiðsla upp í kolvetnisskatt fyrir viðkomandi skattár. Einnig var á það bent að vinnslufyrirtækjum yrði heimilt að gjaldfæra í einu lagi stofnkostnað, t.d. vegna tilraunavinnslu og rannsókna, ýmist í einu lagi þegar tekjuöflun hefst eða með jöfnum fjárhæðum á fimm árum.

Bent var á að gjaldhlutfall vinnslugjalds í 1. mgr. 7. gr. og gjaldhlutfall kolefnisskatts í 1. mgr. 13. gr. væru ekki nægilega skýr því að túlka mætti þau sem hlutföll en ekki prósentur, eins og þó kemur fram í greinargerð. Er flutt breytingartillaga til að skýra þetta atriði. Nefndin leggur einnig til smávægilegar orðalagsbreytingar á 21. gr. frumvarpsins.

Loks ræddi nefndin almennt um efnahagsleg og samfélagsleg áhrif kolvetnisvinnslu með hliðsjón af reynslu annarra þjóða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 7. gr. Á eftir orðunum „Gjaldhlutfall þess“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: mælt í prósentum.
2. Við 13. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Gjaldhlutfall kolvetnisskatts, mælt í prósentum, er stighækkandi miðað við hagnaðarhlutfall og reiknast með eftirfarandi hætti: (Hagnaðarhlutfall mælt í prósentustigum skv. 9. gr. og 1. mgr. 12. gr. – 10 prósentustig) * 0,55.
3. Við 21. gr. Í stað orðsins „Tollstjórinn í Reykjavík“ komi: Tollstjóri.

Ögmundur Jónasson og Katrín Jakobsdóttir gera fyrirvara við álitið.
Bjarni Benediktsson og Gunnar Svavarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. des. 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.
Birkir J. Jónsson.	Lúðvík Bergvinsson.	Katrín Jakobsdóttir, með fyrirvara.

Rósa Guðbjartsdóttir.

459. Nefndarálit [219. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur, Völu Rebekku Þorsteinsdóttur og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti, Hrafn Magnússon, Arnar Sigurmundsson, Tómas Möller og Þorgeir Eyjólfsson frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Jónu Björk Guðnadóttur og Helgu Indriðadóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Ólaf E. Friðriksson frá Fjármálaeftirlitinu, Guðjón Bragason og Óttar Guðjónsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Marinó Örn Tryggvason og Sigurð Guðmundsson frá Nýja Kaupþingi banka hf. og Ara P. Wendel og Árna Þór Þorbjörnsson frá Nýja Landsbankanum. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Nýja Kaupþingi banka hf., Orkuveitu Reykjavíkur, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landssamtökum lífeyrissjóða, Fjármálaeftirlitinu og Landssamtökum lífeyrissjóða.

Efnahags- og skattanefnd hefur fjallað áður um þær breytingar sem lagðar eru til í 1.–5. gr. frumvarpsins og varða aukið svigrúm við ráðstöfun lífeyrisréttinda og greiðslu ellilífeyris, sbr. álit 1. minni hluta frá 26. maí 2008 á 135. löggjafarþingi (þskj. 1109, 528. mál). Að auki gerir frumvarpið ráð fyrir að heimilt verði að greiða lífeyrissparnað ásamt vöxtum í séreign út í einu lagi eftir 60 ára aldur. Um þann þátt málsins ríkir almenn samstaða. Nefndin fagnar því einnig að heimild til að fresta töku lífeyris verði ekki bundin við tiltekið aldursmark eins og lagt var til í framangreindu áliti 1. minni hluta.

Þá eru í frumvarpinu lagðar til breytingar sem aðallega eru til komnar vegna ástandsins sem nú ríkir á íslenskum fjármálamarkaði. Þar af má nefna ákvæði sem varða fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og samræmingu á reglum um fjárfestingarstefnu vörsluaðila séreignarlífeyrissparnaðar. Einnig má nefna ákvæði sem lúta að hæfi þeirra sem sitja í stjórnum lífeyrissjóða eða annast eignastýringu verðbréfasafna sjóðanna og jafnframt breytingar á eftirlitshlutverki stjórna lífeyrissjóðanna. Frumvarpið gerir enn fremur ráð fyrir að vikmörk

eignaliða og framtíðarskuldbindinga sjóðanna verði rýmkuð tímabundið án þess að til þurfi að koma breyting á samþykktum sjóðanna.

Fram kom á fundi nefndarinnar að frumvarpið hefði verið unnið í góðu samstarfi við Landssamtök lífeyrissjóða. Samtökin gera eigi að síður athugasemdir við nokkra þætti þess. Meðal annars taka þau undir ábendingar Sambands íslenskra sveitarfélaga um að sjóðunum verði heimilt að fjárfesta í skuldabréfum og víxlum sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., sem og skuldabréfum og víxlum sem tryggð eru með ábyrgð þessara aðila. Nefndin fellst á það enda er um heimildarákvæði að ræða og stjórn lífeyrissjóðs ber ábyrgð á fjárfestingum sjóðsins og verður að huga að tryggingum og ábyrgðum en sveitarfélög njóta ekki ríkisábyrgðar.

Landssamtök lífeyrissjóða telja líkt og Samtök fjármálafyrirtækja að fjárfestingarheimildir samtryggingarsjóða annars vegar og séreignarsparnaðarsjóða hins vegar séu takmarkaðar um of í frumvarpinu, sbr. einkum e-lið 10. gr. og 11. gr.

Í e-lið 10. gr. kemur fram að lífeyrissjóði eða einstakri deild hans sé eigi heimilt að hafa meira en 25% af hreinni eign sinni í verðbréfasjóðum innan sama rekstrarfélags. Samtök fjármálafyrirtækja telja að ákvæðið sé ekki til þess fallið að ná þeim tilgangi sínum sem er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og bendir á að hinir tilgreindu sjóðir lúti nú þegar ströngu eftirliti.

Í 11. gr. frumvarpsins er lagt til að samræmdar reglur gildi um allan séreignarsparnað óháð því hver vörsluaðilinn er, sbr. 8. gr. laga um lífeyrissjóði. Fram til þessa hafa aðrir vörsluaðilar en lífeyrissjóðir haft mun frjálsari hendur við fjárfestingar sínar en lífeyrissjóðirnir. Tilgangur greinarinnar er að leiðrétta þetta misræmi og hvetja til meiri varfærni í fjárfestingum en á móti hefur því verið haldið fram að greinin setji of þröngar skorður í ljósi þess að séreignarsparnaður er valfrjáls sparnaður. Nefndin bendir einnig á að Fjármálaeftirlitið telji þörf á að setja þak á heimild til að fjárfesta séreignarsparnað í hlutabréfum fyrirtækja annars vegar og afleiðusamningum hins vegar en á því taki frumvarpsgreinin ekki.

Nefndin ræddi ákvæði c-liðar 10. gr. frumvarpsins um rýmkun á heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í óskráðum verðbréfum. Heimildin er í dag 10% af hreinni eign en yrði 20%. Fram komu sjónarmið um að þörf væri á þessari breytingu þar sem sumir sjóðir hefðu vegna hremminga á fjármálamörkuðum færst yfir lögbundin mörk vegna þess að aðrar eignir hefðu rýrnað mjög og þar af leiðandi án þess að eiginleg viðskipti lægju að baki.

Nefndin ræddi einnig ítarlega aðkomu lífeyrissjóða að endurreisnarsjóði atvinnulífsins í samstarfi við aðila almenna vinnumarkaðarins og opinbera aðila. Fékk nefndin af því tilefni afhent minnisblað frá Landssamtökum lífeyrissjóða þar sem lýst er hvernig fyrirhugað er að standa að stofnun sjóðsins, hvaða reglur ættu að gilda um starfsemina og hvernig breyta þurfi lögbundnum fjárfestingarheimildum sjóðanna til að þeir geti tekið þátt í þessu verkefni. Hlutverk sjóðsins, sem verður samlagshlutafélag, verði að aðstoða fyrirtæki sem eigi við rekstrarlegan vanda að etja vegna efnahagsástandsins en sem ættu sér vænlegan rekstrar- eða starfsgrundvöll. Nefndin ræddi í þessu sambandi hversu mikla fjármuni sjóðirnir væru tilbúnir að leggja til verkefnisins og á hvaða forsendum. Einnig ræddi nefndin um fyrirhugaða fjárfestingarstefnu sjóðsins og hvaða skilyrðum stjórnendur þyrftu að fullnægja.

Nefndin ræddi þá áhættu sem falist getur í verkefninu en einnig hversu mikilvægt það væri fyrir lífeyrissjóði landsins að sjóðfélagar þeirra haldi atvinnunni og geti staðið undir iðgjöldum til sjóðanna. Taldi hún mikilvægt ef ráðist verði í slíkt verkefni að gætt yrði fyllstu varkárni. Sérstaklega þyrfti að gæta að faglegri og málefnalegri ákvarðanatöku um fjárfestingar og dreifingu áhættu.

Það sjónarmið kom fram í nefndinni að mikilvægt sé að slíkur sjóður upplýsti um eigendur sína og stjórn og setti sér gagnsæjar og skýrar reglur um fjárfestingarstefnu. Slíkar reglur gætu m.a. falist í að færa niður hlutafé, breyta skuldum kröfuhafa í hlutafé eða víkjandi lán eða að skuldir verði greiddar út að hluta og felldar niður að hluta. Fyrri eigendur mundu hugsanlega víkja tímabundið úr stjórn, sjóðurinn tilnefndi nýja aðila í stjórn á faglegum grunni óháða stjórn sjóðsins og lífeyrissjóðum og fulltrúar starfsmanna gætu tekið sæti í stjórn fyrir sjóðinn um takmarkaðan tíma. Tekið yrði á rekstrarvanda fyrirtækis með t.d. lækkun hæstu launa, breyttum áherslum í rekstri og sókn á nýjum sviðum. Flokka þyrfti fyrirtæki niður á málefnalegan og faglegan hátt eftir því hvers eðlis erfiðleikar þeirra væru og hversu alvarlegir þeir væru. Markmiðið er að halda fyrirtækjum gangandi og tryggja atvinnu eftir föngum. Þá gæti falist í reglunum áætlun um að sjóðurinn stefndi að sölu á hlut sínum innan ekki langs tíma. Þá yrði leitað samstarfs við aðra kröfuhafa og aðra áhugasama um aðkomu að björguninni. Gagnsæi reglnanna gæti enn fremur falist í að kynnt yrði um fyrirhugaðar aðkomu sjóðsins að ákveðnu fyrirtæki tímanlega, þegar það skaðar ekki, öðrum yrði boðin þátttaka í verkefninu eða jafnvel yfirtaka og að ferlinu verði lýst þegar aðgerðir eru hafnar og þeim lokið. Aðstandendur sjóðsins ættu að huga að því hvort skynsamlegt sé að bjóða almenningi og öðrum þátttöku í sjóðnum, jafnvel með einni rödd í sér hlutafélagi.

Samtök atvinnulífsins tóku fram að þau styddu frumvarpið en söknuðu þess að við smíði þess hefði ekki verið tekið nægilegt tillit til óska aðila vinnumarkaðarins um að tryggja lagalegan grundvöll endurhæfingarsjóðs. Alþýðusamband Íslands lýsti enn fremur yfir efasemdum um bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.

Nefndin fjallaði um bráðabirgðaákvæði frumvarpsins en þar er lagt til að heimil vikmörk milli eignaliða og framtíðarskuldbindinga geti numið allt að 15% tímabundið. Fram kom að talsverðrar óvissu gætti um eignir lífeyrissjóðanna um þessar mundir og að neikvæð staða margra væri um og yfir 10%. Kom fram sú skoðun hjá fulltrúa Landssamtaka lífeyrissjóða að ólíklegt væri að sjóðir sem væru með neikvæða stöðu rétt undir 15% mundu nýta sér heimildina. Nefndin ræddi þetta atriði ítarlega og einkum það sjónarmið að hér væri verið að fresta að taka á vanda sjóðanna á kostnað yngri sjóðfélaga. Betra væri að taka strax á vandanum og hafa þessi mörk óbreytt. Á móti kemur að mörkin eru heimildarákvæði og að stjórn sjóðs gæti tekið sjálfstæða ákvörðun um skerðingu ef staða sjóðsins væri nálægt þessum mörkum. Þá var bent á að staða á eignamörkuðum væri svo óljós að ekki lægi enn fyrir hvert áfallið verður. Það kynni að skýrast á árinu 2009. Nefndin féllst á það sjónarmið.

Nefndin leggur til nokkrar efnisbreytingar á 11. gr. frumvarpsins. Er lagt til að í stað hugtaksins „lífeyrissparnaðarreikningar“ verði hugtakið „innlánsreikningar“ notað þar sem það hefur skýrari merkingu. Þá leggur nefndin til að kveðið verði á um að verðbréf skv. 1. tölul. 1. mgr. 36. gr. laganna falli ekki undir ákvæði b-liðar 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Nefndin leggur einnig til að c- og d-liður greinarinnar verði sameinaðir og lýtur sú breyting einvörðungu að formi en ekki efni. Loks leggur nefndin til að tveimur nýjum töluliðum verði bætt við frumvarpsgreinina til samræmis við ábendingar Fjármálaeftirlitsins.

Í annan stað leggur nefndin til þá breytingu að gildistöku 11. gr. frumvarpsins verði frestað til loka næsta árs til að þeir sem undir hana falli geti lagað sig að ákvæðinu.

Í þriðja lagi leggur nefndin til breytingu á frumvarpinu í samræmi við óskir Sambands íslenskra sveitarfélaga eins og að framan er lýst.

Í fjórða lagi leggur nefndin til breytingu á frumvarpinu sem gera á lífeyrissjóðunum kleift að taka þátt í stofnun samlagshlutafélags um endurreisn atvinnulífsins. Leggur nefndin til að heimildin verði í gildi til næstu fimm ára og vill nefndin með því undirstrika mikilvægi þess að félagið losi um fjárfestingar sínar sem fyrst að teknu tilliti til arðsemi.

Að lokum hnykkir nefndin á því að breytingartillögur hennar sem varða sveitarfélögin og endurreisnarsjóð atvinnulífsins eru gerðar í ljósi stöðunnar í íslensku efnahagslífi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Bjarni Benediktsson og Gunnar Svavarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Birkir J. Jónsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 20. des. 2008.

Pétur H. Blöndal, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Ögmundur Jónasson.
Birkir J. Jónsson, með fyrirvara.	Lúðvík Bergvinsson.	Katrín Jakobsdóttir.

Rósa Guðbjartsdóttir.

Fylgiskjal.

Landssamtök lífeyrissjóða.
(Minnisblað 16. desember 2008.)

Stofnun samlagshlutafélags um fjárfestingu lífeyrissjóða í íslenskum hlutafélögum

Fjárfestingasjóður Íslands

Stofnun ábyrgðaraðila:
Stofnaður er ábyrgðaraðili (General Partner) sem yrði íslenskt einkahlutafélag, FSÍ-GP ehf, með 10 mkr. stofnhlutafé. Stofnandi þess og eini hluthafi yrði Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um Verðbréfaþing (ELV) og legði ELV til stofnhlutaféð í FSÍ-GP. Í stjórn FSÍ-GP yrðu tilnefndir 5 stjórnarmenn, og sem jafnframt skipaði stjórn FSÍ samlagshlutafélags. Ganga þarf frá samþykktum fyrir FSÍ-GP ehf, stofnfundargerð og tilkynningum til hlutafélagaskrár. ELV kæmi síðan ekki frekar að starfsemi Fjárfestingarsjóðs Íslands.

Stofnun FSÍ slhf:
FSÍ-GP ehf stofnar samlagshlutafélag sem bæri heitið Fjárfestingasjóður Íslands samlagshlutafélag (FSÍ) og gerist jafnframt ábyrgðaraðili þess og ábyrgist skuldbindingar FSÍ umfram eigið fé þess. Stofnhlutafé FSÍ yrði 4 milljónir króna og alfarið lagt fram af FSÍ-GP (til málamynda þarf til viðbótar annan hluthafa til stofnunar samlagshlutafélags með lága fjárhæð sem yrði keyptur út um leið og lífeyrissjóðirnir kæmu að samlagshlutafélaginu.) Hlutafé FSÍ yrði síðan aukið í áföngum með þátttöku lífeyrissjóðanna í sérhverri innköllun á fjárfestingartímabilinu. Stefnt verði að 75 milljarða króna stærð sjóðsins. Eins og áður segir yrði sama stjórnin í FSÍ og GP-inu. Ganga þarf frá formlegum samþykktum, stofnfundargerð og viðeigandi tilkynningum með hliðstæðum hætti og í GP-inu.

Samkomulag um starfsemi:
Samhliða stofnun þessara tveggja hlutafélaga þarf að semja ítarlega skilmála fyrir FSÍ þar sem kveðið væri á um fyrirkomulagið á framtíðarstarfsemi FSÍ, þ.e. samkomulag væntanlegra þátttakenda/samlagshluthafa, þar sem kveðið er á um tilgang, markmið, fjárhæð þátttöku hvers og eins, ákvarðanatöku um fjárfestingar, rekstrarfyrirkomulag, stjórn, ráðgjafaráð og öðru því sem lýtur að umgjörð starfseminnar til lengri tíma, s.s. innkallanir hlutafjárloforða, fjárfestingartímabil, útborganir, starfsrækslutíma og eftir atvikum um upplýsingagjöf og/eða trúnað um fjárfestingar, tilteknar takmarkanir á fjárfestingar eða annað sem menn vilja festa niður á þessu stigi og ekki leggja í hendur ráðgjafaráðs og stjórnar FSÍ slhf að útfæra.

Tilgangur og markmið:
Formlega:
Hlutverk FSÍ er að taka þátt í og móta fjárhagslega og rekstrarlega endurreisn íslensks atvinnulífs í kjölfar falls fjármálakerfisins. FSÍ mun fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum, sem lent hafa í fjárhagserfiðleikum vegna yfirstandandi þrenginga en eiga sér vænlegan rekstrargrundvöll. Fyrirtæki sem afla gjaldeyristekna eða spara gjaldeyri með

starfsemi sinni eru sérstaklega áhugaverð í þessu sambandi. Markmiðið með starfsemi FSÍ er að ná vænlegri arðsemi á fjárframlög lífeyrissjóðanna. Ráðgjafaráð mun ákvarða fjárfestingastefnu FSÍ að fenginni tillögu stjórnar FSÍ.

Óformlega:
Staðan í íslensku viðskiptalífi kallar á nýtt fjármagn til að gera fyrirtækjum sem nú eiga við fjárhagslega erfiðleika að etja vegna gengisfalls krónu, hárra vaxta og mikillar verðbólgu en eiga sér vænlegan rekstrargrundvöll í fyrirsjáanlegu breyttu rekstrarumhverfi næstu missera, kleift að komast í gegnum erfiðleikana sem nú steðja að. Þessi breytta staða felur í senn í sér þrýsting um þátttöku lífeyrissjóða í endurreisn fyrirtækja sem með rekstri sínum standa undir iðgjaldagreiðslum til sjóðanna, sem og tækifæri fyrir sjóðina til að eignast hlutdeild í rekstrarárangri marga ágætra fyrirtækja sem skilað gætu ásættanlegri arðsemi til lengri tíma sé rétt haldið á spilunum.

Fyrirkomulag og starfrækslutími:
Gert er ráð fyrir að hver og einn lífeyrissjóður skuldbindi sig í upphafi til þátttöku allt að tiltekinni fjárhæð sem samtals nemur 75 milljörðum króna fyrir sjóðina. Dregið verði á þau þátttökuloforð með innköllunum þegar fyrir liggja ákvarðanir um fjárfestingar af hálfu FSÍ á allt að 3 árum, þ.e. 3ja ára fjárfestingartímabil. Þannig er gert ráð fyrir að allt að 40% af þátttökuloforðum verði innkölluð á fyrsta árinu og afgangurinn á næstu tveimur árum þar á eftir. Að þeim árum loknum verði ekki um frekari innkallanir að ræða. Það fer eftir þeim tækifærum sem bjóðast á þessum þremur árum og stjórn FSÍ metur áhugaverðar til fjárfestingar að hvaða marki verður dregið á þátttökuloforðin. Stefnt er að sölu fjárfestinga sem fyrst að teknu tilliti til markmiða um arðsemi, og verður andvirði hverrar sölu greitt út til hluthafa hlutfallslega en ekki endurfjárfest í FSÍ. Stefnt er að sölu ekki síðar en 4-5 árum eftir einstaka fjárfestingu, en þó reiknað með að starfrækslutími sjóðsins geti orðið allt að 10 ár, með möguleika á framlengingu í 2 ár til viðbótar, og verður FSÍ þá slitið.

Fjárfestingastefna:
1. Í starfsemi FSÍ verður lögð áhersla á að fylgja leiðbeiningum um góða stjórnarhætti fyrirtækja.
2. Fjárfest verður í fyrirtækjum sem eiga í fjárhags- eða rekstrarerfiðleikum tengda falli fjármálakerfisins, gengisfalls krónunnar, hárra vaxta og mikillar verðbólgu.
3. Fjárfestingar verða ekki takmarkaðar við tilteknar atvinnugreinar né einhverjar atvinnugreinar útilokaðar.
4. Að jafnaði eru þær atvinnugreinar og fyrirtæki sem skapa gjaldeyristekjur eða spara gjaldeyri áhugaverðari fjárfestingarkostir fyrir FSÍ.
5. Einhverjar kröfur verða settar um lágmarksstærð fyrirtækja sem fjárfest er í. Þó verði ekki útilokað að fjárfesta í sprotaverkefnum.
6. Sett verða viðmið um hámarksstærð einstakra fjárfestinga sjóðsins, m.t.t. áhættudreifingar.
7. Stefnt er að áhættudreifingu í fjárfestingum m.t.t. atvinnugreina og fleiri þátta.
8. Ekki verður þak á hugsanlegri eignarhlutdeild FSÍ í fyrirtækjum. Að jafnaði er þó horft til eignarhlutar á bilinu 35-50% sem gefi FSÍ nægileg og hæfileg áhrif á stjórnun viðkomandi hlutafélaga.

9. FSÍ mun leitast við að haga fjárfestingum þannig að hæfilegur hvati sé fyrir fyrri eigendur og/eða starfsmenn fyrirtækisins af rekstri og viðgangi fyrirtækisins, í gegnum eignarhlutdeild eða árangurstengingu.
10. FSÍ kemur að rekstri viðkomandi fyrirtækja og stjórnun þeirra með beinni þátttöku í stjórn.
11. Þátttaka FSÍ verður fyrst og fremst í formi hlutafjáraukningu og kaupa á hlutafé í viðkomandi félagi. Einnig koma til greina lánveitingar gegn breytirétti í hlutafé, hefðbundnar lánveitingar gegn tryggingum eða yfirtaka á lánum til endurskipulagningar.

Stjórn:
Sama 7 manna stjórn situr í FSÍ-GP ehf og í stjórn FSÍ samlagshlutafélagsins og verður hún skipuð stjórnendum lífeyrissjóðanna og sérfræðingum í bland ásamt tveimur til þremur aðilum með þekkingu og reynslu sem verði fundnir utan sjóðanna. Stjórn FSÍ tekur ákvarðanir um einstakar fjárfestingar og ræður félaginu framkvæmdastjóra.

Ráðgjafaráð:
Ráðgjafaráðið mun ákvarða fjárfestingastefnu FSÍ að fengnum tillögum stjórnar, veita stjórninni ráðgjöf og hafa eftirlit með starfseminni og verður það skipað fulltrúum aðila vinnumarkaðarins og stjórnendum lífeyrissjóða.

Rekstur og framkvæmdastjórn:
FSÍ-GP ehf verður rekstraraðili FSÍ og mun annast daglegan rekstur, mat og val á fjárfestingarkostum, og eftirfylgni fjárfestinga. Stjórn FSÍ mun ráða öflugan framkvæmdastjóra sem velur með sér tiltölulega fámennan hóp hæfra starfsmanna og starfsmannahald lágmarkað. Notast verði við aðkeypta þjónustu sérfræðinga eftir þörfum. Stuðst verður við hóp einstaklinga með öfluga rekstrarreynslu/þekkingu sem fylgja eftir fjárfestingu FSÍ í einstökum fyrirtækjum. Kostnað af rekstri FSÍ-GP mun FSÍ samlagshlutafélagið greiða þannig að rekstur þess verði í jafnvægi, og leitast verður við að hafa hann sem hagkvæmastan. Ekki er gert ráð fyrir fastri þóknun né árangurstengdri til FSÍ-GP.

460. Svar [215. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um Icesave-ábyrgðir.

1. *Hafði ráðherra, fyrir yfirtöku íslenska ríkisins á Landsbanka Íslands, vitneskju um tilboð breska fjármálaeftirlitsins (FSA) um að gegn 200 milljóna punda fyrirgreiðslu væri FSA tilbúið að færa reikninga Icesave yfir í breska lögsögu?*
   Nei.

2. *Höfðu embættismenn eða ráðgjafar ráðherra slíka vitneskju?*
   Ekki svo ráðherra hafi verið kunnugt.

461. Breytingartillögur [219. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

1. Við 10. gr. bætist nýr stafliður sem verði a-liður, svohljóðandi: 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Í skuldabréfum og víxlum sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og skuldabréfum og víxlum sem tryggð eru með ábyrgð þessara aðila.
2. Við 11. gr.
   a. Í stað orðsins „lífeyrissparnaðarreikningar“ í 1. mgr. komi: innlánsreikningar.
   b. Við b-lið 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Verðbréf skv. 1. tölul. 1. mgr. 36. gr. falla ekki undir ákvæði þetta.
   c. Við c-lið 1. mgr. bætist: eða í verðbréfasjóðum innan sama rekstrarfélags.
   d. D-liður 1. mgr. falli brott.
   e. Við 1. mgr. bætist tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
      a. Hlutabréf fyrirtækja mega ekki vera meira en 70% af samanlagðri eign hverrar fjárfestingarleiðar.
      b. Afleiðusamningar mega ekki vera meira en 10% af hreinni eign hverrar fjárfestingarleiðar.
3. Við 13. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir ákvæði 4. málsl. 5. mgr. 36. gr. er lífeyrissjóði heimilt að eiga allt að 20% af hlutafé í samlagshlutafélögum til 31. desember 2013.
4. Við 14. gr. bætist: og ákvæði 11. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2010.

462. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2009 og brtt. á þskj. 441.

Frá Gunnari Svavarssyni og Kristjáni Þór Júlíussyni.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við 90. tölul. á þskj. 441:			
a. C-liður Söfn, ýmis framlög, lækki um 1,4 m.kr. Óskipt í 1. tölul. í sérstökum yfirlitum falli brott.			
b. D-liður Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis, liðurinn lækki um 7,8 m.kr. *Óskipt* í 2. tölul. í sérstökum yfirlitum falli brott.			
2. Við **02-919 Söfn, ýmis framlög**			
6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður	133,0	-41,0	92,0
Óskipt í 3. tölul. í sérstökum yfirlitum á þskj. 441 falli brott.			

3. Við 99. tölul. á þskj. 441:
   C-liður Listir lækki um 9,0 m.kr.
   Óskipt í 5. tölul. í sérstökum yfirlitum falli brott.
4. Við 100. tölul. á þskj. 441:
   A-liður Styrkir til útgáfumála, lækki um 26,6 m.kr.
   Óskipt í 6. tölul. í sérstökum yfirlitum falli brott.
5. Við 102. tölul. á þskj. 441:
   E-liður Æskulýðsmál lækki um 9,0 m.kr.
   Óskipt í 8. tölul. í sérstökum yfirlitum falli brott.
6. Við 103. tölul. á þskj. 441:
   E-liður Ýmis íþróttamál lækki um 2,1 m.kr.
   Óskipt í 9. tölul. í sérstökum yfirlitum falli brott.
7. Við 104. tölul. á þskj. 441:
   a. C-liður Ýmis framlög lækki um 49,8 m.kr.
      Óskipt í 10. tölul. í sérstökum yfirlitum falli brott.
   b. D-liður Ýmis framlög menntamálaráðuneytis lækki um 9,4 m.kr.
      Óskipt í 11. tölul. í sérstökum yfirlitum falli brott.
8. Við **02-999 Ýmislegt**

6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög	333,1	-130,0	203,1

   Óskipt í 12. tölul. í sérstökum yfirlitum á þskj. 441 verði 16,6 m.kr.
9. Við 114. tölul. á þskj. 441:
   a. J-liður Ýmis verkefni lækki um 24,7 m.kr.
      Óskipt í 13. tölul. í sérstökum yfirlitum falli brott.
   b. K-liður Ýmis framlög sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis lækki um 11,4 m.kr.
      Óskipt í 14. tölul. í sérstökum yfirlitum falli brott.
10. Við 209. tölul. á þskj. 441:
   a. H-liður Ýmis framlög lækki um 38,8 m.kr.
      Óskipt í 15. tölul. í sérstökum yfirlitum falli brott.
   b I-liður Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis lækki um 19,3 m.kr.
      Óskipt í 16. tölul. í sérstökum yfirlitum falli brott.
11. Við 225. tölul á þskj. 441:
   a. L-liður Ýmis framlög lækki um 44,5 m.kr.
      Óskipt í 17. tölul. í sérstökum yfirlitum falli brott.
   b. M-liður Ýmis framlög heilbrigðisráðuneytis lækki um 9,4 m.kr.
      Óskipt í 18. tölul. í sérstökum yfirlitum falli brott.
12. Við 331. tölul. á þskj. 441:
   E-liður Ýmis framlög samgönguráðuneytis lækki um 7,6 m.kr.
   Óskipt í 19. tölul. í sérstökum yfirlitum falli brott.
13. Við 337. tölul. á þskj. 441:
   C-liður Lendingabætur lækki um 1,1 m.kr.
   Óskipt í 20. tölul. í sérstökum yfirlitum falli brott.

14. Við **11-299 Iðja og iðnaður, framlög**
    1.50 Nýsköpun og markaðsmál . . . . . 32,0 -4,0 28,0
    Óskipt í 21. tölul. í sérstökum yfirlitum á þskj. 441 falli brott.
15. Við 347. tölul. á þskj. 441:
    D-liður Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis lækki um 1,3 m.kr.
    Óskipt í 22. tölul. í sérstökum yfirlitum falli brott.
16. Við 355. tölul. á þskj. 441:
    a. B-liður Ýmis ferðamál lækki um 29,0 m.kr.
       Óskipt í 24. tölul. í sérstökum yfirlitum falli brott.
    b. C-liður Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis lækki um 18,6 m.kr.
       Óskipt í 25. tölul. í sérstökum yfirlitum falli brott.
17. Við 362. tölul. á þskj. 441:
    a. J-liður Ýmis verkefni lækki um 2,5 m.kr.
       Óskipt í 26. tölul. í sérstökum yfirlitum falli brott.
    b. K-liður Ýmis framlög umhverfisráðuneytis lækki um 11,0 m.kr.
       Óskipt í 27. tölul. í sérstökum yfirlitum falli brott.
18. Við 366. tölul. á þskj. 441:
    B-liður Fyrirhleðslur lækki um 2,8 m.kr.
    Óskipt í 28. tölul. í sérstökum yfirlitum falli brott.

463. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2009.

Frá fjármálaráðherra.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
1. Við sundurliðun 2 bætist nýr liður:			
06-309 Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008			
1.01 Sérstakur saksóknari	0,0	50,0	50,0
2. Við 5. gr. bætist nýr liður			
5.5 Að ábyrgjast lán E-Farice ehf. til lagningar Danice-sæstrengsins, allt að 5.000 m.kr., að undangengnum samningum við félagið um fjármögnun verkefnisins.			

464. Breytingartillaga [239. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2008.

Frá fjármálaráðherra.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-919 Söfn, ýmis framlög**			
6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður	4,0	25,0	29,0
Greitt úr ríkissjóði	*22,0*	*25,0*	*47,0*

Greinargerð.

Tillagan felur í sér 25 m.kr. aukaframlag til stofnkostnaðar við byggingu Safnasafnsins á Svalbarðseyri.

465. Framhaldsnefndarálit [239. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar eftir 2. umræðu og leitað m.a. skýringa hjá ráðuneytum. Meiri hlutinn gerir breytingartillögur við sundurliðun 2 sem nema alls 1.367,2 m.kr. til hækkunar gjalda. Engar breytingar eru gerðar á tekjugrein frumvarpsins frá 1. umræðu. Breytingar eru á sjóðstreymi ríkissjóðs í 2. gr. í ljósi frekari gjalda, sbr. sundurliðun 2.

Fulltrúar frá fjármálaráðuneyti komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekju- og gjaldahlið frumvarpsins, en nokkrar breytingar komu frá ríkisstjórn fyrir 3. umræðu. Þá hefur nefndin kallað eftir sérstökum skýringum frá Fjármálaeftirlitinu og viðskiptaráðuneytinu á ósk um viðbótarfjárveitingu að upphæð 549 m.kr. vegna aukakostnaðar sem féll á Fjármálaeftirlitið í kjölfar neyðarlaga, nr. 125/2008. Ítarlegt minnisblað var lagt fram á fundi nefndarinnar vegna þess.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til efnahags- og skattanefndar þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um lánsfjárheimildir og tekjuhlið frumvarpsins. Meiri hluti nefndarinnar telur að í framtíðinni geti það verið kostur að vísa breyttum tekju- og lánsfjárheimildum á fjáraukalögum hverju sinni til efnahags- og skattanefndar til umsagnar. Hafa háttvirtur formaður fjárlaganefndar og háttvirtur formaður efnahags- og skattanefndar rætt slíkt fyrirkomulag. Það mundi án efa styrkja efnis- og málsmeðferð þingsins.

Mikilvægur þáttur í störfum fjárlaganefndar er eftirlitshlutverk nefndarinnar með framkvæmd fjárlaga. Þar hefur verið unnið náið með Ríkisendurskoðun og fjárreiðu- og eigna-

skrifstofu fjármálaráðuneytisins. Til þess að eftirlitsþátturinn geti orðið enn virkari þarf að bæta aðgang þingsins að upplýsingakerfum.

Meiri hlutinn vísar til beiðni forstöðumanns nefndasviðs Alþingis til fjársýslustjóra þar sem óskað var eftir skoðunaraðgangi að helstu upplýsingakerfum ríkisins fyrir fjárlaganefnd Alþingis. Í beiðninni felst ósk um aðgang að sömu vefskýrslum og eru til notkunar hjá Ríkisendurskoðun. Jafnframt þarf fyrirspurnar- og skoðunaraðgang að nokkrum öðrum kerfum. Í svörum Fjársýslu ríkisins kemur fram að Fjársýslan hafi yfirumsjón með þessum kerfum fyrir hönd fjármálaráðuneytisins og muni því vísa þessu erindi til ráðuneytisins. Beiðni nefndarinnar hefur síðan verið ítrekuð á fundi fjárlaganefndar með fjárreiðu- og eignaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Meiri hluti fjárlaganefndar vill nú enn á ný ítreka mikilvægi þess að aðgangur að kerfunum sé veittur.

Á reglulegum fundum með fjárlaganefnd fer fjárreiðu- og eignaskrifstofa fjármálaráðuneytisins yfir árshlutaskýrslur fjármálaráðuneytisins um framkvæmd fjárlaga. Eru þær gerðar vegna fyrirmæla í 9. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta. Þá er jafnframt tilkynnt að fjármálaráðuneytið sendi ráðuneytum bréf þar sem mælst er til þess að þau afli skýringa forstöðumanna eftir því sem við á með tilliti til þess að um umframgjöld sé að ræða og upplýsi fjármálaráðuneytið um fyrirhugaðar aðgerðir í kjölfarið.

Í ljósi laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og fyrrgreinda reglugerð um sama mál vill fjárlaganefnd Alþingis ítreka mikilvægi þess að ráðuneyti bregðist skjótt við og svari beiðni um áðurnefndar upplýsingar.

Meiri hlutinn minnir á frumkvæðisskyldu ráðuneyta við eftirlit, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 og skyldur forstöðumanna vegna umframútgjalda, sbr. 15. gr. sömu reglugerðar. Ríkisendurskoðun hefur komið sömu sjónarmiðum á framfæri í skýrslum um framkvæmd fjárlaga og tekur fjárlaganefnd Alþingis undir þau sjónarmið.

Meiri hlutinn telur afar mikilvægt að ráðuneyti leggi sjálfstætt mat á framkomnar skýringar, sbr. 17. gr. reglugerðarinnar, og minnir á ábyrgð ráðuneytisins skv.18. gr. hennar en þar segir: „Ráðuneyti ber ábyrgð á því að forstöðumaður grípi til nauðsynlegra úrræða til þess að ráða bót á rekstrarvandanum. Það getur sett forstöðumanni og eftir atvikum stjórn stofnunar tímafrest til þess að bregðast við fyrirmælum sínum um úrbætur.“ Þá skal bent á að í þeim tilfellum sem frávik frá fjárheimildum er hærra en 4% skulu gefnar ítarlegar upplýsingar um hvaða fyrirmæli voru gefin til að ná markmiðum fjárheimilda.

Meiri hluti fjárlaganefndar hefur talið mikilvægt að styrkja yfirferð þingsins á lokafjárlögum. Má í þeim efnum minna á að í þingskjali 1084 við umræðu lokafjárlaga 2006 benti meiri hlutinn á að rúmlega tíu ár eru liðin síðan lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, tóku gildi. Með þeim var mörkuð skýr stefna um efni fjárlaga, fjáraukalaga og lokafjárlaga. Lögð var rík áhersla á að allar fyrirsjáanlegar fjárráðstafanir kæmu fram í fjárlögum. Í fjáraukalögum innan hvers fjárhagsárs væri síðan fjallað um þær fjárráðstafanir sem ekki er hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga.

Fjáraukalög skyldu samkvæmt þessu fyrst og fremst snúast um ófrávíkjanleg málefni og ófyrirséð útgjöld en síður um rekstrarvanda einstakra ríkisstofnana. Aðrar fjárhagsráðstafanir ættu eftir atvikum að koma til umfjöllunar við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta fjárhagsár eða við afgreiðslu lokafjárlaga fyrir síðasta fjárhagsár.

Í 7. gr. fjárreiðulaga er fjallað um framlagningu ríkisreiknings. Þar segir að fjármálaráðherra skuli leggja endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins reikningsárs fyrir Alþingi eigi síðar en tveimur vikum eftir að þing kemur saman að hausti. Í almennum athugasemdum við frumvarp til fjárreiðulaga, undir yfirskriftinni „Ríkisreikningur“, segir svo orðrétt: „Auk þeirra

breytinga á efni og gerð ríkisreiknings sem að framan er lýst er lagt til að framlagning ríkisreiknings á Alþingi og umræða um hann verði með öðru sniði en verið hefur. Sú skylda er lögð á fjármálaráðherra að leggja fram endurskoðaðan ríkisreikning eigi síðar en 10 dögum eftir að þing kemur saman að hausti. Með þeim ríkisreikningi skal, honum til staðfestingar, leggja fram frumvarp til lokafjárlaga vegna sama fjárhagsárs. Í samþykkt Alþingis á lokafjárlögum felst samþykkt á ríkisreikningi og er fjárhagsárinu þannig formlega lokað. Í þessu er einnig fólgin sú breyting að ríkisreikningur er ekki framvegis samþykktur með sérstökum lögum.“

Samkvæmt 45. gr. fjárreiðulaga, nr. 88/1997, skal ríkisreikningi fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

Allt frá gildistöku fjárreiðulaga hefur verið nokkrum erfiðleikum bundið að leggja fram ríkisreikning og lokafjárlög samhliða eins og lögin gera greinilega ráð fyrir. Meiri hlutinn leggur því einnig áherslu á að markvisst verði unnið að því að vinnu við gerð frumvarps til lokafjárlaga verði hraðað innan hvers árs þannig að leggja megi það fram samhliða ríkisreikningi. Tæknilega sýnist fátt því til fyrirstöðu.

Meiri hlutinn fagnar þeirri formlegu breytingu sem forseti Alþingis stóð að á sl. vori að taka til umfjöllunar allar stjórnsýsluúttektir Ríkisendurskoðunar. Sú breyting mun styrkja eftirlitshlutverk þingsins sem tengist framkvæmd fjárlaga. Nokkru hefur orðið ágengt í þessum efnum að mati meiri hluta fjárlaganefndar sl. mánuði.

Hins vegar ber að leggja áherslu á að sameiginlegur skilningur um grundvallaratriði er varðar framkvæmd fjárlaga þarf að vera hverju sinni til staðar hjá þeim aðilum sem vinna að framkvæmdinni og/eða eftirlitinu. Á það virðist skorta að nokkru.

Fyrir liggur að Ríkisendurskoðun hefur á undanförnum árum gert athugasemdir, í skýrslum sínum um framkvæmd fjárlaga, við að stofnanir hafi farið fram úr fjárheimildum án þess að gripið sé til aðgerða eins og reglur segja til um. Ítreka ber því mikilvægi þess að endurrýna og gera úrbætur á verklagi sem miða að því að bæta framkvæmd fjárlaga. Niðurstaða fjölmargra skýrslna, greinargerða og yfirlita frá fjárreiðu- og eignaskrifstofu fjármálaráðuneytisins til fjárlaganefndar sýnir að þess er þörf.

Fjárlaganefndin hefur tekið þátt í þessu átaki með fjármálaráðuneytinu og Ríkisendurskoðun og er það von meiri hluta fjárlaganefndar að sú niðurstaða leiði að markvissari ríkisrekstri og meiri aga og festu í kerfinu, en það eru þeir hlutir sem meiri hluti fjárlaganefndar Alþingis hefur leitað eftir.

Forseti Alþingis skipaði nýlega nefnd sem skilar á næsta ári skýrslu um þingeftirlit. Vonandi mun sú skýrsla leiða til þess að hlutverkin verði skýrari og framkvæmdinni fundinn farvegur. Í ljósi breytinga á römmum stofnana verður sífellt erfiðara fyrir forstöðumenn að stýra fjármálum stofnana sinna. Stjórnunarleg og fjárhagsleg ábyrgð þarf að fara saman og er því vísað til áðurnefndrar reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.

Einnig vill meiri hlutinn minna á að þar sem skipuð er stjórn til þess að annast rekstur og stjórn stofnunar hefur hún þær skyldur sem forstöðumenn hefðu ella. Þetta á t.d. við E-hluta stofnanir ríkisins. Fjárlaganefnd vinnur nú sameiginlega að gerð frumvarps um breytingar á lögum um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, þar sem gert er ráð fyrir að við 1. mgr. 10. gr. bætist nýr málsliður, sem heimili Ríkisendurskoðun að veita fjárlaganefnd Alþingis aðgang að þeim gögnum sem hún aflar sömu málsgrein. Nefndarmenn verða þá bundnir þagnar-

skyldu um þá vitneskju sem þeir fá í nefndinni ef Ríkisendurskoðandi kveður svo á um. Þetta mun styrkja mjög aðkomu og eftirlitshlutverk Alþingis gagnvart E-hluta stofnunum.

Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem nánar verður um þær fjallað í framsögu.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 68 m.kr.

201 Fasteignir forsætisráðuneytis.

5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis. Gerð er tillaga um 17 m.kr. framlag vegna kostnaðar við öryggismál á Bessastöðum. Um er að ræða útgjöld við uppsetningu á öryggishliði og öryggismyndavélum, auk búnaðar og nauðsynlegra lagna sem tengjast verkinu.

203 Fasteignir Stjórnarráðsins.

6.25 Endurbætur bygginga Stjórnarráðsins. Gerð er tillaga um 30 m.kr. framlag til að mæta kostnaði við breytingar og endurbætur á húsnæði ráðuneyta. Um er að ræða viðhald og endurbætur, m.a. vegna breyttrar nýtingar á húsnæði í tengslum við sameiningu ráðuneyta og tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón og eftirlit með framkvæmdunum.

241 Umboðsmaður barna.

1.01 Umboðsmaður barna. Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag vegna námsvefs um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ísland er aðili að barnasáttmálanum og brýnt er að komið verði á kerfisbundinni og varanlegri fræðslu um sáttmálann. Verkefnið felst í gerð námsvefjar og er kostnaður við hönnun, uppsetningu, skrif, lén og hýsingu áætlaður 5 m.kr. Verkefnið er samvinnuverkefni umboðsmanns barna, Barnaheilla og UNICEF á Íslandi.

401 Hagstofa Íslands.

1.01 Hagstofa Íslands. Gerð er tillaga um 16 m.kr. framlag til að jafna uppsafnaðan halla frá fyrri árum. Flutningur Hagstofunnar í Borgartún 21a árið 2002 varð mun kostnaðarsamari en áætlað var og erfitt hefur reynst að rétta þá stöðu við því mjög dró úr möguleikum stofnunarinnar til eigin tekjuöflunar eftir að Hlutafélagaskrá og Þjóðskrá voru fluttar frá henni. Mikilvægt er að höfuðstóll Hagstofu Íslands sé ekki neikvæður í upphafi hlutverks hennar sem stofnunar.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 100 m.kr.

451 Símenntun og fjarkennsla.

1.12 Námskeið og ráðgjöf. Gerð er tillaga um 100 m.kr. hækkun á framlagi til símenntunar og fullorðinsfræðslu. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnar frá 17. febrúar 2008 var ákveðið að grípa til aðgerða til að greiða fyrir gerð kjarasamninga til þriggja ára og er einn þáttur í því að framlög til símenntunar og fullorðinsfræðslu sem nýtist fólki á vinnumarkaði verði aukin með jöfnum framlögum um 300 m.kr. á næstu tveimur árum. Gert er ráð fyrir að veitt verði 100 m.kr. framlag í fjáraukalögum 2008, 200 m.kr. í fjárlögum 2009 og 300 m.kr. í fjárlögum 2010.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 230 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg. Gerð er tillaga um 30 m.kr. framlag til Slysavarnafélagsins Landsbjargar í samræmi við samning félagsins við ráðuneytið.

312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli.

1.20 Löggæsla. Lagt er til að uppsafnaður rekstrarhalli embættisins verði felldur niður í ljósi veigamikilla skipulagsbreytinga á starfseminni þar sem eitt meginmarkmiðið er að vinna á fjárhagsvanda til frambúðar.

08 Heilbrigðisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðisráðuneytis verði aukin um 43,5 m.kr.

401 Öldrunarstofnanir, almennt.

1.01 Hjúkrunarheimili, almennt. Gerð er tillaga um að verja 800 m.kr. af ónotuðum fjárheimildum ársins 2008 til að mæta rekstrarhalla öldrunarheimila fyrir árið 2008.

1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana. Af framangreindri 800 m.kr. fjárheimild er lagt til að 17,4 m.kr. renni til eftirfrandi stofnana:

Grenilundur, Grenivík	0,3 m.kr.
Hvammur, Húsavík	1,4 m.kr.
Helgafell, Djúpavogi	0,1 m.kr.
Blesastaðir, Skeiðum	0,5 m.kr.
Sólvellir, Eyrabakka	0,4 m.kr.
Roðasalir, Kópavogi	1,6 m.kr.
Silfurtún, Búðardal	6,3 m.kr.
Sæborg, Skagaströnd	0,7 m.kr.
Hlévangur, Reykjanesbæ	3,8 m.kr.
Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	2,3 m.kr.

Þá er lagt er til að þeim 782,6 m.kr. sem eftir standa verði skipt á milli stofnana sem hér segir:

405 Hrafnista, Reykjavík.

1.01 Hjúkrunarrými.	104,2 m.kr.
1.11 Dvalarrými.	28,3 m.kr.

406 Hrafnista, Hafnarfirði.

1.01 Hjúkrunarrými.	24,6 m.kr.
1.11 Dvalarrými.	9,4 m.kr.
1.15 Dagvist.	2,1 m.kr.

407 Grund, Reykjavík.

1.01 Hjúkrunarrými.	48,0 m.kr.

408 Sunnuhlíð, Kópavogi.

1.01 Hjúkrunarrými.	48,3 m.kr.

409 Hjúkrunarheimilið Skjól.

1.01 Hjúkrunarrými.	50,0 m.kr.

410 Hjúkrunarheimilið Eir.

1.01 Hjúkrunarrými.	72,4 m.kr.
1.15 Dagvist.	4,8 m.kr.

411 Garðvangur, Garði.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 20,1 m.kr.
412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 22,8 m.kr.
413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 43,0 m.kr.
414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 4,6 m.kr.
1.11 Dvalarrými. . . . . . 1,9 m.kr.
415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 8,0 m.kr.
1.11 Dvalarrými. . . . . . 1,0 m.kr.
416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 3,2 m.kr.
417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 1,8 m.kr.
1.11 Dvalarrými. . . . . . 4,1 m.kr.
418 Seljahlíð, Reykjavík.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 24,4 m.kr.
421 Víðines.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 5,6 m.kr.
423 Höfði, Akranesi.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 14,3 m.kr.
1.11 Dvalarrými. . . . . . 1,6 m.kr.
1.15 Dagvist. . . . . . 12,7 m.kr.
424 Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 4,2 m.kr.
1.11 *Dvalarrými.* . . . . . 5,9 m.kr.
425 Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 1,5 m.kr.
426 Fellaskjól, Grundarfirði.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 1,4 m.kr.
427 Jaðar, Ólafsvík.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 1,4 m.kr.
428 Fellsendi, Búðardal.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 24,4 m.kr.
429 Barmahlíð, Reykhólum.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 2,0 m.kr.
433 Dalbær, Dalvík.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 4,7 m.kr.
1.11 Dvalarrými. . . . . . 10,3 m.kr.
1.15 Dagvist. . . . . . 2,5 m.kr.
434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 25,7 m.kr.
1.11 Dvalarrými. . . . . . 5,0 m.kr.

436 Uppsalir, Fáskrúðsfirði.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 2,0 m.kr.
1.11 Dvalarrými. . . . . . 3,4 m.kr.
437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 4,1 m.kr.
438 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 2,6 m.kr.
1.11 Dvalarrými. . . . . . 3,6 m.kr.
439 Hjallatún, Vík.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 1,6 m.kr.
1.11 Dvalarrými. . . . . . 10,4 m.kr.
440 Kumbaravogur, Stokkseyri.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 22,1 m.kr.
1.11 Dvalarrými. . . . . . 1,8 m.kr.
441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 4,1 m.kr.
1.11 *Dvalarrými.* . . . . . 3,8 m.kr.
442 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 4,7 m.kr.
1.11 Dvalarrými. . . . . . 7,7 m.kr.
443 Holtsbúð, Garðabæ.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 6,3 m.kr.
444 Vífilsstaðir, Garðabæ.
1.01 Hjúkrunarrými. . . . . . 21,1 m.kr.
460 Dvalarrými aldraðra, önnur.
1.11 Dvalarrými aldraðra, önnur.
Hvammur, Húsavík . . . . . 28,9 m.kr.
Sólvellir, Eyrabakka . . . . . 1,8 m.kr.
477 Dagvistun aldraðra, aðrar.
1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar.
Mörk, Kópaskeri . . . . . 1,7 m.kr.
Vík á Raufarhöfn . . . . . 0,7 m.kr.
491 Reykjalundur, Mosfellsbæ.
1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ. Gerð er tillaga um að veita Reykjalundi 43,5 m.kr. fjárveitingu til að greiða niður uppsafnaðan halla.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 369 m.kr.

475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta.
Gerð er tillaga um 130 m.kr. hækkun á framlagi í tengslum við þjónustusamning við Flugstoðir ohf. en framlaginu er ætlað til að styrkja rekstrarstöðu fyrirtækisins þar sem því hefur ekki tekist að ná nægilega góðri afkomu í reglubundinni starfsemi á yfirstandandi og síðasta ári.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög. Lögð er til 239 m.kr. hækkun á framlagi en í frumvarpinu var gert ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækkaði um 385 m.kr.

í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðin framlög af skatttekjum og útsvarsstofni árið 2008. Framlagið átti hins vegar að hækka um 146 m.kr.

Jafnframt er lagt til að 100 m.kr. framlag sem veitt var í frumvarpinu verði millifært á viðfangsefni 1.11 Sérstök viðbótarframlög.

1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög. Lagt er til að 100 m.kr. framlag sem veitt var í frumvarpinu verði millifært á viðfangsefni 1.11 Sérstök viðbótarframlög.

12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði aukin um 556,7 m.kr.

101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa. Lagt er til að veitt verði 7,7 m.kr. framlag til að standa undir kostnaði sem nemur einu stöðugildi vegna þjónstutilskipunarinnar á árinu 2008. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að viðskiptaráðuneytinu verði falið að vinna tillögur að rammalöggjöf um þjónustuviðskipti auk bandorms með nauðsynlegum breytingum á gildandi lögum. Ljóst er að tilskipunin er mjög viðamikil og mun innleiðingin hafa þó nokkurn kostnað í för með sér, m.a. vegna þýðingar á eyðublöðum, uppsetningu upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar og krafna tilskipunarinnar um rafræna afgreiðslu umsókna. Gera má ráð fyrir að tímabundið þurfi lykilstarfsmenn að hafa nokkurt svigrúm til að einbeita sér að þessu verkefni.

402 Fjármálaeftirlitið.

1.01 Fjármálaeftirlitið. Lögð er til 549 m.kr. hækkun á framlagi til Fjármálaeftirlitsins vegna aukins kostnaðar stofnunarinnar í tengslum við lög nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., sem samþykkt voru á Alþingi í október 2008. Kostnaður þessi er vegna skilanefnda bankanna þriggja, endurskoðunarkostnaðar vegna bráðabirgðastofnefnahagsreikninga bankanna, verðmatskostnaðar vegna aðkeyptra sérfræðinga auk annarrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu. Í lögunum kemur fram að ríkissjóður muni bera ábyrgð á kostnaði af framkvæmd aðgerða Fjármálaeftirlitsins, sbr. 5. gr. laganna.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið hér að framan og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 22. des. 2008.

Gunnar Svavarsson, form., frsm.	Kristján Þór Júlíusson.	Guðbjartur Hannesson.
Illugi Gunnarsson.	Ásta Möller.	Steinunn Valdís Óskarsdóttir.
Ármann Kr. Ólafsson.		Björk Guðjónsdóttir.

466. Breytingartillögur [239. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, GuðbH, IllG, ÁMöl, SVÓ, ÁKÓ, BjörkG).

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
1. Við **01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis**			
a. 5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis	10,5	17,0	27,5
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*10,5*	*17,0*	*27,5*
2. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
01-203 Fasteignir Stjórnarráðsins			
a. 6.25 Endurbætur bygginga Stjórnarráðsins	0,0	30,0	30,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*30,0*	*30,0*
3. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
01-241 Umboðsmaður barna			
a. 1.01 Umboðsmaður barna	0,0	5,0	5,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*5,0*	*5,0*
4. Við **01-401 Hagstofa Íslands**			
a. 1.01 Hagstofa Íslands	13,9	16,0	29,9
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*13,9*	*16,0*	*29,9*
5. Við **02-451 Símenntun og fjarkennsla**			
a. 1.12 Námskeið og ráðgjöf	0,0	100,0	100,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*12,0*	*100,0*	*112,0*
6. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-190 Ýmis verkefni			
a. 1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg	0,0	30,0	30,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*30,0*	*30,0*
7. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
06-312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli			
a. 1.20 Löggæsla	0,0	200,0	200,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*200,0*	*200,0*
8 Við **08-401 Öldrunarstofnanir, almennt**			
a. 1.01 Hjúkrunarheimili, almennt	0,0	-800,0	-800,0
b. 1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana	-23,7	17,4	-6,3
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*-23,7*	*-782,6*	*-806,3*
9. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-405 Hrafnista, Reykjavík			
a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	104,2	104,2
b. 1.11 Dvalarrými	0,0	28,3	28,3
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*132,5*	*132,5*
10. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-406 Hrafnista, Hafnarfirði			
a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	24,6	24,6

b. 1.11 Dvalarrými	0,0	9,4	9,4
c. 1.15 Dagvist	0,0	2,1	2,1
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*36,1*	*36,1*

11. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-407 Grund, Reykjavík

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	48,0	48,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*48,0*	*48,0*

12. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	48,3	48,3
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*48,3*	*48,3*

13. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	50,0	50,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*50,0*	*50,0*

14. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-410 Hjúkrunarheimilið Eir

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	72,4	72,4
b. 1.15 Dagvist	0,0	4,8	4,8
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*77,2*	*77,2*

15. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-411 Garðvangur, Garði

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	20,1	20,1
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*20,1*	*20,1*

16. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	22,8	22,8
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*22,8*	*22,8*

17. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	43,0	43,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*43,0*	*43,0*

18. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	4,6	4,6
b. 1.11 Dvalarrými	0,0	1,9	1,9
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*6,5*	*6,5*

19. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	8,0	8,0
b. 1.11 Dvalarrými	0,0	1,0	1,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*9,0*	*9,0*

20. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	3,2	3,2
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*3,2*	*3,2*

21. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	1,8	1,8
b. 1.11 Dvalarrými	0,0	4,1	4,1
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*5,9*	*5,9*

22. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-418 Seljahlíð, Reykjavík

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	24,4	24,4
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*24,4*	*24,4*

23. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-421 Víðines

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	5,6	5,6
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*5,6*	*5,6*

24. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-423 Höfði, Akranesi

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	14,3	14,3
b. 1.11 Dvalarrými	0,0	1,6	1,6
c. 1.15 Dagvist	0,0	12,7	12,7
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*28,6*	*28,6*

25. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-424 Dvalarheimili aldraða Borgarnesi

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	4,2	4,2
b. 1.11 Dvalarrými	0,0	5,9	5,9
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*10,1*	*10,1*

26. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-425 Dvalarheimili aldraða Stykkishólmi

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	1,5	1,5
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*1,5*	*1,5*

27. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-426 Fellaskjól, Grundarfirði

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	1,4	1,4
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*1,4*	*1,4*

28. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-427 Jaðar, Ólafsvík

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	1,4	1,4
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*1,4*	*1,4*

29. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-428 Fellsendi, Búðardal

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	24,4	24,4
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*24,4*	*24,4*

30. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-429 Barmahlíð, Reykhólum

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	2,0	2,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*2,0*	*2,0*

31. Við bætist nýr fjárlagaliður:
08-433 Dalbær, Dalvík

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	4,7	4,7

b. 1.11 Dvalarrými	0,0	10,3	10,3
c. 1.15 Dagvist	0,0	2,5	2,5
d. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*17,5*	*17,5*

32. Við bætist nýr fjárlagaliður:

08-434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	25,7	25,7
b. 1.11 Dvalarrými	0,0	5,0	5,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*30,7*	*30,7*

33. Við bætist nýr fjárlagaliður:

08-436 Uppsalir, Fáskrúðsfirði

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	2,0	2,0
b. 1.11 Dvalarrými	0,0	3,4	3,4
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*5,4*	*5,4*

34. Við bætist nýr fjárlagaliður:

08-437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	4,1	4,1
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*4,1*	*4,1*

35. Við bætist nýr fjárlagaliður:

08-438 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	2,6	2,6
b. 1.11 Dvalarrými	0,0	3,6	3,6
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*6,2*	*6,2*

36. Við bætist nýr fjárlagaliður:

08-439 Hjallatún, Vík

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	1,6	1,6
b. 1.11 Dvalarrými	0,0	10,4	10,4
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*12,0*	*12,0*

37. Við bætist nýr fjárlagaliður:

08-440 Kumbaravogur, Stokkseyri

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	22,1	22,1
b. 1.11 Dvalarrými	0,0	1,8	1,8
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*23,9*	*23,9*

38. Við bætist nýr fjárlagaliður:

08-441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	4,1	4,1
b. 1.11 Dvalarrými	0,0	3,8	3,8
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*7,9*	*7,9*

39. Við bætist nýr fjárlagaliður:

08-442 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum

a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	4,7	4,7
b. 1.11 Dvalarrými	0,0	7,7	7,7
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*12,4*	*12,4*

40. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-443 Holtsbúð, Garðabæ			
a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	6,3	6,3
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*6,3*	*6,3*
41. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-444 Vífilsstaðir, Garðabæ			
a. 1.01 Hjúkrunarrými	0,0	21,1	21,1
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*21,1*	*21,1*
42. Við **08-460 Dvalarrými aldraða, önnur**			
a. 1.11 Dvalarrými aldraða, önnur	-11,3	30,7	19,4
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*-11,3*	*30,7*	*19,4*
43. Við **08-477 Dagvistun aldraða, aðrar**			
a. 1.10 Dagvistun aldraða, aðrar	-1,9	2,4	0,5
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*-1,9*	*2,4*	*0,5*
44. Við bætist nýr fjárlagaliður:			
08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ			
a. 1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ	0,0	43,5	43,5
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*43,5*	*43,5*
45. Við **10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta**			
a. 1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	0,0	130,0	130,0
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*130,0*	*130,0*
46. Við **10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**			
a. 1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög	-285,0	139,0	-146,0
b. 1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög	324,0	100,0	424,0
c. *Greitt úr ríkissjóði*	*39,0*	*239,0*	*278,0*
47. Við **12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa**			
a. 1.01 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	15,0	7,7	22,7
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*15,0*	*7,7*	*22,7*
48. Við **12-402 Fjármálaeftirlitið**			
a. 1.01 Fjármálaeftirlitið	-17,1	549,0	531,9
b. *Greitt úr ríkissjóði*	*0,0*	*549,0*	*549,0*

467. Breytingartillögur [239. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, GuðbH, IllG, ÁMöl, SVÓ, ÁKÓ, BjörkG).

Við 2. gr.

a. Við liðinn ***Fjármunahreyfingar:***

a. Undir fyrirsögn komi tveir nýir liðir, svohljóðandi:
Yfirtekin tryggingabréf frá Seðlabanka Íslands, -385.000,0 m.kr.
Yfirteknar veðlánakröfur frá Seðlabanka Íslands, -65.000,0 m.kr.

b. Í stað fjárhæðarinnar „-250,0 m.kr.“ í Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög komi: -2.575 m.kr.
c. Á eftir liðnum „Sala hlutabréfa og eignarhluta“ komi nýr liður, svohljóðandi: Niðurfellt lán til Seðlabanka Íslands, 165.000,0 m.kr.

b. Við liðinn ***Fjármögnun:***
Í stað fjárhæðarinnar „-53.400,0 m.kr.“ í Afborganir lána komi: -40.500,0 m.kr.

468. Breytingartillaga [239. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, GuðbH, IllG, ÁMöl, SVÓ, ÁKÓ, BjörkG).

Við 1. tölul. 3. gr. Í stað orðanna „allt að 234.000 m.kr.“ komi: allt að 660.000 m.kr.

469. Breytingartillögur [239. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2008.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (GSv, KÞJ, GuðbH, IllG, ÁMöl, SVÓ, ÁKÓ, BjörkG).

Við 4. gr. Nýir liðir:

7.14 Að stofna þrjú ný fjármálafyrirtæki á grundvelli 1. mgr. 1. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., og leggja hverju þeirra til 775 m.kr. í stofnfé.

7.15 Að leggja sparisjóðum til allt að 14 milljarða kr. stofnfé eða hlutafé á grundvelli 1. mgr. 2. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

7.16 Að kaupa af Seðlabanka Íslands þau viðskiptabréf sem bankanum hafa verið afhent til tryggingar veðlánum bankans og annast uppgjör þeirra krafna eins og hagkvæmast þykir.

470. Framhaldsnefndarálit [239. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2008.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Ríkisstjórnin hefur lagt fram breytingartillögur við 3. umræðu um frumvarp til fjáraukalaga 2008. Samkvæmt þeim hækka útgjöld um 1.367,2 millj. kr. og skiptast á sex ráðuneyti. Þau eru forsætisráðuneyti, sem ráðgert er að fái 68 millj. kr., menntamálaráðuneyti 100 millj.

kr., dóms- og kirkjumálaráðuneyti 230 millj. kr., heilbrigðisráðuneyti 43,5 millj. kr., samgönguráðuneyti 369 millj. kr. og viðskiptaráðuneyti 556,7 millj. kr. Minni hlutinn vekur athygli á því að engar frekari breytingartillögur komu fram um tekjuáætlun frumvarpsins. Minni hlutinn vísar í ítarlegt nefndarálit sitt við 2. umræðu um frumvarpið og telur að ennþá sé tekjuáætlunin ofmetin.

Stór hluti hækkunarinnar samkvæmt tillögum meiri hlutans mun fara til Fjármálaeftirlitsins til greiðslu viðbótarkostnaðar sem það hefur haft af setningu neyðarlaga, nr. 125/2008. Á fundi með fjárlaganefnd hafði viðskiptaráðuneytið tilkynnt að ekki þyrfti að koma til frekari fjárbeiðna Fjármálaeftirlitsins þar sem unnt væri að mæta þessum óvæntu útgjöldum með því að ganga á ónotaðar fjárheimildir. Þá þegar benti minni hlutinn á að ekki væri rétt að draga úr fjárheimildum um 17,1 millj kr. eins og gert var með breytingartillögu sem samþykkt var eftir 2. umræðu þar sem stofnuninni veitti ekki af því sem til væri. Minni hlutinn mætti ekki skilningi hjá meiri hlutanum um þetta sjónarmið og því hlýtur fjárbeiðnin að koma meiri hlutanum mjög á óvart.

Minni hlutinn telur óhjákvæmilegt að nánari grein sé gerð fyrir fjárbeiðni af þessari stærðargráðu þrátt fyrir að í lögum nr. 125/2008 sé heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði. Minni hlutinn bendir á nauðsyn þess að fjárlaganefnd leggist nánar yfir forsendur fjárbeiðninnar og veittar verði mun ítarlegri upplýsingar um með hvaða hætti þessi kostnaður skiptist og hvaða liðir standa að baki honum. Minni hlutinn telur nauðsynlegt að lögð verði fram kostnaðaráætlun frá Fjármálaeftirlitinu um hvaða fjárhæðir komi til með að lenda á ríkissjóði vegna starfa skilanefndanna á næsta ári. Ekki nægir yfirlýsing frá Fjármálaeftirlitinu frá 4. desember sl. um að á þessum tímapunkti sé „alls óljóst hve lengi skilanefndirnar munu verða starfandi …“ Þá er bent á að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2009 er ekki lagt mat á þennan fyrirsjáanlega kostnað. Hann er vegna skilanefnda gömlu viðskiptabankanna þriggja, endurskoðunarkostnaðar vegna bráðabirgðastofnefnahagsreikninga bankanna, sem ekki hafa enn litið dagsins ljós, verðmatskostnaðar vegna aðkeyptra sérfræðinga auk annarrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu.

Minni hlutinn bendir á að a.m.k. hluti þeirra endurskoðunarskrifstofa sem unnið hafa á vegum skilanefndanna skrifuðu undir ársreikninga gömlu viðskiptabankanna. Ein endurskoðunarskrifstofa hefur sagt sig frá verkinu vegna ábendinga um að hugsanlega megi draga óhæði hennar í efa, en minni hlutinn telur eðlilegt að farið verði yfir óhæði allra sem að þessari vinnu koma til að eyða þeirri tortryggni sem virðist ríkja í garð starfsmanna og sérfræðinga skilanefndanna. Í þessu sambandi bendir minni hlutinn á 6. tölul. 9. gr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, en þar segir:

„Endurskoðanda er óheimilt að endurskoða hjá stofnunum og fyrirtækjum […] ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.“

Minni hlutinn telur nauðsynlegt að endurskoðunarskýrslur þeirra vegna endurskoðunar bankanna þriggja síðustu þrjú árin verði lagðar fyrir fjárlaganefnd og hefur minni hlutinn þegar óskað eftir því. Ríkissjóður hefur nú tekið við ábyrgðinni af stjórn bankanna og tjónið af falli þeirra lendir með beinum hætti á þegnum landsins. Má í því sambandi benda á minnisblað frá fjárreiðu- og eignaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, dags. 19. des. 2008, þar sem lántökur ríkissjóðs að fjárhæð 840 milljarðar kr. vegna bankanna eru staðfestar og áætluð vaxtagjöld að fjárhæð 45,9 milljarðar kr. Eru þá ótaldar lántökur vegna uppgjörs á Icesave-reikningum og tengdum innlánsreikningum í útibúum gömlu bankanna erlendis sem líklegt er, miðað við framkomnar upplýsingar, að hlaupa muni á hundruðum milljarða króna með tuga milljarða króna árlegum vaxtakostnaði. Með þessu er ekki átt við að veittar verði upplýsingar

um fjárhagslegar upplýsingar einstaklinga eða upplýsingar sem eðlilegt verður að telja að leynd ríki um. Hér er átt við almennar upplýsingar sem kunnáttumenn á sviði reikningsskila og uppgjörsfræða veita eigendum fyrirtækja um rekstur, umhverfi hans, áhættugreiningu og framtíðarhorfur. Þær almennu upplýsingar sem veittar eru í endurskoðunarbréfunum eru því ekki einkamál tiltekinna stjórnenda og fámenns hóps fyrrum eigenda bankanna heldur upplýsingar sem almenningur á rétt á að veittar verði þeim sem nú bera fjárhagslega ábyrgð á rekstri þrotabúanna. Á endanum reyndist það vera almenningur sjálfur.

Minni hlutinn telur eðlilegt að gerð verði grein fyrir því á Alþingi hvort þessir utanaðkomandi eftirlitsaðilar sem störfuðu jafnt fyrir hluthafa, bankastjórninar og hið opinbera hafi varað með viðunandi hætti við þeirri hættu sem nú virðist hafa komið fram að var innbyggð í rekstur bankanna og almenningur bar vissa ábyrgð á þó svo að þegnarnir hafi almennt mátt telja að ábyrgðin takmarkaðist við hlutafé bankanna, Tryggingasjóð innstæðueigenda og Ábyrgðasjóð launa. Þeirri spurningu hefur ekki enn verið svarað hvers vegna ábyrgð þegnanna hafði ekki verið kynnt og við henni varað. Þá varpar minni hlutinn þeirri spurningu fram hvort ekki sé eðlilegt að þrotabú bankanna beri þennan kostnað þrátt fyrir ákvæði neyðarlaganna, þar sem þrotabúin hefðu hvort sem er borið ákveðinn hluta hans, og að skilanefndirnar flokki kostnaðinn milli ríkissjóðs og þrotabúanna með það í huga. Öðru kann að gegna með kostnað ríkissjóðs af sérstakri rannsókn sem nú hefur verið sótt um fjárheimildir fyrir.

Minni hlutinn vekur sérstaka athygli á tillögu um aukafjárveitingu til Flugstoða að fjárhæð 130 millj. kr. sem var lögð fram í þann mund sem frumvarpið var afgreitt frá fjárlaganefnd án fullnægjandi skýringa og án þess að tími hafi unnist til að ræða hana innan nefndarinnar. Minni hlutinn gagnrýnir þessi vinnubrögð, en þau eru í samræmi við það skipulags- og stefnuleysi sem einkennir fjárlagagerðina.

Minni hlutinn vísar til þess sem áður hefur komið fram af hans hálfu um að stofnanir í heilbrigðis- og öldrunarþjónustu munu samkvæmt frumvarpinu hefja rekstur á næsta ári með halla, auk þess sem fjárheimildir þeirra eru almennt skornar niður í fjárlögum fyrir árið 2009. Minni hlutinn ítrekar gagnrýni sína á þetta ráðslag og óttast að óhjákvæmilegur sé mikill hallarekstur á næsta ári sem muni valda miklum erfiðleikum í rekstri þessara stofnana. Minni hlutinn vekur jafnframt athygli á því að ekki er gerð tillaga um eina einustu krónu til að koma til móts við rekstrarhalla Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar má öllum vera ljóst að það mun valda miklum vandræðum í starfsemi skólans á komandi árum. Minni hlutinn vísar allri ábyrgð á því máli á menntamálaráðuneytið og stjórnarmeirihlutann á Alþingi.

Að öðru leyti vísar minni hlutinn til nefndarálits síns sem lagt var fram við 2. umræðu um frumvarpið. Í því nefndaráliti er ítarlega fjallað um frumvarpið og framkomnar breytingartillögur.

Minni hlutinn getur ekki staðið að því að samþykkja fjáraukalög fyrir árið 2008 miðað við þær forsendur sem liggja til grundvallar enda vantar mikilvægar forsendur og upplýsingar ennþá. Fjáraukalögin eru að fullu á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans á Alþingi.

Alþingi, 22. des. 2008.

Jón Bjarnason, frsm.	Magnús Stefánsson.	Guðjón A. Kristjánsson.

471. Svar [72. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu Möller um lyfjagagnagrunn.

1. *Hvaða upplýsingar hafa Tryggingastofnun ríkisins, Lyfjastofnun og landlæknir unnið úr lyfjagagnagrunni frá því að hann tók til starfa, sbr. skilyrði 27. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994?*

Tryggingastofnun (nú Sjúkratryggingar Íslands) hefur aðgang að ópersónugreinanlegum tölfræðigagnagrunni sem veitir m.a. upplýsingar um:

– heildarlyfjakostnað og notkun lyfja,
– lyfjakostnað og notkun einstakra lyfjaflokka og lyfja,
– greiðslumerkingu lyfja,
– hvaða hópar nota lyfin, þ.e. almennir/örorku- og ellilífeyrisþegar
– aldursdreifingu notenda og kynjaskiptingu.

Upplýsingar úr tölfræðigagnagrunninum eru notaðar:

1. Til að hafa eftirlit með lyfjakostnaði og vinna tölfræðiupplýsingar um lyfjanotkun landsmanna. Unnar hafa verið skýrslur um þróun lyfjakostnaðar og lyfjanotkunar sl. ára, auk þess yfirlit yfir kostnaðarmestu lyfjaflokka TR og kostnaðarmestu lyfin. Helstu skýrslurnar eru á heimasíðu TR: http://www.tr.is/heilsa-og-sjukdomar/lyf/utgafuefni/.
2. Við áætlanagerð og þegar metin eru áhrif ýmissa breytinga, t.d. verðlækkana/verðhækkana lyfja, breytinga á greiðsluþátttökureglum o.fl.

Á fundum með læknum og í bréfum og tölvupóstum sem send eru til lækna:

1. Til að svara ýmsum fyrirspurnum, svo sem frá Samkeppniseftirliti, Hagstofu, lyfjagreiðslunefnd, o.fl.
2. Til að bera saman lyfjakostnað og lyfjanotkun á Norðurlöndunum. Upplýsingar um lyfjakostnað og lyfjanotkun á Norðurlöndunum eru mjög aðgengilegar á heimasíðum heilbrigðisyfirvalda á Norðurlöndunum, sem dæmi er gagnagrunnur Norðmanna; http://www.reseptregisteret.no/.
3. Til rannsókna.

Landlæknisembættið starfrækir persónugreinanlegan lyfjagagnagrunn, en skv. 27. gr. lyfjalaga getur TR (nú Sjúkratryggingar Íslands) óskað eftir aðgangi að persónuupplýsingum úr lyfjagagnagrunninum í nánar skilgreindum tilvikum.

Rifja má upp að helsta ástæða þess að persónugreinanlegum lyfjagagnagrunni var komið á samkvæmt lögum var sú staðreynd að til umræðu höfðu komið á Alþingi dauðsföll sem rekja mátti til lyfja sem einstaklingar höfðu fengið útskrifað hjá læknum.

Alkunna er að lyfjafíklar sækjast mjög eftir ávanabindandi lyfjum. Lengi hefur verið hægt að fylgjast með svokölluðum eftirritunarskyldum lyfjum, sem eru hættulegustu lyfin, en með tilkomu lyfjagagnagrunnsins var hægt að fylgjast með útskriftum allra lyfja utan sjúkrahúsa og stofnana. Notkun lyfjagagnagrunnsins fyrst í stað var ekki síst eftirfylgd með slíkri lyfjanotkun. Ábendingar koma oft frá starfandi læknum, sem hafa grun um lyfjamisnotkun sjúklinga sem til þeirra leita. Enn frekari lyfjanotkun undir slíkum kringumstæðum getur leitt til veikinda og dauða, eins og dæmin sanna. Læknar eru því skiljanlega á verði. Upplýsingar úr lyfjagagnagrunni í framhaldi slíkra ábendinga til landlæknisembættisins leiða oft til þess að skrifuð eru bréf til viðkomandi lækna og mælst til þess að einungis einn læknir skrifi út slík lyf fyrir viðkomandi sjúkling.

Í einstaka tilvikum hafa vaknað grunsemdir um að ákveðnir læknar væru of útbærir á lyf. Hefur lyfjagagnagrunnurinn hjálpað til við rannsókn slíkra mála, en þau eru þó fá.

Tryggingastofnun ríkisins (nú Sjúkratryggingar Íslands) hefur umsjón með útgáfu lyfjaskírteina fyrir methylphenidati (Ritalín og skyld lyf). Um það gilda strangar verklagsreglur, m.a. vegna hugsanlegrar lyfjamisnotkunar. Lyfjafræðingi hjá lyfjamáladeild stofnunarinnar hafa verið veittar upplýsingar um slík atriði til að auðvelda útgáfu lyfjaskírteina, enda mikilvægt að hið opinbera greiði ekki niður lyf sem hugsanlega yrðu misnotuð.

Í samvinnu við lækna hafa þeir fengið upplýsingar um eigið notkunarmynstur, eða svokallaða lyfjaprófíla. Læknir getur þá séð hvert lyfjaávísanamynstur hans er miðað við lækna í svipaðri aðstöðu, t.d. getur heimilislæknir á ákveðinni heilsugæslustöð séð lyfjaávísanavenjur í samanburði við aðra lækna á stöðinni eða við aðra heimilislækna almennt. Þetta hefur mikið upplýsinga- og fræðslugildi. Hins vegar eru læknar aldrei upplýstir um ávísanavenjur einstakra annarra lækna, nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi. Læknir á vegum landlæknisembættisins, ásamt lyfjafræðingum frá Tryggingastofnun og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hafa haldið fræðslufundi fyrir lækna og stuðst við ópersónugreinanleg gögn sem fengin eru úr lyfjagagnagrunni.

Lyfjagagnagrunnurinn hefur verið notaður til vísindarannsókna. Í einu tilviki fór fram allstór rannsókn þar sem borin var saman notkun nýrra gigtarlyfja (rofecoxib, celecoxib eða Vioxx og Celebra) við eldri gigtarlyf. Í því tilviki voru keyrð saman gögn úr öðrum gagnagrunnum landlæknisembættisins. Þrátt fyrir að einungis væri heimilað að nota þrjú ár til samtengingar fengust marktækar niðurstöður um umframdauðsföll af völdum Vioxx. Þessi rannsókn var gerð áður en reglur um geymslu gagna voru víkkaðar út. Nefna má að á svipuðum tíma gerði íslenskur læknir sams konar rannsókn í Danmörku með hjálp danska gagnagrunnsins. Vegna rýmri reglna í Danmörku á þeim tíma en hér á landi, var honum kleift að tengja saman gögn úr dönskum lyfjagagnagrunnum til fjölda ára. Með breytingum á varðveislutíma gagna í lyfjagagnagrunni Íslands hefur opnast möguleiki til sams konar rannsókna hér á landi. Þessar svokölluðu „postmarketing“ rannsóknir hafa reynst ómetanlegar við mat á aukaverkunum lyfja eftir að þau komu á markað. Af öðrum vísindarannsóknum sem gerðar hafa verið með hjálp lyfjagagnagrunnsins má nefna rannsókn á lyfjum fyrir börn með ADHD, sem birtist nýlega í Læknablaðinu. Þá er væntanleg grein um geðlyfjanotkun aldraðra á Íslandi og fleiri fræðigreinar, sem unnar eru með sérfræðingum á viðkomandi sviði. Einungis landlæknisembættið hefur þó aðgang að persónugreinanlegum gögnum og þau eru aldrei látin úr húsi. Slíkar rannsóknir eru aldrei unnar nema með leyfi Vísindasiðanefndar og Persónuverndar.

Auk beinna lyfjarannsókna hefur lyfjagagnagrunnurinn nýst til annarra heilsufarsrannsókna. Sem dæmi má nefna hefur leyfi fengist fyrir athugun á heilsuáhrifum loftmengunar í Reykjavík, en markmið þeirrar rannsóknar er að skoða áhrif loftmengunar á höfuðborgarsvæðinu með því að tengja hana við sölu astma- og hjartalyfja.

TR hefur óskað eftir upplýsingum úr persónugreinanlega lyfjagagnagrunninum í eftirfarandi tilvikum:

1. Lyfjadeild TR (nú Sjúkratrygginga Íslands) ákvarðar út frá umsókn læknis greiðsluþátttöku í lyfjum við ofvirkni til einstaklinga. Þegar um er að ræða frávik frá vinnureglum eða þegar grunur leikur á misnotkun er óskað eftir mati landlæknisembættisins. Landlæknisembættið aflar upplýsinga úr lyfjagagnagrunninum um lyfjanotkun einstaklingsins og metur hvort heimila skuli greiðsluþátttöku lyfsins til viðkomandi einstaklings. TR fær ekki upplýsingar um lyfjanotkun einstaklingsins.
2. Þegar lyfseðill úr apóteki stöðvast í rafræna lyfseðlaeftirlitskerfi TR, t.d. þegar einstaklingur fær óeðlilega margar pakkningar ávísað á einn lyfseðil, eru ábendingar sendar til landlæknisembættisins. Starfsmenn lyfjadeildar byrja á því að hafa samband við við-

komandi apótek og lækni og óska eftir skýringum en að auki eru ábendingar sendar til landlæknisembættisins. Það er mat landlæknisembættisins hvort sendar eru athugasemdir til viðkomandi læknis vegna lyfjanotkunar einstaklingsins. TR fær ekki upplýsingar um lyfjanotkun einstaklingsins.

3. Lyfjafræðingar á lyfjadeild TR hafa á undanförnum mánuðum haldið fundi með læknum heilsugæslustöðva og ýmissa sérfræðinga á LSH. Í kjölfarið var ákveðið með samþykki læknanna að sendar yrðu upplýsingar til hvers og eins læknis um þeirra eigin lyfjaávísanir til samanburðar við aðra lækna á landinu og einnig til samanburðar við lyfjaávísanir lækna annars staðar á Norðurlöndum. Starfsmenn lyfjadeildar hafa sinnt þessu verkefni á undanförnum vikum. Lyfjadeild TR fær upplýsingar úr lyfjagagnagrunni landlæknisembættisins um ávísanir þeirra lækna sem hafa gefið samþykki fyrir að þessara upplýsinga sé aflað og setja þær á myndrænt form sem síðan er sent læknunum.

2. *Við hvaða verklagsreglur styðst landlæknir við afgreiðslu umsókna um aðgang að upplýsingum úr gagnagrunninum?*

Landlæknisembættið hefur um langt árabil rekið persónugreinanlegar heilbrigðisskrár á landsvísu. Strangar verklagsreglur gilda um allar þessar heilbrigðisskrár og þá jafnframt lyfjagagnagrunninn. Þessum verklagsreglum er m.a. ætlað að tryggja öryggi persónuupplýsinga og ná til allrar vinnu við lyfjagagnagrunn og annarra heilbrigðisskráa og allra starfsmanna. Allar verklagsreglur eru settar fram í gæða- og öryggishandbók embættisins og fylgja þær viðurkenndum öryggisstöðlum. Öllum verklagsreglum í gæða- og öryggishandbók embættisins er fylgt fram. Þá hafa einnig verið settar almennar verklagsreglur varðandi aðgang að upplýsingum úr persónugreinanlegum gagnagrunnum landlæknisembættisins. Þessar reglur hafa verið birtar á vef embættisins. Samkvæmt þeim er vísindamönnum einungis veittur aðgangur með leyfi Persónuverndar og Vísindasiðanefndar og eru allar upplýsingar á dulkóðuðu formi sem enginn möguleiki er á að rekja til ákveðinna persóna. Samkeyrslur þarf að endurkóða með sama lykli. Ekki má fara með nein viðkvæm gögn úr húsi. Strangar reglur gilda um birtingu efnis og að upplýsingar geti á engan hátt vísað á tilteknar persónu.

3. *Er hægt að merkja að hvaða gagni lyfjagagnagrunnur hefur komið og hvort hann hefur haft einhverjar breytingar í för með sér í lyfjamálum?*

Eins og fram hefur komið var það frumtilgangur hins persónugreinanlega gagnagrunns að hindra að fólk misnotaði og færi sér að voða með ávanabindandi lyfjum. Með hjálp lyfjagagnagrunnsins hefur þetta eftirlit verið hert og gögn hans notuð til að hindra óeðlilega notkun. Nefna má að notkun Contalgins (morfín), sem áður er nefnt, hefur minnkað verulega á undanförnum árum hjá notendum yngri en fertugum. Þetta bendir til þess að misnotkun lyfsins hafi farið minnkað.

Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir SÁÁ, hefur opinberlega og í fjölmiðlum sagt frá því að morfínfíklum hafi fækkað á Vogi og þakkar það lyfjagagnagrunninum og auknu lyfjaeftirliti landlæknisembættisins.

Mikil notkun methylphenidats hefur verið rannsökuð með hjálp lyfjagagnagrunnsins og hún borin saman við notkunina í öðrum löndum. Það efni hefur verið kynnt á mörgum ráðstefnum og hefur leitt til aukinna umræðna um slíka meðferð. Hröð aukning varð á slíkri lyfjameðferð hjá börnum til ársins 2004, en eftir það hefur aukningin stöðvast. Þessi umræða leiddi meðal af sér ítarlegar vinnureglur landlæknisembættisins við notkun ADHD-lyfja.

Upplýsingar til lækna um lyfjaávísanavenjur þeirra hafa aukið áhuga læknanna á að nota gagnreynd lyf og ódýr. Vert væri að rannsaka þau mál nánar og er slíkt í bígerð. Þetta þyrfti

helst að setja upp sem vísindalega rannsókn, því margir aðrir þættir hafa jafnframt áhrif á ávísanavenjur lækna. Læknar hafa hins vegar verið þakklátir slíkri umfjöllun og áhugi verið mikill.

4. Hvernig er samstarfi háttað við önnur lönd varðandi vinnslu upplýsinga úr lyfjagagnagrunnum?

Samstarf hefur fyrst og fremst verið við yfirvöld annars staðar á Norðurlöndum, þar sem sambærilegir lyfjagagnagrunnar eru fyrir hendi. Samstarfið hefur verið formlegt og verið að frumkvæði Norræna heilsuverndarháskólans. Meðal annars fékkst styrkur frá NordForsk til rannsókna með hjálp lyfjagagnagrunna á öllum Norðurlöndunum. Hafa löndin hug á því að gera sameiginlegar rannsóknir, sem gætu reynst mjög mikilvægar, enda eru jafnframt í þeim löndum aðrir persónugreinanlegir heilsufarsgagnagrunnar. Gagnagrunnar Norðurlandanna hafa verið kynntir á ráðstefnum, t.d. á alþjóðaþingi lyfjafaraldsfræðinga í Kaupmannahöfn fyrir nokkrum mánuðum.

Frá Bretlandi hefur verið leitað samstarfs vegna athugunar á dýrum lyfjaflokkum og hvaða áhrif stjórnvaldsbreytingar geta haft til lækkunar lyfjakostnaðar.

Þá hafa bæði Frakkar og Hollendingar óskað eftir samvinnu, en hollenski lyfjagagnagrunnurinn er þekktur meðal lyfjafaraldsfræðinga og þar starfar meðal annars íslenskur lyfjafræðingur, sem hlaut verðlaun á ofangreindu þingi lyfjafaraldsfræðinga fyrir góða aðferðafræði.

472. Svar [106. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um geðheilbrigðismál.

1. Hve stórum hluta heilbrigðisútgjalda er nú varið til geðheilbrigðismála?

Til að fá mynd af útgjöldum til geðheilbrigðismála voru helstu útgjaldaliðir fjárlaga og ríkisreiknings ársins 2007 sem taka til geðheilbrigðismála teknir saman. Forsvarsmenn helstu stofnana sem veita blandaða þjónustu voru beðnir um að áætla hve stór hluti af útgjöldum þeirra fer til geðheilbrigðisþjónustu. Þetta eru Landspítalinn, FSA, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins og Reykjalundur. Geðheilbrigðisþjónusta heilsugæslunnar er veitt á margvíslegan hátt. Stærsti þáttur hennar er innan almennu læknisþjónustunnar. Erfitt er að meta þann þátt í útgjöldum þar sem upplýsingar liggja ekki fyrir um tíðni greininga af þessum toga né hversu stór hluti tíma lækna fer í vandamál tengd geðheilsu. Áætla má að um 30% samskipta heimilislækna tengist að meira eða minna leyti geðrænum einkennum, hvert svo sem tilefnið er. Utan þessa hefur heilsugæslan komið upp skipulögðum einingum sem auðveldara er að skilgreina út frá útgjöldum þó þar séu undantekningar á. Nefna má að geðteymi barna og starf sálfræðinga á heilsugæslustöðvum kallar á teymisvinnu með læknum og hjúkrunarfræðingum sem ekki bókfærist á útgjaldaliði vegna þessarar starfsemi. Starfsemi þeirra er hluti af grunnþjónustu heilsugæslunnar. Starf skólahjúkrunarfræðinga er einnig erfitt að skilgreina undir einstaka greiningar vandamála en ætla má að stór hluti barna sem leita til þeirra að eigin frumkvæði eigi við einhver sál-félagsleg vandamál að stríða.

Hér fylgir með listi yfir þau sértæku forvarna-, meðferðar- og greiningarúrræði sem Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) hefur komið upp.

– Geðteymi í Grafarvogi.
– Geðiðjuþjálfun Bolholti.
– Greiningarteymi Miðstöðvar heilsuverndar barna.
– Sálfræðingar á heilsugæslustöðvum.
– Hugræn atferlismeðferð.
– Geðteymi Miðstöðvar heimahjúkrunar.
– Skimun fyrir þunglyndi eftir fæðingu.
– Heilsugæsla í framhaldsskólum.
– Unglingamóttaka heilsugæslustöðva.
– Verkefnið Agi til forvarnar – uppeldi sem virkar.

Ef tekin eru saman útgjöld til þessara verkefna sérstaklega þá hafa þau farið vaxandi sem hlutfall af heildarútgjöldum heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Tafla 5 sýnir útgjöld til þessara verkefna á undanförnum sex árum.

Á landsbyggðinni eru tiltekin verkefni sem heilbrigðisráðuneytið hefur fjármagnað en gera má einnig ráð fyrir að hluti af þeirri grunnþjónustu sem fer fram á heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni sé geðheilbrigðisþjónusta, einkum á sviði forvarna.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála árið 2007 voru samkvæmt þjóðhagsreikningi 117,3 milljarðar. Þar af voru útgjöld til geðheilbrigðismála rúmlega 7,6 milljarðar sem er 6,51% af heildarútgjöldum til heilbrigðismála (sbr. töflu 1). Gera má ráð fyrir að þetta sé eingöngu hluti af útgjöldum til geðheilbrigðismála þar sem þjónusta getur verið fjármögnuð af félagsmálayfirvöldum og/eða sveitarfélögum, t.d. þjónusta við geðfatlaða.

Tafla 1. Útgjöld til geðheilbrigðismála 2007.

LSH	3.049.480.000
FSA	351.990.000
Heilsugæsla höfuðborgarsvæðis	203.725.633
Reykjalundur	147.000.000
SÁÁ	657.248.000
Hlaðgerðarkot	75.800.000
Krísuvík	60.900.000
Geðhjálp	4.800.000
Bjarg	47.800.000
Sogn	200.718.000
Geðlæknisþjónusta á Litla-Hrauni	15.777.682
Sérfræðilæknar – geðlækningar – Sjúkratryggingar Íslands	233.893.123
Dvalarheimilið Ás – öldrunargeðrými	169.053.000
Dvalarheimilið Fellsendi – öldrunargeðrými	161.251.000
Önnur verkefni	
Ný leið	2.000.000
Heilbrigðisstofnun Austurlands	3.000.000
Heilbrigðisstofnun Suðausturlands	1.000.000
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	3.000.000
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	1.000.000
Heilbrigðisstofnun Austurlands	1.100.000
Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	1.100.000
Reykjanesbær	2.000.000
Heilsugæslustöðin Akureyri	9.700.000

Heilbrigðisstofnunin Akranesi	6.000.000
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	7.100.000
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	11.500.000
Lyfjakostnaður TR vegna tauga- og geðlyfja	2.205.000.000
Samanlagt	**7.632.936.438**
Hlutfall af heildarútgjöldum samkvæmt þjóðhagsreikningi	6,51%

Aðrir þættir.

Tafla 2. Sértekjur LSH – hlutur sjúklings.

Beinar sértekjur* geðsviðs árin 2003 til 2007 skipt í helstu þjónustuþætti Í millj. kr. á verðlagi hvers árs	2003	2004	2005	2006	2004
Heildarrekstrarkostnaður geðsviðs	**-26,7**	**-64,0**	**-68,6**	**-80,7**	**-95,6**
1 Barna- og unglingageðdeild**	**-3,4**	**-35,1**	**-35,5**	**-37,8**	**-59,2**
Hlutfall af heild	12,6%	54,9%	51,8%	46,8%	61,9%
2 Framhaldsmeðferð, endurhæfing	**-2,7**	**-2,7**	**-4,4**	**-4,5**	**-4,5**
Hlutfall af heild	10,0%	4,2%	6,5%	5,6%	4,7%
3 Vímuefnasjúkdómar (deild 33A, deild 36, göngudeild og sambýli)	**-4,4**	**-5,4**	**-4,2**	**-3,9**	**-4,1**
Hlutfall af heild	16,3%	8,4%	6,1%	4,9%	4,3%
4 Bráðaþjónusta (geðdeild 12), göngudeild geðsviðs og Hvítaband	**-11,1**	**-13,8**	**-11,7**	**-11,6**	**-13,9**
Hlutfall af heild	41,6%	21,6%	17,1%	14,4%	14,5%
5 Almennar geðdeildir	**0,0**	**-0,8**	**-2,2**	**-1,8**	**-2,1**
Hlutfall af heild	0,0%	1,3%	3,2%	2,2%	2,2%
6 Samkostnaður (sviðsstjórn, sálfræðiþj, sjúkraþj, félagsráðgj, iðjuþj, sameiginl. vaktakostn. lækna og annar samkostn.)***	**-5,2**	**-6,2**	**-10,6**	**-21,0**	**-11,9**
Hlutfall af heild	19,4%	9,6%	15,4%	26,1%	12,4%

* Sértekjur án innri viðskipta

** Þjónustusamningur BUGL við Barnaverndarstofu kom inn 2004. Árið 2007 fékk BUGL meiri peningagjafir en fyrri ár.

*** Tekjur Bergiðjunnar, tekjur vegna rannsóknarverkefna ofl.

Endurgreiðsla vegna lyfja.

Í upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) um lyfjakostnað árið 2007 kemur fram að lyfjakostnaður TR nam 7.055 millj. kr. Aukningin frá fyrra ári er 5% eða um 352 millj. kr. Greina má aukningu í kostnaði í öllum lyfjaflokkum, þó mest í flokki tauga- og geðlyfja, um 136 millj. kr. Tauga- og geðlyf (ATC flokkur N) eru kostnaðarsamasti lyfjaflokkurinn hjá TR og kostuðu lyf í þeim flokki 2.205 millj. kr. Hafa verður hugfast að í ATC flokki N eru önnur lyf en geðlyf, svo sem lyf sem notuð eru vegna taugasjúkdóma, róandi lyf og svefnlyf.

Hlutur sjúklings í þjónustu sjálfstætt starfandi geðlækna.

Alls voru 36.766 komur til sjálfstætt starfandi geðlækna á árinu 2007. Útgjöld Sjúkratrygginga Íslands vegna þessara koma námu rúmlega 233 millj. kr., sjá töflu 2. Hlutur sjúklings við hverja komu er 2.271 króna eða 26,3% af heildarútgjöldum vegna komu.

Tafla 3. Komur til sjálfstætt starfandi geðlækna.

	Komur	Br.	Heildar	Útreikn.	Útg. sjúklings	Hluti TR	Útgjöld TR á	Útgjöld á komu	
		upph.	útgj. á komu	sjúkl. upph.	á komu	Upph.	komu	hlutfallsl. skipting	
Sérgrein	Fjöldi	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	sjúklingur	TR
04-Geðlæknar	36.766	322.481.455	8.771	83.505.370	2.271	233.893.123	6.362	26,3%	73,7%

2. *Hve stórum hluta útgjalda Landspítalans er varið til geðdeildar og hvernig hefur þróunin verið undanfarinn áratug?*

Frá árinu 2000 til 2007 er rekstrarkostnaður geðsviðs 8,9 - 10,1% af heildar rekstrarkostnaði LSH (sbr. töflu 2).

Tafla 4.

Ár	Hlutfall geðsviðs af heildarkostnaði í rekstrarreikningi LSH
2007	10,1%
2006	9,4%
2005	9,4%
2004	9,4%
2003	8,9%
2002	9,3%
2001	9,8%
2000	10,1%

Frá árinu 2003 hefur verkefnunum tengdum geðheilbrigðisþjónustu innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fjölgað úr tveimur í tíu. Í krónum talið hafa útgjöld vegna þeirra aukist úr 44 milljónum í 240 milljónir.

Tafla 5.

Ár	Hlutfall útgjalda vegna geðheilbrigðisþjónustu af heildarkostnaði í rekstrarreikningi HH
2003	1,43%
2004	2,18%
2005	3,76%
2006	4,27%
2007	4,14%
2008	4,41%

3. *Hvernig dreifast útgjöld til geðheilbrigðismála milli ólíkra þátta í þjónustunni, svo sem a) bráðaþjónustu, b) endurhæfingar, c) þjónustu við börn, unglinga og aldraða, og d) forvarna og fræðslu?*

Erfitt er að leggja mat á hvernig útgjöld dreifast á ólíka þætti þjónustunnar. Í töflu 1 má sjá hvernig útgjöld dreifast á þær stofnanir sem veita geðheilbrigðisþjónustu.

a. Bráðaþjónusta er einkum veitt á Landspítalanum og á Sjúkrahúsinu á Akureyri.
b. Endurhæfingarþjónusta er m.a. veitt á Landspítalanum, Sjúkrahúsinu á Akureyri, Reykjalundi og HNLFÍ.
c. Þjónusta við börn og unglinga er einkum veitt á Landspítalanum og á miðstöð heilsuverndar barna innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Á öldrunarheimilunum Ási í Hveragerði og Fellsenda í Búðardal eru rekin samtals 56 öldrunargeðrými.
d. Forvörnum og fræðslu er sinnt af heilsugæslunni. Miðstöð heimahjúkrunar rekur geðteymi og miðstöð foreldra og barna heldur utan um greiningarteymi svo eitthvað sé nefnt. Einnig hafa verið sett af stað verkefni á vegum Lýðheilsustöðvar eins og Vinir Zippys sem er fræðsluefni um geðrækt, ætlað ungum nemendum. Verkefnið Þjóð gegn þunglyndi á vegum landlæknisembættisins er forvarna- og fræðsluverkefni um þung-

lyndi. Á vegum þess hefur verið komið upp vefnum umhuga.is þar sem hægt er að finna efni um geðheilsu barna og unglinga.

Í töflu 6 má sjá rekstrarkostnað geðsviðs LSH eftir helstu þjónustuþáttum. Þessar tölur gefa vísbendingar um dreifingu útgjalda til geðheilbrigðismála.

Tafla 6. Rekstrarkostnaður geðsviðs LSH skipt eftir helstu þjónustuþáttum.

Beinn heildarrekstrarkostnaður* geðsviðs árin 2003 til 2007 skipt í helstu þjónustuþætti**

	Í milljónum króna á verðlagi hvers árs	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**	**2007**
	Heildarrekstrarkostnaður geðsviðs	**2.238,1**	**2.366,8**	**2.508,2**	**2.806,6**	**3.049,5**
1	**Barna- og unglingageðdeild**	**313,7**	**360,3**	**391,4**	**421,1**	**432, 9**
	Hlutfall af heild	14,0%	15,2%	15,6%	15,0%	14,2%
2	**Framhaldsmeðferð, endurhæfing**	**669,3**	**743,4**	**717,0**	**795,3**	**835,8**
	Hlutfall af heild	29,9%	31,4%	28,6%	28,3%	27,4%
3	**Vímuefnasjúkdómar (deild 33A, deild 36, göngudeild og sambýli)**	**259,3**	**259,0**	**307,9**	**330,5**	**360,3**
	Hlutfall af heild	11,6%	10,9%	12,3%	11,8%	11,8%
4	**Bráðaþjónusta (geðdeild 12) göngudeild geðsviðs og Hvítaband**	**528,6**	**258,8**	**286,7**	**340,5**	**403,8**
	Hlutfall af heild	23,6%	10,9%	11,4%	12,1%	13,2%
5	**Almennar geðdeildir**	**0,0**	**491,7**	**542,6**	**610,1**	**657,9**
	Hlutfall af heild	0,0%	20,8%	21,6%	21,7%	21,6%
6	**Samkostnaður (sviðsstjórn., sálfræðiþj., sjúkraþj., félagsráðgj., iðjuþj., sameiginl. vaktakostn. lækna og annar samkostn.)**	**467,3**	**253,7**	**262,6**	**309,1**	**358,8**
	Hlutfall af heild	20,9%	10,7%	10,5%	11,0%	11,8%

*Rekstrarkostnaður án innri viðskipta og kostnaðarheimfærslna.

**Vegna skipulagsbreytinga í bókhaldi verður víxlun milli þjónustuþátta 3, 4, 5 og 6 milli áranna 2003 og 2004

Á undanförnum sex árum (2002–2008) hafa framlög til geðheilbrigðismála verið aukin með því að verja fjármunum til ákveðinna verkefna, alls 703 millj. kr.

- Móttöku- og göngudeildarstarfsemi á FSA og LSH
- Teymisvinna (barnateymi HH, hreyfanlegt fagteymi á LSH, vettvangsteymi LSH, samstarfsteymi HH)
- Geðheilbrigðisþjónusta við börn og unglinga (stækkun BUGL, bætt aðgengi að sérfræðingum, stytting biðlista á BUGL o.fl.)
- Deild fyrir alvarlega geðsjúka
- Fræðslu- og ráðgjafahlutverk BUGL styrkt.

4. *Hver hefur árlegur kostnaður við menntun og sérmenntun fagfólks í geðheilbrigðisstéttum verið undanfarin fimm ár?*

Menntun og sérmenntun geðheilbrigðisstétta fer að miklu leyti fram á Landspítala. Í töflu 7 má sjá þriggja ára þróun í milljónum króna.

Tafla 7. Áætlaður kostnaður við menntun og sérmenntun fagfólks á LSH.

	Áætlaður kostnaður m.kr. 2005	Áætlaður kostnaður m.kr. 2006	Áætlaður kostnaður m.kr. 2007
Fagfólk í starfsnámi eftir háskólapróf	1.019,4	1.102,2	1.132,5
Nemendur í grunnnámi á háskólastigi	109,8	133,3	137,0
Nemendur á framhaldsskólastigi	91,0	140,8	144,7
Þjónusta við nemendur	95,9	106,6	109,5
Menntunarkostnaður alls	**1.316,0**	**1.482,9**	**1.523,7**
Hlutfall geðsviðs	**113,2**	**129,0**	**129,5**

Hlutfall geðsviðs af heildarkostnaði LSH var 8,6% árið 2005, 8,7% árið 2006 og 8,5% árið 2007.

Í töflu 7 má sjá áætlaðan kennslukostnað heilbrigðisstétta á LSH yfir þriggja ára tímabil. Hlutfall geðsviðs er reiknað sérstaklega. Stærsti liður töflunnar er kostnaður vegna starfsnáms eða þjálfunar heilbrigðisstarfsfólks, einkum lækna; lækna á kandidatsári sem er nauðsynlegt til lækningaleyfis og deildarlækna, en þeir eru læknar að taka sín fyrstu skref í sérnámi. Helsta ástæðan fyrir mikilli hækkun á menntunarkostnaði milli áranna 2005 og 2006 er fjölgun á nemavikum og nákvæmari upplýsingasöfnun um nema, síðan er það launaliður og annar rekstur sem eykst milli ára.

LSH gaf út skýrslu sem kom út árið 2006 sem ber heitið: „Hvað kostar að vera háskólasjúkrahús?“ Þegar allt er talið fæst að það kostar LSH 11,5% af rekstrarkostnaði að vera háskólasjúkrahús.

5. *Hverjar eru helstu áherslur og nýjungar í meðferð, rannsóknum, kennslu og þjónustu við geðsjúka?*

WHO.

Frá 1998 hefur áhersla á geðheilbrigðismál aukist í alþjóðlegu samhengi, til að mynda samþykktu heilbrigðisráðherrar Evrópudeildar aðildarríkja WHO aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum árið 2005, sk. Helsinkisáttmála. Í honum eru sett í forgang verkefni sem snúa að heilsueflingu og forvörnum á sviði geðheilbrigðismála.

Í Evrópsku aðgerðaráætluninni er lögð áhersla á að næsta áratuginn (2005–2015) séu eftirfarandi mál höfð í forgangi:

1. Að stuðlað sé að góðu geðheilbrigði allra og að skilningur á mikilvægi góðrar geðheilsu verði aukinn.
2. Að unnið sé gegn fordómum, mismunun og ójafnræði.
3. Að móta og innleiða samþætt og skilvirkt heildarkerfi í geðheilbrigðismálum sem nær til kynningarstarfs, forvarna, meðferðar, endurhæfingar, umönnunar og bata.
4. Að mæta þörf fyrir hæft starfsfólk sem skilar árangri á öllum sviðum.
5. Að byggja stefnu á þekkingu og reynslu þjónustuþega og umönnunaraðila.

Áhersla er lögð á að geðheilbrigði sé órjúfanlegur hluti heilbrigðis.

Nýlega sendi Evrópuskrifstofa WHO frá sér skýrslu þar sem skoðuð eru gögn um geðheilbrigðisþjónustu í 42 löndum í Evrópu (Ísland er ekki meðal þessara landa). Þar kemur fram að 38 af 42 löndum hafa mótað stefnu í geðheilbrigðismálum.

Í þessum gögnum kemur fram vaxandi áhersla á innleiðingu þjónustuúrræða sem veitt eru í samfélaginu með minni áherslu á stofnanavæðingu. Notendur þjónustu eru í vaxandi mæli hafðir með í ráðum þegar þjónustan er skipulögð.

Helstu nýjungar í starfi geðsviðs Landspítala.

ÞJÓNUSTA

- Innleiðing fjölskylduhjúkrunar á allar geðdeildir.
- Bætt þjónusta á BUGL (lengdur opnunartími BUGL, fleiri starfsmenn í móttöku, stækkun þverfaglegs vettvangsteymis BUGL og ráðgjafar- og kennsluhlutverk BUGL styrkt).
- Innleiðing á „partnership“ hugmyndafræði á tvær endurhæfingardeildir á Kleppi.
- Stofnun deildar-15 á Kleppi fyrir sjúklinga með tvíröskun.
- Vettvangsteymi/Vettvangshjúkrun (Assertive Community Treatment).
- Virkt varnarteymi í geðdeildarbyggingu við Hringbraut haustið 2008.
- Samstarf hefur verið við heilbrigðisyfirvöld og heilsugæslu varðandi þjónustu á landsbyggðinni.
- Bráða-geðheilbrigðisþjónusta er veitt á Heilsuverndarstöðinni vegna þeirra aðstæðna sem komið hafa upp í íslensku samfélagi.
- Aukin samfélagsgeðþjónusta í undirbúningi.
- Aukin áhersla á vettvangsteymi og samstarf um þjónustu við Reykjavíkurborg og aðra opinbera aðila.
- Geðsvið Landspítala mun taka yfir geðlæknis- og sálfræðiþjónustu við Réttargeðdeildina að Sogni frá næstu áramótum

MEÐFERÐ

- Fjölskyldubrúin er nýtt meðferðarúrræði á göngudeild geðsviðs á Hringbraut.
- Hvatningarviðtöl („motivational interviewing“) á göngudeild áfengis á Hringbraut.
- Hópmeðferð fyrir börn sem eru í ofþyngd á BUGL.
- Klókir krakkar – kvíðameðferð fyrir börn á BUGL.
- Fjörkálfar – reiðistjórnun fyrir börn á BUGL.
- Félagsfærni fyrir börn á BUGL.
- Tóbaksvarnameðferðir fyrir geðsjúka.
- Hugræn atferlismeðferð og gagnreynd hópmeðferð hefur á undanförnum árum verið tekin upp í æ ríkara mæli á geðsviði.
- Í þróun/undirbúningi eru meðferðarúrræði fyrir sjúklinga með langvinna og flókna sjúkdóma.
- Tilraunaverkefni um hugræna atferlismeðferð í hóp fyrir unglinga með tilfinningaraskanir.

RANNSÓKNIR OG GÆÐAVERKEFNI

Fjölmargar rannskóknir eru gerðar á geðsviði, í samstarfi heilbrigðisstétta á sviðinu og í samstarfi við starfsmenn annarra sviða Landspítala, heilsugæsluna í landinu, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík, erlenda háskóla, Íslenska erfðagreiningu og Hjartavernd. Sem dæmi um viðamiklar rannsóknir eru:

- Gæðamat á þverfaglegu vettvangsteymi BUGL. QNIC gæðaúttekt á legudeildum BUGL. Alþjóðlegt samstarf. Úttektin hefur leitt til viðamikils umbótastarfs.
- Árangur fjölskylduhjúkrunar á geðsviði LSH.
- Hugræn atferlismeðferð fyrir einstaklinga með sálræna vanlíðan tengda streitu og álagi.
- Stuðningsúrræðið Fjölskyldubrúin fékk gæðastyrk frá LSH fyrir árið 2008 til að útbúa handbók og gæðamat á stuðningi.

- Innleiðing á rafrænu RAI-MH sem er m.a. notað til að skipuleggja meðferð sjúklinga en gefur einnig gott yfirlit yfir þær þjónustuþarfir sem sjúklingar hafa. Með innleiðingu á RAI-MH er hægt að nota upplýsingar úr því til að auka gæði þjónustunnar markvisst.
- Hvaða aðferðir notar starfsfólk á geðdeildum til að róa reiða og spennta sjúklinga og koma í veg fyrir að þeir sýni líkamlegt ofbeldi þeim sjálfum og starfsfólki til heilla.
- Í undirbúningi eru stuðningshópar fyrir starfsfólk sem sinnir sjúklingum á sjálfsvígsgát og yfirsetu á geðdeildum LSH.
- Þarfir og lífsgæði sjúklinga sem fá þjónustu á göngudeild Kleppi.
- Fræðsluröð um lífsstílsbreytingar hjá notendum sem eiga við geðraskanir að stríða á endurhæfingardeildum á Laugarásvegi og Reynimel.
- Markviss og skipulögð líkamleg heilsurækt á endurhæfingarþætti geðsviðs LSH.
- Árangur meðferðar á deild-15 metinn.
- Þjónustukannanir bæði fyrir unglinga og foreldra á legudeild BUGL.
- Rannsókn á lífsgæðum og líðan geðfatlaðra sem eru dagsjúklingar á dagdeild 28 og í sjálfstæðri búsetu í Hátúni 10.
- Gæðaráð geðsviðs stofnað innan geðsviðs LSH fyrir fimm árum.
- Gæðahandbók fyrir geðsvið og geðdeildir á geðsviði um þjónustu, verklag, mannauð og fjármál í mikilli þróun undanfarin ár í tengslum við stefnumótunarvinnu sviðsins.
- Fulltrúi notenda ráðinn á sviðsstjórn geðsviðs LSH. Hann er meðlimur í gæðaráði geðsviðs LSH.
- Rannsókn á orðræðugreiningu í umönnun lystarstolssjúklinga.
- Ýmsar rannsóknir á endurhæfingu geðfatlaðra eru að skila árangri með tilliti til atvinnu, menntunar, búsetu, félagslegra tengsla og bættra lífsgæða.
- Gerðar eru árangursmælingar á hópmeðferðarúrræðum.
- Rannsókn á meðgöngu- og fæðingarþunglyndi íslenskra kvenna og rannsókn á þunglyndi aldraðra.
- Rannsóknir á árangri hugrænnar atferlismeðferðar í hóp.
- Rannsóknir á ofvirkni og athyglisbresti.
- Rannsóknir á taugasálfræði geðklofa.
- Faraldsfræði og erfðir einhverfu og skyldra raskana á Íslandi, algengi einhverfu og skyldra raskana meðal Reykvíkinga með þroskahömlun á aldrinum 16–67 ára.

KENNSLA

- Í undirbúningi framhaldsnám í geðhjúkrun fyrir sjúkraliða sem hefst árið 2009.
- Í undirbúningi nám fyrir starfsfólk geðsviðs til að verða leiðbeinendur í viðbrögðum við ofbeldi.
- Í undirbúningi í annað sinn nám og þjálfun í Fjölskyldubrúnni fyrir fagfólk á geðsviði LSH.
- Nýtt námskeið fyrir nýráðna hjúkrunarfræðinga á geðsviði LSH. Kennsluhlutverk deildarkennara fyrir hjúkrunarfræðinema við Hjúkrunarfræðideild HÍ hefur verið endurskoðað og eflt.
- Kennsla í geðlæknisfræði hefur verið efld undanfarin ár og viðurkennd próf m.a. borin saman við ýmsa staði í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
- Síðastliðið vor gerðu geðsvið Landspítala og Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands með sér samning um endurmenntun á sviði geðheilbrigðisþjónustu fyrir heilbrigðisstéttir á landinu. Geðsvið leggur til tvö námskeið á missiri.

– Sálfræðingar á geðsviði hafa haldið námskeið (fjögur námskeið) fyrir starfandi heimilislækna í viðtalstækni samkvæmt aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar.
– Starfsþjálfun sálfræðinema á geðsviði hefur verið bætt til muna.

473. Breytingartillaga [239. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 2008.

Frá menntamálanefnd.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við **02-982 Listir, framlög**			
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	0,0	1,8	1,8
Við 4. yfirlit í sundurliðun óskiptra liða í A-hluta bætist:			
Edda Heiðrún Backman			1,8

Greinargerð.

Menntamálanefnd samþykkti á fundi sínum um heiðurslaun listamanna að bæta við einu nafni á lista yfir heiðurslaunin fyrir árið 2009. Af tæknilegum ástæðum tókst ekki að leggja tillöguna fram áður en 3. umræðu um fjárlög 2009 lauk. Því er þessi leið farin með breytingum á fjárlögum 2008 til þess að koma ákvörðun nefndarinnar fram.

474. Lög [262. mál]

um breytingu á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf.

(Afgreidd frá Alþingi 22. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 424.

475. Lög [246. mál]

um breyting á lögum nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.

(Afgreidd frá Alþingi 22. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 363.

476. Frumvarp til laga [208. mál]

um skattlagningu kolvetnisvinnslu.

(Eftir 2. umr., 22. des.)

I. KAFLI
Almennt.
1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til skattlagningar á tekjum af leit, rannsóknum og vinnslu kolvetnis og afleiddri starfsemi:

a. í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands,
b. á samliggjandi hafsvæði þar sem kolvetnisauðlind nær yfir miðlínu annars ríkis þegar réttur til kolvetnis fellur til Íslands samkvæmt samningi við hitt ríkið,
c. fyrir utan svæðið sem nefnt er í a-lið, enda hafi Ísland rétt til að skattleggja þá starfsemi og vinnu samkvæmt almennum rétti eða sérstökum samningum við erlent ríki.

Lögin taka einnig til vinnslu og annarrar meðhöndlunar á kolvetni á svæðum skv. 1. mgr., þar með talið til flutnings í leiðslum, skipum eða með öðrum hætti óháð uppruna kolvetnisins.

2. gr.
Skilgreiningar.

Kolvetni merkir í lögum þessum jarðolía, jarðgas eða annars konar kolvetni sem er til staðar í jarðlögum undir hafsbotni frá náttúrunnar hendi og nýtanlegt er í loftkenndu eða fljótandi formi.

Leyfishafi merkir í lögum þessum sá aðili sem fengið hefur leyfi til leitar, rannsókna eða vinnslu kolvetnis samkvæmt lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Landgrunn merkir í lögum þessum hafsbotninn og neðansjávarsvæði utan landhelgi, sem eru framlenging landsvæðisins, allt að ytri mörkum landgrunnssvæðisins, þó að 200 sjómílna fjarlægð frá grunnlínum landhelginnar þar sem ytri mörk landgrunnssvæðisins ná ekki þeirri fjarlægð, sbr. lög nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Milli Íslands annars vegar og Færeyja og Grænlands hins vegar, þar sem minna en 400 sjómílur eru milli grunnlína, afmarkast efnahagslögsaga og landgrunn Íslands af miðlínu.

Tunna eða ígildi hennar merkir í lögum þessum mælieining fyrir jarðolíu þar sem ein tunna jafngildir 0,15898 rúmmetrum eða samsvarandi magn af öðru kolvetni með sama orkuinnihaldi, svo sem af jarðgasi.

3. gr.

Skattskyldir aðilar.

	Greitt úr ríkissjóði	475,0
14-211	**Umhverfisstofnun**	
	Gjöld vegna starfsleyfa Umhverfisstofnunar	2,0
	Gjald af veiðikorti	36,0
	Leyfisgjald af veiðileyfi vegna hreindýraveiða	3,0
	Veiðileyfi hreindýraráðs	99,0
	Greitt úr ríkissjóði	140,0
14-287	**Úrvinnslusjóður**	
	Úrvinnslugjald	530,0
	Greitt úr ríkissjóði	530,0

14-289	**Endurvinnslan hf.**	
	Skilagjald á einnota umbúðir	1.145,0
	Umsýsluþóknun af einnota umbúðum	95,0
	Greitt úr ríkissjóði	1.240,0
14-303	**Skipulagsmál sveitarfélaga**	
	Skipulagsgjald	240,0
	Greitt úr ríkissjóði	117,7
	Viðskiptahreyfing	122,3
14-310	**Landmælingar Íslands**	
	Birtingarleyfi til Landmælinga Íslands	3,0
	Greitt úr ríkissjóði	3,0
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	
	Brunavarnargjald	260,0
	Greitt úr ríkissjóði	142,8
	Viðskiptahreyfing	117,2
14-381	**Ofanflóðasjóður**	
	Ofanflóðasjóðsgjald	1.270,0
	Greitt úr ríkissjóði	144,9
	Viðskiptahreyfing	1.125,1
	Heildartekjur	**66.555,8**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**92.146,4**
	Mismunur	**-25.590,6**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**-25.590,6**

Séryfirlit 4

Aðrar rekstrartekjur stofnana 2009

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-201	**Háskóli Íslands**	
	Innritunargjöld, Háskóli Íslands	455,2
	Framlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands	415,0
02-202	**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**	
	Fisksjúkdómagjald	1,0
02-210	**Háskólinn á Akureyri**	
	Innritunargjöld, Háskólinn á Akureyri	63,4
02-216	**Landbúnaðarháskóli Íslands**	
	Aðrar leigutekjur stofnana, Landbúnaðarháskóli Íslands	3,7
	Innritunargjöld, Landbúnaðarháskóli Íslands	26,0
02-217	**Hólaskóli - Háskólinn á Hólum**	
	Innritunargjöld, Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal	8,0
02-223	**Námsmatsstofnun**	
	Prófgjöld vegna prófa í íslensku við veitingu íslensks ríkisborgararéttar	2,0
02-238	**Tækjasjóður**	
	Leyfisgjald Happdrættis Háskóla Íslands	150,0
	Greitt úr ríkissjóði	115,0
	Viðskiptahreyfing	35,0
02-301	**Menntaskólinn í Reykjavík**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn í Reykjavík	7,4
02-302	**Menntaskólinn á Akureyri**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Akureyri	6,3
02-303	**Menntaskólinn að Laugarvatni**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn á Laugarvatni	1,4
02-304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn við Hamrahlíð	9,8
02-305	**Menntaskólinn við Sund**	
	Innritunargjöld, Menntaskólinn við Sund	6,0

02-306 Menntaskólinn á Ísafirði
Innritunargjöld, Menntaskólinn á Ísafirði 2,7

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum
Innritunargjöld, Menntaskólinn á Egilsstöðum 2,7

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi
Innritunargjöld, Menntaskólinn í Kópavogi 8,9

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík
Innritunargjöld, Kvennaskólinn í Reykjavík 4,7

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 10,0

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn Ármúla 9,6

02-352 Flensborgarskóli
Innritunargjöld, Flensborgarskóli 6,1

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurnesja 7,4

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Vesturlands 4,8

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 1,9

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra 3,1

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands
Innritunargjöld, Fjölbrautaskóli Suðurlands 7,1

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands
Innritunargjöld, Verkmenntaskóli Austurlands 1,5

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri
Innritunargjöld, Verkmenntaskólinn á Akureyri 10,4

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
Innritunargjöld, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 6,0

02-361	**Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	1,0
02-362	**Framhaldsskólinn á Húsavík**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Húsavík	1,1
02-363	**Framhaldsskólinn á Laugum**	
	Innritunargjöld, Framhaldsskólinn á Laugum	1,0
02-365	**Borgarholtsskóli**	
	Innritunargjöld, Borgarholtsskóli	9,0
02-367	**Fjölbrautaskóli Snæfellinga**	
	Innritunargjöld, Snæfellsskóli	1,6
02-516	**Iðnskólinn í Hafnarfirði**	
	Innritunargjöld, Iðnskólinn í Hafnarfirði	4,7
02-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**	
	Hluti Reykjavíkurborgar í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands	117,4
04-215	**Fiskistofa**	
	Árlegt eftirlitsgjald með fiskeldisstöðvum	0,4
04-234	**Matvælastofnun**	
	Eftirlitsgjald fiskeldis- og hafbeitarstöðva	1,5
	Gjald af sláturleyfishöfum fyrir yfirmat á sláturafurðum	10,4
	Gjald vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum	94,0
	Gjöld vegna eftirlits með innflutningi dýra	4,6
	Gjald vegna matvælaeftirlits	18,0
	Útflutningsvottorð Matvælastofnunar	2,8
	Vottorð Yfirdýralæknis	1,3
04-413	**Verkefnasjóður sjávarútvegsins**	
	Gjald vegna ólögmæts sjávarafla	35,0
04-831	**Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins**	
	Afgjöld ríkisjarða	47,0
	Sala jarðeigna jarðasjóðs	200,0
06-106	**Þjóðskrá**	
	Íbúaskrá Þjóðskrár	0,3
	Aðgangur að skrám Þjóðskrárinnar	96,6
	Vottorð Þjóðskrár	9,0

06-190	**Ýmis verkefni**	
	Prófgjöld vegna prófa dómtúlka og skjalaþýðenda	1,5
06-430	**Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal**	
	Auglýsingar í Lögbirtingablaði	22,4
07-331	**Vinnueftirlit ríkisins**	
	Prófgjöld vegna verklegra prófa á vegum Vinnueftirlits ríkisins	10,0
	Skoðunargjöld til Vinnueftirlits ríkisins	130,0
	Útgáfa skírteina til að stjórna farandvinnuvélum	7,0
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**	
	Innborganir í Ábyrgðarsjóð launa úr gjaldþrotabúum	74,7
08-301	**Landlæknir**	
	Gjald fyrir markaðseftirlit og klínískar prófanir lækningatækja	2,0
08-327	**Geislavarnir ríkisins**	
	Eftirlitsgjöld vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins	4,5
	Vottorð frá Geislavörnum ríkisins	0,7
08-373	**Landspítali**	
	Slysastofugjöld Landspítalans	130,0
08-397	**Lyfjastofnun**	
	Markaðsleyfi Lyfjastofnunar	139,0
	Vottorð Lyfjastofnunar	8,0
	Greitt úr ríkissjóði	77,3
	Viðskiptahreyfing	69,7
09-201	**Ríkisskattstjóri**	
	Aðgangur að hlutafélagaskrá	62,0
	Aðgangur að fyrirtækjaskrá	29,0
	Vottorðsgjöld, hlutafélaga- og fyrirtækjaskrár	7,0
09-262	**Tollstjórinn**	
	Tollafgreiðslugjöld til Tollstjórans	26,5
09-402	**Fasteignaskrá Íslands**	
	Gjald fyrir rafræn veðbandayfirlit	129,1
10-190	**Ýmis verkefni**	
	Gjald vegna málskots til úrskurðanefndar fjarskipta- og póstmála	1,8
10-251	**Umferðarstofa**	
	Hluti sveitarfélaga í rekstri Umferðarskólans	9,0

10-335	**Siglingastofnun Íslands**	
	Prófgjöld Siglingastofnunar Íslands	1,0
	Skoðunargjöld skipa	1,3
	Vottorð Siglingastofnunar	1,3
10-471	**Flugmálastjórn Íslands**	
	Prófgjöld Flugmálastjórnar	10,6
	Gjald fyrir útgáfu lofthæfisskírteina Flugmálastjórnar	10,0
	Árgjöld vegna framhaldsvottunar Flugmálastjórnar	176,1
	Ýmsar leyfisheimildir og vottanir Flugmálastjórnar	1,9
10-512	**Póst- og fjarskiptastofnunin**	
	Eftirlits- og starfrækslugjöld fyrir radíótæki	141,0
	Greitt úr ríkissjóði	131,3
	Viðskiptahreyfing	9,7
12-190	**Ýmis verkefni**	
	Prófgjöld vegna prófa fasteignasala	2,0
	Gjald til eftirlitsnefndar félags fasteignasala	19,0
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	
	Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitisins	1.116,0
12-421	**Neytendastofa**	
	Eftirlitsgjald til Neytendastofunnar	10,5
12-431	**Einkaleyfastofan**	
	Gjöld fyrir einkaleyfi	42,6
	Gjöld fyrir vörumerki	139,5
	Gjöld fyrir hönnunarvernd	1,4
	Faggilding hjá Einkaleyfastofunni	13,7
	Greitt úr ríkissjóði	172,3
	Viðskiptahreyfing	24,9
14-211	**Umhverfisstofnun**	
	Mengunareftirlitgjald	10,0
14-231	**Landgræðsla ríkisins**	
	Aðrar leigutekjur stofnana, Landgræðsla ríkisins	2,0
14-241	**Skógrækt ríkisins**	
	Aðrar leigutekjur stofnana, Skógrækt ríkisins	5,0
	Heildartekjur	**4.397,9**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**4.258,6**
	Mismunur	**139,3**
	Þar af viðskiptahreyfingar	**139,3**

Séryfirlit 5

Lögbundin framlög 2009

m.kr		Sjóðs-hreyfingar
02-978	**Listasjóðir**	
	Listamannalaun	362,4
	Greitt úr ríkissjóði	362,4
06-705	**Kirkjumálasjóður**	
	Kirkjumálasjóður	292,4
	Greitt úr ríkissjóði	292,4
06-735	**Sóknargjöld**	
	Sóknargjöld	2.273,0
	Greitt úr ríkissjóði	2.273,0
06-736	**Jöfnunarsjóður sókna**	
	Jöfnunarsjóður sókna	379,1
	Greitt úr ríkissjóði	379,1
08-305	**Lýðheilsustöð**	
	Tóbaksvarnir, lögbundið framlag	65,0
	Tannverndarsjóður, lögbundið framlag	10,0
	Greitt úr ríkissjóði	75,0
10-801	**Jöfnunarsjóður sveitarfélaga**	
	Lögbundið framlag	9.725,0
	Greitt úr ríkissjóði	9.725,0
	Lögbundin framlög alls	**13.106,9**
	Heildargreiðslur úr ríkissjóði	**13.106,9**

482. Fjáraukalög [239. mál]

fyrir árið 2008.

(Afgreidd frá Alþingi 22. desember 2008.)

Samhljóða þskj. 433 með þessum breytingum:

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2008, sbr. sundurliðun 1 og 2:

	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
	m.kr.	m.kr.
Skatttekjur	**-23.784,7**	**-18.095,2**
Skattar á tekjur og hagnað	-15.780,6	-6.305,0
Tryggingagjöld	-847,8	-91,7
Eignarskattar	-3.920,0	-3.950,0
Skattar á vörur og þjónustu	-3.100,2	-7.725,0
Aðrir skattar	-136,1	-23,5
Aðrar rekstrartekjur	14.765,0	15.675,0
Sala eigna	-3.200,0	-2.400,0
Fjárframlög	-88,0	-89,0
Tekjur alls	**-12.307,7**	**-4.909,2**
Æðsta stjórn ríkisins	43,0	43,0
Forsætisráðuneyti	448,8	448,8
Menntamálaráðuneyti	1.828,9	1.706,1
Utanríkisráðuneyti	104,4	104,4
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	928,8	928,8
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	315,0	315,0
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	-721,4	-721,4
Heilbrigðiráðuneyti	3.858,0	3.858,0
Fjármálaráðuneyti	12.702,0	14.101,6
Samgönguráðuneyti	1.139,7	1.151,5
Iðnaðarráðuneyti	614,4	614,4
Viðskiptaráðuneyti	660,7	677,8
Umhverfisráðuneyti	288,3	288,3
Vaxtagjöld ríkissjóðs	10.936,0	7.425,0
Samtals	**33.146,6**	**30.941,3**
Tekjujöfnuður	**-45.454,3**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2008:

	m.kr.
Rekstrarhreyfingar	
Tekjujöfnuður	-45.454,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	2.506,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	7.748,5
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-460,7
Handbært fé frá rekstri	**-35.660,5**
Fjármunahreyfingar	
Yfirtekin tryggingabréf frá Seðlabanka Íslands	-385.000,0
Yfirteknar veðlánakröfur frá Seðlabanka Íslands	-65.000,0
Veitt stutt lán	500,0
Veitt löng lán	-43.063,0
Afborganir veittra lána	1.000,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-2.575,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	-800,0
Niðurfellt lán til Seðlabanka Íslands	165.000,0
Fjármunahreyfingar samtals	**-329.938,0**
Hreinn lánsfjárjöfnuður	**-365.598,5**
Fjármögnun	
Tekin stutt lán	0,0
Tekin löng lán	630.000,0
Afborganir lána	-40.500,0
Fjármögnun samtals	**589.500,0**
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	0,0
Breyting á handbæru fé	**223.901,5**

Ýmis ákvæði.
Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.

3. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2008:

1. Í stað orðanna „allt að 30.000 m.kr.“ í 1. tölulið kemur: allt að 660.000 m.kr.

2. Á 2. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 8.275 m.kr.“ í inngangsmálslið kemur: allt að 7.563 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 8.000 m.kr.“ í lið 2.1 kemur: allt að 7.000 m.kr.
   c. Liður 2.2 orðast svo: Ríkisútvarpinu ohf. allt að 563 m.kr. með því að breyta skammtímaskuld Ríkisútvarpsins við ríkissjóð í langtímalán.

3. Á 3. tölulið verða eftirfarandi breytingar:
   a. Í stað orðanna „allt að 32.000 m.kr.“ í lið 3.1 kemur: allt að 26.500 m.kr.
   b. Í stað orðanna „allt að 56.820 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 53.209 m.kr.
   c. Í stað orðanna „allt að 25.516 m.kr.“ í lið 3.3 kemur: allt að 34.650 m.kr.

Ýmis ákvæði.
Heimildir.

4. gr. hljóðar svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2008:

Nýir liðir:

2.26 Að selja Skúlagötu 9a, Borgarnesi.

3.12 Að selja eignarhluta ríkisins í Mýrarbraut 13, Vík í Mýrdal.

4.38 Að hafa makaskipti á landspildum við Egilsstaðaflugvöll.

6.24 Að kaupa fasteignir við Gljúfrastein, Mosfellsbæ, í þágu safnsins.
6.25 Að heimila Happdrætti Háskóla Íslands að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi sína.
6.26 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn.
6.27 Að leigja hentugt húsnæði fyrir Námsgagnastofnun.
6.28 Að kaupa viðbótarhúsnæði við Laugaveg 164, Reykjavík.

7.12 Að leggja til viðbótarhlutfé í Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. að fjárhæð 150 m.kr.
7.13 Að færa eftirstöðvar af skuldum RÚV ohf. við ríkissjóð yfir á skuldabréf til 15 ára sem beri fasta vexti auk verðtryggingar.
7.14 Að stofna þrjú ný fjármálafyrirtæki á grundvelli 1. mgr. 1. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., og leggja hverju þeirra til 775 m.kr. í stofnfé.
7.15 Að leggja sparisjóðum til allt að 14 milljarða króna stofnfé eða hlutafé á grundvelli 1. mgr. 2. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

7.16 Að kaupa af Seðlabanka Íslands þau viðskiptabréf sem bankanum hafa verið afhent til tryggingar veðlánum bankans og annast uppgjör þeirra krafna eins og hagkvæmast þykir.

Sundurliðun 2.
Fjármál ríkisaðila í A-hluta.

Eftirtaldir liðir í sundurliðun 2, **fjármál ríkisaðila í A-hluta**, breytast eða bætast við og hljóða svo:

01-201	**Fasteignir forsætisráðuneytis**	
	Viðhaldsverkefni:	
	5.29 Fasteignir forsætisráðuneytis	27,5
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	27,5
01-203	**Fasteignir Stjórnarráðsins**	
	Stofnkostnaður:	
	6.25 Endurbætur bygginga Stjórnarráðsins	30,0
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	30,0
01-241	**Umboðsmaður barna**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Umboðsmaður barna	5,0
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	5,0
01-401	**Hagstofa Íslands**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Hagstofa Íslands	29,9
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	29,9
02-451	**Símenntun og fjarkennsla**	
	Almennur rekstur:	
	1.12 Námskeið og ráðgjöf	100,0
	1.23 Farskóli Norðurlands vestra	4,0
	1.31 Fræða- og þekkingasetur	8,0
	Almennur rekstur samtals	112,0
	Gjöld samtals	**112,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 112,0

02-919 Söfn, ýmis framlög
Almennur rekstur:
1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis 18,0

Stofnkostnaður:
6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður 29,0

Gjöld samtals **47,0**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 47,0

02-982 Listir, framlög
Almennur rekstur:
1.17 Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar 10,0
1.57 Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011 25,0
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis 1,8
Almennur rekstur samtals 36,8

Gjöld samtals **36,8**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 36,8

06-190 Ýmis verkefni
Almennur rekstur:
1.27 Slysavarnafélagið Landsbjörg 30,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 30,0

06-312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli
Almennur rekstur:
1.20 Löggæsla 200,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 200,0

08-401 Öldrunarstofnanir, almennt
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarheimili, almennt . . . . . -800,0
1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana . . . . . -6,3
Almennur rekstur samtals . . . . . -806,3

Gjöld samtals	**-806,3**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	-806,3

08-405 Hrafnista, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	104,2
1.11 Dvalarrými	28,3
Almennur rekstur samtals	132,5
Gjöld samtals	**132,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	132,5

08-406 Hrafnista, Hafnarfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	24,6
1.11 Dvalarrými	9,4
1.15 Dagvist	2,1
Almennur rekstur samtals	36,1
Gjöld samtals	**36,1**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	36,1

08-407 Grund, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	48,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	48,0

08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	48,3
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	48,3

08-409 Hjúkrunarheimilið Skjól

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	50,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 50,0

08-410 Hjúkrunarheimilið Eir
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 72,4
1.15 Dagvist 4,8
Almennur rekstur samtals 77,2

Gjöld samtals **77,2**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 77,2

08-411 Garðvangur, Garði
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 20,1

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 20,1

08-412 Hjúkrunarheimilið Skógarbær
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 22,8

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 22,8

08-413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 43,0

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 43,0

08-414 Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu
Almennur rekstur:
1.01 Hjúkrunarrými 4,6
1.11 Dvalarrými 1,9
Almennur rekstur samtals 6,5

Gjöld samtals **6,5**

Fjármögnun:
Greitt úr ríkissjóði 6,5

08-415 Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	8,0
1.11 Dvalarrými	1,0
Almennur rekstur samtals	9,0
Gjöld samtals	**9,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	9,0

08-416 Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	3,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	3,2

08-417 Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1,8
1.11 Dvalarrými	4,1
Almennur rekstur samtals	5,9
Gjöld samtals	**5,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,9

08-418 Seljahlíð, Reykjavík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	24,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	24,4

08-421 Víðines

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	5,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,6

08-423 Höfði, Akranesi

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	14,3
1.11 Dvalarrými	1,6

	1.15 Dagvist	12,7
	Almennur rekstur samtals	28,6
	Gjöld samtals	**28,6**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	28,6
08-424	**Dvalarheimili aldraða Borgarnesi**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Hjúkrunarrými	4,2
	1.11 Dvalarrými	5,9
	Almennur rekstur samtals	10,1
	Gjöld samtals	**10,1**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	10,1
08-425	**Dvalarheimili aldraða Stykkishólmi**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Hjúkrunarrými	1,5
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	1,5
08-426	**Fellaskjól, Grundarfirði**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Hjúkrunarrými	1,4
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	1,4
08-427	**Jaðar, Ólafsvík**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Hjúkrunarrými	1,4
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	1,4
08-428	**Fellsendi, Búðardal**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Hjúkrunarrými	24,4
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	24,4

08-429 Barmahlíð, Reykhólum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	2,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	2,0

08-433 Dalbær, Dalvík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	4,7
1.11 Dvalarrými	10,3
1.15 Dagvist	2,5
Almennur rekstur samtals	17,5
Gjöld samtals	**17,5**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	17,5

08-434 Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	25,7
1.11 Dvalarrými	5,0
Almennur rekstur samtals	30,7
Gjöld samtals	**30,7**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	30,7

08-436 Uppsalir, Fáskrúðsfirði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	2,0
1.11 Dvalarrými	3,4
Almennur rekstur samtals	5,4
Gjöld samtals	5,4
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	5,4

08-437 Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	4,1
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	4,1

08-438 Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	2,6
1.11 Dvalarrými	3,6
Almennur rekstur samtals	6,2
Gjöld samtals	6,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	**6,2**

08-439 Hjallatún, Vík

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	1,6
1.11 Dvalarrými	10,4
Almennur rekstur samtals	12,0
Gjöld samtals	**12,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	12,0

08-440 Kumbaravogur, Stokkseyri

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	22,1
1.11 Dvalarrými	1,8
Almennur rekstur samtals	23,9
Gjöld samtals	**23,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	23,9

08-441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	4,1
1.11 Dvalarrými	3,8
Almennur rekstur samtals	7,9
Gjöld samtals	**7,9**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	7,9

08-442 Hraunbúðir, Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:	
1.01 Hjúkrunarrými	4,7

	1.11 Dvalarrými	7,7
	Almennur rekstur samtals	12,4
	Gjöld samtals	**12,4**
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	12,4
08-443	**Holtsbúð, Garðabæ**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Hjúkrunarrými	6,3
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	6,3
08-444	**Vífilsstaðir, Garðabæ**	
	Almennur rekstur:	
	1.01 Hjúkrunarrými	21,1
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	21,1
08-460	**Dvalarrými aldraðra, önnur**	
	Almennur rekstur:	
	1.11 Dvalarrými aldraðra, önnur	19,4
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	19,4
08-477	**Dagvistun aldraðra, aðrar**	
	Almennur rekstur:	
	1.10 Dagvistun aldraðra, aðrar	0,5
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	0,5
08-491	**Reykjalundur, Mosfellsbæ**	
	Almennur rekstur:	
	1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ	43,5
	Fjármögnun:	
	Greitt úr ríkissjóði	43,5

10-475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta

Almennur rekstur:	
1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta	130,0
1.11 Keflavíkurflugvöllur	-33,0
Almennur rekstur samtals	97,0
Stofnkostnaður:	
6.41 Framkvæmdir	394,0
Gjöld samtals	**491,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	130,0
Innheimt af ríkistekjum	361,0

10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Almennur rekstur:	
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög	-146,0
1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög	424,0
Almennur rekstur samtals	278,0
Gjöld samtals	**278,0**
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	278,0

12-101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa

Almennur rekstur:	
1.01 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	22,7
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	22,7

12-402 Fjármálaeftirlitið

Almennur rekstur:	
1.01 Fjármálaeftirlitið	531,9
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði	549,0
Viðskiptahreyfingar	-17,1

483. Frumvarp til laga [267. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Flm.: Árni Þór Sigurðsson, Jón Bjarnason, Katrín Jakobsdóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „60% þess virðisaukaskatts“ tvívegis í 1. mgr. kemur: virðisaukaskatt.
b. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
   Endurgreiða skal sveitarfélögum virðisaukaskatt sem greiddur hefur verið af vinnu manna á byggingarstað vegna nýbygginga og vegna vinnu við endurbætur eða viðhald húsnæðis í eigu sveitarfélaga. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara endurgreiðslna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eigendum íbúðarhúsnæðis er í dag endurgreiddur hluti af þeim virðisaukaskatti sem þeir greiða af vinnu iðnaðar/verkamanna á byggingarstað vegna nýbygginga, endurbóta og viðhalds. Ekki er endurgreiddur virðisaukaskattur af byggingarefni, vélavinnu né sérfræðiþjónustu, t.d. vegna þjónustu verkfræðinga eða arkitekta. Það er skattstjóri, í því umdæmi þar sem umsækjandi er skráður með lögheimili, sem afgreiðir endurgreiðslubeiðnir þessar.

Markmið frumvarpsins er að hækka þessa endurgreiðslu virðisaukaskatts til byggjenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu manna á byggingarstað og til eigenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu manna við endurbætur og viðhald. Vegna þeirra aðstæðna sem nú eru í efnahagslífi þjóðarinnar er talið ráðlegt að láta endurgreiðsluna einnig ná til framkvæmda á vegum sveitarfélaga. Það er gert til að ýta undir og styðja við mannfrek verkefni í byggingariðnaði á þeirra vegum hvort heldur sem um er að ræða nýbyggingar eða viðhalds- og endurbótaverkefni og koma þannig í veg fyrir að stöðva þurfi framkvæmdir sem þegar eru hafnar og stuðla að fjölgun starfa á sviði sem orðið hefur illa úti vegna samdráttar í samfélaginu.

Endurgreiðsla nemur í dag 60% af greiddum virðisaukaskatti og er nánar útfærð í reglugerð. Heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts af þessu tagi var fyrst lögfest árið 1989. Til ársins 1996 var virðisaukaskattur vegna vinnu manna á byggingarstað endurgreiddur að fullu. Sú heimild var lækkuð niður í 60% með lögum nr. 86/1996, um breytingu á lögum nr. 50/1988, og var sú breyting rökstudd með vísan í breytingar á vörugjaldslögum, nr. 97/1987, sem orsökuðu skerðingu á tekjum ríkissjóðs. Lækkun endurgreiðsluhlutfalls virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði var gerð til að mæta þessu tekjutapi ríkisins. Skömmu síðar var endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu manna við endurbætur og viðhald einnig lækkuð í 60%, sbr. lög nr. 149/1996, um breytingu á lögum nr. 50/1988.

Hækkun endurgreiðslu virðisaukaskatts til þessara aðila er vænleg leið til að koma til móts við húsbyggjendur sem eiga í erfiðleikum vegna þeirra efnahagsþrenginga sem dunið hafa yfir þjóðina. Auk þess sem breytingin mun stuðla að minni undanskotum frá skatti og mögulega minnka „svarta“ atvinnustarfsemi.

Fyrr á þessu þingi lagði Jón Bjarnason fram fyrirspurn (156. mál) til fjármálaráðherra um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði. Í svari ráðherra kemur fram að hann hefur ekki áform um að beita sér fyrir breytingum á núgildandi reglum og vísar í því efni til stöðu ríkissjóðs. Á hinn bóginn er í svarinu viðurkennt að hækkað endurgreiðsluhlutfall hvetur til framkvæmda, en það er einmitt mikilvægt þegar atvinnuástandið er jafn bágt og nú er orðið og horfur eru á á næstunni, m.a. í byggingargeiranum, og getur jafnframt dregið úr greiðslum vegna atvinnuleysisbóta. Ekkert mat er lagt á þann þátt málsins af hálfu fjármálaráðuneytisins og vekur það nokkra furðu.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði. (Þskj. 288, 156. mál 136. löggjafarþings.)

484. Skýrsla [268. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd samgönguáætlunar 2007 (siglingamálaáætlun).

(Lögð fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

Með lögum nr. 71 8. maí 2002 er mælt fyrir um samræmda áætlanagerð við framkvæmd og rekstur í samgöngumálum.

Annars vegar er gert ráð fyrir áætlun til 12 ára sem taki til fjáröflunar og útgjalda til flugmála, vegamála og siglingamála, þ.m.t. hafnamála og sjóvarna, og rekstrar stofnana, ásamt með því að skilgreina grunnkerfið og marka stefnu fyrir allar greinar samgangna. Áætlunina skal endurskoða á fjögurra ára fresti. Árið 2007 var lögð fram á Alþingi ný slík áætlun fyrir árin 2007–2018.

Hins vegar kveða lögin á um að 12 ára áætlunin sé nánar sundurliðuð í fjögurra ára tímabil með áætlun fyrir hvert ár þar sem fram komi ábyrgð og fjárheimildir stofnana samgöngumála sundurliðaðar eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi, eftir því sem við á, með sama hætti og fjárlögin. Þessa áætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti. Árið 2007 gekk í gildi ný fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010. Í lögunum er gert ráð fyrir að árlega sé lögð fram á Alþingi skýrsla um framkvæmd þessarar áætlunar næstliðið ár. Því er greinargerð þessi tekin saman.

Stefnumörkun stjórnvalda.

Í drögum að samgönguáætlun áranna 2007–2018 eru, auk framkvæmdaáætlunar, sett fram og sérstaklega sundurliðuð eftirfarandi meginmarkmið:

- Um greiðari samgöngur (flytjanleika samgöngukerfisins).
- Um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna.
- Um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.
- Um öryggi í samgöngum.
- Um jákvæða byggðaþróun.

Í gildandi fjögurra ára áætlun sem nær til áranna 2007–2010 er mælt fyrir um að unnið skuli að tilteknum rannsóknar-, úttektar- og stefnumótunarverkefnum er falla undir framangreind meginmarkmið, ásamt greinargerð um framkvæmdir þessara ára.

Markmið og framtíðarsýn Siglingastofnunar.

Á árinu 2005 var lokið við mótun framtíðarsýnar til næstu 5 ára og var hún og stuðningsskjöl hennar, staðfest af yfirstjórn 18. apríl 2005 að lokinni kynningu í samgönguráðuneyti sem hornsteinar starfseminnar á komandi árum.

Stefnan er þessi:

Leiðarljós

Í örugga höfn.

Hlutverk

Siglingstofnun Íslands er framsækin þjónustustofnun sem skapar hagkvæmar aðstæður til siglinga og fiskveiða og vinnur að öryggi á sjó og strandsvæðum.

Gildi

Samvinna, þjónusta, frumkvæði og heilindi.

Framtíðarsýn

Siglingastofnun Íslands mun:

- Vinna að öryggi og aukinni velferð sjófarenda.
- Vinna að hagkvæmni í siglingum, sjávarútvegi og samgöngum.
- Reka öflugustu upplýsinga- og leiðsöguþjónustu á Norður-Atlantshafi.
- Starfa sem viðurkennd þekkingar- og rannsóknarmiðstöð á sviði siglinga- og hafnamála.
- Veita framúrskarandi þjónustu og ráðgjöf á sérsviðum stofnunarinnar.
- Vera virkur þátttakandi í mótun heildarstefnu stjórnvalda um samgöngur, skip, hafnir, strandlengju og umhverfismál sjávar.
- Vera virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi.

Meginmarkmið

- Að veita viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu.
- Hafa á að skipa ánægðu og vel menntuðu starfsliði.
- Að byggja reksturinn á góðri nýtingu fjárheimilda, öflugri áætlanagerð og eftirfylgni.
- Að innra starf stofnunarinnar sé skilvirkt.
- Stuðla að hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri hafna, leiðsögukerfa og annarrar öryggisþjónustu fyrir skip.
- Stuðla að því að lög og reglur um siglingamál tryggi sem best öryggi sjófarenda og séu jafnan í samræmi við samfélagsþarfir.
- Að sinna eftirlitshlutverki sínu með prýði.
- Að vinna að rannsóknum og gagnaöflun á sérsviðum stofnunarinnar.
- Tryggja að alþjóðlegar reglur taki mið af íslenskum hagsmunum.

Til stuðnings framtíðarsýninni og til nánari leiðbeiningar í dagsins önn voru auk þess samþykkt eftirgreind stefnuskjöl:

- Starfsmannastefna.
- Jafnréttisáætlun.
- Siðareglur.
- Reksturs- og fjármálastefna.
- Innkaupastefna.
- Upplýsingastefna.
- Gæðastefna.
- Öryggisstefna.

Fjármál.

Í eftirfarandi töflu er að finna samanburð á tölum úr samgönguáætlun 2007–2010, tölum úr fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2007 og tölum úr reikningum Siglingastofnunar Íslands fyrir árið 2007. Fjárhæðir eru í millj. kr.

	Samgönguáætlun 2007–2010 2007	**Fjárheimildir 2007**	**Rauntölur 2007**
Tekjur og framlög			
Markaðar tekjur			
Vitagjald	133,0	133,0	130,2
Markaðar tekjur alls	**133,0**	**133,0**	**130,2**
Framlag úr ríkissjóði	1.345,0	1.360,9	1.360,9
Aðrar ríkistekjur:			
Vottorð	2,0	1,3	2,3
Skoðunargjöld skipa	1,0	1,3	1,2
Aðrar ríkistekjur alls:	**3,0**	**2,6**	**3,5**
Sértekjur	141,0	141,2	216,3
Til ráðstöfunar alls	**1.622,0**	**1.637,7**	**1.710,9**
Rekstrargjöld:			
Hafnamál	20,0	20,0	16,0
Hafnir, líkantilraunir, grunnkort	21,0	21,0	36,5
Siglingavernd	15,0	15,0	11,0
Siglingamál	62,0	62,0	61,4
Vitar og leiðsögukerfi	131,0	131,0	134,1
Vaktstöð siglinga	213,0	229,1	217,9
Skipaeftirlit	89,0	89,0	86,4
Hafnarríkiseftirlit	21,0	21,0	23,1
Rannsóknir og þróun	50,0	50,0	40,0
Áætlun um öryggi sjófarenda	22,0	22,0	15,4
Minjavernd og saga	5,0	5,0	0,6
Þjónustuverkefni	144,0	143,8	216,3
Rekstrargjöld alls:	**793,0**	**808,9**	**858,7**

Stofnkostnaður:			
Vitar og leiðsögukerfi	19,0	19,4	24,4
Hafnamannvirki	484,0	684,4	824,3
Lendingarbætur	9,0	8,7	7,8
Ferjubryggjur	9,0	8,7	6,4
Sjóvarnargarðar	108,0	107,6	128,5
Höfn í Bakkafjöru (Landeyjahöfn)	200,0	0,0	0,0
Stofnkostnaður alls:	829,0	828,8	991,4
Gjöld alls	**1.622,0**	**1.637,7**	**1.850,1**

Rekstur og þjónusta.

Inngangur.

Siglingamálahluti samgönguáætlunar nær til allra verkefna er löggjafinn og samgönguráðuneytið hafa falið Siglingastofnun að annast en þau eru framkvæmdir í höfnum, sjóvarnir og öryggi sjófarenda. Þá er þar fjallað sérgreint um aðra starfsemi og rekstrarþætti sem áður komu lítt útskýrðir fram í almennum ákvæðum fjárlaga. Gildandi samgönguáætlun nær til áranna 2007–2010, sbr. auglýsingu um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010 nr. 96/2007 og nr. 101/2008 í A-deild Stjórnartíðinda.

Yfirstjórn.

Skipulag.

Um stjórn, starfshætti og hlutverk Siglingastofnunar Íslands er fjallað í lögum nr. 6/1996. Hlutverk stofnunarinnar er fyrst og fremst að vinna að hagsbótum sjófarenda og að skapa hagkvæmar og öruggar aðstæður til siglinga og fiskveiða við landið. Um skipan og verkefni hafna- og siglingaráðs er fjallað í 4. og 5. gr. laganna annars vegar og 6. og 7. gr. hins vegar.

Hafnaráð.

Hafnaráð er ráðgefandi aðili fyrir samgönguráðherra og siglingamálastjóra í hafna- og sjóvarnamálum.

Hafnaráð fjallar um breytingar á lögum og reglum sem varða hafnamál, framkvæmdaáætlanir fyrir einstök ár og til lengri tíma, svo og fjármál hafna, þar á meðal gjaldskrárbreytingar.

Eftir að ný ríkisstjórn tók við í maí 2007 sátu í hafnaráði:

Nafn	*Tilnefning*
Smári Geirsson, formaður	skipaður án tilnefningar.
Ólafur H. Kárason	skipaður án tilnefningar.
Sigríður Finsen	skipuð án tilnefningar.
Már Sveinbjörnsson	skipaður skv. tilnefningu Hafnasambands sveitarfélaga.
Ólafur M. Kristinsson	skipaður skv. tilnefningu Hafnasambands sveitarfélaga.
Friðrik J. Arngrímsson	skipaður skv. tilnefningu Samtaka atvinnulífsins.

Siglingaráð.

Siglingaráð er ráðgefandi aðili fyrir samgönguráðherra og siglingamálastjóra í siglinga- og vitamálum. Siglingaráð fjallar um breytingar á lögum og reglugerðum sem varða siglinga- og vitamál. Eftir að ný ríkisstjórn tók við í maí 2007 sátu eftirtaldir fulltrúar í siglingaráði:

Nafn	*Tilnefning*
Guðmundur Hallvarðsson, formaður	skipaður án tilnefningar.
Hafþór Rósmundsson	skipaður án tilnefningar.
Ólafur Árnason	skipaður án tilnefningar.
Guðjón Ármann Einarsson	tilnefndur af FFSÍ.
Ingólfur Sverrisson	tilnefndur af Málmi.
Guðfinnur G. Johnsen	tilnefndur af LÍÚ.
Örn Pálsson	tilnefndur af Landssambandi smábátaeigenda.
Signý Sigurðardóttir	tilnefnd af SVÞ.
Sævar Gunnarsson	tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands.
Hilmar Snorrason	tilnefndur af Slysavarnafélagi Íslands.
Helgi Laxdal Magnússon	tilnefndur af Vélstjórafélagi Íslands.
Hjörtur Grétarsson	tilnefndur af Samtökum skemmtibátaeigenda.

Innra skipulag og starfshættir.

Í greinargerð um framkvæmd siglingamálahluta samgönguáætlunar fyrir árið 2004 var í allnokkru máli gerð grein fyrir umfangsmikilli stefnumótunarvinnu sem hófst árið 2003. Stefnan var síðan staðfest á fundi yfirstjórnar 18. apríl 2005 að lokinni ítarlegri kynningu í samgönguráðuneyti og á starfsmannafundum. Þar eru staðfest þau gildi sem stofnunin og starfsmenn vilja standa fyrir og jafnframt mótuð framtíðarsýn og meginmarkmið. Jafnframt hafa stofnuninni og einstökum sviðum hennar verið sett skýr deilimarkmið sem lýst var ítarlega í greinargerð um framkvæmd siglingamálahluta samgönguáætlunar fyrir árið 2005.

Með þeim hætti var lagður vandaður grunnur að endurbótum á innra skipulagi og starfsháttum stofnunarinnar á næstu árum.

Starfsmannafjöldi stofnunarinnar í árslok 2007 er 68 auk þess sem allnokkur fjöldi lítur til með vitum í hlutastarfi og eru störfin alls 76 í ársverkum talið.

Árangursstjórnunarsamningur.

Árangursstjórnunarsamningur Siglingastofnunar Íslands og samgönguráðuneytisins frá árinu 2000 var endurskoðaður í ljósi fyrrgreindrar stefnumótunarvinnu og undirrituðu siglingamálastjóri og samgönguráðherra nýjan samning þann 9. desember 2005 sem gildir til ársloka 2009 og kemur í stað fyrri samnings um sama efni.

Í gildandi árangursstjórnunarsamningi setur samgönguráðuneytið stofnuninni þessi meginmarkmið: **Aukið öryggi og hagkvæmni í siglingum.** Eftirfarandi er sérstaklega tekið fram:

1. Að öryggi sjómanna verði eins og best gerist hjá öðrum þjóðum.

• Að slys til sjós séu með því minnsta sem gerist.

Ef miðað er við sama fjölda sjómanna á Íslandi, í Danmörku og í Noregi fyrir árin 1998–2007, voru dauðaslys hér á landi 2,0; í Danmörku 5,8 og Noregi 4,3 miðað við 10 þús. sjómenn. Samkvæmt upplýsingum frá rannsóknarnefnd sjóslysa mun ekkert skip hafa farist.

• Að nýjasta tækni sé nýtt til að koma upplýsingum til sjófarenda um veður, sjólag og annað sem snertir öryggi skipa í siglingum.

Upplýsingakerfi um veður og sjólag er í stöðugri og mikilli þróun. Í samvinnu við Norðmenn nær spákerfi Siglingastofnunar yfir allt Norður-Atlantshaf. Stefnt er að því að kerfið verði megin öryggiskerfi um veður og sjólag á þessu svæði.

• Að uppitími einstakra hluta upplýsingakerfis um veður og sjólag og vita og leiðsögukerfis sé a.m.k. 95%.

Þetta markmið hefur náðst. Í könnun sem gerð var árið 2006 var yfirgnæfandi meirihluti svarenda, eða 91% ánægður með vefinn í heild. Tæp 86% eru ánægð með framsetningu upplýsinganna og rúmlega 90% treysta vel þeim upplýsingum sem þar koma fram.

• Að í 95% tilvika séu engin frávik frá nýliðafræðslu og björgunaræfingum um borð í skipum.

Í skýrslu um framkvæmd siglingamálahluta samgönguáætlunar fyrir árið 2006 kemur fram að í 99% tilfella hafi björgunaræfingar farið fram áður en skoðunarmenn stofnunarinnar komu um borð í árlega skoðun.

• Að framkvæmt verði hafnarríkiseftirlit um borð í að minnsta kosti 25% af þeim skipum sem koma til íslenskra hafna á ári.

Markmiðinu var náð árið 2007. Frá 2002 til 2006 hafa 25% til 29% skipa verið skoðuð.

• Að framkvæmdar verði skyndiskoðanir á að minnsta kosti 5% af haffærum skipum á ári.

Unnið verður frekar að þessu markmiði á árinu 2008.

2. Að mengun og losun gróðurhúsalofttegunda fylgi því sem gerist með öðrum þjóðum.

• Að í 95% tilvika séu engin frávik frá skilum á úrgangsolíu og sorpi frá skipum.

Stefnt að því að fella þetta markmið út við endurskoðun árangursstjórnunarsamnings þar sem það er illmælanlegt.

3. Að öryggi í höfnum verði eins og best gerist með öðrum þjóðum.

• Að slys í höfnum séu með því minnsta sem gerist.

Unnið er að því gera þetta markmið mælanlegt.

4. Að veita góða þjónustu.

• Að 75% viðskiptavina séu ánægðir með þjónustu Siglingastofnunar.

Rúmlega 69% eru ánægð með þjónustuna árið 2006 en 67,9% árið 2003.

• Að 80% viðskiptavina telji þjónustu Siglingastofnunar áreiðanlega.

Um 84% töldu þjónustuna áreiðanlega árið 2006 en var 76% árið 2003.

Árið 2006 var gerð könnun á viðhorfi og þekkingu almennings til Siglingastofnunar. Úrtak var 1300 manns og fjöldi svara var 61,5%. Rúmlega 80% svarenda höfðu heyrt stofnunarinnar getið og var ímynd stofnunarinnar í þessari könnun marktækt betri en í könnun frá 2003. Einnig var gerð þjónustukönnun meðal viðskiptavina stofnunarinnar. Úrtak var tekið úr viðskiptamannaskrá auk úrtaks sjómanna. Í niðurstöðum sem kynntar voru í janúar 2007 kom fram að 69% viðskiptavina voru ánægð með þjónustu stofnunarinnar, 84% töldu þjónustuna áreiðanlega, 73% töldu þekkingu starfsfólks mikla og 80% þótti viðmót starfsmanna gott.

Undirbúningur laga og reglugerða á sviði siglingamála.

Innan Siglingastofnunar var á árinu 2007 unnið að gerð og breytingum ýmissa reglugerða á sviði siglingamála. Hér á eftir er listi yfir reglugerðir og gjaldskrár sem settar voru um siglingamál á árinu 2007.

Reglugerðir:

Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 880/2001 um lögskráningu sjómanna, nr. 1224/2007

Reglugerð um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, nr. 1138/2007

Reglugerð um björgunarbáta sem gerðir eru út frá landi, nr. 1120/2007

Reglugerð um vernd skipa og hafnaraðstöðu, nr. 474/2007.

Reglugerð um björgunar- og öryggisbúnað skemmtibáta, nr. 377/2007

Reglugerð um breytingu á reglugerð, nr. 1017/2003, um skoðanir á skipum og búnaði þeirra, nr. 372/2007

Starfsreglur fyrir undanþágunefnd, nr. 247/2007

Reglugerð um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum, nr. 200/2007

Reglugerð um breytingu á reglugerð um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd, nr. 122/2004, nr. 131/2007

Reglugerð um breytingu á reglugerð um lögskráningu sjómanna, nr. 880/2001, með síðari breytingum, nr. 2/2007

Hafnarreglugerðir:

Hafnarreglugerð fyrir Litla-Sandshöfn, Hvalfjarðarsveit, nr. 908/2007

Hafnarreglugerð fyrir Grundarfjarðarhöfn, nr. 882/2007

Hafnarreglugerð fyrir hafnir Fjarðabyggðar, nr. 561/2007

Hafnarreglugerð fyrir Grundarfjarðarhöfn, nr. 500/2007

Reglugerð um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Seyðisfjarðarhöfn nr. 275/2006, nr. 499/2007

Hafnarreglugerð fyrir Blönduóshöfn, nr. 498/2007

Gjaldskrár hafna:

Gjaldskrá fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar, nr. 1324/2007

Gjaldskrá fyrir Hafnarsjóð Skagafjarðar, nr. 1272/2007

Gjaldskrá fyrir hafnir Ísafjarðar, nr. 276/2007

Gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands, nr. 81/2007

Alþjóðasamstarf.

Siglingastofnun tekur þátt í víðtæku alþjóðasamstarfi, m.a. á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit (Paris MOU), Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA), Evrópska efnahagssvæðisins (EES), Evrópusambandsins (ESB), sérfræðinganefnd ESB og EES um öryggismál á sjó (COSS), Norðurlandasamstarfs, alþjóðasamtaka í hafnamálum (PIANC), alþjóðasamtaka vitastofnana (IALA) og víðar. Á heimasíðu Siglingastofnunar má nálgast upplýsingar um þetta alþjóðasamstarf og greinargerðir frá fundum sem starfsmenn stofnunarinnar hafa sótt.

Um annað alþjóðasamstarf vísast til kaflanna um hafnarríkiseftirlit og siglingavernd.

Upplýsingamiðlun.

Siglingastofnun Íslands leggur áherslu á markvissa miðlun upplýsinga og greiðan aðgang að gagnasöfnum stofnunarinnar. Því hefur stofnunin sett sér upplýsingastefnu og verklagsreglur þar sem lagðar eru meginlínur um söfnun og miðlun hvers kyns efnis er varðar rekstur hennar.

Vefur stofnunarinnar, www.sigling.is, og fréttabréf hennar, Til sjávar, mynda kjarnann í upplýsingastarfseminni. Markmiðið er að fréttabréfið komi út fjórum sinnum á ári. Því er dreift án endurgjalds til allra skráðra skipa og báta, útgerða, hafna, sveitarfélaga, alþingismanna og margra fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Í blaðinu eru greinar og fréttir um hið helsta sem gerst hefur á vettvangi stofnunarinnar.

Heimasíða Siglingastofnunar er mikill frétta- og upplýsingabanki auk þess að vera samskiptavettvangur stofnunarinnar og viðskiptavina hennar. Þar má meðal annars finna laga- og reglugerðaskrá, skrár um útgefið efni, gjaldskrár, rafræn eyðublöð og upplýsingar um veður og sjólag. Heimasíðan er í sífelldri þróun þar sem leitast er við að hafa upplýsingarnar sem aðgengilegastar fyrir notendur hennar.

Upplýsingakerfið um veður og sjólag byggist á afar víðfeðmu gagnasafni sem þróast hefur og eflst undanfarin ár. Söfnun sértækra upplýsinga með ölduduflum og tenging þeirra við veðurfræðileg gögn frá Veðurstofu Íslands ásamt áralöngum athugunum á sambandi vinda og sjávarfalla, hafa gert stofnuninni kleift að byggja upp þetta safn sem síðan nýtist til að veita fiskimönnum og öðrum sæfarendum við Íslandsstrendur rauntímaupplýsingar um veðurfar og sjólag. Sú vitneskja sem veðurkerfið veitir kemur einnig að góðum notum við hönnun hafnarmannvirkja, ákvörðun siglingaleiða og skyldra atriða.

Siglingastofnun heldur rafræna skrá yfir sérhvert fljótandi far sem er yfir 6 metrar á lengd eða stærra, mælt stafna á milli. Skráin hefur að geyma margvíslegar upplýsingar um flota landsmanna og nýtist í margs konar tilgangi svo sem við eftirlit með öryggi skipa, sem eigendaskrá, við úthlutun fiskveiðiheimilda o.fl. Skrána er að finna á vefsíðu stofnunarinnar.

Af öðrum gagnasöfnum má nefna afar ítarlegt og margþætt safn teikninga, mælingakorta og annarra grunngagna sem til hafa orðið vegna starfsemi stofnunarinnar við hönnun, ráðgjöf og eftirlit með hafnarmannvirkjum. Sama á við um skip og báta. Hér er um merkileg söfn að ræða, af fleiri en einni ástæðu, sem sótt er í af hafnarstjórnum, skipseigendum, sagnfræðingum o.fl.

Loks skal getið bókasafns stofnunarinnar, en þar er skipulega safnað saman ritum sem gagnast stofnuninni. Safnið er skráð og tengt Gegni, Landskerfi bókasafna, og er þannig aðgengilegt öllum þeim er leita vilja tiltekinna fræðirita, auk þess sem starfsmenn geta með nútímalegum hætti kannað hvað er að finna í öðrum sérsöfnum og fengið þaðan lánaðar bækur. Einnig stendur starfsmönnum til boða að notfæra sér þjónustu hvar.is á vefnum þar sem gert er aðgengilegt mikið safn heimilda- og gangasafna frá stærstu tímarita- og gagnasafnsútgefendum í heiminum. Ísland eitt landa gefur íbúum sínum kost á þessari þjónustu án endurgjalds fyrir notendur.

Vitar, upplýsinga- og leiðsögukerfi.

Siglingastofnun annast rekstur landsvitakerfisins og hefur með höndum tæknilega aðstoð við uppbyggingu hafnarvita og innsiglingarmerkja. Einnig rekur stofnunin leiðsögu-, upplýsinga- og eftirlitskerfi fyrir siglingar (DGPS-kerfið), upplýsingakerfi um veður og sjólag og sjálfvirkt auðkennikerfi skipa, AIS.

Sjálfvirku auðkennikerfi skipa er komið á samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins nr. 2002/59 sem lögin um vaktstöð siglinga byggjast á. AIS-kerfið er hluti af rafrænu tilkynn-

ingakerfi um siglingar skipa sem aðildarríki Efnahagsbandalagsins auk Noregs og Íslands eru aðilar að. Kerfi þetta nefnist **Safe Sea Net.** Samkvæmt sömu tilskipun skal velja eða útnefna ákveðnar hafnir hér á landi sem neyðarhafnir. Neyðarhafnir eru skilgreindar sem hafnir eða skjól þangað sem hægt er að vísa skipum sem eiga í erfiðleikum eða eru í hættu af ýmsum orsökum. Vinna við neyðarhafnir fer fram hjá Siglingastofnun í samvinnu við Landhelgisgæslu og fleiri aðila.

Á árinu var unnið að þéttingu AIS-kerfisins og settar upp fjórar stöðvar til viðbótar því sem komið var. Alls voru því 15 stöðvar komnar upp á árinu. Eftir er að þétta kerfið inn til landsins þannig að hafnir sem eru við firði, sérstaklega austan- og vestanlands séu innan kerfisins. Langdrægi stöðvanna er allt að 70 sjómílum (130 km).

Til reksturs vita- og leiðsögukerfa, þ.m.t. rekstur AIS-kerfisins, fær Siglingastofnun til ráðstöfunar vitagjald sem er sérstakur skattur sem samkvæmt vitalögum er lagður á íslensk og erlend skip sem taka íslenska höfn. Upphæð gjaldsins tekur mið af brúttótonnatölu skipsins. Af þessu fé er einnig kostaður rekstur upplýsingakerfisins um veður og sjólag.

Viðhald og eftirlit Siglingastofnunar með vitum landsins skiptist í stórum dráttum í eftirlit með rafbúnaði og viðhald á vitabyggingum.

Á árinu 2007 var viðhald og eftirlit með vitum og leiðsögubúnaði með hefðbundnum hætti. Starfsmenn Siglingastofnunar sinntu almennu viðhaldi á 17 vitabyggingum og fóru í um 97 vita til eftirlits, viðhalds og endurnýjunar ljós- og rafbúnaðar.

Rekstur upplýsingakerfis Siglingastofnunar um veður og sjólag gekk vel á árinu. Kerfið gefur sjófarendum kost á upplýsingum um veður og sjólag umhverfis landið á klukkustundar fresti. Upplýsingarnar er hægt að nálgast á vef stofnunarinnar og í símsvara en einnig má nálgast upplýsingar frá ölduduflum á textavarpi.

Skipaeftirlit.

Siglingastofnun ber stjórnvaldslega ábyrgð á framkvæmd skipaeftirlits en tæknilegt eftirlit er í höndum faggiltra skoðunarstofa skipa. Í árslok 2007 voru þrjár skoðunarstofur skipa starfandi.

Siglingastofnun sinnir eftirliti með óflokkuðum skipum sem skoðunarstofum er óheimilt að skoða, framkvæmir upphafsskoðun á nýsmíði, breytingum og innflutningi á skipum, sinnir markaðseftirliti með skemmtibátum og skipsbúnaði, sér um útgáfu skipsskírteina og útgáfu og uppfærslu á skoðunarhandbókum sem skoðunarstofur nota við vinnu sína. Jafnframt sér Siglingastofnun um yfirferð og samþykkt á teikningum og öðrum gögnum vegna nýsmíði og breytinga skipa, þ.m.t. yfirferð stöðugleikagagna og skipamælinga. Á árinu 2007 fór fram mikil vinna vegna nýrrar reglugerðar um skoðanir skemmtibáta, þar með talið gerð og útgáfa skoðunarhandbókar fyrir skemmtibátaeigendur.

Siglingastofnun hefur eftirlit með starfsemi faggiltra skoðunarstofa, viðurkenndra flokkunarfélaga og annarra starfsleyfishafa, framkvæmir skyndiskoðanir í skipum sem skoðunarstofur og flokkunarfélög hafa skoðað og útbýr og viðheldur nauðsynlegum skoðunarhandbókum vegna þess.

Skoðunaraðilar

Skoðunaraðili	2004	2005	2006	2007
Skoðunarstofur		2.165	2.160	2.135
Siglingastofnun Íslands	2.211	31	32	38
Bureau Veritas (BV)	9	8	8	6
Germanischer Loyd (GL)	7	6	6	7
Loyd's Register of Shipping (LR)	56	53	49	47
Det Norske Veritas (NV)	82	81	76	76
Samtals	**2.365**	**2.344**	**2.311**	**2.309**

Fjöldi skipa og báta.

Siglingastofnun Íslands heldur skrá yfir skip og báta samkvæmt lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985. Árlega gefur stofnunin út rafræna skrá yfir þilfarsskip og opna báta miðað við 1. janúar. Samtals 2.323 skip voru á skipaskrá 1. janúar 2008 og brúttótonnatala þeirra var 225.235 brúttótonn. Skipum á íslenskri skipaskrá fjölgaði um 14 skip frá árinu á undan. Heildarbrúttótonnatala skipastólsins lækkaði um 959 brúttótonn frá árinu áður.

Á aðalskipaskrá 1. janúar 2008 voru 1.123 þilfarsskip og brúttótonnatala þeirra var 218.129. Opnir bátar voru samtals 1.200 og brúttótonnatala þeirra var 7.106.

Á þurrleiguskrá er eitt skip, *Keilir,* samtals 4.342 brúttótonn.

Tölurnar í töflunni hér á eftir eru miðaðar við 1. janúar ár hvert.

Tafla um fjölda skráðra skipa og heildarstærð skipastólsins 2002–2008:

Fjöldi og stærð skipa 1. janúar hvers árs	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Þilfarsskip	1.136	1.135	1.128	1.135	1.128	1.128	1.123
Brúttótonn	230.748	235.776	226.081	230.881	219.934	219.180	218.129
Opnir bátar	1.329	1.273	1.237	1.209	1.183	1.181	1.200
Brúttótonn	7.745	7.473	7.322	7.199	7.020	7.014	7.106
Heildarfjöldi	**2.465**	**2.408**	**2.365**	**2.344**	**2.311**	**2.309**	**2.323**
Heildarbrúttótonnatala	**238.493**	**243.249**	**233.403**	**238.081**	**226.954**	**226.194**	**225.235**

Áhafnamál og skírteini.

Af öðrum verkefnum á sviði skipamála má nefna útgáfu alþjóðlegra atvinnuskírteina (STCW), þjónustu við mönnunarnefnd fiskiskipa og undanþágunefnd sjómanna og undirbúning og kynningu á laga- og reglugerðasetningu. Um alþjóðasamstarf á sviði siglingamála vísast í kaflann um alþjóðasamstarf.

Á árinu 2007 voru gefin út 142 alþjóðleg atvinnuskírteini (STCW), 15 skírteini fyrir atvinnukafara, 9 hafnsögumannsskírteini og 6 skírteini fyrir leiðsögumenn. Siglingastofnun gaf einnig út um 60 starfsleyfi til farþegaflutninga, 6 starfsleyfi fyrir bátaleigur og þrjú leyfi til að stunda flúðasiglingar.

Hafnarríkiseftirlit.

Í samræmi við ákvæði Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit og ákvæði í ýmsum öðrum alþjóðasamþykktum, sem Ísland á aðild að, var að venju haft eftirlit með erlendum flutninga- og farþegaskipum sem hingað komu.

Markmiðið með eftirlitinu er að draga úr siglingum svokallaðra undirmálsskipa og hefur þeim fækkað til muna eftir að farið var að banna skipum að koma til hafnar í aðildarríkjum Parísarsamkomulagsins hafi þau ítrekað verið stöðvuð við fyrri skoðanir.

Farið var í eina skoðunarherferð á vegum hafnarríkiseftirlitsins vegna ISM-kóðans og stóð hún frá 1. september til 1. desember.

Tilkynnt var um 366 einstakar komur erlendra skipa til Íslands, sem er um 6% fækkun frá árinu 2006. Af þessum skipum voru 99 skoðuð eða um 27%. Skipin 99 sem voru skoðuð voru frá 30 þjóðlöndum. Flest voru skipin frá Bahamas eða 18 og næstflest frá Antígva eða 10.

Farbann var lagt á eitt skip, 88 athugasemdir voru gerðar og teknar út 186 athugasemdir sem gerðar voru af öðrum aðildarríkjum.

Áætlun um öryggi sjófarenda.

Markmið áætlunar um öryggi sjófarenda er m.a. að treysta öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra sem og farþega á íslenskum skipum og skipum sem sigla í íslenskri efnahagslögsögu, fækka slysum á sjó og draga úr tjóni vegna þeirra. Helstu verkefni áætlunar um öryggi sjófarenda eru menntun og þjálfun sjómanna, gerð fræðsluefnis og miðlun upplýsinga, öryggisstjórnun um borð í skipum og rannsókna- og þróunarverkefni.

Siglingastofnun annast framkvæmd áætlunarinnar í samstarfi við verkefnisstjórn en í 11 henni eiga sæti fulltrúar stéttarfélaga sjómanna, samtaka útgerða, Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Landhelgisgæslu og samgönguráðuneytis.

Hluti vinnunnar á árinu 2007 var úrvinnsla gagna um slys á sjómönnum og samanburður milli ára. Lagt var mat á mögulegan árangur áætlunarinnar og þá sérstaklega litið til dauðaslysa á sjómönnum, skipa sem hafa farist og tilkynninga um slys á sjómönnum til Tryggingastofnunar ríkisins. Í þessum samanburði má sjá að áætlunin hefur að meðaltali haft árhrif til fækkunar slysa en þó hefur tilkynningum til Tryggingastofnunar ríkisins um slys fjölgað frá síðasta ári.

Unnið var úr innsendum gögnum viðhorfskönnunar um öryggi sjómanna á norðurslóðum *(Northern Periphery Programme)* en það er alþjóðlegt verkefni sem áætlunin tók þátt í. Svörin við veigamestu spurningunum voru síðan unnin og útfærð hjá fyrirtækinu Capacent og niðurstöðurnar birtar á heimasíðu Siglingastofnunar Íslands.

Í samvinnu við verkefnisstjórn var hafin ritun framhalds bókarinnar um stjórn og siglingu skipa sem mun bera titilinn *„Stjórn og sigling skipa – aðskildar siglingaleiðir“*. Guðjón Ármann Eyjólfsson, fyrrverandi skólameistari Stýrimannaskólans í Reykjavík, ritar bókina. Bókin er ekki einungis hugsuð sem kennslubók fyrir verðandi sjómenn heldur einnig sem nauðsynleg handbók fyrir skipstjórnarmenn um borð í skipum. Einnig var gengið frá útgáfu fræðslubæklinga um neyðarbúnað í skipum um björgunarbáta, losunar- og sjósetningarbúnað, björgunarbúninga, björgunarnet, björgunarhringi og björgunarvesti. Einnig var gefin út fræðslupési um hættuleg efni í skipum en Rannsóknarnefnd sjóslysa hafði í tillögu sinni í öryggisátt lagt til útgáfu þess fræðsluefnis. Út kom á árinu þriðji mynddiskurinn um öryggi sjófarenda þar sem áhersla er lögð á kynningarefni fyrir flutningaskip. Í tengslum við sjómannadaginn í byrjun júní stóð verkefnisstjórnin fyrir fræðsluátaki um verkefni áætlunarinnar með því að auglýsa áætlunina í sjómannadagsblöðum á hinum ýmsu stöðum á landinu sem og að taka þátt í sýningu á Miðbakka Reykjavíkurhafnar. Farið var af stað með málfundi úti á landi og voru þeir haldnir á Ísafirði og í Þorlákshöfn.

Dauðaslys á fiskiskipum 1997–2007.

Skipsstærð/ár	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Skip <12 m	2	1	2	1				1			3
Skip 12–24 m					3	2					
Skip >24 m					4			1	1	2	1
Samtals	2	1	2	1	7	2	1[1]	2	1	2	4

[1] Skipverji drukknar á óskráðum þangskurðarpramma.

Fiskiskip sem fórust 1997–2007.

Skipsstærð/ár	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Skip <12 m	6	3	3	8			4	3	3	0	0
Skip 12–24 m	1			1	1	3		4	1	1	0
Skip >24 m	2			1	2	1	3	1		0	0
Samtals	9	3	3	10	3	4	7	8	4	1	0

Tilkynnt slys til Tryggingastofnunar 1997–2007.

Ár	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Fjöldi	460	378	381	361	348	413	379	309	366	266	423

Hafnir, líkantilraunir og grunnkort.

Á vegum Siglingastofnunar var unnið að rannsóknum á sviði hafna, líkantilrauna og grunnkorta. Með rannsóknum er átt við gerð grunnkorta af höfnum, líkantilraunir og rannsóknir sem tengjast beint ákveðnum framkvæmdum í höfnum. Á árinu 2007 var unnið við þrjú líkön í líkanstöð Siglingastofnunar. Lokið var vinnu við líkan af Rifshöfn þar sem gerð var tillaga að lengingu Norðurgarðs út á móts við Töskuvita jafnframt dýpkun og breikkun innsiglingarinnar. Byggt var líkan af Sauðárkrókshöfn og gera niðurstöður ráð fyrir nýjum skjólgarði að sunnanverðu, auk dýpkunar framan við enda Norðurgarðs. Skjólgarðurinn kemur til með að afmarka hafnarsvæðið og gefur möguleika á uppbyggingu hafnarinnar að sunnanverðu. Síðasta líkanið sem unnið var við á árinu var af Helguvíkurhöfn þar sem unnið var með tillögur að stækkun hafnarinnar með nýjum kanti fyrir álver. Á árinu hófst undirbúningur að rannsóknum á stóðiðjuhöfn við Húsavík. Liður í þeim undirbúningi voru kaup á hugbúnaði til að reikna öldur og sog í höfnum.

Unnið var að rannsóknum og tillögugerð sem tengjast skipulagi fyrir Vestmannaeyjahöfn og höfnina á Þórshöfn. Þá hófst vinna við að kanna möguleika á olíuhöfn á Vestfjörðum.

Grunnkort hafna voru uppfærð, sett í samræmt hnitakerfi, ISN-93, nýjustu dýptarmælingar settar saman og ný hafnarmannvirki færð inn á grunna.

Hafnasvið fær til umsagnar frá Skipulagsstofnun, sveitarfélögum og aðilum á þeirra vegum ýmis skipulagsmál á hafnarsvæðum og vegna byggðar á strandsvæðum.

Unnið var að rannsóknum á brimvarnargörðum í íslensku og erlendu samstarfi, m.a. með þátttöku í alþjóðlegum vinnuhópi á vegum PIANC sem hefur það að markmiði að bera saman kostnað við mismunandi gerðir brimvarnargarða og finna hagkvæmustu áhættu við ákvörðun á hönnunarálagi. Á alþjóðlegri strandverkfræðiráðstefnu, *Coastal Structures 2007,* var birt grein um bermugarða sem m.a. byggist á vinnu í PIANC vinnuhópi um *„Optimum Safety Levels and Design Rules for the Icelandic-type Berm Breakwater“*.

Rannsóknir og þróun.

Heildarkostnaður rannsókna- og þróunarsviðs Siglingastofnunar Íslands var 55,4 millj. kr. árið 2007 og þar af um 15,4 millj. kr. í áætlun um öryggi sjófarenda. Með rannsóknum er átt við öflun ýmissa grunnupplýsinga, mælingar og rannsóknir sem stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvörðunum við val á lausnum við mannvirkjagerð.

Unnið var áfram að öldufarsreikningum fyrir Húsavík í tengslum við líkantilraunir. Gerðar voru ítarlegar öldufarsrannsóknir fyrir Skagafjörð vegna uppsetningar líkans af Sauðárkrókshöfn. Öldufarsathuganir voru gerðar fyrir Þórshöfn vegna athugana á hafnarmynninu. Fyrir fyrirtækið Björgun ehf. voru breytingar á ölduhæð í Kollafirði athugaðar með tilliti til strandrofs sem er hluti af umhverfismati vegna umsóknar fyrirtækisins um áframhaldandi leyfi til námuvinnslu á svæðinu. Enn fremur hófst vinna við öldufarsrannsóknir fyrir Vestfirði vegna staðsetningar fyrirhugaðrar stóriðjuhafnar í Dýrafirði eða Arnarfirði. Tekinn var í notkun fullkominn hugbúnaður við öldufarsreikninga og í því sambandi var unnið að uppsetningu á nákvæmum dýptargrunni umhverfis landið. Starfsmaður sviðsins kenndi strandverkfræði við Umhverfis- og byggingaverkfræðiskor Háskóla Íslands á vormisseri 2007. Heildarkostnaður vegna hafna- og strandrannsókna árið 2007 var 15,4 millj. kr.

Áfram var haldið rannsóknum við suðurströndina í tengslum við Landeyjahöfn, einkum á könnun á efnisburði á sandrifinu framan við höfnina, á efnisburði framan við hafnarmynni og efni sem berst inn í höfnina. Þessari vinnu lauk með skýrslu í ágúst 2007.

Gerðir voru öldufarsreikningar til að ákvarða hönnunarskilyrði fyrir brimvarnargarða. Skrifuð var grein í tímarit Verkfræðingafélagsins um rannsóknirnar á aðstæðum við Landeyjahöfn og kynningarfundir haldnir í Vestmannaeyjum og á Suðurlandi. Heildarkostnaður við þessar rannsóknir var 6,2 millj. kr.

Þróun upplýsingakerfisins um veður og sjólag var haldið áfram. Haldið var áfram vinnu við að mæla sjávarföll á landgrunninu í samvinnu við Hafrannsóknastofnunina, verkfræðistofuna VST og háskóla til að kvarða betur sjávarfallalíkan Siglingastofnunar. Í tengslum við auknar siglingar olíuskipa innan efnahagslögsögu Íslands var unnið að úrvinnslu á veður- og öldugögnum fyrir Norður-Atlantshaf á Drekasvæðinu vegna fyrirhugaðrar olíuleitar. Vinna hófst í tengslum við áhættumat siglinga á norðurslóðum. Heildarkostnaður umhverfisrannsókna árið 2007 var 7,7 millj. kr.

Áhersla var lögð á að tillögur rannsóknarnefndar sjóslysa í öryggisátt fengju lögbundna afgreiðslu en Siglingastofnun vinnur úr þeim tillögum. Lokið var við rannsóknir á hávaða um borð í skipum. Niðurstöður rannsóknaverkefnisins verða gefnar út á árinu 2009. Haldið var áfram með rannsóknir á loftgæðum um borð í skipum, ofhleðslu smábáta og loftflæði til aðalvéla. Heildarkostnaður skiparannsókna árið 2007 var 11,7 millj. kr.

Kostnaður við rannsóknarverkefni 2007.

	Millj. kr.
Almennar rannsóknir, óskipt	3,9
Stjórnvaldsverkefni	1,8
Strandrannsóknir, óskipt	1,0
Norðausturleið (PAME)	1,3
Sauðárkrókur – öldufarsrannsóknir	0,9
Húsavík – öldufarsrannsóknir	0,7
Rannsóknir á ferjulægi við Bakkafjöru	6,2
Umhverfisrannsóknir, óskipt	0,4
Veðurlíkan	0,5

Undirstöðurannsóknir á sjólagi	7,1
Siglingaleiðir	1,7
Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	1,8
Reiknilíkan fyrir sjávarflóð	1,4
Sjávarborðsmælingar	0,6
Skiparannsóknir, óskipt	2,2
Northern Periphery Programme	2,9
Rannsóknir og skipatækni	3,1
Hávaði í skipum – rannsóknarverkefni	0,8
Loftgæði í skipum – rannsóknarverkefni	2,7
Samtals	41,0

Rannsókn sjóslysa.

Samkvæmt lögum um rannsóknir sjóslysa, nr. 68/2000, er það m.a. hlutverk Siglingastofnunar að taka til formlegrar afgreiðslu tillögur rannsóknarnefndar sjóslysa til úrbóta í öryggismálum á sjó og gera henni grein fyrir þeim úrbótum sem þegar hafa verið gerðar. Þá ber Siglingastofnun, samkvæmt reglugerð nr. 133/2002, að eiga frumkvæði að sérstökum aðgerðum séu þær taldar nauðsynlegar.

Eftirfarandi eru formlegar afgreiðslur Siglingastofnunar til rannsóknarnefndar sjóslysa á árinu 2007:

Nr. 127/06 (Aðalsteinn Jónsson SU-11 (sknr. 2699), slys af völdum efna).

Nr. 080/07 (Reyðar SU-604 (sknr. 6379), fær leka og verður vélavana og er dreginn til hafnar).

Allar afgreiðslur til rannsóknarnefndarinnar má finna á vefsíðu Siglingastofnunar, www.sigling.is.

Minjavernd og saga.

Unnið var að ritun sögu hafnargerðar á Íslandi á vegum Siglingastofnunar árið 2007. Verkið er viðamikið en er nokkuð á veg komið. Siglingastofnun hefur gert samkomulag við Víkina – Sjóminjasafn Reykjavíkur um varðveislu minja og muna frá stofnuninni.

Siglingavernd (skipa- og hafnavernd).

Lög um siglingavernd, nr. 50/2004, tóku gildi þann 14. júní 2004 og komu til framkvæmda 1. júlí 2004. Markmið með siglingavernd er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólögmætum aðgerðum.

Árið 2007 voru 33 vottaðar hafnir með hafnaraðstöðu á 76 stöðum á Íslandi. Siglingastofnun gerði úttekt á um 20 höfnum og 51 hafnaraðstöðu og skyndiúttekt á tveimur höfnum og tveimur hafnaraðstöðum. Siglingastofnun gerði einnig 7 skyndiúttektir á skipum þar sem eingöngu voru skoðuð atriði er varðar siglingavernd. Engin skip voru skráð á Íslandi árið 2007 sem þurfa að uppfylla kröfur um siglingavernd.

Í samstarfi við aðrar stofnanir hélt Siglingastofnun 7 námskeið fyrir um 140 starfsmenn hafna og fyrirtækja. Eitt verndarfulltrúanámskeið fyrir nýja verndarfulltrúa var haldið, tvö endurmenntunarnámskeið fyrir starfandi verndarfulltrúa og fimm námskeið fyrir nýja hafnargæslumenn. Alls hafa rúmlega 100 manns hlotið tilnefningu sem verndarfulltrúar og hlotið þjálfun sem slíkir og um 700 hafa sótt hafnagæslunámskeið á vegum Siglingastofnunar

Íslands. Jafnframt var Siglingastofnun með fræðslu í samstarfi við viðeigandi stofnanir s.s. Tollstjórann í Reykjavík.

Siglingastofnun tók þátt í fundum og alþjóðlegu samstarfi vegna siglingaverndar, m.a. hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni, Evrópusambandinu og á Norðurlandafundum þar sem haldnir eru reglulegir fundir vegna siglingaverndar. Árið 2007 tók Siglingastofnun þátt í fjórum fundum hjá MARSEC nefnd Evrópusambandsins, einum fundi vinnuhóps á vegum MARSEC og einum Norðurlandafundi vegna siglingaverndar er haldin var í Noregi. Siglingastofnun á jafnframt samskipti og samvinnu við ýmsar íslenskar og erlendar stofnanir varðandi málefni er tengjast siglingavernd.

Skipað var í nýtt Siglingaverndarráð. Siglingaverndarráð er stjórnvöldum til ráðuneytis um siglingavernd, Siglingaverndaráætlun Íslands og öryggismál sem falla undir gildissvið siglingaverndar.

Siglingaverndarráð samanstendur af fulltrúa frá Ríkislögreglustjóra, Tollstjóranum í Reykjavík, Landhelgisgæslu Íslands, Hafnasambandi Íslands, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða og Siglingastofnun Íslands.

Í apríl 2007 kom sérfræðingahópur frá Homeland Security – U.S. Coast Guard og tók út siglingaverndarráðstafanir hjá íslenskum stofnunum og nokkrum höfnum. Niðurstaða úttektarinnar var að íslenskar stofnanir og þær hafnir sem skoðaðar voru hefðu innleitt og væru að framkvæma siglingavernd eins og alþjóðakröfur segja til um.

Vaktstöð siglinga.

Vaktstöð siglinga var sett á fót með lögum nr. 41/2003. Siglingastofnun hefur fjárhagslegt og faglegt eftirlit með rekstrinum og sinnir samskiptum við stjórnvöld vegna verkefna vaktstöðvarinnar og alþjóðlegu samstarfi, svo sem samstarfi við Alþjóðasiglingamálastofnunina og Siglingaöryggisstofnun Evrópu. Í sérstökum þjónustusamningi sem Siglingastofnun Íslands gerði við Landhelgisgæslu Íslands, Neyðarlínuna og Slysavarnafélagið Landsbjörg er þessum aðilum falið að annast daglegan rekstur vaktstöðvarinnar. Landhelgisgæslan fer með faglega forustu í vaktstöðinni.

Hlutverk Vaktstöðvar siglinga er að fylgjast með allri umferð á sjó í lögsögu landsins og vera miðstöð upplýsinga fyrir skipaumferð í íslensku efnahagslögsögunni og halda utan um siglingar erlendra skipa sem koma til landsins sem og siglingar íslenskra skipa. Í samvinnu við Vaktstöð siglinga var unnið að innleiðingu rafræns tilkynningakerfis skipa, *Safe Sea Net*.

Stofnkostnaður.

Stofnkostnaður á árinu 2007 var 24,4 millj. króna og var að stærstum hluta varið í AIS búnað, en einnig ölduduflo.fl.

Hafnir.

Í þessari skýrslu er að finna stuttar lýsingar á ríkisstyrktum hafnarframkvæmdum árið 2007 á hverjum stað fyrir sig ásamt yfirliti yfir fjárveitingar til hafnarframkvæmda og ráðstöfun þeirra í töflum I–VI. Einnig er fjallað um varnir gegn landbroti af ágangi sjávar og greint frá verkum sem unnin hafa verið í höfnum án ríkisstyrkja.

Árið 2007 var eftirgreindum fjárhæðum varið til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir. Til samanburðar eru tölur fyrra árs.

	2006 millj. kr.	2007 millj. kr.
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir	1.753,7	1.463,2
Ferjubryggjur	7,7	6,4
Lendingabætur	6,6	7,8

Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir.

Snæfellsbær.

Rifshöfn: Boðnar voru út saman dýpkanir í innsiglingunum í Rifshöfn og í Ólafsvík. Tilboðin voru opnuð 21. júní 2007. Lægsta tilboðið barst frá Björgun ehf. rúmar 50 millj. kr. í dælingu í Rifshöfn og tæpar 97 millj. kr. í gröft í Rifi og Ólafsvík og var samið við lægstbjóðanda. Tilboðin námu samtals 89% af kostnaðaráætlun. Úr innsiglingunum á Ólafsvík og Rifi voru fjarlægðir um 22.000 m³ af hvorum stað og úr höfninni á Rifi um 58.000 m³. Hluti af uppdældu efni var notað í fyllingu. Við framkvæmdina voru dæluskipið Perlan og dýpkunarpramminn Sæþór notuð. Verkinu lauk ekki á árinu.

Lokið var uppgjöri á endurbyggingu furubryggju. Nýja harðviðarbryggjan er nú 60 m löng og 5,3 m breið.

Í júlí var boðin út lenging austurkants á Rifi. Lægsta tilboðið kom frá Ísar ehf. í Hafnarfirði og var 30,0 millj. kr. eða 96% af kostnaðaráætlun. Verkið felst í því að lengja stálþilið við austurkant um 80 m, hönnunardýpi var 7 m. Í þessum áfanga verður þilið rammað niður, fyllt að því og steyptur kantbiti með pollum og þybbum. Ekki var lokið við verkið á árinu.

Unnið var við aðstöðu fyrir björgunarbát, en hafnaráð hafði samþykkt styrk til verksins í nóvember 2005. Keypt var flotbryggja 15x3 m auk landgöngubrúar. Gert er ráð fyrir að verkinu ljúki 2008.

Frestað var klæðningu á tengibraut frá Staurakistu að hafnarvogi samtals 1.600 m².

Ólafsvík: Lokið var við uppgjör vegna endurbyggingar harðviðarbryggju. Verktaki var Elinn ehf. frá Sauðárkróki. Hafnaráð samþykkti síðla árs framlag af óskiptu til framkvæmda við raflagnir og lýsingu þar sem það var ekki inni á upphaflegri áætlun.

Í júlí var boðin út lenging viðlegukants Norðurtangabryggju. Verkið var boðið út ásamt framkvæmd við stálþil í Rifi. Lægsta tilboðið kom frá Ísar ehf. í Hafnarfirði og var 22,6 millj. kr. eða um 96% af kostnaðaráætlun. Verkið felst í því að lengja Norðurtangabryggjuna til suðurs um 25 m og byggja svo 19 m gafl. Einnig var þilið við norðurenda lengt um 6,5 m og lokað með 3,5 m gafli. Verkinu lauk ekki á árinu.

Bygging harðviðarbryggju við norðurenda Norðurtangabryggju var boðin út í nóvember 2007. Lægsta tilboðið kom frá Guðlaugi Einarssyni ehf. í Hafnarfirði og var 12 millj. kr. eða 71% af 16,8 millj. kr. kostnaðaráætlun hönnuða. Verkið felst í því að byggja 12x15 m harðviðarbryggju við norðurenda Norðurtangabryggju auk vatns- og raflagna og uppsetningu polla og löndunarkrana. Verkið var ekki hafið um áramót þar sem seinkun varð á innfluttu efni. Samkvæmt útboðsgögnum skal verkinu lokið eigi síðar en 15. mars 2008.

Gert var hlutauppgjör vegna ljósa við bryggjustiga í Snæfellsbæ. Hafnaráð hafði samþykkt fjárveitingu af óskiptu til slysavarna. Verkinu er ekki lokið en það hefur verið unnið af heimamönnum.

Framkvæmdakostnaður: 196,8 millj. kr.

Grundarfjörður.

Fram haldið var byggingu Miðgarðs, nýrrar stálþilsbryggju sem hófst á árinu 2006. Næsti áfangi, sem er vatns- og rafdreifikerfi ásamt ljósamasturshúsi, var boðinn út í september

2007. Þrjú tilboð bárust og var Almenna umhverfisþjónustan ehf. með lægsta tilboðið, 15,9 millj. kr. sem var 83% af kostnaðaráætlun.

Verkið felst í því að steypa upp ljósamastursshús, leggja vatnslagnir og koma fyrir vatnsbrunnum. Einnig að leggja ídráttarlagnir fyrir rafmagn, koma fyrir rafmagnsskápum við bryggjukant og í ljósamastursshúsi. Verkinu var ekki lokið um áramót.

Enn hefur framkvæmdum sem áformaðar voru í hafnaáætlun við dýpkun hafnar við Miðgarð og smábátaaðstöðu verið frestað.

Framkvæmdakostnaður: 75,0 millj. kr.

Stykkishólmur.

Lokið var við lagfæringar, sem hófust á árinu 2006 á ferjubrú vegna nýrrar Breiðafjarðarferju og aðlögun aðstöðu að nýju skipi. Hafnaráð ákvað þann 19. okt. 2007 að hækka fjárveitingu til verksins sem svarar til einnar millj. kr. framkvæmdarkostnaðar þar sem kostnaður við fríholt varð mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir.

Lokið var framkvæmdum við kaup og uppsetningu á flotbryggju. Hafnaráð hafði í júní 2006 samþykkt að styrkja þá framkvæmd um allt að 5 millj. kr. (ríkisstyrkur 2,4 millj. kr.). Keypt var notuð og endurbætt flotbryggja og sáu heimamenn um hönnun og var verkið unnið af hafnarvörðum. Gerður var landveggur og landgangur.

Hafnaráð samþykkti í mars 2007 að flýta byggingu flotbryggju fyrir smábáta sem hafði verið á áætlun á árinu 2009. Í framhaldi var boðin út 40 m löng bryggja. Tekið var tilboði Kemís sem var lægst eða 87% af kostnaðaráætlun. Heimamenn gerðu landvegginn, settu upp rafmagn, lýsingu og öryggisbúnað og luku verkinu á árinu.

Framkvæmdakostnaður: 16,3 millj. kr.

Dalabyggð.

Þann 24. júlí voru opnuð tilboð í verkið „Búðardalur – Skarðsstöð, sjóvörn og hafnagerð 2007“. Þrjú tilboð bárust sem öll voru meira en 10% yfir kostnaðaráætlun og þeim var öllum hafnað af verkkaupa. Í framhaldinu var verkinu frestað.

Framkvæmdakostnaður: 0,4 millj. kr.

Reykhólar.

Umhverfisstofnun heimilaði á árinu að varpa dýpkunarefni í sjó í Hrúteyjarröst. Gerð var tilraun til dýpkunar og var samið við Björgun ehf. um dælingu með dæluskipinu Perlu. Sú tilraun bar ekki árangur því efnið var leir sem ekki var unnt að dæla og var og framkvæmdum frestað til ársins 2008. Framkvæmdakostnaður: 1,5 millj. kr.

Vesturbyggð.

Brjánslækur: Lokið var við lagfæringar á ferjubúnaði sem hafnar voru árið 2006 vegna nýja Baldurs. Þær fólust í breytingum á ekjubrú og uppsetningu fríholta.

Hafinn var undirbúningur að lengingu ferjubryggju, en ráðgert er að lengja viðlegukantinn um 32 m með 5 m hönnunardýpi, bryggjuendinn verði 29 m með sama dýpi og landgafl 14 m. Keypt var stálþil, AZ14, ásamt festingum af G. Arasyni ehf., 102 tonn.

Áætlað er að að vinna verkið sumarið 2008.

Patreksfjörður: Þar átti samkvæmt hafnaáætlun að hefja endurbyggingu stálþils. Unnið var að hönnun og undirbúning en verkinu að öðru leyti frestað til ársins 2008.

Bíldudalur: Lokið var við byggingu á ljósamasturs- og vatnshúsi og rafbúnaður settur upp. Um verkið sá Lás ehf. á Bíldudal samkvæmt verksamningi frá 2006 og Karl Þórðarson rafverktaki.

Framkvæmdakostnaður: 31,5 millj. kr.

Tálknafjörður.

Endurnýjaðar voru tvær um 20 ára gamlar timburflotbryggjur í smábátahöfninni. Í staðinn voru settar niður steyptar bryggjur frá Noregi, 30 og 40 m langar, með landgöngum, rafmagni, vatni og öryggistækjum. Bryggjurnar voru hluti af heildarútboði á flotbryggjum fyrir 6 hafnir sem Kemís ehf. var lægstbjóðandi að. Verkinu lauk ekki að fullu á árinu.

Framkvæmdakostnaður: 12,8 millj. kr.

Bolungarvík.

Samkvæmt hafnaáætlun átti að hefja framkvæmdir við endurbyggingu efsta hluta Brjótsins í Bolungarvík. Keypt var stálþil 103 plötur Z17 og festingaefni frá G. Arasyni ehf. Seinni hluta árs var boðin út vinna við römmun þils, fyllingu að þili, steyptan kantbita og lagnir. Einnig fólst í verkinu umtalsvert múrbrot á steyptum skjólvegg og þekju gamla Brjótsins. Íslenska Gámafélagið ehf. bauð lægst í verkið, um 49 millj. kr. sem var 73% af kostnaðaráætlun. Verkið var ekki hafið um áramót.

Nýtt var fjárveiting sem hafnaráð úthlutaði árið 2005 til slysavarna til að kaupa 12 öryggisstiga fyrir flotbryggjur frá Króla ehf.

Framkvæmdakostnaður: 45,9 millj. kr.

Ísafjarðarbær.

Þingeyri: Samkvæmt hafnaáætlun átti að rífa gömlu trébryggjuna en því var enn slegið á frest. Bryggjurifið var fyrst sett á áætlun árið 2005. Engar ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir fóru fram árið 2007.

Suðureyri: Í ársbyrjun var boðin út stækkun smábátahafnar. K.N.H. ehf. Ísafirði átti lægsta boð í verkið 3,0 millj. kr., sem var 64% af kostnaðaráætlun. Í verkinu fólst að rífa trébryggjustúf 2x10 m og farga. Dýpka síðan um 1.500 m² svæði innst í smábátahöfninni í –2,5 m og ganga frá grjótfláum. Efni úr dýpkun, um 4.000 m³, var sett á land. Tækniþjónusta Vestfjarða sá um eftirlit. Keypt var 20 m löng flotbryggja með trédekki og steyptum floteiningum frá Bátalandi ehf. fyrir 1,3 millj. kr. og komið fyrir í smábátahöfninni. Geirnaglinn ehf. Ísafirði sá um verkið og steypti landvegg, botnfestur og gekk auk þess frá raflögn og lýsingu við smábátahöfnina.

Samkvæmt hafnaáætlun átti að dýpka innsiglingarrennu í 5 m en því var frestað til ársins 2008.

Flateyri: Engar ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir voru á árinu 2007.

Ísafjörður: Íslenska Gámafélagið ehf. lauk samningsverki sem hófst um mitt síðasta ár við seinni áfanga endurbyggingar Ásgeirsbakka. Lokið var við römmun þils, fyllingu og steyptan kantbita. Í júlí var boðin út þekjusteypa og var Geirnaglinn ehf. Ísafirði með lægsta tilboðið, 32 millj. kr., sem var 92% af kostnaðaráætlun. Verkið fólst í að steypa 2.900 m² þekju ásamt 170 m² vegtengingu, byggja ljósa- og rafmagnshús 2,5x2,5 m að stærð og leggja vatns- og rafmagnslagnir að kanti. Steypan kom frá Áseli ehf. Ísafirði. Vegna ótíðar og frosta var verktíminn lengdur fram yfir áramót.

Rif gömlu lóðsbryggjunnar var boðið út ásamt byggingu á nýrri flotbryggju. Olís ehf. bauð lægst í verkið. Gamla lóðsbryggjan, 3x20 m trébryggja, var rifin og henni fargað.

Byggður var landveggur fyrir flotbryggju og settar upp 3x40 m steyptar flotbryggjur frá SF Marinas í Svíþjóð ásamt landgangi, pollum, handriði, rafmagni, vatni og öryggisbúnaði. Verkinu lauk í ágúst.

Í hafnaáætlun var gert ráð fyrir framkvæmdum við 60 m stálþilsbryggju við olíubirgðastöð Mávagarði. Hafin var undirbúningur og hönnun en verkinu að öðru leyti frestað til ársins 2008.

Endanlega var lokið uppgjöri vegna hafnsögubáts.

Framkvæmdakostnaður: 82,9 millj. kr.

Súðavík.

Sett var upp ný flotbryggja við Suðurgarð. Hún var hluti sameiginlegs útboðs flotbryggja fyrir sex hafnir sem Kemís var lægstbjóðandi í. Verkið var á samgönguáætlun 2009 en var flýtt með samþykki hafnaráðs. Á móti var tveimur verkum seinkað: Endurbyggingu grjótvarnar innan á Suðurgarði (á áætlun 2007) og byggingu uppsáturs fyrir smábáta (á áætlun 2008). Bryggjan er úr steypueiningum, 40 m löng og 2,4 m breið. Heimamenn sáu um byggingu landveggs auk uppsetningar rafmagns, lýsingar og öryggisbúnaðar. Verkinu var að mestu lokið í september.

Framkvæmdakostnaður var 8,5 millj. kr.

Norðurfjörður.

Samkvæmt hafnaáætlun átti að byggja uppsátur fyrir smábáta og steypa 10 m vegg utan á Bátabryggju en ákveðið var fresta framkvæmdum til ársins 2008.

Framkvæmdakostnaður: Enginn árið 2007.

Drangsnes.

Framkvæmdir hófust um miðjan júlí á endurnýjun flotbryggju í Kokkálsvík. Um er að ræða 30 m langa og 3 m breiða steypta flotbryggju sem Kemís útvegaði frá Örsta í Þýskalandi eftir útboð. Bryggjan var sett niður við endann á 20 m langri Królabryggju og kom í staðinn fyrir rúmlega 20 ára gömul timburflot sem fyrir voru. Verkinu var að fullu lokið í september.

Framkvæmdakostnaður var 6,7 millj. kr.

Hólmavík.

Við austurgarðinn var sett upp ný 30 m löng og 2,4 m breið flotbryggja frá Örsta í Þýskalandi. Það var Kemís ehf. sem átti lægsta tilboð í útboði á flotbryggju fyrir 6 hafnir. Fyrir var gömul flotbryggja úr stálrömmum og plastflotum sem var færð ca. 35 m nær landi og sett þar niður við landstöpul. Uppsetning bryggju lauk að mestu í ágúst en pollar og stigi komu í september.

Dýpkað var um 800 m² svæði efst við austurgarðinn þar sem setja átti niður gömlu flotbryggjuna. Leitað var eftir tilboðum í dýpkunina frá tveim verktökum á Hólmavík og samið við þann sem bauð lægra, Jóstein Guðmundsson. Lauk hann verkinu í maí. Efni úr dýpkuninni, um 1.800 m³, var tekið á land og sett í fyllingu við Rifshausinn.

Framkvæmdakostnaður: 9,9 millj. kr.

Hvammstangi.

Heimild fékkst hjá hafnaráði í maí til viðhaldsdýpkunar við enda Norðurgarðs en verkið var ekki á hafnaáætlun. Fjármagn var tekið af óskiptum lið. Samið var við Björgun ehf. um

að fá dýpkunarskipið Perlu í verkið. Dýpkað var á 5.600 m² svæði. Upptekið magn varð um 5.960 m³ og var losað í sjó rúmlega eina sjómílu norðan Hvammstangahafnar á 6–10 m dýpi. Verkinu lauk í apríl.

Framkvæmdakostnaður var 3,5 millj. kr.

Blönduós.

Engar ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir 2007.

Skagaströnd.

Á hafnaáætlun voru tvö verk, rif og endurbygging Ásgarðsbryggju og dýpkun. Lítils háttar var unnið að undirbúningi þessara verka en heimamenn ákváðu síðan að þeim yrði frestað.

Engar ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir 2007.

Skagafjörður.

Sauðárkrókur: Lokið var uppgjöri vegna garðsendaljósa á grjótgarð innan Norðurgarðs sem unnið var að á síðasta ári.

Unnið var að viðhaldsdýpkun í innsiglingu, við enda Norðurgarðs og á milli Innri garðs og Suðurbryggju. Verkið var boðið út í maí 2007. Eitt tilboð barst frá Björgun ehf. og var samningur gerður við þá í lok nóvember. Heildarflatarmál svæða var 26.129 m² og magnið, sem varð 35.547 m³ var sett á land í fyllingu sunnan smábátahafnar. Heildargreiðsla til verktaka varð 21,3 millj. kr. sem er 11% hækkun frá samningsverði. Hækkunin stafaði af auknu magni efnis sem tekið var úr innsiglingu. Sveitarfélagið kostaði byggingu fyrirstöðugarðs til að halda við efnið á fyllingarsvæðinu. Verkinu var að mestu lokið um áramót.

Í október varð hafnaráð við ósk heimamanna um að flýta byggingu Suðurgarðs, sem er á hafnaáætlun 2008, með það að markmiði að nýta það efni sem kæmi úr viðhaldsdýpkun. Ekki varð þó úr að framkvæmdir hæfust við Suðurgarð en efni úr dýpkuninni var í staðinn sett í fyllingu sunnan smábátahafnar eins og að framan er lýst.

Hofsós: Enn var frestað endurbótum á bryggjuvegg Norðurgarðsins.

Framkvæmdakostnaður: 16,1 millj. kr.

Fjallabyggð.

Siglufjörður: Þrjú verk voru á hafnaáætlun 2007: Dýpkun við Óskarsbryggju, niðurrif SR-bryggju og lenging skjólgarðs við Öldubrjót. Unnið var að undirbúningi dýpkunar og rifi SR bryggju, dýptarmælingu og gerð útboðsgagna. Í maí voru dýpkun og bryggjurif boðin út. Tvö tilboð bárust en var báðum hafnað því þau voru langt yfir kostnaðaráætlun. Ístak hf. bauð 90 millj. kr. og Björgun efh 120 millj. kr., kostnaðaráætlun hönnuða var 53,4 millj. kr. Ákveðið var að fresta frakvæmdum fram á næsta ár og fá þá auknar fjárheimildir. Losa á steypu og stálhluti úr bryggjurifinu á svæði sem fer undir skjólgarð og var því lengingu skjólgarðsins einnig frestað.

Ólafsfjörður: Lítilsháttar var unnið að frágangi við Togarabryggju en ólokið er innréttingu mastursúss, smíði rafmagnstöflu og kaupum á ljósamastri.

Innsigling í Vesturhöfn, endurbygging og frágangur garðsenda er á hafnaáætlun 2010. Heimamenn óskuðu eftir að verkinu yrði flýtt þar sem hagkvæmt væri að nýta í það efni sem til fellur úr Héðinsfjarðargöngum. Samþykkt var að verða við þessu en verkið var ekki hafið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 2,1 millj. kr.

Dalvík.

Unnið var að undirbúningi endurbyggingar 65 m langrar harðviðarbryggju við Suðurgarð, en verkið var upprunalega á áætlun 2004. Keypt var festingarefni, boltar og rær af EP verkum ehf. sem voru lægstir í útboði í lok maí á festingum en útboðið sameiginlegt fyrir nokkrar hafnir. Sameiginlegt útboð á harðviði fór fram í maí fyrir Ólafsvík, Dalvík, Húsavík, Grímsey og Flatey á Breiðafirði. Samið var við Mest ehf. um afhendingu á efninu á haustmánuðum en mikil úrkoma í Mið-Afríku, þaðan sem efnið kemur, tafði afgreiðslu. Efnið var ekki komið nema að hluta um áramót. Gert er ráð fyrir útboði framkvæmda í janúar 2008.

Lenging grjótgarðs um 7.300 m³ á Hauganesi var boðin út í desember og verða tilboð opnuð í janúar 2008.

Undirbúningur við nýtt 40 m stálþil Ferjubryggju, 12 m skutaðstöðu og 23 m gafla, hófst á árinu en ráðgert er að bjóða út verkið árið 2008.

Framkvæmdakostnaður: 4,0 millj. kr.

Grímsey.

Í júní voru boðnar út framkvæmdir við Grímseyjarhöfn sem fólu í sér færslu á landgarði um 35m til vesturs ásamt öldudempandi fláa, dýpkun í –3,0 m á svæði innan garðsins, lengingu nyrðri skjólgarðs og bygging harðviðarbrúsa á enda hans. Engin tilboð bárust, en vonir eru bundnar við að hægt verði að semja við heimamenn um framkvæmdina sumarið 2008. Keypt var festingaefni frá EP verki ehf. Grindavík í 20 m lengingu harðviðarbryggju að undangengnu útboði og harðviður í bryggjuna boðin út.

Hafinn var undirbúningur við harðviðarskutaðstöðu fyrir Grímseyjarferju og fyllingu en verkið var á hafnaáætlun 2007. Gert er ráð fyrir því að framkvæmdir hefjist árið 2008.

Framkvæmdakostnaður: 2,9 millj. kr.

Hafnasamlag Norðurlands.

Akureyri: Bið varð á lengingu Tangabryggju sem Gáma- og tækjaleiga Austurlands ehf. vann samkvæmt verksamningi frá 2005. Vegna botnlags hefur þilið sigið um 50 cm og ekki var unnt að ljúka kantsteypu fyrr en síðla ársins. Þeim verkhluta sem samið var um við Gáma- og tækjaleiguna er nú lokið. Eftir er að steypa þekju og ganga frá lögnum í bryggjuna.

Undirbúningur Oddeyrarbryggju hófst árið 2006 en í verkinu felst að lengja viðlegukantinn um 65 m, hönnunardýpi 11 m, og setja 24 m landgafl við austurenda. Setja á bráðabirgðakant á þilið þar sem gert er ráð fyrir sigi á undirlagi. Verk, sem felur í sér römmun þils, fyllingu og kantsteypu, var boðið út í febrúar 2007 en engin tilboð bárust. Útboðið var svo endurtekið í lok ágúst og í framhaldi af því samið við Árna Helgason ehf., en hann var lægstur af þremur verktökum sem skiluðu inn tilboði. Bauð hann 34,2 millj. kr. sem var 88,4% af kostnaðaráætlun. Keypt var stálþil frá G. Arasyni ehf. Verkið hefur gengið vel en var ólokið um áramót.

Frestað var rekstri stálþils við Ísbryggju ÚA en lítilsháttar unnið við undirbúning.

Svalbarðseyri: Lokið var við að rífa gamla 1.500 m² trébryggju og koma efninu í förgun. Grjótgarður var lengdur um 65 m með 7.200 m³ af kjarna og grjóti. Um verkið sá Arnarfell ehf. á Akureyri. Verkið varð dýrara en áætlað hafði verið og fullnýttar voru fjárveitingar úr byggingu trébryggju og verki því frestað.

Grenivík: Í ágúst var lokið við gerð uppsáturs fyrir smábáta. Verkið var á hafnaáætlun en hafði verið frestað frá 2005. Verkið var ekki boðið út heldur samið við Kötlu ehf. frá Árskógsströnd um að aka út 2.500 m³ fyllingarefni, kjarna og grjóti í undirstöðu, endurraða 500

m³ og steypa að lokum 5x17 m upptökubraut. Uppsátursbrautin var lengd um 5,0 m frá fyrri áætlun.

Hjalteyri: Unnið var að lengingu á sandfangara um 30 m og eknir voru út 436 m³ af efni sem fengið var úr námu á Árskógssandi. Dalverk ehf. Dalvík annaðist verkið sem var hannað af heimamönnum. Framkvæmdin var fjármögnuð af óskiptum lið til viðhaldsdýpkana. Með lengingu sandfangarans er dregið úr efnisburði inn í höfnina og þörf fyrir viðhaldsdýpkun sem annars er árviss.

Framkvæmdakostnaður: 81,9 millj. kr.

Norðurþing.

Húsavík: Í júní var boðin út steypt þekja á Bökugarð. Í verkinu fólst að leggja vatns- og raflagnir í bryggju, snjóbræðslurör í um 2.000 m², steypa 4.000 m² af þekju, byggja rafbúnaðarhús og ganga frá raforkuvirki. Gengið var til samninga við lægstbjóðanda, Norðurvík ehf., sem bauð 57 millj. kr. eða sem svarar 95% af kostnaðaráætlun. Verkinu var að mestu lokið um áramót en eftir er lítilsháttar frágangur, m.a. að pokapússa rafbúnaðarhús að utan.

Lokið var uppsetningu fríholta og gengið frá rafmagni við flotbryggju sem keypt var árið 2006. Ekki hefur verið gert við trébryggjuna sem flotbryggjan stendur við.

Hafinn var undirbúningur á endurbyggingu á Suðurgarði, 60 m bryggju. Keyptir voru boltar, rær og festingar af lægstbjóðanda EP-verkum ehf. Grindavík og boðinn út harðviður. Gert ráð fyrir að bryggjusmíðin fari í útboð fyrra hluta árs 2008.

Kópasker: Engar ríkisstyrktar framkvæmdir fóru fram árið 2007.

Raufarhöfn: Engar ríkisstyrktar framkvæmdir fóru fram árið 2007.

Framkvæmdakostnaður: 67,2 millj. kr.

Langanesbyggð.

Þórshöfn: Í maí var boðin út vinna við lengingu á Norðurgarði um 60 m. Í verkinu fólst að vinna um 30.320 m³ af grjóti og kjarna í námu og leggja út í garðinn. Gengið var til samninga við lægstbjóðanda Suðurverk ehf. sem bauð 43,3 millj. kr. eða 77% af kostnaðaráætlun. Grjótið var unnið í námu tveimur km austan við Þórshöfn. Verkinu lauk í nóvember. Einnig voru sprengdir 20.000 m³ af föstu bergi sem notaðir verða í fyllingu í fyrirhugaða endurbyggingu á hafskipabryggju.

Unnið var að hönnun og gerð útboðsgagna vegna endurbyggingar Hafskipabryggju og dýpkunar framan við hana og við Suðurgarð. Gert er ráð fyrir að verkið verði boðið út í tveimur áföngum, fyrst dýpkun og rif, en síðar rekstur á þili.

Lokið var við töflusmíði og frágang raflagna við Löndunarbryggjuna og annaðist Raftó ehf. verkið.

Í október úthlutaði hafnaráð styrk af óskiptu til slysavarna til uppsetningu á raflögn á flotbryggju og innsiglingaljósa við enda Suðurgarðs.

Bakkafjörður: Unnið var að öryggismálum og uppsetningu stigaljósa og en áður hafði hafnaráð úthlutað styrk úr óskiptu til slysavarna.

Framkvæmdakostnaður: 66,5 millj. kr.

Vopnafjörður.

Hagtak hf. lauk vinnu sinni við Miðbryggju-Löndunarbryggju í júní. Löndunarbryggja hefur verið lengd um 150 m með 10,0 m viðlegudýpi.

Dýpkun innsiglingar og svæða innan hafnar var boðin út á árinu. Tvö tilboð bárust og reyndust þau yfir kostnaðaráætlun og var þeim báðum hafnað. Gengið var til viðræðna við

báða bjóðendur, Hagtak ehf. og Björgun ehf., um að þeir tækju að sér í sameiningu dýpkunina á grundvelli kostnaðaráætlunar hönnuða. Samningar náðust og verður dýpkað í –10,0 m fyrir 140 millj. kr. sem er 98% af kostnaðaráætlun. Verkið var hálfnað um áramótin.

Framkvæmdakostnaður: 99,1 millj. kr.

Borgafjörður eystri.

Uppgjör vegna lengingar Nýjubryggju fór fram á árinu.

Framkvæmdakostnaður: 1,5 millj. kr.

Seyðisfjörður.

Unnið var að frágangi við Bæjarbryggju á árinu. Steypt var þekja ofan við bryggjuna og gengið frá raflögn. Þekjan var styrkhæf að 30 m fjarlægð frá bryggjukanti eða sem nam 279 m². Um hönnun og eftirlit sá Verkfræðistofa Austurlands og heimamenn sáu um framkvæmd.

Lokið var viðgerð á Strandarbakka. Grófri möl var komið fyrir framan við þilið til að hindra frekara rof af völdum bógskrúfu Norrænu. Þar sem holrúm hafði myndast undir þekju var steypu dælt undir. Heimamenn sáu um framkvæmdir.

Hafnaráð ákvað í maí að styrkja uppsetningu stormpolla innst við Strandarbakkann. Samið var við Guðlaug Einarsson ehf. um verkið, en Siglingastofnun sá um hönnun og eftirlit. Féð var tekið af óskiptu.

Framkvæmdakostnaður: 3,0 millj. kr.

Fjarðabyggð.

Mjóifjörður: Hafinn var undirbúningur að endurbyggingu og styrkingu trébryggju. Gert er ráð fyrir að verkið verði boðið út haustið 2008.

Neskaupstaður: Lokið var uppgjöri vegna byggingar skjólgarðs norðan hafnar en ólokið er námufrágangi.

Lokið var uppgjöri vegna lengingar Togarabryggju.

Reyðarfjörður: Lokið var smíði hafnsögubáts fyrir stóriðjuhöfnina samkvæmt samningi sem gerður var í lok árs 2005 við Damen skipasmíðastöðina í Hollandi, en skrokkurinn var smíðaður í Póllandi. Formleg afhending var 17. júní 2007. Báturinn er 96 tonn að stærð með tveimur 1000 hestafla vélum. Um borð er öflug brunadæla sem getur dælt um 300 m³ á klukkustund.

Lokið var uppgjöri vegna lagna og þekju við stóriðjuhöfnina Mjóeyri, verki sem samið var um við Héraðsfjörð ehf. á síðasta ári.

Dýpt Mjóeyrarhafnar var mæld.

Framkvæmdakostnaður: 155 millj. kr.

Breiðdalsvík.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir fóru fram árið 2007.

Djúpivogur.

Efni í harðviðarbryggju var keypt árið 2006, en heimamenn ákváðu að fresta útboði á bryggjusmíðinni enn um sinn.

Engar ríkisstyrktar framkvæmdir fóru fram árið 2007.

Höfn í Hornafirði.

Vinnu við Bátstangabryggju lauk á árinu en eftir var að ganga frá lýsingu og raflögnum. Verktakinn við bryggjusmíðina, Sveinn Sighvatsson, sá einnig um rafmagnsþáttinn. Tveimur 12 m ljósastaurum var komið fyrir á hvorum enda bryggjunnar auk eins rafmagnsskáps.

Fallið var frá samningi sem gerður var í mars 2006 um viðhalds- og stofndýpkun innan hafnar árin 2007–2008 við Gáma- og tækjaleigu Austurlands og gert upp við verktakann. Verkið var boðið út aftur. Lægstbjóðandi var fyrirtækið Trölli ehf. á Hornafirði sem mun sjá um viðhaldsdýpkun fyrir árin 2007 og 2008. Árleg viðhaldsdýpkunarþörf er um 25.000 m³ af efni upp úr höfninni.

Unnið var að undirbúningi á endurnýjun á stálþili við Álaugareyjarbryggju sem er frá árinu 1967 og lengingu þess um 85 m. Heildarlengd bryggjunnar verður því 155 m og dýpi 9,0 m. Í mars var boðið út efni í þilið og var það keypt af lægstbjóðanda G. Arasyni ehf., samtals 385 tonn af stáli og festiefni. Í desember var boðinn út rekstur þilsins, fylling og steypa á kantbita en tilboð voru opnuð eftir áramót og gert ráð fyrir að verkið verði unnið á árinu 2008.

Framkvæmdakostnaður: 62,5 millj. kr.

Landeyjahöfn (Bakkafjöruhöfn).

Í byrjun árs skilaði Det Norske Veritas áhættumati vegna siglinga milli Vestmannaeyja og Bakkafjöru. Matið var í alla staðið jákvætt og var áhættan metin 1/6 af því að sigla til Þorlákshafnar. Danska verkfræðistofan COWI var fenginn til að leggja mat á vinnu Siglingastofnunar og hvort raunhæft væri að byggja höfn á Bakkafjöru. Niðurstöður COWI voru jákvæðar og taldi verkfræðistofan að faglega væri að öllu staðið. Unnið var áfram að rannsóknum af DHI, dönsku straumfræðistofnuninni, á sandburði við Landeyjahöfn og mun sú vinna standa yfir til ársloka 2008. Stýrihópur um Bakkafjöruhöfn, sem í sitja fulltrúar samgönguráðuneytis, Siglingastofnunar og Vegagerðarinnar, skiluðu skýrslu í mars. Þar var heildarkostnaður við ferjukaup, hafnar- og vegagerð metinn á um 5,6 milljarða króna. Vorið 2007 hóf Landgræðslan uppgræðslu Landeyjasands og strax um haustið hafði tekist að græða upp nokkra hektara af sandi. Vorið 2007 hófst vinna við gerð umhverfismatsskýrslu og lá matsáætlun fyrir haustið 2007. Í ágúst 2007 var tekin ákvörðun um að ráðast skyldi í byggingu Landeyjahafnar og útboð á ferjusiglingum milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar. Í framhaldi af því hófst hönnunarvinna.

Framkvæmdakostnaður: 41,7 millj. kr.

Vestmannaeyjaferja: Í ágúst 2007 var tekin ákvörðun um að bjóða út ferjusiglingar milli Vestmannaeyja og Bakkafjöru. Útboðið skyldi vera rekstrarútboð þar sem ferjurekandi átti ferjuna. Í október var forval á ferjusiglingum milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar og skiluðu 5 aðilar inn gögnum. Samþykkt var í desember að gefa fjórum aðilum tækifæri til að bjóða í ferjusiglingar en þeir eru Nýsir, Eimskip, Samskip og Vinnslustöðin ásamt Vestmannaeyjabæ.

Framkvæmdakostnaður: 7,7 millj. kr.

Vestmannaeyjar.

Endanlega var lokið uppgjöri við Steina og Olla ehf. vegna lagna og þekju við vesturkant Friðarhafnar, en það verk var boðið út og unnið árið 2005.

Unnið var áfram við endurbyggingu 207 m stálþils við Básaskersbryggju. Framkvæmdum við rekstur stálþils, fyllingu og steypu kantbita, sem samið var um við Íslenska Gámafélagið ehf. í nóvember 2006, lauk í ágúst 2007.

Ráðist var í endurbyggingu Bæjarbryggju en verkið hafði verið á dagskrá síðan 2005. Samið var við Íslenska Gámafélagið ehf. um endurbyggingu fremsta hluta bryggjunnar. Bryggjuveggur, sem var að hruni kominn var brotinn niður á 15 m löngum kafla og endursteyptur. Einnig var brotin upp og endursteypt 60 m² þekja, vatnslögn lagfærð og kanttré endurnýjuð. Síðan voru tröppur endursteyptar og undirstaða fyrir löndunarkrana. Eftir er ýmis frágangur vegna rafmagns o.fl.

Framkvæmdakostnaður: 84,0 millj. kr.

Þorlákshöfn.

Lokið var við byggingu á 250 m löngu stálþili norðan Svartaskersgarðs er hófst árið 2005. Þvert á norðvesturenda þilsins, við syðri skjólgarð smábátahafnar, var byggð löndunarbryggja, 37 m langur stálþilskantur með 13 m gafli. Þessi viðbót við þilið var tekin inn í samgönguáætlun 2007–2010 og er því styrkhæf. Um mitt ár 2007 lauk Gáma- og tækjaleiga Austurlands ehf. sínum verkhluta sem fólst í rekstri þilsins, fyllingu og steypu kantbita. Í lok maí var boðin út þekja og lagnir við þilið og samið við lægstbjóðanda, Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. Verkið fólst í malbikun 7.650 m² þekju, leggja vatns- og raflagnir í bryggju, ganga frá lýsingu ásamt uppsteypu rafbúnaðar- og vatnshúss 2,5x5,5 m. Rafmagnsheimtaug 630A var lögð að rafbúnaðarhúsi, sjö tenglaskápar settir upp við kant með 125A, 63A og 16A tenglum ásamt endurnýjun á eldri raf- og lýsingarbúnaði. Einnig var komið fyrir tveimur ljósamöstrum. Sjö vatnsúttök fyrir kalt vatn og þrjú úttök fyrir heitt vatn voru sett við kantinn. Steyptar voru undirstöður fyrir tvo löndunarkrana. Undirverktakar voru Colas ehf. með malbikslögn, Rafvör ehf. með raflagnir og Tréholt ehf. með steypt mannvirki. Verkinu var ekki að fullu lokið um áramótin. Verksamningur hljóðaði upp á kr. 62,5 millj. kr. sem var 100,05% af áætlun hönnuða.

Haldið var áfram dýpkunum í Austur- og Vesturhöfn samkvæmt verksamningum sem gerðir voru á síðasta ári við Björgun ehf. um dælingu á 195.000 m³ af lausu efni og Ístak hf. um 95.000 m³ gröft á föstu efni í Vestur- og Austurhöfn. Magnaukning var aðallega hjá Björgun sem fólst í meiri dýpkun við löndunarbryggjuna og í smábátahöfn. Með viðbótardýpkunum voru fjarlægðir samtals um 320.000 m³ úr höfninni. Um 2/3 af efninu voru settir á land en 1/3 losaður í sjó utan við Suðurgarð og framundan Hafnarbergi. Verkinu lauk að mestu á árinu en úttektarmæling leiddi í ljós að á nokkrum stöðum vantaði á dýpi og eiga verktakar eftir að lagfæra það. Enn fremur reyndist klöpp vera í botni í suðvesturhorni smábátahafnar. Gert er ráð fyrir að þar verð sprengt og dýpkað á næsta ári.

Innst í nýju höfninni, þ.e. austurhöfninni var lokið byggingu þvergarðs til þess að skýla smábátahöfninni. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. vann verkið samkvæmt útboði sem fram fór árið 2003. Syðri garðurinn er um 100 m en sá nyrðri er um 60 m að lengd. Á milli þeirra er innsiglingin inn í smábátahöfnina. Efnismagn í garðana var samtals 10.000 m³ af kjarna og grjóti.

Ístak hf. vann áfram að að niðurrifi Norðurvararbryggju samkvæmt verksamningi. Bryggjan var stytt um 133,4 m. Eftir bryggjurifið varð mun meiri sjógangur í fjörunni framan við Meitilinn og var ákveðið að gera þar öldudempandi grjótfláa til að draga úr frákasti og verjast landbroti og það yrði hluti af verkinu. Því lauk ekki á árinu.

Unnið var að gerð aðstöðu fyrir báta í nýju smábátahöfninni. Steyptir voru tveir landstöplar fyrir flotbryggjur og 30 m löng flotbryggja, sem staðsett hafði verið sunnan Norðurvararbryggju, var færð og komið fyrir við nyrðri stöpulinn. Heimamenn sáu um framkvæmdir. Verkinu var ekki að fullu lokið um áramót.

Í byrjun árs var boðin út smíði hafnsögubáts. Útboðsgögn voru gerð af Siglingastofnun, Ríkiskaupum og Navis-Feng og þarfalýsing ákvörðuð af Siglingastofnun í samstarfi við heimamenn. Tilboð sem bárust í verkið voru hærri en ætlað var skv. samgönguáætlun og var þeim því öllum hafnað en bjóðendum sem skiluðu tilboðum í smíðina var boðið að skila inn endurskoðuðum tilboðum þar sem kröfum var lítillega breytt og smíðatími endurskoðaður. Svipuð niðurstaða fékkst og var tilboðunum hafnað og ákveðið að ganga til samningaviðræðna við Faxaflóahafnir um kaup á notuðum dráttarbát. Samningsverð var 60 millj. kr. Báturinn var smíðaður í Damen í Hollandi árið 2000, 16 m að lengd og 5,5 m að breidd með djúpristu um 2,3 m. Togkraftur er 12 tonn og siglingahraði 10 hnútar.

Unnið var að úrbótum í öryggismálum Þorlákshafnar sem byggðist á úttekt Siglingastofnunar sem fram fór árið 2003. Sett voru stigaljós á Svartaskersbryggju og 6 stigar á flotbryggju auk annars öryggisbúnaðar.

Sett voru upp ljós og endurskinsmerki á nýja Austurgarðinn og tunnuna á enda Suðurgarðs. Hafnaráð ákvað að styrkja verkefnið og fékkst fjárveiting af óskiptum lið til slysavarna.

Hafinn var undirbúningur að viðhaldsdýpkun við hafnarmynni sem fyrirhuguð er á næsta ári.

Framkvæmdakostnaður: 187,4 millj. kr.

Grindavík.

Í árslok 2006 var boðin út römmun þils, fylling og steypa á kantbita við stálþilsbryggju vestan Miðgarðs. Í janúar 2007 voru tilboðin opnuð og gengið til samninga við lægstbjóðanda, Hagtak ehf., um framkvæmdina. Verksamningur var að upphæð 67,3 millj. kr. sem er 89% af 75 millj. kr. kostnaðaráætlun hönnuða. Rekið var 100 m langt stálþil vestan við Miðbakka í sprengdan skurð. Við hvorn enda eru 18 m langir gaflar. Nýi hafnarbakkinn hefur fengið nafnið Norðurgarður. Dýpið við bakkan er 9,0 m. Steyptur var 136 m langur kantur með pollum og þybbum. Innan við þilið fóru 18.000 m³ af fyllingarefni. Undirverktakar voru Litlafell ehf. sem sá um jarðvegsvinnu og Guðlaugur Einarsson ehf. sem steypti kantinn. Samningsverkinu lauk í október en eftir er að ganga frá lögnum við þilið og steypa þekju.

Gengið var frá lokauppgjöri vegna endurbyggingar Svíragarðs en framkvæmdinni lauk síðla árs 2006.

Hafin var smíði nýs dráttarbáts í skipasmíðastöðinni Francisco Cardama A.S. á Spáni sem átti lægsta boð í útboði, 775.000 evrur eða u.þ.b. 65 millj. kr. Útboðsgögn voru gerð af Siglingastofnun, Ríkiskaupum og Navis-Feng ehf. Þarfalýsing var ákvörðuð af Siglingastofnun í samstarfi við heimamenn. CNV Naval architects á Spáni hönnuðu bátinn. Verksamningur var undirritaður 3. október 2007 og verklok eru áætluð 15. júní 2008.

Flokkunarfélagið er Bureau Veritas.

Framkvæmdakostnaður 84,6 millj. kr.

Sandgerði.

Unnið var að úrbótum í öryggismálum og m.a. endurnýjaðir bryggjustigar og kanttré. Hafnaráð hafði á árunum 2005 og 2006 úthlutað fjárheimildum af liðnum óskiptu til slysavarna.

Framkvæmdakostnaður 3,3 millj. kr.

Óstyrkhæfar hafnarframkvæmdir.

Kópavogur.

Engar hafnarframkvæmdir voru við Kópavogshöfn.

Faxaflóahafnir.

Til fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum árið 2007 var varið 1.341 millj. kr. og var skipting þeirra fjármuna eftir athafnasvæðum þannig:

	Millj. kr.	%
Gamla höfnin	444	33,1
Sundahöfn	558	41,6
Grundartangi	217	16,2
Akranes og Borgarnes	68	5,1
Annað	54	4,0
Alls	1.341	100,0

Í Gömlu höfninni var unnið að gatna- og lóðarfrágangi á Norðurgarði auk þess sem unnið var að lokaáfanga við römmun stálþils á Grandabryggju og endurnýjun raflagna á því svæði. Unnið var að gatnagerð á Fiskislóð, lokið við dýpkun í Suðurbugt og hafist handa um landmótun á Mýrargötusvæðinu.

Í Sundahöfn var lokið við Köllunarklettsveg og byggingu þjónustumiðstöðvar fyrir farþega skemmtiferðaskipa á Skarfabakka. Haldið var áfram með landgerð utan Klepps og 150 m lenging hafnarkants á Vogabakka undirbúin m.a. með útboði á stálþili. Á Grundartanga var unnið að lagningu slitlags, endurbótum á holræsum og frágangi hafnarverndarsvæðis auk þess sem unnið var að undirbúningi lóða vestan Járnblendiverksmiðjunnar.

Á Akranesi var unnið að lagfæringu á enda aðalhafnargarðs.

Í Borgarnesi var áfram unnið að umhverfisbótum á hafnarsvæðinu.

Á árinu 2007 var skrifað undir samning um smíði á nýjum dráttarbát sem væntanlegur verður til Faxaflóahafna sf haustið 2008. Báturinn kemur í stað Jötuns, sem seldur var til Þorlákshafnar. Nýr Jötunn mun verða með 27 tonna togkrafti og verða þá fjórir dráttarbátar í eigu Faxaflóahafna sf með samtals 87 tonna togkraft.

Hafnarfjarðarhöfn.

Á árinu var lokið við byggingu Hvaleyrarbakka, 200 metra viðlegu með 10 m dýpi. Heildarkostnaður við verkið var um 400 millj. kr.

Lokun hafnarsvæðisins lauk með því að loka Hvaleyrarbakka, færa og lagfæra girðingu við Suðurbakka niður að hafnarbakkanum. Enn fremur var hlið á Cuxhavengötu fært niður að Suðurbakka.

Gerð var aðstaða fyrir báta hafnarinnar, HB Þrótt og HB Hamar, í kverkinni milli Suðurbakka og Þverkers. Flotbryggja úr stálflotum var tengd við land með stálstögum. Lagt var rafmagn og vatn að bátunum sem og öflugur landgangur.

Girðingar voru færðar til, settar upp eftirlitsmyndavélar við Flensborgarhöfn og rafmagnstöflur lagfærðar í tveimur mastershúsum ásamt frekari lagfæringu rafmagns í hafnarbökkum.

Ýmist smálegt var lagfært á hafnarsvæðinu, eins og grjótvörn við Háabakka o.fl.

Fjarðabyggð.

Neskaupstaður: Keypt var ný 20 metra löng steypt flotbryggjueining og jafnframt útbúin landfesting fyrir hana. Framkvæmdum lauk á árinu.

Hafinn var undirbúningur að löndunarbryggju, 95 m stálþili, og er gert ráð fyrir að framkvæmdir við römmun þilsins geti hafist árið 2008 og að heildarkostnaður verði 95 millj. kr.

Reyðarfjörður: Hafinn var undirbúningur að stækkun Mjóeyrarhafnar (Framneshöfn) með gerð nýs 160 m hafnarkants um 200 m fyrir vestan núverandi hafnarkant. Gert er ráð fyrir að byrjað verði á landfyllingum á árinu 2008 en að framkvæmdum við stálþilið verði lokið 2010. Áætlaður verkkostnaður er 470 millj. kr.

Fáskrúðsfjörður: Lokið var framkvæmdum við endurnýjun á 315 m^2 þekju Fiskeyrarbryggju. Gamla þekjan var brotin upp og ný steypt í staðinn.

Stöðvarfjörður: Keypt var ný 20 m löng steypt flotbryggjueining sem hengd var við þá flotbryggjueiningu sem var til staðar.

Heildarkostnaður varð 15,9 millj. kr.

Ferjubryggjur.

Unnið var að viðhaldi á eftirtöldum ferjubryggjum:

Vigur: Unnið var við endurnýjun á innsiglingarbauju með botnfestum og ljósi.

Flatey Breiðafirði: Unnið var við hönnun og gerð útboðsgagna ásamt efnispöntun vegna væntanlegra endurbóta og stækkunar fyrir fb Baldur.

Reykjanes: Viðhald á innsiglingarljósum.

Arngerðareyri: Viðhald á innsiglingarljósum.

Æðey: Keyptir voru frá Bretlandi nýir stálburðarbitar undir landganginn milli landveggs og bryggjukers og skipt um annan en hinn bíður næsta vors.

Holt: Ekið var grjóti að landvegg bryggjunnar til að koma í veg fyrir tjón.

Sjóvarnargarðar.

Hvalfjarðarsveit: Í október 2007 lauk Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar á Akranesi verki sem samið var um á síðasta ári í Hvalfjarðarsveit og á Akranesi. Við Þaravelli var gerð 150 m sjóvörn, magn um 2.020 m^3 og við Krossland-Akrakot var gerð um 730 m löng sjóvörn frá Leyni og norður fyrir Akrakot, magn 10.318 m^3 þar af um 1.500 m^3 í göngustíg við Krossland. Efni var tekið úr Kirkjubólsnámu.

Framkvæmdakostnaður alls 10,4 millj. kr.

Akranes: Verksamningur við Vélaleigu Halldórs frá 2006 var um sjóvarnir við Langasand austan Merkiklappar, Breið norðvesturhluta við olíutanka og Lambhúsasund frá Haferninum að Bakkatúni. Aðeins var unnin 160 m kafli í Lambhúsasundi, magn 4.750 m^3 tekið úr Kirkjubólsnámu. Heimamenn óskuð eftir að frestað yrði gerð sjóvarna á Langasandi og Breið en í staðinn yrði farið í sjóvarnir við Leyni og Esjubraut. Sjóvarnaáætlunin 2007–2010 var samþykkt og útboð auglýst í desember en tilboð opnuð 15. janúar 2008.

Framkvæmdakostnaður 11,0 millj. kr.

Snæfellsbær, Ólafsvík: Boðnar voru út sjóvarnir við Snoppuveg (fiskverkun Hróa um 130 m), Ennisbakka (áður fiskverkun Klumbu 170 m) og austan við Ytra-Klif (125 m) í september, alls 14.500 m^3 af grjóti og kjarna. Samið var við lægstbjóðanda, Stafnafell ehf., sem bauð 22 millj. kr. í verkið. Verkinu var ólokið í árslok.

Framkvæmdakostnaður 7,5 millj. kr.

Dalabyggð: Unnið að hönnun og undirbúningi sjóvarnargarðs neðan sláturhúss.

Framkvæmdakostnaður: 0,4 millj. kr.

Vesturbyggð: Frestað var framkvæmdum við sjóvörn við Brunna til 2008.

Framkvæmdakostnaður 0,4 millj. kr.

Ísafjarðarbær: Á Ísafirði vann K.N.H. ehf. við að endurraða og lengja sjóvörn í Suðurtanga innan við skipasmíðastöð um 80 m. Magn um 1.200 m³. Á Þingeyri var byggður og endurraðað í 130 m sjóvarnargarð utan við höfnina framan við gömlu smiðjuna, samtals 4.300 m³. Tækniþjónusta Vestfjarða sá um daglegt eftirlit. Ólokið er frágangi í grjótnámu á Þingeyri.

Framkvæmdakostnaður 14,2 millj. kr.

Súðavík: Tígur ehf. Súðavík sá um að lengja sjóvörnina neðan við Nesveg til norðurs um ca. 50 m. Grjót fékkst úr námu á Súðavík alls 1.150 m³. Tækniþjónusta Vestfjarða sá um eftirlit og lauk verkinu í nóvember. Framkvæmdakostnaður alls 3,3 millj. kr.

Bæjarhreppur: Hafin var gerð um 270 m sjóvarnar norðan Borðeyrartanga og fóru í það um 1.900 m³. Efni var tekið úr grjótnámu í Háamel, skammt sunnan Borðeyrar. Í lok desember gerði mikið suðaustan veður og brotnaði sunnan úr tanganum. Var þá ákveðið að bæta við um 60 m og var því ekki lokið um áramót. Verkið var boðið út með verki í Húnaþingi vestra. Framkvæmdakostnaður alls 6,1 millj. kr.

Húnaþing vestra: Sjóvörn við Hamarsrétt var boðin út með verki á Borðeyri. Eitt tilboð barst, frá Víðimelsbræðrum ehf. Verklok voru 21. september. Grjót var sótt í námu við Hólabak alls 1.562 m³ og um 100 m³ í námu við Hvammstanga.

Framkvæmdakostnaður alls 10,8 millj. kr.

Blönduós: Víðimelsbræður ehf. unnu verk samkvæmt samningi sem hófst í janúar og því lauk í apríl. Gerð var 112 m löng sjóvörn að Háubrekku og 146 m löng meðfram Blöndu. Magn alls 3.774 m³. Viðbótarverk, endurbyggð sjóvörn framan við Hafnarbraut 3 á um 45 m kafla. Fóru í það alls 558 m³. Grjót tekið úr námu að Hólabaki.

Framkvæmdakostnaður alls 15,5 millj. kr.

Siglufjörður: Unnið að undirbúningi og fjaran mæld upp en framkvæmdum við sjóvarnir var frestað því ætlunin er að vinna verkið með brimvarnargarðinum við Brjót.

Framkvæmdakostnaður: 0,2 millj. kr.

Ólafsfjörður: Unnið var við sjóvörn í eystri fjöru og í vestari fjöru. Verktaki er Árni Helgason. Verkinu er ekki lokið.

Framkvæmdakostnaður: 7,9 millj. kr.

Akureyri: Sjóvörnin á Hjalteyri var lengd frá vita til norðurs um 150 m eða alls um 1.755 m³. Dalverk ehf. Dalvík sá um verkið en efni var fengið úr námu á Árskógssandi. Verkið hófst í nóvember og lauk í desember.

Framkvæmdakostnaður: 4,5 millj. kr.

Hrísey: Fyrirhuguðum framkvæmdum var frestað.

Framkvæmdakostnaður: 0,2 millj. kr.

Svalbarðsstrandarhreppur: Unnið var við styrkingu fjörukambs við tjörnina. Verkið hófst árið 2006 og því lauk í janúar 2007. Arnarfell ehf. á Akureyri var verktaki og útvegaði efni.

Framkvæmdakostnaður: 5,1 millj. kr.

Borgarfjörður eystri: Unnið að undirbúningi sjóvarna í Karlafjöru og við fiskmóttökuhús norðan Bakkagerðisbryggju. Samið um verkið við Vélaleigu J.H.S. ehf. á Borgarfirði en framkvæmdir ekki hafnar um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 0,1 millj. kr.

Vík í Mýrdal: Jarðfræðistofan Stapi ehf. skilaði í janúar greinargerð um líklega staði fyrir grjótnám í sjóvarnargarð við Vík.

Framkvæmdakostnaður: 0,1 millj. kr.

Vestmannaeyjar: Ekkert var unnið við sjóvörn á síðasta ári þar sem lítið er um grjót og grjótnámur í eyjunum. Verið var að taka grunn að byggingu í Vestmannaeyjum og þar féll til um 370 m^3 af stórgrýti sem var keypt og sett á lager á fyllingu á Eiðinu.

Framkvæmdakostnaður: 0,6 millj. kr.

Sveitarfélagið Árborg: Í sjóvarnáætlun 2005–2008 var gert ráð fyrir sjóvörn á 250 m kafla framan við orlofshús austast á Stokkseyri árið 2007. Fjaran var mæld framan við sumarhúsabyggðina og gerð tillaga að sjóvörn og í framhaldi var fundað með eigendum sumarhúsa. Þeir lögðust gegn því að sjóvörnin yrði byggð og var ákveðið að fresta verkinu. Í áætlun 2007–2010 er gert ráð fyrir þessu verkefni á árinu 2009 en að það verði talsvert minna í sniðum.

Framkvæmdakostnaður alls 0,3 millj. kr.

Sveitarfélagið Ölfus: Ræktunarsamband Flóa og Skeiða vann að sjóvörnum í Selvogi, við Strandarkirkju og Torfabæ. Grjót og kjarni sem flutt var frá námu við Þorlákshöfn voru u.þ.b. 600 m^3. Til viðbótar var notaður 200 m^3 haugur af túni Eimu. Við Torfabæ var sjóvörn styrkt við hlaðinn sjóvegg sem er menningarminjar. Einnig var sjóvörn styrkt við Strandarkirkju. Framkvæmdakostnaður alls 2,2 millj. kr.

Grindavík: Hafinn var undirbúningur að sjóvörn við Gerðistanga og stefnt er að útboði árið 2008.

Framkvæmdakostnaður: 0,2 millj. kr.

Sandgerði, Gerðahreppur og Vatnsleysustrandarhreppur: Fram haldið var vinnu við sjóvarnir sem boðnar voru út sameiginlega á árinu 2006 og þeim lokið á árinu. Mest var unnið í Vatnsleysustrandarhreppi eða fyrir kr. 35 millj. kr. Verktaki var Íslenskir aðalverktakar.

Framkvæmdakostnaður: 45,3 millj. kr.

Álftanes, svf.: Lokið var við uppgjör framkvæmda frá árinu 2007.

Framkvæmdakostnaður 0,8 millj. kr.

Hafnarfjörður: Suðurverk lauk við 920 m sjóvarnargarð á Hvaleyri. Verkið hófst á árinu 2006 og lauk síðla árs 2007.

Framkvæmdakostnaður: 50,4 millj. kr.

Tafla I. Kostnaður við hafnarframkvæmdir 2007 (fjárhæðir í millj. kr.).

I. Innan grunnnets		**Styrk.**	**Heild.**	**Styrkh.**	**Ríkis.**
Af óskiptu fé til slysavarna	Snæfellsbær, ljós við bryggjustiga	60%	0,8	0,7	0,4
	Rif, aðstaða fyrir björgunarbát	60%	4,4	3,6	2,1
	Bolungarvík, endurbætur á slysavörnum	60%	0,4	0,3	0,2
	Þórshöfn, innsiglingaljós á Suðurgarði	75%	0,5	0,4	0,3
	Þórshöfn, raflögn á flotbryggju	60%	0,6	0,5	0,3
	Þorlákshöfn, slysavarnir	60%	1,7	1,4	0,8
	Þorlákshöfn, ljós og endurskinsmerki á garða	75%	1,4	1,1	0,8
	Sandgerði, úrbætur í öryggismálum	60%	3,3	2,6	1,6
Viðhaldsdýpkanir (og skjólgarðar)	Rif, viðhaldsdýpkun	75%	–1,2	–0,9	–0,7
	Ólafsvík, raflagnir, lýsing og endurbætur ljósamasturs trébryggju	60%	4,2	3,4	2,0
	Stykkishólmur, kaup og uppsetning á flotbryggju	60%	4,7	3,8	2,3
	Stykkishólmur, breyting á ferjuaðstöðu	60%	1,6	1,3	0,8
	Stykkishólmur, smábátaviðlega fyrir 60 báta og öldubrjótur	60%	9,9	8,0	4,8
	Brjánslækur, ferjuaðstaða	60%	2,5	2,0	1,2
	Sauðárkrókur, viðhaldsdýpkun	75%	15,9	12,8	9,6
	Seyðisfjörður, viðgerð Strandabakka	60%	0,1	0,1	0,1

I. Innan grunnnets		Styrk.	Heild.	Styrkh.	Ríkis.
	Seyðisfjörður, uppsetning stormpolla við Strandabakka	60%	1,2	1,0	0,6
	Hornafjörður, viðhaldsdýpkun	75%	0,2	0,1	0,1
	Þorlákshöfn, viðhaldsdýpkun	75%	0,9	0,7	0,6
Snæfellsbær	Ólafsvík, endurbygging trébryggju, verklok	60%	11,1	8,9	5,4
	Ólafsvík, stofndýpkun í höfn	75%	28,1	22,6	16,9
	Ólafsvík, lenging viðlegukants við Norðurtanga	60%	17,7	14,3	8,6
	Ólafsvík, trébryggja við gafl Norðurkants	60%	2,5	2,0	1,2
	Rif, lokið endurbyggingu trébryggju	60%	3,2	2,6	1,5
	Rif, stofndýpkun í innsiglingu og höfn	75%	46,2	37,1	27,8
	Rif, lenging stálþils austurkants	60%	50,7	40,7	24,4
	Rif, dýpkun við þil austurkants	75%	32,0	25,7	19,3
Grundarfjörður	Dýpkun hafnar	75%	0,2	0,2	0,1
	Ný bryggja sunnan Litlubryggju (Miðgarður)	60%	75,0	60,3	36,2
Vesturbyggð	Bíldudalur, kalkþörungahöfn	60%	8,2	6,6	4,0
	Brjánslækur, lenging ferjubryggju	60%	20,1	16,2	9,7
	Patreksfjörður, endurbygging stálþils	60%	0,6	0,5	0,3
Bolungarvík	Endurbygging stálþils	60%	45,5	36,5	21,9
Ísafjarðarbær	Ísafjörður, endurbygging Ásgeirsbakka	60%	54,4	43,7	26,2
	Ísafjörður, hafnsögubátur	75%	0,6	0,5	0,4
	Ísafjörður, ný flotbryggja Sundahöfn	60%	16,5	13,3	8,0
	Ísafjörður, Mávagarður, stálþilsbryggja við olíubirgðastöð	60%	0,5	0,4	0,2
Skagaströnd	Endurbygging á plani og löndunarbryggju	60%	0,3	0,3	0,2
Sauðárkrókur	Grjótgarður innan Norðurgarðs	75%	0,1	0,1	0,0
	Skjólgarður byggður frá Strandvegi, Suðurgarður	75%	0,1	0,1	0,1
Fjallabyggð	Siglufjörður, dýpkun við Óskarsbryggju	75%	1,4	1,1	0,9
	Siglufjörður, niðurrif SR-bryggju	60%	0,6	0,5	0,3
	Ólafsfj., togarabryggja, stálþil, rif trébryggju	60%	0,1	0,1	0,0
	Ólafsfj., innsigling í Vesturhöfn, endurbygging garðsenda	75%	0,0	0,0	0,0
Dalvík	Endurbygging timburbryggju Suðurgarði	60%	2,6	2,1	1,3
	Dýpkun við ferjubryggju	75%	0,0	0,0	0,0
	Ferjubryggja, stálþil, lagnir og þekja	60%	0,4	0,4	0,2
Grímsey	Lenging harðviðarbryggju	60%	0,6	0,5	0,3
	Dýpkun við lengingu harðviðarbryggju	75%	0,1	0,1	0,1
	Skutaðstaða fyrir ferjur (pallur 160 m^2)	60%	0,7	0,6	0,3
	Færsla á landgarði og öldudempandi flái	60%	1,4	1,1	0,7
Hafnasamlag Norðurlands	Akureyri, ísbryggja UA, stálþil, lagnir og þekja	60%	0,1	0,1	0,0
	Akureyri, Tangabryggja	60%	6,9	5,5	3,3
	Akureyri, Oddeyrarbryggja	60%	50,4	40,5	24,3
Norðurþing	Húsavík, stálþil Bökugarðs	60%	62,5	50,2	30,1
	Húsavík, endurbygging smábátahafnar og flotbryggja	60%	1,4	1,2	0,7
	Húsavík, endurb. Suðurgarðs, 2. áfangi	60%	3,2	2,6	1,6
Langanesbyggð	Þórshöfn, endurbygging löndunarbryggju og trébryggju	60%	3,2	2,6	1,6
	Þórshöfn, lenging Norðurgarðs	75%	53,2	42,7	32,0
	Þórshöfn, endurbygging hafskipabryggju	60%	8,4	6,7	4,1
Vopnafjörður	Miðbryggja, stálþil og lenging	60%	23,0	18,4	11,1
	Stofndýpkun í innsiglingu	75%	76,1	61,1	45,9
Seyðisfjörður	Endurbygging Bæjarbryggju	60%	1,4	1,1	0,7
	Stækkun tollaðstöðu 200 m^2–100%	100%	0,3	0,2	0,2
Fjarðabyggð	Reyðarfjörður, Mjóeyrarhöfn	60%	5,8	4,6	2,8

I. Innan grunnnets		**Styrk.**	**Heild.**	**Styrkh.**	**Ríkis.**
	Neskaupstaður, skjólgarður norðan hafnar	75%	1,5	1,2	0,9
	Reyðarfjörður, dýpkun Mjóeyrarhafnar	75%	0,2	0,2	0,2
	Neskaupstaður, stálþil togarabryggju	60%	0,6	0,5	0,3
	Reyðarfjörður, hafnsögubátur fyrir Mjóeyrarhöfn	75%	146,7	146,7	110,0
Djúpivogur	Smábátaaðstaða, endurbygging trébryggju og lenging	60%	–3,3	–2,7	–1,6
Hornafjörður	Endurnýja raflögn Suðurfjöru	60%	0,0	0,0	0,0
	Bátstangabryggja, staurabryggja	60%	2,6	2,1	1,3
	Stofndýpkun innan hafnar	75%	6,8	5,5	4,1
	Álaugarey, stálþil (100 m, dýpi 8 m)	60%	52,8	42,4	25,4
Vestmannaeyjar	Friðarhöfn, stálþil vesturkantur	60%	1,2	0,9	0,6
	Básaskersbryggja endurbygging	60%	74,6	59,9	36,0
	Bæjarbryggja endurbygging	60%	8,2	6,6	3,9
Sveitarfélagið Ölfus	Dýpkun og dæling í austur- og vesturhöfn	75%	31,2	25,1	18,8
	Skjólgarður f/smábáta austurhöfn	75%	14,8	11,9	8,9
	Svartaskersgarður og þvergarður	75%	–2,4	–2,0	–1,5
	Þil norðan Svartaskers og löndunarbryggja, lagnir og þekja og verklok	60%	77,4	62,1	37,3
	Dýpkun og dæling – bryggjurif hluta Norðurvararbryggju	60%	0,6	0,5	0,3
	Aðstaða fyrir smábáta í austurhöfn, færa flotbryggju	60%	1,6	1,3	0,8
	Hafnsögubátur	75%	61,2	61,2	45,9
Grindavík	Svíragarður, endurbygging	60%	3,7	3,0	1,8
	Stálþilsbryggja vestan Miðgarðs	60%	72,1	57,9	34,8
	Nýr hafnsögubátur	75%	8,8	8,8	6,6
Innan grunnnets alls			**1.331,9**	**1.112,5**	**737,1**

II. Utan grunnnets		**Styrk.**	**Heild.**	**Styrkh.**	**Ríkis.**
Óskipt til slysavarna	Bakkafjörður, slysavarnir og öryggismál	60%	0,6	0,5	0,3
Viðhaldsdýpkanir og skjólgarðar	Húnaþing vestra, viðhaldsdýpkun	75%	3,5	2,8	2,1
	Hofsós, viðhaldsdýpkun	75%	0,0	0,0	0,0
	Hjalteyri, viðhaldsdýpkun	75%	1,0	0,8	0,6
Dalabyggð	Gamla bryggjan í Búðardal, endurbyggð kanttré, þybbur og stigar	60%	0,3	0,3	0,2
	Skarðsstöð, lagfæra löndunaraðstöðu o.fl.	60%	0,1	0,1	0,1
Reykhólar	Dýpkun innsiglingu	75%	1,5	1,2	0,9
Tálknafjörður	Endurnýjun á flotbryggjum	60%	12,8	10,3	6,2
Ísafjarðarbær	Suðureyri, stækkun smábátahafnar, flotbryggja	60%	7,2	5,8	3,5
	Þingeyri, rif gömlu trébryggju o.fl.	60%	0,0	0,0	0,0
	Suðureyri, stækkun smábátahafna, dýpkun	75%	3,7	2,9	2,2
Súðavíkurhöfn	Flotbryggja við Suðurgarð	60%	8,5	6,8	4,1
Drangsnes	Flotbryggja í Kokkálsvík endurnýjuð	60%	6,7	5,4	3,2
Hólmavík	Bæta aðstöðu smábáta, flotbryggja	60%	7,8	6,3	3,8
	Dýpkun við flotbryggju	75%	2,1	1,7	1,2
Dalvíkurbær	Hauganes, lenging skjólgarðs	75%	0,8	0,7	0,5
Hafnasamlag Norðurlands	Grenivík, uppsátur fyrir smábáta	60%	7,1	5,7	3,4
	Svalbarðseyri, rífa trébryggju og lengja grjótgarð	60%	15,6	12,6	7,5
	Svalbarðseyri, trébryggja	60%	0,8	0,7	0,4
Borgarfjörður eystri	Lenging Nýjubryggju	60%	1,5	1,2	0,8
Fjarðabyggð	Mjóifjörður, styrkja og endurbyggja trébryggju	60%	0,1	0,1	0,1

II. Utan grunnnets		**Styrk.**	**Heild.**	**Styrkh.**	**Ríkis.**
Bakkafjara	Landeyjahöfn	100%	41,7	33,5	33,5
– ferjulægi	Vestmannaeyjaferja	100%	7,7	6,2	6,2
Alls utan grunnnets			**131,3**	**105,5**	**80,7**

III. Ferjubryggjur		**Styrk.**	**Heild.**	**Styrkh.**	**Ríkis.**
	Ferjubryggjur óskipt	100%	0,1	0,1	0,1
	Vigur	100%	0,5	0,5	0,5
	Flatey	100%	1,2	1,2	1,2
	Reykjanes	100%	0,1	0,1	0,1
	Arngerðareyri	100%	0,1	0,1	0,1
	Æðey	100%	4,0	4,0	4,0
	Holt, Önundarfirði	100%	0,4	0,4	0,4
Ferjubryggjur alls			**6,4**	**6,4**	**6,4**

IV. Lendingarbætur		**Styrk.**	**Heild.**	**Styrkh.**	**Ríkis.**
	Lendingarbætur óskipt	100%	0,2	0,2	0,2
	Höfðaströnd, Ísafjarðarbæ	100%	0,3	0,3	0,3
	Grunnavík lendingarbætur	100%	0,5	0,5	0,5
	Látrar, Aðalvík	100%	0,8	0,8	0,8
	Ingólfsfjörður við Ós	100%	1,0	1,0	1,0
	Reykir á Reykjaströnd	100%	1,2	1,2	1,2
	Rifós lendingarbætur við eldisstöð	100%	1,5	1,5	1,5
	Skálanes, Seyðisfirði	100%	1,0	1,0	1,0
	Papey, Djúpavogshreppi	100%	1,3	1,3	1,3
Lendingarbætur alls			**7,8**	**7,8**	**7,8**
			1.477,4	**1.232,1**	**831,9**

Tafla II. Kostnaður við sjóvarnir 2007 (fjárhæðir í millj. kr.).

Staður	Heildar-kostnaður	Ríkis-hluti
Hvalfjarðarsveit	10,4	9,3
Akranes	11,0	9,2
Snæfellsbær	7,5	6,4
Dalabyggð	0,5	0,4
Vesturbyggð	0,4	0,3
Ísafjörður	14,6	12,4
Súðavík	3,3	2,9
Bæjarhreppur	6,3	5,4
Húnaþing vestra	11,0	9,5
Blönduós	15,6	13,6
Siglufjörður	0,3	0,2
Ólafsfjörður	8,2	6,9
Hjalteyri	4,5	3,9
Hrísey	0,3	0,2
Svalbarðsströnd	5,2	4,5
Borgarfjörður eystri	0,2	0,1
Mýrdalur	0,1	0,1
Vestmannaeyjar	0,5	0,5
Ölfus svf.	2,2	1,9
Árborg svf.	0,4	0,3
Grindavík	0,3	0,2
Sandgerði	5,2	4,5
Gerðahreppur	5,3	4,6
Vatnsleysustrandarhreppur	35,2	30,5
Álftanes	0,9	0,7
Samtals	149,5	128,5

Tafla III. Staða ríkissjóðs vegna hafnargerðar 2007 (millj. kr.).

Höfn	Staða ríkissjóðs í árslok 2006	Tilfærsla og úthlutun skv. samgönguáætlun 2007	Ríkishluti framkvæmda 2007	Flutt til 2008
Snæfellsbær	29,1	126,1	105,1	50,1
Grundarfjörður	34,3	27,1	36,3	25,1
Stykkishólmur	10,5	–10,5	0,0	0,0
Búðardalur	1,7	0,7	0,3	2,1
Reykhólar	6,7	2,6	0,9	8,4
Vesturbyggð	18,3	27,4	13,9	31,8
Tálknafjörður	1,0	7,5	6,2	2,3
Bolungarvík	25,5	42,2	21,9	45,8
Ísafjarðarbær	22,4	74,1	40,5	56,0
Súðavík		2,2	4,1	–1,9
Norðurfjörður	2,0	1,9	0,0	3,9
Drangsnes	0,5	4,6	3,2	1,9

	Staða ríkissjóðs í árslok	Tilfærsla og úthlutun skv. samgönguáætlun	Ríkishluti framkvæmda	Flutt til
Höfn	**2006**	**2007**	**2007**	**2008**
Hólmavík	3,4	0,9	5,0	–0,7
Blönduós	0,8	–0,8	0,0	0,0
Húnaþing vestra	0,0	0,0	0,0	0,0
Skagaströnd	51,9	–37,0	0,2	14,7
Skagafjörður	1,5	–1,5	0,1	–0,1
Fjallabyggð	29,3	–2,4	1,2	25,7
Dalvíkurbær	34,0	15,1	2,0	47,1
Grímsey	8,2	29,9	1,4	36,7
Hafnasamlag Norðurlands	57,6	40,1	39,0	58,7
Norðurþing	67,5	–6,6	32,4	28,5
Langanesbyggð	34,8	25,2	37,7	22,3
Vopnafjörður	13,6	40,4	56,9	–2,9
Borgarfjörður	1,4	–0,5	0,7	0,2
Seyðisfjörður	34,7	–32,0	0,9	1,8
Fjarðabyggð	84,2	61,1	114,2	31,1
Breiðdalsvík	0,8	–0,8	0,0	0,0
Djúpivogur	13,0	–9,6	–1,6	5,0
Hornafjörður	51,1	14,3	30,8	34,6
Vestmannaeyjar	89,9	–23,7	40,5	25,7
Landeyjahöfn	–19,1	200,0	33,5	147,4
Vestmannaeyjaferja	0,0	0,0	6,2	–6,2
Þorlákshöfn	97,9	56,9	110,5	44,3
Grindavík	101,1	–8,6	43,1	49,4
Sandgerði	13,7	–7,8	0,0	5,9
Reykjanesbær	1,9	–1,9		0,0
Óskipt til viðhaldsdýpkana/ skjólgarða	56,8	8,0	24,0	40,8
Óskipt til slysavarna	28,4	19,9	6,8	41,5
Lendingabætur	4,9	8,7	7,8	5,9
Ferjubryggjur	17,1	8,7	6,4	19,4
Samtals:	1.032,5	701,8	832,1	902,3

Tafla IV. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 2007 (millj. kr.).

Hafnir í grunnneti samgangna	462,6
Hafnir utan grunnnets samgangna	21,8
Höfn í Bakkafjöru	200,0
Lendingabætur	8,7
Ferjubryggjur	8,7

Tafla V. Fjárveitingar til sjóvarna 2007.

Akranes	1.793.000
Snæfellsbær	7.074.000
Dalabyggð	3.089.000

Vesturbyggð	1.395.000
Ísafjörður	1.694.000
Árneshreppur	2.790.000
Húnaþing vestra	4.384.000
Blönduósbær	3.886.000
Skagafjörður	1.993.000
Fjallabyggð	23.911.000
Hrísey (Akureyri)	11.159.000
Hjalteyri	3.786.000
Svalbarðsstrandarhreppur	498.000
Borgarfjörður eystri	2.291.000
Grindavík	11.457.000
Sandgerðisbær	2.690.000
Gerðahreppur	299.000
Reykjanesbær	1.196.000
Vatnsleysustrandarhreppur	8.568.000
Hafnarfjörður	6.476.000
Álftanes, svf.	7.171.000
Samtals	107.600.000

Tafla VI. Úthlutanir Hafnabótasjóðs 2007.

Styrkir til nýframkvæmda	
Grundarfjörður	7.100.000
Stykkishólmur	1.700.000
Dalabyggð	200.000
Reykhólar	500.000
Vesturbyggð	11.800.000
Tálknafjörður	1.900.000
Bolungarvík	15.100.000
Súðavík	1.200.000
Norðurfjörður	600.000
Drangsnes	1.300.000
Hólmavík	350.000
Húnaþing v.	1.200.000
Skagaströnd	2.400.000
Dalvík	5.400.000
Grímsey	7.700.000
Þórshöfn	9.700.000
Vopnafjörður	7.700.000
Mjóifjörður	900.000
Tjónastyrkir	
Dalabyggð	2.500.000
Styrkir alls:	**79.250.000**

Lán.

Engin lán veitt á árinu.

485. Svar [168. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um skuldir sjávarútvegsfyrirtækja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve miklar eru skuldir íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja við viðskiptabankana þrjá, Nýja Glitni hf., NBI hf. og Nýja Kaupþing banka hf., sem ríkið hefur stofnað til þess að yfirtaka hluta af eignum og skuldum eldri banka, sundurliðað eftir bönkum?*
2. *Hve mikið af skuldunum er tilkomið vegna kaupa á fiskveiðiheimildum og hvað eru þær skuldir til langs tíma?*
3. *Hver eru helstu veð til tryggingar skuldunum og hvernig er veðstaðan í ljósi verulegrar lækkunar á verði þorskveiðiheimilda undanfarna mánuði?*

Í álitsgerð um aðgang Alþingis að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins sem unnin var af Stefáni Má Stefánssyni lagaprófessor að beiðni þáverandi forsætisráðherra og lögð fram á Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–1998 var komist að þeirri niðurstöðu að réttur einstakra alþingismanna til að krefja ráðherra upplýsinga skv. 54. gr. stjórnarskrárinnar og 49. gr. þingskapalaga nái aðeins til þeirra málefna sem talist geta opinber. Ríkishlutafélög teljist aðilar að einkarétti. Um þau gildi sömu eða svipaðar reglur og um hlutafélög almennt. Réttur alþingismanna fyrir tilstilli Alþingis til að krefja ráðherra upplýsinga um eða veita svör við fyrirspurnum um þau sé undir því kominn hvort upplýsingarnar eigi að vera opinberar lögum samkvæmt. Það komi helst til greina samkvæmt ákvæðum ársreikningalaga.

Viðskiptabankar þeir sem fyrirspurn þessi snýr að eru hlutafélög í eigu ríkisins auk þess sem um þá gilda ákvæði laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Fjármálaráðuneytið leitaði til umræddra viðskiptabanka varðandi svör við fyrirspurninni. Fara svör þeirra hér á eftir.

NBI hf.

Afstaða Landsbankans (NBI hf.) til fyrirspurna af þessu tagi er sú að upplýsingagjöf til hluthafa fer að hlutafélagalögum og er yfirleitt bundin við aðalfund félagsins. Má segja að upplýsingar sem hluthafar eiga rétt á komi almennt fram í ársskýrslu félagsins hverju sinni.

Í öðru lagi eru starfsmenn Landsbankans bundnir þagnarskyldu skv. 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þess. Landsbankinn getur því ekki fallist á að veita neinar upplýsingar sem svo háttar um.

Í þriðja lagi er bent á að Landsbankinn starfar í samkeppni við önnur fyrirtæki á fjármálamarkaði og nákvæmar upplýsingar um rekstur bankans geta gefið samkeppnisaðilum forskot á Landsbankann. Landsbankinn getur því ekki fallist á að veita upplýsingar sem skaðað gætu hagsmuni félagsins ef opinberar yrðu.

Loks skal tekið fram að mjög stuttur tími var gefinn til að safna saman svörum og var að miklu leyti ekki unnt að verða við ósk um upplýsingar af þeim sökum.

Svör við einstökum liðum fyrirspurnarinnar sem Landsbankinn hefur tök á að veita með vísan til þess sem áður segir eru eftirfarandi:

1. Heildarskuldir sjávarútvegsfyrirtækja (útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki en ekki fiskviðskipti) nema um 1.300 milljónum evra.
2. Lánveitingar eru ekki sundurliðaðar eftir fjárfestingum og því liggja ekki fyrir upplýsingar til að svara þessum lið.

3. Metið er í hverju tilviki fyrir sig hvaða krafa er gerð um veðsetningu til tryggingar skuldum. Að mati Landsbankans er ekki rétt að fjalla um stöðu veða bankans með opinberum hætti.

Nýi Glitnir hf.

Almennt standa lagaákvæði um þagnarskyldu í 43. gr. laga nr. 113/1996 því ekki í vegi að veittar séu almennar upplýsingar um útlán og rekstur bankans. Þó kunna almennir samkeppnishagsmunir að réttlæta takmarkaða upplýsingagjöf. Í ljósi framangreinds eru svör við einstökum liðum fyrirspurnarinnar þessi:

1. Útlán Nýja Glitnis til fiskveiða og vinnslu sjávarafurða nema um 125 milljörðum kr.
2. (a) Lán sem veitt hafa verið eingöngu til að fjármagna kaup á aflaheimildum eru ekki sérgreind í kerfum bankans.
   (b) Langtímalán til sjávarútvegsfyrirtækja eru almennt til 10–15 ára.
3. Helstu veð bankans til tryggingar lánum sjávarútvegsfyrirtækja eru í skipum (með aflaheimildir), vinnsluhúsum, framleiðslutækjum, vörubirgðum og viðskiptakröfum. Lækkun á verði þorskkvóta hefur haft neikvæð áhrif á veðstöðu bankans.

Nýi Kaupþing banki hf.

1. Skuldbindingar íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja við bankann námu um 85,5 milljörðum kr. í lok nóvember sl.
2. Bankinn hefur ekki nákvæmar upplýsingar um það í hvað lán til íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja eru notuð. Getur bankinn því ekki svarað hve mikið af skuldum íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja séu til komnar vegna kaupa á fiskveiðiheimildum og hvað þær skuldir séu til langs tíma.
3. Helstu verðmæti sem lögð eru fram til tryggingar skuldum sjávarútvegsfyrirtækjanna eru eignir félaganna sem hafa fjárhagslegt gildi, svo sem fasteignir félagsins, rekstrartæki, vörubirgðir, kröfuréttindi og afurðir.

486. Fyrirspurn [269. mál]

til umhverfisráðherra um lögleiðingu ákvæða Árósasamningsins.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur og Atla Gíslasyni.

1. Hvað líður lögleiðingu þeirra ákvæða Árósasamningsins sem ekki voru innleidd með lögum nr. 23/2006?
2. Hver eru helstu álitamálin við innleiðinguna?

487. Fyrirspurn [270. mál]

til fjármálaráðherra um gjaldþrot fyrirtækja að kröfu hins opinbera.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hversu mörg fyrirtæki hafa verið lýst gjaldþrota árlega síðustu 10 árin vegna skulda við opinbera aðila?
2. Hvernig skiptast mál þessara fyrirtækja eftir fjárhæð krafna (innan við 250 þús. kr., á bilinu 250–500 þús. kr., 500–750 þús. kr., 750–1.000 þús. kr., 1–2,5 millj. kr., 2,5–5 millj. kr., 5–7,5 millj. kr., 7,5–10 millj. kr., 10–15 millj. kr., 15–20 millj. kr., 20–25 millj. kr., hærri en 25 millj. kr.) og hver er skiptingin eftir kjördæmum?
3. Hver hefur verið árlegur innheimtukostnaður vegna þessara aðila, bæði fastur innheimtukostnaður og kostnaður vegna vinnu lögfræðinga?

Skriflegt svar óskast.

488. Fyrirspurn [271. mál]

til fjármálaráðherra um gjaldþrot einstaklinga að kröfu hins opinbera.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hversu margir einstaklingar hafa verið lýstir gjaldþrota árlega síðustu 10 árin vegna skulda við opinbera aðila?
2. Hvernig skiptast mál þessara einstaklinga eftir fjárhæð krafna (innan við 100 þús. kr., á bilinu 100–200 þús. kr., 200–300 þús. kr., 300–400 þús. kr., 400–500 þús. kr., 500–600 þús. kr., 600–700 þús. kr., 700–800 þús. kr., 800–900 þús. kr., 900–1.000 þús. kr., hærri en 1 millj. kr.) og hver er skiptingin eftir kjördæmum?
3. Hver hefur verið árlegur innheimtukostnaður vegna þessara einstaklinga?
4. Hversu mörg dæmi eru um að einstaklingar hafi verið lýstir gjaldþrota oftar en einu sinni vegna sömu kröfunnar?

Skriflegt svar óskast.

489. Fyrirspurn [272. mál]

til umhverfisráðherra um stuðning ríkisins við fráveitur.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver hefur stuðningur ríkisins við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum samkvæmt lögum nr. 53/1995 verið árlega og samtals, sundurliðað eftir sveitarfélögum?
2. Hve miklu af stuðningi skv. 1. tölul. fyrirspurnarinnar var varið til jöfnunar á kostnaði einstakra sveitarfélaga skv. 2. mgr. 4. gr. laganna og til rannsókna skv. 3. mgr. 4. gr., sundurliðað eftir árum og sveitarfélögum og samtals?
3. Hvert var hlutfall stuðningsins af kostnaði framkvæmdar hverju sinni, sundurliðað eftir sveitarfélögum og framkvæmdum?

Skriflegt svar óskast.

490. Frumvarp til laga [273. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, og lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.

Flm.: Helgi Hjörvar, Lúðvík Bergvinsson, Katrín Júlíusdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Árni Páll Árnason, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðbjartur Hannesson, Gunnar Svavarsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir.

I. KAFLI

Breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum.

1. gr.

Við lögin bætist ný grein, er verður 20. gr. a, svohljóðandi:

Nú óskar a.m.k. helmingur þess fjölda kjósenda sem kaus í síðustu almennu alþingiskosningum, sbr. 1. mgr. 20. gr., eftir því að kosið verði að nýju áður en yfirstandandi kjörtímabili lýkur og skulu kosningar þá fara fram.

Kosningar skv. 1. mgr. skulu fara fram áður en 45 dagar eru liðnir frá því að beiðni skv. 1. mgr. kom fram. Þingmenn halda umboði sínu til kjördags.

Kjörtímabilið er fjögur ár.

II. KAFLI

Breyting á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein, er verður 1. gr. a, svohljóðandi:

Nú óskar a.m.k. helmingur þess fjölda kjósenda sem kaus í síðustu almennu sveitarstjórnarkosningum, sbr. 1. mgr. 1. gr., eftir því að kosið verði að nýju áður en yfirstandandi kjörtímabili lýkur og skulu kosningar þá fara fram. Þá skal og efnt til kosninga samþykki sveitarstjórn slíka tillögu með ¾ hlutum greiddra atkvæða.

Kosningar skv. 1. mgr. skulu fara fram áður en 60 dagar eru liðnir frá því að beiðni skv. 1. mgr. kom fram eða samþykkt sveitarstjórnar skv. 1. mgr. liggur fyrir. Fulltrúar í sveitarstjórn halda umboði sínu til kjördags.

Fulltrúar í sveitarstjórn sem ná kjöri í kosningum samkvæmt þessari grein halda umboði sínu fram að næstu almennu sveitarstjórnarkosningum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2009.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ákveðinn hluti kjósenda geti farið fram á að kosið verði að nýju til Alþingis meðan á yfirstandandi kjörtímabili stendur. Er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að minnst helmingur þess fjölda sem kaus í síðustu almennu alþingiskosningum geti farið fram á slíkt. Þá er lagt til að hið sama gildi um almennar sveitarstjórnarkosningar. Í frumvarpinu er jafnframt kveðið á um að sveitarstjórn fái heimild til að láta efna til sveitarstjórnarkosninga að nýju þótt kjörtímabil sé ekki liðið. Slík heimild er ekki í núgildandi lögum. Til að tillaga um kosningar að nýju teljist samþykkt þarf ¾ hluta greiddra atkvæða sveitarstjórnar.

Kosningar til sveitarstjórnar skulu fara fram áður en 60 dagar eru liðnir frá því að beiðni berst eða samþykki sveitarstjórnar liggur fyrir en hinir kjörnu fulltrúar halda umboði sínu til kjördags. Þeir sveitarstjórnarfulltrúar sem ná kjöri í slíkum kosningum skulu aðeins halda umboði sínu fram að næstu almennu sveitarstjórnarkosningum, sem fara fram á fjögurra ára fresti skv. 1. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar. Kjörtímabil alþingismanna sem kosnir eru skv. 1. gr. frumvarpsins verður þó fjögur ár, enda kveðið á um það í 31. gr. stjórnarskrár að þingmenn séu kosnir til fjögurra ára. Slík kosning skal fara fram innan 45 daga frá því að beiðni berst, í samræmi við 24. gr. stjórnarskrár, um þingrof.

Mikilvægt er fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórnum og á Alþingi að störf þeirra og stefna á hverjum tíma fái aðhald frá öðrum. Dæmi um slíkt aðhald eru ákvæði stjórnarskrár um málskotsrétt forseta lýðveldisins er gera honum kleift að skjóta málum þingsins til allsherjaratkvæðagreiðslu hjá þjóðinni telji hann að gjá hafi myndast þar á milli. Samfylkingin hefur allt frá stofnun lagt áherslu á mikilvægi þess að almenningur hafi bein áhrif í stærri málum og hafa þingmenn hennar flutt fjölmörg þingmál þar að lútandi. Hefur það m.a. verið stefna flokksins að almenningur sjálfur eigi að geta, með svipuðum hætti og forseti, kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu.

Frumvarp þetta er í anda þessarar áherslu Samfylkingarinnar á virkt lýðræði með vel skilgreindum rétti almennings til beinna áhrifa. Í þeim anda hefur flokkurinn áður beitt sér fyrir ákvæðum um rétt íbúa til kosninga um einstök mál í sveitarfélögum, svo sem með breytingum á samþykktum þeirra. Um leið og mikilvægt er að kjósendur hafi bein áhrif á einstakar

stærri ákvarðanir er eðlilegt að þeir geti einnig við sérstakar aðstæður haft bein áhrif á stjórn síns sveitarfélags og þá ekki síður á skipan Alþingis, enda má lýðræði í upplýsingasamfélagi nútímans ekki vera fyrirbæri sem aðeins er virkt á fjögurra ára fresti.

Mikilvægt er að kjósendur geti knúið fram nýjar kosningar ef þeir eru verulega ósáttir við sitjandi stjórnvöld og sjá ekki aðrar leiðir færar til úrbóta en kosningar. Þetta á bæði við um sveitarstjórnir og Alþingi. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að ef meira en helmingur kjósenda fer fram á kosningar til Alþingis eða í sveitarstjórn verði skylt að efna til þeirra. Slík ákvæði um endurkjör má finna víða, en snúa oft að einstökum kjörnum fulltrúum t.d. í einmenningskjördæmum. Er þar iðulega krafist mun færri undirskrifta en hér er gert ráð fyrir. Ástæða þess að flutningsmenn leggja til að meiri hluta kjósenda þurfi er að þrátt fyrir lýðræðissjónarmið er stjórnfesta einnig mikilvæg og því rétt að krefja um skýran vilja almennings til þess að efnt verði til kosninga.

Tilgangur frumvarpsins er ekki síst sá að áhrif þess verði óbein og stuðli að lýðræðislegri stjórnarháttum án þess að beita þurfi ákvæðum þess. Þannig veitir það stjórnvöldum á hverjum tíma sjálfsagt aðhald að vita af því að kjósendur geti, nái þeir samstöðu um það, farið fram á kosningar. Það hvetur stjórnvöld til að hafa samráð, vanda ákvarðanir og að miðla vel upplýsingum til almennings um stjórnarathafnir, en allt eru þetta mikilvægir þættir í virku lýðræði sem alltaf má bæta og styrkja.

Skýrt dæmi um nauðsyn slíks ákvæðis mátti sjá í stjórnarkreppunni sem varð í Reykjavíkurborg á yfirstandandi kjörtímabili. Í sveitarfélögum eykur það vandann að ekki er í gildandi lögum gert ráð fyrir að sveitarstjórnin sjálf geti farið fram á kosningar og því gerir frumvarpið einnig ráð fyrir breytingu þar á. Er gert ráð fyrir því að aukinn meiri hluti sveitarstjórnar geti knúið fram kosningar í sveitarfélagi. Enda má ljóst vera að óþolandi stjórnarkreppa ríki ef þrír fjórðu hlutar sveitarstjórnar krefjast þess að binda enda á eigið kjörtímabil.

Fá dæmi eru í sögu lýðveldisins um svo víðtækar undirskriftasafnanir á landsvísu sem hér er gert ráð fyrir, þó dæmi séu um slíkt í einstökum sveitarfélögum. Hér er því augljóslega um neyðarhemil að ræða en ekki virkan hluta kosningakerfisins. Það er hins vegar mikilvægt lýðræðinu að víðtæk andstaða við sitjandi stjórnvöld hafi lýðræðislegan farveg. Rétturinn til að krefjast kosninga væri slíkur farvegur. Þannig væri einnig dregið úr hættu á að andófsöfl á hverjum tíma beittu ólýðræðislegum eða andfélagslegum aðferðum í andófi sínu.

Eftirtektarvert er að rétt almennings til endurkjörs er helst að finna í lýðveldum og í ungum ríkjum. Má leiða líkum að því að það endurspegli ólíkar hugmyndir þeirra og gömlu ríkjanna um uppruna valds, þ.e. að það komi frá kjósendum en ekki kónginum. Fyrr á tímum var áhrifaleysi almennings milli kosninga oftsinnis rökstutt með þeim hætti að stjórnvöld þyrftu að geta tekið óvinsælar ákvarðanir því almenningur væri ekki eins upplýstur og stjórnvöld. Slíkar röksemdir eiga sannarlega ekki við lengur, hafi þær yfirhöfuð átt við, því í samfélagi okkar er allur almenningur vel menntaður, hefur greiðan aðgang að upplýsingum og fylgist ákaflega vel með lýðræðislegri umræðu í hinum flóknustu málum, eins og dæmin sanna. Íslenskur almenningur er því fullfær um að ákveða sjálfur hvort nauðsyn krefur að kjósa skuli.

491. Svar [252. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um vöktun á samfélagsáhrifum virkjunar- og stóriðjuframkvæmda á Austurlandi.

1. *Mun ráðherra leggja niðurstöður vöktunar og rannsókna á samfélagsáhrifum vikjunar- og stóriðjuframkvæmda á Austurlandi til grundvallar mati á leyfisveitingum til stóriðjuframkvæmda í öðrum fámennum byggðalögum?*

Ein meginhugsunin með rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi var að nýta þetta einstaka tækifæri til að safna gögnum sem geta orðið grundvöllur að mati á sambærilegum stórverkefnum annars staðar síðar. Því verður án efa horft til þeirrar reynslu við val á staðsetningu orkufreks iðnaðar í framtíðinni.

Athuga ber að stóriðja þarf ekki sérstakt leyfi til starfrækslu af hálfu iðnaðarráðherra. Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi að undangengnu mati á umhverfisáhrifum ef um matsskylda starfsemi er að ræða. Skipulagsstofnun þarf að samþykkja skipulagsuppdrætti sem sveitarstjórn lætur útbúa en hún veitir síðan framkvæmda- og byggingarleyfi. Orkustofnun veitir rannsóknar- og virkjunarleyfi þar sem það á við.

Ferill málsins hefur í stórum dráttum verið þessi: Alþingi samþykkti í mars 2003 að fela Byggðarannsóknastofnun Íslands, í samvinnu við Þróunarstofu Austurlands, Byggðastofnun og iðnaðarráðuneytið, að fylgjast með samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs á því landsvæði þar sem áhrifa álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi gætir mest. Verkefninu var ætlað fé í fjárlögum í sex ár frá og með árinu 2004, samtals 63 millj. kr. Rannsóknarverkefnið hefur nú staðið í fimm ár, eða frá árinu 2004, og er áætlað að því ljúki á þessu ári. Á tímabilinu hefur Byggðarannsóknastofnun skilaði tveimur áfangaskýrslum til iðnaðarráðherra og er lokaskýrsla væntanleg í árslok 2009.

Markmið verkefnisins er þríþætt: Í fyrsta lagi að safna gögnum sem geta orðið grundvöllur að mati sambærilegra eða áþekkra verkefna í framtíðinni. Í öðru lagi að renna stoðum undir íslenskt rannsóknarsamfélag um byggðatengd málefni með rannsókn sem hefur mikilvægt vísindalegt gildi í alþjóðlegu samhengi. Í þriðja lagi að gefa íslensku samfélagi bættar forsendur til að lágmarka neikvæðar afleiðingar verkefnisins en hámarka hinar jákvæðu.

Rannsóknin tekur í öllum meginatriðum mið af þeim skýrslum sem ritaðar hafa verið í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna hvað varðar efnistök. Þannig hefur sjónum verið beint að þróun mannfjölda, efnahag, vinnumarkaði, sveitarfélögum, húsnæðismálum, margvíslegri þjónustu, opinberri grunngerð, nýtingu lands og auðlinda og anda samfélagsins almennt. Notast er við margvíslegar rannsóknaraðferðir og við það miðað að afla fjölþættra gagna. Gögnum er safnað frá opinberum aðilum og framkvæmdaraðilum, gerðar eru úrtaksrannsóknir og tekin viðtöl við einstaklinga jafnt sem forsvarsmenn fyrirtækja.

Áfangaskýrslur komu út í lok árs 2006 og í byrjun árs 2008. Auk þess hafa komið út skýrslur um einstakar rannsóknir. Þær má finna á vef Rannsókna- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri www.rha.is.

Eins og sagði í upphafi má gera ráð fyrir að niðurstaða vöktunarverkefnisins verði lögð til grundvallar þegar ákvarðanir verða teknar um staðsetningu orkufreks iðnaðar í framtíðinni.

2. *Telur ráðherra að vöktun á framkvæmdatíma Kárahnjúkavirkjunar og Hraunaveitu ásamt ganga- og stíflugerð sem tengist þeim, byggingu Fjarðaráls og háspennulínum til álversins, gefi skýra mynd af langtímaáhrifum þessara framkvæmda á samfélagsþróun á Austurlandi?*

Langtímaáhrif af framkvæmdum tengdum Kárahnjúkavirkjun og álveri Fjarðaáls koma ekki fram fyrr en framkvæmdum er lokið, framleiðsla er hafin og atvinnulífið er komið í fastar skorður á ný. Vöktun á framkvæmdatíma eingöngu dugar því ekki til að gefa skýra mynd af langtímaáhrifum framkvæmdanna á samfélagsþróun á Austurlandi.

Sjálfbærniverkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar var sett á laggirnar árið 2004 í upphafi framkvæmda við byggingu Fjarðaáls og Kárahnjúkavirkjunar. Hvorugt fyrirtækið hafði forskrift að því hvernig staðið skyldi að þessu verkefni. Fljótlega kom í ljós að verkefnið var í raun frumkvöðlastarf, ekki bara hér á landi, heldur einnig á heimsvísu. Ekki er vitað til að slíkt verkefni hafi farið af stað þar sem framkvæmdir eru að hefjast. Fyrirtækin fengu til liðs við sig fulltrúa ýmissa hópa, bæði með og á móti framkvæmdunum, og myndaður var samráðshópur sem vann að verkefninu ásamt íslenskum og erlendum ráðgjöfum. Markmið verkefnisins er að styðja hugmyndafræði um sjálfbæra þróun og taka tillit til umhverfis, efnahags og félagslegra þátta.

Í samvinnu við samráðshópinn hafa verið þróaðir 45 vísar og eru 78 mælikvarðar notaðir til þess að fylgjast með vísunum. Til að setja vísana í víðara samhengi eru þeir flokkaðir eftir því hvernig þeir tengjast hinum þremur meginstoðum sjálfbærrar þróunar, þ.e. fólki, umhverfi og efnahag. Alcoa Fjarðaál og Landsvirkjun hafa skuldbundið sig til að fylgjast með þessum vísum, upplýsa um þróun þeirra og bregðast við ef þróunin kallar á aðgerðir. Fyrirtækin munu reglulega endurskoða vísana og breyta þeim ef þörf er á til að tryggja notagildi þeirra við að mæla áhrif starfsemi þeirra á sjálfbæra þróun á Austurlandi. Hægt er að fylgjast með verkefninu og niðurstöðum rannsókna á vefnum www.sjalfbaerni.is.

Margir þættir í því vöktunarverkefni sem fyrirspurnin snýst um skarast við sjálfbærniverkefnið. Það hefur sýnt sig að þau styðja vel hvort við annað og munu saman nýtast afar vel til að gefa skýra mynd af langtímaáhrifum framkvæmdanna á samfélagsþróun á Austurlandi ef þeim verður haldið áfram.

3. *Mun ráðherra beita sér fyrir áframhaldandi vöktun og rannsóknum á samfélagsáhrifum vikjunar- og stóriðjuframkvæmda á Austurlandi, svo meta megi langtímaáhrif framkvæmdanna og reksturs álversins á Reyðarfirði?*

Vöktun og rannsóknir á samfélagsáhrifum þurfa að halda áfram í nokkur ár eftir að framleiðsla er hafin til þess að unnt sé að meta langtímaáhrifin af framkvæmdunum og rekstri álversins. Rannsóknarverkefni því sem ráðist var í á grundvelli þingsályktunar Alþingis árið 2003 á að ljúka á þessu ári. Mikilvægt er að vöktun og rannsóknum á samfélagsáhrifum virkjunar- og stóriðjuframkvæmda á Austurlandi verði framhaldið og mun iðnaðarráðherra beita sér fyrir því að svo verði.

492. Tillaga til þingsályktunar [274. mál]

um mótun reglna um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar.

Flm.: Árni Þór Sigurðsson, Helga Sigrún Harðardóttir,
Jón Magnússon, Álfheiður Ingadóttir, Eygló Harðardóttir.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd með þátttöku allra þingflokka er hafi það verkefni að móta reglur og eftir atvikum semja frumvarp til laga um verkferla og meðferð og þýðingu faglegs hæfnismats við skipan í opinber embætti. Nefndin kanni m.a. kosti þess að faglegar hæfnismatsnefndir fái víðara verksvið og veiti umsagnir um fleiri embætti en nú gildir og hvort ástæða sé til í einhverjum tilvikum að færa skipunarvald frá ráðherrum til Alþingis eða sérstakra hæfnisnefnda.

Stefnt skal að því að nefndin ljúki störfum fyrir 1. október 2009.

Greinargerð.

Opinberar stöðuveitingar eru vandmeðfarnar en vekja oft harðar deilur og valda kærum. Mörg dæmi eru um það að umboðsmaður Alþingis eða kærunefnd jafnréttismála hafi fengið slík mál til umfjöllunar og komist að þeirri niðurstöðu að einstakar stöðuveitingar hafi ekki byggst á málefnalegum sjónarmiðum eins og allar stjórnvaldsákvarðanir verða að gera. Þvert á móti hafi geðþótti eða eigið mat einstakra ráðherra verið látið ráða, jafnvel í tilfellum þar sem sérstakar hæfnisnefndir hafa fjallað um umsóknir og skilað rökstuddu áliti. Það er staða sem samrýmist ekki sífellt harðari kröfum til opinberrar stjórnsýslu.

Það er mikilvægt að almenningur beri traust til stjórnsýslunnar og geti reitt sig á að stjórnvaldsákvarðanir eins og opinberar stöðuveitingar standist skoðun þannig að umsækjendur um opinbert starf geti gengið út frá því sem vísu að þeir séu metnir á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og þeirra krafna sem gerðar eru til viðkomandi starfs og auglýstar hafa verið.

Embætti í dómskerfinu eru sérstaklega mikilvæg í þessu tilliti enda dómsvaldið eitt af grunnstoðum þrískiptingar ríkisvaldsins. Enginn vafi má leika á um hlutleysi dómstóla eða á því að dómarar séu valdir til starfa á faglegum forsendum eingöngu. Því er ástæða til að nefndin skoði sérstaklega hvernig skipan dómara í embætti verði best háttað þannig að hún verði ekki tortryggð heldur þvert á móti auki traust almennings á dómskerfinu.

Algengt er að veitingarvaldið (ráðuneytið) leiti til ráðningar- og mannauðsráðgjafa við mat á umsækjendum. Í nokkrum tilvikum er kveðið á um að sérstakar hæfnisnefndir eða dómnefndir fjalli um umsækjendur og meti hæfi þeirra og hæfni. Er það m.a. venjan við stöður við háskóla og dómstóla. Hlutverk slíkra hæfnisnefnda má ekki vera neinum vafa undirorpið, né heldur þýðing þess mats sem þær vinna og að hve miklu leyti veitingarvaldshafinn er bundinn af áliti matsnefnda. Enn fremur er full ástæða til að skoða hvort slíkar hæfnisnefndir eigi við í fleiri tilvikum en nú er. Sérstaklega þarf að huga að því hvort ástæða sé til að flytja skipunarvald að einhverju leyti frá ráðherrum til Alþingis eða sérstakra hæfnisnefnda.

Ríkar ástæður eru til að móta sérstaka verkferla við skipan í opinber embætti og kanna með hvaða hætti það verður best gert. Kemur þar hvort tveggja til greina að setja sérstök lög um þessi málefni eða að samþykkja sérstakar reglur sem gefnar væru út af forsætisráðherra.

Umboðsmaður Alþingis hefur oft gert athugasemdir við embættisveitingar ráðherra og er skemmst að minnast álits umboðsmanns um skipan dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra. Í áliti sínu um það mál kemst umboðsmaður að þeirri niðurstöðu að veigamiklir ann-

markar hafi verið á málsmeðferð ráðherrans og í umræðum um málið á Alþingi kom í ljós, að ráðherrar umgangast það vald sem þeim er falið og réttarheimildir af mikilli léttúð. Fleiri nýleg dæmi eru um álit umboðsmanns og beinast m.a. að forsætisráðherra og dómsmálaráðherra.

Þá hefur Jafnréttisráð margsinnis fjallað um kærur vegna stöðuveitinga og eru mörg dæmi um að ráðið hafi komist að þeirri niðurstöðu að lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hafi verið brotin. Er löngu tímabært að tekið sé af festu á þessum málum og komið í veg fyrir að stjórnsýslan ráðist af duttlungum veitingarvaldshafans.

Í þeim tilgangi að móta slíkar reglur eða eftir atvikum að semja frumvarp til laga er hér lagt til að forsætisráðherra skipi nefnd með þátttöku allra þingflokka er ljúki störfum fyrir þingsetningu næstkomandi haust svo að nýjar reglur og eftir atvikum ný lög geti tekið gildi í byrjun árs 2010.

Tillagan var flutt á 135. löggjafarþingi en komst ekki á dagskrá. Hún er því endurflutt nú, lítillega breytt.

493. Svar [251. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um verð á áfengi.

1. *Hver hefur verið þróun áfengisgjalds frá árinu 1995, að nafnvirði og raungildi, á:*
   a. *sterku víni,*
   b. *léttvíni,*
   c. *bjór?*

Eins og sjá má í töflunni hér á eftir hefur áfengisgjaldi verið breytt fimm sinnum á umræddu tímabili. Þannig hefur áfengisgjald hækkað að nafnvirði um 14% á bjór, 2% á léttu víni og 37% af sterku víni en vísitala neysluverðs hefur á sama tíma hækkað um 91%. Það má því sjá að áfengisgjald hefur lækkað töluvert að raungildi á umræddu tímabili.

Breyting á áfengisgjaldi	Bjór	Létt vín	Sterkt vín	NVV
September 1995	58,1	58,1	58,1	174,1
Júlí 1998	58,7	52,8	57,5	183,6
Nóvember 2002	58,7	52,8	66,15	223,7
Nóvember 2004	58,7	52,8	70,78	237,9
Desember 2008	66,04	59,4	79,63	332,9
Hækkun frá 1995:	14%	2%	37%	91%

Áfengisgjaldið, sbr. töfluna, er lagt á hvern sentilítra af vínanda umfram 2,25 sentilítra þegar um bjór eða létt vín er að ræða en gjaldið leggst á allan vínanda þegar um sterkt áfengi er að ræða.

2. *Hver hefur verið hækkun vísitölu neysluverðs á sama tíma?*

Vísitala neysluverðs hefur hækkað um 91% á sama tíma, þ.e. á tímabilinu frá september 1995 til desember 2008, sbr. töfluna að framan. Með tilliti til svara við spurningunum hér að

neðan er vakin athygli á því að óveruleg breyting varð á vísitölu neysluverðs frá september 1995 til desember 1995.

3. *Hefur þróun áfengsgjalds endurspeglast í útsöluverði áfengis á sama tíma að teknu tilliti til gengisþróunar?*

Frá árslokum 1995 til ársloka 2008 hækkaði áfengisverð, eins og það er mælt í vísitölu neysluverðs, um 58% en á sama tímabili hækkaði vísitala neysluverðs um 91%. Áfengisverð hefur því lækkað töluvert að raungildi á umræddu tímabili á mælikvarða vísitölu neysluverðs.

Á myndinni hér að neðan má sjá þróun útsöluverðs á léttvíni, bjór og sterku áfengi í samanburði við neysluverðsvísitölu (NVV) og gengisvísitölu (GVT). Allar tölur í töflunni miðast við árslok og eru vísitölurnar settar í 100 í árslok 1995. Eins og myndin sýnir hefur útsöluverð á áfengi í flestum tilvikum lækkað í samanburði við neysluverðsvísitölu og einnig miðað við gengisvísitölu. Hins vegar þarf að hafa í huga að óverulegt samband er á milli útsöluverðs á áfengi og gengisvísitölu þar sem skattar og vörugjöld eru töluvert hátt hlutfall af útsöluverðinu. Minnst eru áhrifin á sterkt áfengi en hlutfall skatta og vörugjalda á sterkt áfengi er hærra en á aðrar tegundir áfengis.

Útsöluverð áfengis og neysluverðsvísit (NVV), settar = 100 í árslok 1995

Árslok	Léttvín	Bjór	Sterkt áfengi	NVV	GVT
1995	100	100	100	100	100
1996	92	101	101	102	100
1997	88	103	104	104	98
1998	101	103	108	105	98
1999	104	111	109	111	95
2000	105	114	111	116	104
2001	111	123	118	126	125
2002	111	124	121	129	109
2003	108	124	124	132	108
2004	108	123	130	137	99
2005	112	123	130	143	91
2006	116	124	135	153	108
2007	117	128	139	162	103
2008	157	169	175	191	186

4. *Hver hefur hlutur áfengis verið í útgjöldum heimilanna frá 1995 og í vísitölu neysluverðs, samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands?*

Hlutur áfengis í neysluútgjöldum heimilanna kemur skýrast fram í gögnum Hagstofunnar um vog áfengis í vísitölu neysluverðs (NVV). Í töflunni hér að aftan má sjá hvernig vog áfengis í NVV hefur breyst frá árinu 1997. Vogin breytist í samræmi við mælingar Hagstofu á neyslu og verði áfengis. Neyslumælingin uppfærir vogina með u.þ.b. tveggja ára töf. Vægi áfengis í vísitölu neysluverðs er sem hér segir frá 1997 en ekki eru aðgengilegar tölur frá árunum 1995 og 1996.

Ár	% af NVV
1997	1,66%
1998	1,61%
1999	1,60%
2000	1,57%
2001	1,55%
2002	2,41%
2003	2,54%
2004	2,26%
2005	2,06%
2006	1,81%
2007	1,74%
2008	1,65%

5. *Hefur verðþróun áfengis frá 1995 stuðlað að hækkun vísitölu neysluverðs eða lækkun?*

Frá árinu 1995 til 2008 hækkaði verð áfengis eins og það er mælt í vísitölu neysluverðs um 58%. Á sama tímabili hækkaði vísitala neysluverðs í heild sinni um 91%. Verðþróun á áfengi hefur því ekki haldið í við þróun neysluverðs á umræddu tímabili og þarf af leiðandi dregið úr hækkun vísitölu neysluverðs.

494. Frumvarp til laga [275. mál]

um greiðsluaðlögun.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Birkir J. Jónsson, Eygló Harðardóttir,
Helga Sigrún Harðardóttir, Höskuldur Þórhallsson,
Magnús Stefánsson, Valgerður Sverrisdóttir.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Með greiðsluaðlögun samkvæmt lögum þessum er átt við að skuldari verði fyrir sitt leyti leystur að hluta undan fjárhagslegum skuldbindingum sínum og á aðeins við einstaklinga. Greiðsluaðlögun nær þó ekki til allra fjárhagslegra skuldbindinga, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Greiðsluaðlögun verður aðeins ákvörðuð af sýslumanni en kröfuhafi getur þó kært ákvörðun sýslumanns til héraðsdóms, sbr. ákvæði VI. kafla. Kröfuhafi er bundinn af greiðsluaðlögun þegar hún hefur verið ákveðin.

Skuldari skal geta sótt ráðgjöf um fjárhagslega örðugleika til sýslumanns. Dómsmálaráðuneyti styður við þjónustu sýslumanns með ráðgjöf og leiðbeiningum.

Ef beiðni um greiðslustöðvun eða gjaldþrotaskipti á búi skuldara eða beiðni um nauðasamninga liggur fyrir hjá héraðsdómi þegar umsókn um greiðsluaðlögun berst verður umsóknin ekki tekin til umfjöllunar fyrr en meðferð þessara beiðna er lokið. Ef slíkar beiðnir koma fram af hálfu kröfuhafa á meðan sýslumaður hefur greiðsluaðlögun til meðferðar skulu þær látnar bíða þar til meðferð málsins er lokið hjá sýslumanni.

Á meðan umsókn um greiðsluaðlögun er til meðferðar hjá sýslumanni verður eignum skuldara ekki ráðstafað með nauðungarsölu.

II. KAFLI
Skilyrði greiðsluaðlögunar.

2. gr.

Einstaklingur, sem á lögheimili á Íslandi og stundar ekki umfangsmikinn atvinnurekstur, á rétt á greiðsluaðlögun ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. Hann er í varanlegum greiðsluerfiðleikum og ekki fyrirsjáanlegt í náinni framtíð að hann geti staðið við greiðsluskuldbindingar sínar.
2. Bú hans er hvorki undir gjaldþrotaskiptum né hefur hann fengið heimild til greiðslustöðvunar eða nauðasamninga.
3. Að greiðsluaðlögun teljist sanngjörn með tilliti til aðstæðna skuldara og lánardrottna.

Við mat skv. 3. tölul. 1. mgr. skal taka tillit til hvar og hvenær til skuldarinnar hefur stofnast, til hvaða ráðstafana skuldarinn hefur gripið til að standa við skuldbindingar sínar (gagnvart lánardrottnum), og hvort hann hafi sýnt skýran samstarfsvilja við umsóknarferlið. Skuldari sem ber miklar persónulegar ábyrgðir vegna fyrrum fyrirtækjarekstrar og mun ekki í fyrirsjáanlegri náinni framtíð geta staðið við greiðsluskuldbindingar sínar getur átt rétt á greiðsluaðlögun þrátt fyrir að enn sé ekki búið að gera upp þrotabú fyrirtækisins. Við mat skal leita umsagnar skiptastjóra fyrirtækisins um samstarfsvilja skuldara.

3. gr.

Óheimilt er að veita einstaklingi greiðsluaðlögun oftar en einu sinni nema sérstakar ástæður mæli með því.

III. KAFLI
Fjárkröfur sem greiðsluaðlögun nær til.

4. gr.

Undir greiðsluaðlögun falla allar fjárkröfur á hendur skuldara sem stofnast hafa fram að þeim tíma að greiðsluaðlögun er ákveðin, sbr. þó 2. mgr.

Greiðsluaðlögun tekur ekki til:

1. Veðkrafna að því leyti sem eign stendur undir kröfu.
2. Krafna sem orðið hafa til eftir að umsókn um greiðsluaðlögun er lögð fram.
3. Krafna sem yrði fullnægt með skuldajöfnuði ef bú skuldara væri tekið til gjaldþrotaskipta.
4. Krafna sem ágreiningur er um.

5. gr.

Allar kröfur skv. 1. mgr. 4. gr. eru jafnréttháar. Þetta á þó ekki við ef:

1. Kröfuhafi samþykkir að krafa hans sé réttlægri en aðrar.
2. Upphæð kröfu er það lág að sérstakar ástæður mæla með því að hún sé greidd að fullu áður en til greiðsluaðlögunar kemur.

IV. KAFLI
Umsókn um greiðsluaðlögun.

6. gr.

Umsókn um greiðsluaðlögun skal rituð á eyðublað sem sýslumaður lætur í té og beint til sýslumanns í því umdæmi þar sem skuldari á lögheimili. Umsókn, sem ekki er beint í rétt umdæmi, skal framsend af sýslumanni á réttan stað.

Umsókn skal undirrituð af skuldara.

Með umsókn skulu fylgja staðfest endurrit af síðasta skattframtali skuldara.

7. gr.

Eftirfarandi atriði skulu koma fram í umsókn:

1. Nafn skuldara, kennitala og heimili, svo og nöfn fyrirsvarsmanna, ef því er að skipta, og heimili þeirra.
2. Vottorð um lögheimili hér á landi.
3. Upplýsingar um eignir og skuldir ásamt nöfnum kröfuhafa, kennitölu þeirra, heimilisfangi og símanúmeri, enn fremur hverjir eru ábyrgðarmenn fyrir skuldara.
4. Upplýsingar um tekjur og útgjöld.
5. Upplýsingar um persónulegar og fjárhagslegar aðstæður skuldara og fjölskyldu hans sem hafa þýðingu fyrir mat á greiðsluaðlögun.

Framangreindar upplýsingar skulu gefnar að viðlögðum drengskap.

V. KAFLI
Málsmeðferð hjá sýslumanni.

8. gr.

Þegar sýslumanni hefur borist umsókn um greiðsluaðlögun skal hann kanna hvort hún fullnægi formskilyrðum skv. 7. gr. Sýslumaður skal benda umsækjanda á atriði sem áfátt er í umsókn og gera honum jafnframt grein fyrir að henni kunni að verða hafnað verði ekki bætt úr þeim.

Sýslumaður skal vísa frá umsókn um greiðsluaðlögun reynist ekki unnt að leggja hana til grundvallar athugun málsins og skuldari hefur ekki farið eftir tilmælum sýslumanns um að bæta úr annmörkum. Skal hann tilkynna skuldara og þekktum kröfuhöfum þá ákvörðun sína.

9. gr.

Þegar fullnægjandi umsókn liggur fyrir skal sýslumaður afla upplýsinga um persónulegar og fjárhagslegar aðstæður skuldara eftir því sem tilefni er til. Sýslumaður getur ef hann kýs frekar falið skuldara að útvega þessar upplýsingar.

Sýslumanni er heimilt að kalla skuldara til viðtals vegna umsóknar hans. Þar skal skuldari veita þær viðbótarupplýsingar sem sýslumann vantar til að geta tekið ákvörðun í málinu. Boð um viðtal skal sent á lögheimili skuldara. Í því skal gerð grein fyrir af hverju skuldari er kallaður til viðtals og að umsókn hans um greiðsluaðlögun kunni að verða hafnað ef hann mætir ekki. Ef ástæða þykir til skal sýslumaður einnig boða kröfuhafa eða aðra aðila sem veitt geta upplýsingar um málið til viðtals.

10. gr.

Fullnægi skuldari ekki skilyrðum greiðsluaðlögunar, sbr. 2. og 3. gr., skal sýslumaður hafna umsókn. Skal hann rökstyðja þá ákvörðun sína og tilkynna skuldara og þekktum kröfuhöfum.

11. gr.

Fullnægi skuldari skilyrðum greiðsluaðlögunar skal sýslumaður, í samráði við skuldara, leggja fram tillögu að greiðsluaðlögun. Hún skal ávallt lögð fram í stöðluðu formi. Í tillögu að greiðsluaðlögun skal koma fram:

1. Hvaða fjárkröfur skv. 4. gr. falli undir greiðsluaðlögunina og hvort þær séu allar jafnréttháar.
2. Sú upphæð sem kemur til skipta milli kröfuhafa og hversu há upphæð stendur eftir af kröfum sem ekki fást greiddar. Fram skulu koma heildarfjárhæðir og sundurliðað yfirlit yfir einstakar kröfur.
3. Greiðsluáætlun sem sýnir hvenær og hvernig eftirstöðvar skulda verða greiddar kröfuhafa.

Við mat á greiðslugetu skuldara, sem fram kemur í greiðsluáætlun skv. 3. tölul. 1. mgr., skal taka tillit til allra tekna skuldara að frádregnum framfærslukostnaði hans og fjölskyldu hans. Ef um hjón eða sambúðaraðila er að ræða skal einnig líta til tekna maka.

Greiðsluáætlun skv. 3. tölul. 1. mgr. skal vera til þriggja ára nema sérstakar ástæður mæli með lengri eða skemmri tíma.

12. gr.

Tillögu að greiðsluaðlögun skv. 11. gr. skal senda til allra kröfuhafa sem lagt er til að sæti lækkun eða brottfalli á kröfu og ábyrgðarmanna skuldara og þeir hvattir til að gera athugasemdir um fyrirliggjandi tillögur innan tveggja vikna. Þar skal einnig koma fram að það hindri ekki ákvörðun um greiðsluaðlögun þó að athugasemdir berist ekki fyrir tilsettan tíma.

13. gr.

Sýslumaður skal taka afstöðu til þeirra athugasemda sem fram koma á grundvelli 12. gr. svo fljótt sem kostur er. Ef hann telur þörf á að breyta tillögunni skal sýslumaður tilkynna um það með þeim hætti sem segir í 12. gr. Þá skal sýslumaður senda öllum kröfuhöfum bréf þar sem fram kemur hvort talin er ástæða til að breyta tillögunni eða ekki á grundvelli athugasemda viðkomandi kröfuhafa ásamt rökstuðningi fyrir þeirri niðurstöðu.

Kröfuhafi, sem að liðnum fresti hefur ekki gert athugasemdir á grundvelli 12. gr., telst hafa samþykkt tillöguna.

Eftir að sýslumaður hefur tekið afstöðu til athugasemda á grundvelli 1. mgr. eða ef allir kröfuhafar lýsa sig samþykka tillögu að greiðsluaðlögun og hún samræmist þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum skal sýslumaður taka ákvörðun um að greiðsluaðlögun skuli ná fram að ganga.

14. gr.

Þegar ákvörðun um greiðsluaðlögun hefur verið tekin skal birta tilkynningu þar um í Lögbirtingablaðinu ásamt áskorun til allra kröfuhafa um að lýsa kröfum sínum í síðasta lagi einum mánuði frá birtingu. Ef ástæða þykir til getur sýslumaður ákveðið að tilkynning skuli einnig birt í einu eða fleiri dagblöðum. Sýslumaður getur einnig framlengt innköllunarfrestinn upp í tvo mánuði ef sérstök ástæða þykir til.

15. gr.

Eftir að innköllunarfrestur skv. 14. gr. er liðinn skal sýslumaður birta tilkynningu í Lögbirtingablaðinu um að greiðsluaðlögun sé komin til framkvæmda. Tekur greiðsluaðlögun þá gildi frá þeim tíma sem birtingin fer fram.

VI. KAFLI
Kæruheimildir.

16. gr.

Skuldari eða kröfuhafi geta krafist úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns um greiðsluaðlögun með því að tilkynna það sýslumanni innan viku frá því að þeim verður sú ákvörðun kunn.

Skuldari getur krafist úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns um að vísa umsókn um greiðsluaðlögun frá á grundvelli 2. mgr. 8. gr. eða hafna umsókn með vísan í 10. gr. og skal hann þá tilkynna sýslumanni þar um með sama hætti og getur í 1. mgr.

Ef krafist er úrlausnar á grundvelli 1. eða 2. mgr. skal sýslumaður bóka nákvæmlega hver sú ákvörðun er sem krafist er úrlausnar héraðsdómara um og hverjar kröfur aðilar gera. Skulu jafnframt bókaðar í stuttu máli röksemdir sem þeir færa fyrir kröfum sínum. Síðan skal sýslumaður framsenda málið til héraðsdóms sem hefur dómsvald í umdæmi hans.

17. gr.

Dóminum ber að ógilda ákvörðun sýslumanns ef forsendur fyrir greiðsluaðlögun samkvæmt lögunum eru ekki uppfylltar eða ef skuldari mætir ekki til boðaðs þinghalds.

Að öðru leyti skulu ákvæði 86.–91. gr. laga nr. 90/1989, um aðför, gilda um málsmeðferð fyrir héraðsdómi.

18. gr.

Ef héraðsdómur úrskurðar skuldara í vil getur skuldari borið málið aftur undir sýslumann sem ber þá að taka málið til meðferðar að nýju. Sama gildir ef héraðsdómur hnekkir ákvörðun sýslumanns á grundvelli kæru kröfuhafa nema úrskurður héraðsdóms hafi byggst á því að umsókn skuldara fullnægi ekki skilyrðum II. kafla eða að fjárkröfur viðkomandi kröfuhafa falli undir 2. mgr. 4. gr.

Úrskurðir héraðsdóms eru fullnaðarúrskurðir.

Sýslumanni ber að tilkynna kröfuhöfum og ábyrgðarmönnum um ef héraðsdómur hnekkir ákvörðun sýslumanns á grundvelli kæru skv. 1. mgr. 16. gr. Hann skal jafnframt láta birta slíkan úrskurð héraðsdóms í Lögbirtingablaði.

VII. KAFLI
Réttaráhrif greiðsluaðlögunar.

19. gr.

Birting ákvörðunar um greiðsluaðlögun skv. 15. gr. leysir skuldara undan greiðsluskyldu á þeim skuldum sem greiðsluaðlögun nær til. Við greiðsluaðlögun er skuldari jafnframt leystur undan ábyrgð á greiðslu krafna sem voru óþekktar þegar erindi um greiðsluaðlögun var til umfjöllunar en hefðu fallið undir greiðsluaðlögunina. Þetta gildir þó ekki um kröfur sem falla undir 2. tölul. 4. gr.

Vextir af skuldum skv. 1. og 2. málsl. 1. mgr. falla niður frá sama tíma.

Greiðsluaðlögun, sem komin er til framkvæmda, hefur engin áhrif á rétt kröfuhafa til að krefjast gjaldþrotaskipta á grundvelli krafna sem stofnast hafa eftir birtingu skv. 15. gr. eða krafna sem ekki féllu undir greiðsluaðlögunina á grundvelli 2. mgr. 4. gr. Hún hefur heldur ekki áhrif á rétt kröfuhafa gegn ábyrgðarmönnum.

VIII. KAFLI
Endurmat greiðsluaðlögunar.

20. gr.

Að beiðni kröfuhafa, sem á kröfu er fellur undir greiðsluaðlögun samkvæmt þessum lögum, getur sýslumaður fellt greiðsluaðlögun úr gildi, eða ef 5. tölul. þessarar málsgreinar á við endurmetið greiðsluaðlögun, ef:

a. skuldari hefur á fölskum forsendum fengið kröfuhafa til að samþykkja greiðsluaðlögun,
b. skuldari hefur í umsókn sinni um greiðsluaðlögun eða við meðferð málsins látið kröfuhafa í té rangar upplýsingar um stöðu sína eða annað sem ætla má að skipt hafi máli við mat kröfuhafa á því hvort hann ætti að samþykkja greiðsluaðlögun,
c. skuldari hefur gefið rangar upplýsingar til sýslumanns eða héraðsdóms eða látið hjá líða að veita upplýsingar sem hann er skyldugur til að gefa og þessar röngu upplýsingar hafa orðið til þess að ákvörðun um greiðsluaðlögun reynist ekki í samræmi við raunverulega stöðu skuldara,

d. skuldari fylgir ekki greiðsluáætluninni, nema um lítils háttar frávik sé að ræða,
e. fjárhagsstaða skuldara batnar verulega eftir að greiðsluaðlögun er hafin.

Kröfuhafi verður að leggja fram beiðni um endurmat innan árs frá því að tilkynning um greiðsluaðlögun var birt skv. 15. gr. Beiðni um endurmat á grundvelli 4. eða 5. tölul. má þó leggja fram hvenær sem er á þeim tíma sem greiðsluaðlögun nær til.

Sýslumaður skal gefa skuldara, kröfuhöfum og ábyrgðarmönnum kost á að tjá sig um beiðni um endurmat samkvæmt þessari grein, sbr. 12. gr.

21. gr.

Að beiðni skuldara getur sýslumaður breytt ákvörðun sinni um greiðsluáætlun, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 11. gr., ef aðstæður hafa breyst verulega eftir að tilkynning um greiðsluáætlun var birt.

Sýslumaður skal gefa kröfuhöfum og ábyrgðarmönnum kost á að tjá sig um beiðni um endurmat samkvæmt þessari grein, sbr. 12. gr.

22. gr.

Heimilt er sýslumanni að afturkalla eða breyta að eigin frumkvæði fyrri ákvörðun um heimild til greiðsluaðlögunar ef einhverjar upplýsingar koma fram sem hefðu leitt til höfnunar á greiðsluaðlögun.

23. gr.

Ef sýslumaður ákveður að endurskoða fyrri ákvörðun um greiðsluaðlögun skal sú ákvörðun rökstudd og birt skuldara og öðrum aðilum á þann hátt sem mælir fyrir um í 15. gr. Endurákvörðun telst komin til framkvæmda við birtingu í Lögbirtingablaði.

Um kæru endurákvörðunar gilda ákvæði VI. kafla.

IX. KAFLI
Önnur ákvæði.

24. gr.

Ef skuldari deyr telst umsókn um greiðsluaðlögun sjálfkrafa fallin niður.

25. gr.

Ef skuldari afturkallar umsókn um greiðsluaðlögun skal meðferð málsins samstundis hætt.

26. gr.

Samkomulag sem skuldari eða þriðji maður gerir þar sem einhverjum kröfuhafa sem fellur undir greiðsluaðlögunina er lofað hærri greiðslum en greiðsluaðlögunin segir til um telst ógilt.

27. gr.

Einstaklingum sem lögaðilum er skylt að veita sýslumanni og héraðsdómi allar þær upplýsingar sem óskað er um persónulega og fjárhagslega stöðu skuldara og nauðsynlegar teljast til að geta tekið afstöðu til umsóknar um greiðsluaðlögun.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. mars 2009.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frumvarps er að gefa þeim einstaklingum sem eru í alvarlegum og viðvarandi greiðsluerfiðleikum möguleika á því að ná stjórn á fjármálum sínum. Neyðarástand hefur skapast á þúsundum heimila í landinu þar sem gjaldþrot blasir við mörgum þeirra. Það mun skapa margvísleg félagsleg vandamál, leggja auknar byrðar á félagsmálastofnanir, auka örvæntingu einstaklinga og fjölskyldna og skapa sár í þjóðfélaginu sem seint munu gróa.

Meginástæðurnar fyrir greiðsluerfiðleikum heimilanna er hrun íslenska fjármálakerfisins, óstöðugleiki íslensku krónunnar, okurvextir, óðaverðbólga, lækkandi fasteignamat og sívaxandi atvinnuleysi. Samhliða hafa skattar hækkað, álögur aukist í formi þjónustugjalda og kjör skerst.

Til að koma í veg fyrir þá holskeflu gjaldþrota, sem nú blasir við og gera mun þúsundir fjölskyldna heimilislausar, þarf að grípa til björgunaraðgerða til að aðstoða fólk við að greiða úr skuldavandamálum heimilanna, vandamálum sem þegar eru orðin svo mikil að heimilin ráða ekki við þau. Margt þarf að koma til, svo sem greiðsluaðlögun, lenging lána, félagsleg aðstoð og veiting greiðsluerfiðleikalána.

Í frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um greiðsluaðlögun þar sem skuldurum verði hjálpað til að komast út úr mesta svartnættinu. Markmiðið með greiðsluaðlögun er að skuldari fái lánskjörum breytt þannig að greiðslubyrði verði léttari. Breyting á lánskjörum getur falið í sér að vöxtum og/eða lánstíma sé breytt eða skuld lækkuð eða fryst um tíma á meðan fólk leitar lausna á tímabundnum erfiðleikum, t.d. vegna atvinnuleysis, veikinda og fleira. Greiðsluaðlögun kemur aðeins til greina hafi hún í för með sér ávinning fyrir skuldara, lánardrottna og samfélagið í heild. Ávinningur fyrir skuldarana verði sá að þeir geti staðið í skilum með skuldina, ávinningur fyrir lánardrottnana verði sá að líkur á endurgreiðslu aukist og ávinningur samfélagsins verði sá að færri þurfi að leita á náðir félagsmálastofnananna.

Til að ná sem víðtækastri samstöðu um þau markmið sem frumvarp þetta um greiðsluaðlögun snýst um er mikilvægt að greiðsluaðlögun nái jafnt til skulda við ríki, innlánsstofnanir, lífeyrissjóði og verkalýðshreyfingu sem og húsnæðisskulda.

Í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, er sérstaklega fjallað um nauðasamninga. Með lögunum virtist vera áætlunin að einstaklingar, sem ekki eru í atvinnurekstri, gætu í auknum mæli leitað eftir nauðasamningum við lánardrottna sína án tengsla við gjaldþrotaskipti. Raunin hefur hins vegar orðið sú að lítil sem engin breyting hefur orðið í þessu efni frá því sem áður var. Mjög sjaldgæft er að einstaklingar fari í nauðasamningsumleitanir nema í beinum tengslum við gjaldþrotaskipti. Ástæðan er líklega sú hversu þungt þetta úrræði gjaldþrotaskiptalaganna er í vöfum auk þess sem töluverður kostnaður er því fylgjandi fyrir skuldara. Í þessu frumvarpi er lagt til að skapað verði virkt úrræði fyrir stjórnvöld til að aðstoða þá einstaklinga og fjölskyldur í landinu sem lent hafa í alvarlegum fjárhagserfiðleikum við að ná fótfestu á ný í þjóðfélaginu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með hugtakinu greiðsluaðlögun í lögum þessum er átt við að hægt verði að leysa skuldara að hluta undan fjárhagslegum skuldbindingum sem hann hefur tekist á hendur. Vissar kröfur eru þó ávallt undanþegnar greiðsluaðlögun, sbr. 2. mgr. 4. gr. Greiðsluaðlögun getur aðeins átt við einstaklinga, en ekki aðrar lögpersónur.

Gert er ráð fyrir að málsmeðferð í tengslum við umsókn um greiðsluaðlögun verði á einni hendi, þ.e. hjá sýslumanni, en heimilt er að kæra vissar ákvarðanir sýslumanns til héraðs-

dóms, sbr. VI. kafla. Kröfuhafi er bundinn af úrskurði um greiðsluaðlögun þegar hún hefur verið ákveðin. Hann getur þó í vissum tilvikum óskað eftir endurmati á ákvörðuninni, sbr. VIII. kafla.

Ekki þykir eðlilegt að fjallað verði um umsókn um greiðsluaðlögun meðan héraðsdómur hefur málefni skuldara til meðferðar á grundvelli laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Hins vegar er nauðsynlegt að frysta beiðnir um greiðslustöðvun, gjaldþrotaskipti eða nauðasamninga sem koma fram meðan umsókn um greiðsluaðlögun er til meðferðar hjá sýslumanni.

Um skýringu á 4. mgr. vísast í skýringar á 2. mgr. 40. gr. laga um gjaldþrotaskipti.

Um II. kafla.

Hér er mælt fyrir um þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til að greiðsluaðlögun komi til greina. Hafa verður í huga að þessi skilyrði verða aldrei afmörkuð að fullu í lögum þar sem ávallt hlýtur að verða að meta hvert tilvik fyrir sig.

Um 2. gr.

Grunnforsendur fyrir því að greiðsluaðlögun sé heimil eru annars vegar að skuldari eigi lögheimili hér á landi og hins vegar að hann stundi ekki umfangsmikinn atvinnurekstur. Með því er átt við að atvinnureksturinn sé mjög takmarkaður og sé ekki aðalatvinna skuldarans. Með atvinnurekstri er hér átt við atvinnurekstur í skilningi skattalaga. Ef þessar forsendur eru uppfylltar á skuldari rétt á greiðsluaðlögun ef skilyrðum 1.–3. tölul. er fullnægt. Nokkuð auðvelt á að vera að ganga úr skugga um hvort skilyrðum 1. og 2. tölul. er fullnægt, þ.e. hvort sýnt sé að samanlagðar tekjur dugi ekki til að standa undir fjárhagslegum skuldbindingum og hvort bú skuldara sé nokkuð í greiðslustöðvun, undir gjaldþrotaskiptum eða nauðasamningar komist á. Skilyrði 3. tölul. um hvort greiðsluaðlögun teljist sanngjörn með tilliti til persónulegra og fjárhagslegra aðstæðna skuldara er hins vegar mjög matskennt. Í 2. mgr. kemur fram hvað beri að hafa í huga við mat á því hvort þetta skilyrði er uppfyllt. Tilgangurinn með þessum lögum er að veita þeim einstaklingum, sem stofnað hafa til skuldbindinga sem þeir ráða ekki við, kost á niðurfellingu þeirra skulda að hluta. Aðeins í þeim tilvikum þar sem ólíklegt er að skuldari hafi, þegar til hinna fjárhagslegu skuldbindinga var stofnað, átt að geta séð fyrir mjög breyttar aðstæður í framtíðinni hlýtur greiðsluaðlögun að teljast sanngjörn en ekki ef líklegt er að skuldara hafi mátt vera ljóst þegar til lánanna var stofnað að hann mundi ekki standa undir greiðslubyrði á þeim lánum. Því miður er nokkuð ríkjandi í okkar íslenska þjóðfélagi að menn fari út í alls konar fjárfestingar án þess að hafa reiknað dæmið til fulls með það að leiðarljósi að þetta hljóti að reddast einhvern veginn. Það væri engan veginn sanngjarnt með tilliti til þeirra sem fara ekki út í fjárfestingar nema hafa eftir bestu getu reiknað út að þeir séu borgunarmenn fyrir þeim skuldum sem stofnað er til að fyrrnefndi hópurinn gæti treyst á að redda sér fyrir horn ef dæmið gengur ekki upp með því að óska eftir greiðsluaðlögun. Þær aðstæður eru samt alltaf að koma upp að menn sem töldu sig hafa allt sitt á þurru þegar til tiltekinna fjárfestinga var stofnað eru skyndilega ekki lengur borgunarmenn fyrir skuldum sínum, t.d. vegna þess að þeir hafa óvænt misst vinnu sína eða jafnvel að ríkið hefur verið að bæta á einhverjum álögum sem ekki voru fyrir hendi þegar þeir gerðu sína útreikninga í upphafi. Það er fyrst og fremst í þessum tilvikum sem greiðsluaðlögun getur talist sanngjörn skv. 3. tölul. þessarar greinar.

Um 3. gr.

Þau úrræði, sem frumvarp þetta mælir fyrir um, hljóta alltaf að vera alger undantekningarúrræði sem ekki er gripið til fyrr en allar aðrar dyr virðast lokaðar. Því er ekki eðlilegt að hver einstakur aðili eigi rétt á greiðsluaðlögun nema einu sinni. Þó er gert ráð fyrir að víkja megi frá þessu í sérstökum tilvikum ef sýslumaður metur það svo, en þá undanþágu verður að skýra mjög þröngt.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er mælt fyrir um hvaða kröfur falla undir greiðsluaðlögun og um rétthæð þeirra.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að allar fjárkröfur á hendur skuldara geti fallið undir greiðsluaðlögun, en í 2. mgr. eru taldar upp undantekningarnar frá þessari meginreglu.

Ekki þykir eðlilegt að kröfur, sem tryggðar eru með veðrétti í eign skuldara, falli undir greiðsluaðlögun enda er þar um kröfur að ræða sem almennt njóta forgangsréttar í réttarfarsframkvæmd. Það er líka skilyrði til að kröfur geti fallið undir greiðsluaðlögun að þær séu gjaldfallnar. Í 3. tölul. er sambærileg regla við ákvæði í 5. tölul. 1. mgr. 28. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Loks þykir ekki eðlilegt að greiðsluaðlögun nái til krafna sem ágreiningur er uppi um.

Um 5. gr.

Almenna reglan er sú að allar kröfur sem greiðsluaðlögun lýtur að eru jafnréttháar, en þó er gerð undantekning í tveimur tilvikum. Annars vegar þegar um það er að ræða að kröfuhafi samþykkir að aðrar kröfur gangi framar hans eigin og hins vegar þegar upphæð kröfu er mjög lág með tilliti til annarra krafna og sérstakar ástæður mæla með því að viðkomandi kröfuhafi fái sína kröfu greidda að fullu. Þessi síðarnefnda heimild er sett inn til einföldunar á framkvæmd greiðsluaðlögunar auk þess kröfuhafar væru lítt betur settir þó slíkar smákröfur yrðu teknar með. Það er lagt á sýslumann að meta hvenær krafa telst það lág að rétt sé að greiða hana að fullu.

Um IV. kafla.

Hér eru settar fram reglur um meðferð og form umsóknar um greiðsluaðlögun.

Um 6. gr.

Umsókn um greiðsluaðlögun skal vera skrifleg og beint til sýslumanns í réttu umdæmi. Til að einfalda alla málsmeðferð er gert að skilyrði að hún sé útfyllt á staðlað eyðublað sem sýslumaður lætur í té. Þannig er tryggt að samræmi verði milli umsókna og sýslumaður ætti því að eiga mun hægar um vik að taka afstöðu til hvers einstaks máls.

2. og 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Hér eru talin upp þau atriði sem fram þurfa að koma í umsókn. Þessar upplýsingar eiga að vera þessi eðlis að sýslumaður eigi auðvelt með að meta hvort yfir höfuð sé ástæða til frekari framhalds málsins eða ekki. Jafnframt eiga þær að flýta fyrir allri vinnu við málið. Ekki er ástæða til að skýra nákvæmlega alla töluliðina en þó skal tekið fram að 5. tölul. er

hafður með fyrst og fremst til að skuldari geti reynt að sannfæra sýslumann um raunverulega þörf hans á að fá að njóta þeirrar skuldaniðurfærslu sem lögin mæla fyrir um.

Um V. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um málsmeðferðina hjá sýslumanni. Rétt er að geta þess að um sérstakt hæfi sýslumanns gilda ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 8. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um leiðbeiningarskyldu sýslumanns gagnvart skuldara og sýslumanni jafnframt gert að vísa umsókn um greiðsluaðlögun frá ef formskilyrðum er enn ekki fullnægt eftir að hann hefur leiðbeint skuldara um hverju var áfátt.

Um 9. gr.

Hér er mælt fyrir um heimildir sýslumanns til upplýsingaöflunar við meðferð máls. Hann getur bæði leitað eftir upplýsingum um aðstæður skuldara hjá bönkum og opinberum stofnunum, sbr. 27. gr., eða kallað skuldara eða aðra til viðtals.

Um 10. gr.

Ef skuldari fullnægir ekki þeim skilyrðum sem sett eru í 2. og 3. gr. laganna ber sýslumanni skylda til að hafna umsókn. Um rökstuðning og tilkynningu slíkrar höfnunar fer samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Um 11. gr.

Þessi grein inniheldur ákvæði um form tillögu að greiðsluaðlögun, sem sýslumaður leggur fram í samráði við skuldara. Þar skal í fyrsta lagi tekið fram hvaða kröfur muni falla undir greiðsluaðlögunina og hvort einhverjar þeirra séu rétthærri en aðrar. Í öðru lagi þarf að koma skýrt fram hver sú upphæð er sem kemur til skipta milli kröfuhafa og einnig heildarupphæð þeirra krafna sem lagt er til að falli niður. Í þriðja lagi skal tillagan innihalda greiðsluáætlun sem segir til um hvenær og hvernig eftirstöðvar skulda skv. 2. tölul. verða greiddar til kröfuhafa.

Greiðsluáætlun hlýtur ávallt að byggjast á mati á greiðslugetu skuldara. Greiðslugetan miðast við tekjur skuldara að frádregnum föstum framfærslukostnaði. Eðlilegt er að tekið sé tillit til heildartekna beggja aðila ef um hjón eða sambúðaraðila er að ræða.

Lagt er til að meginreglan verði sú að greiðsluáætlun nái til þriggja ára nema sérstakar ástæður mæli til annars. Ætla má að slíkar sérstakar ástæður geti helst leitt til þess að rök séu fyrir að skuldari fái að greiða skuldir sínar niður á lengri tíma.

Um 12. gr.

Eftir að tillaga að greiðsluaðlögun hefur verið lögð fram er nauðsynlegt að kröfuhafar fái ráðrúm til að kynna sér hana og taka afstöðu til þess hvort þeir geti sætt sig við viðkomandi tillögu. Sýslumanni er samkvæmt þessari grein gert skylt að sjá til þess að öllum kröfuhöfum sem vitað er um sé send tillagan. Til að tryggja að tilkynningin skili sér er eðlilegt að sýslumaður sendi hana í ábyrgðarpósti til móttakenda. Tveggja vikna fresturinn byrjar að líða frá þeim tíma sem kröfuhafar áttu kost á að kynna sér tillöguna. Til að allir sem eiga hagsmuni af því hvort greiðsluaðlögun kemst á eða ekki séu meðvitaðir um þróun mála ber sýslumanni

einnig að senda tillöguna með sama hætti til allra þeirra sem sett hafa sig í ábyrgð fyrir skuldara.

Um 13. gr.

Svo fljótt sem kostur er eftir að sá frestur, sem um getur í 12. gr., er liðinn skal sýslumaður taka afstöðu til þeirra athugasemda sem borist hafa. Kröfuhöfum skal kynnt bréflega á rökstuddan hátt hver afstaða var tekin til athugasemda þeirra. Hér gæti t.d. verið um það að ræða að tiltekinn kröfuhafi hafi talið sig eiga fleiri kröfur á skuldarann en fram koma í tillögu að greiðsluaðlögun en sýslumaður bendi honum á það að þær kröfur falli ekki undir greiðsluaðlögun skv. III. kafla. Ef sýslumaður sér ástæðu til að breyta tillögu á grundvelli innsendra athugasemda skal tilkynnt um það á sama hátt og gert var í upphaflegri tilkynningu, nema ekki skal þá gefinn frestur til að skila inn frekari athugasemdum.

2. og 3. mgr. þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Um 14. og 15. gr.

Eftir að sýslumaður hefur tekið ákvörðun um greiðsluaðlögun á grundvelli 3. mgr. 13. gr. skal sú ákvörðun birt í Lögbirtingablaði ásamt áskorun til kröfuhafa um að lýsa kröfum sínum. Þannig á öllum þeim sem telja sig eiga kröfu á hendur viðkomandi skuldara að gefast kostur á að lýsa þeim. Ekki er víst að allir hafi gefið sig fram eftir tilkynningu skv. 12. gr. því þar er sýslumanni aðeins ætlað að senda tillögu að greiðsluaðlögun til þeirra skuldara sem vitað er um. Sýslumaður getur einnig skv. 14. gr. ákveðið að ákvörðunin skuli birt í dagblöðum auk Lögbirtingablaðs ef hann hefur ástæðu til að ætla að auglýsing í Lögbirtingablaði einu saman nái ekki til allra skuldara. Eftir að innköllunarfrestur er liðinn skal sýslumaður aftur birta tilkynningu í Lögbirtingablaði og telst greiðsluaðlögun komin til framkvæmda frá þeim degi sem sú birting fer fram. Ef hins vegar eftir birtingu skv. 14. gr. koma fram kröfur sem ekki voru þekktar áður og sýslumaður telur ástæðu til að taka tillit til frestast birting skv. 15. gr. þangað til endanleg ákvörðun hefur verið tekin.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla er gert ráð fyrir að bæði skuldari og kröfuhafi geti kært ákvörðun sýslumanns til héraðsdóms.

Um 16. gr.

Kæruheimild kröfuhafa er bundin við það eitt að hann uni ekki ákvörðun sýslumanns um greiðsluaðlögun en skuldari getur einnig skotið einstökum ákvörðunum sýslumanns í tengslum við málsmeðferðina til héraðsdóms, sbr. 2. mgr. 16. gr.

Um 17. gr.

Um málsmeðferð fyrir héraðsdómi gilda ákvæði aðfararlaga. Héraðsdómur getur þannig aðeins tekið afstöðu til þeirrar kæru sem undir hann er borin og á þeim grunni jafnvel hnekkt ákvörðun sýslumanns en dómurinn getur hins vegar ekki tekið sjálfstæða ákvörðun um að greiðsluaðlögun skuli heimiluð.

Um 18. gr.

Héraðsdómur úrskurðar í kærumálum og verða þeir úrskurðir ekki bornir undir æðra dómsstig. Eftir að héraðsdómur hefur fellt úrskurð sinn getur skuldari farið með málið að

nýju fyrir sýslumann svo framarlega sem úrskurður dómsins hefur ekki verið þess efnis að umsókn skuldara fullnægi ekki skilyrðum II. og III. kafla.

Um VII. kafla.

Um 19. gr.

Við birtingu skv. 15. gr. telst greiðsluaðlögun komin til framkvæmda. Þá fellur jafnframt niður greiðsluskylda skuldara á öllum kröfum sem falla undir greiðsluaðlögunina og ekki eiga að fást greiddar samkvæmt henni. Þetta á einnig við um kröfur sem ekki var vitað um þegar málið var til meðferðar og kröfuhafi lýsir ekki á grundvelli 14. gr.

Á sama tíma falla einnig niður allir vextir af þeim kröfum sem um getur í 1. mgr. Vextir falla hins vegar ekki niður af þeim kröfum sem skuldara er eftir sem áður gert að greiða.

Eins og fram kemur í 1. mgr. eru þeir kröfuhafar, sem falla undir greiðsluaðlögunina, bundnir við þá niðurfærslu á kröfum þeirra sem greiðsluaðlögunin segir til um eftir birtingu skv. 15. gr. Allar nýjar kröfur, sem stofnast eftir það tímamark, sem og kröfur sem ekki féllu undir greiðsluaðlögunina skv. 2. mgr. 4. gr., eru hins vegar óháðar þessum réttaráhrifum og kröfuhafar geta því á grundvelli þeirra neyta allra úrræða sem lög veita þeim til að ná fram sínum rétti. Ákvörðun um greiðsluaðlögun leysir ábyrgðarmenn ekki undan skuldbindingum sínum enda væri það ekki sanngjarnt gagnvart kröfuhöfum. Þó má reikna með því að með greiðsluaðlögun aukist líkur á því að skuldari geti greitt einhvern hluta af þeim lánum sem aðrir eru í ábyrgð fyrir.

Um VIII. kafla.

Samkvæmt þessum kafla getur sýslumaður breytt eða fellt greiðsluaðlögun úr gildi eftir að hún er komin til framkvæmda, ýmist af sjálfsdáðum eða samkvæmt beiðni kröfuhafa eða skuldara. Þessar heimildir eru óháðar kærufresti VI. kafla og koma fyrst og fremst til ef forsendur hafa breyst verulega frá því að ákvörðun um greiðsluaðlögun var tekin og það stafar annaðhvort frá skuldara sjálfum eða breyttum ytri aðstæðum.

Um 20. gr.

Um skýringu á a- og b-lið 1. mgr. vísast að nokkru til III. kafla samningalaga, nr. 7/1936. Með orðalaginu „á fölskum forsendum“ í a-lið er meðal annars átt við ef skuldari hefur viksamlega þagað yfir upplýsingum sem ætla má að hefðu haft áhrif á ákvörðun kröfuhafa um hvort hann ætti að fallast á tillögu um greiðsluaðlögun. Það að láta vísvitandi í té rangar upplýsingar, sbr. b-lið, er sambærilegt við svikahugtak III. kafla samningalaga eins og það hefur verið skýrt. Um skýringu á c-lið vísast í skýringu á b-lið og einnig er rétt að hafa XV. kafla almennra hegningarlaga í huga í þessu sambandi. Skv. d-lið getur kröfuhafi lagt fram beiðni um endurmat ef skuldari hefur ekki greitt honum í samræmi við það sem fram kemur í greiðsluáætlun. Orðin „lítils háttar frávik“ í þessu sambandi verður að skýra þröngt. Ætla má að e-lið hafi að geyma það úrræði sem kröfuhafar munu helst notfæra sér af þeim sem greinin kveður á um.

Beiðni um endurmat skv. a–c-liðum 1. mgr. verður skv. 2. mgr. að koma fram innan árs frá því að greiðsluaðlögun kom til framkvæmda enda er þar um atriði að ræða sem líklegt er að komi fljótt upp á yfirborðið en þau atriði sem um getur í d- og e-lið eru þess eðlis að ekki er víst að á þau fari að reyna fyrr en líða tekur á greiðsluaðlögunartímann.

Eðlilegt er að öllum hlutaðeigandi aðilum sé gefinn kostur á að tjá sig um endurmatsbeiðni.

Um 21. gr.

Með þessu ákvæði er skuldara veitt heimilt til að óska eftir endurmati ef aðstæður hafa breyst verulega eftir að greiðsluaðlögun kom til framkvæmda. Fyrst og fremst er hér verið að vísa í þau tilvik þar sem aðstæður skuldara hafa versnað til muna frá því að greiðsluaðlögun átti sér stað, en þó gæti skuldari einnig óskað eftir endurmati á grundvelli þessarar greinar ef staða hans hefði batnað það mikið að hann sæi sér fært að greiða stærri hluta af skuldum sínum en greiðsluaðlögunin gerir ráð fyrir. Með orðunum „veruleg breyting“ er átt við að augljóst sé að aðstæður skuldara hafi versnað það mikið að eðlilegt sé að draga enn frekar úr greiðslubyrði hans ef greiðsluaðlögunin á að ná þeim tilgangi sínum að hjálpa skuldaranum yfir erfiðasta hjallann.

Um skýringu á 2. mgr. vísast í skýringu á 3. mgr. 20. gr.

Um 22. gr.

Hér er sýslumanni veitt heimild til að endurmeta ákvörðun um greiðsluaðlögun ex officio. Skilyrði fyrir því að hann geti gert það er að einhverjar upplýsingar hafi komið fram sem hefðu leitt til höfnunar á greiðsluaðlögun í upphafi ef þær hefðu þá legið fyrir.

Um IX. kafla.

Hér eru talin upp nokkur ákvæði í lokin svo sem um í hvaða tilvikum meðferð máls skuli hætt, um að samkomulag, sem gert er utan við greiðsluaðlögunina þar sem einhverjum kröfuhafa er lofað hærri greiðslum, sé ógilt og um upplýsingaskyldu aðila sem sýslumaður eða héraðsdómur leitar til vegna greiðsluaðlögunarmáls.

Um 24.–27. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Eins og fram kemur í almennri greinargerð er ástand á mörgum heimilum í landinu orðið mjög slæmt og því brýnt að bregðast skjótt við. Hins vegar er nauðsynlegt að framkvæmdin sé sem tryggust og því þarf að veita stjórnvöldum ákveðinn undirbúningstíma áður en jafnviðamiklar breytingar koma til framkvæmda. Því er lagt til að lögin taki gildi 15. mars 2009.

495. Skýrsla [276. mál]

iðnaðarráðherra um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum.

(Lögð fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

Í mars 2004 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Af því tilefni fól iðnaðarráðherra Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands að vinna greinargerð um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Í ályktuninni var kveðið á um að Alþingi yrði gerð grein fyrir framvindu mála á tveggja ára fresti.

I.

Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands er framvörður í stuðningi við nýsköpun á landinu öllu, þar sem megináhersla er lögð á að styrkja atvinnulíf með því að auka þekkingu og hæfni lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Impra sinnir frumkvöðlum og fyrirtækjum um land allt, gjaldfrjálst, og er með starfstöðvar í Reykjavík, á Akureyri, á Ísafirði, í Vestmannaeyjum og á Höfn í Hornafirði. Áform eru um að efla starfsemi Impru enn frekar með starfsstöðvum Nýsköpunarmiðstöðvar á Sauðárkróki, Húsavík og Egilsstöðum á árinu 2009. Þá rekur Impra frumkvöðlasetur sem fóstrar fyrirtæki sem vinna að þróun nýsköpunarhugmynda og hjálpar þeim að vaxa fyrstu rekstrarárin. Frumkvöðlasetrin eru í Reykjavík, Reykjanesi og á Höfn í Hornafirði, bæði á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og í samstarfi við aðra aðila. Efnisatriði þingsályktunartillögunnar um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum eru nær öll hluti af daglegum rekstri Impru og verða þeirri starfsemi því gerð hér nokkur skil.

Frá stofnun árið 2000 hefur leiðarljós Impru verið að þróa víðtæka þjónustu við frumkvöðla og fyrirtæki í því skyni að auðvelda stofnun nýrra fyrirtækja, styðja við nýsköpunarog þróunarstarf og greiða fyrir vexti og viðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja á breiðu sviði.

Impra rækir þetta hlutverk með fjölbreyttum hætti:

- Eitt meginverkefni Impru er að þróa og reka fjölbreytt stuðningsverkefni sem taka á sértækum aðstæðum ákveðinna hópa fyrirtækja og frumkvöðla. Stuðningsverkefni Impru hafa náð til fyrirtækja í öllum atvinnugreinum á landsbyggðinni. Frá árinu 2003 hafa rúmlega 600 fyrirtæki tekið þátt, eða taka nú þátt, í þessum stuðningsverkefnum. Hér er um að ræða verkefni, með einstökum fyrirtækjum, en einnig klasaverkefni þar sem nokkur fyrirtæki taka þátt í sameiginlegu verkefni.

  Dæmi um stuðningsverkefni Impru eru:
  - Verkefnið *„Frumkvöðlastuðningur“* styður við nýsköpunarhugmyndir einstaklinga og smærri fyrirtækja á landsbyggðinni með því að veita styrki til verkefna sem stuðla að framþróun viðskiptahugmynda ásamt faglegum stuðningi. Frá árinu 2003 hafa 143 einstaklingar og örfyrirtæki á landsbyggðinni fengið styrk frá Impru til að, t.d. þróa viðskiptahugmyndir, smíða frumgerðir eða gera hagkvæmnisathuganir í tengslum við verkefni sín.
  - Verkefnið *„Framtak“* veitir starfandi fyrirtækjum á landsbyggðinni aðstoð við að þróa þjónustu á innanlandsmarkað eða til útflutnings. Þátttakendur hljóta faglegan og fjárhagslegan stuðning við þróunina og er markmiðið að koma samkeppnishæfri þjónustu eða vöru á markað innan 18 mánaða frá upphafi verkefnisins.
  - *„Skrefi framar“* er verkefni sem hefur það að markmiði að auðvelda stjórnendum lítilla og meðalstórra fyrirtækja aðgengi og kaup á ráðgjöf. Ráðgjafinn vinnur með stjórnendum fyrirtækisins í allt að 8 mánuði og í samstarfi hans og framkvæmdastjóra er ýmsum hugmyndum um nýsköpun og umbætur hrundið í framkvæmd.
  - Impra hefur lagt mikla áherslu á að efla samstarf fyrirtækja, t.d. í formi klasasamstarfs, með ráðgjöf, útgáfu fræðsluefnis og fjárhagslegum stuðningi við undirbúning og stofnun klasa. Einnig hafa verið veittir styrkir til einstakara verkefna, þróunar og markaðsstarfs, innan starfandi klasa.
  - Impra rekur fjölda annarra sértækra stuðningsverkefna og eru upplýsingar um þau á heimasíðunni www.impra.is.
- Impra rekur öfluga upplýsinga- og fræðslustarfsemi með námskeiðahaldi, útgáfu fræðsluefnis og vefnámskeiðum á internetinu.

  - *„Brautargengi“* er námskeið fyrir konur sem vilja hrinda viðskiptahugmynd í framkvæmd og fyrir konur sem eru í atvinnurekstri en vilja auka rekstrarþekkingu sína. Alls hafa um 700 konur lokið Brautargengisnámi frá upphafi, þar af rúmlega 200 á landsbyggðinni. Brautargengisnámskeiðin hafa verið haldin á 14 stöðum vítt og breitt um landið. Kannanir sem gerðar hafa verið um árangur námskeiðanna sýna að um helmingur kvenna sem tekið hafa þátt í námskeiðinu eru nú með fyrirtæki í rekstri. Yfir þrjú hundruð Brautargengisfyrirtæki eru starfandi á landinu. Samtals velta þau milljörðum króna árlega og veita fjölda fólks atvinnu.
  - *„Vaxtarsprotar“* er samstarfsverkefni Impru og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sem hefur það að markmiði að hvetja til fjölbreyttar atvinnusköpunar í sveitum. Verkefnið hefur verið rekið á 11 stöðum á landinu og alls hafa 90 bændur (konur og karlar) tekið þátt í því og lokið þróun 68 viðskiptahugmynda um atvinnusköpun í sveitum landsins. Í byrjun desember 2008 munu 25 einstaklingar, með 20 verkefni, bætast við þennan hóp.
  - *„Sóknarbraut“* er hagnýtt 40 klst. námskeið um rekstur fyrirtækja sem er ætlað bæði körlum og konum. Námskeiðið hentar bæði fólki sem hyggst stofna fyrirtæki og eins stjórnendum lítilla fyrirtækja sem vilja auka hæfni sína á þessu sviði. Námskeiðið hefur verið haldið á 8 stöðum á landsbyggðinni og hafa um 110 karlar og konur tekið þátt með um 100 verkefni.
  - Dæmi um vefnámskeið Impru eru t.d námskeið í þjónustugæðum í ferðaþjónustu, þjónustugæðum fyrirtækja og rekstrarform fyrirtækja sem nýlega hafa verið þróuð og gefin út á netinu.
  - Upplýsingar um fjölda annarra námskeiða, útgáfu og stuðningsefnis má finna á heimasíðunni www.impra.is.
- Árlega veitir Impra um 5.000 handleiðsluviðtöl þar sem frumkvöðlum, stofnendum og stjórnendum lítilla fyrirtækja er veitt leiðsögn við þróun viðskiptahugmynda og stofnun og rekstur fyrirtækja. Einnig svara starfsmenn Impru um 7.000 fyrirspurnum á hverju ári frá fyrirtækjum og einstaklingum.
- Impra starfrækir frumkvöðlasetur á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og í samstarfi við aðila á viðkomandi svæði. Markmið starfsemi frumkvöðlasetranna er að skapa frumkvöðlum þekkingarumhverfi, aðstöðu og umgjörð til að vinna að nýsköpun og veita þeim faglega þjónustu og stuðning við framgang hugmynda sinna. Á frumkvöðlasetri á Nýsköpunarmiðstöð á Keldnaholti hafa nú 12 fyrirtæki aðsetur, á frumkvöðlasetrinu Eldey á Keilissvæðinu eru 8 frumkvöðlafyrirtæki að hefja rekstur, en á frumkvöðlasetrinu á Höfn eru nú 2 fyrirtæki. Lengst reynsla er komin á rekstur Frumkvöðlasetursins á Nýsköpunarmiðstöð á Keldnaholti og er árangur þeirra sprotafyrirtækja sem þar hafa starfað afar góður þrátt fyrir að mikil áhætta einkenni rekstur sprotafyrirtækja af því tagi sem þar hafa átt aðsetur.
- Impra rekur *„Enterprise Europe Network“* á Íslandi í samstarfi við Rannís og Útflutningsráð. Markmið verkefnisins er að auka nýsköpun í Evrópu, koma á viðskiptum og samstarfi fyrirtækja og hvetja til tæknisamstarfs og tækniyfirfærslu. Verkefnið heyrir undir eina af þremur megin stoðun Samkeppnis- og nýsköpunaráætlunar ESB (CIP) og hlýtur styrk úr áætluninni að upphæð 750.000 Evrur á ári í 3 ár og fyrirheit um 3 ára framlengingu.

Til að leggja mat á árangur stuðningsverkefna Impru hefur Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands verið falið að framkvæma könnun meðal þátttakenda. Í könnun sem gerð var á verk-

efnum áranna 2003–2006, meðal 303 þátttakenda kom fram að stuðningsverkefni Impru hafa skilað mikilvægum árangri á ýmsum sviðum þróunar og rekstrar. Skýrslu Félagsvísindastofnunar má finna í heild á vefslóðinni http://www.nmi.is/impra/styrkir-og-studningsverkefni.

Niðurstöður könnunarinnar sýna glöggt að stuðningsverkefni Impru hafa þegar skilað mikilvægum árangri á ýmsum sviðum þróunar og rekstrar. Meðal þess sem könnunin sýnir er að:

- velta þátttökufyrirtækjanna jókst um rúman milljarð,
- 72% þátttakenda töldu verkefnið hafa stuðlað að betri árangri í rekstri,
- 57% þátttakenda töldu verkefnið þegar hafa leitt til aukinnar markaðssóknar,
- 50% þátttakenda töldu að verkefnið hefði átt þátt í að auka veltu fyrirtækisins,
- 53% töldu verkefnið hafa leitt til þess að ný vara eða þjónusta var sett á markað,
- 89% töldu verkefnið hafa leitt til aukinnar þekkingar á stofnun eða rekstri fyrirtækja,
- 77% verkefna skiluðu sér í gerð viðskiptaáætlunar,
- 84% þátttakenda voru mjög eða frekar ánægðir með verkefni Impru,
- 90% þátttakenda voru mjög eða frekar ánægðir með þjónustu starfsmanna Impru.

II.

Hér fer á eftir mat á stöðu þeirra efnisatriða sem nefnd eru í þingsályktuninni frá því í mars 2004:

1. Kostnaður við stofnun fyrirtækja og aðgengi að upplýsingum og ráðgjöf í því sambandi.

Sýnt hefur verið fram á samhengi þess hve auðvelt er að stofna fyrirtæki og hve mikil nýsköpun, efnahagsleg velsæld og atvinnuþátttaka er meðal þjóða. Undanfarin áratug hafa aðstæður til viðskipta og stofnunar fyrirtækja verið mjög hagstæðar á Íslandi. Við þær aðstæður sem nú ríkja í efnahagslífi þjóðarinnar mun reyna mjög á þessi skilyrði og mikilvægt er að stjórnvöld geri sitt ýtrasta til þess að viðskiptaumhverfi sé einstaklingum og smáum fyrirtækjum eins hagstætt og kostur er.

Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur lagt áherslu á að tryggja öllum atvinnugreinum aðgengi að upplýsingum og fjármagni, og faglegum stuðningi. Allar upplýsingar um stofnun fyrirtækja, þjónustuaðila, nauðsynleg leyfi, skráningar og kostnað við stofnun fyrirtækja er að finna á heimasíðu Impru www.impra.is. Undanfarin tvö ár hefur verið unnið átak í því að bæta þjónustu við frumkvöðla og fyrirtæki með stóraukinni þjónustu og ráðgjöf í gegnum gagnvirka þjónustusíðu Impru á netinu. Auk þess sem að framan greinir veita starfsmenn Impru, öllum sem eftir leita, aðstoð við skjalagerð sem tengist stofnun fyrirtækja.

2. Aðgangur smáatvinnurekstrar að fjármagni og nauðsynlegri fjármálaþjónustu.

Sprotafyrirtæki sem starfa í framlínu nýsköpunar eru öðrum fyrirtækjum hvatning til aukinnar samkeppni og gegna þannig mikilvægu hlutverki við að knýja fram vöxt og nýsköpun í efnahagslífinu. Vægi sprotafyrirtækja er sérstaklega mikið þegar litið er til getu til nýsköpunar og samkeppnishæfni atvinnulífsins til framtíðar. Stjórnvöld hafa mikilvægu hlutverki að gegna við að ryðja úr vegi hindrunum sem standa vexti nýsköpunarfyrirtækja fyrir þrifum.

Veigamesti stuðningur sem frumkvöðlar geta fengið í upphafi þróunarstarfs er sennilega „Átak til atvinnusköpunar“ en markmið þess er að styrkja atvinnuskapandi verkefni og nýsköpun fyrirtækja og einstaklinga. „Átakið“ styður hagkvæmnisathuganir, gerð viðskiptaáætlana, fyrstu gerð kynningarefnis og markaðssetningu en þó aðallega frumþróun afurða.

Ofar í virðiskeðjunni eru síðan Rannsóknasjóður, Tækniþróunarsjóður, AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi, Framleiðnisjóður landbúnaðarins o.fl. Framlag ríkisins til þessara sjóða hefur verið aukið verulega á undanförnum árum.

Impra á Nýsköpunarmiðstöð mun áfram vinna að því að auka þekkingu sprota- og nýsköpunarfyrirtækja á tækifærum til áhættufjármögnunar.

Á vegum Impru er unnið að undirbúningi innlends fjárfestingavettvangs sem hefur það markmið að tengja saman frumkvöðla og íslenska fjárfesta.

3. Kostnaður og aðgengi smáfyrirtækja að ráðgjöf og öflun upplýsinga.

Hvatning og greitt aðgengi að upplýsingum og stuðningi þarf að vera fyrir hendi strax í upphafi þegar hugað er að viðskiptamöguleikum hugmyndar, en einnig á síðari stigum.

Smáfyrirtæki hafa aðgang að ýmiss konar ráðgjöf. Þar má nefna Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands, atvinnuþróunarfélög víðs vegar um landið, þekkingarsetur á landsbyggðinni og ýmsa sjálfstætt starfandi ráðgjafa og ráðgjafarfyrirtæki.

Impra á Nýsköpunarmiðstöð veitir upplýsingar og handleiðslu, án endurgjalds, til stofnenda fyrirtækja og stjórnenda lítilla fyrirtækja um allt land. Þjónusta Impru hefur verið aukin og efld með opnun starfsstöðva á Ísafirði, Höfn í Hornafirði og í Vestmannaeyjum, auk fyrri starfsstöðva á Akureyri og í Reykjavík. Iðnaðarráðuneyti hefur veitt auknu fé til stuðningsverkefna, m.a. í vöruþróun og á sviði klasasamtarfs í ferðaþjónustu. Impra hefur langa reynslu af rekstri ráðgjafaverkefna þar sem fyrirtækjum og einstaklingum er gert kleift að fá utanaðkomandi ráðgjöf til að taka á ýmsum umbótum í rekstri. Auk þessa hefur á vegum Impru verið lögð mikil áhersla á á að heimsækja frumkvöðla og forsvarsmenn smáfyrirtækja og veita þeim aðstoð í heimabyggð.

Gert hefur verið átak í því að bæta þjónustu við viðskiptavini Impru um allt land með átaksverkefninu *„Gagnvirk þjónustumiðstöð Impru fyrir fólk og fyrirtæki“*. Markmið verkefnisins er að bjóða upp á gagnvirka handleiðslu á internetinu í því skyni að færa þjónustu Impru nær viðskiptavinum um allt land og mæta betur þörfum ákveðinna hópa, sem eru:

- Einstaklingar sem vinna að þróun viðskiptahugmyndar.
- Einstaklingar sem vinna að stofnun fyrirtækis.
- Stjórnendur og starfsmenn fyrirtækja.
- Stjórnendur og starfsmenn sprotafyrirtækja.
- Hugvitsmenn og frumkvöðlar.
- Íbúar landsbyggðarinnar sem ekki hafa beint aðgengi að þjónustu Impru og annarra ríkisstofnana.
- Einstaklingar sem vinna að þróun viðskiptahugmynda innan vísindasamfélagsins.
- Fyrirtæki og einstaklingar í leit að framtaksfjármagni.

Dæmi um þjónustu *„Gagnvirkrar þjónustumiðstöðvar“*:

- Gagnvirk handleiðsla.
- Miðlun upplýsinga- og fræðsluefnis.
- Gagnvirk námskeið og fjarkennsla. Þróun afurða mun m.a. nýta fjarkennsluhugbúnað og „video streaming” tækni.
- Vegvísir um stjórnsýslu og þjónustu í tengslum við stofnun og rekstur fyrirtækja.
- Upplýsingabanki um rafræna þjónustu opinberra stofnana og fyrirtækja.
- Gagnabanki um hugverkaréttindi og leiðbeiningar rafræna þjónustu tengda hugverkaréttindum.
- Vegvísir fyrir hugvitsmenn um framkvæmd þróunarverkefna og framsal hugverka.

- Ýmis hagnýt tæki, svo sem:
  - reiknilíkön
  - gátlistar
  - eyðublöð
  - fyrirmyndir að ýmsum viðskiptagögnum, svo sem leyndarsamningum, samstarfssamningum, framsalssamningum o.þ.h.
- Rafrænt samskiptatorg einstaklinga og sérfræðinga um málefni sem lúta að stofnun og rekstri fyrirtækja.
- Umræðutorg og frumkvöðlasamfélag á netinu.
- Þjónusta við innflytjendur sem huga að stofnun og rekstri fyrirtækja.
- Vettvangur sprotafyrirtækja á netinu til að örva uppbyggingu og tækifæri sprotafyrirtækja m.a. til framtaksfjármögnunar.

Á undanförnum misserum hefur Impra lagt mikla áherslu á að bjóða upp á fræðslu, þjálfun og handleiðslu varðandi undirbúning og stofnun fyrirtækja eða til að bæta rekstur smáfyrirtækja. Þessi verkefni (Brautargengi, Sóknarbraut og Vaxtarsprotar) hafa verið boðin víða um land, bæði til sjávar og sveita. Mikið er lagt upp úr því að auðvelda aðgengi þátttakenda. Námskeiðin eru haldin í heimabyggð og starfsmenn Impru heimsækja alla þátttakendur Vaxtarsprota heim á bæ til að veita þeim leiðsögn.

Eins og áður sagði fóstrar Frumkvöðlasetur Impru á Nýsköpunarmiðstöð fyrirtæki sem vinna að þróun nýsköpunarhugmynda og hjálpar þeim að vaxa fyrstu rekstrarárin. Atvinnuþróunarfélög víðs vegar um landið veita ráðgjöf og leiðbeiningar til stofnenda og stjórnenda fyrirtækja. Bankar og lánastofnanir veita, án endurgjalds, almenna ráðgjöf um fjármögnun. Ráðgjafafyrirtæki víðs vegar um landið bjóða ráðgjöf varðandi stofnun, fjármögnun og rekstur fyrirtækja gegn gjaldi. Flest smáfyrirtæki hafa ekki burði til að kaupa slíka ráðgjöf á fyrstu stigum starfseminnar.

Ýmsir aðrir aðilar veita fjölbreytta þjónustu og reka starfsemi sem lýtur að stuðningi og ráðgjöf við frumkvöðla og sprotafyrirtæki. Meðal þeirra má nefna:

- Tæknigarður sem starfað hefur í 20 ár, og þar hefur fjöldi fyrirtækja sem stunda nýsköpunarstarf á sviði hugvits og tækniiðnaðar átt aðsetur.
- Innovit, sem er sjálfstætt starfandi nýsköpunar- og frumkvöðlasetur þar sem megináhersla er lögð á að styðja við háskólamenntaða frumkvöðla og sprotafyrirtæki sem verða til innan íslenskra háskóla.
- Klak, nýsköpunarstöð atvinnulífsins sem rekin er í samstarfi Nýherja og Háskólann í Reykjavík.
- Landssamband Hugvitsmanna er félag áhugamanna um að koma hugmyndum sínum á framfæri.

4. Aðstaða smáatvinnurekstrar til að kynna og markaðssetja framleiðsluvörur eða þjónustu.

Við undirbúning og áætlanagerð hjá frumkvöðlum og litlum fyrirtækjum er markaðssetning sá þáttur sem erfiðast er að áætla, en um leið sá þáttur sem ræður úrslitum um hvernig til tekst.

Útflutningsráð veitir víðtæka ráðgjöf og aðstoð við útflutning. Þjónusta Útflutningsráðs skiptist í fimm fagsvið; upplýsingar, ráðgjöf, fræðslu, sýningar og nýja markaði. Útflutningsráð hefur um árabil rekið ráðgjafa- og stuðningsverkefni vegna útrásar fyrirtækja á erlenda markaði og hefur enn eflt þá starfsemi.

Impra á Nýsköpunarmiðstöð og Útflutningsráð eiga nú í formlegu samstarfi um þjónustumiðstöð Enterprise Europe Network á Íslandi sem vinnur að því að auka samstarf íslenskra og evrópskra fyrirtækja, m.a. á sviði markaðsmála, útrásar, fjármögnunar og tæknisamstarfs. Þá hafa Impra og Útflutningsráð átt samstarf í verkefninu „Hagvöxtur á heimaslóð“ og staðið sameiginlega að verkefninu „Útrás kvennafyrirtækja“ og eru þessi verkefni vísir að frekara samstarfi á sviði markaðsmála.

Impra veitir litlum og meðalstórum fyrirtækjum á landsbyggðinni styrki til kaupa á ráðgjöf og getur styrkurinn numið allt að 50% af kostnaði við kaup á ráðgjöf í markaðsmálum.

Mörg lítil eða meðalstór fyrirtæki hafa að undanförnu tekið þátt í klasaverkefnum á vegum Impru og einnig á vegum Vaxtarsamninga á tilteknum svæðum. Þessi samstarfsverkefni hafa í mörgum tilvikum snúið að markaðsstarfi og auðveldað litlum fyrirtækjum aðgang að markaði.

Atvinnuþróunarfélög víðs vegar um landið aðstoða við markaðsmál.

Sjálfstætt starfandi ráðgjafar og ráðgjafafyrirtæki veita fyrirtækjum ráðgjöf á sviði markaðsmála gegn gjaldi. Starfsmenn Impru veita aðstoð við að koma á samstarfi ráðgjafa og forsvarsmanna fyrirtækja.

5. Kostnaður og eftir atvikum aðrar hindranir sem torvelda kynslóðaskipti í atvinnurekstri.

Ráðgjafar í fyrirtækjaráðgjöf hafa mis mikla reynslu af kynslóðaskiptum í atvinnurekstri sem sérstöku viðfangsefni. Stjórnendaskipti hjá fjölskyldufyrirtækjum gerast með margvíslegum hætti og þar sem nú er orðið auðveldara að kaupa og selja fyrirtæki en áður er ekki sjálfgefið að börn taki við af foreldrum sínum.

Umfjöllun um kynslóðaskipti er hluti af stjórnunar- og viðskiptanámi í háskólum landsins, en lausleg könnun meðal háskólakennara við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík bendir til að vægi þess sé takmarkað, bæði í rannsóknum og kennslu. Könnun á lokaritgerðum BS. cand.oecon. og MS nema í viðskiptafræði við Háskóla Íslands leiddi í ljós að ekkert lokaverkefni hefur fjallað um kynslóðaskipti í atvinnurekstri frá árinu 1997 til 2004.

Spurningar tengdar stjórnun fjölskyldufyrirtækja og kynslóðaskiptum í atvinnurekstri eru engu að síður áhugaverðar og í fullu gildi í íslensku samhengi, enda fjöldi fjölskyldufyrirtækja starfandi, bæði stór og smá. Íslenskar skattareglur og erfðalög geta ekki talist verulegar hindranir við kynslóðaskipti í atvinnurekstri.

6. Kostnaður uppfinningamanna, frumkvöðla og smáfyrirtækja við að sækja um einkaleyfi á uppfinningum og gæta hagsmuna sinna varðandi framleiðsluleyndarmál, sérþekkingu og verðmætar upplýsingar.

Einkaleyfastofa hefur samið við Rannsóknaþjónustu HÍ og Impru á Nýsköpunarmiðstöð um rekstur Upplýsingaseturs um einkaleyfi. Tilgangurinn er að auka vitund og þekkingu almennings á hugverkaréttindum með aukinni fræðslu, upplýsingagjöf og bættri aðstöðu fyrir almenning til að kynna sér mál tengd hugverkaréttindum.

Liður í að bæta þjónustu Impru á sviði hönnunarverndar, trúnaðar- og leyndarsamninga og verndunar verðmætra upplýsinga er sérstakur upplýsingavefur um málaflokkin sem birtur hefur verið á heimasíðu Impru. Markmiðið er að aðstoða frumkvöðla við að vinna að þróun viðskiptahugmyndar með það að leiðarljósi að einkaleyfishæfi hugmyndar, framsal og/eða hönnunarvernd sé tekið með í áætlanagerð frá upphafi.

7. Skattalög og aðrir þættir sem marka starfsskilyrði atvinnurekstrar með sérstöku tilliti til smáfyrirtækja.

Skattalagaumgjörð. Hlutfall tekjuskatts fyrirtækja lækkaði úr 18% í 15% á árinu 2008. Ekki hafa orðið breytingar á skattaumgjörð fyrirtækja hvað varðar endurgreiðslu þróunarkostnaðar og skatthlutfall einkareksturs frumvöðla á eigin kennitölu er 35,72%. Impra hefur veitt fjölmörgum frumkvöðlum og einyrkjum leiðbeiningar við að flytja rekstur sinn af eigin kennitölu yfir í einkahlutafélag. Með þeirri breytingu lækkar skattabyrði rekstrarins og meira fjármagn verður eftir til að byggja upp reksturinn.

8. Staða smáatvinnurekstrar samkvæmt lögum og reglum, gagnvart eftirliti og leyfisveitingum og kostnaði við samskipti við stjórnsýslu og stofnanir.

Samkvæmt alþjóðlegum könnunum hefur skilvirkni og gagnsæi íslenskrar stjórnsýslu mælst mikil og viðskiptahindranir fáar. Stofnun og skráning nýs fyrirtækis er einnig fljótleg, einföld og ódýr á Íslandi miðað við önnur lönd. Auðvelda má smáfyrirtækjum að halda utan um ýmiss konar eftirlitsskyldar upplýsingar. Framkvæmd rafrænna skattskila eru góð fyrirmynd að notkun upplýsingatækni til að einfalda starfsumhverfi fyrirtækja.

Á heimasíðu Impru á Nýsköpunarmiðstöð er að finna allar upplýsingar um stofnun og rekstur fyrirtækja, svo sem upplýsingar um öll nauðsynleg leyfi, reglugerðir o.s.frv. í hverri atvinnugrein. Þar er einnig að finna gagnagrunn með upplýsingum um alla þjónustuaðila sem leita þarf til við stofnun fyrirtækis, auk upplýsinga um úrræði og stuðning sem stendur litlum og meðalstórum fyrirtækjum til boða. Stöðugt er unnið að því að bæta þessa þjónustu.

Forsætisráðherra hefur skipað samráðshóp ráðuneyta, skrifstofu Alþingis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins um einföldun stjórnsýslunnar. Verkefnið stendur til ársins 2009 og felst í að einfalda regluverk, minnka skriffinnsku og auka skilvirkni enn frekar.

9.–11. Staða sjálfstætt starfandi einstaklinga og einyrkja, frumkvöðla og uppfinningamanna í atvinnurekstri.

Staða sjálfstætt starfandi einstaklinga, einyrkja, frumkvöðla og uppfinningamanna er um margt lík og verður fjallað um þá sameiginlega.

Staða þessara aðila er oftar en ekki veik og kemur þar til samspil margra þátta. Fjárhagsstaða þeirra er yfirleitt mjög þröng og skortur á fjármagni algengt vandamál. Langur þróunartími getur svo leitt til þess að hugmynd er orðin úrelt þegar hún loks kemst á markað. Uppfinningamenn og hluti frumkvöðla starfa oft á tíðum einir og geta átt það á hættu að einangrast með verkefnum sínum.

Sjálfstætt starfandi einstaklingum, einyrkjum, frumkvöðlum og uppfinningamönnum stendur til boða ýmis þjónusta, bæði á vegum Impru nýsköpunarmiðstöðvar og annarra stuðningsaðila atvinnulífsins. Þeir leita eftir upplýsingum og aðstoð frá Impru í sívaxandi mæli, síst þó sá hópur sem skilgreinir sig sem uppfinningamenn. Handleiðsla Impru er þjónusta sem hentar mjög vel þessum hópi, en smáverkefnastyrkir úr Átaki til atvinnusköpunar geta einnig nýst þessum hópi vel. Á landsbyggðinni er boðið upp á Frumkvöðlastyrki sem nýtast til þróunar, frumgerðasmíði, hagkvæmniathuganna o.þ.h. Verið er að skoða möguleika á að reka slík verkefni á höfuðborgarsvæðinu.

Á heimasíðu Impru nýsköpunarmiðstöðvar hefur verið opnuð sérstök heimasíða með stuðningsefni sem sérstaklega er ætlað frumkvöðlum og uppfinningamönnum undir vinnuheitinu „Framkvæmdaáætlun fyrir frumkvöðla“, í því skyni að bæta þjónustu við þennan hóp.

496. Frumvarp til fjáraukalaga [277. mál]

fyrir árið 2009.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Liðurinn 09-999-1.18 Framlög til stjórnmálasamtaka lækkar um 37,2 millj. kr. og verður 334,3 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi er lagt til að framlög til stjórnmálaflokka lækki á yfirstandandi ári um 10% og taki því sambærilegum breytingum og framlög til Alþingis. Þykir nauðsynlegt að stjórnmálaflokkarnir lækki fjárframlög úr ríkissjóði til starfsemi sinnar við þær aðstæður sem uppi eru nú í íslensku þjóðfélagi.

497. Frumvarp til laga [278. mál]

um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21 26. mars 1991 (skuldaaðlögun).

Flm.: Björn Bjarnason, Arnbjörg Sveinsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Árni Johnsen, Árni M. Mathiesen, Ásta Möller, Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Björk Guðjónsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Geir H. Haarde, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Herdís Þórðardóttir, Illugi Gunnarsson, Jón Gunnarsson, Kjartan Ólafsson, Kristján Þór Júlíusson, Ólöf Nordal, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Sturla Böðvarsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

1. gr.

Við 3. þátt laganna bætist nýr kafli, X. kafli a, **Skuldaaðlögun,** með níu nýjum greinum, 63. gr. a – 63. gr. i, sem orðast svo:

a. (63. gr. a.)

Samkvæmt fyrirmælum þessa kafla getur maður leitað nauðasamnings til skuldaaðlögunar ef hann sýnir fram á að hann sé og verði um fyrirséða framtíð ófær um að standa í skilum með skuldbindingar sínar, enda hafi hann ekki undangengin þrjú ár borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi, hvort sem hann hefur lagt stund á hana einn síns liðs eða í félagi við aðra. Eftir því sem átt getur við gilda almennar reglur laga þessara um slíka nauðasamninga, þar á meðal heimild til að leita þeirra og samningsumleitanir, að því leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum þessa kafla.

b. (63. gr. b.)

Með skuldaaðlögun má kveða á um algera eftirgjöf samningskrafna, hlutfallslega lækkun þeirra, gjaldfrest á þeim, greiðslu þeirra með hlutdeild í afborgunarfjárhæð skv. 3. mgr. 63. gr. c í einu lagi eða með ákveðnu millibili á nánar tilteknu tímabili, breytt form á greiðslu þeirra eða fernt það síðastnefnda í senn.

c. (63. gr. c.)

Skuldari sem æskir heimildar til að leita skuldaaðlögunar skal gera beiðni um hana samkvæmt því sem segir í 7. gr. og 1., 3. og 4. tölul. 34. gr. Henni skulu fylgja gögn sem hún er studd við ásamt greiðsluáætlun skv. 2. mgr. og gögnum til staðfestingar upplýsinga í henni, vottorði um hjúskaparstöðu og fjölskyldu og síðustu fjórum skattframtölum skuldara.

Í greiðsluáætlun skuldara skal koma fram:

1. hverjar tekjur hans eru og annarra sem teljast til heimilis með honum, hvort sem er af vinnu eða öðrum sökum, og upplýsingar um af hvaða samningum eða atvikum tekjurnar ráðast, svo og hvort horfur séu á að breytingar verði á tekjum þeirra eða atvinnuhögum,
2. hvort hann muni hafa fé af öðru en tekjum sínum til að greiða af skuldum, svo sem vegna sölu eigna eða fjárframlaga annarra,
3. sundurliðuð fjárhæð skulda sem þegar eru gjaldfallnar, svo og fjárhæð ógjaldfallinna skulda og eftir atvikum upplýsingar um afborgunarkjör, gjalddaga, vexti og verðtryggingu þeirra, en frá þessu öllu skal greint án tillits til þess hvort skuldaaðlögun sé ætlað að ná til þessara skuldbindinga,
4. framtíðaráætlun um meðaltal mánaðarlegra útgjalda skuldara og þeirra sem teljast til heimilis með honum, þar á meðal vegna framfærslu, opinberra gjalda, húsaleigu og afborgana af skuldum, sem tryggðar eru með veði eða á annan hátt í íbúðarhúsnæði eða öðrum eignum skuldara sem hann hyggst leitast við að eiga áfram,
5. hvað ætla megi af framansögðu og öðru sem máli getur skipt að afborgunarfjárhæð geti orðið af samningskröfum, hvenær hún verði greidd í einu lagi eða með reglubundnum greiðslum á tilteknu tímabili og hvort og þá hvaða trygging verði sett fyrir þeim.

Afborgunarfjárhæð, sem fundin er skv. 5. tölul. 2. mgr., skal bundin við launavísitölu eða á annan hátt við tilteknar mælingar á verðlagsbreytingum sem svara til þess hvernig skuldari hyggst afla tekna til að standa undir greiðslu hennar. Tekið skal fram í greiðsluáætlun hvernig verðtryggingu samkvæmt þessu verði háttað.

Í greiðsluáætlun má setja ákvæði um að kröfur innan tiltekinnar fjárhæðar, sem hefðu ella talist samningskröfur, verði greiddar að fullu ef sú fjárhæð verður talin óveruleg í ljósi fjárhags skuldara, en ákvæði sem þetta má ekki standa nema allar samningskröfur fáist að minnsta kosti greiddar með þeirri fjárhæð. Leiti skuldari eftir því að tilteknir lánardrottna hans afsali sér í einhverju tilkalli til hlutdeildar í afborgunarfjárhæð skal þess sérstaklega getið í greiðsluáætlun.

Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að skuldara bjóðist endurgjaldslaus aðstoð við gerð beiðni og fylgigagna með henni hjá opinberri stofnun eða öðrum. Eigi skuldari kost á slíkri aðstoð getur hann ekki notið greiðslu sem þessu svarar eftir lögum um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga.

d. (63. gr. d.)

Auk þeirra ástæðna sem skv. 1. mgr. 38. gr. skulu leiða til þess að héraðsdómari synji um heimild til að leita nauðasamnings getur héraðsdómari hafnað beiðni um heimild til að leita skuldaaðlögunar ef eitthvert eftirtalinna atriða á við:

1. að fyrirliggjandi gögn gefi ekki nægilega glögga mynd af fjárhag skuldara eða væntanlegri þróun fjárhags hans á því tímabili sem greiða á af skuldum hans samkvæmt greiðsluáætlun,
2. að skuldari hafi hagað fjármálum sínum með óviðeigandi hætti, svo sem með því að stofna til skulda í áhættusömum viðskiptum, til að standa straum af kostnaði af lifnaðarháttum sem svara engan veginn til fjárhags hans eða eftir að honum mátti vera orðið ljóst að hann væri ófær um að standa í fullum skilum við lánardrottna sína,
3. að skuldari hafi bakað sér skuldbindingu sem einhverju nemur miðað við fjárhag hans með háttsemi sem varðar refsingu eða skaðabótaskyldu,
4. að skuldari hafi svo að máli skipti látið hjá líða að standa í skilum við lánardrottna sína þótt honum hefði verið það kleift að einhverju leyti eða öllu,
5. að ætla megi að skuldari hafi hagað gerðum sínum svo sem raun varð á með ráðnum hug um að leita skuldaaðlögunar.

Skuldari má skjóta til æðra dóms úrskurði héraðsdómara þar sem synjað er um heimild til að leita skuldaaðlögunar. Ef heimildin er veitt fyrir æðra dómi miðast tímamörk í ákvæðum VI. kafla við þann dag sem úrlausn hans er kveðin upp. Úrskurði héraðsdómara þar sem veitt er heimild til að leita skuldaaðlögunar verður ekki skotið til æðra dóms.

Um skipun og stöðu umsjónarmanns með skuldaaðlögun fer skv. 2. mgr. 39. gr. en kostnaður af henni, þar á meðal þóknun hans, greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun héraðsdómara.

e. (63. gr. e.)

Í innköllun umsjónarmanns til lánardrottna skuldara skal auk þess sem segir í 1. mgr. 44. gr. koma fram að leitað sé skuldaaðlögunar, svo og hvenær fundur verði haldinn með þeim sem telja sig eiga samningskröfur á hendur skuldara til að fjalla um greiðsluáætlun hans. Áætlunin skal fylgja tilkynningu til lánardrottna skv. 2. mgr. 44. gr.

Þeir lánardrottnar sem fara með samningskröfur á hendur skuldara og hafa lýst kröfum sínum fyrir umsjónarmanni innan kröfulýsingarfrests eiga einir upp frá því rétt á að láta málið til sín taka.

Þegar kröfulýsingarfrestur er á enda skal umsjónarmaður gera skrá um samningskröfur sem borist hafa innan frestsins og skal greint í henni frá þeim atriðum sem getið er í 1. og 2. tölul. 1. mgr. 46. gr. Nú hefur samningskröfu ekki verið lýst sem skuldari hefur gert grein fyrir í greiðsluáætlun og skal þá umsjónarmaður krefja þann lánardrottin svara um hvort krafan sé til, en reynist svo vera skal hún tekin upp í skrána með þeirri fjárhæð sem upplýst hefur verið um. Þegar skuldara hefur gefist kostur á að kynna sér skrána skal umsjónarmaður veita honum aðstoð til að gera breytingar á greiðsluáætlun ef efni standa til þeirra.

f. (63. gr. f.)

Fundur skal haldinn til að fjalla um greiðsluáætlun skuldara innan tveggja vikna frá lokum kröfulýsingarfrests og gilda um hann ákvæði 1. og 2. mgr. 48. gr. eftir því sem á við. Sé kröfu á skrá skv. 3. mgr. 63. gr. e mótmælt af öðrum lánardrottni eða skuldaranum skal umsjónarmaður staðreyna hvort deila standi um kröfuna í heild eða afmarkaðan hluta hennar og

leitast annars við að jafna ágreining um hana. Slíkur ágreiningur stendur að öðru leyti ekki því í vegi að umleitunum til skuldaaðlögunar verði fram haldið.

Á fundinum ber skuldara að gefa þær skýringar sem lánardrottnar leita eftir, en umsjónarmaður skal síðan gefa þeim hverjum fyrir sig kost á að lýsa afstöðu sinni til greiðsluáætlunar skuldara, sem greint skal frá í fundargerð. Skuldara skal að því gerðu gefinn kostur á að endurskoða greiðsluáætlun vegna fram kominna athugasemda og taka eftir atvikum afstöðu til þess hvernig hann hafi í hyggju að fara með umdeilda kröfu, en að þessu öllu gerðu skal hann lýsa yfir að greiðsluáætlun sé endanleg.

e. (63. gr. g.)

Þegar greiðsluáætlun skuldara er orðin endanleg skal umsjónarmaður innan viku taka rökstudda afstöðu í skriflegri greinargerð til þess hvort hann mæli með því að skuldaaðlögun komist á fyrir skuldarann. Við mat á því skal umsjónarmaður meðal annars líta til þess hvort nokkuð hafi komið fram sem í öndverðu hefði átt að standa í vegi skuldaaðlögun, hvort skuldari leiti eftirgjafar umfram það sem eðlilegt megi telja í ljósi fjárhags hans og framtíðarhorfa, hvort skuldari hafi sinnt skyldum sínum skv. 2. mgr. 63. gr. f og staðið að öðru leyti heiðarlega að verki við umleitanir til skuldaaðlögunar, hvort raunhæft sé að hann muni geta staðið við skuldbindingar sínar að fenginni aðlögun þeirra að greiðslugetu sinni og hvert sé viðhorf þeirra lánardrottna sem hafa látið samningsumleitanirnar til sín taka.

Mæli umsjónarmaður gegn því að skuldaaðlögun komist á skal hann tafarlaust senda greinargerð sína ásamt skriflegri tilkynningu til skuldara og héraðsdómara. Þegar sú tilkynning berst héraðsdómara fellur sjálfkrafa niður heimild skuldara til að leita skuldaaðlögunar. Falli heimildin niður samkvæmt þessu eða af öðrum þeim ástæðum sem greinir í 41. eða 42. gr. skal umsjónarmaður fá birta svo fljótt sem verða má auglýsingu um þau málalok í Lögbirtingablaði.

Nú mælir umsjónarmaður með því að skuldaaðlögun komist á og svarar það þá til þess að samþykkt hafi verið við atkvæðagreiðslu frumvarp að nauðasamningi eftir ákvæðum VIII. kafla. Skal umsjónarmaður þá boða skuldara tafarlaust á sinn fund og láta honum í té greinargerð sína ásamt samþykktu frumvarpi að skuldaaðlögun, þar sem eftirfarandi skal koma fram:

1. hvað skuldari bjóðist til að inna af hendi til greiðslu á samanlögðum samningskröfum, þar á meðal með greiðslu af afborgunarfjárhæð, hvort heldur með eingreiðslu tiltekinn dag eða á nánar tilgreindum gjalddögum hverju sinni, svo og hvernig sú fjárhæð verði verðtryggð,
2. hvaða lánardrottnar eigi þessar samningskröfur, hversu mikið hver og hvaða hlutfallslega greiðslu þeir fái af kröfum sínum eða hvert hlutfall hvers þeirra verði í afborgunarfjárhæð,
3. hvort skuldari geri ráð fyrir að umdeild krafa, ein eða fleiri með nánari tilgreiningu, sé meðal þeirra sem greitt verði af skv. 2. tölul. eða hvort hann beri sjálfur áhættu af niðurstöðu um hana,
4. hvort tilteknar skuldir verði greiddar að fullu eða meira gefið eftir af þeim en af öðrum samningskröfum, sbr. 4. mgr. 63. gr. c,
5. hvort trygging verði sett fyrir greiðslum og þá hver hún sé.

Umsjónarmaður skal senda lánardrottnum, sem lýst hafa kröfu við umleitanir til skuldaaðlögunar, greinargerð sína og eftir atvikum samþykkt frumvarp að skuldaaðlögun ásamt tilkynningu um lyktir málsins í hans höndum.

h. (63. gr. h.)

Hafi umleitunum til skuldaaðlögunar lokið á þann hátt að umsjónarmaður mæli með því að hún komist á skal skuldari leggja skriflega kröfu um staðfestingu nauðasamningsins fyrir héraðsdómara innan viku frá þeim fundi sem umsjónarmaður boðaði skuldara til skv. 3. mgr. 63. gr. g. Með þeirri kröfu skal fylgja greinargerð umsjónarmannsins, skrá um samningskröfur og samþykkt frumvarp að skuldaaðlögun, auk fundargerða af fundum skv. 63. gr. f og 63. gr. g.

Skuldaaðlögun hefur sömu áhrif og réttarsátt milli skuldara og lánardrottna hans um þær samningskröfur sem þeir hafa lýst og koma fram í skrá skv. 3. mgr. 63. gr. e, að því leyti sem skuldari mótmælti þeim ekki.

i. (63. gr. i.)

Ljúka má gjaldþrotaskiptum með nauðasamningi til skuldaaðlögunar eftir ákvæðum XXI. kafla. Í stað þess að þrotamaður leggi frumvarp að nauðasamningi fyrir skiptastjóra og hann láti greiða atkvæði um það skal þrotamaðurinn þá leggja fyrir skiptastjóra greiðsluáætlun og hann síðan leita skuldaaðlögunar á sama hátt og umsjónarmaður hefði ella gert, en um þetta skal beitt fyrirmælum XXI. kafla með þeim frávikum sem leiðir af ákvæðum þessa kafla.

2. gr.

Í stað orðanna „41. eða 42. gr.“ í 3. tölul. 2. mgr. 65. gr. laganna kemur: 41., 42. eða 2. mgr. 63. gr. g.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

I.

Frumvarp þetta var samið á vegum réttarfarsnefndar að tilhlutan fyrrverandi dómsmálaráðherra, Björns Bjarnasonar. Við samningu þess var haft samráð við félagsmálaráðuneytið og viðskiptaráðuneytið, auk þess sem skriflegar athugasemdir bárust frá fjármálaráðuneytinu.

Í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, er að finna reglur um greiðslustöðvun og nauðasamninga, en þessi réttarúrræði hafa það sameiginlega markmið að gera skuldara kleift að ráða bót á fjárhagsörðugleikum sínum til að forða því að bú hans verði tekið til gjaldþrotaskipta. Ákvæði um greiðslustöðvun er að finna í 2. þætti laganna, en þetta úrræði var fyrst leitt í lög með gjaldþrotalögum nr. 6/1978. Um nauðasamninga er hins vegar fjallað í 3. þætti laganna, en það réttarúrræði var upphaflega tekið upp með lögum nr. 19/1924, um nauðasamninga. Þegar gildandi lög, nr. 21/1991, voru sett þótti heppilegast með hliðsjón af efnislegri samstöðu að skipa í eina löggjöf reglum um greiðslustöðvun, nauðasamninga og gjaldþrotaskipti. Er þessu eins hagað í danskri löggjöf.

Jafnt einstaklingar sem lögpersónur geta óskað heimildar til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings. Reynslan hefur þó leitt í ljós að þessi úrræði hafa frekar gagnast þeim sem leggja stund á atvinnurekstur af einhverju tagi. Hér á landi hafa ekki verið settar sérstakar reglur um úrræði af þessum toga gagngert með tilliti til þeirra sem hafa ekki staðið að atvinnurekstri. Slíkt úrræði, sem aðallega er ætlað almennum launþegum, hefur hins vegar verið tekið upp annars staðar á Norðurlöndum. Fyrst voru reglur af þessu tagi lögfestar í Danmörku árið 1984 og var þeim skipað í 4. þátt gjaldþrotaskiptalaganna. Þar hefur þetta réttar-

úrræði verið nefnt „gældssanering“. Næst var þetta úrræði leitt í lög í Noregi á árinu 1992, en þar hefur það verið nefnt „gjeldsordning“. Lög um þetta efni voru síðan sett í Finnlandi 1993 og Svíþjóð 1994, en í þeim ríkjum er úrræðið nefnt „skuldsanering“. Þegar rætt hefur verið um úrræði af þessum toga hér á landi hefur það ýmist verið nefnt skuldaaðlögun eða greiðsluaðlögun.

Lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, voru sett við heildarendurskoðun réttarfarslöggjafarinnar í tengslum við aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði sem tók gildi 1. júlí 1992. Við þá endurskoðun var sérstaklega hugað að því hvort efni væru til að leiða í lög sambærilegar reglur og koma fram í 4. þætti dönsku laganna um gjaldþrotaskipti. Í almennum athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi sem varð að lögum nr. 21/1991, var tekið fram að því úrræði svipi mjög til nauðasamnings og sé fyrst og fremst ætlað mönnum sem hafi ekki með höndum atvinnurekstur. Á hinn bóginn séu reglur danskrar löggjafar um nauðasamninga fremur ætluð félögum og mönnun í atvinnurekstri. Í athugasemdum með frumvarpinu sagði að niðurstaðan hafi orðið sú að sérreglur eftir þessari dönsku fyrirmynd yrðu óþarfar, einkum með því að ákvæði frumvarpsins um nauðasamninga hafi verið gerð þannig úr garði að þau gætu jöfnum höndum tekið til þeirra sem leggi stund á atvinnurekstur og þeirra sem geri það ekki.

Á árunum 1993–1995 störfuðu nefndir á vegum félagsmálaráðherra sem falið var að kanna hvort efni væru til að leiða í lög hliðstætt úrræði og þekktist annars staðar á Norðurlöndum fyrir einstaklinga í greiðsluvanda. Tillögur sem þessar nefndir skiluðu leiddu ekki til þess að flutt væri stjórnarfrumvarp á grundvelli þeirra. Í stað þess að lögfesta úrræði af þessu tagi var hins vegar gripið til þess að auðvelda einstaklingum að leita nauðasamnings með því að leitast við að ryðja úr vegi hindrun vegna fyrirhafnar og kostnaðar. Í því skyni voru sett lög um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, nr. 65/1996.

Frá árinu 1995 hafa reglulega verið flutt af þingmönnum frumvörp sem stefnt hafa að því að leitt yrði í lög úrræði, sem nefnt yrði greiðsluaðlögun, til að ráða bóta á fjárhagsörðugleikum einstaklinga. Í fyrstu gerðum þessara lagafrumvarpa var miðað við að um þetta efni yrði sett sérstök löggjöf, en í síðari frumvörpum var lagt til að reglum um þetta úrræði yrði bætt inn í lög nr. 21/1991, þannig að því yrði skipað á bekk með hliðstæðum úrræðum, þ.e. greiðslustöðvun og nauðasamningi, sem hafa einnig það markmið að ráða bót á fjárhagsvanda skuldara og forða búi hans frá gjaldþrotaskiptum.

Þá skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra í mars 2007 nefnd til að vinna drög að frumvarpi til laga um greiðsluaðlögun og skilaði nefndin drögum að frumvarpi í byrjun árs 2008.

II.

Þótt einstaklingum hafi með réttaraðstoð verið gert auðveldara að leita nauðasamnings með setningu laga nr. 65/1996 hefur árangurinn af þessu varla verið í samræmi við væntingar. Á árunum 1996–2008 leituðu 254 einstaklingar eftir réttaraðstoð og af þeim fengu hana 146 eða rétt rúmlega 11 að meðaltali á ári. Ekki liggur fyrir hve margir af þessum einstaklingum fengu síðan nauðasamning staðfestan en því má slá föstu að það hafi ekki verið nema hluti af þeim sem var veitt réttaraðstoðin. Þannig má reikna með að innan við tugur einstaklinga hafi að meðaltali árlega náð að koma á nauðasamningi við lánardrottna sína eftir þessari leið.

Í kjölfar bankahrunsins á liðnu hausti og þeirrar miklu efnahagslægðar sem því hefur fylgt með tilheyrandi greiðsluvanda fyrir stóran hóp fólks þykir nauðsynlegt að tryggja einstaklingum virkara úrræði til að gera þeim eftir fremsta megni kleift að endurskipuleggja fjármál

sín. Til að ná því markmiði er lagt til með frumvarpi þessu að lögfest verði sérstakt úrræði fyrir einstaklinga sem leggja ekki stund á atvinnurekstur með ótakmarkaðri ábyrgð. Með því móti er frekar hægt að koma til móts við þarfir þess hóps en gert er með þeim úrræðum sem eru fyrir hendi að gildandi lögum. Við samningu frumvarpsins hefur verið litið til reglna um hliðstæð úrræði í löggjöf annars staðar á Norðurlöndum, sem áður var vikið að.

Í frumvarpinu hefur þetta viðfangsefni verið nálgast með því móti að bæta nýjum kafla, X. kafla a, við 3. þátt laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og er lagt til að sá kafli beri fyrirsögnina „Skuldaaðlögun“. Með því heiti er vísað til þess að skuldir eru lagaðar með ákveðnu móti að greiðslugetu viðkomandi manns. Á þetta sér hliðstæðu í löggjöf allra norrænu ríkjanna þar sem heiti á úrræðinu vísar til skulda. Nánar lýsir úrræðið sér í því að skuldari getur að ákveðnum skilyrðum fullnægðum leitað nauðasamnings til skuldaaðlögunar. Um slíka skuldaaðlögun gilda almennar reglur laganna um nauðasamninga að því marki sem ekki er vikið frá þeim með reglum frumvarpsins. Þessi frávik sem frumvarpið hefur að geyma hafa það meginmarkmið að greiða sem best fyrir að raunhæft úrræði standi til boða fyrir þann hóp einstaklinga sem frumvarpið á að þjóna. Til stuðnings þessu má tiltaka nokkur atriði. *Í fyrsta lagi* er lagt til að vikið verði frá þeim reglum sem gilda um undirbúning af hálfu skuldara áður en hann getur sett fram beiðni um að leita nauðasamnings. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að skuldari þurfi að afla skriflegrar yfirlýsingar um meðmæli lánardrottna skv. 2. tölul. 1. mgr. 35. gr. laganna, enda er ekki gert ráð fyrir að málefnið verði borið undir atkvæði þeirra samkvæmt þeim reglum sem gilda um nauðasamninga, eins og nánar verður vikið að hér á eftir. Með þessu er málsmeðferðin gerð mun auðveldari fyrir skuldara. Þá er lagt til að skuldari leggi fram greiðsluáætlun í stað frumvarps að nauðasamningi, en með því móti er frekar unnt að taka mið af einstaklingsbundnum sjónarmiðum. *Í öðru lagi* er ekki gert ráð fyrir að það velti á afstöðu lánardrottna hvort skuldaaðlögun komist á. Þess í stað er lagt til að umsjónarmaður taki rökstudda afstöðu til þess hvort hann mæli með að skuldaaðlögun komist á fyrir skuldara. Eru meðmæli hans þá látin jafngilda því að frumvarp að nauðasamningi hafi verið samþykkt af lánardrottnum. Með þessu móti er verulega greitt fyrir að skuldaaðlögun komist á, enda getur í mörgum tilvikum verið erfiðleikum bundið að afla samþykkis lánardrottna. *Í þriðja lagi* er lagt til að kostnaður við að koma á skuldaaðlögun falli að verulegu leyti á ríkissjóð. Í þeim efnum er mestur kostnaður bundinn við þóknun umsjónarmanns sem gert er ráð fyrir að greiðist úr ríkissjóði. Jafnframt hefur frumvarpið að geyma heimild fyrir dómsmálaráðherra til að ákveða með reglugerð að boðið verði upp á endurgjaldslausa aðstoð við að undirbúa beiðni um skuldaaðlögun. Sú aðstoð gæti hvort heldur sem er farið fram á vegum opinberrar stofnunar eða hjá einkaaðilum sem veita fjármálaráðgjöf.

Að því gættu að reglur frumvarpsins standa í nánum tengslum við ákvæði 3. þáttar laga nr. 21/1991 er einboðið að úrræðinu sem lagt er til með frumvarpinu verið skipað innan þeirrar löggjafar. Er einnig hentugt að áfram verði búið við eina löggjöf með öll þau úrræði sem hafa það markmið að koma nýrri skipan á fjármál skuldara. Með því móti verður löggjöfin gleggri auk þess sem komist verður hjá endurtekningum sem hættara er við ef sett yrðu sérstök lög um skuldaaðlögun. Þetta á sér einnig hliðstæðu í danskri löggjöf um gjaldþrotaskipti, en þangað hefur öðru fremur verið leitað fyrirmynda við gerð þessa frumvarps.

III.

Eins og hér hefur verið rakið er lagt til með frumvarpinu að lögfest verði sérstakt úrræði fyrir einstaklinga sem glíma við verulegan fjárhagsvanda og hafa ekki lagt stund á atvinnurekstur með ótakmarkaðri ábyrgð. Úrræðið felur í sér að leitað er nauðasamnings til skulda-

aðlögunar og er þá lagt til grundvallar að beitt sé gildandi reglum um nauðasamninga í 3. þætti laga nr. 21/1991 með þeim frávikum sem reglur frumvarpsins hafa að geyma. Með hliðsjón af þessu samspili reglna um nauðasamninga annars vegar og reglna frumvarpsins hins vegar er rétt að lýsa hér í samfelldu máli helstu meginreglum sem gert er ráð fyrir að gildi um skuldaaðlögun, en þær eru þessar:

1. Þar sem skuldaaðlögun er ætlað að vera úrræði fyrir almenna launþega er gerð sú takmörkun í ákvæði, sem ráðgert er að verði 63. gr. a laganna, að viðkomandi skuldari hafi ekki undangengin þrjú ár borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi. Þegar þannig hagar til eiga við önnur sjónarmið sem geta ekki í sama mæli réttlætt ívilnanir í garð skuldara og þegar um er að ræða þá sem standa utan atvinnurekstrar. Hér er einnig tekið tillit til þeirrar lagalegu ábyrgðar sem hvílir á þeim sem leggja stund á atvinnurekstur. Það skal þó áréttað að eftir sem áður geta þeir sem stunda atvinnurekstur með ótakmarkaðri ábyrgð óskað eftir heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eftir almennum reglum.
2. Skuldaaðlögun nær til svonefndra samningskrafna, en skv. 1. mgr. 29. gr. laganna er með þessu átt við allar kröfur á hendur skuldara aðrar en þær sem eru undanþegnar áhrifum af nauðasamningi eða falla niður við staðfestingu hans, sbr. 1. og 3. mgr. 28. gr. þeirra. Við skuldaaðlögun er unnt að kveða á um algera eftirgjöf samningskrafna, hlutfallslega lækkun þeirra, gjaldfrest á þeim, greiðslu þeirra með hlutdeild í afborgunarfjárhæð í einu lagi eða með ákveðnu millibili á nánar tilteknu tímabili eða breytt form á greiðslu þeirra, en síðastnefndu fjögur atriðin geta farið saman, svo sem fram kemur í ákvæði sem lagt er til að verði 63. gr. b laganna. Ákvæðið tekur mið af eðli skuldaaðlögunar en að öðru leyti er það hliðstætt 2. mgr. 29. gr. laganna þar sem lýst er efni nauðasamnings.
3. Til að skuldari geti leitað nauðasamnings um skuldaaðlögun þarf hann að sýna fram á ógjaldfærni sína sem felst í því að hann sé og verði um fyrirséða framtíð ófær um að standa í skilum með skuldbindingar sínar, eins og segir í ákvæði því sem lagt er til að verði 63. gr. a laganna. Til að leiða þetta í ljós verður skuldari í samræmi við ákvæði, sem ráðgert er að verði 63. gr. c, að gera beiðni um heimild til að leita skuldaaðlögunar úr garði eins og mælt er fyrir um í 7. gr. og 1., 3. og 4. tölul. 34. gr. laganna. Með beiðninni skulu fylgja þau gögn sem hún er studd við ásamt greiðsluáætlun og gögnum henni til staðfestingar, vottorði um hjúskaparstöðu og fjölskyldu og síðustu fjórum skattframtölum skuldarans, sbr. 63. gr. c. Greiðsluáætlun skuldara kemur í stað frumvarps til nauðasamnings og er mikilvægt að til hennar sé vandað þar sem hún er grundvöllur skuldaaðlögunarinnar. Í grófum dráttum má lýsa þessu þannig að fram eigi að koma í greiðsluáætluninni sundurliðaðar upplýsingar um öll þau atriði sem hafa fjárhagslega þýðingu fyrir skuldarann og niðurstaða sem leidd er af þeim um hvaða fjárhæð hann hafi úr að spila til að greiða samningskröfur. Sú fjárhæð er nefnd afborgunarfjárhæð og getur eftir atvikum verið greidd í einu lagi eða með reglulegum greiðslum á tilteknu tímabili með eða án trygginga. Nánari fyrirmæli um þetta eru í 1.–5. tölul. 2. mgr. 63. gr. c.
4. Í 38. gr. laganna eru talin upp atriði sem girt geta fyrir að skuldari fái heimild til að leita nauðasamnings. Hér er um að ræða að skuldari hafi áður haft heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og heimildin hafi verið felld niður vegna framferðis hans, komist hafi á nauðasamningur eða kröfu hans um staðfestingu nauðasamnings hafi verið hafnað af öðrum sökum en þeim að gallar hafi verið á framkvæmd nauðasamningsumleitana. Í öllum þessum tilvikum er miðað við að þetta hafi átt sér stað á síðustu

þremur árum fyrir frestdag. Þá ber að synja um heimild til að leita nauðasamnings ef rökstuddur grunur er um að upplýsingar af hendi skuldara séu vísvitandi rangar eða villandi, beiðni hans sé áfátt, fylgigögn vanti eða annmarkar séu á þeim eða að ástæða sé til að draga verulega í efa að frumvarp skuldara fáist samþykkt, nauðasamningur verði staðfestur eða skuldarinn muni efna hann. Samkvæmt ákvæði, sem lagt er til að verði 63. gr. d laganna, er gert ráð fyrir að héraðsdómari hafni beiðni um heimild til skuldaaðlögunar ef eitthvað af þessu á við. Því til viðbótar er lagt til að neitað verði um þá heimild ef fyrirliggjandi gögn gefa ekki nægilega glögga mynd af fjárhag skuldarans eða væntanlegri þróun fjármála hans meðan skuldaaðlögunin varir, skuldari hefur hagað fjármálum sínum með óviðeigandi hætti, skuldbindingar svo einhverju nemi verða raktar til háttsemi sem varði refsingu eða skaðabótaskyldu, skuldari hefur svo að máli skipti ekki staðið í skilum við lánardrottna sína þótt honum hafi verið það kleift að einhverju leyti eða öllu eða ætla má að skuldari hafi hagað gerðum sínum svo sem raun varð á með ráðnum hug um að leita skuldaaðlögunar. Á það skal lögð áhersla að ekki er gert ráð fyrir að þessi atriði sem hér hafa verið talin verði skýrð rýmra en efni eru til. Er miðað við að nokkuð þurfi til svo að skuldara verði synjað um heimild til skuldaaðlögunar vegna matskenndra atriða, enda má venjulega búast við að eitthvað hafi farið úrskeiðis þegar skuldari glímir við verulegan fjárhagsvanda.

5. Ef héraðsdómur fellst á beiðni skuldara um heimild til að leita skuldaaðlögunar er kveðinn upp úrskurður þess efnis og þar með hefjast umleitanir til að koma henni á. Réttaráhrif þess að slíkur úrskurður gangi eru þau sömu og þegar skuldara er veitt er heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eftir almennum reglum, sbr. 1. mgr. 40. gr. laganna. Rakleitt í kjölfar úrskurðarins skipar héraðsdómari umsjónarmann með skuldaaðlögun í samræmi við 2. mgr. 39. gr. laganna, en hlutverk hans er að hafa umsjón með umleitun til skuldaaðlögunar. Störf umsjónarmannsins eru í flestu tilliti sambærileg við störf umsjónarmanns með framkvæmd nauðasamningsumleitana, en lagt er til að þóknun umsjónarmanns með skuldaaðlögun greiðist úr ríkissjóði, svo sem áður var vikið að, sbr. 3. mgr. 63. gr. d. Samkvæmt ákvæði, sem lagt er til að verði 63. gr. e laganna, hefst umsjónarmaðurinn handa við störf sín með því að fá birta innköllun til lánardrottna, en henni skal haga í samræmi við 1. mgr. 44. gr. laganna. Einnig er gert ráð fyrir að umsjónarmaður sendi þekktum lánardrottnum tilkynningu með sömu upplýsingum og koma eiga fram í innköllun, en með þeirri tilkynningu skal fylgja greiðsluáætlun skuldara, sbr. 1. mgr. 63. gr. e og 2. mgr. 44. gr. Umsjónarmaður tekur síðan við kröfulýsingum, en aðeins þeir samningskröfuhafar sem lýst hafa kröfum sínum innan kröfulýsingarfrests eiga rétt á að láta umleitanirnar til sín taka. Að liðnum kröfulýsingarfresti tekur umsjónarmaður saman skrá yfir lýstar samningskröfur og kynnir hana skuldara. Eftir að skuldari hefur kynnt sér skrána skal umsjónarmaðurinn veita honum aðstoð til að gera breytingar á greiðsluáætlun sinni ef efni þykja standa til þeirra, sbr. niðurlag 3. mgr. 63. gr. e.
6. Innan tveggja vikna frá lokum kröfulýsingarfrests skal umsjónarmaður með skuldaaðlögun boða til fundar til að fjalla um greiðsluáætlun skuldarans, sbr. ákvæði sem lagt er til að verði 63. gr. f laganna. Á þessum fundi er gert ráð fyrir að lánardrottnar fái upplýsingar frá skuldara um fjármál hans og bolmagn til að efna samningskröfur. Viðfangsefni þessa fundar er meðal annars að varpa ljósi á greiðslugeta skuldara þannig að kröfuhafar geti lagt mat á hvort áætlun hans um greiðslu afborgunarfjárhæðar sé raunhæf eða hvort hann geti hugsanlega greitt meira en greiðsluáætlun miðar við. Hér ættu rökstuddar

ábendingar kröfuhafa að hafa áhrif en með því að koma til móts við þær væri skuldari að skapa samstöðu sem væri fallin til að greiða fyrir að skuldaaðlögun komist á.

7. Áður en vika er liðin frá fundi til að fjalla um greiðsluáætlun skuldarans skal umsjónarmaður semja skriflega greinargerð þar sem rökstudd afstaða er tekin til þess hvort mælt er með því að skuldaaðlögun komist á fyrir skuldarann, sbr. ákvæði sem lagt er til að verði 63. gr. g laganna. Við mat á því ber að líta til ýmissa atriða, en þar vegur þyngst hvort skuldari sé að bjóða efndir í samræmi við það sem honum er fjárhagslega kleift eftir fremstu getu og hvort raunhæft sé að hann muni standa við þær skuldbindingar sínar. Þannig má til að mynda gera ráð fyrir að umsjónarmaður leggist gegn skuldaaðlögun ef ætla má að skuldari geti boðið frekari greiðslu en hann leggur upp með. Ef umsjónarmaður mælir gegn því að skuldaaðlögun komist á sendir hann greinargerðina ásamt skriflegri tilkynningu til héraðsdóms og skuldara. Með því falla sjálfkrafa niður umleitanir til skuldaaðlögunar. Þegar heimildin fellur niður vegna þessa eða af öðrum þeim ástæðum sem greinir í 41. gr. laganna skal umsjónarmaðurinn fá birta auglýsingu um þau málalok í Lögbirtingablaði. Jafnframt ber umsjónarmanni að senda lánardrottnum sem lýst hafa kröfum við umleitanir til skuldaaðlögunar greinargerðina og tilkynningu um lyktir máls. Ef umsjónarmaður á hinn bóginn mælir með því að skuldaaðlögun komist á hafa meðmæli hans sömu áhrif og þegar lánardrottnar samþykkja frumvarp skuldara að nauðasamningi. Skal umsjónarmaður þá boða skuldara á sinn fund og láta honum í té greinargerð sína ásamt samþykktu frumvarpi að skuldaaðlögun, sem umsjónarmanninum er ætlað að semja, sbr. 3. mgr. 63. gr. g, en þar á meðal annars að koma fram hvað skuldari ætli að greiða upp í samningskröfur, hvaða lánardrottnar eigi þessar kröfur og önnur samningskjör. Jafnframt ber umsjónarmanni að senda samningskröfuhöfum sem lýst hafa kröfum við umleitanir til skuldaaðlögunar greinargerðina, samþykkt frumvarp að skuldaaðlögun og tilkynningu um lyktir máls í höndum umsjónarmanns, sbr. 4. mgr. 63. gr. g.
8. Ef umsjónarmaður mælir með því að skuldaaðlögun komist á ber skuldara innan viku frá fundi, þar sem honum var látin í té greinargerð umsjónarmanns ásamt samþykktu frumvarpi að skuldaaðlögun, að leggja skriflega kröfu fyrir héraðsdóm um staðfestingu nauðasamnings til skuldaaðlögunar, svo sem fram kemur í ákvæði sem lagt er til að verði 63. gr. h. Um þá staðfestingu fer eftir því sem segir í IX. kafla laganna, þar á meðal varðandi heimildir lánardrottna til að hafa uppi andmæli gegn henni. Verði skuldaaðlögunin staðfest hefur það sömu réttaráhrif og réttarsátt milli skuldarans og lánardrottna hans um þær samningskröfur þeirra sem koma fram á skrá yfir lýstar kröfur að því leyti sem skuldari mótmælti þeim ekki, sbr. 2. mgr. 63. gr. h. Þessi réttaráhrif skuldaaðlögunar eru þau sömu og eiga við um nauðasamning, sbr. 3. mgr. 60. gr. laganna. Um önnur réttaráhrif skuldaaðlögunar fer eftir almennum reglum. Þannig er skuldaaðlögun, sem staðfest hefur verið, bindandi fyrir lánardrottna og þá sem í stað þeirra koma um samningskröfur þeirra. Jafnframt hafa efndir samningskröfu í samræmi við skuldaaðlögun sömu áhrif og ef krafan hefði verið efnd eftir upphaflegu efni sínu, sbr. 2. mgr. 60. gr. laganna. Að því er varðar þriðja mann haggar skuldaaðlögun ekki rétti lánardrottins skuldarans til að ganga að veði sem hann hefur sett fyrir efndum skuldbindingar til fullnustu á henni allri eða til að krefja ábyrgðarmann um fulla greiðslu, sbr. 4. mgr. sömu greinar. Þá hefur skuldaaðlögunin það í för með sér að allar samningskröfur falla sjálfkrafa í gjalddaga gagnvart skuldaranum, þegar skuldaaðlögunin kemst á, nema þar sé kveðið á um annað, sbr. 1. mgr. 30. gr. laganna. Að öðru leyti

gilda ákvæði 2.–4. mgr. sömu greinar um áhrif skuldaaðlögunar á samningskröfur. Þá hefur skuldaaðlögun það í för með sér að fullnustugerðir hjá skuldara falla niður í samræmi við 138. gr., sbr. 1. mgr. 32. gr. laganna.

9. Þær reglur sem hér hefur verið lýst eiga við þegar leitað er nauðasamnings til skuldaaðlögunar án undangenginna gjaldþrotaskipta á búi skuldarans, en þá er beitt reglum 3. þáttar laga nr. 21/1991 með þeim frávikum sem lagt er til með frumvarpinu að kveðið verði á um í X. kafla a. Ef bú skuldarans er á hinn bóginn undir gjaldþrotaskiptum er jafnframt unnt að ljúka skiptum með nauðasamningi í samræmi við reglur XXI. kafla laganna. Í ákvæði sem lagt er til að verði 63. gr. i laganna er ráðgert að einnig verði unnt að ljúka gjaldþrotaskiptum með nauðasamningi til skuldaaðlögunar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að sérreglum um það úrræði sem frumvarpið stefnir að verði skipað í nýjum X. kafla a laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Gert er ráð fyrir að fyrirsögn þessa kafla verði „Skuldaaðlögun“, en eins og áður var vikið að er þetta heiti dregið af því megineinkenni þessa úrræðis að skuldir séu með því lagaðar að greiðslugetu viðkomandi manns og er þessi nafngift samsvarandi þeirri sem notuð er um þetta úrræði annars staðar á Norðurlöndum. Um þá leið sem hér er farin við efnisskipan er rétt að benda á að 3. þáttur laganna, sem nú er myndaður af VI.–X. kafla eða 27.–63. gr. þeirra, hefur að geyma reglur um nauðasamninga án undanfarandi gjaldþrotaskipta. Í meginatriðum er ráðgert að skuldaaðlögun eftir reglum frumvarpsins komi til án undangenginna gjaldþrotaskipta, sbr. þó i-lið 1. gr. frumvarpsins, og eiga þær því samleið með öðrum ákvæðum 3. þáttar. Við gerð frumvarpsins þótti erfiðleikum háð að fella sérreglur um skuldaaðlögun inn á viðeigandi stöðum í einstakar greinar, sem fyrir eru í 3. þætti, þótt út af fyrir sig hefði það verið fært, en með þeirri leið hefði meðal annars tapast sú sýn yfir reglur um þetta efni, sem fæst með því að skoða í samfellu a–h-lið 1. gr. frumvarpsins. Til þess verður þó að líta að þessar átta greinar segja engan veginn alla söguna, því þær eru settar fram með tilliti til þess að skuldaaðlögun sé sérstök tegund nauðasamnings og gilda því meðal annars almennar reglur um slíka samninga í 27.–63. gr. laganna jafnframt um skuldaaðlögun að því leyti sem ekki er kveðið á um annað í a–h-lið 1. gr. frumvarpsins.

Um a-lið (63. gr. a).

Hér er að finna þrjú meginskilyrði sem fullnægt þarf að vera til að skuldari geti fengið heimild til að leita skuldaaðlögunar. Í fyrsta lagi kemur fram að „maður“ geti leitað nauðasamnings til skuldaaðlögunar, en með því orði eru tekin af tvímæli um að það séu aðeins einstaklingar, sem njóti þessarar heimildar, en hvorki félög né lögaðilar af öðrum toga. Í öðru lagi kemur fram í ákvæðinu áskilnaður um að skuldari sé ógjaldfær á þann veg að hann sé og verði um fyrirséða framtíð ófær um að standa í skilum með skuldbindingar sínar. Þetta skilyrði lýtur þannig að því að skuldari sé ógreiðslufær. Aftur á móti skiptir ekki máli hvort skuldari sé þannig settur að andvirði eigna hans sé minna en nemur skuldum. Sú aðstaða ein án þess að hún bitni á greiðslugetu skuldara getur því ekki réttlætt skuldaaðlögun. Í þriðja lagi er þess að geta, sem áður var vikið að, að skuldaaðlögun á að vera úrræði fyrir almenna launþega. Því er það skilyrði sett að skuldari hafi ekki undangengin þrjú ár borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi, hvort sem hann hefur lagt stund á hana einn síns liðs eða í félagi við aðra. Hér er litið til þeirrar ríku lagaábyrgðar sem hvílir á þeim sem stunda atvinnurekstur, meðal annars varðandi skil á virðisaukaskatti og staðgreiðslu opinberra gjalda af

launum starfsmanna, en ekki þykir koma til álita að draga úr henni með reglum um skuldaaðlögun, þar sem lánardrottnum er ekki ætlað að eiga atkvæði um hvort veitt verði eftirgjöf skulda. Auk þessara þriggja meginskilyrða fyrir heimild til að leita skuldaaðlögunar er að finna frekari skilyrði fyrir henni í 1. mgr. 63. gr. d, sem fjallað er nánar um í athugasemdum við d-lið 1. gr. frumvarpsins.

Fram kemur í niðurlagi 63. gr. a að almennar reglur laganna gildi um nauðasamning til skuldaaðlögunar eftir því sem átt getur við nema annað leiði af ákvæðum X. kafla a. Þessi tilvísun tekur einkum til annarra ákvæða 3. þáttar laganna eins og þeim verður beitt í ljósi þeirra sérreglna sem ætlað er að gilda um skuldaaðlögun. Með því að rætt er í 63. gr. a um að leita megi „nauðasamnings til skuldaaðlögunar“ er þó áréttað að skuldaaðlögun er í raun sérstök tegund nauðasamnings, sem ekki aðeins önnur ákvæði 3. þáttar laganna taka til, heldur einnig sérhver fyrirmæli um nauðasamninga annars staðar í þeim lögum eða utan þeirra. Af þessum sökum leiðir til dæmis af 3. mgr. 2. gr. laganna að frestdagur getur ráðist af því hvenær beiðni skuldara um heimild til að leita skuldaaðlögunar berst héraðsdómi, 1. mgr. 4. gr. ræður hvort íslenskir dómstólar hafi lögsögu til að taka afstöðu til slíkrar beiðni og eftir 1. mgr. 8. gr. færi um varnarþing í slíku máli, en í öllum þessum ákvæðum er rætt um beiðni um heimild til að leita nauðasamnings sem á samkvæmt áðursögðu jafnframt við um beiðni um heimild til að leita skuldaaðlögunar. Þá leiðir einnig af þessu að þegar rætt er um nauðasamning í öðrum lögum eiga slík ákvæði við um skuldaaðlögun, sem staðfest hefur verið fyrir dómi skv. h-lið 1. gr. frumvarpsins og IX. kafla laganna. Samkvæmt því er hér til dæmis um að ræða aðfararheimild skv. 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför.

Um b-lið (63. gr. b).

Lagt er hér til að í 63. gr. b verði ákvæði sem hafi að geyma afmörkun á efni nauðasamnings til skuldaaðlögunar. Í ákvæðinu segir að með skuldaaðlögun megi kveða á um algera eftirgjöf samningskrafna, hlutfallslega lækkun þeirra, gjaldfrest á þeim, greiðslu þeirra með hlutdeild í afborgunarfjárhæð skv. 3. mgr. 63. gr. c í einu lagi eða með ákveðnu millibili á nánar tilteknu tímabili, breytt form á greiðslu þeirra eða fernt það síðastnefnda í senn. Í 2. mgr. 29. gr. laganna er að finna hliðstætt ákvæði um efni nauðasamnings, sem almennar reglur þeirra taka að öllu leyti til, að því frátöldu að þar er ekki rætt um greiðslu með hlutdeild í afborgunarfjárhæð, sem aðeins getur komið til með skuldaaðlögun. Nánar verður vikið að þessari sérstöðu skuldaaðlögunar í skýringum við c-lið 1. gr. frumvarpsins þegar rætt verður um hvernig skuldari á að gera greiðsluáætlun sína úr garði, en í henni á að koma fram afborgunarfjárhæð sem skuldari kann að gera ráð fyrir að greiða af samningskröfum. Um ákvæði b-liðar er þess þó að geta að við skuldaaðlögun er það ekki skilyrði samkvæmt frumvarpinu að skuldari bjóði fram greiðslu á reglubundinni afborgunarfjárhæð, heldur getur hann til dæmis leitað eingöngu algerrar eftirgjafar á samningskröfum eða í einu lagi tiltekinnar hlutfallslegrar lækkunar á þeim og gjaldfrests til eingreiðslu á því, sem eftir stendur. Að þessu leyti væri með skuldaaðlögun leitað eftir sams konar ívilnun og einkennir nauðasamning samkvæmt almennum reglum 3. þáttar laganna, en sá munur er hér á að skuldarinn nýtur í þessari málaleitan hagræðis af einfaldari málsmeðferð skv. X. kafla a, auk þess sem niðurstaðan er ekki háð atkvæðum lánardrottna. Undir þeim kringumstæðum verður skuldari allt að einu að gera greiðsluáætlun eftir reglum 2. mgr. 63. gr. c, en með henni væri þá sýnt fram á að hann hefði annaðhvort enga burði til að greiða neitt af samningskröfum eða að hann væri fær um að greiða í eitt skipti fyrir öll tiltekið hlutfall af þeim kröfum án þess að vænta megi að hann verði aflögufær til frekari greiðslna í framtíðinni, svo sem ef um er að ræða mann, sem hefur látið af störfum vegna heilsubrests eða fyrir aldurs sakir. Ef skuldari hyggst á hinn

bóginn verja þeim hluta tekna sinna, sem á tilteknu tímabili yrði umfram nauðsynlegan kostnað af framfærslu, til að greiða samningskröfur að nokkru leyti eða öllu er gengið út frá því í frumvarpinu að þeirri tilhögun verði komið á með því að ákveða reglubundna afborgunarfjárhæð eins og um ræðir í 5. tölul. 2. mgr. og 3. mgr. 63. gr. c. Hafi skuldari ekkert annað til að leggja af mörkum til greiðslu á samningskröfum verður ekki mælt fyrir um annað en þetta í skuldaaðlöguninni.

Eins og sést af texta 63. gr. b snýr skuldaaðlögun ekki að öðrum skuldbindingum en samningskröfum. Svo sem getið var í almennum athugasemdum hér að framan eru samningskröfur skilgreindar í 28. gr. og 1. mgr. 29. gr. laganna. Nánar tiltekið kemur fram í 1. mgr. 28. gr. að nauðasamningur hafi ekki áhrif á tilteknar kröfur á hendur skuldaranum. Þetta eru *í fyrsta lagi* kröfur sem hafa orðið til eftir að honum var veitt heimild til að leita nauðasamnings, *í öðru lagi* kröfur um annað en peningagreiðslu sem verður fullnægt eftir aðalefni sínu, *í þriðja lagi* kröfur um afhendingu eignar annars manns sem skuldarinn hefur í vörslum sínum og kröfur sem teldust svokallaðar búskröfur eða forgangskröfur við gjaldþrotaskipti, *í fjórða lagi* kröfur sem veð eða önnur trygging er fyrir í eign skuldarans að því leyti sem andvirði hennar hrekkur fyrir skuldinni, *í fimmta lagi* kröfur sem fullnægja mætti með skuldajöfnuði skv. 100. gr. laganna ef bú skuldarans væri komið til gjaldþrotaskipta og loks *í sjötta lagi* kröfur sem eru undanþegnar nauðasamningi með því að þær greiðast að fullu. Þessar kröfur teljast ekki til samningskrafna samkvæmt því sem segir í 1. mgr. 29. gr. laganna og mundi skuldaaðlögun þannig ekki getað náð til þeirra nema viðkomandi kröfuhafi félli frá rétti sínum til að vera óháður henni, sbr. 2. mgr. 28. gr. Samkvæmt þessu er ljóst að frumvarpið felur ekki í sér ráðagerð um að nýrri skipan verði komið á skuldir sem tryggðar eru til dæmis með veði í fasteign skuldarans, en til þess er þó að líta í því sambandi að skuldaaðlögun hefur eins og nauðasamningur endranær þau áhrif að fjárnám, kyrrsetning eða löggeymsla, sem hefur verið gert á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag í eign skuldarans, fellur sjálfkrafa niður, sbr. 1. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 138. gr. laganna. Við afmörkun á samningskröfum skiptir ákvæði 3. mgr. 28. gr. laganna ekki síður máli, en samkvæmt því veldur nauðasamningur brottfalli á kröfum, sem skipað yrði í réttindaröð eftir 1., 2., 3. og 5. tölul. 114. gr. ef bú skuldarans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta. Samkvæmt þessu eiga hér meðal annars undir kröfur um vexti og verðbætur af samningskröfu sem falla til eftir að úrskurður gengur um heimild til að leita nauðasamnings. Af þeim sökum hefur staðfestur nauðasamningur til skuldaaðlögunar þau áhrif að vextir og verðbætur hætta að falla á samningskröfu og rennur greiðsla samkvæmt henni þannig upp í höfuðstól skuldarinnar, eins og hann stóð þann dag sem úrskurður gekk um heimild til að leita skuldaaðlögunar, að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum til þess tíma. Samningskrafan mundi þannig til dæmis ekki bera dráttarvexti meðan skuldarinn greiddi af henni í samræmi við skuldaaðlögunina. Rétt er að ítreka sérstaklega að þessi áhrif tengjast eingöngu samningskröfum og mundi skuldaaðlögun því engin áhrif hafa á vexti eða verðbætur af skuld sem veð eða annars konar trygging er fyrir í eign skuldarans.

Um c-lið (63. gr. c).

Hér er meðal annars mælt fyrir um efni beiðni skuldara um heimild til að leita skuldaaðlögunar og þau gögn sem verða að fylgja þeirri beiðni til héraðsdóms. Í 1. mgr. er kveðið á um efni beiðninnar, en þar er gengið út frá því að hún verði í öllum meginatriðum sams konar og beiðni um heimild til að leita nauðasamnings eftir almennum reglum, sbr. 7. og 34. gr. laganna, að því frátöldu að 2. tölul. síðarnefndu greinarinnar, þar sem segir að í beiðni eigi meðal annars að koma fram skýringar á frumvarpi að nauðasamningi, mundi ekki eiga hér við, enda er ekki ráðgert að skuldari geri slíkt frumvarp þegar leitað er skuldaaðlögunar.

Að öðru leyti verður að láta við það sitja að vísa hér til 7. og 34. gr. laganna án frekari umfjöllunar.

Samkvæmt 1. mgr. 63. gr. c eiga nánar tiltekin gögn að fylgja beiðni skuldarans um heimild til að leita skuldaaðlögunar, en með ákvæðinu er vikið talsvert til einföldunar frá reglum 35. gr. laganna, þar sem talið er upp hvað fylgja eigi beiðni um heimild til að leita nauðasamnings eftir almennum reglum. Þar skiptir mestu, sem áður var getið, að skuldaranum er ekki ætlað að gera frumvarp að nauðasamningi, en að nokkru kemur í þess stað greiðsluáætlun sem lýst er í 2. mgr. 63. gr. c og vikið verður sérstaklega að hér á eftir. Þá er heldur ekki ráðgert að skuldari leggi fram meðmæli frá tilteknum fjölda lánardrottna, svo sem almennt gildir skv. 2. tölul. 1. mgr. 35. gr. Í 1. mgr. 63. gr. c kemur fram að skuldari eigi að láta í té með beiðni sinni fjögur síðustu skattframtöl sín og tengist þetta því, sem áður var lýst í sambandi við 63. gr. a, að skuldari getur ekki fengið heimild til að leita skuldaaðlögunar ef hann hefur borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi undangengin þrjú ár. Er þannig ætlast til að skattframtölin verði höfð til marks um að þessu skilyrði fyrir skuldaaðlögun sé fullnægt, en skilyrði þetta veldur því jafnframt að með beiðni um heimild til að leita skuldaaðlögunar þurfa ekki að fylgja reikningsskil fyrir skuldara eins og áskilið er í 2. mgr. 35. gr. laganna. Í 1. mgr. 63. gr. c kemur að auki fram að beiðninni eigi að fylgja gögn sem hún er studd við, svo og vottorð um hjúskaparstöðu og fjölskyldu. Áskilnaður er gerður um síðastnefnd vottorð með tilliti til þess að máli skiptir fyrir greiðsluáætlun skuldarans hvort hann haldi heimili með öðrum og beri eftir atvikum framfærsluskyldu við aðra heimilismenn, svo og hvort ætlast verði til að þeir leggi eitthvað af mörkum vegna útgjalda í tengslum við heimilishald.

Mikilvægasta gagnið sem þarf að fylgja beiðni um heimild til að leita skuldaaðlögunar er greiðsluáætlun og er tiltekið í 2. mgr. 63. gr. c hvað þar eigi að koma fram. Samkvæmt ákvæðinu á greiðsluáætlunin að þjóna þeim tilgangi að veita einkum upplýsingar *í fyrsta lagi* um tekjur skuldarans og annað fé, sem hann kann að ráða yfir eða geta aflað til að standa straum af greiðslu skulda, *í öðru lagi* um fjárhæð skulda, þar á meðal um reglubundnar afborganir af þeim ef því er að skipta, *í þriðja lagi* um væntanleg útgjöld á skuldaaðlögunartímabili vegna framfærslu og annarra nauðsynlegra þarfa og loks *í fjórða lagi* um hvað ályktamegi af þessu að skuldari sé fær um að leggja af mörkum til reglubundinna greiðslna af skuldum sínum með svokallaðri afborgunarfjárhæð ef hann hyggst bjóða slíkt fram. Með þessu er í raun lýst grundvellinum að því, sem helst einkennir skuldaaðlögun í samanburði við nauðasamning eftir almennum reglum, en það er að koma á þeirri skipan að skuldari verji fjármunum, sem ekki er brýn þörf á vegna heimilishalds og framfærslu, til að greiða jafnt upp í allar skuldir á tilteknu tímabili, en að því tímabili loknu falli niður sá hluti skuldanna sem þá kann að standa eftir. Greiðsluáætlun eftir reglum 2. mgr. 63. gr. c á þannig að sýna með viðeigandi skýringum útreikning á því hvað raunhæft sé að ætla að skuldarinn geti að óbreyttum forsendum greitt af skuldum sínum á tilteknu tímabili. Í frumvarpinu er ekki gerður áskilnaður um eitthvert lágmark eða hámark greiðslu og er því hugsanlegt að greiðsluáætlun leiði í ljós að skuldari sé alls ófær um að greiða neitt eða á hinn bóginn að hann geti staðið undir nokkrum hluta skulda eða þeim öllum með því að dreifa greiðslum yfir nánar tiltekinn fjölda mánaða eða ára. Skuldaaðlögunin yrði þá reist á þeirri reikningslegri forsendu sem fengin yrði fram á þennan hátt. Í frumvarpinu er heldur ekki afmarkað hversu langt skuldaaðlögunartímabil eigi að vera, en þess í stað er gengið út frá því að tímalengdin ráðist hverju sinni af aðstæðum skuldarans, svo sem aldri, starfi, tekjuhorfum og fjölskyldustærð, og að haft verði í huga að markmið skuldaaðlögunar er að létta af skuldara að axla byrði af óviðráðanlegum skuldbindingum til langframa. Í norrænum rétti eru reglur með líkum hætti, en

í framkvæmd hefur þar mótast sú venja að skuldaaðlögunartímabil sé að öðru jöfnu þrjú til fimm ár. Má ætla að nærtækt sé að hafa hliðsjón af því í framkvæmd hér á landi.

Til nánari skýringa á einstökum atriðum sem koma eiga fram í greiðsluáætlun má huga að því að skv. 1. tölul. 2. mgr. 63. gr. c á að tiltaka hverjar tekjur skuldarans eru ásamt tekjum þeirra sem teljast til heimilis með honum. Með þessu er ekki gefið til kynna að ætlast sé til að allir heimilismenn skuldarans taki þátt í greiðslu skulda hans, enda ber hvorki maki hans né aðrir sem halda með honum heimili ábyrgð á skuldbindingum hans nema það leiði annaðhvort af lögum, svo sem vegna samábyrgðar hjóna á greiðslu vissra skatta, eða þess að viðkomandi hafi gengist í ábyrgð fyrir skuld. Á hinn bóginn skipta tekjur maka eða annarra heimilismanna máli á þann hátt að eftir því sem þær kunni að vera meiri dregur úr þörf á því að tekjum skuldarans sé í sama mæli og ella varið til greiðslu kostnaðar af framfærslu þeirra, til dæmis ef maki skuldarans, sem jafnframt honum er framfærsluskyldur við börn þeirra, hefur teljandi tekjur en ber ekki teljandi skuldir. Þessi áskilnaður í 1. tölul. snýr þannig öðrum þræði að því að leggja grunn að útreikningi á útgjöldum skuldarans til framfærslu og heimilishalds, sbr. 4. tölul. 2. mgr. 63. gr. c. Í tengslum við þetta verður að taka fram að þegar rætt er um tekjur þeirra sem teljast til heimilis með skuldaranum er ekki horft til þess að tekjur ólögráða barna þar skipti almennt máli þegar leitast er við að reikna út grundvöll fyrir skuldaaðlögun, enda er ekki með þessari reglu knúið á um að þau greiði eitthvert framlag til heimilishalds, þótt sjálfstæð tekjuöflun þeirra geti á hinn bóginn dregið úr þörf á stuðningi skuldarans við þau. Í 1. tölul. kemur einnig fram að upplýsa eigi í greiðsluáætlun um tekjur án tillits til þess hvort þær stafi af vinnu eða öðrum sökum, svo sem fjármagnstekjur eða greiðslur úr almannatryggingum eða lífeyrissjóði. Loks er þess að geta um þetta ákvæði að mælt er fyrir um að veita eigi upplýsingar í greiðsluáætlun um hvað ráði tekjum skuldarans og annarra, sem halda með honum heimili, og hvort horfur séu á að þær taki breytingum. Í þessu felst að upplýsa verður til dæmis hvort tekjurnar fari eftir ráðningarsamningi eða nánar tilteknum kjarasamningi ef um vinnulaun er að ræða, hvað ráði umfangi lífeyris eða annars konar greiðslna úr lífeyrissjóði eða almannatryggingum og af hverju fjármagnstekjur kunni að stafa. Tilgangur þessa ásamt upplýsingum um hvort horfur séu á að tekjurnar taki breytingum er sá að fram verður að koma í greiðsluáætlun raunhæfur spádómur um tekjur skuldarans og annarra heimilismanna hans á skuldaaðlögunartímabili.

Samkvæmt 2. tölul. 2. mgr. 63. gr. c á að koma fram í greiðsluáætlun hvort skuldarinn muni hafa fé af öðru en tekjum sínum til að greiða af skuldum. Eins og nefnt er í dæmaskyni í ákvæðinu kann þetta að stafa af fjárframlögum annarra, svo sem ef maki skuldarans er reiðubúinn til að láta af hendi hluta af tekjum sínum til að greiða skuldir hans, ættingi skuldarans vill leggja til fé í þessu skyni eða hann á í vændum að fá útborgaðan arf. Annað er þó nefnt í ákvæðinu, sem meiru máli skiptir, en það er fé sem skuldarinn kann að geta losað um með sölu eigna. Í tengslum við þetta verður að benda á að í frumvarpinu eru engin skilyrði sett um að skuldari þurfi í meginatriðum að vera eignalaus til að geta fengið heimild til að leita skuldaaðlögunar eða að hann verði knúinn til að selja eignir til að geta fengið heimildina. Á hinn bóginn er ekki ætlast til að lánardrottnar verði að þola eftirgjöf af kröfum sínum án þess að skuldarinn leggi sitt af mörkum til að greiða þeim eins og honum er framast unnt, þar á meðal með því að selja eignir, sem ekki eru að fullu veðsettar, og hafa þannig tiltækt fé til að greiða upp í skuldir. Til frekari skýringar á þessu má taka sem dæmi að skuldari eigi íbúð, sem veðskuldir hvíla á svo að svari til 80% af markaðsverði hennar. Við þær aðstæður verður almennt að ætlast til þess að við skuldaaðlögun selji skuldarinn slíka eign til að geta varið 20% af söluverðinu til greiðslu skulda, en taki síðan íbúðarhúsnæði á leigu eða kaupi

annað ódýrara gegn því að veðsetja það seljandanum eða lánastofnun fyrir fullu markaðsverði. Skuldarinn getur hins vegar verið í þeirri aðstöðu að íbúðarhúsnæði hans sé veðsett fyrir fullu verði eða jafnvel hærri fjárhæð. Undir þeim kringumstæðum hafa lánardrottnar hans engan hag af því að húsnæðið sé selt, svo framarlega sem afborganir af veðskuldum eru ekki að mun hærri en svo að þær svari til þess sem skuldarinn yrði ella að greiða fyrir leigu á öðru hæfilegu íbúðarhúsnæði. Er ætlast til að aðstæður skuldara, sem þetta getur átt við um, verði metnar í hverju tilviki og þá meðal annars með tilliti til áætlunar um útgjöld skuldarans af íbúðarhúsnæði skv. 4. tölul. 2. mgr. 63. gr. c. Varðandi aðrar eignir en íbúðarhúsnæði verður að ganga út frá því að skuldarinn eigi rétt á að halda lausafjármunum til að halda heimili í sama mæli og slíkar eignir verða undanþegnar við fjárnám skv. 43. gr. laga nr. 90/1989, um aðför. Að þessu frágengnu verður á hinn bóginn að gefa sér þá almennu reglu að skuldarinn verði í tengslum við skuldaaðlögun að koma öðrum eignum í verð til að greiða lánardrottnum, þótt væntanlega megi sýna nokkru meiri hliðrunarsemi við þessar aðstæður heldur en við fjárnám, svo sem með því að skuldari fái að halda verðlítilli bifreið. Í því sambandi yrði að beita sanngirnismati með því að vega saman hagsmuni skuldarans og lánardrottna hans, en þar getur einnig skipt máli hvort eftirgjöf af skuldum er mikil eða lítil.

Í 3. tölul. 2. mgr. 63. gr. c er kveðið á um að sundurliða eigi í greiðsluáætlun allar skuldir skuldarans, bæði þær sem þegar eru gjaldfallnar og þær sem ekki eru komnar í gjalddaga. Um þær síðarnefndu verður að gefa upplýsingar um afborgunarkjör og gjalddaga, svo og vexti og verðtryggingu af þeim. Tekið er fram í ákvæðinu að þetta verði jafnframt að gera þótt tilteknar skuldir teljist ekki til samningskrafna og skuldaaðlögun taki þannig ekki til þeirra. Allt er þetta áskilið til að fá megi glögga mynd ekki aðeins af því, sem skuldarinn kann þegar að vera kominn í vanefndir með, heldur líka af skuldbindingum sem fram undan eru. Í því sambandi skiptir einnig máli hvaða skuldir, sem skuldaaðlögunin hefur ekki áhrif á, eiga eftir að falla á skuldarann á tímabilinu sem hún stæði yfir, til dæmis veðskuldir sem hvíla á íbúðarhúsnæði sem hann kann að geta haldið. Er þá haft í huga að greiðslur af þessum síðastnefnda toga hefðu óhjákvæmilega áhrif á getu skuldarans til að greiða öðrum lánardrottnum.

Samkvæmt 4. tölul. 2. mgr. 63. gr. c verður í greiðsluáætlun að setja fram áætlun um meðaltal mánaðarlegra útgjalda skuldarans og þeirra, sem teljast til heimilis með honum, á tímabilinu sem skuldaaðlögun er ætlað að vara vegna óhjákvæmilegs kostnaðar af heimilishaldi og daglegu lífi að öðru leyti. Í ákvæðinu er nefnt í dæmaskyni að slíkur kostnaður geti stafað meðal annars af framfærslu, opinberum gjöldum, húsaleigu og afborgunum af skuldum sem tryggðar eru með veði eða á annan hátt í íbúðarhúsnæði skuldarans eða öðrum eignum sem hann vill fá að halda eftir án tillits til skuldaaðlögunar. Í tengslum við þetta þarf að hafa hugfast að skuldaaðlögunin á ekki að fella á lánardrottna þyngri byrðar en nauðsyn ber til og verður því skuldarinn að haga lífi sínu með tilliti til þess. Við útreikning á áætluðum útgjöldum hans í framangreindu skyni verður þannig að taka mið af því sem telja má mannsæmandi en látlausa lifnaðarhætti, þar sem leitast er við að draga eftir megni úr óþarfa. Ganga verður út frá því að útreikningur sem þessi verði að meginreglu að vera staðlaður meðal annars með tilliti til aldurs skuldarans og fjölskyldustærðar, heilsufars hans og heimilisfólks hans, dvalarstaðar og þess háttar atriða. Í því sambandi er til dæmis ekki fært að taka mið af raunverulegum kostnaði, sem skuldarinn hefur haft af íbúðarhúsnæði sínu, hvort sem er með greiðslu húsaleigu eða afborgana af skuldum vegna kaupa á því, heldur verður að leggja til grundvallar hvað telja megi eðlilegt leiguverð íbúðarhúsnæðis miðað við dvalarstað skuldarans og fjölskyldustærð. Séu afborganir af íbúðarláni, sem hvílir með veði á eigin húsnæði skuldarans, lægri en nemur slíkri áætlaðri leigufjárhæð er ekki ástæða vegna þessa til að finna að því að

hann kjósi fremur að búa í sínu eigin íbúðarhúsnæði en að verja sömu eða hærri fjárhæð til greiðslu húsaleigu á öðrum stað. Með líkum hætti verður að nálgast áætlun útgjalda vegna annarra þarfa, svo sem til daglegrar framfærslu, kostnaðar af dagvistun barna eða rekstrar ódýrrar bifreiðar.

Þegar stillt hefur verið upp þeim atriðum í greiðsluáætlun sem að framan er getið stendur eftir skv. 5. tölul. 2. mgr. 63. gr. c að leiða af þeim niðurstöðu um hver afborgunarfjárhæð geti orðið af samningskröfum ef bjóða á hana fram. Þannig er ráðgert að finna verði skv. 1. tölul. hverjar meðaltalstekjur skuldarans geti mánaðarlega orðið á skuldaaðlögunartímabili, hvað kunni að leggjast við þessar tekjur skv. 2. tölul. vegna sölu eigna hans eða fjárframlaga frá öðrum, hvað draga verði af samanlagðri fjárhæð úr þessum tveimur liðum vegna áætlunar á meðaltali mánaðarlegra útgjalda skuldarans skv. 4. tölul., en mismunurinn getur þá orðið mánaðarleg afborgunarfjárhæð í skilningi 5. tölul., sem varið verður til að greiða hlutfallslega jafn mikið af hverri einstakri samningskröfu eins og hún er útreiknuð á grundvelli 3. tölul. Samkvæmt því sem fram kemur í 5. tölul. verður að tiltaka í greiðsluáætluninni hvernig skuldarinn býðst til að greiða afborgunarfjárhæðina, sem getur hvort sem er verið gert í einu lagi að tilteknum tíma liðnum eða með reglubundnum greiðslum á ákveðnu tímabili, til dæmis með jafnri mánaðarlegri fjárhæð af tekjuafgangi skuldarans og eftir atvikum með viðbót eftir ákveðinn tíma vegna andvirðis seldrar eignar. Í tengslum við þetta verður að koma fram í greiðsluáætlun hversu lengi skuldarinn muni greiða slíkar reglubundnar greiðslur til lánardrottna, til dæmis 15. dag hvers mánaðar næstu þrjú eða fimm árin, en það, sem þá kynni að standa eftir af samningskröfum, mundi þá falla niður vegna þessa nauðasamnings. Gengið er út frá því að í greiðsluáætlun komi aðeins fram hver afborgunarfjárhæðin verður í heild á hverjum gjalddaga, en skuldaranum er ekki ætlað að skipta henni á þessu stigi niður á tiltekna lánardrottna, enda verður það fyrst gert þegar leitt hefur verið í ljós með innköllun skv. 1. mgr. 63. gr. e hverjir lánardrottnarnir eru nánar. Skv. 5. tölul. getur skuldarinn boðið lánardrottnum tryggingu fyrir greiðslu afborgunarfjárhæðar, til dæmis ábyrgð þriðja manns, en slíkt er ekki áskilið sem skilyrði fyrir skuldaaðlögun þótt ætla megi að lánardrottnar geti reynst viljugri til að mæta tillögum skuldarans með velvild ef slíkt er boðið fram. Þess verður að geta að þótt skuldari eigi kost á að koma fram skuldaaðlögun með öðrum kjörum en greiðslu afborgunarfjárhæðar á tilteknu tímabili, svo sem fram kemur í 63. gr. b, verður hann allt að einu að gera greiðsluáætlun til að leggja fram með beiðni um heimild til þeirrar aðgerðar. Þetta stafar af því að greiðsluáætlun þjónar þeim tilgangi að sýna lánardrottnum jafnt sem umsjónarmanni með skuldaaðlögun fram á hver sé fyrirsjáanleg geta skuldarans til að greiða af skuldum sínum á komandi árum. Sé sú geta engin getur skuldarinn leitað skuldaaðlögunar til að fá algera eftirgjöf samningskrafna, sbr. 63. gr. b, en greiðsluáætlunin mundi þá vera nauðsynlegur grundvöllur til að sýna fram á að þau málalok séu óhjákvæmileg.

Í 3. mgr. 63. gr. c er kveðið á um verðtryggingu afborgunarfjárhæðar og er í þeim efnum ráðgert að slíkt sé skilyrði fyrir skuldaaðlögun þar sem sú tilhögun á greiðslum verður fyrir valinu. Þetta er áskilið með tilliti til þess að skuldaaðlögun með greiðslu afborgunarfjárhæðar getur varað um nokkurra ára skeið og er því ekki ástæða til annars en að aukinn almennur kaupmáttur launa komi lánardrottnum skuldarans til góða á þennan hátt. Í 3. mgr. er gengið út frá því að þessi verðtrygging taki að meginreglu mið af launavísitölu, en frá því megi þó víkja ef tekjur, sem skuldarinn hyggst verja til greiðslu afborgunarfjárhæðar, munu fyrirsjáanlega ekki fylgja þeim verðlagsmæli.

Samkvæmt 4. mgr. 63. gr. c getur skuldarinn gert ráð fyrir því í greiðsluáætlun að skuldir innan tiltekinnar fjárhæðar verði greiddar að fullu þótt lánardrottnar, sem eiga hærri samn-

ingskröfur, verði að þola skerðingu á sínum réttindum. Tekið er fram í ákvæðinu að heimild til þessa sé háð því að fjárhæð skuldanna, sem greiðast til fulls, sé óveruleg í ljósi fjárhags skuldarans og að tryggt sé að allir aðrir lánardrottnar fái að minnsta kosti jafn háa greiðslu upp í sínar kröfur. Regla um heimild af þessum toga gildir um nauðasamning, sem gerður er eftir almennum reglum, sbr. 3. mgr. 29. gr. og 2. mgr. 36. gr. laganna, en hún hefur þótt eðlileg meðal annars til hagræðis við greiðslur á grundvelli nauðasamnings. Þess skal og getið að í niðurlagi 4. mgr. 63. gr. c er ráðagerð um að lánardrottinn geti gefið meira eftir af samningskröfu sinni en aðrir með því að afsala sér hlutdeild í afborgunarfjárhæð að einhverju leyti eða öllu. Þótt þess sé ekki að vænta að staða sem þessi komi upp í ríkum mæli getur verið hugsanlegt að skuldari nái við undirbúning beiðni sinnar samkomulagi við tiltekinn lánardrottinn, einn eða fleiri, um að gefa meira eftir en aðrir og greiða þannig fyrir skuldaaðlögun, en almennt gildir regla um heimild sem þessa við nauðasamningsumleitanir, sbr. 3. mgr. 29. gr. laganna.

Samkvæmt áðurnefndum lögum nr. 65/1996 getur einstaklingur sem hyggst leita nauðasamnings sótt um að fá úr ríkissjóði réttaraðstoð í því skyni, en með henni verður viðkomandi í reynd eins settur og sá sem fengið hefur gjafsókn vegna rekstrar einkamáls fyrir dómi. Slík réttaraðstoð nær þá meðal annars til kostnaðar af þjónustu sem skuldarinn kann að þurfa að afla sér við gerð beiðni um heimild til nauðasamningsumleitana og gagna sem henni verða að fylgja. Eins og reglur frumvarpsins eru gerðar úr garði er gengið út frá því að öllu einfaldara verði að undirbúa beiðni um heimild til að leita skuldaaðlögunar og geti meðal annars komið að notum eyðublöð eða annar viðlíka háttur til að setja fram upplýsingar í stöðluðu horfi. Vegna þessa er nærtækt að ætla að hagkvæmari leiðir séu tækar til að veita skuldara fjárhagslegan stuðning af almannafé til að leita skuldaaðlögunar en með réttaraðstoð samkvæmt lögum nr. 65/1996. Því til samræmis er lagt til í 5. mgr. 63. gr. c að dómsmálaráðherra geti með reglugerð komið á fót leið handa skuldara til að fá endurgjaldslausa aðstoð, hvort heldur hjá opinberri stofnun eða á öðrum vettvangi, við undirbúning beiðni um heimild til að leita skuldaaðlögunar og gerð fylgigagna með beiðninni. Verði þessi reglugerðarheimild nýtt mun skuldarinn ekki geta fengið réttaraðstoð eftir fyrrnefndum lögum að þessu leyti, svo sem tekið er fram í niðurlagi 5. mgr.

Um d-lið (63. gr. d).

Hér eru talin skilyrði sem skuldari þarf að fullnægja til að geta fengið heimild til að leita skuldaaðlögunar til viðbótar þeim sem felast í 63. gr. a og áður er gerð grein fyrir í athugasemdum við a-lið 1. gr. Samkvæmt því sem fram kemur í upphafi 1. mgr. 63. gr. d gilda almennar reglur 1. mgr. 38. gr. laganna um heimild til að leita skuldaaðlögunar, þar sem talin eru atriði sem valda því að héraðsdómara beri að synja um heimild til að leita nauðasamnings. Um þessar almennu reglur hefur þegar verið fjallað hér að framan í 4. lið í III. kafla almennra athugasemda við frumvarpið. Auk þessa er gengið út frá því að skuldari þurfi að fullnægja frekari skilyrðum sem talin eru í 1.–5. tölul. 1. mgr. 63. gr. d, en þess skal getið að þau ákvæði eiga sér fyrirmynd í 2. mgr. 197. gr. dönsku gjaldþrotaskiptalaganna.

Atriðin sem talin eru upp í einstökum töluliðum 1. mgr. 63. gr. d eiga það sammerkt að þau valda því að héraðsdómari geti hafnað beiðni um heimild til að leita skuldaaðlögunar. Skv. 1. tölul. verður beiðni hafnað ef fyrirliggjandi gögn gefa ekki nægilega glögga mynd af fjárhag skuldarans eða væntanlegri þróun fjárhags hans á því tímabili sem greiða á af skuldum hans samkvæmt greiðsluáætlun. Hér ber að leggja áherslu á að skuldari verður að veita fullnægjandi upplýsingar um allt sem lýtur að fjárhagslegum málefnum hans. Þannig ber honum að varpa ljósi á bæði eigna- og skuldastöðu auk þess að greina frá tekjum og

möguleikum til að afla þeirra, svo og áætluðum útgjöldum, eins og nánar var lýst í athugasemdum við c-lið 1. gr. frumvarpsins. Skv. 2. tölul. verður beiðni um heimild til að leita skuldaaðlögunar hafnað ef skuldarinn hefur hagað fjármálum sínum með óviðeigandi hætti, svo sem með því að stofna til skulda í áhættusömum viðskiptum, til að standa straum af kostnaði af lifnaðarháttum sem svara engan veginn til fjárhags hans eða eftir að honum mátti vera orðið ljóst að hann væri ófær um að standa í fullum skilum við lánardrottna sína. Jafnframt verður beiðni hafnað skv. 3. tölul. ef skuldari hefur bakað sér skuldbindingu sem einhverju nemur miðað við fjárhag hans með háttsemi sem varðar refsingu eða skaðabótaskyldu. Þá verður beiðni skuldara hafnað eftir 4. tölul. ef hann hefur svo að máli skipti látið hjá líða að standa í skilum við lánardrottna sína þótt honum hefði verið það kleift að einhverju leyti eða öllu. Loks verður beiðni hafnað skv. 5. tölul. ef ætla má að skuldarinn hafi hagað gerðum sínum svo sem raun varð á með ráðnum hug um að leita skuldaaðlögunar. Þessum atriðum sem greinir í 2.–5. tölul. er það sammerkt að ekki getur verið viðeigandi að skuldari eigi kost á skuldaaðlögun ef vandi hans verður að einhverju leyti eða öllu rakinn til atvika af þessu tagi, þar sem hann sjálfur með framgöngu sinni ber ábyrgð á því hvernig hans málum er komið. Það skal áréttað að ekki er gert ráð fyrir að þessi matskenndu atriði verði túlkuð rýmra en efni eru til. Þegar skuldari glímir við verulegan fjárhagsvanda er vissulega eitt og annað sem hlýtur að hafa farið úrskeiðis hjá honum án þess þó að framangreind atriði verði talin eiga við þannig að girt sé fyrir skuldaaðlögun.

Samkvæmt 2. mgr. 63. gr. d er lagt til að heimilt verði að skjóta til Hæstaréttar úrskurði héraðsdóms þar sem synjað er um heimild til að leita skuldaaðlögunar. Aftur á móti er ekki gert ráð fyrir málskoti ef heimildin er veitt. Þetta er samhljóða ákvæðum um málskot úrskurðar um heimild til að leita nauðasamnings, sbr. 2. mgr. 38. gr. og 1. mgr. 39. gr. laganna. Þykir rétt að sömu reglur gildi að þessu leyti um skuldaaðlögun.

Í 3. mgr. ákvæðisins segir að um skipun og stöðu umsjónarmanns með skuldaaðlögun fari skv. 2. mgr. 39. gr. laganna. Hér gildir þó sú regla að kostnaður af málsmeðferð við skuldaaðlögun, þar með talin þóknun umsjónarmanns, greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun héraðsdómara. Þetta er frábrugðið því sem gildir við nauðasamningsumleitanir eftir almennum reglum, en þá verður skuldari að standa straum af kostnaðinum. Eins og áður segir er markmiðið með þessari aðstoð við skuldara að greiða fyrir að skuldaaðlögun nái þeim tilgangi að vera raunhæft úrræði fyrir hann til að ráða bót á þeim fjárhagsvanda sem hann glímir við.

Um e-lið (63. gr. e).

Hér er að finna fyrstu sérákvæði X. kafla a um aðgerðir eftir að fenginn hefur verið dómsúrskurður um heimild skuldara til að leita skuldaaðlögunar. Er hér nánar tiltekið mælt fyrir um innköllun til lánardrottna, kröfulýsingar þeirra og meðferð krafna að loknum kröfulýsingarfresti, en þegar hér er komið sögu er staða skuldarans orðin sú sem kveðið er á um í 40., sbr. 43. gr. laganna, og er hann því í flestum atriðum eins settur og ef honum hefði verið veitt heimild til greiðslustöðvunar, bæði að því er varðar rétt hans til ráðstafana og vernd fyrir fullnustugerðum lánardrottna.

Í 1. mgr. 63. gr. e eru sérstök fyrirmæli um innköllun til lánardrottna þegar leitað er skuldaaðlögunar, en svo sem fram kemur í ákvæðinu gefur umsjónarmaður, sem á þessu stigi er nýskipaður til starfa skv. 3. mgr. 63. gr. d, innköllunina út. Skv. 1. mgr. 63. gr. e verður að koma fram að innköllunin sé gefin út sökum þess að skuldarinn leiti skuldaaðlögunar og skal að auki boðað í henni til fundar umsjónarmannsins með samningskröfuhöfum til að fjalla um greiðsluáætlun, en um efni hennar, birtingu og réttaráhrif gilda að öðru leyti al-

mennar reglur 1. mgr. 44. gr. og 3. mgr. 45. gr. laganna. Því til samræmis á að birta innköllunina tvívegis í Lögbirtingablaði og er kröfulýsingarfrestur fjórar vikur frá fyrri birtingunni. Innköllunin hefur ekki þau réttaráhrif að vanlýst krafa falli niður, heldur fer kröfuhafi, sem hirðir ekki um að lýsa kröfu sinni, á mis við heimild til að hafa afskipti af meðferð málsins fyrir umsjónarmanni og dómstólum ef til þess kemur að leitað sé þar staðfestingar á skuldaaðlögun, sbr. 2. mgr. 63. gr. e.

Samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar á umsjónarmaður að gera svokallaða kröfuskrá að loknum kröfulýsingarfresti. Fram kemur í ákvæðinu að greina eigi í skránni frá þeim samningskröfum sem lýst hefur verið fyrir umsjónarmanninum á kröfulýsingarfresti og er því ekki ætlast til að þar verði teknar upp kröfur sem ekki teljast til samningskrafna, þótt þeim hafi verið lýst í framhaldi af innköllun. Um efni kröfuskrárinnar er í 3. mgr. að öðru leyti vísað til 1. og 2. tölul. 1. mgr. 46. gr. laganna. Í 2. málsl. þessarar málsgreinar er sérstakt ákvæði um þá aðstöðu að skuldari hafi í greiðsluáætlun greint frá samningskröfu sem ekki hefur verið lýst innan kröfulýsingarfrests. Ekki er ráðgert að umsjónarmaður taki slíka kröfu upp í kröfuskrá á þeim grunni einum að skuldarinn hafi gert grein fyrir henni, enda byði slíkt upp á hættu á misferli. Þess í stað er ætlast til að umsjónarmaður bregðist þannig við að hann leiti upplýsinga hjá viðkomandi lánardrottni um hvort krafan sé í raun til og hver fjárhæð hennar þá sé, en í samræmi við slíkar upplýsingar yrði krafan tekin upp í kröfuskrá eftir því sem atvik standa til. Þótt þetta yrði gert teldist kröfunni ekki hafa verið lýst og nyti viðkomandi lánardrottinn því ekki þeirrar stöðu sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þessarar greinar. Svo sem fram kemur í niðurlagi 3. mgr. ber umsjónarmanninum að kynna skuldaranum kröfuskrána strax á þessu stigi og veita honum ef þörf krefur aðstoð við að gera breytingar á greiðsluáætlun. Með þeirri reglu er ekki gefið til kynna að ástæða geti almennt verið til að endurskoða greiðsluáætlun á þessu stigi, heldur er verið að tryggja að skuldari eigi aðgang að umsjónarmanninum til að veita ráðgjöf og aðstoð í þessum efnum hafi eitthvað óvænt komið fram með kröfulýsingum, svo sem að skuldir hafi verið stórum fleiri en skuldarinn hafði að óreyndu gert sér grein fyrir eða heildarfjárhæð þeirra til dæmis lægri. Slíkt gæti gefið tilefni til að huga á ný að greiðsluáætlun, einkum ef gert er þar ráð fyrir annarri tilhögun við skuldaaðlögun en greiðslu upp í kröfur með afborgunarfjárhæð.

Um f-lið (63. gr. f).

Í ákvæðinu eru lagðar til reglur um fund sem umsjónarmanni er ætlað að halda með þeim kröfuhöfum, sem lýst hafa samningskröfum á kröfulýsingarfresti, til að fjalla um greiðsluáætlun skuldarans. Fundur þessi, sem halda ber innan tveggja vikna frá lokum kröfulýsingarfrests, er að ýmsu leyti hliðstæða fundar sem haldinn er skv. 48. gr. laganna við nauðasamningsumleitanir eftir almennum reglum, en á honum eru greidd atkvæði um frumvarp skuldara að nauðasamningi. Við skuldaaðlögun liggur ekkert frumvarp fyrir og þar fer engin slík atkvæðagreiðsla fram, en þess í stað er í 63. gr. f ráðgert að fundurinn þjóni þeim megintilgangi að umsjónarmaður fái að hlýða á viðhorf lánardrottna og skýringar skuldara, en í lok fundarins liggi fyrir að greiðsluáætlun sé af hendi skuldarans orðin endanleg þannig að umsjónarmaðurinn geti tekið afstöðu til þess hvort hann mæli með því að skuldaaðlögun komist á.

Í 1. mgr. 63. gr. f eru í 1. málsl. sett áðurnefnd tímamörk fyrir því að fundur þessi verði haldinn jafnframt því sem vitnað er til 1. og 2. mgr. 48. gr. laganna um almenn atriði varðandi fundarhald. Að öðru leyti lýtur þessi málsgrein frumvarpsins að því hvernig bregðast skuli við ef fram kemur á fundinum ágreiningur um kröfu sem lýst hefur verið fyrir umsjónarmanni, hvort heldur vegna þess að skuldari mótmælir henni eða annar lánardrottinn. Sam-

kvæmt ákvæði þessu er ætlast til að umsjónarmaðurinn leitist við að jafna ágreining og er þá haft í huga að miklu skiptir fyrir alla hlutaðeigandi að niðurstaða fáist um atriði sem þetta vegna þess að greiðslur skuldara eiga að dreifast hlutfallslega jafnt til allra samningskröfuhafa að fenginni skuldaaðlögun. Eins og ráðið verður af lokamálslið þessarar málsgreinar er á hinn bóginn ekki ætlast til að umleitanir til að koma á skuldaaðlögun brjóti á hugsanlegum ágreiningi um fram komna kröfu, en vissulega gæti óútkljáð deila um atriði sem þetta sett strik í reikninginn þegar kemur að því að umsjónarmaður taki ákvörðun um hvort hann mæli með skuldaaðlögun, sbr. 63. gr. g.

Samkvæmt 2. mgr. 63. gr. f er ráðgert að á fundi þessum fari að öðru leyti fram viðræður skuldara og lánardrottna, þar sem sá fyrrnefndi verði meðal annars krafinn skýringa á atriðum sem þeir síðarnefndu telji þörf á, en að því búnu leiti umsjónarmaðurinn afstöðu hvers og eins lánardrottins sem sækir eða lætur sækja fundinn til greiðsluáætlunar skuldarans. Er ætlast til að umsjónarmaðurinn færi í fundargerð hver afstaða hvers lánardrottins sé. Þegar þær athugasemdir eru komnar fram fær skuldarinn að síðustu tækifæri til að endurskoða greiðsluáætlun sína í tilefni af skoðanaskiptum á fundinum. Athugasemdir lánardrottna á fundinum geta lotið að því að skuldarinn bjóði ekki svo háa greiðslu sem honum væri fært, til dæmis vegna þess að hann vanmeti framtíðartekjur, geri ráð fyrir óhæfilegum framfærslukostnaði eða hyggist ekki selja tiltekna eign til að afla fjár til greiðslu skulda. Athugasemdirnar geta jafnframt allt eins snúið að því gagnstæða með því að lánardrottnar telji skuldarann hafa óraunhæfar væntingar um greiðslugetu sína á skuldaaðlögunartímabili. Með því að skuldarinn fái þetta lokatækifæri til að breyta greiðsluáætlun getur hann komið til móts við réttmætar athugasemdir af þessum toga, enda skiptir afstaða lánardrottna til greiðsluáætlunar máli fyrir niðurstöðu umsjónarmanns um hvort hann mæli með skuldaaðlögun, sbr. 1. mgr. 63. gr. g.

Varðandi fund skv. 63. gr. f er að öðru leyti ástæða til að vekja athygli á að í ákvæðinu er ekki mælt fyrir um skyldu neins til að sækja hann eða afleiðingar af því að menn láti það hjá líða. Lánardrottnar mundu í sjálfu sér ekki glata neinum rétti með því að sækja ekki fundinn, en á hinn bóginn er nærtækt að ætla að umsjónarmaður líti almennt svo á að lánardrottinn sem sinnir ekki málinu með fundarsókn hafi ekkert við það að athuga að skuldarinn fái skuldaaðlögun á grundvelli fyrirliggjandi greiðsluáætlunar. Að því er skuldarann varðar getur fjarvera á fundi á hinn bóginn haft afdrifaríkari afleiðingar. Í því sambandi verður að gæta að því að einn helsti tilgangur fundarins er að gefa lánardrottnum færi á að leita skýringa hjá skuldaranum, svo og að veita honum tækifæri til að breyta greiðsluáætlun vegna fram kominna athugasemda þeirra. Af þessum sökum er tekið fram í 1. mgr. 63. gr. g að meðal þeirra atriða sem skipta máli þegar umsjónarmaður metur hvort hann mæli með því að skuldaaðlögun komist á sé hvort skuldarinn hafi sinnt skyldum sínum skv. 2. mgr. 63. gr. f. Í því ljósi liggur beint við að mæti skuldarinn ekki til fundarins eða sýni hann þar ekki viðeigandi samstarfsvilja hljóti það að leiða til hættu á að umleitanir til skuldaaðlögunar fari út um þúfur með því að umsjónarmaðurinn mæli gegn því að hún komist á.

Um g-lið (63. gr. g).

Samkvæmt þessu ákvæði á umsjónarmaður innan viku frá fundi skv. 63. gr. f að taka rökstudda afstöðu til þess hvort hann mæli með því að skuldaaðlögun komist á. Ákvörðun umsjónarmannsins um þetta skiptir sköpum um málalok, því leggist hann gegn skuldaaðlögun fyrir skuldarann er málinu endanlega lokið, svo sem nánar kemur fram í 2. mgr. Mæli hann á hinn bóginn með því að skuldaaðlögun komist á er skuldarinn eins settur og ef hann hefði hlotið brautargengi í atkvæðagreiðslu lánardrottna við nauðasamningsumleitanir eftir al-

mennum reglum, sbr. 3. mgr., og stendur þá eftir að hann leiti staðfestingar skuldaaðlögunarinnar fyrir héraðsdómi skv. 63. gr. h. Á þennan hátt kemur afstaða umsjónarmannsins í stað atkvæðagreiðslu lánardrottna og má telja þetta eitt helsta einkenni skuldaaðlögunar í samanburði við nauðasamningsumleitanir eftir almennum reglum.

Í 1. mgr. 63. gr. g er kveðið á um fyrrnefndan frest umsjónarmannsins til að taka afstöðu sína, sem skal vera rökstudd og sett fram í skriflegri greinargerð. Í ákvæðinu er mælt fyrir um helstu atriðin sem umsjónarmaðurinn verður að taka mið af þegar hann kemst að niðurstöðu í þessum efnum. Þar er þess *í fyrsta lagi* getið að hann þurfi að gæta að því hvort nokkuð hafi komið fram við meðferð hans á málinu sem hefði í upphafi átt að standa því í vegi að skuldaranum yrði heimilað að leita skuldaaðlögunar, en með þessu er skírskotað til fyrirmæla í 1. mgr. 38. gr. laganna, 63. gr. a og 63. gr. d. *Í öðru lagi* er ætlast til að umsjónarmaðurinn líti til þess hvort fram komnar upplýsingar gefi til kynna að skuldarinn leiti óeðlilega mikillar eftirgjafar af hendi lánardrottna með skuldaaðlöguninni með tilliti til fjárhags hans og þess sem vænta megi að gerst geti varðandi fjármál hans í náinni framtíð. *Í þriðja lagi* verður að gæta að því hvort skuldarinn hafi við umleitanir til skuldaaðlögunar sinnt skyldum sínum skv. 2. mgr. 63. gr. f, sem fjallað var um í athugasemdum við f-lið 1. gr. frumvarpsins, og hvort telja megi hann að öðru leyti hafa staðið heiðarlega að verki í þessum efnum. *Í fjórða lagi* verður umsjónarmaðurinn að leggja mat á það hvort raunhæft sé að ætla að skuldarinn geti staðið við þá skilmála sem hann gengist undir með skuldaaðlöguninni, en í þessu sambandi verður að líta svo á að tilgangslaust sé að láta hana ná fram að ganga ef ekki eru sæmilegar horfur á að skuldarinn muni standa í skilum samkvæmt henni. Loks er þess *í fimmta lagi* getið að umsjónarmanninum beri að taka tillit til viðhorfa þeirra lánardrottna sem hafa lýst samningskröfum og látið í ljós afstöðu til greiðsluáætlunar skuldarans á fundi skv. 63. gr. f. Ekki er ætlast til að lánardrottnar hafi í þessum efnum úrslitaáhrif, enda er með reglum frumvarpsins meðal annars vikið frá almennum reglum um nauðasamningsumleitanir með því að þeir ráði ekki niðurstöðu um skuldaaðlögun með atkvæðagreiðslu. Á hinn bóginn hljóta málefnalegar og rökstuddar ástæður fyrir andstöðu lánardrottna við skuldaaðlögun að hafa talsvert vægi við mat umsjónarmannsins. Varðandi þessa talningu á viðmiðunaratriðum skv. 1. mgr. 63. gr. g verður að benda sérstaklega á að hún er eftir orðalagi ákvæðisins ekki tæmandi og geta því önnur atriði jafnframt komið til skoðunar. Umfram allt verður þó að leggja áherslu á að ætlast er til að umsjónarmaðurinn beiti í þessum efnum heildstæðu mati og gæti að því hvort eftir aðstæðum öllum sé sanngjarnt gagnvart bæði skuldaranum og lánardrottnum hans að hann fái lokið skuldum sínum á þann hátt sem ráðgert er í greiðsluáætlun hans.

Í 2. mgr. eru fyrirmæli um lok umleitana til skuldaaðlögunar ef umsjónarmaður kemst að þeirri niðurstöðu að mæla gegn því að hún komist á. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir því að umsjónarmaðurinn sendi þá tafarlaust greinargerð sína skv. 1. mgr. ásamt skriflegri tilkynningu til skuldarans og héraðsdómstólsins þar sem skuldaranum var veitt heimild til að leita skuldaaðlögunar, en þegar sú tilkynning berst dómstólnum lýkur þessu ferli og um leið falla niður þau réttaráhrif sem umleitanirnar höfðu í för með sér skv. 40. gr. laganna. Skuldaranum er hér ekki veitt leið til að leita endurskoðunar á þessari niðurstöðu umsjónarmannsins, en að því leyti er skuldarinn eins settur og ef hann hefði leitað nauðasamnings eftir almennum reglum og samningsfrumvarp hans hefði ekki hlotið nægilegt fylgi við atkvæðagreiðslu lánardrottna. Ljúki umleitunum til skuldaaðlögunar á þennan hátt er mælt svo fyrir í niðurlagi þessa ákvæðis að umsjónarmaðurinn skuli svo fljótt sem verða má fá birta auglýsingu um málalokin í Lögbirtingablaði. Í tengslum við þetta er jafnframt vakin athygli á því með síð-

asta málslið 2. mgr. að almennar reglur um lok nauðasamningsleitana í 41. og 42. gr. laganna gilda einnig þegar leitað er skuldaaðlögunar, en um lyktir máls samkvæmt þeim ákvæðum verður umsjónarmaður að fá birta auglýsingu á sama hátt og áður var getið.

Mæli umsjónarmaðurinn með því að skuldaaðlögun nái fram að ganga felur sú afstaða hans það í sér skv. 3. mgr. að skuldarinn verður eins settur og ef frumvarp til nauðasamnings fyrir hann hefði verið samþykkt við atkvæðagreiðslu eftir almennum reglum 3. þáttar laganna. Umsjónarmaðurinn gerir þá ekki aðeins greinargerð, svo sem lýst er í 1. mgr. þessarar greinar, heldur einnig það sem nefnt er í 3. mgr. samþykkt frumvarp að skuldaaðlögun. Í einstökum töluliðum 3. mgr. er tíundað nánar hvað koma eigi fram í slíku frumvarpi, en í flestum atriðum er um það að ræða að dregnar verði saman upplýsingar um viss efni úr greiðsluáætlun skuldarans, eftir atvikum að teknu tilliti til breytinga sem hann kann að hafa gert á henni við umleitanir til skuldaaðlögunar, sbr. 3. mgr. 63. gr. e og 2. mgr. 63. gr. f. Að tvennu leyti er þó ráðgert að samþykkta frumvarpið geymi upplýsingar sem ekki eru í greiðsluáætlun. Annars vegar er í 2. tölul. 3. mgr. 63. gr. g mælt fyrir um að í frumvarpinu skuli koma fram hvaða lánardrottnar eigi samningskröfur og hver fjárhæð kröfu hvers þeirra sé, svo og hvaða hlutfall þeir eigi að fá greitt af kröfum sínum eigi skuldaaðlögunin að leiða eingöngu til hlutfallslegrar lækkunar krafnanna eða hvaða hlutfall hver þeirra eigi að fá af afborgunarfjárhæð ef kveðið verður á um þá greiðslutilhögun í skuldaaðlöguninni. Upplýsingar um þetta eru eðli máls samkvæmt ekki í greiðsluáætlun, enda er ekki fært að slá þessu föstu fyrr en fram er komið hverjir kröfuhafarnir eru með því annaðhvort að þeir hafi lýst kröfum sínum eða á þann hátt sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 63. gr. e. Benda verður á að tilgreining á þessu í samþykktu frumvarpi er háð þeim almenna fyrirvara að kröfur falla ekki niður þótt þeim sé ekki lýst fyrir umsjónarmanni í kjölfar innköllunar hans. Þótt ætla verði að slíkt mundi heyra til undantekninga verður að hafa í huga að kröfuhafi gæti gefið sig á síðari stigum fram við skuldara og krafið hann um greiðslu samningskröfu, sem ekki var lýst og þar með ekki gert ráð fyrir í samþykktu frumvarpi. Viðkomandi lánardrottinn væri þó eftir sem áður bundinn af þeim kjörum sem skuldaaðlögunin fæli í sér, sbr. 2. mgr. 60. gr. laganna. Hafi skuldaaðlögun komist á með þeim skilmálum að skuldarinn greiði mánaðarlega tiltekna afborgunarfjárhæð, sem er þá heildarupphæð til ráðstöfunar upp í samanlagðar samningskröfur, yrði að bregðast við tilkomu nýs samningskröfuhafa með því að breyta upp frá því hlutfallslegri skiptingu afborgunarfjárhæðarinnar milli þeirra allra. Slíka breytingu yrði skuldarinn sjálfur að gera og veita þá öðrum samningskröfuhöfum upplýsingar um ástæðuna fyrir henni, en ekki er ráðgert í frumvarpinu að atvik sem þessi valdi því að umleitanir til skuldaaðlögunar verði enduruppteknar eða ný krafa um staðfestingu hennar komi til kasta dómstóla. Hins vegar er mælt svo fyrir í 3. tölul. 3. mgr. 63. gr. g að fram skuli koma í staðfestu frumvarpi hvort skuldari geri ráð fyrir því að umdeild krafa sé meðal þeirra sem greitt verði af samkvæmt fyrrnefndum 2. tölul. ákvæðisins. Eins og vikið var að í athugasemdum við f-lið 1. gr. frumvarpsins eru reglur í 1. mgr. 63. gr. f um meðferð umdeildra krafna við umleitanir til skuldaaðlögunar, en ekki er miðað við að niðurstaða fáist þar alltaf um réttmæti slíkra krafna. Því getur komið til þess að umleitunum ljúki án þess að útkljáður sé ágreiningur um kröfu, eina eða fleiri, en svo sem fram kemur í síðari málslið 2. mgr. 63. gr. f er ætlast til að skuldarinn segi þar á síðustu stigum til um hvað hann hafi í hyggju með slíka kröfu, það er að segja hvort gert skuli ráð fyrir henni í samþykktu frumvarpi eða ekki. Ákvæði 3. tölul. 3. mgr. 63. gr. g taka mið af þessu. Með því að greina sérstaklega frá því í samþykktu frumvarpi að tiltekin krafa, sem ætlað er að greidd verði, sé umdeild er vakin athygli annarra lánardrottna sem eiga greiðslu í vændum af afborgunarfjárhæð á því að hlut-

deild þeirra í henni kunni að breytast til hækkunar ef ágreiningur um umdeildu kröfuna er leiddur til lykta á þann hátt að hún lækki eða falli með öllu brott. Varðandi 3. mgr. 63. gr. g er að öðru leyti ástæða til að vekja athygli á að með upphafsorðum ákvæðisins er umsjónarmanninum gert að boða skuldarann á sinn fund til að afhenda honum greinargerð sína um lok málsins og eintak af samþykkta frumvarpinu. Hér er gengið út frá því að þörf sé á að gera þetta með formlegri athöfn, enda hefst einnar viku frestur skuldarans til að leggja skriflega kröfu fyrir héraðsdóm um staðfestingu skuldaaðlögunarinnar skv. 1. mgr. 63. gr. h á tímamarki þessa fundar.

Í 4. mgr. 63. gr. g er mælt fyrir um skyldu umsjónarmannsins til að senda lánardrottnum, sem lýstu kröfum við umleitanir til skuldaaðlögunar, eintak af greinargerð sinni skv. 1. mgr. greinarinnar ásamt tilkynningu um lyktir málsins í höndum hans. Tilkynningu sem þessa verður að senda lánardrottnum sem lýstu kröfum án tillits til þess hvort þeir hafi reynst vera samningskröfuhafar og gildir þetta ákvæði jafnt hvort sem umsjónarmaðurinn hefur mælt með eða gegn því að skuldaaðlögun nái fram að ganga. Hafi hann mælt með því verður eintak af samþykktu frumvarpi einnig að fylgja þessum tilkynningum.

Um h-lið (63. gr. h).

Í þessu ákvæði eru sérreglur um staðfestingu nauðasamnings um skuldaaðlögun og réttaráhrif hans, en þær fela í sér minni háttar frávik frá almennum reglum í IX. og X. kafla laganna. Eins og fram kemur í upphafi 1. mgr. verður skuldarinn að leita staðfestingar skuldaaðlögunar fyrir héraðsdómstólnum þar sem honum var í byrjun veitt heimild til að leita hennar, og skal það gert innan viku frá þeim fundi sem umsjónarmaður boðaði hann til skv. 3. mgr. 63. gr. g. Í því sambandi verður að taka fram að í 1. mgr. 63. gr. h er ekki miðað við að þessi frestur byrji því aðeins að líða að skuldarinn mæti til fundarins og er það því á hans áhættu að láta hjá líða að sinna fundarboði umsjónarmannsins. Skuldarinn verður að leggja skriflega kröfu um staðfestingu nauðasamningsins fyrir héraðsdóm innan þessa frests og leggja með henni þau gögn sem talin eru upp í síðari málslið 1. mgr. 63. gr. h. Um ferlið við staðfestingu skuldaaðlögunar gilda að öðru leyti almennar reglur IX. kafla laganna að því leyti sem þær geta átt við, þar á meðal um heimild lánardrottins til að andmæla kröfu um staðfestingu, sbr. 58. gr. þeirra.

Í 2. mgr. 63. gr. h er kveðið á um að nauðasamningur um skuldaaðlögun hafi sömu réttaráhrif og dómsátt milli skuldarans og lánardrottna hans um samningskröfur, sem þeir hafa lýst og komið hafa fram í kröfuskrá umsjónarmanns, ef skuldarinn hefur ekki andmælt þeim á fundi skv. 1. mgr. 63. gr. f. Um þetta ákvæði, sem svarar efnislega til fyrirmæla 3. mgr. 60. gr. laganna um slík áhrif nauðasamnings sem er gerður eftir almennum reglum, er rétt að vekja athygli á að áskilið er að viðkomandi lánardrottinn hafi lýst kröfu sinni jafnframt því sem hún hafi verið tekin upp í kröfuskrá, en af þessu leiðir að krafa sem tilgreind væri í skránni skv. 3. mgr. 63. gr. e án þess að henni hafi verið lýst mundi ekki njóta þessarar stöðu.

Varðandi réttaráhrif skuldaaðlögunar er ætlast til að almennar reglur X. kafla laganna gildi að öðru leyti. Þetta felur meðal annars í sér að skuldaaðlögun tekur gildi þegar endanleg dómsúrlausn hefur verið fengin um staðfestingu hennar, sbr. 1. mgr. 60. gr. laganna, skuldaaðlögun tekur til allra samningskrafna án tillits til þess hvort þeim var lýst í kjölfar innköllunar umsjónarmanns, sbr. fyrri málslið 2. mgr. 60. gr., efndir samningskröfu samkvæmt skilmálum skuldaaðlögunar hefur sömu áhrif og ef krafan hefði verið efnd að fullu eftir upphaflegu efni hennar, sbr. síðari málslið sömu málsgreinar, og skuldaaðlögun breytir í engu heimild lánardrottins til að ganga fyrir fullri samningskröfu sinni að þeim sem hefur tekið á sig ábyrgð á henni eða veitt veð eða aðra tryggingu fyrir henni í eign sinni, sbr. 4. mgr. 60. gr.

Í framhaldi af staðfestingu nauðasamnings um skuldaaðlögun gæti komið til þess að beitt yrði reglum XX. kafla laganna um riftun ráðstafana skuldarans, sbr. 32. og 61. gr. Loks gilda ákvæði 62. og 63. gr. laganna meðal annars um heimild lánardrottins til að fá skuldaaðlögun ógilta með dómi vegna vanefnda skuldarans á skuldbindingum sínum samkvæmt henni eða af öðrum þeim ástæðum sem þar greinir.

Um i-lið (63. gr. i).

Hér er lagt til að ljúka megi gjaldþrotaskiptum með nauðasamningi til skuldaaðlögunar eftir ákvæðum XXI. kafla laganna. Er þá miðað við að þrotamaður leggi fyrir skiptastjóra greiðsluáætlun í stað frumvarps að nauðasamningi. Skiptastjóri leitar síðan skuldaaðlögunar eins og umsjónarmaður hefði annars gert. Um þetta gilda reglur XXI. kafla laganna með þeim frávikum sem leiðir af ákvæðum frumvarpsins. Þarfnast þetta ekki frekari skýringa.

Um 2. gr.

Samkvæmt 3. tölul. 2. mgr. 65. gr. laganna geta árangurslausar tilraunir til að koma á nauðasamningi orðið grundvöllur fyrir kröfu lánardrottins um gjaldþrotaskipti á búi skuldara. Það leiðir af sjálfu sér að árangurslaus tilraun til að koma á nauðasamningi til skuldaaðlögunar hafi sömu réttaráhrif. Því er lögð til viðeigandi breyting á lagatilvísun í umræddu ákvæði laganna.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta, sem snýr að gildistöku laganna ef frumvarpið nær fram að ganga, þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991 (skuldaaðlögun).

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að inn í lög um gjaldþrotaskipti verði bætt úrræði sem ber heitið skuldaaðlögun. Reglur um greiðslustöðvun og nauðasamninga er að finna í lögum um gjaldþrotaskipti, en þessi réttarúrræði hafa það að markmiði að gera skuldara kleift að ráða bót á fjárhagsörðugleikum sínum til að forða því að bú hans verði tekið til gjaldþrotaskipta. Reynslan af þessu fyrirkomulagi er að þessi úrræði gagnist frekar þeim sem leggja stund á atvinnurekstur af einhverju tagi. Tilgangurinn með frumvarpinu er að gera einstaklingum sem ekki stunda atvinnurekstur og glíma við verulegan fjárhagsvanda kleift að endurskipuleggja fjármál sín. Í kjölfar bankahrunsins á liðnu hausti og þeirrar miklu efnahagslægðar sem því hefur fylgt með tilheyrandi greiðsluvanda fyrir stóran hóp fólks þykir nauðsynlegt að tryggja einstaklingum virkara úrræði til að endurskipuleggja fjármál sín en hingað til hefur verið mögulegt. Gert er ráð fyrir að skuldari geti að ákveðnum skilyrðum uppfylltum leitað nauðasamnings til skuldaaðlögunar. Almennar reglur nauðasamninga munu gilda um slíka skuldaaðlögun með nokkrum frávikum sem hafa það að markmiði að greiða sem best fyrir að raunhæft úrræði standi til boða fyrir þann hóp einstaklinga sem frumvarpinu er ætlað að þjóna. Þessi frávik eru í fyrsta lagi að skuldari þarf ekki að afla skriflegrar yfirlýsingar um

meðmæli lánardrottna enda ekki gert ráð fyrir að málið verði borið undir atkvæði þeirra eins og gildir um nauðasamninga. Þannig er meðferðin gerð auðveldari og einföld greiðsluáætlun komi í stað frumvarps að nauðasamningi. Í öðru lagi er ekki gert ráð fyrir að afstaða lánardrottna ráði því hvort skuldaaðlögun komist á eða ekki. Þess í stað er lagt til að dómskipaður umsjónarmaður taki rökstudda afstöðu til þess hvort hann mæli með því að skuldaaðlögun komist á fyrir skuldara. Meðmæli hans eru þá látin jafngilda því að frumvarp að nauðasamningi hafi verið samþykkt af lánardrottnum. Í þriðja lagi er lagt til að kostnaður við að koma á skuldaaðlögun falli að verulegu leyti á ríkissjóð. Þannig er gert ráð fyrir að þóknun umsjónarmanns verði greidd af ríkissjóði. Auk þess er veitt heimild fyrir dómsmálaráðherra til að ákveða með reglugerð að boðið verði upp á endurgjaldslausa aðstoð við að undirbúa beiðni um skuldaaðlögun.

Samkvæmt ákvæðum gjaldþrotaskiptalaga skal dómari skipa umsjónarmann með nauðasamningum og skal leggja fram tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar. Sú trygging er 250 þús. kr. og má gera ráð fyrir að vinna umsjónarmanns við skuldaaðlögun verði svipuð fjárhæð í hverju máli. Leitað hefur verið til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna að taka að sér aðstoð við gerð beiðna um skuldaaðlögun og fylgigagna og er gert ráð fyrir að sú aðstoð verði skuldaranum að kostnaðarlausu. Sá sem leitar eftir nauðasamningi til skuldaaðlögunar ætti sama rétt á réttaraðstoð ef ekki væri boðið upp á endurgjaldslausa aðstoð. Réttaraðstoð vegna nauðasamninga nemur í dag 439 þús. kr. á hvert mál. Gert er ráð fyrir því að einfaldara verði að undirbúa beiðni um heimild til skuldaaðlögunar heldur en almennt um nauðasamninga m.a. með notkun eyðublaða og upplýsinga í stöðluðu formi.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er nokkuð óljóst um kostnað fyrir ríkissjóð og ræðst það aðallega af fjölda þeirra mála sem til skuldaaðlögunar koma. Miðað við þær aðstæður sem nú eru í efnahagsmálum má búast við að talsvert mikil eftirspurn verði eftir slíku úrræði. Á árinu 2006 komu bú 130 einstaklinga til gjaldþrotaskipta, 150 á árinu 2007 og voru orðin 132 í lok september 2008. Ljóst er að nokkur aukning hefur verið á milli ára í gjaldþrotum einstaklinga og má búast við talsverðri aukningu áfram. Verði reyndin sú að stór hluti af fyrirsjáanlegri aukningu leiti eftir nauðasamningi til skuldaaðlögunar verður kostnaður umsjónarmanns um 250 þús. kr. í hverju máli. Þannig verður kostnaður ríkissjóðs á bilinu 25 til 50 m.kr. á ári verði málafjöldinn á bilinu 100 til 200. Viðbótarkostnaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna ræðst sömuleiðis af fjölda þeirra mála sem til stofunnar berast. Gert hefur verið ráð fyrir að ráða þurfi a.m.k. einn viðbótarstarfsmann og jafnvel allt að þrjá ef eftirspurn eftir þjónustunni verður mjög mikil. Kostnaðurinn gæti því orðið á bilinu 6 til 20 m.kr., en eftir því sem starfsmönnum fjölgar kemur m.a. til þörf á stærra húsnæði. Heildarkostnaður ríkissjóðs af samþykkt frumvarpsins er eins og áður segir nokkuð óljós en gæti verið á bilinu 30 til 70 m.kr. Frumvarpið gerir ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi en ekki er gert ráð fyrir þessari aukningu í útgjaldaramma í fjárlögum ársins 2009.

498. Frumvarp til laga [279. mál]

um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Flm.: Árni M. Mathiesen, Arnbjörg Sveinsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Árni Johnsen, Ásta Möller, Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Björk Guðjónsdóttir, Björn Bjarnason, Einar K. Guðfinnsson, Geir H. Haarde, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Herdís Þórðardóttir, Illugi Gunnarsson, Jón Gunnarsson, Kjartan Ólafsson, Kristján Þór Júlíusson, Ólöf Nordal, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Sturla Böðvarsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 11. og 12. gr. laganna er á tímabilinu frá 1. apríl 2009 til 31. desember 2010 vörsluaðila séreignarsparnaðar skv. 3.–5. mgr. 8. gr. heimilt að greiða út séreignarsparnað óski eigandi séreignarsparnaðar þess, skv. II. kafla, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í ákvæði þessu.

Skilyrði heimildar til tímabundinnar útgreiðslu séreignarsparnaðar skv. 1. mgr. er að útgreiðsla, að frádreginni greiðslu tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, renni beint, fyrir tilstilli viðkomandi vörsluaðila, til greiðslu skulda þess rétthafa sem óskar eftir útgreiðslu, sbr. 4. mgr.

Óski rétthafi séreignarsparnaðar eftir útgreiðslu skv. 1. mgr., að hluta eða að fullu, skal hann leggja fram umsókn þess efnis hjá viðkomandi vörsluaðila. Með umsókn skal fylgja staðfest yfirlit yfir skuldir rétthafa ásamt veðbókarvottorði.

Vörsluaðili séreignarsparnaðar fer yfir umsókn rétthafa skv. 3. mgr. og hefur umsjón með útgreiðslu á séreignarsparnaði hans. Við útgreiðslu séreignarsparnaðar skal vörsluaðili fylgja eftirfarandi forgangsröð við uppgreiðslu skulda rétthafa:

1. Lán tryggð með veði í íbúðarhúsnæði rétthafa.
2. Lán tryggð með veði í öðru en íbúðarhúsnæði rétthafa.
3. Aðrar skuldir rétthafa við lánastofnun eða lífeyrissjóð.

Vörsluaðila er heimilt að taka þóknun fyrir þá þjónustu sem kveðið er á um í ákvæði þessu og skal sú þóknun að hámarki standa undir þeim kostnaði sem til fellur hjá vörsluaðila við að veita umrædda þjónustu.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um fyrirkomulag tímabundinnar útgreiðslu séreignarsparnaðar samkvæmt þessu ákvæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. apríl 2009.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að bætt verði við lög nr. 129/1997 ákvæði til bráðabirgða sem heimilar útgreiðslu séreignarsparnaðar á tímabilinu 1. apríl 2009 til 31. desember 2010 til sérstakrar ráðstöfunar.

Með vísan til hinna efnahagslegu áfalla sem dunið hafa yfir íslenskt samfélag á síðustu vikum og mánuðum er með frumvarpinu þeim einstaklingum sem eru með séreignarsparnað, í skilningi II. kafla laganna, tímabundið gert kleift að nota þá fjármuni, sem að öðrum kosti væru bundnir til 60 ára aldurs, til að greiða niður lán sín eftir því sem kostur er. Sem kunnugt er hafa húsnæðislán, sem og önnur lán, hækkað verulega á síðustu mánuðum vegna verðbólgu og gengisfalls krónunnar og er með þeirri tímabundnu aðgerð sem frumvarpið kveður á um verið að veita einstaklingum ákveðinn möguleika á að bregðast við þeirri þróun og lækka greiðslubyrði lána sinna.

Með frumvarpinu er lagt til að þessi tímabundna útgreiðsla séreignarsparnaðar skv. II. kafla laganna verði í höndum vörsluaðila viðkomandi séreignarsparnaðar. Ekki er því um beina útgreiðslu í hendur rétthafa að ræða heldur millifærslu á fjármunum úr séreignarsparnaði til niðurgreiðslu skulda viðkomandi rétthafa, þ.e. til viðkomandi lánastofnunar eða lífeyrissjóðs. Er því í raun og veru um tilfærslu á sparnaðarformi að ræða.

Óski rétthafi eftir því að séreignarsparnaður hans sé að fullu eða hluta nýttur til að greiða niður skuldir hans gerir frumvarpið ráð fyrir að hann leggi fram umsókn þess efnis hjá þeim vörsluaðila sem heldur utan um séreignarsparnað hans. Með þeirri umsókn þurfa að fylgja gögn sem sýna skuldastöðu rétthafa, t.d. kvittanir fyrir afborgunum af lánum, sem og veðbókarvottorð. Eru það sömu gögn og lánþegi þarf að leggja fram þegar óskað er eftir láni hjá lífeyrissjóði.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að viðkomandi vörsluaðili fari yfir umsókn rétthafa og ráðstafi séreignarsparnaði rétthafa til niðurgreiðslu lána hans, þ.e. beint til viðkomandi lánastofnunar eða lífeyrissjóðs. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að við ráðstöfun vörsluaðila á séreignarsparnaðinum hafi húsnæðisveðskuldabréf forgang, því næst lán tryggð með veði í öðru en íbúðarhúsnæði og að lokum aðrar skuldir við lánastofnun eða lífeyrissjóð.

Áréttað er í frumvarpinu að líta ber á hina tímabundnu útgreiðslu séreignarsparnaðar sem skattskyldar tekjur í hendi rétthafa og ber honum því að greiða tekjuskatt af útgreiðslunni, sbr. lög nr. 90/2003, um tekjuskatt. Fyrirséð er að í framkvæmd muni vörsluaðilinn halda staðgreiðslu tekjuskatts eftir við útgreiðslu og standa skil á henni í ríkissjóð.

Gera má ráð fyrir einhverjum umsýslukostnaði hjá vörsluaðila vegna þeirrar þjónustu við rétthafa sem frumvarpið kveður á um og er í frumvarpinu lagt til að vörsluaðili geti innheimt umsýslugjald vegna þess kostnaðar.

Að lokum gerir frumvarpið ráð fyrir að fjármálaráðherra geti með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd og fyrirkomulag þeirrar tímabundnu útgreiðslu séreignarsparnaðar sem frumvarpið kveður á um.

499. Svar [202. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóns Magnússonar um opinber gjöld banka, stöðugildi og launagreiðslur.

1. *Hversu mikil opinber gjöld greiddi Landsbanki Íslands til ríkissjóðs og annarra opinberra aðila frá því að ríkið seldi hlut sinn í bankanum og þangað til lög um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008, tóku gildi?*

2. *Hversu mikil opinber gjöld greiddi Kaupþing banki frá því að ríkið seldi hlut sinn í Búnaðarbankanum og þangað til lög nr. 125/2008 tóku gildi?*
3. *Hversu mikil opinber gjöld greiddi Glitnir banki, áður Íslandsbanki, frá árinu 2002 og þangað til fyrrnefnd lög tóku gildi?*

Eftirfarandi yfirlit sýnir skatta og gjöld sem lögð voru á Landsbanka Íslands hf., kt. 540291-2259, Kaupþing banka hf., kt. 560882-0419 og Íslandsbanka hf., kt. 550500-3530, síðar Glitnir, við álagningu opinberra gjalda árin 2002–2008. Í fjárhæðum vegna ársins 2008 eru tveir bankar með áætlaða skattstofna og hefur ekki verið úrskurðað í málum þeirra. Ekki er um sundurliðun eftir lögaðilum að ræða þar sem skattyfirvöldum ber að gæta fyllsta trúnaðar við meðferð á upplýsingum sem unnar eru úr framtölum lögaðila sbr. 117. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Upplýsingar þessar, sem fengnar eru hjá embætti ríkisskattstjóra, byggjast á álagningarseðlum lögaðila og miðast þær við stöðu álagningar í lok október ár hvert.

Álagningarár	Tekjuskattur	Tryggingagjald	Eignarskattar
2002	1.162.273.751	411.798.975	24.580.126
2003	1.468.566.061	484.916.375	15.398.936
2004	1.165.989.226	782.338.069	21.013.035
2005	4.047.273.725	948.879.963	-
2006	11.097.185.610	1.300.549.094	-
2007	11.337.790.256	1.552.201.843	-
2008	13.558.879.077	2.074.488.768	-

4. *Hversu mörg stöðugildi voru í Landsbanka, Glitni og Kaupþingi árið 2002 og hver var þróunin til þess tíma að lög nr. 125/2008 tóku gildi?*

Eftirfarandi yfirlit um stöðugildi Landsbanka, Glitnis og Kaupþings (móðurfélaga) í árslok áranna 2002–2007 byggist á upplýsingum sem fengnar eru úr skýrslum Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga fjármálafyrirtækja. Skýrslurnar eru aðgengilegar á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is, utan skýrslu fyrir árið 2006.

Ár	Glitnir/ Íslandsbanki	Landsbanki	Kaupþing/ Búnaðarbanki	Samtals
2002	779	907	886	2.572
2003	797	918	832	2.547
2004	931	1.030	922	2.883
2005	957	1.118	938	3.013
2006	1.033	1.233	1.014	3.280
2007	1.292	1.417	1.129	3.838

5. *Hverjar voru heildarlaunagreiðslur Landsbanka, Glitnis og Kaupþings frá árinu 2002 og fram til gildistöku laga nr. 125/2008 og hvernig þróuðust þær, sundurliðað eftir árum?*

Eftirfarandi yfirlit um laun og launatengd gjöld Landsbanka, Glitnis og Kaupþings (móðurfélaga) á rekstrarárunum 2002–2007 byggist á upplýsingum sem fengnar eru úr skýrslum Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga fjármálafyrirtækja og upplýsingum frá árs-

reikningaskrá embættis ríkisskattstjóra. Skýrslur Fjármálaeftirlitsins eru aðgengilegar á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is, utan skýrslna fyrir árin 2006 og 2007. Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Ár	Glitnir/ Íslandsbanki	Landsbanki	Kaupþing/ Búnaðarbanki	Samtals
2002	4.111.887	4.002.904	4.661.060	12.775.851
2003	4.967.945	4.990.934	5.099.000	15.057.879
2004	6.693.636	6.706.240	5.798.000	19.197.876
2005	7.198.322	9.460.384	7.682.834	24.341.540
2006	10.280.000	13.566.878	8.464.385	32.311.263
2007	15.557.333	20.320.523	11.408.101	47.285.957

500. Svar [121. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Kjartans Ólafssonar um íbúðabyggingar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörgum lóðum hafa sveitarfélögin úthlutað undir íbúðir árin 2004–2008?*
2. *Hversu margar íbúðir hafa verið fullgerðar sömu ár?*
3. *Hversu margar af þessum íbúðum eru tilbúnar en ekki í notkun?*

Svar óskast sundurliðað eftir árum og sveitarfélögum.

Þar sem enginn opinber aðili hefur það hlutverk samkvæmt lögum að safna upplýsingum um fjölda lóðaúthlutana sveitarfélaga var leitað til sveitarfélaganna eftir svörum. Þeim var öllum sent bréf dags. 18. nóvember 2008, þeim kynnt fyrirspurnin og leitað upplýsinga. Við gagnasöfnun og úrvinnslu var lögð áhersla á að afla upplýsinga um fjölda íbúða sem hafa verið byggðar á lóðum sem sveitarfélögin hafa úthlutað á umræddu tímabili. Í bréfi til sveitarfélaganna var lögð áhersla á þetta sjónarmið. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar svör við 1. tölulið fyrirspurnarinnar eru metin.

Vegna frétta um að einstaklingar og lögaðilar skili inn lóðum sem þeim hefur verið úthlutað ákvað ráðuneytið að nota tækifærið og afla upplýsinga um stöðu mála hvað varðar skil á lóðum og fór fram á að fá einnig upplýsingar um fjölda lóða sem hefur verið skilað frá árinu 2006 til 1. nóvember 2008, sundurliðað eftir árum.

Sveitarfélögin fengu frest til 28. nóvember 2008, þ.e. tæpar tvær vikur til að taka saman gögnin. Aðeins 37 sveitarfélög af 78 svöruðu erindi ráðuneytisins. Ráðuneytið harmar mjög að viðbrögð sveitarfélaga við fyrirspurninni voru ekki sem skyldi þrátt fyrir ítrekanir, m.a. bárust ekki svör frá einu af stærstu sveitarfélögum landsins. Auk upplýsinga frá sveitarfélögum eru til samanburðar birtar tölur frá Fasteignamati ríkisins.

Af þessum 37 sveitarfélögum eru átta sem gefa upp að ekki einni einustu lóð hafi verið úthlutað á þessu tímabili. Þetta eru nokkur af fámennustu sveitarfélögum landsins, Árneshreppur, Bæjarhreppur, Skagabyggð, Arnarneshreppur, Tjörneshreppur og Breiðdalshreppur, en einnig stærri sveitarfélög eins og Vesturbyggð og Bolungarvík.

Þrjú af sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. Garðabær, Mosfellsbær og Álftanes, taka fram í sínum svörum að sveitarfélögin úthluti ekki lóðum nema í mjög takmörkuðum mæli, framkvæmdir séu á vegum einkaaðila.

– Í svari Garðabæjar kemur fram að bærinn hafi aðeins úthlutað 92 lóðum árið 2007. Aftur á móti er samkvæmt skipulagi gert ráð fyrir um 1.582 íbúðareiningum í hverfum sem eru í uppbyggingu á þessu tímabili, svo sem í Urriðaholti, Akrahverfi og í Sjálandshverfi. Einkaaðilar byggja og ráðstafa íbúðum og lóðum. Byggingarfulltrúi Garðabæjar áætlar að hafnar séu framkvæmdir við 70%–75% íbúðaeininga í Akrahverfi og í Sjálandshverfi (u.þ.b. 870 íbúðareiningar) en í Urriðaholti hafi aðeins fáum lóðum verið úthlutað.
– Í svari Sveitarfélagsins Álftaness er gerð grein fyrir fjölda íbúðareininga samkvæmt deiliskipulagi ársins 2004 eða 32 og aftur 2008 en þar er gert ráð fyrir 307 íbúðareiningum. Ekkert er sagt um úthlutanir.
– Í svari Mosfellsbæjar kemur fram að bærinn hafi síðast úthlutað lóðum undir 240 íbúðir árið 2005. Þá er tekið fram að bærinn sé ekki aðili að lóðaúthlutunum í þeim tveimur bæjarhverfum sem eru í uppbyggingu, þ.e. Leirvogstungum og Helgafelli.
– Í svari bæjarstjóra Seltjarnarness kemur fram að þar sé lóðaúthlutun í höndum einkaaðila. Samkvæmt þeim upplýsingum sem hann hefur hafa 10 íbúðir verið fullgerðar og engri lóð skilað.

Svör þeirra sveitafélaga sem brugðust við erindi ráðuneytisins koma fram í töflu 1. Í bréfinu var tekið fram að óskað væri upplýsinga um fjölda íbúða ekki lóða. Í einstaka svörum er ekki greint nægjanlega vel þarna á milli.

Tafla 1. Úthlutaðar lóðir/íbúðir, eftir árum.

Ár/Sveitarfélag	2004	2005	2006	2007	2008	Samtals
Reykjavík	428	606	611	856	178	2.679
Hafnarfjarðarbær	1.306	766	443	4	135	2.654
Reykjanesbær	208	307	886	190	85	1.676
Sandgerðisbær	23	23	35	30	13	124
Sveitarfélagið Garður	37	62	32	9	45	185
Akraneskaupstaður	103	29	107	271	0	510
Hvalfjarðarsveit					2	2
Borgarbyggð	65	252	20	68	23	428
Grundarfjarðarbær	11	10	4			25
Snæfellsbær	3	16	28	12	3	62
Stykkishólmsbær	26	21	7	18	2	74
Ísafjarðarbær	7	6	31			44
Reykhólahreppur	3		1			4
Sveitarfélagið Skagafjörður	30	37	23	27	4	121
Akureyrarkaupstaður	446	769	83	107	73	1.478
Norðurþing	5	24	43	21	29	122
Hörgárbyggð	2	14				16
Grýtubakkahreppur	1			1		2
Skútustaðahreppur	4					4
Þingeyjarsveit	5	3	3			11
Fljótsdalshérað	157	63	28	12	2	263

Ár/Sveitarfélag	2004	2005	2006	2007	2008	Samtals
Fjarðabyggð	104	198	24	30	3	359
Grímsnes- og Grafningshreppur	3	22	21	5	1	52
Flóahreppur			2	1		2
Vestmannaeyjar[1]						24
Samtals	**2.997**	**3.228**	**2.432**	**1.662**	**598**	**10.920**

[1] Hér var aðeins gefinn upp heildarfjöldi úthlutana á tímabilinu.

Leitað var til Fasteignamats ríkisins eftir upplýsingum um hversu mörgum lóðum sveitarfélögin úthlutuðu undir íbúðir árin 2004–2008, þ.e. 1. tölulið fyrirspurnarinnar. Fasteignamat ríkisins safnar saman upplýsingum um fjölda íbúða eftir sveitarfélögum og miðar gagnasöfnun sína við að íbúðir séu fokheldar og að tilkynning hafi borist frá byggingarfulltrúa viðkomandi sveitarfélags.

Sem svar við spurningunni taldi Fasteignamat ríkisins allar íbúðarlóðir sem ekki voru á fasteignaskrá 31. desember 2003 en skráðar þar 12. desember 2008. Þær reyndust vera alls 8.282. Athygli er vakin á því að hér eru allar lóðir taldar án tillits til þess hvort um er að ræða úthlutun úr nýskipulögðum svæðum eða uppskipti eldra lands. Sundurgreindar upplýsingar eftir sveitarfélögum fengnar úr gögnum Fasteignamats ríkisins eru í fylgiskjali.

Svör við 2. tölulið fyrirspurnarinnar um hversu margar íbúðir voru fullgerðar á þessum árum eru ófullnægjandi og ekki hægt að draga saman í eina töflu. Ýmist hafa sveitarfélögin ekki yfirlit yfir stöðu framkvæmdanna eða þau svara þessum hluta erindisins ekki.

Hagstofa Íslands birtir bæði upplýsingar um fjölda fullgerðra íbúða á öllu landinu og hversu margar eru í byggingu 31. desember hvers árs. Tafla hér á eftir er unnin úr upplýsingum Hagstofu Íslands um byggingarstarfsemi á landinu. Skiptingin er sem hér segir eftir árum:

Tafla 2. Fullgerðar íbúðir á landinu öllu.

Ár	Í byggingu 31. desember, fjöldi íbúða	Fullgert á árinu, fjöldi íbúða
2004	3.405	2.355
2005	4.692	3.106
2006	5.144	3.294
2007	6.246	3.348
Samtals	**19.487**	**12.103**

Ef þessar tölur eru bornar saman við sambærilegar tölur fyrir tímabilið 2000–2004, sbr. skriflegt svar við sambærilegri fyrirspurn frá 132. löggjafarþingi (þskj. 633, 305. mál), sést að fullgerðum íbúðum hefur fjölgað umtalsvert en þær voru á þessum árum samtals 9.775. Hafa verður í huga að árið 2004 er með í báðum niðurstöðutölunum.

Fasteignamat ríkisins svaraði þessari spurningu með því að telja íbúðir sem eru skráðar fullgerðar eða teknar í notkun 19. desember 2008 en voru ekki skráðar fullgerðar eða teknar í notkun 31. desember 2003. Aðeins voru teknar með íbúðir þar sem fokheldisár var skráð 2002 eða síðar. Alls reyndust þetta vera 13.404 íbúðir á 3.883 lóðum. Sundurliðuð tafla eftir sveitarfélögum er í fylgiskjali.

Embætti byggingarfulltrúa í Reykjavík gerir árlegt yfirlit um fullgerðar íbúðir og fjölda íbúða í smíðum.

Tafla 3. Fullgerðar íbúðir og íbúðir í smíðum í Reykjavík 2003–2007.

Ár	Hafin smíði	Fullgerð	Fokheld	Ekki fokheld
2007	419	573	338	655
2006	670	700	346	603
2005	1.257	782	268	711
2004	885	671	577	483
2003	735	872	341	515

Svör við 3. tölulið um hversu margar íbúðir eru tilbúnar eða ekki í notkun eru líka mjög ófullkomin og kemur t.d. fram í svari Reykjavíkurborgar að ekki sé gert ráð fyrir því í reglugerðum eða lögum að slík skráning sé hluti af verkefnum embættis byggingarfulltrúa.

Nokkur sveitarfélög reyna að áætla fjölda auðra íbúða og gera grein fyrir stöðunni með almennum orðum.

- Hafnarfjarðarbær vísar til í upplýsinga frá fasteignasölum og telur að um 500–600 íbúðir standi auðar í Hafnarfirði.
- Á Álftanesi er ekki vitað til þess að nein íbúð standi auð.
- Reykjanesbær áætlar að um 100 íbúðir standi auðar.
- Í Garðinum standa 15 fullgerðar íbúðir auðar.
- Í Sandgerði stendur ein fullgerð íbúð auð.
- Akraneskaupstaður áætlar að á svæðinu standi auðar 22 fullgerðar íbúðir.
- Í Hvalfjarðarsveit standa fjórar fullgerðar íbúðir auðar.
- Í Borgarbyggð eru 23 auðar fullgerðar íbúðir.
- Í Þingeyjarsveit standa tvær fullbúnar íbúðir auðar.
- Í Grímsnes- og Grafningshreppi standa tvær fullgerðar íbúðir auðar.

Önnur sveitarfélög annaðhvort svara ekki þessum hluta fyrirspurnarinnar eða upplýsa að ekki sé vitað um neinar fullgerðar tómar íbúðir. Í svari skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings kemur fram að verktakar hafi hægt á sér og bíði með frekari uppbyggingu fokheldra íbúða (áttaíbúða fjölbýlishús og einbýli).

Í kjölfar gerbreyttrar stöðu í efnahagsmálum þjóðarinnar hafa sveitarfélög staðið frammi fyrir þeirri staðreynd að umtalsverðum fjölda úthlutaðra lóða hefur verið skilað inn og óskað endurgreiðslu gatnagerðargjalda. Hversu umfangsmikil þessi skil eru er ekki vitað en á þeim svörum sem bárust samgönguráðuneytinu má sjá að þetta kemur við sveitarfélög alls staðar á landinu. Umfangið er að sjálfsögðu mismikið.

Tafla 4. Lóðum skilað.

Sveitarfélag	2004	2005	2006	2007	2008	Samtals
Reykjavík			69	16	304	389
Hafnarfjörður	3	16	42		140	201
Garðabær					14	14
Sandgerðisbær					10	10
Sveitarfélagið Garður					40	40
Akraneskaupstaður			2	14	183	199
Hvalfjarðarsveit					2	2

Borgarbyggð	5	6	7	31	23	72
Grundarfjarðarbær					4	4
Snæfellsbær			2			2
Stykkishólmsbær		2	5	4	4	15
Ísafjarðarbær					1	1
Sveitarfélagið Skagafjörður					5	5
Akureyrarbær	123	155	28	48	4	358
Norðurþing	3	8	32	4	1	48
Grímsnes- og Grafningshreppur				10	8	18
Vestmannaeyjar[1]						13
Samtals	**134**	**187**	**197**	**129**	**743**	**1.403**

[1] Aðeins gefin upp skil á lóðum allt tímabilið.

Fylgiskjal.

Upplýsingar frá Fasteignamati ríkisins.

Hversu mörgum lóðum hafa sveitarfélögin úthlutað undir íbúðir árin 2004–2008?

Til að leita svara við þessari spurningu eru allar íbúðarlóðir taldar, sem ekki voru í fasteignaskrá 31. desember 2003. Þær reyndust vera alls 8.282 hinn 19. desember 2008. Athygli er vakin á því að hér eru allar lóðir taldar án tillits til þess hvort um er að ræða úthlutun úr nýskipulögðum svæðum eða uppskipti eldra lands.

	Sveitarfélag	**Fjöldi lóða**
	Reykjavík	478
1000	Kópavogur	619
1100	Seltjarnarnes	4
1300	Garðabær	294
1400	Hafnarfjörður	795
1603	Álftanes	118
1604	Mosfellsbær	804
1606	Kjósarhreppur	40
2000	Reykjanesbær	764
2300	Grindavík	211
2503	Sandgerði	161
2504	Garður	264
2506	Vogar	48
3000	Akranes	274
3506	Skorradalshreppur	4
3511	Hvalfjarðarsveit	58
3609	Borgarbyggð	145
3709	Grundarfjarðarbær	19
3710	Helgafellssveit	6
3711	Stykkishólmur	60
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	8

	Sveitarfélag	Fjöldi lóða
3714	Snæfellsbær	60
3811	Dalabyggð	27
4200	Ísafjarðarbær	44
4502	Reykhólahreppur	21
4604	Tálknafjarðarhreppur	3
4607	Vesturbyggð	7
4803	Súðavíkurhreppur	1
4901	Árneshreppur	1
4902	Kaldrananeshreppur	2
4908	Bæjarhreppur	4
4911	Strandabyggð	15
5200	Skagafjörður	94
5508	Húnaþing vestra	43
5604	Blönduós	4
5611	Skagabyggð	5
5612	Húnavatnshreppur	4
5706	Akrahreppur	11
6000	Akureyri	207
6100	Norðurþing	42
6250	Fjallabyggð	5
6400	Dalvíkurbyggð	71
6501	Grímseyjarhreppur	5
6506	Arnarneshreppur	3
6513	Eyjafjarðarsveit	107
6514	Hörgárbyggð	23
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	43
6602	Grýtubakkahreppur	8
6607	Skútustaðahreppur	19
6609	Aðaldælahreppur	13
6611	Tjörneshreppur	4
6612	Þingeyjarsveit	37
6709	Langanesbyggð	3
7000	Seyðisfjörður	4
7300	Fjarðabyggð	282
7502	Vopnafjarðarhreppur	5
7505	Fljótsdalshreppur	1
7509	Borgarfjarðarhreppur	2
7613	Breiðdalshreppur	5
7617	Djúpavogshreppur	3
7620	Fljótsdalshérað	273
7708	Hornafjörður	17
8000	Vestmannaeyjar	13
8200	Sveitarfélagið Árborg	716
8508	Mýrdalshreppur	19
8509	Skaftárhreppur	8

	Sveitarfélag	Fjöldi lóða
8610	Ásahreppur	27
8613	Rangárþing eystra	64
8614	Rangárþing ytra	110
8710	Hrunamannahreppur	52
8716	Hveragerði	125
8717	Ölfus	165
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	91
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	41
8721	Bláskógabyggð	91
8722	Flóahreppur	58
	Samtals	**8.282**

Hversu margar íbúðir hafa verið fullgerðar sömu ár?

Til að leita svara við þessari spurningu voru taldar íbúðir sem eru skráðar fullgerðar eða teknar í notkun 19. desember 2008, en voru ekki skráðar fullgerðar eða teknar í notkun 31. desember 2003. Aðeins voru valdar íbúðir þar sem fokheldisár var skráð 2002 eða síðar. Íbúðirnar reyndust vera 13.404 á 3.883 lóðum.

Fullgerðar íbúðir 2004–2008, flokkaðar niður á sveitarfélög.

	Sveitarfélag	Fjöldi íbúða
000	Reykjavík	3.145
1000	Kópavogur	1.851
1100	Seltjarnarnes	1
1300	Garðabær	810
1400	Hafnarfjörður	1.784
1603	Álftanes	179
1604	Mosfellsbær	496
1606	Kjósarhreppur	14
2000	Reykjanesbær	803
2300	Grindavík	167
2503	Sandgerði	101
2504	Garður	128
2506	Vogar	113
3000	Akranes	362
3506	Skorradalshreppur	4
3511	Hvalfjarðarsveit	28
3609	Borgarbyggð	285
3709	Grundarfjarðarbær	18
3710	Helgafellssveit	5
3711	Stykkishólmur	43
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	1
3714	Snæfellsbær	40
3811	Dalabyggð	19
4100	Bolungarvík	1
4200	Ísafjarðarbær	15

	Sveitarfélag	Fjöldi íbúða
4502	Reykhólahreppur	5
4803	Súðavíkurhreppur	2
4911	Strandabyggð	3
5200	Skagafjörður	141
5508	Húnaþing vestra	9
5604	Blönduós	5
5609	Skagaströnd	1
5611	Skagabyggð	2
5612	Húnavatnshreppur	2
5706	Akrahreppur	2
6000	Akureyri	882
6100	Norðurþing	10
6250	Fjallabyggð	3
6400	Dalvíkurbyggð	24
6501	Grímseyjarhreppur	2
6506	Arnarneshreppur	1
6513	Eyjafjarðarsveit	35
6514	Hörgárbyggð	11
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	14
6602	Grýtubakkahreppur	2
6607	Skútustaðahreppur	7
6609	Aðaldælahreppur	3
6612	Þingeyjarsveit	16
6709	Langanesbyggð	1
7000	Seyðisfjörður	1
7300	Fjarðabyggð	318
7505	Fljótsdalshreppur	2
7617	Djúpavogshreppur	1
7620	Fljótsdalshérað	309
7708	Hornafjörður	8
8000	Vestmannaeyjar	7
8200	Sveitarfélagið Árborg	547
8508	Mýrdalshreppur	11
8509	Skaftárhreppur	5
8610	Ásahreppur	11
8613	Rangárþing eystra	56
8614	Rangárþing ytra	78
8710	Hrunamannahreppur	28
8716	Hveragerði	190
8717	Ölfus	82
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	32
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	26
8721	Bláskógabyggð	64
8722	Flóahreppur	32
	Samtals	**13.404**

501. Svar [242. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um fjárheimild til nýrrar sjúkratryggingastofnunar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig skiptist 45,3 millj. kr. fjárheimild í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2008, 1.01 Umsýsla sjúkratrygginga, milli eftirfarandi liða sem þar eru raktir:

a. undirbúningskostnaður,
b. þóknun nýrrar stjórnar sem skipuð var í febrúar 2008,
c. laun starfandi stjórnarformanns og forstjóra,
d. laun annarra starfsmanna sjúkratryggingastofnunar frá 1. október sl.,
e. kostnaður við námsferðir til útlanda og þjónustu ráðningarstofa?

Áætlaður kostnaður, sem beiðni um fjárheimild í frumvarpi til fjáraukalaga byggist á, sundurliðast með eftirfarandi hætti:

a. Undirbúningskostnaður.

Var áætlaður 20,4 millj. kr. Þar vegur þyngst launakostnaður og annar kostnaður tengdur sérstökum ráðgjafa sem ráðinn var til að undirbúa stofnun nýrrar sjúkratryggingastofnunar.

b. Þóknun nýrrar stjórnar sem skipuð var í febrúar 2008.

Áætlaður kostnaður vegna stjórnarlauna var 7,7 millj. kr., þar með talinn kostnaður vegna launa formanns stjórnar.

c. Laun starfandi stjórnarformanns og forstjóra.

Launagjöld forstjóra voru áætluð 3,1 millj. kr. og var þá gert ráð fyrir að forstjóri starfaði í þrjá mánuði (október–desember 2008). Laun starfandi stjórnarformanns til viðbótar við stjórnarlaun hans voru áætluð 1,1 millj. kr. og var gert ráð fyrir að hann starfaði í fjóra mánuði (júní– september 2008).

d. Laun annarra starfsmanna sjúkratryggingastofnunar frá 1. október sl.

Launagjöld voru áætluð 5,5 millj. kr., þ.e. laun fjögurra starfsmanna í tvo mánuði.

e. Kostnaður við námsferðir til útlanda og þjónustu ráðningarstofa.

Ferðakostnaður vegna kynnisferða þriggja ráðgjafa til Svíþjóðar og Bretlands var áætlaður 0,9 millj. kr.

Áætlaður kostnaður vegna aðstoðar ráðningarstofu var 2,3 millj. kr., þar með talinn kostnaður vegna auglýsinga.

502. Svar [263. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um tjón af Suðurlandsskjálfta í maí sl.

1. *Hvert varð heildartjón í Suðurlandsskjálfta í maímánuði sl. á lausafé, á mannvirkjum og samtals?*

Aflað var upplýsinga frá Viðlagatryggingu Íslands og byggjast eftirfarandi svör á þeim upplýsingum miðað við 22. janúar 2009.

Viðlagatrygging Íslands hefur alls greitt 4.765.081.911 kr. vegna Suðurlandsskjálfta í maí 2008. Þar af var tjón á lausafé 975.506.895 kr. og tjón á mannvirkjum 3.789.575.016 kr. Auk þessa hafa tjónþolar borið sjálfsábyrgð vegna tjóna, sbr. svar við 5. tölul. fyrirspurnarinnar.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um annað tjón.

2. *Hve mörg tjón hafa verið tilkynnt samtals og sundurliðað í lausafé og mannvirki?*

Alls hafa borist tilkynningar um 5.723 tjónstilvik. Þar af hefur verið tilkynnt um tjón á lausafé í 2.451 tilvikum og 3.272 tikynningar um tjón á mannvirkjum.

3. *Hver var meðalfjárhæð tjóna á lausafé, á mannvirkjum og samtals?*

Meðalfjárhæð tjóna á lausafé var 398.004 kr. Meðalfjárhæð tjóna á mannvirkjum var 2.093.688 kr.

4. *Hve hárri fjárhæð nemur heildargreiðsla Viðlagatryggingar Íslands vegna tjóna á lausafé, á mannvirkjum og samtals?*

Viðlagatrygging Íslands hefur samtals greitt 4.765.081.911 kr. vegna Suðurlandsskjálftans í maí 2008. Þar af voru 975.506.895 kr. vegna lausafjár og 3.789.575.016 kr. vegna mannvirkja.

5. *Hve há fjárhæð fellur á tjónþola vegna tjóna á lausafé, á mannvirkjum og samtals og hver er meðalfjárhæðin í hverju tilviki?*

Heildarfjárhæð sem fellur á tjónþola vegna tjóns á lausafé er 56.000.000 kr. Meðal eigin áhætta vegna tjóns á lausafé er 22.848 kr.

Heildarfjárhæð sem fellur á tjónþola vegna tjóns á mannvirkjum er um 228.000.000 kr. Meðal eigin áhætta vegna tjóns á mannvirkjum er 125.967 kr.

6. *Hve há er fjárhæðin sem Viðlagatrygging Íslands greiðir í auknar tjónabætur vegna lækkunar á sjálfsábyrgð lausafjár úr 85.000 kr. í 20.000 kr. sem ákveðin var með bráðabirgðalögunum 7. júní 2008, hve mörg eru tjónin og hver er meðalfjárhæðin í hverju tjóni sem bráðabirgðalögin ná til?*

Auknar tjónabætur Viðlagatryggingar Íslands vegna lækkunar á sjálfsábyrgð á grundvelli breytingar á lögum um Viðlagatryggingu Íslands sem gerð var með bráðabirgðarlögum nr. 62/2008, sem staðfest voru með lögum nr. 119/2008, nema um 28.000.000 kr. Fjöldi tjóna var 629 og meðal eigin áhætta 45.000 kr.

7. *Hve mörg tjón eru óuppgerð og hvað er áætlað að þau nemi hárri fjárhæð samtals og sundurliðað eftir lausafé og mannvirkjum?*

Fáein lausafjártjón eru enn óuppgerð og er áætluð bótafjárhæð vegna þeirra 1–3 millj. kr.

Fjöldi óuppgerðra tjóna á mannvirkjum er 1.462 og áætlaðar tjónabætur vegna þeirra 1.500.000.000 kr.

503. Svar [227. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um tvö bréf ráðherrans til breska fjármálaráðuneytisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hljóða bréf ráðherrans sem send voru breska fjármálaráðuneytinu annars vegar um miðjan ágúst og hins vegar 5. október sl.?

Bréf það sem sent var úr viðskiptaráðuneytinu til Clive Maxwell í HM Treasury 20. ágúst 2008 hljóðar svo:

„Reference is made to our discussions on July 31 and your letter of August 7 2008 where you raised a number of questions concerning the Icelandic Depositors' and Investors' Guarantee Fund. Also, we refer to our email of August 14, with our comments on these issues, excluding questions 2 and 5. In the following, we address these two remaining questions.

In the, in our view unlikely, event that the Board of Directors of the Depositors' and Investors' Guarantee Fund could not raise necessary funds on the financial markets, we would assure you that the Icelandic Government would do everything that any responsible government would do in such a situation, including assisting the Fund in raising the necessary funds, so that the Fund would be able to meet the minimum compensation limits.

Furthermore, we would like to point out that the Act on the Depositors' and Investors' Guarantee Fund was passed in 1998, as a measure to implement directive 94/19/EC on the same issue. The act is currently under review by the Ministry of Business Affairs, in light of the development in the financial sector in the last few years. Funding and procedures are among the issues that are being examined. The current plan is to present a bill of law to this extent in the Parliamentary session that begins in October.

It should be pointed out that a situation may arise where a financial institution with a sound capital ratio faces liquidity problems due to depositors suddenly and on a large scale withdrawing their funds for some reason. In such a case, the Central Bank of Iceland as a lender of last resort may provide liquidity assistance. The Icelandic Government would support the Central Bank in doing so. Under such circumstances the matter would never become an issue for the Depositors' and Investors' Guarantee Fund.

We would like to underline that the Government is fully aware of its obligations under the EEA-agreement in relation to the Depositors' and Investors' Guarantee Fund and will fulfil those obligations."

Bréf það sem sent var úr viðskiptaráðuneytinu til Clive Maxwell í HM Treasury 5. október 2008 hljóðar svo:

„Reference is made to the discussions you have had with the Ministry this weekend.

If needed the Icelandic Government will support the Depositors' and Investors' Guarantee Fund in raising the necessary funds, so that the Fund would be able to meet the minimum compensation limits in the event of a failure of Landsbanki and its UK branch."

504. Svar [214. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um stöðu bankamála og Icesave-ábyrgðir.

1. *Hafði ráðherra, fyrir yfirtöku íslenska ríkisins á Landsbanka Íslands, vitneskju um tilboð breska fjármálaeftirlitsins (FSA) um að gegn 200 milljóna punda fyrirgreiðslu væri FSA tilbúið að færa reikninga Icesave yfir í breska lögsögu?*

   Nei.

2. *Var forstjóri Fjármálaeftirlitsins í símasambandi við FSA sunnudaginn 5. október sl.?*

   Samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu var stofnunin í símasambandi við FSA sunnudaginn 5. október 2008.

3. *Hafði Fjármálaeftirlitið, eða forstjóri þess, fyrir yfirtöku íslenska ríkisins á Landsbanka Íslands, vitneskju um framangreint tilboð FSA, sbr. 1. tölul.?*

   Leitað hefur verið eftir afstöðu Fjármálaeftirlitsins vegna spurningarinnar. Í svari stofnunarinnar kemur fram að Fjármálaeftirlitið geti ekki tjáð sig opinberlega um efni samskipta við aðra eftirlitsaðila þar sem það er bundið trúnaði um slíkt, sbr. ákvæði 13. og 14. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. ákvæði 44. og 45. gr. bankatilskipunarinnar, nr. 48/2006/EB.

4. *Í hvað telur ráðherra að sé vísað hér í símtali fjármálaráðherra við Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta: Darling: „Ég tek því þá sem svo að loforðið sem Landsbankinn gaf okkur um að hann fengi 200 milljónir punda í reiðufé sé einnig fyrir bí?" Ráðherra: „Já þeir fengu ekki það fé."? Telur ráðherra að þessi tilvísun tengist Icesave-ábyrgðunum?*

   Viðskiptaráðherra var ekki aðili að samtalinu og getur því ekki lagt mat á það hvað átt var við. Ekkert bendir til þess að vísað sé til orða sem féllu á fundi ráðherra með Alistair Darling 2. september sl.

5. *Upplýsti ráðherra ríkisstjórnina um umræður og niðurstöður fundar síns með Alistair Darling sem haldinn var þann 2. september og fjallaði um stöðu bankamála og ábyrgðir vegna Icesave-reikninga?*

   Já.

6. *Hafði ráðherra samráð við fjármálaráðherra til undirbúnings símtali þess síðarnefnda við Alistair Darling hinn 7. október?*

   Nei.

7. *Ræddi ráðherra við fjármálaráðherra um að eðlilegra væri að hann en ekki fjármálaráðherra ætti símtal við Alistair Darling um stöðu bankamála þann 7. október, í ljósi þess að hann en ekki fjármálaráðherra átti fund með Darling 2. september vegna bankamálanna og Icesave-ábyrgðanna?*

Nei.

8. *Telur ráðherra að eðlilegt samráð hafi verið milli sín, forsætisráðherra og fjármálaráðherra dagana í kringum ákvörðun Breta um að beita svokölluðum hryðjuverkalögum á Íslendinga?*

Já.

505. Svar [188. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar um aðgerðir til stuðnings sparisjóðum.

1. *Hver er staða sparisjóðanna nú og hvað hefur ríkisstjórnin gert eða hyggst gera til að tryggja stöðu þeirra og framtíð?*
2. *Hver er staða Sparisjóðabankans og til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa, m.a. varðandi framtíðarstöðu og hlutverk hans fyrir sparisjóðina?*
4. *Hvernig ber með hliðsjón af stöðu sparisjóðanna að túlka þá yfirlýsingu að hið opinbera muni ekki taka á sig frekari skuldbindingar vegna bankakreppunnar, sbr. 16. lið viljayfirlýsingar um áform íslenskra stjórnvalda vegna fjárhagslegrar fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum?*
5. *Hvernig hyggst ríkisstjórnin beita heimild til að leggja sparisjóðum til fjárhæð sem nemur allt að 20% af bókfærðu eigin fé, sbr. lög nr. 125/2008?*

Rétt er að taka fram að upplýsingar um stöðu sparisjóðanna nú liggja ekki fyrir. Nýjustu upplýsingarnar sem eru fyrir hendi eru uppgjör þeirra frá fyrri helmingi síðasta árs svo og uppgjör fyrir þrjá fyrstu ársfjórðungana. Þær hremmingar sem riðið hafa yfir koma því ekki fram í bókhaldi sparisjóðanna fyrr en ársuppgjör vegna 2008 liggur fyrir. Hið sama á við um Sparisjóðabankann. Samkvæmt þeim gögnum sem sparisjóðirnir skiluðu til Fjármálaeftirlitsins eftir fyrri árshelming 2008 var staða þeirra mjög mismunandi. Þeir verst stöddu stóðust ekki hefðbundin álagspróf FME. Rekstrarafkoma þeirra var almennt afleit á fyrri hluta 2008 og sýndu aðeins tveir þeirra jákvæða arðsemi eigin fjár. Var afkoman af kjarnastarfsemi fyrir skatta neikvæð hjá flestum þeirra á sama tímabili. Þarf ekki að fjölyrða um það að seinni helmingur ársins var sparisjóðum, sem öðrum fjármálafyrirtækjum, þungur í skauti.

Á vegum ríkisstjórnarinnar er að störfum starfshópur sérfræðinga úr Fjármálaeftirlitinu, Seðlabankanum, fjármálaráðuneytinu og viðskiptaráðuneytinu sem er að fara yfir stöðu einstakra smærri fjármálafyrirtækja. Hefur starfshópurinn tekið saman tillögur að viðmiðunarreglum fyrir aðkomu stjórnvalda að einstökum sparisjóðum eða hópi þeirra til þess að tryggja jafnræði milli þeirra sem aðstoð þurfa. Enn fremur hefur starfshópurinn komið að viðræðum við erlenda kröfuhafa smærri fjármálafyrirtækja.

Viðmiðunarreglur þær sem starfshópurinn hefur tekið saman hafa verið samþykktar í ríkisstjórn og gaf settur fjármálaráðherra þær út þann 18. desember sl. Er fyrstu umsókna um aðstoð að vænta á næstunni.

Þegar yfirlýsing stjórnvalda í tengslum við væntanlega lántöku hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum var gefin út lágu þegar fyrir hugmyndir um fjárhagslegan stuðning við sparisjóðina. Sjóðnum var kunnugt um þessar fyrirætlanir, enda eru þær í samræmi við heimildarákvæði í lögum nr. 125/2008. Því er ekki við því að búast að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn geri athugasemdir við það að nýtt verði heimildarákvæði laganna til þess að styðja við sparisjóðina.

3. *Hvernig hyggst ríkisstjórnin taka á skuldbindingum sparisjóðanna, t.d. hvað snertir peningamarkaðssjóði og afskriftir útlána, þannig að jafnræðis sé gætt milli fjármálastofnana?*

Fyrirhugað er að aðgerðir ríkisstjórnarinnar til stuðnings sparisjóðum verði með almennum hætt og á grundvelli jafnræðisreglu.

6. *Mun ráðherra beita sér fyrir breytingum á samkeppnislögum þannig að minni sparisjóðum verði heimilt að hafa með sér nánara samstarf en nú er, en starfa þó áfram sem sjálfstæðir sparisjóðir?*

Fyrir rúmu ári skipaði ráðherra nefnd til þess að fara heildstætt yfir þann kafla laga um fjármálafyrirtæki sem fjallar um sparisjóði. Þannig háttaði til að nefndin hafði ekki lokið störfum þegar hremmingarnar riðu yfir fjármálakerfið.

Á þeim tíma hafði nefndin til skoðunar hvort nauðsynlegt kynni að vera að heimila sparisjóðum samstarf á tilteknum sviðum, jafnvel þótt slíkt samstarf kynni að ganga gegn ákvæðum samkeppnislaga. Niðurstöður nefndarstarfsins liggja ekki fyrir en þess er vænst að nefndin geti mjög fljótlega tekið upp þráðinn aftur.

Þegar niðurstöður nefndarinnar liggja fyrir mun ráðherra móta afstöðu sína til einstakra álitaefna varðandi sparisjóðina. Staða sparisjóðanna verður ekki slitin úr samhengi við þá þróun sem orðið hefur á fjármagnsmarkaði og þær fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar að unnt verði að byggja hér upp öflugan fjármálamarkað sem er þess megnugur að veita almenningi og fyrirtækjum í landinu samkeppnishæfa þjónustu.

506. Frumvarp til laga [280. mál]

um breytingar á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo: Bankaráð setur, að fengnum tillögum seðlabankastjóra, starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisvarasjóðsins, sbr. 28. gr.

2. gr.

Í stað 2. málsl. 22. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum eru teknar af peningastefnunefnd, sbr. 24. gr. Stjórn bankans er að öðru leyti í höndum seðlabankastjóra.

3. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Forsætisráðherra skipar seðlabankastjóra til sjö ára í senn að undangenginni auglýsingu. Seðlabankastjóri skal hafa lokið meistaraprófi í hagfræði og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á peningamálum. Aðeins er heimilt að skipa sama mann seðlabankastjóra tvisvar sinnum. Seðlabankastjóri ber ábyrgð á rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru falin öðrum með lögum þessum.

Forfallist seðlabankastjóri getur forsætisráðherra sett seðlabankastjóra tímabundið í stað hans.

Seðlabankastjóri setur reglur um umboð starfsmanna til að skuldbinda bankann með undirskrift sinni og skulu reglurnar staðfestar af bankaráði, sbr. 28. gr.

4. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum eru teknar af peningastefnunefnd. Stjórntæki bankans teljast í þessu sambandi vera vaxtaákvarðanir hans, viðskipti við lánastofnanir önnur en tilgreind eru í 2. mgr. 7. gr., ákvörðun bindiskyldu skv. 11. gr. og viðskipti á gjaldeyrismarkaði skv. 18. gr. sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar. Ákvarðanir peningastefnunefndar skulu grundvallast á markmiðum bankans og vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahags- og peningamálum.

Í peningastefnunefnd situr seðlabankastjóri, tveir af yfirmönnum bankans á sviði mótunar og framkvæmdar stefnu í peningamálum og tveir sérfræðingar á sviði peningamála sem seðlabankastjóri skipar til þriggja ára í senn að fenginni staðfestingu forsætisráðherra. Seðlabankastjóri er jafnframt formaður peningastefnunefndar. Peningastefnunefnd er ályktunarhæf ef fjórir af fimm nefndarmönnum sitja fund nefndarinnar. Ákvarðanir peningastefnunefndar skulu teknar með einföldum meiri hluta, en falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Peningastefnunefnd skal halda fundi að minnsta kosti átta sinnum á ári. Auk þess getur peningastefnunefnd haldið fund ef formaður ákveður eða þrír nefndarmenn krefjast þess. Peningastefnunefnd setur sér starfsreglur sem bankaráð staðfestir um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana sinna í peningamálum. Opinberlega skal gera grein fyrir ákvörðunum peningastefnunefndar og forsendum þeirra. Peningastefnunefnd getur þó ákveðið að skýra ekki frá ákvörðunum um viðskipti á gjaldeyrismarkaði skv. 18. gr.

5. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Seðlabankastjóra er óheimilt að sitja í stjórnum stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema slíkt sé boðið í lögum eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem bankinn á aðild að. Forsætisráðherra hefur úrskurðarvald ef ágreiningur rís um beitingu þessa ákvæðis.

Um þátttöku annarra starfsmanna Seðlabanka Íslands í stjórnum stofnana og atvinnufyrirtækja skal seðlabankastjóri setja reglur sem bankaráð staðfestir, sbr. 28. gr.

6. gr.

2. mgr. 27. gr. laganna orðast svo:

Seðlabankastjóri situr fundi bankaráðs og hefur þar tillögurétt og tekur þátt í umræðum. Hann skal þó víkja af fundi ef bankaráð ákveður.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Bankastjórn“ í 2. málsl. kemur: Seðlabankastjóri.
b. Í stað orðsins „bankastjórnar“ í a-lið kemur: seðlabankastjóra.
c. Í stað orðsins „bankastjóra“ í b-lið kemur: seðlabankastjóra og fulltrúa í peningastefnunefnd sem ekki eru reglulegir starfsmenn Seðlabanka Íslands.
d. Í stað orðsins „bankastjórn“ í d-lið kemur: peningastefnunefnd.
e. Við bætast tveir nýir stafliðir sem verða e- og f-liðir og orðast svo:
   e. Fylgjast með framkvæmd starfsreglna og starfsháttum peningastefnunefndar.
   f. Staðfesta val yfirmanna í peningastefnunefnd að fenginni tillögu seðlabankastjóra.
f. Í stað orðsins „bankastjórn“ í e-, j-, l-, m- og n-lið kemur: seðlabankastjóri.

8. gr.

Í stað orðsins „bankastjórn“ í 1. málsl. 2. mgr. 33. gr. laganna kemur: seðlabankastjóra.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „bankastjórar“ í 1. mgr. kemur: seðlabankastjóri.
b. Í stað orðsins „bankastjórum“ í 2. mgr. kemur: seðlabankastjóra.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „bankastjórn“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: seðlabankastjóra.
b. Í stað orðsins „Bankastjórn“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: Seðlabankastjóri.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

12. gr.

Breytingar á lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „bankastjórn Seðlabankans“ í 2. mgr. kemur: seðlabankastjóra.
b. Í stað orðanna „bankastjórn Seðlabankans“ í 4. mgr. kemur: seðlabankastjóri.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 26. gr. laganna skal Alþingi eins fljótt og unnt er eftir gildistöku laga þessara kjósa bankaráð Seðlabanka Íslands ásamt varamönnum. Frá sama tíma fellur niður umboð þeirra er þá sitja í bankaráðinu.

II.

Við gildistöku laga þessara er bankastjórn Seðlabanka Íslands lögð niður og þar með embætti þriggja bankastjóra sem sæti eiga í stjórninni, þ.m.t. embætti formanns bankastjórnar. Forsætisráðherra skal svo fljótt sem við verður komið auglýsa nýtt embætti seðlabankastjóra laust til umsóknar samkvæmt ákvæðum laga þessara. Þar til ráðið hefur verið í

embætti seðlabankastjóra á grundvelli auglýsingar skal forsætisráðherra setja mann sem uppfyllir skilyrði laga þessara til að gegna embætti seðlabankastjóra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á stjórnskipulagi Seðlabanka Íslands. Breytingar hafa það að markmiði að tryggja að í bankanum sé starfandi fagleg yfirstjórn og þar með tryggt að faglega sé staðið að ákvarðanatöku við beitingu stjórntækja bankans í peningamálum.

Efnisbreytingar samkvæmt frumvarpinu eru í meginatriðum tvær. Annars vegar er lagt til að bankastjórn Seðlabanka Ísland verði aflögð og þar með embætti þriggja bankastjóra sem sæti eiga í stjórninni, þ.m.t. embætti formanns bankastjórnar. Í stað bankastjórnar verði skipaður einn faglegur seðlabankastjóri sem stýrir bankanum. Skal seðlabankastjóri skipaður að undangenginni auglýsingu og eru gerðar kröfur um að umsækjendur um stöðuna hafi lokið meistaranámi í hagfræði og búi yfir víðtækri reynslu og þekkingu af peningamálum. Hins vegar er í frumvarpinu lagt til að innan bankans starfi svokölluð peningastefnunefnd sem hafi það hlutverk að taka ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum.

Ljóst er að þörf er á verulegri uppstokkun og endurnýjun í yfirstjórn Seðlabanka Íslands eftir þau áföll sem þjóðarbúið og um leið bankinn hefur orðið fyrir á undanförnum mánuðum. Hefur Seðlabanki Íslands á undanförnum árum orðið fyrir verulegum áföllum í tengslum við breytingar á fjármálamörkuðum, hérlendis sem erlendis, og sér ekki enn fyrir endann á því hvernig skotið verði traustum fótum undir rekstur bankans og mótun stefnu í peningamálum ríkisins. Þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frumvarpi eru að mati ríkisstjórnarinnar frumforsenda þess að Seðlabanki Íslands geti að nýju áunnið sér það traust sem nauðsynlegt er í því sambandi. Ákvarðanir í peningamálum eru fyrst og fremst faglegt viðfangsefni sem krefst sérfræðiþekkingar í þjóðhags- og peningahagfræði. Þetta sjónarmið er viðurkennt í seðlabönkum um allan heim og kemur gleggst fram í því að flestir seðlabankastjórar víðs vegar um heiminn eru menntaðir hagfræðingar. Þau pólitísku sjónarmið sem oft virðast hafa vegið þungt við skipun bankastjóra í bankastjórn Seðlabanka Íslands samræmast ekki þeim faglegu sjónarmiðum sem hér um ræðir og eru til þess fallin rýra traust á bankanum. Með þeim hæfniskröfum sem gerðar eru til seðlabankastjóra í frumvarpinu og þeirri lagaskyldu að auglýsa beri stöðu seðlabankastjóra er leitast við að útiloka að slík sjónarmið geti orðið ráðandi við skipun í stöðuna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Í greinunum eru gerðar orðalagsbreytingar í samræmi við efni 3. gr. frumvarpsins og þá megintillögu að bankastjórn Seðlabanka Íslands skuli lögð niður en í stað hennar skipaður nýr faglegur seðlabankastjóri.

Um 2. gr.

Í greininni er í samræmi við ákvæði 4. gr. frumvarpsins tiltekið að ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum séu teknar af peningastefnunefnd, sbr. 24. gr. laganna.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að forsætisráðherra skipi seðlabankastjóra til sjö ára í senn að undangenginni auglýsingu. Við skipun í starfið gilda almennar reglur um skipun í embætti hjá hinu

opinbera. Þannig ber að skipa þann einstakling sem telst hæfastur til að gegna starfinu á grundvelli þeirra málefnalegu sjónarmiða sem lögð eru til grundvallar en auk þess skulu umsækjendur hafa lokið meistaraprófi í hagfræði og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á peningamálum. Samkvæmt ákvæðinu er aðeins heimilt að skipa sama mann seðlabankastjóra tvisvar sinnum og er það sama regla og nú gildir um skipun bankastjóra í bankastjórn Seðlabanka Íslands.

Eins og í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins muni áfram gilda um allt það sem varðar seðlabankastjóra og er jafnframt fallið frá þeirri undantekningu sem gerð er í núgildandi lögum um að ákvæði laganna gildi ekki um endurskipun í embætti bankastjóra. Hefur ekki að fullu þótt ljóst hvernig skilja beri þessa undantekningu og þykir rétt að fella hana á brott þannig að almennar reglur starfsmannalaga gildi um endurskipun við lok fyrra skipunartímabils en eins og fram kemur í ákvæðinu getur hver seðlabankastjóri að hámarki setið í embætti í tvö skipunartímabil.

Samkvæmt ákvæðinu ber seðlabankastjóri ábyrgð á rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögunum. Þá er tiltekið í ákvæðinu að forfallist seðlabankastjóri geti forsætisráðherra sett seðlabankastjóra tímabundið í stað hans.

Þá er í ákvæðinu mælt fyrir um að seðlabankastjóri skuli setja reglur um umboð starfsmanna til að skuldbinda bankann með undirskrift sinni og skulu reglurnar staðfestar af bankaráði, sbr. 28. gr.

Um 4. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að innan Seðlabanka Íslands skuli starfrækt sérstök peningastefnunefnd sem fari með ákvörðunarvald um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum en stjórntæki bankans teljast í þessu sambandi vera vaxtaákvarðanir hans, viðskipti við lánastofnanir önnur en tilgreind eru í 2. mgr. 7. gr. laganna, ákvörðun bindiskyldu skv. 11. gr. laganna og viðskipti á gjaldeyrismarkaði skv. 18. gr. laganna sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar. Skulu ákvarðanir peningastefnunefndar grundvallast á markmiðum bankans og vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahags- og peningamálum. Miðar ákvæðið að því að styrkja enn frekar faglegan grundvöll ákvarðana Seðlabanka Íslands í peningamálum.

Lagt er til að í peningastefnunefnd sitji seðlabankastjóri, tveir af yfirmönnum bankans á sviði mótunar og framkvæmdar stefnu í peningamálum og tveir sérfræðingar á sviði peningamála sem seðlabankastjóri skipar til þriggja ára í senn að fenginni staðfestingu forsætisráðherra. Seðlabankastjóri er jafnframt formaður peningastefnunefndar. Rétt þykir að fleiri en einn maður komi að þeim ákvörðunum sem peningastefnunefnd er ætlað að taka enda fela ákvarðanir í peningamálum oftast í sér ólík sjónarmið um stöðu og þróun mála í hagkerfinu. Eru peningastefnunefndir af þessu tagi því algengar í seðlabönkum annarra landa og hafa það að markmiði að auka gæði ákvörðunartöku við beitingu stjórntækja bankanna í peningamálum. Gert er ráð fyrir að seðlabankastjóri geti skipað sérfræðinga utan bankans, innlenda sem erlenda, til starfa í peningastefnunefnd en slíkt getur verið til þess fallið að auka á trúverðugleika peningamálastefnunnar. Samkvæmt ákvæðinu er peningastefnunefnd ályktunarhæf ef fjórir af fimm nefndarmönnum sitja fundi nefndarinnar. Ákvarðanir peningastefnunefndar skulu teknar með einföldum meiri hluta, en falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Loks er í ákvæðinu mælt fyrir um fundi nefndarinnar, setningu starfsreglna og skyldu til að gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar opinberlega.

Um 5.–10. gr.

Í greinunum eru gerðar orðalagsbreytingar í samræmi við efni 3. og 4. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að lögin, verði þau samþykkt, öðlist þegar gildi.

Um 12. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til orðalagsbreytingar í 15. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi í samræmi við þær breytingar sem lagðar eru til í 3. gr. frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæðinu er lagt til að þrátt fyrir ákvæði 26. gr. laganna skuli Alþingi eins fljótt og unnt er eftir gildistöku laga þessara kjósa bankaráð Seðlabanka Íslands ásamt varamönnum. Fellur þá niður frá sama tíma umboð þeirra er þá sitja í bankaráðinu. Kosning bankaráðs að nýju er þáttur í þeirri viðleitni að endurreisa traust á Seðlabanka Íslands innan lands og erlendis.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í ákvæðinu er áréttað að við gildistöku laganna sé bankastjórn Seðlabanka Íslands lögð niður og þar með embætti þriggja bankastjóra sem sæti eiga í stjórninni, þ.m.t. embætti formanns bankastjórnar, og fer þá um starfslok þeirra sem nú gegna embættunum skv. 34. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Skal forsætisráðherra í kjölfar gildistöku laganna svo fljótt sem við verður komið auglýsa nýtt embætti seðlabankastjóra laust til umsóknar samkvæmt ákvæðum laganna. Þar til ráðið hefur verið í embætti seðlabankastjóra á grundvelli auglýsingar er mælt fyrir um að forsætisráðherra skuli setja mann sem uppfyllir skilyrði laga þessara til að gegna embætti seðlabankastjóra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á skipulagi yfirstjórnar Seðlabanka Íslands. Tilgangur breytinganna er að bankanum verði stýrt á ábyrgð eins bankastjóra í stað þriggja samkvæmt núverandi fyrirkomulagi og að sá sem gegni þeirri stöðu þurfi að hafa prófgráðu í hagfræði og búa yfir víðtækri þekkingu á peningamálum. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að komið verði á fót fimm manna peningastefnunefnd innan bankans, sem taki ákvarðanir um beitingu stjórntækja hans, þ.e. um stýrivexti, viðskipti við lánastofnanir, bindiskyldu lánastofnana og viðskipti á gjaldeyrismarkaði. Samkvæmt frumvarpinu er þessum breytingum ætlað að efla sérfræðiþekkingu við faglega yfirstjórn bankans og auka traust á ákvörðunum hans um peningastefnuna og þar með að styrkja stöðu íslensku krónunnar sem gjaldmiðils.

Þar sem bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu kveður á um að núverandi bankastjórar leggi niður störf má gera ráð fyrir að þeir njóti biðlaunaréttar. Samkvæmt ákvæði í lögum um Seðlabanka Íslands ákveður bankaráð laun og önnur starfskjör bankastjóra, þ.m.t. biðlaunarétt. Reglur bankaráðsins kveða á um að bankastjóri sem lætur af störfum eftir að hafa setið a.m.k. eitt skipunartímabil til enda fái greidd biðlaun í tólf mánuði en hafi hann setið skemur fær hann biðlaun í hlutfalli við þann tíma sem hann hefur gegnt bankastjórastöðunni. Þessar reglur eru þó ekki taldar eiga við þegar um það er að ræða að stöður seðlabankastjóra eru lagðar niður vegna skipulagsbreytinga, heldur gildi þá ákvæði um biðlaunaréttindi í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að tveir bankastjóranna eigi rétt til 12 mánaða biðlauna, sem myndast eftir 15 ára störf í þjónustu ríkisins sem embættismenn, en einn til 6 mánaða þar sem starfstími alþingismanna og ráðherra telst ekki með þjónustualdri hjá ríkinu vegna biðlaunaréttar vegna þess að þeir teljast ekki vera embættismenn heldur falla undir lög um þingfararkaup. Tímabundinn launakostnaður bankans vegna þess er áætlaður um 44 m.kr. Til lengri tíma litið má hins vegar reikna með að fækkun bankastjóra um tvo lækki launakostnað um 32 m.kr. á ári miðað við að laun nýs seðlabankastjóra verði svipuð og laun formanns núverandi bankastjórnar. Auk þess má reikna með einhverri lækkun annars starfskostnaðar svo sem vegna bifreiðahlunninda. Á móti kemur kostnaður við peningastefnunefndina. Þrír nefndarmenn verða starfsmenn bankans en tveir verða aðfengnir sérfræðingar sem ætla má að fái greiddar þóknanir fyrir störf sín í nefndinni. Lauslega áætlað gætu þær greiðslur orðið í kringum 8 m.kr. á ári.

Seðlabankinn fær ekki bein rekstrarframlög úr A-hluta ríkissjóðs og hefur lögfesting frumvarpsins því ekki áhrif á útgjöld hans heldur eingöngu á rekstrarafkomu bankans, sem telst til fjármálastofnana í eigu ríkisins í D-hluta ríkisreiknings.

507. Frumvarp til laga [281. mál]

um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21 26. mars 1991 (greiðsluaðlögun).

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Við 3. þátt laganna bætist nýr kafli, X. kafli a, **Greiðsluaðlögun,** með níu nýjum greinum, 63. gr. a – 63. gr. i, sem orðast svo:

a. (63. gr. a.)

Samkvæmt fyrirmælum þessa kafla getur maður leitað nauðasamnings til greiðsluaðlögunar ef hann sýnir fram á að hann sé og verði um fyrirséða framtíð ófær um að standa í skilum með skuldbindingar sínar.

Lögin ná ekki til einstaklinga sem undangengin þrjú ár hafa borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi, hvort sem þeir hafa lagt stund á hana einir eða í félagi við aðra, nema því aðeins að atvinnurekstri hafi verið hætt og þær skuldir sem stafa frá atvinnurekstrinum séu tiltölulega lítill hluti af heildarskuldum hans.

Eftir því sem átt getur við gilda almennar reglur laga þessara um slíka nauðasamninga, þar á meðal heimild til að leita þeirra og samningsumleitanir, að því leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum þessa kafla.

b. (63. gr. b.)

Með greiðsluaðlögun má kveða á um algera eftirgjöf samningskrafna, hlutfallslega lækkun þeirra, gjaldfrest á þeim, greiðslu þeirra með hlutdeild í afborgunarfjárhæð skv. 3. mgr. 63. gr. c í einu lagi eða með ákveðnu millibili á nánar tilteknu tímabili, breytt form á greiðslu þeirra eða fernt það síðastnefnda í senn.

c. (63. gr. c.)

Skuldari sem æskir heimildar til að leita greiðsluaðlögunar skal gera beiðni um hana samkvæmt því sem segir í 7. gr. og 1., 3. og 4. tölul. 34. gr. Henni skulu fylgja gögn sem hún er studd við ásamt greiðsluáætlun skv. 2. mgr. og gögnum til staðfestingar upplýsinga í henni, vottorði um hjúskaparstöðu og fjölskyldu og síðustu fjórum skattframtölum skuldara.

Í greiðsluáætlun skuldara skal koma fram:

1. hverjar tekjur hans eru og annarra sem teljast til heimilis með honum, hvort sem er af vinnu eða öðrum sökum, og upplýsingar um af hvaða samningum eða atvikum tekjurnar ráðast, svo og hvort horfur séu á að breytingar verði á tekjum þeirra eða atvinnuhögum,
2. hvort hann muni hafa fé af öðru en tekjum sínum til að greiða af skuldum, svo sem vegna sölu eigna eða fjárframlaga annarra,
3. sundurliðuð fjárhæð skulda sem þegar eru gjaldfallnar, svo og fjárhæð ógjaldfallinna skulda og eftir atvikum upplýsingar um afborgunarkjör, gjalddaga, vexti og verðtryggingu þeirra, en frá þessu öllu skal greint án tillits til þess hvort greiðsluaðlögun sé ætlað að ná til þessara skuldbindinga,
4. framtíðaráætlun um meðaltal mánaðarlegra útgjalda skuldara og þeirra sem teljast til heimilis með honum, þar á meðal vegna framfærslu, opinberra gjalda, húsaleigu og afborgana af skuldum, sem tryggðar eru með veði eða á annan hátt í íbúðarhúsnæði eða öðrum eignum skuldara sem hann hyggst leitast við að eiga áfram,
5. hvað ætla megi af framansögðu og öðru sem máli getur skipt að afborgunarfjárhæð geti orðið af samningskröfum, hvenær hún verði greidd í einu lagi eða með reglubundnum greiðslum á tilteknu tímabili og hvort og þá hvaða trygging verði sett fyrir þeim.

Afborgunarfjárhæð, sem fundin er skv. 5. tölul. 2. mgr., skal bundin við launavísitölu eða á annan hátt við tilteknar mælingar á verðlagsbreytingum sem svara til þess hvernig skuldari hyggst afla tekna til að standa undir greiðslu hennar. Tekið skal fram í greiðsluáætlun hvernig verðtryggingu samkvæmt þessu verði háttað.

Í greiðsluáætlun má setja ákvæði um að kröfur innan tiltekinnar fjárhæðar, sem hefðu ella talist samningskröfur, verði greiddar að fullu ef sú fjárhæð verður talin óveruleg í ljósi fjárhags skuldara, en ákvæði sem þetta má ekki standa nema allar samningskröfur fáist að minnsta kosti greiddar með þeirri fjárhæð. Leiti skuldari eftir því að tilteknir lánardrottnar hans afsali sér í einhverju tilkalli til hlutdeildar í afborgunarfjárhæð skal þess sérstaklega getið í greiðsluáætlun.

Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að skuldara bjóðist endurgjaldslaus aðstoð við gerð beiðni og fylgigagna með henni hjá opinberri stofnun eða öðrum. Eigi skuldari kost á slíkri aðstoð getur hann ekki notið greiðslu sem þessu svarar eftir lögum um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga.

d. (63. gr. d.)

Auk þeirra ástæðna sem skv. 1. mgr. 38. gr. skulu leiða til þess að héraðsdómari synji um heimild til að leita nauðasamnings getur héraðsdómari hafnað beiðni um heimild til að leita greiðsluaðlögunar ef eitthvert eftirtalinna atriða á við:

1. að fyrirliggjandi gögn gefi ekki nægilega glögga mynd af fjárhag skuldara eða væntanlegri þróun fjárhags hans á því tímabili sem greiða á af skuldum hans samkvæmt greiðsluáætlun,
2. að skuldari hafi hagað fjármálum sínum á verulega ámælisverðan hátt eða tekið fjárhagslega áhættu sem ekki var í samræmi við fjárhagsstöðu hans á þeim tíma sem til fjárhagsskuldbindingarinnar var stofnað,
3. að til skulda hafi verið stofnað á þeim tíma er skuldari var greinilega ófær um að standa við fjárhagsskuldbindingar sínar,
4. að skuldari hafi bakað sér skuldbindingu sem einhverju nemur miðað við fjárhag hans með háttsemi sem varðar refsingu eða skaðabótaskyldu,
5. að skuldari hafi svo að máli skipti látið hjá líða að standa í skilum við lánardrottna sína þótt honum hefði verið það kleift að einhverju leyti eða öllu,
6. að ætla megi að skuldari hafi hagað gerðum sínum svo sem raun varð á með ráðnum hug um að leita greiðsluaðlögunar.

Skuldari má skjóta til æðra dóms úrskurði héraðsdómara þar sem synjað er um heimild til að leita greiðsluaðlögunar. Ef heimildin er veitt fyrir æðra dómi miðast tímamörk í ákvæðum VI. kafla við þann dag sem úrlausn hans er kveðin upp. Úrskurði héraðsdómara þar sem veitt er heimild til að leita greiðsluaðlögunar verður ekki skotið til æðra dóms.

Um skipun og stöðu umsjónarmanns með greiðsluaðlögun fer skv. 2. mgr. 39. gr. en kostnaður af henni, þar á meðal þóknun hans, greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun héraðsdómara.

e. (63. gr. e.)

Í innköllun umsjónarmanns til lánardrottna skuldara skal auk þess sem segir í 1. mgr. 44. gr. koma fram að leitað sé greiðsluaðlögunar, svo og hvenær fundur verði haldinn með þeim sem telja sig eiga samningskröfur á hendur skuldara til að fjalla um greiðsluáætlun hans. Áætlunin skal fylgja tilkynningu til lánardrottna skv. 2. mgr. 44. gr.

Þeir lánardrottnar sem fara með samningskröfur á hendur skuldara og hafa lýst kröfum sínum fyrir umsjónarmanni innan kröfulýsingarfrests eiga einir upp frá því rétt á að láta málið til sín taka.

Þegar kröfulýsingarfrestur er á enda skal umsjónarmaður gera skrá um samningskröfur sem borist hafa innan frestsins og skal greint í henni frá þeim atriðum sem getið er í 1. og 2. tölul. 1. mgr. 46. gr. Nú hefur samningskröfu ekki verið lýst sem skuldari hefur gert grein fyrir í greiðsluáætlun og skal þá umsjónarmaður krefja þann lánardrottin svara um hvort krafan sé til, en reynist svo vera skal hún tekin upp í skrána með þeirri fjárhæð sem upplýst hefur verið um. Þegar skuldara hefur gefist kostur á að kynna sér skrána skal umsjónarmaður veita honum aðstoð til að gera breytingar á greiðsluáætlun ef efni standa til þeirra.

f. (63. gr. f.)

Fundur skal haldinn til að fjalla um greiðsluáætlun skuldara innan tveggja vikna frá lokum kröfulýsingarfrests og gilda um hann ákvæði 1. og 2. mgr. 48. gr. eftir því sem á við. Sé kröfu á skrá skv. 3. mgr. 63. gr. e mótmælt af öðrum lánardrottni eða skuldaranum skal um-

sjónarmaður staðreyna hvort deila standi um kröfuna í heild eða afmarkaðan hluta hennar og leitast annars við að jafna ágreining um hana. Slíkur ágreiningur stendur að öðru leyti ekki því í vegi að umleitunum til greiðsluaðlögunar verði fram haldið.

Á fundinum ber skuldara að gefa þær skýringar sem lánardrottnar leita eftir, en umsjónarmaður skal síðan gefa þeim hverjum fyrir sig kost á að lýsa afstöðu sinni til greiðsluáætlunar skuldara, sem greint skal frá í fundargerð. Skuldara skal að því gerðu gefinn kostur á að endurskoða greiðsluáætlun vegna fram kominna athugasemda og taka eftir atvikum afstöðu til þess hvernig hann hafi í hyggju að fara með umdeilda kröfu, en að þessu öllu gerðu skal hann lýsa yfir að greiðsluáætlun sé endanleg.

g. (63. gr. g.)

Þegar greiðsluáætlun skuldara er orðin endanleg skal umsjónarmaður innan viku taka rökstudda afstöðu í skriflegri greinargerð til þess hvort hann mæli með því að greiðsluaðlögun komist á fyrir skuldarann. Við mat á því skal umsjónarmaður meðal annars líta til þess hvort nokkuð hafi komið fram sem í öndverðu hefði átt að standa í vegi greiðsluaðlögun, hvort skuldari leiti eftirgjafar umfram það sem eðlilegt megi telja í ljósi fjárhags hans og framtíðarhorfa, hvort skuldari hafi sinnt skyldum sínum skv. 2. mgr. 63. gr. f og staðið að öðru leyti heiðarlega að verki við umleitanir til greiðsluaðlögunar, hvort raunhæft sé að hann muni geta staðið við skuldbindingar sínar að fenginni aðlögun þeirra að greiðslugetu sinni og hvert sé viðhorf þeirra lánardrottna sem hafa látið samningsumleitanirnar til sín taka.

Mæli umsjónarmaður gegn því að greiðsluaðlögun komist á skal hann tafarlaust senda greinargerð sína ásamt skriflegri tilkynningu til skuldara og héraðsdómara. Þegar sú tilkynning berst héraðsdómara fellur sjálfkrafa niður heimild skuldara til að leita greiðsluaðlögunar. Falli heimildin niður samkvæmt þessu eða af öðrum þeim ástæðum sem greinir í 41. eða 42. gr. skal umsjónarmaður fá birta svo fljótt sem verða má auglýsingu um þau málalok í Lögbirtingablaði.

Nú mælir umsjónarmaður með því að greiðsluaðlögun komist á og svarar það þá til þess að samþykkt hafi verið við atkvæðagreiðslu frumvarp að nauðasamningi eftir ákvæðum VIII. kafla. Skal umsjónarmaður þá boða skuldara tafarlaust á sinn fund og láta honum í té greinargerð sína ásamt samþykktu frumvarpi að greiðsluaðlögun, þar sem eftirfarandi skal koma fram:

1. hvað skuldari bjóðist til að inna af hendi til greiðslu á samanlögðum samningskröfum, þar á meðal með greiðslu af afborgunarfjárhæð, hvort heldur með eingreiðslu tiltekinn dag eða á nánar tilgreindum gjalddögum hverju sinni, svo og hvernig sú fjárhæð verði verðtryggð,
2. hvaða lánardrottnar eigi þessar samningskröfur, hversu mikið hver og hvaða hlutfallslega greiðslu þeir fái af kröfum sínum eða hvert hlutfall hvers þeirra verði í afborgunarfjárhæð,
3. hvort skuldari geri ráð fyrir að umdeild krafa, ein eða fleiri með nánari tilgreiningu, sé meðal þeirra sem greitt verði af skv. 2. tölul. eða hvort hann beri sjálfur áhættu af niðurstöðu um hana,
4. hvort tilteknar skuldir verði greiddar að fullu eða meira gefið eftir af þeim en af öðrum samningskröfum, sbr. 4. mgr. 63. gr. c,
5. hvort trygging verði sett fyrir greiðslum og þá hver hún sé,
6. hvaða skilmálabreytingar hann leggur til að gerðar verði á skuldum sem tryggðar eru með veði samkvæmt ákvæði til bráðabirgða.

Umsjónarmaður skal senda lánardrottnum, sem lýst hafa kröfu við umleitanir til greiðsluaðlögunar, greinargerð sína og eftir atvikum samþykkt frumvarp að greiðsluaðlögun ásamt tilkynningu um lyktir málsins í hans höndum.

h. (63. gr. h.)

Hafi umleitunum til greiðsluaðlögunar lokið á þann hátt að umsjónarmaður mæli með því að hún komist á skal skuldari leggja skriflega kröfu um staðfestingu nauðasamningsins fyrir héraðsdómara innan viku frá þeim fundi sem umsjónarmaður boðaði skuldara til skv. 3. mgr. 63. gr. g. Með þeirri kröfu skal fylgja greinargerð umsjónarmannsins, skrá um samningskröfur og samþykkt frumvarp að greiðsluaðlögun, auk fundargerða af fundum skv. 63. gr. f og 63. gr. g.

Greiðsluaðlögun hefur sömu áhrif og réttarsátt milli skuldara og lánardrottna hans um þær samningskröfur sem þeir hafa lýst og koma fram í skrá skv. 3. mgr. 63. gr. e, að því leyti sem skuldari mótmælti þeim ekki.

i. (63. gr. i.)

Ljúka má gjaldþrotaskiptum með nauðasamningi til greiðsluaðlögunar eftir ákvæðum XXI. kafla. Í stað þess að þrotamaður leggi frumvarp að nauðasamningi fyrir skiptastjóra og hann láti greiða atkvæði um það skal þrotamaðurinn þá leggja fyrir skiptastjóra greiðsluáætlun og hann síðan leita greiðsluaðlögunar á sama hátt og umsjónarmaður hefði ella gert, en um þetta skal beitt fyrirmælum XXI. kafla með þeim frávikum sem leiðir af ákvæðum þessa kafla.

2. gr.

Í stað orðanna „41. eða 42. gr.“ í 3. tölul. 2. mgr. 65. gr. laganna kemur: 41., 42. eða 2. mgr. 63. gr. g.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar um er að ræða kröfur í eigu Íbúðarlánasjóðs eða fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins, sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði hér á landi sem ætlað er til eigin nota skuldara, má í nauðasamningi til greiðsluaðlögunar kveða á um að kröfurnar verði greiddar með breyttum skilmálum að því leyti sem andvirði eignarinnar dugir til að fullnægja þeim og tryggingarrétturinn fellur ekki niður vegna nauðasamningsins. Er þá m.a. heimilt að kveða á um fleiri gjalddaga, greiðslufrest um tiltekinn tíma, nýjan lánstíma og skuldbreytingu vanskila. Sá hluti skuldarinnar sem fellur utan andvirðis eignarinnar telst til samningskrafna. Skilmálabreytingum samkvæmt ákvæði þessu skal þinglýst og þarfnast þær ekki samþykkis síðari veðhafa. Ákvæði þetta skal endurskoða fyrir 1. janúar 2011.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frumvarp þetta er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, og byggir það á drögum sem samin voru af réttarfarsnefnd að tilhlutan dómsmálaráðherra. Tvær meginbreytingar hafa verið gerðar af hálfu dóms- og kirkjumálaráðuneytis frá hinum upphaflegu drögum. Gert er

annars vegar ráð fyrir að úrræðið um greiðsluaðlögun geti bæði átt við um einstaklinga sem ekki hafa stundað atvinnurekstur, svo og einstaklinga sem stundað hafa atvinnustarfsemi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Hins vegar verði gert ráð fyrir að greiðsluaðlögun geti í afmörkuðum tilvikum náð til veðskulda. Vegna þess sérstaka ástands sem nú ríkir og snertir fjárhag fjölmargra heimila er lagt til, samkvæmt ákvæði til bráðabirgða sem endurskoða á fyrir 1. janúar 2011, að unnt verði að gera breytingar á skilmálum þeirra krafna sem eru í eigu Íbúðalánasjóðs eða fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins og tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði hér á landi sem ætlað er til eigin nota skuldara. Þannig verði skilmálum þess hluta skuldarinnar sem fellur innan verðmats fasteignarinnar breytt en sá hluti sem út af stendur greiðist á sama hátt og samningskröfur. Auk þessara tveggja meginbreytinga er gert ráð fyrir að úrræðið beri heitið greiðsluaðlögun í stað skuldaaðlögunar áður.

Í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, er að finna reglur um greiðslustöðvun og nauðasamninga, en þessi réttarúrræði hafa það sameiginlega markmið að gera skuldara kleift að ráða bót á fjárhagsörðugleikum sínum til að forða því að bú hans verði tekið til gjaldþrotaskipta. Ákvæði um greiðslustöðvun er að finna í 2. þætti laganna, en þetta úrræði var fyrst leitt í lög með gjaldþrotalögum, nr. 6/1978. Um nauðasamninga er hins vegar fjallað í 3. þætti laganna, en það réttarúrræði var upphaflega tekið upp með lögum nr. 19/1924, um nauðasamninga. Þegar gildandi lög, nr. 21/1991, voru sett þótti heppilegast með hliðsjón af efnislegri samstöðu að skipa í eina löggjöf reglum um greiðslustöðvun, nauðasamninga og gjaldþrotaskipti. Er þessu eins hagað í danskri löggjöf.

Jafnt einstaklingar sem lögpersónur geta óskað heimildar til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings. Reynslan hefur þó leitt í ljós að þessi úrræði hafa frekar gagnast þeim sem leggja stund á atvinnurekstur af einhverju tagi. Slíkt úrræði, sem aðallega er ætlað almennum launþegum, hefur hins vegar verið tekið upp annars staðar á Norðurlöndum. Fyrst voru reglur af þessu tagi lögfestar í Danmörku árið 1984 og var þeim skipað í 4. þátt gjaldþrotaskiptalaganna. Þar hefur þetta réttarúrræði verið nefnt „gældssanering“. Næst var þetta úrræði leitt í lög í Noregi á árinu 1992, en þar hefur það verið nefnt „gjeldsordning“. Lög um þetta efni voru síðan sett í Finnlandi 1993 og Svíþjóð 1994, en í þeim ríkjum er úrræðið nefnt „skuldsanering“.

Lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, voru sett við heildarendurskoðun réttarfarslöggjafarinnar í tengslum við aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði sem tók gildi 1. júlí 1992. Við þá endurskoðun var sérstaklega hugað að því hvort efni væru til að leiða í lög sambærilegar reglur og koma fram í 4. þætti dönsku laganna um gjaldþrotaskipti. Í almennum athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi sem varð að lögum nr. 21/1991, var tekið fram að því úrræði svipi mjög til nauðasamnings og sé fyrst og fremst ætlað mönnum sem hafi ekki með höndum atvinnurekstur. Á hinn bóginn séu reglur danskrar löggjafar um nauðasamninga fremur ætluð félögum og mönnun í atvinnurekstri. Í athugasemdum með frumvarpinu sagði að niðurstaðan hafi orðið sú að sérreglur eftir þessari dönsku fyrirmynd yrðu óþarfar, einkum með því að ákvæði frumvarpsins um nauðasamninga hafi verið gerð þannig úr garði að þau gætu jöfnum höndum tekið til þeirra sem leggi stund á atvinnurekstur og þeirra sem geri það ekki.

Á árunum 1993–1995 störfuðu nefndir á vegum félagsmálaráðherra sem falið var að kanna hvort efni væru til að leiða í lög hliðstætt úrræði og þekktist annars staðar á Norðurlöndum fyrir einstaklinga í greiðsluvanda. Tillögur sem þessar nefndir skiluðu leiddu ekki til þess að flutt væri stjórnarfrumvarp á grundvelli þeirra. Í stað þess að lögfesta úrræði af þessu tagi var hins vegar gripið til þess að auðvelda einstaklingum að leita nauðasamnings

með því að leitast við að ryðja úr vegi hindrun vegna fyrirhafnar og kostnaðar. Í því skyni voru sett lög um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, nr. 65/1996.

Frá árinu 1995 hafa reglulega verið flutt af þingmönnum frumvörp sem stefnt hafa að því að leitt yrði í lög úrræði, sem nefnt yrði greiðsluaðlögun, til að ráða bóta á fjárhagsörðugleikum einstaklinga. Í fyrstu gerðum þessara lagafrumvarpa var miðað við að um þetta efni yrði sett sérstök löggjöf, en í síðari frumvörpum var lagt til að reglum um þetta úrræði yrði bætt inn í lög nr. 21/1991, þannig að því yrði skipað á bekk með hliðstæðum úrræðum, þ.e. greiðslustöðvun og nauðasamningi, sem hafa einnig það markmið að ráða bót á fjárhagsvanda skuldara og forða búi hans frá gjaldþrotaskiptum.

Þá skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra í mars 2007 nefnd til að vinna drög að frumvarpi til laga um greiðsluaðlögun og skilaði nefndin drögum að frumvarpi í byrjun árs 2008.

II.

Þótt einstaklingum hafi með réttaraðstoð verið gert auðveldara að leita nauðasamnings með setningu laga nr. 65/1996 hefur árangurinn af þessu varla verið í samræmi við væntingar. Á árunum 1996–2008 leituðu 254 einstaklingar eftir réttaraðstoð og af þeim fengu hana 146 eða rétt rúmlega 11 að meðaltali á ári. Ekki liggur fyrir hve margir af þessum einstaklingum fengu síðan nauðasamning staðfestan en því má slá föstu að það hafi ekki verið nema hluti af þeim sem var veitt réttaraðstoðin. Þannig má reikna með að innan við tugur einstaklinga hafi að meðaltali árlega náð að koma á nauðasamningi við lánardrottna sína eftir þessari leið.

Í kjölfar bankahrunsins á liðnu hausti og þeirrar miklu efnahagslægðar sem því hefur fylgt með tilheyrandi greiðsluvanda fyrir stóran hóp fólks þykir nauðsynlegt að tryggja einstaklingum virkara úrræði til að gera þeim eftir fremsta megni kleift að endurskipuleggja fjármál sín.

Í frumvarpinu hefur þetta viðfangsefni verið nálgast með því móti að bæta nýjum kafla, X. kafla a, við 3. þátt laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og er lagt til að sá kafli beri fyrirsögnina „Greiðsluaðlögun“. Lýsir úrræðið sér í því að skuldari getur að ákveðnum skilyrðum fullnægðum leitað nauðasamnings til greiðsluaðlögunar. Um slíka greiðsluaðlögun gilda almennar reglur laganna um nauðasamninga að því marki sem ekki er vikið frá þeim með reglum frumvarpsins. Þessi frávik sem frumvarpið hefur að geyma hafa það meginmarkmið að greiða sem best fyrir að raunhæft úrræði standi til boða fyrir þann hóp einstaklinga sem frumvarpið á að þjóna. Til stuðnings þessu má tiltaka nokkur atriði. *Í fyrsta lagi* er lagt til að vikið verði frá þeim reglum sem gilda um undirbúning af hálfu skuldara áður en hann getur sett fram beiðni um að leita nauðasamnings. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að skuldari þurfi að afla skriflegrar yfirlýsingar um meðmæli lánardrottna skv. 2. tölul. 1. mgr. 35. gr. laganna, enda er ekki gert ráð fyrir að málefnið verði borið undir atkvæði þeirra samkvæmt þeim reglum sem gilda um nauðasamninga, eins og nánar verður vikið að hér á eftir. Með þessu er málsmeðferðin gerð mun auðveldari fyrir skuldara. Þá er lagt til að skuldari leggi fram greiðsluáætlun í stað frumvarps að nauðasamningi, en með því móti er frekar unnt að taka mið af einstaklingsbundnum sjónarmiðum. *Í öðru lagi* er ekki gert ráð fyrir að það velti á afstöðu lánardrottna hvort greiðsluaðlögun komist á. Þess í stað er lagt til að umsjónarmaður taki rökstudda afstöðu til þess hvort hann mæli með að greiðsluaðlögun komist á fyrir skuldara. Eru meðmæli hans þá látin jafngilda því að frumvarp að nauðasamningi hafi verið samþykkt af lánardrottnum. Með þessu móti er verulega greitt fyrir að greiðsluaðlögun komist á, enda getur í mörgum tilvikum verið erfiðleikum bundið að afla samþykkis lánar-

drottna. *Í þriðja lagi* er lagt til að kostnaður við að koma á greiðsluaðlögun falli að verulegu leyti á ríkissjóð. Í þeim efnum er mestur kostnaður bundinn við þóknun umsjónarmanns sem gert er ráð fyrir að greiðist úr ríkissjóði. Jafnframt hefur frumvarpið að geyma heimild fyrir dómsmálaráðherra til að ákveða með reglugerð að boðið verði upp á endurgjaldslausa aðstoð við að undirbúa beiðni um greiðsluaðlögun. Sú aðstoð gæti hvort heldur sem er farið fram á vegum opinberrar stofnunar eða hjá einkaaðilum sem veita fjármálaráðgjöf.

Að því gættu að reglur frumvarpsins standa í nánum tengslum við ákvæði 3. þáttar laga nr. 21/1991 er einboðið að úrræðinu sem lagt er til með frumvarpinu verið skipað innan þeirrar löggjafar. Er einnig hentugt að áfram verði búið við eina löggjöf með öll þau úrræði sem hafa það markmið að koma nýrri skipan á fjármál skuldara. Með því móti verður löggjöfin gleggri auk þess sem komist verður hjá endurtekningum sem hættara er við ef sett yrðu sérstök lög um greiðsluaðlögun. Þetta á sér einnig hliðstæðu í danskri löggjöf um gjaldþrotaskipti, en þangað hefur öðru fremur verið leitað fyrirmynda við gerð þessa frumvarps.

III.

Eins og hér hefur verið rakið er lagt til með frumvarpinu að lögfest verði sérstakt úrræði fyrir einstaklinga sem glíma við verulegan fjárhagsvanda. Úrræðið felur í sér að leitað er nauðasamnings til greiðsluaðlögunar og er þá lagt til grundvallar að beitt sé gildandi reglum um nauðasamninga í 3. þætti laga nr. 21/1991 með þeim frávikum sem reglur frumvarpsins hafa að geyma. Með hliðsjón af þessu samspili reglna um nauðasamninga annars vegar og reglna frumvarpsins hins vegar er rétt að lýsa hér í samfelldu máli helstu meginreglum sem gert er ráð fyrir að gildi um greiðsluaðlögun, en þær eru þessar:

1. Þar sem greiðsluaðlögun er almennt ætlað að vera úrræði fyrir almenna launþega er gerð sú takmörkun í ákvæði sem ráðgert er að verði 63. gr. a laganna að viðkomandi skuldari hafi ekki undangengin þrjú ár borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi nema atvinnurekstri hafi verið hætt og þær skuldir sem stafa frá atvinnurekstrinum séu tiltölulega lítill hluti af heildarskuldum hans.
2. Greiðsluaðlögun nær til svonefndra samningskrafna, en skv. 1. mgr. 29. gr. laganna er með þessu átt við allar kröfur á hendur skuldara aðrar en þær sem eru undanþegnar áhrifum af nauðasamningi eða falla niður við staðfestingu hans, sbr. 1. og 3. mgr. 28. gr. þeirra. Við greiðsluaðlögun er unnt að kveða á um algera eftirgjöf samningskrafna, hlutfallslega lækkun þeirra, gjaldfrest á þeim, greiðslu þeirra með hlutdeild í afborgunarfjárhæð í einu lagi eða með ákveðnu millibili á nánar tilteknu tímabili eða breytt form á greiðslu þeirra, en síðastnefndu fjögur atriðin geta farið saman svo sem fram kemur í ákvæði sem lagt er til að verði 63. gr. b laganna. Ákvæðið tekur mið af eðli greiðsluaðlögunar en að öðru leyti er það hliðstætt 2. mgr. 29. gr. laganna þar sem lýst er efni nauðasamnings. Þá er í ákvæði til bráðabirgða sérstaklega tekið fram að unnt verði að breyta skilmálum krafna sem eru í eigu Íbúðalánasjóðs eða fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði hér á landi sem ætlað sé til eigin nota skuldara.
3. Til að skuldari geti leitað nauðasamnings um greiðsluaðlögun þarf hann að sýna fram á ógjaldfærni sína sem felst í því að hann sé og verði um fyrirséða framtíð ófær um að standa í skilum með skuldbindingar sínar, eins og segir í ákvæði því sem lagt er til að verði 63. gr. a laganna. Til að leiða þetta í ljós verður skuldari í samræmi við ákvæði, sem ráðgert er að verði 63. gr. c, að gera beiðni um heimild til að leita greiðsluaðlögunar úr garði eins og mælt er fyrir um í 7. gr. og 1., 3. og 4. tölul. 34. gr. laganna. Með beiðn-

inni skulu fylgja þau gögn sem hún er studd við ásamt greiðsluáætlun og gögnum henni til staðfestingar, vottorði um hjúskaparstöðu og fjölskyldu og síðustu fjórum skattframtölum skuldarans, sbr. 63. gr. c. Greiðsluáætlun skuldara kemur í stað frumvarps til nauðasamnings og er mikilvægt að til hennar sé vandað þar sem hún er grundvöllur greiðsluaðlögunarinnar. Í grófum dráttum má lýsa þessu þannig að fram eigi að koma í greiðsluáætluninni sundurliðaðar upplýsingar um öll þau atriði sem hafa fjárhagslega þýðingu fyrir skuldarann og niðurstaða sem leidd er af þeim um hvaða fjárhæð hann hafi úr að spila til að greiða samningskröfur. Sú fjárhæð er nefnd afborgunarfjárhæð og getur eftir atvikum verið greidd í einu lagi eða með reglulegum greiðslum á tilteknu tímabili með eða án trygginga. Nánari fyrirmæli um þetta eru í 1.–5. tölul. 2. mgr. 63. gr. c.

4. Í 38. gr. laganna eru talin upp atriði sem girt geta fyrir að skuldari fái heimild til að leita nauðasamnings. Hér er um að ræða að skuldari hafi áður haft heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings og heimildin hafi verið felld niður vegna framferðis hans, komist hafi á nauðasamningur eða kröfu hans um staðfestingu nauðasamnings hafi verið hafnað af öðrum sökum en þeim að gallar hafi verið á framkvæmd nauðasamningsumleitana. Í öllum þessum tilvikum er miðað við að þetta hafi átt sér stað á síðustu þremur árum fyrir frestdag. Þá ber að synja um heimild til að leita nauðasamnings ef rökstuddur grunur er um að upplýsingar af hendi skuldara séu vísvitandi rangar eða villandi, beiðni hans sé áfátt, fylgigögn vanti eða annmarkar séu á þeim eða að ástæða sé til að draga verulega í efa að frumvarp skuldara fáist samþykkt, nauðasamningur verði staðfestur eða skuldarinn muni efna hann. Samkvæmt ákvæði, sem lagt er til að verði 63. gr. d laganna, er gert ráð fyrir að héraðsdómari hafni beiðni um heimild til greiðsluaðlögunar ef eitthvað af þessu á við. Því til viðbótar er lagt til að neitað verði um þá heimild ef fyrirliggjandi gögn gefa ekki nægilega glögga mynd af fjárhag skuldarans eða væntanlegri þróun fjármála hans meðan greiðsluaðlögunin varir, skuldari hefur hagað fjármálum sínum á verulega ámælisverðan hátt eða tekið fjárhagslega áhættu sem ekki var í samræmi við fjárhagsstöðu hans á þeim tíma sem til fjárhagsskuldbindingarinnar var stofnað, skuldbindingar svo einhverju nemi verða raktar til háttsemi sem varði refsingu eða skaðabótaskyldu, skuldari hefur svo að máli skipti ekki staðið í skilum við lánardrottna sína þótt honum hafi verið það kleift að einhverju leyti eða öllu eða ætla má að skuldari hafi hagað gerðum sínum svo sem raun varð á með ráðnum hug um að leita greiðsluaðlögunar. Á það skal lögð áhersla að ekki er gert ráð fyrir að þessi atriði sem hér hafa verið talin verði skýrð rýmra en efni eru til. Er miðað við að nokkuð þurfi til svo að skuldara verði synjað um heimild til greiðsluaðlögunar vegna matskenndra atriða, enda má venjulega búast við að eitthvað hafi farið úrskeiðis þegar skuldari glímir við verulegan fjárhagsvanda.
5. Ef héraðsdómur fellst á beiðni skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar er kveðinn upp úrskurður þess efnis og þar með hefjast umleitanir til að koma henni á. Réttaráhrif þess að slíkur úrskurður gangi eru þau sömu og þegar skuldara er veitt er heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eftir almennum reglum, sbr. 1. mgr. 40. gr. laganna. Rakleitt í kjölfar úrskurðarins skipar héraðsdómari umsjónarmann með greiðsluaðlögun í samræmi við 2. mgr. 39. gr. laganna, en hlutverk hans er að hafa umsjón með umleitun til greiðsluaðlögunar. Störf umsjónarmannsins eru í flestu tilliti sambærileg við störf umsjónarmanns með framkvæmd nauðasamningsumleitana, en lagt er til að þóknun umsjónarmanns með greiðsluaðlögun greiðist úr ríkissjóði, svo sem áður var vikið að, sbr. 3. mgr. 63. gr. d. Samkvæmt ákvæði, sem lagt er til að verði

63. gr. e laganna, hefst umsjónarmaðurinn handa við störf sín með því að fá birta innköllun til lánardrottna, en henni skal haga í samræmi við 1. mgr. 44. gr. laganna. Einnig er gert ráð fyrir að umsjónarmaður sendi þekktum lánardrottnum tilkynningu með sömu upplýsingum og koma eiga fram í innköllun, en með þeirri tilkynningu skal fylgja greiðsluáætlun skuldara, sbr. 1. mgr. 63. gr. e og 2. mgr. 44. gr. Umsjónarmaður tekur síðan við kröfulýsingum, en aðeins þeir samningskröfuhafar sem lýst hafa kröfum sínum innan kröfulýsingarfrests eiga rétt á að láta umleitanirnar til sín taka. Að liðnum kröfulýsingarfresti tekur umsjónarmaður saman skrá yfir lýstar samningskröfur og kynnir hana skuldara. Eftir að skuldari hefur kynnt sér skrána skal umsjónarmaðurinn veita honum aðstoð til að gera breytingar á greiðsluáætlun sinni ef efni þykja standa til þeirra, sbr. niðurlag 3. mgr. 63. gr. e.

6. Innan tveggja vikna frá lokum kröfulýsingarfrests skal umsjónarmaður með greiðsluaðlögun boða til fundar til að fjalla um greiðsluáætlun skuldarans, sbr. ákvæði sem lagt er til að verði 63. gr. f laganna. Á þessum fundi er gert ráð fyrir að lánardrottnar fái upplýsingar frá skuldara um fjármál hans og bolmagn til að efna samningskröfur. Viðfangsefni þessa fundar er meðal annars að varpa ljósi á greiðslugeta skuldara þannig að kröfuhafar geti lagt mat á hvort áætlun hans um greiðslu afborgunarfjárhæðar sé raunhæf eða hvort hann geti hugsanlega greitt meira en greiðsluáætlun miðar við. Hér ættu rökstuddar ábendingar kröfuhafa að hafa áhrif en með því að koma til móts við þær væri skuldari að skapa samstöðu sem væri fallin til að greiða fyrir að greiðsluaðlögun komist á.
7. Áður en vika er liðin frá fundi til að fjalla um greiðsluáætlun skuldarans skal umsjónarmaður semja skriflega greinargerð þar sem rökstudd afstaða er tekin til þess hvort mælt er með því að greiðsluaðlögun komist á fyrir skuldarann, sbr. ákvæði sem lagt er til að verði 63. gr. g laganna. Við mat á því ber að líta til ýmissa atriða, en þar vegur þyngst hvort skuldari sé að bjóða efndir í samræmi við það sem honum er fjárhagslega kleift eftir fremstu getu og hvort raunhæft sé að hann muni standa við þær skuldbindingar sínar. Þannig má til að mynda gera ráð fyrir að umsjónarmaður leggist gegn greiðsluaðlögun ef ætla má að skuldari geti boðið frekari greiðslu en hann leggur upp með. Ef umsjónarmaður mælir gegn því að greiðsluaðlögun komist á sendir hann greinargerðina ásamt skriflegri tilkynningu til héraðsdóms og skuldara. Með því falla sjálfkrafa niður umleitanir til greiðsluaðlögunar. Þegar heimildin fellur niður vegna þessa eða af öðrum þeim ástæðum sem greinir í 41. gr. laganna skal umsjónarmaðurinn fá birta auglýsingu um þau málalok í Lögbirtingablaði. Jafnframt ber umsjónarmanni að senda lánardrottnum sem lýst hafa kröfum við umleitanir til greiðsluaðlögunar greinargerðina og tilkynningu um lyktir máls. Ef umsjónarmaður á hinn bóginn mælir með því að greiðsluaðlögun komist á hafa meðmæli hans sömu áhrif og þegar lánardrottnar samþykkja frumvarp skuldara að nauðasamningi. Skal umsjónarmaður þá boða skuldara á sinn fund og láta honum í té greinargerð sína ásamt samþykktu frumvarpi að greiðsluaðlögun, sem umsjónarmanninum er ætlað að semja, sbr. 3. mgr. 63. gr. g, en þar á meðal annars að koma fram hvað skuldari ætli að greiða upp í samningskröfur, hvaða lánardrottnar eigi þessar kröfur og önnur samningskjör. Jafnframt ber umsjónarmanni að senda samningskröfuhöfum sem lýst hafa kröfum við umleitanir til greiðsluaðlögunar greinargerðina, samþykkt frumvarp að greiðsluaðlögun og tilkynningu um lyktir máls í höndum umsjónarmanns, sbr. 4. mgr. 63. gr. g.
8. Ef umsjónarmaður mælir með því að greiðsluaðlögun komist á ber skuldara innan viku frá fundi, þar sem honum var látin í té greinargerð umsjónarmanns ásamt samþykktu

frumvarpi að greiðsluaðlögun, að leggja skriflega kröfu fyrir héraðsdóm um staðfestingu nauðasamnings til greiðsluaðlögunar, svo sem fram kemur í ákvæði sem lagt er til að verði 63. gr. h. Um þá staðfestingu fer eftir því sem segir í IX. kafla laganna, þar á meðal varðandi heimildir lánardrottna til að hafa uppi andmæli gegn henni. Verði greiðsluaðlögunin staðfest hefur það sömu réttaráhrif og réttarsátt milli skuldarans og lánardrottna hans um þær samningskröfur þeirra sem koma fram á skrá yfir lýstar kröfur að því leyti sem skuldari mótmælti þeim ekki, sbr. 2. mgr. 63. gr. h. Þessi réttaráhrif greiðsluaðlögunar eru þau sömu og eiga við um nauðasamning, sbr. 3. mgr. 60. gr. laganna. Um önnur réttaráhrif greiðsluaðlögunar fer eftir almennum reglum. Þannig er greiðsluaðlögun, sem staðfest hefur verið, bindandi fyrir lánardrottna og þá sem í stað þeirra koma um samningskröfur þeirra. Jafnframt hafa efndir samningskröfu í samræmi við greiðsluaðlögun sömu áhrif og ef krafan hefði verið efnd eftir upphaflegu efni sínu, sbr. 2. mgr. 60. gr. laganna. Að því er varðar þriðja mann haggar greiðsluaðlögun ekki rétti lánardrottins skuldarans til að ganga að veði sem hann hefur sett fyrir efndum skuldbindingar til fullnustu á henni allri eða til að krefja ábyrgðarmann um fulla greiðslu, sbr. 4. mgr. sömu greinar. Þá hefur greiðsluaðlögunin það í för með sér að allar samningskröfur falla sjálfkrafa í gjalddaga gagnvart skuldaranum, þegar greiðsluaðlögunin kemst á, nema þar sé kveðið á um annað, sbr. 1. mgr. 30. gr. laganna. Að öðru leyti gilda ákvæði 2.–4. mgr. sömu greinar um áhrif greiðsluaðlögunar á samningskröfur. Þá hefur greiðsluaðlögun það í för með sér að fullnustugerðir hjá skuldara falla niður í samræmi við 138. gr., sbr. 1. mgr. 32. gr. laganna.

9. Þær reglur sem hér hefur verið lýst eiga við þegar leitað er nauðasamnings til greiðsluaðlögunar án undangenginna gjaldþrotaskipta á búi skuldarans, en þá er beitt reglum 3. þáttar laga nr. 21/1991 með þeim frávikum sem lagt er til með frumvarpinu að kveðið verði á um í X. kafla a. Ef bú skuldarans er á hinn bóginn undir gjaldþrotaskiptum er jafnframt unnt að ljúka skiptum með nauðasamningi í samræmi við reglur XXI. kafla laganna. Í ákvæði sem lagt er til að verði 63. gr. i laganna er ráðgert að einnig verði unnt að ljúka gjaldþrotaskiptum með nauðasamningi til greiðsluaðlögunar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að sérreglum um það úrræði sem frumvarpið stefnir að verði skipað í nýjum X. kafla a laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Gert er ráð fyrir að fyrirsögn þessa kafla verði „Greiðsluaðlögun“.

Um þá leið sem hér er farin við efnisskipan er rétt að benda á að 3. þáttur laganna, sem nú er myndaður af VI.–X. kafla eða 27.–63. gr. þeirra, hefur að geyma reglur um nauðasamninga án undanfarandi gjaldþrotaskipta. Í meginatriðum er ráðgert að greiðsluaðlögun eftir reglum frumvarpsins komi til án undangenginna gjaldþrotaskipta, sbr. þó i-lið 1. gr. frumvarpsins, og eiga þær því samleið með öðrum ákvæðum 3. þáttar. Við gerð frumvarpsins þótti erfiðleikum háð að fella sérreglur um greiðsluaðlögun inn á viðeigandi stöðum í einstakar greinar, sem fyrir eru í 3. þætti, þótt út af fyrir sig hefði það verið fært, en með þeirri leið hefði meðal annars tapast sú sýn yfir reglur um þetta efni, sem fæst með því að skoða í samfellu a–h-lið 1. gr. frumvarpsins. Til þess verður þó að líta að þessar átta greinar segja engan veginn alla söguna, því þær eru settar fram með tilliti til þess að greiðsluaðlögun sé sérstök tegund nauðasamnings og gilda því meðal annars almennar reglur um slíka samninga

í 27.–63. gr. laganna jafnframt um greiðsluaðlögun að því leyti sem ekki er kveðið á um annað í a–h-lið 1. gr. frumvarpsins.

Um a-lið (63. gr. a).

Hér er að finna þrjú meginskilyrði sem fullnægt þarf að vera til að skuldari geti fengið heimild til að leita greiðsluaðlögunar. Í fyrsta lagi kemur fram að „maður“ geti leitað nauðasamnings til greiðsluaðlögunar, en með því orði eru tekin af tvímæli um að það séu aðeins einstaklingar, sem njóti þessarar heimildar, en hvorki félög né lögaðilar af öðrum toga. Í öðru lagi kemur fram í ákvæðinu áskilnaður um að skuldari sé ógjaldfær á þann veg að hann sé og verði um fyrirséða framtíð ófær um að standa í skilum með skuldbindingar sínar. Þetta skilyrði lýtur þannig að því að skuldari sé ógreiðslufær. Aftur á móti skiptir ekki máli hvort skuldari sé þannig settur að andvirði eigna hans sé minna en nemur skuldum. Sú aðstaða ein án þess að hún bitni á greiðslugetu skuldara getur því ekki réttlætt greiðsluaðlögun. Í þriðja lagi er þess að geta, sem áður var vikið að, að greiðsluaðlögun á fyrst og fremst að vera úrræði fyrir almenna launþega. Því er það skilyrði sett að skuldari hafi ekki undangengin þrjú ár borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi, hvort sem hann hefur lagt stund á hana einn síns liðs eða í félagi við aðra, nema atvinnurekstri hafi verið hætt og þær skuldir sem stafa frá atvinnurekstrinum séu tiltölulega lítill hluti af heildarskuldum hans. Er hér fyrst og fremst litið til t.d. iðnaðarmanna og sölumanna sem einir eða í félagi við aðra taka að sér verk, annaðhvort samhliða fastri atvinnu eða tímabundið. Jafnframt falli hér undir aðrir einstaklingar sem um lengri eða skemmri tíma vinna sem verktakar án þess um eiginlegan eða viðamikinn rekstur hafi verið að ræða.

Fram kemur í niðurlagi 63. gr. a að almennar reglur laganna gildi um nauðasamning til greiðsluaðlögunar eftir því sem átt getur við nema annað leiði af ákvæðum X. kafla a. Þessi tilvísun tekur einkum til annarra ákvæða 3. þáttar laganna eins og þeim verður beitt í ljósi þeirra sérreglna sem ætlað er að gilda um greiðsluaðlögun. Með því að rætt er í 63. gr. a um að leita megi „nauðasamnings til greiðsluaðlögunar“ er þó áréttað að greiðsluaðlögun er í raun sérstök tegund nauðasamnings, sem ekki aðeins önnur ákvæði 3. þáttar laganna taka til, heldur einnig sérhver fyrirmæli um nauðasamninga annars staðar í þeim lögum eða utan þeirra. Af þessum sökum leiðir til dæmis af 3. mgr. 2. gr. laganna að frestdagur getur ráðist af því hvenær beiðni skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar berst héraðsdómi, 1. mgr. 4. gr. ræður hvort íslenskir dómstólar hafi lögsögu til að taka afstöðu til slíkrar beiðni og eftir 1. mgr. 8. gr. færi um varnarþing í slíku máli, en í öllum þessum ákvæðum er rætt um beiðni um heimild til að leita nauðasamnings sem á samkvæmt áðursögðu jafnframt við um beiðni um heimild til að leita greiðsluaðlögunar. Þá leiðir einnig af þessu að þegar rætt er um nauðasamning í öðrum lögum eiga slík ákvæði við um greiðsluaðlögun, sem staðfest hefur verið fyrir dómi skv. h-lið 1. gr. frumvarpsins og IX. kafla laganna. Samkvæmt því er hér til dæmis um að ræða aðfararheimild skv. 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför.

Um b-lið (63. gr. b).

Lagt er hér til að í 63. gr. b verði ákvæði sem hafi að geyma afmörkun á efni nauðasamnings til greiðsluaðlögunar. Í ákvæðinu segir að með greiðsluaðlögun megi kveða á um algera eftirgjöf samningskrafna, hlutfallslega lækkun þeirra, gjaldfrest á þeim, greiðslu þeirra með hlutdeild í afborgunarfjárhæð skv. 3. mgr. 63. gr. c í einu lagi eða með ákveðnu millibili á nánar tilteknu tímabili, breytt form á greiðslu þeirra eða fernt það síðastnefnda í senn. Í 2. mgr. 29. gr. laganna er að finna hliðstætt ákvæði um efni nauðasamnings, sem almennar reglur þeirra taka að öllu leyti til, að því frátöldu að þar er ekki rætt um greiðslu með hlutdeild

í afborgunarfjárhæð, sem aðeins getur komið til með greiðsluaðlögun. Nánar verður vikið að þessari sérstöðu greiðsluaðlögunar í skýringum við c-lið 1. gr. frumvarpsins þegar rætt verður um hvernig skuldari á að gera greiðsluáætlun sína úr garði, en í henni á að koma fram afborgunarfjárhæð sem skuldari kann að gera ráð fyrir að greiða af samningskröfum. Um ákvæði b-liðar er þess þó að geta að við greiðsluaðlögun er það ekki skilyrði samkvæmt frumvarpinu að skuldari bjóði fram greiðslu á reglubundinni afborgunarfjárhæð, heldur getur hann til dæmis leitað eingöngu algerrar eftirgjafar á samningskröfum eða í einu lagi tiltekinnar hlutfallslegrar lækkunar á þeim og gjaldfrests til eingreiðslu á því, sem eftir stendur. Að þessu leyti væri með greiðsluaðlögun leitað eftir sams konar ívilnun og einkennir nauðasamning samkvæmt almennum reglum 3. þáttar laganna, en sá munur er hér á að skuldarinn nýtur í þessari málaleitan hagræðis af einfaldari málsmeðferð skv. X. kafla a, auk þess sem niðurstaðan er ekki háð atkvæðum lánardrottna. Undir þeim kringumstæðum verður skuldari allt að einu að gera greiðsluáætlun eftir reglum 2. mgr. 63. gr. c, en með henni væri þá sýnt fram á að hann hefði annaðhvort enga burði til að greiða neitt af samningskröfum eða að hann væri fær um að greiða í eitt skipti fyrir öll tiltekið hlutfall af þeim kröfum án þess að vænta megi að hann verði aflögufær til frekari greiðslna í framtíðinni, svo sem ef um er að ræða mann, sem hefur látið af störfum vegna heilsubrests eða fyrir aldurs sakir. Ef skuldari hyggst á hinn bóginn verja þeim hluta tekna sinna, sem á tilteknu tímabili yrði umfram nauðsynlegan kostnað af framfærslu, til að greiða samningskröfur að nokkru leyti eða öllu er gengið út frá því í frumvarpinu að þeirri tilhögun verði komið á með því að ákveða reglubundna afborgunarfjárhæð eins og um ræðir í 5. tölul. 2. mgr. og 3. mgr. 63. gr. c. Hafi skuldari ekkert annað til að leggja af mörkum til greiðslu á samningskröfum verður ekki mælt fyrir um annað en þetta í greiðsluaðlöguninni.

Eins og sést af texta 63. gr. b snýr greiðsluaðlögun ekki að öðrum skuldbindingum en samningskröfum. Svo sem getið var í almennum athugasemdum hér að framan eru samningskröfur skilgreindar í 28. gr. og 1. mgr. 29. gr. laganna. Nánar tiltekið kemur fram í 1. mgr. 28. gr. að nauðasamningur hafi ekki áhrif á tilteknar kröfur á hendur skuldaranum. Þetta eru *í fyrsta lagi* kröfur sem hafa orðið til eftir að honum var veitt heimild til að leita nauðasamnings, *í öðru lagi* kröfur um annað en peningagreiðslu sem verður fullnægt eftir aðalefni sínu, *í þriðja lagi* kröfur um afhendingu eignar annars manns sem skuldarinn hefur í vörslum sínum og kröfur sem teldust svokallaðar búskröfur eða forgangskröfur við gjaldþrotaskipti, *í fjórða lagi* kröfur sem veð eða önnur trygging er fyrir í eign skuldarans að því leyti sem andvirði hennar hrekkur fyrir skuldinni, *í fimmta lagi* kröfur sem fullnægja mætti með skuldajöfnuði skv. 100. gr. laganna ef bú skuldarans væri komið til gjaldþrotaskipta og loks *í sjötta lagi* kröfur sem eru undanþegnar nauðasamningi með því að þær greiðast að fullu. Þessar kröfur teljast ekki til samningskrafna samkvæmt því sem segir í 1. mgr. 29. gr. laganna og mundi greiðsluaðlögun þannig ekki getað náð til þeirra nema viðkomandi kröfuhafi félli frá rétti sínum til að vera óháður henni, sbr. 2. mgr. 28. gr. Samkvæmt þessu er ljóst að frumvarpið felur ekki í sér ráðagerð um að nýrri skipan verði komið á skuldir sem tryggðar eru til dæmis með veði í fasteign skuldarans, en til þess er þó að líta í því sambandi að greiðsluaðlögun hefur eins og nauðasamningur endranær þau áhrif að fjárnám, kyrrsetning eða löggeymsla, sem hefur verið gert á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag í eign skuldarans, fellur sjálfkrafa niður, sbr. 1. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 138. gr. laganna. Við afmörkun á samningskröfum skiptir ákvæði 3. mgr. 28. gr. laganna ekki síður máli, en samkvæmt því veldur nauðasamningur brottfalli á kröfum, sem skipað yrði í réttindaröð eftir 1., 2., 3. og 5. tölul. 114. gr. ef bú skuldarans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta. Samkvæmt þessu eiga hér

meðal annars undir kröfur um vexti og verðbætur af samningskröfu sem falla til eftir að úrskurður gengur um heimild til að leita nauðasamnings. Af þeim sökum hefur staðfestur nauðasamningur til greiðsluaðlögunar þau áhrif að vextir og verðbætur hætta að falla á samningskröfu og rennur greiðsla samkvæmt henni þannig upp í höfuðstól skuldarinnar, eins og hann stóð þann dag sem úrskurður gekk um heimild til að leita greiðsluaðlögunar, að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum til þess tíma. Samningskrafan mundi þannig til dæmis ekki bera dráttarvexti meðan skuldarinn greiddi af henni í samræmi við greiðsluaðlögunina. Rétt er að ítreka sérstaklega að þessi áhrif tengjast eingöngu samningskröfum og mundi greiðsluaðlögun því engin áhrif hafa á vexti eða verðbætur af skuld sem veð eða annars konar trygging er fyrir í eign skuldarans.

Um c-lið (63. gr. c).

Hér er meðal annars mælt fyrir um efni beiðni skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar og þau gögn sem verða að fylgja þeirri beiðni til héraðsdóms. Í 1. mgr. er kveðið á um efni beiðninnar, en þar er gengið út frá því að hún verði í öllum meginatriðum sams konar og beiðni um heimild til að leita nauðasamnings eftir almennum reglum, sbr. 7. og 34. gr. laganna, að því frátöldu að 2. tölul. síðarnefndu greinarinnar, þar sem segir að í beiðni eigi meðal annars að koma fram skýringar á frumvarpi að nauðasamningi, mundi ekki eiga hér við, enda er ekki ráðgert að skuldari geri slíkt frumvarp þegar leitað er greiðsluaðlögunar. Að öðru leyti verður að láta við það sitja að vísa hér til 7. og 34. gr. laganna án frekari umfjöllunar.

Samkvæmt 1. mgr. 63. gr. c eiga nánar tiltekin gögn að fylgja beiðni skuldarans um heimild til að leita greiðsluaðlögunar, en með ákvæðinu er vikið talsvert til einföldunar frá reglum 35. gr. laganna, þar sem talið er upp hvað fylgja eigi beiðni um heimild til að leita nauðasamnings eftir almennum reglum. Þar skiptir mestu, sem áður var getið, að skuldaranum er ekki ætlað að gera frumvarp að nauðasamningi, en að nokkru kemur í þess stað greiðsluáætlun sem lýst er í 2. mgr. 63. gr. c og vikið verður sérstaklega að hér á eftir. Þá er heldur ekki ráðgert að skuldari leggi fram meðmæli frá tilteknum fjölda lánardrottna, svo sem almennt gildir skv. 2. tölul. 1. mgr. 35. gr. Í 1. mgr. 63. gr. c kemur fram að skuldari eigi að láta í té með beiðni sinni fjögur síðustu skattframtöl sín og tengist þetta því, sem áður var lýst í sambandi við 63. gr. a, að skuldari geti almennt ekki fengið heimild til að leita greiðsluaðlögunar ef hann hefur borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi undangengin þrjú ár nema að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Er þannig ætlast til að skattframtölin verði höfð til marks um að þessu skilyrði fyrir greiðsluaðlögun sé fullnægt, en skilyrði þetta veldur því jafnframt að með beiðni um heimild til að leita greiðsluaðlögunar þurfa ekki að fylgja reikningsskil fyrir skuldara eins og áskilið er í 2. mgr. 35. gr. laganna. Í 1. mgr. 63. gr. c kemur að auki fram að beiðninni eigi að fylgja gögn sem hún er studd við, svo og vottorð um hjúskaparstöðu og fjölskyldu. Áskilnaður er gerður um síðastnefnd vottorð með tilliti til þess að máli skiptir fyrir greiðsluáætlun skuldarans hvort hann haldi heimili með öðrum og beri eftir atvikum framfærsluskyldu við aðra heimilismenn, svo og hvort ætlast verði til að þeir leggi eitthvað af mörkum vegna útgjalda í tengslum við heimilishald.

Mikilvægasta gagnið sem þarf að fylgja beiðni um heimild til að leita greiðsluaðlögunar er greiðsluáætlun og er tiltekið í 2. mgr. 63. gr. c hvað þar eigi að koma fram. Samkvæmt ákvæðinu á greiðsluáætlunin að þjóna þeim tilgangi að veita einkum upplýsingar *í fyrsta lagi* um tekjur skuldarans og annað fé, sem hann kann að ráða yfir eða geta aflað til að standa straum af greiðslu skulda, *í öðru lagi* um fjárhæð skulda, þar á meðal um reglubundnar afborganir af þeim ef því er að skipta, *í þriðja lagi* um væntanleg útgjöld á greiðsluaðlögunar-

tímabili vegna framfærslu og annarra nauðsynlegra þarfa og loks *í fjórða lagi* um hvað ályktamegi af þessu að skuldari sé fær um að leggja af mörkum til reglubundinna greiðslna af skuldum sínum með svokallaðri afborgunarfjárhæð ef hann hyggst bjóða slíkt fram. Með þessu er í raun lýst grundvellinum að því, sem helst einkennir greiðsluaðlögun í samanburði við nauðasamning eftir almennum reglum, en það er að koma á þeirri skipan að skuldari verji fjármunum, sem ekki er brýn þörf á vegna heimilishalds og framfærslu, til að greiða jafnt upp í allar skuldir á tilteknu tímabili, en að því tímabili loknu falli niður sá hluti skuldanna sem þá kann að standa eftir. Greiðsluáætlun eftir reglum 2. mgr. 63. gr. c á þannig að sýna með viðeigandi skýringum útreikning á því hvað raunhæft sé að ætla að skuldarinn geti að óbreyttum forsendum greitt af skuldum sínum á tilteknu tímabili. Í frumvarpinu er ekki gerður áskilnaður um eitthvert lágmark eða hámark greiðslu og er því hugsanlegt að greiðsluáætlun leiði í ljós að skuldari sé alls ófær um að greiða neitt eða á hinn bóginn að hann geti staðið undir nokkrum hluta skulda eða þeim öllum með því að dreifa greiðslum yfir nánar tiltekinn fjölda mánaða eða ára. Greiðsluaðlögunin yrði þá reist á þeirri reikningslegri forsendu sem fengin yrði fram á þennan hátt. Í frumvarpinu er heldur ekki afmarkað hversu langt greiðsluaðlögunartímabil eigi að vera, en þess í stað er gengið út frá því að tímalengdin ráðist hverju sinni af aðstæðum skuldarans, svo sem aldri, starfi, tekjuhorfum og fjölskyldustærð, og að haft verði í huga að markmið greiðsluaðlögunar er að létta af skuldara að axla byrði af óviðráðanlegum skuldbindingum til langframa. Í norrænum rétti eru reglur með líkum hætti, en í framkvæmd hefur þar mótast sú venja að greiðsluaðlögunartímabil sé að öðru jöfnu þrjú til fimm ár. Má ætla að nærtækt sé að hafa hliðsjón af því í framkvæmd hér á landi.

Til nánari skýringa á einstökum atriðum sem koma eiga fram í greiðsluáætlun má huga að því að skv. 1. tölul. 2. mgr. 63. gr. c á að tiltaka hverjar tekjur skuldarans eru ásamt tekjum þeirra sem teljast til heimilis með honum. Með þessu er ekki gefið til kynna að ætlast sé til að allir heimilismenn skuldarans taki þátt í greiðslu skulda hans, enda ber hvorki maki hans né aðrir sem halda með honum heimili ábyrgð á skuldbindingum hans nema það leiði annaðhvort af lögum, svo sem vegna samábyrgðar hjóna á greiðslu vissra skatta, eða þess að viðkomandi hafi gengist í ábyrgð fyrir skuld. Á hinn bóginn skipta tekjur maka eða annarra heimilismanna máli á þann hátt að eftir því sem þær kunni að vera meiri dregur úr þörf á því að tekjum skuldarans sé í sama mæli og ella varið til greiðslu kostnaðar af framfærslu þeirra, til dæmis ef maki skuldarans, sem jafnframt honum er framfærsluskyldur við börn þeirra, hefur teljandi tekjur en ber ekki teljandi skuldir. Þessi áskilnaður í 1. tölul. snýr þannig öðrum þræði að því að leggja grunn að útreikningi á útgjöldum skuldarans til framfærslu og heimilishalds, sbr. 4. tölul. 2. mgr. 63. gr. c. Í tengslum við þetta verður að taka fram að þegar rætt er um tekjur þeirra sem teljast til heimilis með skuldaranum er ekki horft til þess að tekjur ólögráða barna þar skipti almennt máli þegar leitast er við að reikna út grundvöll fyrir greiðsluaðlögun, enda er ekki með þessari reglu knúið á um að þau greiði eitthvert framlag til heimilishalds, þótt sjálfstæð tekjuöflun þeirra geti á hinn bóginn dregið úr þörf á stuðningi skuldarans við þau. Í 1. tölul. kemur einnig fram að upplýsa eigi í greiðsluáætlun um tekjur án tillits til þess hvort þær stafi af vinnu eða öðrum sökum, svo sem fjármagnstekjur eða greiðslur úr almannatryggingum eða lífeyrissjóði. Loks er þess að geta um þetta ákvæði að mælt er fyrir um að veita eigi upplýsingar í greiðsluáætlun um hvað ráði tekjum skuldarans og annarra, sem halda með honum heimili, og hvort horfur séu á að þær taki breytingum. Í þessu felst að upplýsa verður til dæmis hvort tekjurnar fari eftir ráðningarsamningi eða nánar tilteknum kjarasamningi ef um vinnulaun er að ræða, hvað ráði umfangi lífeyris eða annars konar greiðslna úr lífeyrissjóði eða almannatryggingum og af hverju fjár-

magnstekjur kunni að stafa. Tilgangur þessa ásamt upplýsingum um hvort horfur séu á að tekjurnar taki breytingum er sá að fram verður að koma í greiðsluáætlun raunhæfur spádómur um tekjur skuldarans og annarra heimilismanna hans á greiðsluaðlögunartímabili.

Samkvæmt 2. tölul. 2. mgr. 63. gr. c á að koma fram í greiðsluáætlun hvort skuldarinn muni hafa fé af öðru en tekjum sínum til að greiða af skuldum. Eins og nefnt er í dæmaskyni í ákvæðinu kann þetta að stafa af fjárframlögum annarra, svo sem ef maki skuldarans er reiðubúinn til að láta af hendi hluta af tekjum sínum til að greiða skuldir hans, ættingi skuldarans vill leggja til fé í þessu skyni eða hann á í vændum að fá útborgaðan arf. Annað er þó nefnt í ákvæðinu, sem meiru máli skiptir, en það er fé sem skuldarinn kann að geta losað um með sölu eigna. Í tengslum við þetta verður að benda á að í frumvarpinu eru engin skilyrði sett um að skuldari þurfi í meginatriðum að vera eignalaus til að geta fengið heimild til að leita greiðsluaðlögunar eða að hann verði knúinn til að selja eignir til að geta fengið heimildina. Á hinn bóginn er ekki ætlast til að lánardrottnar verði að þola eftirgjöf af kröfum sínum án þess að skuldarinn leggi sitt af mörkum til að greiða þeim eins og honum er framast unnt, þar á meðal með því að selja eignir, sem ekki eru að fullu veðsettar, og hafa þannig tiltækt fé til að greiða upp í skuldir. Til frekari skýringar á þessu má taka sem dæmi að skuldari eigi íbúð, sem veðskuldir hvíla á svo að svari til 80% af markaðsverði hennar. Við þær aðstæður verður almennt að ætlast til þess að við greiðsluaðlögun selji skuldarinn slíka eign til að geta varið 20% af söluverðinu til greiðslu skulda, en taki síðan íbúðarhúsnæði á leigu eða kaupi annað ódýrara gegn því að veðsetja það seljandanum eða lánastofnun fyrir fullu markaðsverði. Skuldarinn getur hins vegar verið í þeirri aðstöðu að íbúðarhúsnæði hans sé veðsett fyrir fullu verði eða jafnvel hærri fjárhæð. Undir þeim kringumstæðum hafa lánardrottnar hans engan hag af því að húsnæðið sé selt, svo framarlega sem afborganir af veðskuldum eru ekki að mun hærri en svo að þær svari til þess sem skuldarinn yrði ella að greiða fyrir leigu á öðru hæfilegu íbúðarhúsnæði. Er ætlast til að aðstæður skuldara, sem þetta getur átt við um, verði metnar í hverju tilviki og þá meðal annars með tilliti til áætlunar um útgjöld skuldarans af íbúðarhúsnæði skv. 4. tölul. 2. mgr. 63. gr. c. Varðandi aðrar eignir en íbúðarhúsnæði verður að ganga út frá því að skuldarinn eigi rétt á að halda lausafjármunum til að halda heimili í sama mæli og slíkar eignir verða undanþegnar við fjárnám skv. 43. gr. laga nr. 90/1989, um aðför. Að þessu frágengnu verður á hinn bóginn að gefa sér þá almennu reglu að skuldarinn verði í tengslum við greiðsluaðlögun að koma öðrum eignum í verð til að greiða lánardrottnum, þótt væntanlega megi sýna nokkru meiri hliðrunarsemi við þessar aðstæður heldur en við fjárnám, svo sem með því að skuldari fái að halda verðlítilli bifreið. Í því sambandi yrði að beita sanngirnismati með því að vega saman hagsmuni skuldarans og lánardrottna hans, en þar getur einnig skipt máli hvort eftirgjöf af skuldum er mikil eða lítil.

Í 3. tölul. 2. mgr. 63. gr. c er kveðið á um að sundurliða eigi í greiðsluáætlun allar skuldir skuldarans, bæði þær sem þegar eru gjaldfallnar og þær sem ekki eru komnar í gjalddaga. Um þær síðarnefndu verður að gefa upplýsingar um afborgunarkjör og gjalddaga, svo og vexti og verðtryggingu af þeim. Tekið er fram í ákvæðinu að þetta verði jafnframt að gera þótt tilteknar skuldir teljist ekki til samningskrafna og greiðsluaðlögun taki þannig ekki til þeirra. Allt er þetta áskilið til að fá megi glögga mynd ekki aðeins af því, sem skuldarinn kann þegar að vera kominn í vanefndir með, heldur líka af skuldbindingum sem fram undan eru. Í því sambandi skiptir einnig máli hvaða skuldir, sem greiðsluaðlögunin hefur ekki áhrif á, eiga eftir að falla á skuldarann á tímabilinu sem hún stæði yfir, til dæmis veðskuldir sem hvíla á íbúðarhúsnæði sem hann kann að geta haldið. Er þá haft í huga að greiðslur af þessum síðastnefnda toga hefðu óhjákvæmilega áhrif á getu skuldarans til að greiða öðrum lánardrottnum.

Samkvæmt 4. tölul. 2. mgr. 63. gr. c verður í greiðsluáætlun að setja fram áætlun um meðaltal mánaðarlegra útgjalda skuldarans og þeirra, sem teljast til heimilis með honum, á tímabilinu sem greiðsluaðlögun er ætlað að vara vegna óhjákvæmilegs kostnaðar af heimilishaldi og daglegu lífi að öðru leyti. Í ákvæðinu er nefnt í dæmaskyni að slíkur kostnaður geti stafað meðal annars af framfærslu, opinberum gjöldum, húsaleigu og afborgunum af skuldum sem tryggðar eru með veði eða á annan hátt í íbúðarhúsnæði skuldarans eða öðrum eignum sem hann vill fá að halda eftir án tillits til greiðsluaðlögunar. Í tengslum við þetta þarf að hafa hugfast að greiðsluaðlögunin á ekki að fella á lánardrottna þyngri byrðar en nauðsyn ber til og verður því skuldarinn að haga lífi sínu með tilliti til þess. Við útreikning á áætluðum útgjöldum hans í framangreindu skyni verður þannig að taka mið af því sem telja má mannsæmandi en látlausa lifnaðarhætti, þar sem leitast er við að draga eftir megni úr óþarfa. Ganga verður út frá því að útreikningur sem þessi verði að meginreglu að vera staðlaður meðal annars með tilliti til aldurs skuldarans og fjölskyldustærðar, heilsufars hans og heimilisfólks hans, dvalarstaðar og þess háttar atriða. Í því sambandi er til dæmis ekki fært að taka mið af raunverulegum kostnaði, sem skuldarinn hefur haft af íbúðarhúsnæði sínu, hvort sem er með greiðslu húsaleigu eða afborgana af skuldum vegna kaupa á því, heldur verður að leggja til grundvallar hvað telja megi eðlilegt leiguverð íbúðarhúsnæðis miðað við dvalarstað skuldarans og fjölskyldustærð. Séu afborganir af íbúðarláni, sem hvílir með veði á eigin húsnæði skuldarans, lægri en nemur slíkri áætlaðri leigufjárhæð er ekki ástæða vegna þessa til að finna að því að hann kjósi fremur að búa í sínu eigin íbúðarhúsnæði en að verja sömu eða hærri fjárhæð til greiðslu húsaleigu á öðrum stað. Með líkum hætti verður að nálgast áætlun útgjalda vegna annarra þarfa, svo sem til daglegrar framfærslu, kostnaðar af dagvistun barna eða rekstrar ódýrrar bifreiðar.

Þegar stillt hefur verið upp þeim atriðum í greiðsluáætlun sem að framan er getið stendur eftir skv. 5. tölul. 2. mgr. 63. gr. c að leiða af þeim niðurstöðu um hver afborgunarfjárhæð geti orðið af samningskröfum ef bjóða á hana fram. Þannig er ráðgert að finna verði skv. 1. tölul. hverjar meðaltalstekjur skuldarans geti mánaðarlega orðið á greiðsluaðlögunartímabili, hvað kunni að leggjast við þessar tekjur skv. 2. tölul. vegna sölu eigna hans eða fjárframlaga frá öðrum, hvað draga verði af samanlagðri fjárhæð úr þessum tveimur liðum vegna áætlunar á meðaltali mánaðarlegra útgjalda skuldarans skv. 4. tölul., en mismunurinn getur þá orðið mánaðarleg afborgunarfjárhæð í skilningi 5. tölul., sem varið verður til að greiða hlutfallslega jafn mikið af hverri einstakri samningskröfu eins og hún er útreiknuð á grundvelli 3. tölul. Samkvæmt því sem fram kemur í 5. tölul. verður að tiltaka í greiðsluáætluninni hvernig skuldarinn býðst til að greiða afborgunarfjárhæðina, sem getur hvort sem er verið gert í einu lagi að tilteknum tíma liðnum eða með reglubundnum greiðslum á ákveðnu tímabili, til dæmis með jafnri mánaðarlegri fjárhæð af tekjuafgangi skuldarans og eftir atvikum með viðbót eftir ákveðinn tíma vegna andvirðis seldrar eignar. Í tengslum við þetta verður að koma fram í greiðsluáætlun hversu lengi skuldarinn muni greiða slíkar reglubundnar greiðslur til lánardrottna, til dæmis 15. dag hvers mánaðar næstu þrjú eða fimm árin, en það, sem þá kynni að standa eftir af samningskröfum, mundi þá falla niður vegna þessa nauðasamnings. Gengið er út frá því að í greiðsluáætlun komi aðeins fram hver afborgunarfjárhæðin verður í heild á hverjum gjalddaga, en skuldaranum er ekki ætlað að skipta henni á þessu stigi niður á tiltekna lánardrottna, enda verður það fyrst gert þegar leitt hefur verið í ljós með innköllun skv. 1. mgr. 63. gr. e hverjir lánardrottnarnir eru nánar. Skv. 5. tölul. getur skuldarinn boðið lánardrottnum tryggingu fyrir greiðslu afborgunarfjárhæðar, til dæmis ábyrgð þriðja manns, en slíkt er ekki áskilið sem skilyrði fyrir greiðsluaðlögun þótt ætla megi að lánardrottnar geti

reynst viljugri til að mæta tillögum skuldarans með velvild ef slíkt er boðið fram. Þess verður að geta að þótt skuldari eigi kost á að koma fram greiðsluaðlögun með öðrum kjörum en greiðslu afborgunarfjárhæðar á tilteknu tímabili, svo sem fram kemur í 63. gr. b, verður hann allt að einu að gera greiðsluáætlun til að leggja fram með beiðni um heimild til þeirrar aðgerðar. Þetta stafar af því að greiðsluáætlun þjónar þeim tilgangi að sýna lánardrottnum jafnt sem umsjónarmanni með greiðsluaðlögun fram á hver sé fyrirsjáanleg geta skuldarans til að greiða af skuldum sínum á komandi árum. Sé sú geta engin getur skuldarinn leitað greiðsluaðlögunar til að fá algera eftirgjöf samningskrafna, sbr. 63. gr. b, en greiðsluáætlunin mundi þá vera nauðsynlegur grundvöllur til að sýna fram á að þau málalok séu óhjákvæmileg.

Í 3. mgr. 63. gr. c er kveðið á um verðtryggingu afborgunarfjárhæðar og er í þeim efnum ráðgert að slíkt sé skilyrði fyrir greiðsluaðlögun þar sem sú tilhögun á greiðslum verður fyrir valinu. Þetta er áskilið með tilliti til þess að greiðsluaðlögun með greiðslu afborgunarfjárhæðar getur varað um nokkurra ára skeið og er því ekki ástæða til annars en að aukinn almennur kaupmáttur launa komi lánardrottnum skuldarans til góða á þennan hátt. Í 3. mgr. er gengið út frá því að þessi verðtrygging taki að meginreglu mið af launavísitölu, en frá því megi þó víkja ef tekjur, sem skuldarinn hyggst verja til greiðslu afborgunarfjárhæðar, munu fyrirsjáanlega ekki fylgja þeim verðlagsmæli.

Samkvæmt 4. mgr. 63. gr. c getur skuldarinn gert ráð fyrir því í greiðsluáætlun að skuldir innan tiltekinnar fjárhæðar verði greiddar að fullu þótt lánardrottnar, sem eiga hærri samningskröfur, verði að þola skerðingu á sínum réttindum. Tekið er fram í ákvæðinu að heimild til þessa sé háð því að fjárhæð skuldanna, sem greiðast til fulls, sé óveruleg í ljósi fjárhags skuldarans og að tryggt sé að allir aðrir lánardrottnar fái að minnsta kosti jafn háa greiðslu upp í sínar kröfur. Regla um heimild af þessum toga gildir um nauðasamning, sem gerður er eftir almennum reglum, sbr. 3. mgr. 29. gr. og 2. mgr. 36. gr. laganna, en hún hefur þótt eðlileg meðal annars til hagræðis við greiðslur á grundvelli nauðasamnings. Þess skal og getið að í niðurlagi 4. mgr. 63. gr. c er ráðagerð um að lánardrottinn geti gefið meira eftir af samningskröfu sinni en aðrir með því að afsala sér hlutdeild í afborgunarfjárhæð að einhverju leyti eða öllu. Þótt þess sé ekki að vænta að staða sem þessi komi upp í ríkum mæli getur verið hugsanlegt að skuldari nái við undirbúning beiðni sinnar samkomulagi við tiltekinn lánardrottinn, einn eða fleiri, um að gefa meira eftir en aðrir og greiða þannig fyrir greiðsluaðlögun, en almennt gildir regla um heimild sem þessa við nauðasamningsumleitanir, sbr. 3. mgr. 29. gr. laganna.

Samkvæmt áðurnefndum lögum nr. 65/1996 getur einstaklingur sem hyggst leita nauðasamnings sótt um að fá úr ríkissjóði réttaraðstoð í því skyni, en með henni verður viðkomandi í reynd eins settur og sá sem fengið hefur gjafsókn vegna rekstrar einkamáls fyrir dómi. Slík réttaraðstoð nær þá meðal annars til kostnaðar af þjónustu sem skuldarinn kann að þurfa að afla sér við gerð beiðni um heimild til nauðasamningsumleitana og gagna sem henni verða að fylgja. Eins og reglur frumvarpsins eru gerðar úr garði er gengið út frá því að öllu einfaldara verði að undirbúa beiðni um heimild til að leita greiðsluaðlögunar og geti meðal annars komið að notum eyðublöð eða annar viðlíka háttur til að setja fram upplýsingar í stöðluðu horfi. Vegna þessa er nærtækt að ætla að hagkvæmari leiðir séu tækar til að veita skuldara fjárhagslegan stuðning af almannafé til að leita greiðsluaðlögunar en með réttaraðstoð samkvæmt lögum nr. 65/1996. Því til samræmis er lagt til í 5. mgr. 63. gr. c að dómsmálaráðherra geti með reglugerð komið á fót leið handa skuldara til að fá endurgjaldslausa aðstoð, hvort heldur hjá opinberri stofnun eða á öðrum vettvangi, við undirbúning beiðni um heimild til að leita greiðsluaðlögunar og gerð fylgigagna með beiðninni. Verði þessi reglugerðar-

heimild nýtt mun skuldarinn ekki geta fengið réttaraðstoð eftir fyrrnefndum lögum að þessu leyti, svo sem tekið er fram í niðurlagi 5. mgr.

Um d-lið (63. gr. d).

Hér eru talin skilyrði sem skuldari þarf að fullnægja til að geta fengið heimild til að leita greiðsluaðlögunar til viðbótar þeim sem felast í 63. gr. a og áður er gerð grein fyrir í athugasemdum við a-lið 1. gr. Samkvæmt því sem fram kemur í upphafi 1. mgr. 63. gr. d gilda almennar reglur 1. mgr. 38. gr. laganna um heimild til að leita greiðsluaðlögunar, þar sem talin eru atriði sem valda því að héraðsdómara beri að synja um heimild til að leita nauðasamnings. Um þessar almennu reglur hefur þegar verið fjallað hér að framan í 4. lið í III. kafla almennra athugasemda við frumvarpið. Auk þessa er gengið út frá því að skuldari þurfi að fullnægja frekari skilyrðum sem talin eru í 1.–5. tölul. 1. mgr. 63. gr. d, en þess skal getið að þau ákvæði eiga sér fyrirmynd í 2. mgr. 197. gr. dönsku gjaldþrotaskiptalaganna.

Atriðin sem talin eru upp í einstökum töluliðum 1. mgr. 63. gr. d eiga það sammerkt að þau valda því að héraðsdómari geti hafnað beiðni um heimild til að leita greiðsluaðlögunar. Skv. 1. tölul. verður beiðni hafnað ef fyrirliggjandi gögn gefa ekki nægilega glögga mynd af fjárhag skuldarans eða væntanlegri þróun fjárhags hans á því tímabili sem greiða á af skuldum hans samkvæmt greiðsluáætlun. Hér ber að leggja áherslu á að skuldari verður að veita fullnægjandi upplýsingar um allt sem lýtur að fjárhagslegum málefnum hans. Þannig ber honum að varpa ljósi á bæði eigna- og skuldastöðu auk þess að greina frá tekjum og möguleikum til að afla þeirra, svo og áætluðum útgjöldum, eins og nánar var lýst í athugasemdum við c-lið 1. gr. frumvarpsins. Skv. 2. tölul. verður beiðni um heimild til að leita greiðsluaðlögunar hafnað ef skuldarinn hefur hagað fjármálum sínum á verulega ámælisverðan hátt eða tekið fjárhagslega áhættu sem ekki var í samræmi við fjárhagsstöðu hans á þeim tíma sem til fjárhagsskuldbindingarinnar var stofnað eða eftir að honum mátti vera orðið ljóst að hann væri ófær um að standa í fullum skilum við lánardrottna sína. Skv. 3. tölul. verður beiðni hafnað ef til skulda hefur verið stofnað á þeim tíma er skuldari var greinilega ófær um að standa við fjárhagsskuldbindingar sínar. Jafnframt verður beiðni hafnað skv. 4. tölul. ef skuldari hefur bakað sér skuldbindingu sem einhverju nemur miðað við fjárhag hans með háttsemi sem varðar refsingu eða skaðabótaskyldu. Þá verður beiðni skuldara hafnað eftir 5. tölul. ef hann hefur svo að máli skipti látið hjá líða að standa í skilum við lánardrottna sína þótt honum hefði verið það kleift að einhverju leyti eða öllu. Loks verður beiðni hafnað skv. 6. tölul. ef ætla má að skuldarinn hafi hagað gerðum sínum svo sem raun varð á með ráðnum hug um að leita greiðsluaðlögunar. Þessum atriðum sem greinir í 2.–6. tölul. er það sammerkt að ekki getur verið viðeigandi að skuldari eigi kost á greiðsluaðlögun ef vandi hans verður að einhverju leyti eða öllu rakinn til atvika af þessu tagi þar sem hann sjálfur með framgöngu sinni ber ábyrgð á því hvernig hans málum er komið. Það skal áréttað að ekki er gert ráð fyrir að þessi matskenndu atriði verði túlkuð rýmra en efni eru til. Þegar skuldari glímir við verulegan fjárhagsvanda er vissulega eitt og annað sem hlýtur að hafa farið úrskeiðis hjá honum án þess þó að framangreind atriði verði talin eiga við þannig að girt sé fyrir greiðsluaðlögun.

Samkvæmt 2. mgr. 63. gr. d er lagt til að heimilt verði að skjóta til Hæstaréttar úrskurði héraðsdóms þar sem synjað er um heimild til að leita greiðsluaðlögunar. Aftur á móti er ekki gert ráð fyrir málskoti ef heimildin er veitt. Þetta er samhljóða ákvæðum um málskot úrskurðar um heimild til að leita nauðasamnings, sbr. 2. mgr. 38. gr. og 1. mgr. 39. gr. laganna. Þykir rétt að sömu reglur gildi að þessu leyti um greiðsluaðlögun.

Í 3. mgr. ákvæðisins segir að um skipun og stöðu umsjónarmanns með greiðsluaðlögun fari skv. 2. mgr. 39. gr. laganna. Hér gildir þó sú regla að kostnaður af málsmeðferð við

greiðsluaðlögun, þ.m.t. þóknun umsjónarmanns, greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun héraðsdómara. Þetta er frábrugðið því sem gildir við nauðasamningsumleitanir eftir almennum reglum, en þá verður skuldari að standa straum af kostnaðinum. Eins og áður segir er markmiðið með þessari aðstoð við skuldara að greiða fyrir að greiðsluaðlögun nái þeim tilgangi að vera raunhæft úrræði fyrir hann til að ráða bót á þeim fjárhagsvanda sem hann glímir við.

Um e-lið (63. gr. e).

Hér er að finna fyrstu sérákvæði X. kafla a um aðgerðir eftir að fenginn hefur verið dómsúrskurður um heimild skuldara til að leita greiðsluaðlögunar. Er hér nánar tiltekið mælt fyrir um innköllun til lánardrottna, kröfulýsingar þeirra og meðferð krafna að loknum kröfulýsingarfresti, en þegar hér er komið sögu er staða skuldarans orðin sú sem kveðið er á um í 40., sbr. 43. gr. laganna, og er hann því í flestum atriðum eins settur og ef honum hefði verið veitt heimild til greiðslustöðvunar, bæði að því er varðar rétt hans til ráðstafana og vernd fyrir fullnustugerðum lánardrottna.

Í 1. mgr. 63. gr. e eru sérstök fyrirmæli um innköllun til lánardrottna þegar leitað er greiðsluaðlögunar, en svo sem fram kemur í ákvæðinu gefur umsjónarmaður, sem á þessu stigi er nýskipaður til starfa skv. 3. mgr. 63. gr. d, innköllunina út. Skv. 1. mgr. 63. gr. e verður að koma fram að innköllunin sé gefin út sökum þess að skuldarinn leiti greiðsluaðlögunar og skal að auki boðað í henni til fundar umsjónarmannsins með samningskröfuhöfum til að fjalla um greiðsluáætlun, en um efni hennar, birtingu og réttaráhrif gilda að öðru leyti almennar reglur 1. mgr. 44. gr. og 3. mgr. 45. gr. laganna. Því til samræmis á að birta innköllunina tvívegis í Lögbirtingablaði og er kröfulýsingarfrestur fjórar vikur frá fyrri birtingunni. Innköllunin hefur ekki þau réttaráhrif að vanlýst krafa falli niður, heldur fer kröfuhafi, sem hirðir ekki um að lýsa kröfu sinni, á mis við heimild til að hafa afskipti af meðferð málsins fyrir umsjónarmanni og dómstólum ef til þess kemur að leitað sé þar staðfestingar á greiðsluaðlögun, sbr. 2. mgr. 63. gr. e.

Samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar á umsjónarmaður að gera svokallaða kröfuskrá að loknum kröfulýsingarfresti. Fram kemur í ákvæðinu að greina eigi í skránni frá þeim samningskröfum sem lýst hefur verið fyrir umsjónarmanninum á kröfulýsingarfresti og er því ekki ætlast til að þar verði teknar upp kröfur sem ekki teljast til samningskrafna, þótt þeim hafi verið lýst í framhaldi af innköllun. Um efni kröfuskrárinnar er í 3. mgr. að öðru leyti vísað til 1. og 2. tölul. 1. mgr. 46. gr. laganna. Í 2. málsl. þessarar málsgreinar er sérstakt ákvæði um þá aðstöðu að skuldari hafi í greiðsluáætlun greint frá samningskröfu sem ekki hefur verið lýst innan kröfulýsingarfrests. Ekki er ráðgert að umsjónarmaður taki slíka kröfu upp í kröfuskrá á þeim grunni einum að skuldarinn hafi gert grein fyrir henni, enda byði slíkt upp á hættu á misferli. Þess í stað er ætlast til að umsjónarmaður bregðist þannig við að hann leiti upplýsinga hjá viðkomandi lánardrottni um hvort krafan sé í raun til og hver fjárhæð hennar þá sé, en í samræmi við slíkar upplýsingar yrði krafan tekin upp í kröfuskrá eftir því sem atvik standa til. Þótt þetta yrði gert teldist kröfunni ekki hafa verið lýst og nyti viðkomandi lánardrottinn því ekki þeirrar stöðu sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þessarar greinar. Svo sem fram kemur í niðurlagi 3. mgr. ber umsjónarmanninum að kynna skuldaranum kröfuskrána strax á þessu stigi og veita honum ef þörf krefur aðstoð við að gera breytingar á greiðsluáætlun. Með þeirri reglu er ekki gefið til kynna að ástæða geti almennt verið til að endurskoða greiðsluáætlun á þessu stigi, heldur er verið að tryggja að skuldari eigi aðgang að umsjónarmanninum til að veita ráðgjöf og aðstoð í þessum efnum hafi eitthvað óvænt komið fram með kröfulýsingum, svo sem að skuldir hafi verið stórum fleiri en skuldarinn hafði að óreyndu

gert sér grein fyrir eða heildarfjárhæð þeirra til dæmis lægri. Slíkt gæti gefið tilefni til að huga á ný að greiðsluáætlun, einkum ef gert er þar ráð fyrir annarri tilhögun við greiðsluaðlögun en greiðslu upp í kröfur með afborgunarfjárhæð.

Um f-lið (63. gr. f).

Í ákvæðinu eru lagðar til reglur um fund sem umsjónarmanni er ætlað að halda með þeim kröfuhöfum, sem lýst hafa samningskröfum á kröfulýsingarfresti, til að fjalla um greiðsluáætlun skuldarans. Fundur þessi, sem halda ber innan tveggja vikna frá lokum kröfulýsingarfrests, er að ýmsu leyti hliðstæða fundar sem haldinn er skv. 48. gr. laganna við nauðasamningsumleitanir eftir almennum reglum, en á honum eru greidd atkvæði um frumvarp skuldara að nauðasamningi. Við greiðsluaðlögun liggur ekkert frumvarp fyrir og þar fer engin slík atkvæðagreiðsla fram, en þess í stað er í 63. gr. f ráðgert að fundurinn þjóni þeim megintilgangi að umsjónarmaður fái að hlýða á viðhorf lánardrottna og skýringar skuldara, en í lok fundarins liggi fyrir að greiðsluáætlun sé af hendi skuldarans orðin endanleg þannig að umsjónarmaðurinn geti tekið afstöðu til þess hvort hann mæli með því að greiðsluaðlögun komist á.

Í 1. mgr. 63. gr. f eru í 1. málsl. sett áðurnefnd tímamörk fyrir því að fundur þessi verði haldinn jafnframt því sem vitnað er til 1. og 2. mgr. 48. gr. laganna um almenn atriði varðandi fundarhald. Að öðru leyti lýtur þessi málsgrein frumvarpsins að því hvernig bregðast skuli við ef fram kemur á fundinum ágreiningur um kröfu sem lýst hefur verið fyrir umsjónarmanni, hvort heldur vegna þess að skuldari mótmælir henni eða annar lánardrottinn. Samkvæmt ákvæði þessu er ætlast til að umsjónarmaðurinn leitist við að jafna ágreining og er þá haft í huga að miklu skiptir fyrir alla hlutaðeigandi að niðurstaða fáist um atriði sem þetta vegna þess að greiðslur skuldara eiga að dreifast hlutfallslega jafnt til allra samningskröfuhafa að fenginni greiðsluaðlögun. Eins og ráðið verður af lokamálslið þessarar málsgreinar er á hinn bóginn ekki ætlast til að umleitanir til að koma á greiðsluaðlögun brjóti á hugsanlegum ágreiningi um fram komna kröfu, en vissulega gæti óútkljáð deila um atriði sem þetta sett strik í reikninginn þegar kemur að því að umsjónarmaður taki ákvörðun um hvort hann mæli með greiðsluaðlögun, sbr. 63. gr. g.

Samkvæmt 2. mgr. 63. gr. f er ráðgert að á fundi þessum fari að öðru leyti fram viðræður skuldara og lánardrottna, þar sem sá fyrrnefndi verði meðal annars krafinn skýringa á atriðum sem þeir síðarnefndu telji þörf á, en að því búnu leiti umsjónarmaðurinn afstöðu hvers og eins lánardrottins sem sækir eða lætur sækja fundinn til greiðsluáætlunar skuldarans. Er ætlast til að umsjónarmaðurinn færi í fundargerð hver afstaða hvers lánardrottins sé. Þegar þær athugasemdir eru komnar fram fær skuldarinn að síðustu tækifæri til að endurskoða greiðsluáætlun sína í tilefni af skoðanaskiptum á fundinum. Athugasemdir lánardrottna á fundinum geta lotið að því að skuldarinn bjóði ekki svo háa greiðslu sem honum væri fært, til dæmis vegna þess að hann vanmeti framtíðartekjur, geri ráð fyrir óhæfilegum framfærslukostnaði eða hyggist ekki selja tiltekna eign til að afla fjár til greiðslu skulda. Athugasemdirnar geta jafnframt allt eins snúið að því gagnstæða með því að lánardrottnar telji skuldarann hafa óraunhæfar væntingar um greiðslugetu sína á greiðsluaðlögunartímabili. Með því að skuldarinn fái þetta lokatækifæri til að breyta greiðsluáætlun getur hann komið til móts við réttmætar athugasemdir af þessum toga, enda skiptir afstaða lánardrottna til greiðsluáætlunar máli fyrir niðurstöðu umsjónarmanns um hvort hann mæli með greiðsluaðlögun, sbr. 1. mgr. 63. gr. g.

Varðandi fund skv. 63. gr. f er að öðru leyti ástæða til að vekja athygli á að í ákvæðinu er ekki mælt fyrir um skyldu neins til að sækja hann eða afleiðingar af því að menn láti það

hjá líða. Lánardrottnar mundu í sjálfu sér ekki glata neinum rétti með því að sækja ekki fundinn, en á hinn bóginn er nærtækt að ætla að umsjónarmaður líti almennt svo á að lánardrottinn sem sinnir ekki málinu með fundarsókn hafi ekkert við það að athuga að skuldarinn fái greiðsluaðlögun á grundvelli fyrirliggjandi greiðsluáætlunar. Að því er skuldarann varðar getur fjarvera á fundi á hinn bóginn haft afdrifaríkari afleiðingar. Í því sambandi verður að gæta að því að einn helsti tilgangur fundarins er að gefa lánardrottnum færi á að leita skýringa hjá skuldaranum, svo og að veita honum tækifæri til að breyta greiðsluáætlun vegna fram kominna athugasemda þeirra. Af þessum sökum er tekið fram í 1. mgr. 63. gr. g að meðal þeirra atriða sem skipta máli þegar umsjónarmaður metur hvort hann mæli með því að greiðsluaðlögun komist á sé hvort skuldarinn hafi sinnt skyldum sínum skv. 2. mgr. 63. gr. f. Í því ljósi liggur beint við að mæti skuldarinn ekki til fundarins eða sýni hann þar ekki viðeigandi samstarfsvilja hljóti það að leiða til hættu á að umleitanir til greiðsluaðlögunar fari út um þúfur með því að umsjónarmaðurinn mæli gegn því að hún komist á.

Um g-lið (63. gr. g).

Samkvæmt þessu ákvæði á umsjónarmaður innan viku frá fundi skv. 63. gr. f að taka rökstudda afstöðu til þess hvort hann mæli með því að greiðsluaðlögun komist á. Ákvörðun umsjónarmannsins um þetta skiptir sköpum um málalok, því leggist hann gegn greiðsluaðlögun fyrir skuldarann er málinu endanlega lokið, svo sem nánar kemur fram í 2. mgr. Mæli hann á hinn bóginn með því að greiðsluaðlögun komist á er skuldarinn eins settur og ef hann hefði hlotið brautargengi í atkvæðagreiðslu lánardrottna við nauðasamningsumleitanir eftir almennum reglum, sbr. 3. mgr., og stendur þá eftir að hann leiti staðfestingar greiðsluaðlögunarinnar fyrir héraðsdómi skv. 63. gr. h. Á þennan hátt kemur afstaða umsjónarmannsins í stað atkvæðagreiðslu lánardrottna og má telja þetta eitt helsta einkenni greiðsluaðlögunar í samanburði við nauðasamningsumleitanir eftir almennum reglum.

Í 1. mgr. 63. gr. g er kveðið á um fyrrnefndan frest umsjónarmannsins til að taka afstöðu sína, sem skal vera rökstudd og sett fram í skriflegri greinargerð. Í ákvæðinu er mælt fyrir um helstu atriðin sem umsjónarmaðurinn verður að taka mið af þegar hann kemst að niðurstöðu í þessum efnum. Þar er þess *í fyrsta lagi* getið að hann þurfi að gæta að því hvort nokkuð hafi komið fram við meðferð hans á málinu sem hefði í upphafi átt að standa því í vegi að skuldaranum yrði heimilað að leita greiðsluaðlögunar, en með þessu er skírskotað til fyrirmæla í 1. mgr. 38. gr. laganna, 63. gr. a og 63. gr. d. *Í öðru lagi* er ætlast til að umsjónarmaðurinn líti til þess hvort fram komnar upplýsingar gefi til kynna að skuldarinn leiti óeðlilega mikillar eftirgjafar af hendi lánardrottna með greiðsluaðlöguninni með tilliti til fjárhags hans og þess sem vænta megi að gerst geti varðandi fjármál hans í náinni framtíð. *Í þriðja lagi* verður að gæta að því hvort skuldarinn hafi við umleitanir til greiðsluaðlögunar sinnt skyldum sínum skv. 2. mgr. 63. gr. f, sem fjallað var um í athugasemdum við f-lið 1. gr. frumvarpsins, og hvort telja megi hann að öðru leyti hafa staðið heiðarlega að verki í þessum efnum. *Í fjórða lagi* verður umsjónarmaðurinn að leggja mat á það hvort raunhæft sé að ætla að skuldarinn geti staðið við þá skilmála sem hann gengist undir með greiðsluaðlöguninni, en í þessu sambandi verður að líta svo á að tilgangslaust sé að láta hana ná fram að ganga ef ekki eru sæmilegar horfur á að skuldarinn muni standa í skilum samkvæmt henni. Loks er þess *í fimmta lagi* getið að umsjónarmanninum beri að taka tillit til viðhorfa þeirra lánardrottna sem hafa lýst samningskröfum og látið í ljós afstöðu til greiðsluáætlunar skuldarans á fundi skv. 63. gr. f. Ekki er ætlast til að lánardrottnar hafi í þessum efnum úrslitaáhrif, enda er með reglum frumvarpsins meðal annars vikið frá almennum reglum um nauðasamningsumleitanir með því að þeir ráði ekki niðurstöðu um greiðsluaðlögun með atkvæðagreiðslu.

Á hinn bóginn hljóta málefnalegar og rökstuddar ástæður fyrir andstöðu lánardrottna við greiðsluaðlögun að hafa talsvert vægi við mat umsjónarmannsins. Varðandi þessa talningu á viðmiðunaratriðum skv. 1. mgr. 63. gr. g verður að benda sérstaklega á að hún er eftir orðalagi ákvæðisins ekki tæmandi og geta því önnur atriði jafnframt komið til skoðunar. Umfram allt verður þó að leggja áherslu á að ætlast er til að umsjónarmaðurinn beiti í þessum efnum heildstæðu mati og gæti að því hvort eftir aðstæðum öllum sé sanngjarnt gagnvart bæði skuldaranum og lánardrottnum hans að hann fái lokið skuldum sínum á þann hátt sem ráðgert er í greiðsluáætlun hans.

Í 2. mgr. eru fyrirmæli um lok umleitana til greiðsluaðlögunar ef umsjónarmaður kemst að þeirri niðurstöðu að mæla gegn því að hún komist á. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir því að umsjónarmaðurinn sendi þá tafarlaust greinargerð sína skv. 1. mgr. ásamt skriflegri tilkynningu til skuldarans og héraðsdómstólsins þar sem skuldaranum var veitt heimild til að leita greiðsluaðlögunar, en þegar sú tilkynning berst dómstólnum lýkur þessu ferli og um leið falla niður þau réttaráhrif sem umleitanirnar höfðu í för með sér skv. 40. gr. laganna. Skuldaranum er hér ekki veitt leið til að leita endurskoðunar á þessari niðurstöðu umsjónarmannsins, en að því leyti er skuldarinn eins settur og ef hann hefði leitað nauðasamnings eftir almennum reglum og samningsfrumvarp hans hefði ekki hlotið nægilegt fylgi við atkvæðagreiðslu lánardrottna. Ljúki umleitunum til greiðsluaðlögunar á þennan hátt er mælt svo fyrir í niðurlagi þessa ákvæðis að umsjónarmaðurinn skuli svo fljótt sem verða má fá birta auglýsingu um málalokin í Lögbirtingablaði. Í tengslum við þetta er jafnframt vakin athygli á því með síðasta málslið 2. mgr. að almennar reglur um lok nauðasamningsleitana í 41. og 42. gr. laganna gilda einnig þegar leitað er greiðsluaðlögunar, en um lyktir máls samkvæmt þeim ákvæðum verður umsjónarmaður að fá birta auglýsingu á sama hátt og áður var getið.

Mæli umsjónarmaðurinn með því að greiðsluaðlögun nái fram að ganga felur sú afstaða hans það í sér skv. 3. mgr. að skuldarinn verður eins settur og ef frumvarp til nauðasamnings fyrir hann hefði verið samþykkt við atkvæðagreiðslu eftir almennum reglum 3. þáttar laganna. Umsjónarmaðurinn gerir þá ekki aðeins greinargerð, svo sem lýst er í 1. mgr. þessarar greinar, heldur einnig það sem nefnt er í 3. mgr. samþykkt frumvarp að greiðsluaðlögun. Í einstökum töluliðum 3. mgr. er tíundað nánar hvað koma eigi fram í slíku frumvarpi, en í flestum atriðum er um það að ræða að dregnar verði saman upplýsingar um viss efni úr greiðsluáætlun skuldarans, eftir atvikum að teknu tilliti til breytinga sem hann kann að hafa gert á henni við umleitanir til greiðsluaðlögunar, sbr. 3. mgr. 63. gr. e og 2. mgr. 63. gr. f. Að tvennu leyti er þó ráðgert að samþykkta frumvarpið geymi upplýsingar sem ekki eru í greiðsluáætlun. Annars vegar er í 2. tölul. 3. mgr. 63. gr. g mælt fyrir um að í frumvarpinu skuli koma fram hvaða lánardrottnar eigi samningskröfur og hver fjárhæð kröfu hvers þeirra sé, svo og hvaða hlutfall þeir eigi að fá greitt af kröfum sínum eigi greiðsluaðlögunin að leiða eingöngu til hlutfallslegrar lækkunar krafnanna eða hvaða hlutfall hver þeirra eigi að fá af afborgunarfjárhæð ef kveðið verður á um þá greiðslutilhögun í greiðsluaðlöguninni. Upplýsingar um þetta eru eðli máls samkvæmt ekki í greiðsluáætlun, enda er ekki fært að slá þessu föstu fyrr en fram er komið hverjir kröfuhafarnir eru með því annaðhvort að þeir hafi lýst kröfum sínum eða á þann hátt sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 63. gr. e. Benda verður á að tilgreining á þessu í samþykktu frumvarpi er háð þeim almenna fyrirvara að kröfur falla ekki niður þótt þeim sé ekki lýst fyrir umsjónarmanni í kjölfar innköllunar hans. Þótt ætla verði að slíkt mundi heyra til undantekninga verður að hafa í huga að kröfuhafi gæti gefið sig á síðari stigum fram við skuldara og krafið hann um greiðslu samningskröfu, sem ekki var lýst og þar með ekki gert ráð fyrir í samþykktu frumvarpi. Viðkomandi lánardrottinn væri þó eftir

sem áður bundinn af þeim kjörum sem greiðsluaðlögunin fæli í sér, sbr. 2. mgr. 60. gr. laganna. Hafi greiðsluaðlögun komist á með þeim skilmálum að skuldarinn greiði mánaðarlega tiltekna afborgunarfjárhæð, sem er þá heildarupphæð til ráðstöfunar upp í samanlagðar samningskröfur, yrði að bregðast við tilkomu nýs samningskröfuhafa með því að breyta upp frá því hlutfallslegri skiptingu afborgunarfjárhæðarinnar milli þeirra allra. Slíka breytingu yrði skuldarinn sjálfur að gera og veita þá öðrum samningskröfuhöfum upplýsingar um ástæðuna fyrir henni, en ekki er ráðgert í frumvarpinu að atvik sem þessi valdi því að umleitanir til greiðsluaðlögunar verði endurupptekna eða ný krafa um staðfestingu hennar komi til kasta dómstóla. Hins vegar er mælt svo fyrir í 3. tölul. 3. mgr. 63. gr. g að fram skuli koma í staðfestu frumvarpi hvort skuldari geri ráð fyrir því að umdeild krafa sé meðal þeirra sem greitt verði af samkvæmt fyrrnefndum 2. tölul. ákvæðisins. Eins og vikið var að í athugasemdum við f-lið 1. gr. frumvarpsins eru reglur í 1. mgr. 63. gr. f um meðferð umdeildra krafna við umleitanir til greiðsluaðlögunar, en ekki er miðað við að niðurstaða fáist þar alltaf um réttmæti slíkra krafna. Því getur komið til þess að umleitunum ljúki án þess að útkljáður sé ágreiningur um kröfu, eina eða fleiri, en svo sem fram kemur í síðari málslið 2. mgr. 63. gr. f er ætlast til að skuldarinn segi þar á síðustu stigum til um hvað hann hafi í hyggju með slíka kröfu, það er að segja hvort gert skuli ráð fyrir henni í samþykktu frumvarpi eða ekki. Ákvæði 3. tölul. 3. mgr. 63. gr. g taka mið af þessu. Með því að greina sérstaklega frá því í samþykktu frumvarpi að tiltekin krafa, sem ætlað er að greidd verði, sé umdeild er vakin athygli annarra lánardrottna sem eiga greiðslu í vændum af afborgunarfjárhæð á því að hlutdeild þeirra í henni kunni að breytast til hækkunar ef ágreiningur um umdeildu kröfuna er leiddur til lykta á þann hátt að hún lækki eða falli með öllu brott. Varðandi 3. mgr. 63. gr. g er að öðru leyti ástæða til að vekja athygli á að með upphafsorðum ákvæðisins er umsjónarmanninum gert að boða skuldarann á sinn fund til að afhenda honum greinargerð sína um lok málsins og eintak af samþykkta frumvarpinu. Hér er gengið út frá því að þörf sé á að gera þetta með formlegri athöfn, enda hefst einnar viku frestur skuldarans til að leggja skriflega kröfu fyrir héraðsdóm um staðfestingu greiðsluaðlögunarinnar skv. 1. mgr. 63. gr. h á tímamarki þessa fundar.

Í 4. mgr. 63. gr. g er mælt fyrir um skyldu umsjónarmannsins til að senda lánardrottnum, sem lýstu kröfum við umleitanir til greiðsluaðlögunar, eintak af greinargerð sinni skv. 1. mgr. greinarinnar ásamt tilkynningu um lyktir málsins í höndum hans. Tilkynningu sem þessa verður að senda lánardrottnum sem lýstu kröfum án tillits til þess hvort þeir hafi reynst vera samningskröfuhafar og gildir þetta ákvæði jafnt hvort sem umsjónarmaðurinn hefur mælt með eða gegn því að greiðsluaðlögun nái fram að ganga. Hafi hann mælt með því verður eintak af samþykktu frumvarpi einnig að fylgja þessum tilkynningum.

Um h-lið (63. gr. h).

Í þessu ákvæði eru sérreglur um staðfestingu nauðasamnings um greiðsluaðlögun og réttaráhrif hans, en þær fela í sér minni háttar frávik frá almennum reglum í IX. og X. kafla laganna. Eins og fram kemur í upphafi 1. mgr. verður skuldarinn að leita staðfestingar greiðsluaðlögunar fyrir héraðsdómstólnum þar sem honum var í byrjun veitt heimild til að leita hennar, og skal það gert innan viku frá þeim fundi sem umsjónarmaður boðaði hann til skv. 3. mgr. 63. gr. g. Í því sambandi verður að taka fram að í 1. mgr. 63. gr. h er ekki miðað við að þessi frestur byrji því aðeins að líða að skuldarinn mæti til fundarins og er það því á hans áhættu að láta hjá líða að sinna fundarboði umsjónarmannsins. Skuldarinn verður að leggja skriflega kröfu um staðfestingu nauðasamningsins fyrir héraðsdóm innan þessa frests og leggja með henni þau gögn sem talin eru upp í síðari málslið 1. mgr. 63. gr. h. Um ferlið við

staðfestingu greiðsluaðlögunar gilda að öðru leyti almennar reglur IX. kafla laganna að því leyti sem þær geta átt við, þar á meðal um heimild lánardrottins til að andmæla kröfu um staðfestingu, sbr. 58. gr. þeirra.

Í 2. mgr. 63. gr. h er kveðið á um að nauðasamningur um greiðsluaðlögun hafi sömu réttaráhrif og dómsátt milli skuldarans og lánardrottna hans um samningskröfur, sem þeir hafa lýst og komið hafa fram í kröfuskrá umsjónarmanns, ef skuldarinn hefur ekki andmælt þeim á fundi skv. 1. mgr. 63. gr. f. Um þetta ákvæði, sem svarar efnislega til fyrirmæla 3. mgr. 60. gr. laganna um slík áhrif nauðasamnings sem er gerður eftir almennum reglum, er rétt að vekja athygli á að áskilið er að viðkomandi lánardrottinn hafi lýst kröfu sinni jafnframt því sem hún hafi verið tekin upp í kröfuskrá, en af þessu leiðir að krafa sem tilgreind væri í skránni skv. 3. mgr. 63. gr. e án þess að henni hafi verið lýst mundi ekki njóta þessarar stöðu.

Varðandi réttaráhrif greiðsluaðlögunar er ætlast til að almennar reglur X. kafla laganna gildi að öðru leyti. Þetta felur meðal annars í sér að greiðsluaðlögun tekur gildi þegar endanleg dómsúrlausn hefur verið fengin um staðfestingu hennar, sbr. 1. mgr. 60. gr. laganna, greiðsluaðlögun tekur til allra samningskrafna án tillits til þess hvort þeim var lýst í kjölfar innköllunar umsjónarmanns, sbr. fyrri málslið 2. mgr. 60. gr., efndir samningskröfu samkvæmt skilmálum greiðsluaðlögunar hefur sömu áhrif og ef krafan hefði verið efnd að fullu eftir upphaflegu efni hennar, sbr. síðari málslið sömu málsgreinar, og greiðsluaðlögun breytir í engu heimild lánardrottins til að ganga fyrir fullri samningskröfu sinni að þeim sem hefur tekið á sig ábyrgð á henni eða veitt veð eða aðra tryggingu fyrir henni í eign sinni, sbr. 4. mgr. 60. gr. Í framhaldi af staðfestingu nauðasamnings um greiðsluaðlögun gæti komið til þess að beitt yrði reglum XX. kafla laganna um riftun ráðstafana skuldarans, sbr. 32. og 61. gr. Loks gilda ákvæði 62. og 63. gr. laganna meðal annars um heimild lánardrottins til að fá greiðsluaðlögun ógilta með dómi vegna vanefnda skuldarans á skuldbindingum sínum samkvæmt henni eða af öðrum þeim ástæðum sem þar greinir.

Um i-lið (63. gr. i).

Hér er lagt til að ljúka megi gjaldþrotaskiptum með nauðasamningi til greiðsluaðlögunar eftir ákvæðum XXI. kafla laganna. Er þá miðað við að þrotamaður leggi fyrir skiptastjóra greiðsluáætlun í stað frumvarps að nauðasamningi. Skiptastjóri leitar síðan greiðsluaðlögunar eins og umsjónarmaður hefði annars gert. Um þetta gilda reglur XXI. kafla laganna með þeim frávikum sem leiðir af ákvæðum frumvarpsins. Þarfnast þetta ekki frekari skýringa.

Um 2. gr.

Samkvæmt 3. tölul. 2. mgr. 65. gr. laganna geta árangurslausar tilraunir til að koma á nauðasamningi orðið grundvöllur fyrir kröfu lánardrottins um gjaldþrotaskipti á búi skuldara. Það leiðir af sjálfu sér að árangurslaus tilraun til að koma á nauðasamningi til greiðsluaðlögunar hafi sömu réttaráhrif. Því er lögð til viðeigandi breyting á lagatilvísun í umræddu ákvæði laganna.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta, sem snýr að gildistöku laganna ef frumvarpið nær fram að ganga, þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Vegna þess sérstaka ástands sem nú ríkir í efnahagsmálum og snertir fjárhag fjölmargra heimila er lagt til að þrátt fyrir ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 28. gr. laganna verði unnt að gera

breytingar á skilmálum þeirra krafna sem eru í eigu Íbúðalánasjóðs eða fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins ef kröfurnar eru tryggðar með veði í íbúðarhúsnæði hér á landi sem ætlað er til eigin nota skuldara. Þannig verði skilmálum þess hluta skuldarinnar sem fellur innan verðmats fasteignarinnar breytt en sá hluti sem út af stendur greiðist á sama hátt og samningskröfur. Þar sem um frávik frá meginreglunni í fyrrgreindri 28. gr. laganna er að ræða og eingöngu er átt við kröfur í eigu Íbúðalánasjóðs og fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins þykir rétt að ákvæðið verði endurskoðað fyrir 1. janúar 2011.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991 (greiðsluaðlögun).

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að inn í lög um gjaldþrotaskipti verði bætt úrræði sem beri heitið greiðsluaðlögun. Reglur um greiðslustöðvun og nauðasamninga er að finna í lögum um gjaldþrotaskipti en þessi réttarúrræði hafa það að markmiði að gera skuldara kleift að ráða bót á fjárhagsörðugleikum sínum til að forða því að bú hans verði tekið til gjaldþrotaskipta. Reynslan af þessu fyrirkomulagi er að þessi úrræði gagnist helst þeim sem leggja stund á atvinnurekstur af einhverju tagi. Tilgangurinn með frumvarpinu er að gera einstaklingum sem ekki stunda atvinnurekstur eða hafa hætt slíkum rekstri og glíma við verulegan fjárhagsvanda kleift að endurskipuleggja fjármál sín með sama hætti. Hluti skulda sem stafa frá atvinnustarfsemi þarf þó að vera tiltölulega lítill hluti heildarskulda einstaklinga. Í kjölfar bankahrunsins á liðnu hausti og þeirrar miklu efnahagslægðar sem því hefur fylgt með tilheyrandi greiðsluvanda fyrir stóran hóp fólks þykir nauðsynlegt að tryggja einstaklingum virkara úrræði til að endurskipuleggja fjármál sín en hingað til hefur verið mögulegt. Gert er ráð fyrir að skuldari geti að ákveðnum skilyrðum uppfylltum leitað nauðasamnings til greiðsluaðlögunar. Með því er átt við algera eftirgjöf samningskrafna, hlutfallslega lækkun, gjaldfrest á þeim, greiðslu þeirra með hlutdeild í afborgunarfjárhæð í einu lagi eða með ákveðnu millibili eða breytt form á greiðslu.

Í bráðabirgðaákvæði er lagt til að kröfur í eigu Íbúðalánasjóðs eða fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði hér á landi geti líka fallið undir nauðasamning til greiðsluaðlögunar. Með slíkum úrræðum verður hægt að fjölga gjalddögum, veita greiðslufrest um ákveðinn tíma og ákveða nýjan lánstíma og skuldbreytingu vanskila. Sá hluti skuldarinnar sem veðið nær ekki til ákvarðast með sama hætti og aðrar samningskröfur. Almennar reglur nauðasamninga munu gilda um slíka greiðsluaðlögun með nokkrum frávikum sem hafa það að markmiði að greiða sem best fyrir að raunhæft úrræði standi til boða fyrir þann hóp einstaklinga sem frumvarpinu er ætlað að þjóna. Þessi frávik eru í fyrsta lagi að skuldari þarf ekki að afla skriflegrar yfirlýsingar um meðmæli lánardrottna enda ekki gert ráð fyrir að málið verði borið undir atkvæði þeirra eins og gildir um nauðasamninga. Þannig er meðferðin gerð auðveldari og einföld greiðsluáætlun kemur í stað frumvarps að nauðasamningi. Í öðru lagi er ekki gert ráð fyrir að afstaða lánardrottna ráði því hvort greiðsluaðlögun kemst á eða ekki. Þess í stað er lagt til að dómskipaður umsjónarmaður taki rökstudda afstöðu til þess hvort hann mæli með því að greiðsluaðlögun komist á fyrir

skuldara. Meðmæli hans eru þá látin jafngilda því að frumvarp að nauðasamningi hafi verið samþykkt af lánardrottnum. Í þriðja lagi er lagt til að kostnaður við að koma á greiðsluaðlögun falli að verulegu leyti á ríkissjóð. Þannig er gert ráð fyrir að þóknun umsjónarmanns verði greidd af ríkissjóði. Auk þess er veitt heimild fyrir dómsmálaráðherra til að ákveða með reglugerð að boðið verði upp á endurgjaldslausa aðstoð við að undirbúa beiðni um greiðsluaðlögun.

Samkvæmt ákvæðum gjaldþrotaskiptalaga skal dómari skipa umsjónarmann með nauðasamningum og leggja fram tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar. Sú trygging er 250 þús. kr. og má gera ráð fyrir að vinna umsjónarmanns við greiðsluaðlögun verði svipuð fjárhæð í hverju máli. Leitað hefur verið til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna um að taka að sér aðstoð við gerð beiðna um greiðsluaðlögun og fylgigagna og er gert ráð fyrir að sú aðstoð verði skuldaranum að kostnaðarlausu. Réttaraðstoð vegna nauðasamninga nemur í dag 439 þús. kr. á hvert mál og ætti sá sem leitar eftir nauðasamningi til greiðsluaðlögunar sama rétt ef ekki væri boðið upp á endurgjaldslausa aðstoð hjá aðila eins og Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna. Gert er ráð fyrir því að einfaldara verði að undirbúa beiðni um heimild til greiðsluaðlögunar en almennt á við um nauðasamninga, m.a. með notkun eyðublaða og upplýsinga í stöðluðu formi.

Ekki liggur fyrir hvaða áhrif frumvarp þetta, verði það að lögum, hefur á Íbúðalánasjóð eða fjármálastofnanir í eigu ríkisins umfram þær afskriftir lána sem eru fyrirsjáanlegar eftir að þrengdi að í efnahagskerfinu. Verið er að skoða hvaða áhrif skuldbreytingar og frystingar lána hafa haft á sjóðstreymi Íbúðalánasjóðs en niðurstöður liggja ekki fyrir. Hvort þetta frumvarp íþyngi sjóðnum verulega er óvíst, en þó er það talið ólíklegt þar sem hámark er á lánum og hefur það hámark miðast við heildarveðsetningu lána.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er nokkur óvissa um kostnað sem fellur á ríkissjóð og ræðst það aðallega af fjölda þeirra mála sem til greiðsluaðlögunar koma. Miðað við þær aðstæður sem nú eru í efnahagsmálum má búast við að talsvert mikil eftirspurn verði eftir slíku úrræði. Á árinu 2006 komu bú 130 einstaklinga til gjaldþrotaskipta, 150 bú á árinu 2007 og voru þau orðin 132 í lok september 2008. Ljóst er að nokkur aukning hefur orðið á milli ára í gjaldþrotum einstaklinga og má búast við talsverðri aukningu áfram. Verði reyndin sú að stór hluti þeirra sem eru á leið í gjaldþrot leiti eftir nauðasamningi til greiðsluaðlögunar má ætla að kostnaður ríkissjóðs verði á bilinu 25 til 50 m.kr. á ári verði málafjöldinn á bilinu 100 til 200. Viðbótarkostnaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna ræðst sömuleiðis af fjölda þeirra mála sem til stofunnar berast. Gert hefur verið ráð fyrir að ráða þurfi a.m.k. einn viðbótarstarfsmann og jafnvel allt að þrjá ef spurn eftir þjónustunni verður mjög mikil. Kostnaðurinn gæti því orðið á bilinu 6 til 20 m.kr., en eftir því sem starfsmönnum fjölgar skapast m.a. þörf á stærra húsnæði. Heildarkostnaður ríkissjóðs af samþykkt frumvarpsins er eins og áður segir nokkuð óljós en gæti verið á bilinu 30 til 70 m.kr. Frumvarpið gerir ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi en ekki er gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum í fjárlögum ársins 2009.

508. Fyrirspurn [282. mál]

til iðnaðarráðherra um virkjun sjávarfalla við Ísland.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

1. Hyggst ráðuneytið móta stefnu um virkjun sjávarfalla við Ísland?
2. Liggja fyrir einhverjar rannsóknir á vegum opinberra aðila um kosti og hagkvæmni sjávarfallavirkjana við Ísland?
3. Hyggst ráðuneytið beita sér fyrir stuðningi við þá sem metið hafa virkjunarkosti sjávarfalla í Breiðafirði?

509. Fyrirspurn [283. mál]

til iðnaðarráðherra um afhendingaröryggi raforku og virkjun vatnsfalla á Vestfjörðum.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

1. Hvaða áform eru uppi um aukið afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum?
2. Hvaða áform eru uppi af hálfu ráðuneytisins um virkjun vatnsfalla á Vestfjörðum?
3. Hvenær hyggst ráðherra gefa út rannsóknarleyfi vegna virkjunar Hvalár í Ófeigsfirði á Ströndum?

510. Fyrirspurn [284. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um útflutning hvalafurða.

Frá Merði Árnasyni.

Hverjar voru gjaldeyristekjur af útflutningi hvalafurða árið 2008?

511. Fyrirspurn [285. mál]

til viðskiptaráðherra um tölvupóst til breska fjármálaráðuneytisins.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Hvernig hljóðar tölvupóstur sá frá viðskiptaráðuneytinu dags. 14. ágúst 2008 sem vísað er til í bréfi til breska fjármálaráðuneytisins 20. ágúst, sbr. svar á þskj. 503 við fyrirspurn um bréf til breska fjármálaráðuneytisins?

Skriflegt svar óskast.

512. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [286. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Birkir J. Jónsson, Eygló Harðardóttir,
Helga Sigrún Harðardóttir, Höskuldur Þórhallsson,
Magnús Stefánsson, Valgerður Sverrisdóttir.

1. gr.

Við stjórnarskrána bætist nýtt ákvæði um stundarsakir, svohljóðandi:

Forseti Íslands boðar til stjórnlagaþings um gerð nýrrar stjórnarskrár. Á þinginu sitja 63 fulltrúar sem kjörnir eru í almennum kosningum sem haldnar skulu innan fjögurra mánaða frá gildistöku stjórnarskipunarlaga þessara.

Stjórnlagaþingfulltrúar skulu kjörnir ásamt einum varafulltrúa fyrir hvern þeirra í persónukjöri úr hópi þeirra sem lýst hafa framboði fyrir landskjörstjórn innan tveggja mánaða frá gildistöku stjórnarskipunarlaga þessara og hlotið hafa meðmæli 300 kjósenda til stjórnlagaþings. Varafulltrúar skulu kjörnir með sama hætti og aðalfulltrúar. Í þeim kosningum skal landið allt vera eitt kjördæmi og getur hver kjósandi greitt allt að sjö frambjóðendum atkvæði. Atkvæði greidd fleirum en sjö eru ógild.

Kosningarrétt til stjórnlagaþings eiga allir sem eiga kosningarrétt skv. 33. gr. stjórnarskrárinnar.

Kjörgengir til stjórnlagaþings eru allir sem uppfylla kjörgengisskilyrði 34. gr. stjórnarskrárinnar að frátöldum forseta Íslands, ráðherrum, alþingismönnum og varaþingmönnum.

Forseti Íslands setur stjórnlagaþing og stýrir kjöri forseta þingsins úr hópi þingfulltrúa í sérstöku kjöri og víkur forseti Íslands svo af stjórnlagaþingi. Forseti stjórnlagaþings stýrir kjöri stjórnlagaþingritara úr hópi þingfulltrúa í sérstöku kjöri. Þá skulu kjörnir tveir varaforsetar og þrír vararitarar úr hópi þingfulltrúa. Forseti, stjórnlagaþingritari, varaforsetar og vararitarar skipa sjö manna forsætisnefnd stjórnlagaþings.

Stjórnlagaþing sker sjálft úr hvort þingfulltrúar séu löglega kosnir, svo og úr því hvort þingfulltrúi hafi misst kjörgengi. Stjórnlagaþingfulltrúar eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Stjórnlagaþing og fundir starfsnefnda þingsins skulu vera haldnir í heyranda hljóði. Að loknu kjöri fulltrúa í forsætisnefnd setur stjórnlagaþing sér fundarsköp og aðrar starfsreglur með einföldum meiri hluta. Þar skal m.a. kveðið á um fjölda og hlutverk starfsnefnda, svo og hámarksfjölda í hverri nefnd.

Forsætisnefnd stjórnlagaþings skipar allt að 31 fulltrúa samkvæmt tilnefningum almannasamtaka, hagsmunasamtaka og stjórnmálasamtaka til setu í hlutaðeigandi starfsnefndum stjórnlagaþings með tillögurétti og málfrelsi eftir nánari reglum í fundarsköpum þingsins. Stjórnlagaþing getur í fundarsköpum og öðrum starfsreglum sett takmarkanir fyrir hagsmunagæslu utanaðkomandi gagnvart þinginu, starfsnefndum, þingfulltrúum, starfsfólki og ráðgjöfum þingsins. Skulu þær takmarkanir vera skriflegar og skýrar og skal birta þær starfsreglur með sama hætti og lög frá Alþingi. Brot gegn þeim starfsreglum skulu varða refsingu skv. XXV. kafla laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, eftir nánari ákvæðum í starfsreglum stjórnlagaþings.

Stjórnlagaþing skal starfa í allt að sex mánuði eftir þörfum en hefur heimild til þess að framlengja starfstíma sinn um allt að tvo mánuði með einföldum meiri hluta.

Einfaldur meiri hluti ræður úrslitum um einstök ákvæði í tillögu að nýrri stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland. Til samþykktar heildartillögu að nýrri stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland á þinginu þarf samþykki ⅔ kjörinna þingfulltrúa.

Náist tilskilinn aukinn meiri hluti fyrir tillögu að nýrri stjórnarskrá á stjórnlagaþinginu skal tillagan innan tveggja mánaða frá samþykkt hennar á þinginu borin undir alla sem eiga kosningarrétt skv. 33. gr. stjórnarskrárinnar í leynilegri þjóðaratkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar með einföldum meiri hluta greiddra atkvæða. Um þjóðaratkvæðagreiðsluna gilda reglur sem stjórnlagaþing setur með einföldum meiri hluta í ályktun sem birt skal með sama hætti og lög frá Alþingi.

Sé samþykkt synjað í þjóðaratkvæðagreiðslu skulu varafulltrúar á stjórnlagaþingi taka sæti aðalfulltrúa sem verða varafulltrúar. Fá þeir þrjá mánuði til þess að ná saman með sama hætti um síðari tillögu að nýrri stjórnarskrá en geta með einföldum meiri hluta framlengt starfstíma sinn um einn mánuð. Skal tillaga að nýrri stjórnarskrá borin undir þjóðina með sama hætti náist tilskilinn aukinn meiri hluti á stjórnlagaþingi.

Fulltrúar á stjórnlagaþingi og varafulltrúar meðan þeir sitja skulu á starfstíma þingsins njóta sama þingfararkaups og alþingismenn og skulu laun þeirra greidd úr ríkissjóði. Forseti stjórnlagaþings nýtur sömu launa og forseti Alþingis, stjórnlagaþingritari nýtur sömu launa og alþingismenn sem eru formenn stjórnmálaflokks en aðrir fulltrúar í forsætisnefnd njóta sömu launa og varaforsetar Alþingis. Formenn starfsnefnda þingsins njóta sömu launa og formenn fastanefnda Alþingis. Biðlaun skulu aðeins greidd ef stjórnlagaþing stendur skemur en sex mánuði og þá sem nemur sömu launum og greidd eru þingfulltrúum út sex mánaða tímann eða eftir atvikum út þriggja mánaða tímann. Eftirlaun samkvæmt lögum um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara stofnast ekki vegna setu á stjórnlagaþingi en um lífeyrisréttindi fer eftir almennum reglum A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þingfulltrúar skulu njóta sömu verndar, friðhelgi og réttinda, annarra en starfskjara, og alþingismenn samkvæmt stjórnarskrá, sbr. m.a. 49. gr., og lögum frá og með kjöri og þar til starfstíma stjórnlagaþings, eða eftir atvikum þjóðaratkvæðagreiðslu, lýkur.

Stjórnlagaþing skal njóta sömu verndar og Alþingi skv. 36. gr. stjórnarskrárinnar og XI. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Forsætisnefnd stjórnlagaþings hefur heimild til þess að stofna til útgjalda ríkissjóðs vegna þingsins sjálfs, svo sem vegna aðstöðu, starfsfólks eða ráðgjafar. Forsætisnefnd staðfestir einnig kostnaðarreikninga frá þingfulltrúum eða hópum þeirra vegna sérfræðiaðstoðar og annars sem forsætisnefnd telur nauðsynlegt. Kostnaður við stjórnlagaþing skal greiddur úr ríkissjóði, þ.m.t. þóknun samkvæmt ákvörðun forsætisnefndar til ólaunaðra fulltrúa almannasamtaka, hagsmunasamtaka og stjórnmálasamtaka vegna setu þeirra í starfsnefndum þingsins.

Við stjórnarathafnir forseta Íslands samkvæmt stjórnarskipunarlögum þessum gildir 1. mgr. 13. gr. stjórnarskrárinnar ekki. Þá skal undirritun forseta Alþingis koma í stað undirritunar ráðherra skv. 19. gr. stjórnarskrárinnar.

Handhafar ríkisvalds starfa með óbreyttum hætti meðan á stjórnlagaþingi stendur með sömu skilyrðum og reglum um skipun og frávikningu í embætti og endranær. Þó skal umboðsmaður Alþingis gegna réttindum og skyldum dómsmálaráðherra að því er varðar framkvæmd kosninga til stjórnlagaþings og þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögu að nýrri stjórnarskrá. Að öðru leyti gilda um framkvæmd kosninga til stjórnlagaþings lög nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, eftir því sem við á og ákveður landskjörstjórn í umboði umboðsmanns Alþingis verkaskiptingu milli sín og annarra kjörstjórna, svo og milli kjörstjórna innbyrðis og annarra stjórnvalda.

2. gr.

Verði tillaga stjórnlagaþings að nýrri stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. gr. laga þessara með einföldum meiri hluta greiddra atkvæða tekur hún gildi samkvæmt þeim ákvæðum sem tillagan kveður sjálf á um og kemur þá í stað gildandi stjórnarskrár sem fellur úr gildi frá sama tíma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Inngangur.

Þjóðin upplifir að hún standi á krossgötum og vill sjálf marka leið til betri framtíðar. Með frumvarpi þessu vill Framsóknarflokkurinn hrinda í framkvæmd þeirri stefnu sem mótuð var í lýðræðisnefnd flokksins í vetur og samþykkt einróma á flokksþingi að boða til stjórnlagaþings sem móti nýja stjórnarskrá fyrir nýtt lýðveldi. Þannig vill Framsóknarflokkurinn tryggja að vilji þjóðarinnar verði aldrei settur að veði.

Meginröksemdir.

Stjórnarskrá Íslands hefur ekki tekið róttækum breytingum er varða innbyrðis völd helstu handhafa ríkisvalds frá því að Danakonungur færði þjóðinni stjórnarskrá á 1000 ára afmæli Íslandsbyggðar 1874. Ásetningur Alþingis um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar í kjölfar lýðveldisstofnunar og sambandsslita 1944 hefur ekki náð fram að ganga.

Íslenska þjóðin stendur frammi fyrir því að hefja endurreisn íslensks efnahagslífs eftir að þrír stærstu bankar landsins hafa orðið gjaldþrota. Stjórnmálaforustan hefur verið gagnrýnd

harkalega fyrir aðgerðaleysi og máttleysi og krafan um breytingar er hávær. Þjóðin stendur á krossgötum og krefst sjálfræðis um lausn til framtíðar. Ekki er aðeins kallað eftir róttækum viðbrögðum við efnahagsvandanum heldur einnig breyttri stjórnskipan landsins og nýjum áherslum varðandi grundvallarréttindi borgaranna.

Sögulegt ágrip.

Í mannréttindayfirlýsingu frönsku byltingarinnar frá 1789 er lýst yfir að þar sem réttindi og valddreifing séu ekki tryggð sé í raun engin stjórnskipun. Þetta endurspeglast í stjórnarskrám flestra ríkja sem Íslendingar bera sig saman við. Þannig má, þrátt fyrir fjölbreytni þeirra, greina ákveðna efnisþætti í þeim flestum. Í skýrslu um stjórnskipunarþróun í Evrópu segir:

> „Fyrst má nefna ákvæði um stjórnarform ríkisins og grundvallarreglur lýðræðisins. Í öðru lagi eru ákvæði um grundvallarréttindi borgaranna veigamikill hluti af nútímalegri stjórnarskrá og því er þau gjarnan að finna í upphafi stjórnarskrár, einkum í þeim nýrri. … Í þriðja lagi má svo nefna ákvæði um æðstu handhafa ríkisvalds, þ.e. þjóðhöfðingja, ríkisstjórn, þing og dómstóla og samspil þeirra á milli. Í sumum löndum er skipað saman ákvæðum sem eiga við um hvern meginhandhafa ríkisvalds.“ (http://www.forsaetisraduneyti.is/media/frettir/Stjornskipunarthroun.pdf, bls. 5.)

Stjórnarskrá Íslands er æðstu lög landsins og var núverandi stjórnarskrá samþykkt sem lög nr. 33/1944 af Alþingi við stofnun lýðveldisins á Þingvöllum 17. júní 1944 en hefur verið breytt nokkrum sinnum síðan.

Í tilefni þúsund ára afmælis Íslandsbyggðar árið 1874 afhenti Kristján IX, Danakonungur íslensku þjóðinni stjórnarskrá sem var kölluð „stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands“. Stjórnarskráin veitti Alþingi löggjafarvald og aðskildi þar með málefni Íslands frá málefnum Danmerkur. Konungur hafði að vísu neitunarvald og skipaði helming efri deildar þingsins. Með sambandslögunum 1918 varð Ísland fullvalda ríki og fékk nýja stjórnarskrá sem var kölluð „stjórnarskrá konungsríkisins Íslands“ og tók hún gildi 1920. Stjórnarskráin byggðist að stórum hluta á dönsku stjórnarskránni, landið var enn í konungssambandi við Danmörku og löndin tvö áttu í samstarfi um ýmis mál.

Árið 1944 samþykkti Alþingi að fella niður sambandslögin við Danmörk, samþykkja nýja stjórnarskrá og boða til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort tveggja. Í maí 1944 gekk íslenska þjóðin til kosninga og greiddu um 97% atkvæði með sambandsslitum og 95% samþykktu nýja stjórnarskrá fyrir lýðveldið.

„Þrátt fyrir þrjár stjórnarskrár einkennist samt stjórnskipuleg þróun Íslands af samfellu. Ýmsar breytingar urðu á stjórnarskránum, með setningu stjórnskipunarlaga, án þess að ný stjórnarskrá tæki gildi. Eins voru eldri stjórnlög uppistaðan í þeim stjórnarskrám sem tóku gildi 1920 og 1944.“ (http://www.forsaetisraduneyti.is/media/frettir/agripaftroun.pdf, bls. 4.)

Stjórnarskráin.

Í stjórnarskrá Íslands eru 80 greinar í sjö köflum auk ákvæða um stundarsakir og í henni eru ýmis grundvallarréttindi borgaranna vernduð og stjórnskipan ákveðin.

Fyrsti kafli tilgreinir að Ísland skuli vera lýðveldi og stjórnin þingbundin án þess að það sé skilgreint frekar. Einnig er kveðið á um þrískiptingu ríkisvaldsins. Löggjafarvaldið er í höndum Alþingis og forseta Íslands, framkvæmdarvaldið er hjá forsetanum en hann felur það

ráðherrum og öðrum stjórnvöldum sem skilgreind eru í lögum og dómsvaldið er hjá dómendum.

Annar kafli fjallar um forseta Íslands, hvernig standa skuli að forsetakosningum og um valdsvið forsetans. Einnig er fjallað um ráðherraábyrgð og birtingu laga.

Þriðji kafli fjallar um kjördæmaskipan, kosningarrétt og kjörgengi fyrir Alþingiskosningar.

Í fjórða kafla er skilgreint hver störf Alþingis eru og réttindi og völd þingmanna. Þar er tekið fram að aðeins Alþingi getur lagt á nýja skatta eða breytt eða afnumið eldri skatta. Einnig þarf samþykki Alþingis fyrir lántökum ríkisins og til að selja eignir þess. Einnig er óheimilt að stofna til útgjalda án þess að heimild sé fyrir því í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Í fimmta kafla er fjallað um dómsvaldið í þremur greinum og að dómendur skuli skera úr öllum ágreiningi sem verður vegna embættistakmarka yfirvalda.

Í sjötta kafla er fjallað um trúmál og að evangelíska lúterska kirkjan sé þjóðkirkja Íslands. Trúfrelsi er skilgreint og er öllum frjálst að stofna trúfélög og vera aðilar að þeim.

Sjöundi kafli fjallar um mannréttindi og tilgreinir að „allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti“.

Síðustu greinar stjórnarskrárinnar snerta skilyrði til að breyta stjórnarskránni sjálfri. Breyting á stjórnarskránni krefst þess að þing sé rofið og efnt sé til almennra kosninga. Ef breytingin er samþykkt óbreytt af nýkjörnu Alþingi og staðfest af forseta Íslands öðlast hún gildi. Í upphafi hlaut stjórnarskráin gildi ef meiri hluti atkvæðisbærra manna samþykkti hana, en sú grein (81. gr.) var miðuð við samþykki upprunalegu stjórnarskrárinnar og á ekki við lengur heldur þarf að miða við verklag 79. gr. um að Alþingi þurfi að samþykkja sams konar breytingu tvisvar með alþingiskosningum á milli.

Breytingar á stjórnarskránni.

Þegar ákveðið var að slíta sambandslögum við Danmörku var skipuð sérstök stjórnarskrárnefnd. Hún lagði til að núverandi stjórnarskrá yrði að stórum hluta samhljóða stjórnarskránni frá 1920, fyrir utan að felld voru út ákvæði um konung og sett inn í staðinn ákvæði um forseta. Einnig voru gerðar minni háttar breytingar hér og þar, m.a. breytingar sem sneru að takmörkun á synjunarvaldi forsetans. Mikilvæg forsenda þeirrar samstöðu sem ríkti við afgreiðslu stjórnarskrárinnar árið 1944 var að hún náði einungis til mjög afmarkaðra þátta stjórnskipunarinnar.

Eftir að stjórnarskráin hafði verið samþykkt starfaði stjórnarskrárnefndin áfram að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar og þegar starfsemi hennar lognaðist út af árið 1947 var ný nefnd skipuð. Sú nefnd skilaði engu áliti. Lengi var starfandi stjórnarskrárnefnd undir forsæti Gunnars Thoroddsen sem auk þess var forsætisráðherra 1980–1983. Í ársbyrjun 2005 skipaði þáverandi forsætisráðherra níu manna nefnd til að endurskoða stjórnarskrána. Henni var ætlað að skila tillögum um breytingar á stjórnarskránni þannig að hægt væri að leggja fram frumvarp í árslok 2006. Erfiðlega gekk að ná samkomulagi í nefndinni um breytingar og má segja að hið eina sem hún hafi komist að samkomulagi um hafi verið að breyta þeirri aðferð sem notuð skuli við breytingar á stjórnarskrá. Nefndin lét hins vegar vinna mjög góða undirbúningsvinnu fyrir breytingar á stjórnarskránni, m.a. ágrip um þróun stjórnarskrárinnar, skýringar við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og skýrslu um stjórnskipunarþróun í Evrópu.

Í gegnum tíðina hafa þingmenn borið upp bæði þingsályktunartillögur og frumvörp um einstakar breytingar og heildarendurskoðun á stjórnarskránni. Flestar breytingar hafa verið

gerðar á III. kafla um þingkosningar, IV. kafla um störf Alþingis og VII. kafla um mannréttindi. Eini kaflinn sem hefur verið látinn ósnertur er I. kafli um stjórnskipun, V. kafla um dómsvaldið hefur verið breytt lítillega, II. kafla um forsetakosningar, forseta og ríkisstjórn var breytt að hluta til 1991 til að endurspegla afnám deildaskiptingar Alþingis og VI. kafli um kirkju og trúfrelsi var endurskoðaður 1995.

Stjórnlagaþing.

Stjórnlagaþing hefur það hlutverk eitt að semja nýja stjórnarskrá – og aðeins fyrsta sinni enda ekki gert ráð fyrir að síðari breytingar þurfi að gera með atbeina stjórnlagaþings.

Tvisvar áður hefur tillaga um stjórnlagaþing verið borin fram á Alþingi, fyrst af Páli Zóphóníassyni, þingmanni Framsóknarflokksins, árið 1948 og svo aftur af Jóhönnu Sigurðardóttur, núverandi forsætisráðherra, árið 1995.

Fulltrúar á stjórnlagaþingi eru alla jafna þjóðkjörnir. Einnig er hægt að tilnefna fulltrúa ýmissa almannasamtaka sem hefðu tillögurétt og málfrelsi á þinginu. Ýmsar hugmyndir hafa verið uppi um fjölda fulltrúa (allt frá 40 til 200) og mundu þingfulltrúarnir að mestu leyti hafa sömu kjör og alþingismenn. Forseti Íslands, ráðherrar og alþingismenn sem og varaþingmenn eiga ekki að sitja stjórnlagaþing.

Mikilvægt er að setja stífan tímaramma fyrir stjórnlagaþingið, t.d. að það starfi í allt að sex mánuði en hafi heimild til að framlengja starfstíma sinn um tvo mánuði með einföldum meiri hluta.

Þegar búið er að semja stjórnarskrána þarf að bera hana undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu líkt og gert var 1944.

Handhafar ríkisvalds starfa með óbreyttum hætti meðan á stjórnlagaþingi stendur með sömu skilyrðum og reglum um skipun og frávikningu í embætti og endranær.

Hugsanlegar breytingar á stjórnarskrá.

Varfærni Alþingis við endurskoðun stjórnarskrár síðustu 130 ár hefur verið mikil. Sú staða sem nú er uppi í íslensku samfélagi kallar hins vegar eftir nýjum hugmyndum og nýjum vinnubrögðum. Því er eðlilegt að Alþingi bregðist við kröfum samfélagsins og samþykki heildarendurskoðun á stjórnarskránni. Á stjórnlagaþinginu gætu komið til álita hugmyndir á borð við:

- Afnám þingræðis og beina kosningu handhafa framkvæmdarvalds (forseta eða forsætisráðherra).
- Styrking þingsins, t.d. með því að ⅓ hluti þingmanna geti vísað málum í þjóðaratkvæðagreiðslu og að ráðherrar geti ekki setið á þingi.
- Betra aðhald mismunandi valdþátta, innbyrðis.
- Virkari ráðherraábyrgð.
- Óháðara val dómara, t.d. með staðfestingu af hálfu aukins meiri hluta þings.
- Aukið valfrelsi kjósenda um fulltrúa á framboðslistum stjórnmálaflokka.
- Takmörkun kjörtímabils þingmanna og seturéttar ráðherra.
- Aukinn möguleiki á þjóðaratkvæðagreiðslu og jafnvel frumkvæði að löggjöf frá almenningi.
- Gegnsærra stjórnkerfi.
- Hvort þörf sé á sérstökum þjóðhöfðingja og hvert sé hlutverk hans.
- Hlutverk umhverfisverndar og auðlindaréttar í stjórnarskránni.
- Samband trúfélaga og ríkis.

– Tímabundið framsal hluta ríkisvalds til yfirþjóðlegra stofnana.
– Breytt kjördæmaskipan.
– Síðast en ekki síst skýrt og ótvírætt sjálfstæði þriggja meginþátta ríkisvaldsins, löggjafarvaldsins, dómsvaldsins og framkvæmdarvaldsins.

Helstu breytingar hingað til.

Róttækustu breytingar íslenskrar stjórnskipunar lúta fremur að æðstu handhöfum framkvæmdarvalds og sambandinu við umheiminn með heimastjórn sem tók til starfa 1. febrúar 1904, stofnun fullvalda ríkis 1. desember 1918 og lýðveldisstofnun og endanlegum sambandsslitum við Danmörku 17. júní 1944. Annars hafa litlar breytingar verið gerðar á innbyrðis valdajafnvægi ef frá er talin formbreyting með afnámi einmenningskjördæma 1959 og öðrum breytingum á kjördæmaskipan auk breytinga á skipan Alþingis 1934 og 1991, svo og endurskoðunar á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar 1995.

Meginástæður stjórnlagaþings.

Tillaga um sérstakt stjórnlagaþing byggist á tveimur meginröksemdum. Í fyrsta lagi er krafa þjóðarinnar um að gera sjálfstæða breytingu – eða öllu heldur nýskipan – stjórnskipulags án þess að Alþingi hafi frumkvæði að því nema með því að framselja slíkt vald til stjórnlagaþings með stjórnskipulega gildum hætti. Í öðru lagi kann að þurfa að gera gagngera breytingu á sjálfu stjórnkerfinu en slíku verður ekki við komið með nauðsynlegum hraða og með nauðsynlegri samstöðu meðal þjóðarinnar nema með stjórnlagaþingi. Rétt er að minna á að hið eina sem síðasta stjórnarskrárnefnd Alþingis komst að samkomulagi um var að breyta þeirri aðferð sem notuð skuli við breytingar á stjórnarskrá eins og hér er gerð tillaga um.

Formáli.

Starfshópur Framsóknarflokksins um íbúalýðræði, undir forustu Jóns Kristjánssonar, formanns stjórnarskrárnefndar og fyrrverandi þingmanns og ráðherra, ræddi í vetur í aðdraganda flokksþings ýmsar leiðir til þess að auka atbeina borgaranna við ákvarðanatöku. Hæst bar þar tillögu um að rétt sé að kjósa til stjórnlagaþings og taka endurskoðun stjórnarskrárinnar úr þeim farvegi sem verið hefur á lýðveldistímanum. Nefndin hefur í starfi sínu rætt ítarlegar tillögur um stjórnlagaþing sem hægt er að finna á vef Framsóknarflokksins.

Einar til þrennar aukakosningar.

Ljóst er að samþykkt þessa frumvarps felur a.m.k. í sér þrennar og e.t.v. fernar kosningar og þjóðaratkvæðagreiðslur á næstu missirum en einar þeirra geta auðveldlega farið saman við kosningar til sveitarstjórna í maí 2010. Ljóst er að frumvarp þetta getur leitt til tvennra aukakosninga. Ef litið er til þess að fyrir liggur ákvörðun um kosningar til Alþingis vorið 2009 felur frumvarp þetta einungis í sér einar eða fleiri aukakosningar miðað við stöðuna sem nú er í þjóðfélaginu.

1. Í fyrsta lagi eru kosningar til Alþingis sem fylgja í kjölfar þingrofs sem er afleiðing samþykktar frumvarps þessa skv. 79. gr. stjórnarskrárinnar en hafa reyndar þegar verið áætlaðar samkvæmt tilkynningu forsætisráðherra 23. janúar 2009.
2. Í öðru lagi felst í frumvarpinu ráðagerð um kosningar til stjórnlagaþings staðfesti nýkjörið Alþingi stjórnarskipunarlögin óbreytt. Þessar kosningar eru örugglega viðbót við það sem ella yrði.

3. Í þriðja lagi gerir frumvarpið ráð fyrir að í kjölfar samþykktar aukins meiri hluta á drögum að nýrri stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland verði drögin borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Þjóðaratkvæðagreiðsluna mætti e.t.v. halda samhliða sveitarstjórnarkosningum í maí 2010.
4. Slíkt þjóðaratkvæði getur í fjórða lagi þurft að endurtaka takist fyrri tilraun ekki, sbr. l2. mgr. 1. gr. frumvarpsins, en það er engan veginn ljóst að til þess þurfi að koma.
5. Loks er hugsanlegt að í nýrri stjórnarskrá verði slík breyting gerð á skipan æðstu handhafa ríkisvalds að gera megi ráð fyrir kosningum til þeirra stofnana í kjölfar þjóðaratkvæðis, verði tillaga stjórnlagaþings að stjórnarskrá samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þær kosningar geta beðið næstu reglulegu kosninga ef stjórnlagaþing ákveður slíkt. Því er ekki öruggt að þessar kosningar séu viðbót við það sem ella hefði orðið.

Helstu skref og tímasetningar.

Meginskref samkvæmt framangreindu fela eftirfarandi í sér (hugsanlegar tímasetningar innan sviga):

a. Fyrri samþykkt frumvarps til stjórnarskipunarlaga á núverandi Alþingi (febrúar 2009).
b. Þingrof skv. 79. gr. stjórnarskrárinnar (febrúar 2009).
c. Kosningar til nýs Alþingis samkvæmt gildandi stjórnarskrá og lögum (apríl 2009).
d. Síðari samþykkt frumvarps til stjórnarskipunarlaga á nýkjörnu Alþingi (maí 2009).
e. Kosningar til stjórnlagaþings samkvæmt frumvarpi þessu til stjórnarskipunarlaga (ágúst eða september 2009).
f. Þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögu stjórnlagaþings að nýrri stjórnarskrá (gjarnan í maí 2010 samhliða sveitarstjórnarkosningum).
g. Ef til vill nýtt þjóðaratkvæði ef endurtaka þarf þjóðþing vegna synjunar samþykkis í þjóðaratkvæðagreiðslu (t.d. síðla árs 2010).
h. Hugsanlega kosningar til æðstu handhafa ríkisvalds samkvæmt nýrri stjórnarskrá, eins og löggjafarþings (á tímabilinu fram til 2012 en síðarnefnda árið eru forsetakosningar sem hugsanlega mætti miða við).

Bakgrunnur krafna um stjórnlagaþing.

Í gegnum tíðina hafa komið fram eðlilegar kröfur um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Við þær aðstæður sem nú eru er krafa þjóðarinnar beinna lýðræði þar sem fulltrúar hennar fá tækifæri til þess að endurskoða stjórnskipun lýðveldisins frá grunni, án atbeina Alþingis og beinna afskipta stjórnmálaflokka. Meiri háttar breytingar á stjórnarskránni hafa hingað til strandað á ósamlyndi innan helstu stjórnmálaflokka og milli forustumanna þeirra.

Þá má rifja upp ágreining Fjölnismanna við Jón Sigurðsson þar sem þeir töldu beint lýðræði eða þátttökulýðræði vænlegra en það fulltrúalýðræði sem Íslendingar hafa búið við allar götur frá endurreisn Alþingis 1848 og e.t.v. lengur. Um þetta ritar Sigurður Líndal í haustriti Skírnis 2007.

Sú staða sem nú er kallar ekki aðeins á róttæk viðbrögð við efnahagsvanda heldur eru tímamót í stjórnskipunarþróun landsins. Frá stofnun sinni fyrir rúmum 90 árum hefur Framsóknarflokkurinn leitast við að vera umbótasinnaður lýðræðisflokkur og samþykkir því ekki að vilji þjóðarinnar sé veðsettur eins og eignir hennar og aflahæfi. Alþingi hefur sýnt skiljanlega varfærni við endurskoðun stjórnarhátta síðustu 135 ár. Fyrir vikið hefur þjóðin ekki fengið tækifæri til þess að taka afstöðu til veigamikilla og umdeildra breytinga sem fram hafa komið og nefndar eru í dæmaskyni hér að framan. Frumvarp þetta felur hins vegar fyrst og

fremst í sér röksemdir fyrir og uppskrift að stjórnlagaþingi sem aðferð við að breyta stjórnskipun Íslands.

Meginatriði frumvarpsins.

Nafngift stjórnlagaþings.

Hugtakið stjórnlagaþing má telja nokkuð fastmótað í stjórnlagafræðum og tengdum fræðigreinum og endurspeglar það sambærileg heiti á erlendum málum, þ.e. þing þjóðkjörinna fulltrúa sem hefur það að markmiði að breyta stjórnskipun (nýs) ríkis frá grunni. Þá er líklegt að meðal almennings njóti hugtakið stjórnlagaþing vegna töluverðrar opinberrar umræðu undanfarnar vikur nokkurs skilnings og útbreiðslu.

Á hinn bóginn er rík söguleg þekking á þjóðfundinum 1851 m.a. í ljósi tilurðar hans og lykta með orðum Jóns Sigurðssonar forseta og lokaorðum þingheims er hann tók undir mótmæli Jóns forseta við fundarslitum: „Vér mótmælum allir.“ Í því sambandi má segja að hvað sem líður fyrirætlunum Danakonungs og embættismanna hans með þjóðfundinum 1851 í kjölfar stéttaþinga í Evrópu hafi hugur Íslendinga með Jón Sigurðsson í forsvari staðið til breytingar á stjórnskipulagi landsins, þ.e. stöðu þess í danska ríkinu, sem fundarstjórinn, Trampe greifi, kom í veg fyrir með því að slíta fundi skyndilega í nafni konungs. Með skírskotun til þeirrar sögulegu þekkingar má líta á nýtt stjórnlagaþing sem framhald þjóðfundarins 1851 og nýtt upphaf í ljósi framangreindra aðstæðna og vantrausts þjóðarinnar á ríkjandi skipulagi.

Fjöldi á stjórnlagaþingi.

Mikið álitamál er hve margir skuli sitja á stjórnlagaþingi. Innan Framsóknarflokksins hafa verið ræddar mjög mismunandi tölur. Lægstu tölurnar hafa verið í lægsta lagi til að nefna megi stofnunina stjórnlaga*þing* enda vart vilji til þess að stofnun sem leggi fyrir þjóðina tillögu að algerlega nýrri stjórnarskrá sé lítið meira en sérfræðinganefnd eða öldungaráð. Í því sambandi má nefna að fjölmargar stjórnarskrárnefndir alþingismanna og sérfræðinga hafa ekki náð árangri.

Nefndar hafa verið tölur um fjölda stjórnlagaþingfulltrúa allt frá nokkrum tugum, t.d. 40, til að sýna gott fordæmi ef til þess kemur að slíkt þing ákveður að endurskipuleggja Alþingi og endurmeta fjölda alþingismanna. Hæstu tölur sem nefndar hafa verið eru 200–300 manns til þess að tryggja að breiður hópur almennings komi að grundvallarstefnumótun nýs lýðveldis á Íslandi. Því til stuðnings má einnig segja að stjórnlagaþing hafi aldrei áður verið haldið hérlendis ef frá er talinn þjóðfundurinn 1851. Stjórnlagaþing sé yfirleitt ekki haldið reglulega í öðrum ríkjum, heldur gjarnan í kjölfar byltingar eða annars konar þjóðfélagsumróts, svo sem í nýfrjálsum ríkjum Austur-Evrópu í kjölfar falls heimskommúnismans og Berlínarmúrsins 9. nóvember 1989. Því segja sumir að kosta megi nokkru til þó að erfiðar aðstæður séu í efnahag landsins.

Á hinn bóginn er eðlilegt eins og fram kemur annars staðar að þjóðkjörnir fulltrúar séu launaðir svo að þeir geti sinnt hlutverki sínu af alvöru en séu ekki ofurseldir þekkingu og skoðunum sérfræðinga sem vitaskuld verða ráðnir til aðstoðar á stjórnlagaþingi. Því þykja kostnaðarrök á þessum vandasömu tímum ekki styðja að stjórnlagaþing verði svo fjölmennt eins og ýtrustu hugmyndir gerðu ráð fyrir. Lengi var innan Framsóknarflokksins, í lýðræðisnefnd sem ræddi málið undir stjórn Jóns Kristjánssonar, formanns stjórnarskrárnefndar og fyrrverandi alþingismanns og ráðherra, frá nóvember 2008 og á flokksþingi um miðjan janúar 2009, rætt um fjöldann 127. Var þar gert ráð fyrir tvöföldum fjölda alþingismanna auk

eins í því skyni að oddatala væri tryggð þegar einfalds meiri hluta væri krafist. Þá gerir frumvarp þetta aðeins ráð fyrir einum varamanni fyrir hvern þannig að forföll beggja leiða til fækkunar á stjórnlagaþingi og því eðlilegt að stjórnlagaþingfulltrúar séu ekki of fáir.

Niðurstaða þingflokks Framsóknarflokksins var hins vegar að fjöldi alþingismanna nú, 63, væri ekki fráleitur fjöldi miðað við hóflegan viðbótarkostnað. Einnig er þá horft til reynslu af skipulagi slíks fjölda þingmanna enda er líklegt að stjórnlagaþing verði ef eitthvað er lausara í reipunum en Alþingi framan af þar sem ekki er gert sérstaklega ráð fyrir skipulögðum þingflokkum í kosningareglum frumvarps þessa og ólíklegt að við upphaf slíks þings liggi hópaskipan fyrir þó að ekkert útiloki einhver bandalög í kjölfarið.

Tilgangur og hlutverk.

Segja má að í einstökum ákvæðum 1. og 2. gr. frumvarps þessa felist eina takmörkunin á umboði stjórnlagaþings þar sem víða er rætt um stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland. Í því felst að ekki er unnt að taka upp annað stjórnarfyrirkomulag en lýðveldi, svo sem konungdæmi. Þá liggur í hlutarins eðli og grundvelli slíks þings og ráðagerð um kosningar til þess og þjóðaratkvæði í kjölfarið að annað en lýðræðis- og réttarríki komi ekki til álita. Loks er talin söguleg nauðsyn að Alþingi – í breyttri eða óbreyttri mynd – sé áfram við lýði þrátt fyrir breytta stjórnskipan. Á hinn bóginn geta hugmyndir um aukna þrígreiningu ríkisvalds, svo sem afnám þingræðis og beina kosningu æðsta handhafa framkvæmdarvalds, komið til álita á stjórnlagaþingi. Sama má segja um aukið persónukjör, meira gegnsæi og frekara þátttökulýðræði eins og víða heyrast raddir um.

Einnig er líklegt að þar komi til álita ákvæði um þjóðarauðlindir og framsal ríkisvalds til yfirþjóðlegra aðila þó að líklegt sé að á því hafi þá þegar verið tekið í stjórnarskrárbreytingu fyrir og eftir vorkosningar 2009 eins og Framsóknarflokkurinn hefur lagt til.

Eðli og form stjórnarskipunarlaga þessara.

Ljóst er að þetta er eina leiðin til þess að boða til stjórnlagaþings sem leggi tillögu að nýrri stjórnarskrá fyrir þjóðaratkvæði með bindandi hætti og teljist þannig stjórnlagaþing en ekki aðeins álitsgefandi borgarafundur. Þá þykir eðlilegt að leggja til breytingu á stjórnarskránni í formi ákvæðis til bráðabirgða.

Kosningarréttur og kosningafyrirkomulag.

Kosningarréttur er bundinn við þá sömu og í alþingiskosningum, íslenska ríkisborgara með lögheimili hérlendis, svo og erlendis eftir nánari takmörkunum í kosningalögum sem tilvísað ákvæði 33. gr. stjórnarskrárinnar heimilar. Þá er 18 ára aldur lágmarksaldur skv. 33. gr. Meira er lagt upp úr nýmælum varðandi kosningafyrirkomulag í því skyni að gæta jafnræðis og tryggja dreifingu atkvæða eins og nánar er rakið í athugasemdum við 2. mgr. 1. gr.

Kjörgengi.

Kjörgengir til stjórnlagaþings eru allir sem eru kjörgengir eru til Alþingis, þ.e. allir nema dómarar Hæstaréttar, að frátöldum æðstu fulltrúum annarra þátta ríkisvaldsins, þ.e. ráðherrum og alþingismönnum og varaþingmönnum. Styðst sú viðbót við sjónarmið í ætt við hæfisreglur enda hefur reynslan sýnt að núverandi fyrirkomulag við breytingu á stjórnarskrá hefur ekki gefist vel, m.a. vegna þess að sitjandi þingmenn og ráðherrar (sem yfirleitt eru kjörnir alþingismenn) eru – með réttu eða röngu – ekki taldir geta litið hlutlaust á mál sem varða t.d. kjördæmaskipan og jafnvægi meginþátta ríkisvalds.

Þá má segja að fordæmi sé fyrir þessu vegna stjórnarskrárákvæðis um hæstaréttardómara sem þannig njóta ekki sömu mannréttinda og aðrir, að fá að bjóða sig fram til þings.

Þetta neikvæða kjörgengisskilyrði er þó aðeins ákveðið í þetta skipti enda er það háð ákvörðun stjórnlagaþings hvort stjórnarskrá verður framvegis breytt á stjórnlagaþingi eða með sama hætti og hingað til skv. 79. gr. stjórnarskrárinnar eða með einhverjum öðrum hætti.

Önnur veigamikil rök til stuðnings þessu eru að fullt starf sé að vera alþingismaður og ráðherra en ætlunin er að hið sama gildi um þann tíma sem stjórnlagaþing situr og geta alþingismenn og ráðherrar af þeim sökum ekki heldur gegnt hlutverki þingfulltrúa sem skyldi.

Þrátt fyrir það var ákveðið að hafa varaþingmenn með í þessum hópi þó að tvímælis orki enda eru þeir næstir til setu á sitjandi Alþingi þegar frumvarp til stjórnarskipunarlaga verður staðfest að loknum alþingiskosningum í vor og hafa miðað við reynsluna hingað til oft verið kallaðir til. Með varaþingmönnum er átt við næstu fulltrúa á framboðslista, þ.e. þá sem fengið hafa út gefið kjörbréf, en ekki þá sem neðar sitja. Á lista þar sem tveir þingmenn sitja í kjördæmi eru því auk þeirra tveir næstu ókjörgengir á þjóðfund. Vitaskuld er átt við þá þingmenn og ráðherra sem sitja þegar kosningar til stjórnlagaþings fara fram, væntanlega síðsumars eða að hausti 2009, nái frumvarp þingflokks Framsóknarflokksins fram að ganga.

Þingflokkurinn ákvað hins vegar að falla frá þeim viðbótum flokksþings við tillögu lýðræðisnefndar flokksins að fyrrverandi alþingismenn séu einnig útilokaðir frá setu á stjórnlagaþingi enda gilda ekki um þá sömu vanhæfissjónarmið og gagnvart sitjandi þingmönnum – þvert á móti, enda má segja að ólíklegt sé að þeir bjóði sig aftur fram til Alþingis en njóti hins vegar reynslu sinnar af setu þar. Þá þykir óþarfi að kveða á um að formenn stjórnmálaflokka séu ekki kjörgengir enda eru þeir yfirleitt – a.m.k. fljótlega í kjölfar kosningar í formannsembætti – alþingismenn.

Skipulag stjórnlagaþings og starfshættir.

Í frumvarpinu er leitast við að tryggja sjálfdæmi stjórnlagaþings um skipulag sitt og starfshætti – fyrir utan kröfu í 7. mgr. 1. gr. um að þingið og starfsnefndir skuli starfa í heyranda hljóði eins og aðalregla um Alþingi skv. 57. gr. stjórnarskrárinnar, svo og dómþing, gera ráð fyrir. Ákveður þingið fjölda starfsnefnda, hlutverk og hámarksfjölda og skipa fulltrúar sér eftir áhuga og burðum niður á nefndir. Forsætisnefnd er, m.a. skv. 8. og 15. mgr. 1. gr., ætlað mikilvægt hlutverk í þessu efni.

Sjálfstæði stjórnlagaþings og fulltrúa.

Sömuleiðis er fjöldi ákvæða sem tryggja eiga að utanaðkomandi öfl hlutist ekki til um starfsemi stjórnlagaþings – hvorki handhafar ríkisvalds né aðrir. Má þar nefna 6. mgr. 1. gr. um lögmæti kosningar og kjörgengi, 7. mgr. um stjórnlagaþing og eigin fundarsköp, starfsreglur skv. 8. mgr. um takmörkun hagsmunagæslu, 13. mgr. um laun þingfulltrúa, 14. mgr. um friðhelgi stjórnlagaþings, 15. mgr. um kostnaðarheimild forsætisnefndar í þágu þjóðfundar og 16. og 17. mgr. um aðgreiningu frá reglulegum handhöfum ríkisvalds.

Helstu frávik frá gildandi stjórnskipunarreglum.

Helsta frávikið frá gildandi stjórnskipunarreglum felst annars vegar í framangreindri kostnaðarheimild sem bindur Alþingi sem handhafa fjárstjórnarvalds skv. 40. og 41. gr. stjórnarskrárinnar. Hins vegar felst vitaskuld frávik í þeirri aðferð sem í þetta skipti er notuð við að breyta stjórnarskránni eftir breytingu hennar eftir hefðbundinni stjórnskipun 79. gr.

stjórnarskrárinnar til þess að aðferðin sé stjórnskipulega gild. Í því felst engin afstaða hvaða aðferð skuli framvegis notuð við stjórnarskrárbreytingar þó að frumvarp þetta feli í sér vísbendingu um að tilhögun 79. gr. henti ekki.

Stjórn landsins meðan á stjórnlagaþingi stendur.

Landinu þarf að stjórna í samræmi við stjórnarskrá og þingræðisreglu meðan stjórnlagaþing er að störfum. Í 17. mgr. er áréttað að þingið hefur aðeins afmarkað og tímabundið hlutverk, þótt mikilvægt sé. Raskar það í engu valdheimildum reglulegra handhafa ríkisvalds þar til heimildum þeirra eða tilvist kann að verða breytt fallist þjóðin í allsherjaratkvæðagreiðslu á slíka breytingu í tillögu að nýrri stjórnarskrá.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um 1. mgr. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er eitt fyrsta álitamálið hver eigi að vera fjöldi þingfulltrúa. Niðurstaðan varð að miða við sama fjölda og á Alþingi nú eða 63 þjóðkjörna fulltrúa. Tekið er fram til áréttingar að stjórnlagaþing sé haldið í því skyni að gera nýja stjórnarskrá.

Enginn þykir hafa betra umboð frá þjóðinni en þjóðkjörinn forseti Íslands til þess að boða til stjórnlagaþings. Í því felst nákvæmari ákvörðun um tímasetningu innan þess ramma sem ákvæðið setur, þ.e. innan fjögurra mánaða frá síðari samþykkt frumvarps þessa. Ef kosningar verða í apríl eins og Framsóknarflokkurinn hefur lagt til má gera ráð fyrir að í maí staðfesti nýkjörið Alþingi frumvarp þetta óbreytt. Að tveimur mánuðum liðnum, þ.e. í júlí, sbr. 2. mgr., rennur framboðsfrestur til stjórnlagaþings út. Má því gera ráð fyrir kosningum til þingsins í ágúst eða september og má tíminn vart vera mikið skemmri þar eð frambjóðendur og kjósendur þurfa að hafa tíma til að gera grein fyrir sér og stefnumálum sínum.

Forseti Íslands þarf einnig að ákveða aðsetur stjórnlagaþings og er engin ráðagerð um það í frumvarpi þessu hvar þingið sé unnt eða rétt að halda.

Í ákvörðunum forseta samkvæmt þessari málsgrein nýtur hann skv. 16. mgr. 1. gr. atbeina forseta Alþingis í stað ráðherra sem ekki þykir við hæfi að hlutist til um stjórnarathafnir til þess að undirbúa nýtt stjórnskipulag, sbr. almennar reglur 13. og 19. gr. gildandi stjórnarskrár. Ráðherrar bera því ekki ábyrgð á þeirri stjórnarathöfn, sbr. 14. gr. stjórnarskrárinnar, en ekki þykir rétt að kveða hér á um að ráðherraábyrgð eigi ekki við enda getur ráðherraábyrgð skapast án þess að um sé að ræða vanrækslu við slíkan atbeina sem hér um ræðir.

Kosningarnar skulu vera almennar og vitaskuld leynilegar eins og löng hefð er fyrir hér. Vísast til 17. mgr. um nánari ákvörðun um framkvæmd kosninga.

Um 2. mgr. Álitamál er hvernig tryggja eigi breiðan hóp fulltrúa á stjórnlagaþing án þess að flækja kosningafyrirkomulag um of. Þar sem skipan kjördæma er eitt af því sem valdið hefur deilum alla síðastliðna öld þykir ekki rétt að byggja á þeim við kjör til stjórnlagaþings. Á hinn bóginn þarf að tryggja tengsl kjósenda og þingfulltrúa auk þess að hæfasta fólk landsins eigi þess kost að ná kosningu. Því er farin sú leið að tryggja hverjum kjósanda sjö atkvæði en veita honum um leið sjálfdæmi hvort hann nýtir þau öll. Óheimilt væri og ógildi atkvæðis ylli ef fleiri einstaklingum yrðu greidd atkvæði en sjö frambjóðendum. Þá er ekki ætlunin að unnt sé að greiða frambjóðanda fleiri en eitt atkvæði. Með þessum hætti ætti að vera nægilega tryggt að breiður hópur 63 landsmanna með víðtækt umboð fengi flest atkvæði. Þeir 63 sem næst kæmu væru varafulltrúar í sömu röð. Við þessa tilhögun er m.a. litið til þess að rík, víðtæk og vaxandi krafa er uppi um aukna möguleika á persónukjöri til

Alþingis og sveitarstjórna í stað þess víðtæka flokksvals sem viðhaft er samkvæmt gildandi lögum.

Talið er nauðsynlegt að tryggja að frambjóðendur eigi nokkra skírskotun til hóps kjósenda áður en þeir fá nafn sitt sett á kjörseðil auk þess sem líklegt er að kjörseðill verð alllangur hvað sem því líður. Þykir talan 300 ekki fjarri lagi í því sambandi en það er tæplega eitt prómill þjóðarinnar þó að þar hafi ekki allir kosningarrétt.

Eins og áður segir þykir hæfilegt að frambjóðendur hafi tveggja mánaða frest til þess að lýsa framboði sínu frá síðari samþykkt frumvarps þessa að loknum alþingiskosningum. Eðlilegt þykir að nýta þekkingu og reynslu landskjörstjórnar í þessu sambandi sem öðru þar sem við á, enda á hún að vera óháð og hæf til þessa hlutverks.

Um 3. mgr. Engin ástæða þykir til annars en að miða kosningarrétt við sömu reglur og við kosningar til Alþingis. Gildir þá sem endranær fráviksheimild 2. málsl. 1. mgr. 33. gr. stjórnarskrárinnar sem löggjafinn hefur nýtt sér með 2. mgr. 1. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, um að tilteknir íslenskir ríkisborgarar eigi kosningarrétt þó að þeir eigi hér ekki lögheimili. Eru sérstök rök til þess þar sem hér er um framtíðarstjórnskipun landsins að tefla en ekki aðeins stundarhagsmuni eins og frekar ætti við í alþingiskosningum.

Um 4. mgr. Kjörgengir til stjórnlagaþings eru allir sem eru kjörgengir til Alþingis, þ.e. allir nema dómarar Hæstaréttar, að frátöldum æðstu fulltrúum annarra þátta ríkisvaldsins, þ.e. ráðherrum og alþingismönnum og varaþingmönnum eins og nánar var rakið í almennum athugasemdum hér að framan.

Þá er og neikvætt kjörgengisskilyrði eins og skv. 24. gr. stjórnarskrárinnar að frambjóðendur hafi óflekkað mannorð og vísast til hefðbundinna sjónarmiða í lögfræði um túlkun þess kjörgengisskilyrðis.

Um 5. mgr. Eðlilegt þykir að forseti Íslands, sem er eini fulltrúi þjóðarinnar sem er þjóðkjörinn í beinum og milliliðalausum kosningum, hafi, auk boðunar stjórnlagaþings og ákvörðunar um aðsetur þess og nánari tímasetningar, sbr. 1. mgr., það hlutverk að setja þingið. Heldur hann þá væntanlega stutta ræðu um það sem leitt hefur til stjórnlagaþings og hvað fram undan er án þess að leggja þinginu línurnar. Að því búnu stýrir forseti Íslands kjöri forseta þingsins sem eftir það tekur við stjórnartaumum og stýrir kjöri annarra embættismanna stjórnlagaþings og þar með forsætisnefndar. Með sömu röksemdum og að framan greinir um tilurð stjórnlagaþings og kjörgengi er eðlilegt að forseti Íslands víki að því búnu af þinginu. Fari svo að forseta njóti ekki við þegar til kasta hans kemur samkvæmt ákvæðum 1. gr. er eðlilegt að skýra þá aðstöðu svo að við einstakar athafnir komi forseti Alþingis í hans stað, sbr. 2. málsl. 8. gr. stjórnarskrárinnar og 2. málsl. 16. mgr. 1. gr. frumvarps þessa.

Kjör forseta stjórnlagaþingsins og þingritara skal skv. 6. mgr. 1. gr. vera í sérstöku kjöri en heimilt er eftir því hvernig þeir leggja upp kjör hinna fimm fulltrúanna í forsætisnefnd að kjósa þá í einu lagi hreyfi þingfulltrúar ekki andmælum. Við þá tilhögun er auðveldara að gæta þess að forsætisnefnd sé skipuð breiðum hópi en ekki einsleitum.

Um 6. mgr. Eðlilegt er að tryggja sjálfstæði stjórnlagaþings gagnvart öðrum reglulegum handhöfum ríkisvalds á borð við dómstóla eins og gert er í 46. gr. stjórnarskrárinnar með því að tryggja að Alþingi eitt – en ekki Hæstiréttur – skeri úr um lögmæti kosningar þingmanna og kjörgengi þeirra. Styðst þessi regla við þrígreiningu ríkisvalds sem margir telja að þurfi að auka eða skerpa á en til þess mun stjórnlagaþingið taka afstöðu. Sama gildir um sjálfstæði og sannfæringu einstakra þjóðkjörinna fulltrúa, sbr. 48. gr. stjórnarskrárinnar. Á hinn bóginn þykir drengskaparheit að stjórnarskránni ekki við hæfi eins og alþingismönnum ber að vinna

skv. 47. gr. stjórnarskrárinnar enda er eina hlutverk þingsins að taka afstöðu til þess hvort breyta þarf stjórnarskránni – og þá hverju í stjórnskipan landsins.

Um 7. mgr. Eina efnisreglan sem sett er um framkvæmd stjórnlagaþings í frumvarpi þessu til stjórnarskipunarlaga er að fundir þess og fundir starfsnefnda skuli vera opnir – haldnir í heyranda hljóði. Verða þingfundir þar með aðgengilegir almenningi – hvort sem er beinlínis eftir því sem aðstæður leyfa eða með aðstoð fjölmiðla og upplýsingatækni. Er það sama regla og aðalregla 1. mgr. 57. gr. stjórnarskrárinnar kveður á um varðandi fundi Alþingis. Ekki þykir ástæða til þess að taka hér upp undantekningarheimild 2. mgr. 57. gr. stjórnarskrárinnar þar sem ekki standa rök til þess að nokkuð í framtíðarstjórnskipan landsins sé hulið leyndarhjúp eins og vitaskuld getur – og hefur – komið upp við daglega stjórn landsins, svo sem í tengslum við utanríkismál. Sama gildir um starfsnefndir þó að óhjákvæmilega sé viss hætta á að við þetta fortakslausa skipulag færist raunverulegar umræður á annan vettvang. Við því er þó reynt að bregðast í takmörkunarheimild 8. mgr. varðandi óeðlilega hagsmunagæslu á stjórnlagaþingi. Þá eiga flokkadrættir ekki að vera ríkur þáttur í þingstörfum og með frumvarpi þessu er leitast við að allt sé „uppi á borðinu“ eins og rík krafa er um og nauðsyn til að mati þingflokks Framsóknarflokksins.

Að öðru leyti setur stjórnlagaþing sér sjálft fundarsköp og starfsreglur – hvort sem er í einum eða fleiri bálkum – og nýtur vitaskuld við það bæði hefðar og reynslu Alþingis eftir því sem henta þykir, almennrar venju í fundarsköpum og þekkingar einstakra þingfulltrúa. Eðlilegt þykir að miða hér við að fundarsköp og starfsreglur séu settar með einföldum meiri hluta enda meginreglur um form og framkvæmd en ekki efnisatriði og niðurstöður. Auk þess má vænta þess að í upphafi séu flokkadrættir í lágmarki á þinginu.

Meðal meginatriða sem ákveða þarf í upphafi stjórnlagaþings er skipulag þess í starfsnefndum eins og nánar er rakið í ákvæðinu.

Um 8. mgr. Mikilvægt þykir að tryggja frá upphafi þingstarfa atbeina, reynslu og þekkingu ýmissa frjálsra félagasamtaka sem starfa í landinu og hafa bæði lagt gott til hagsmuna alls almennings og gætt (sér)hagsmuna sinna. Til þess að tryggja að þeirra njóti við þegar lýðveldið er endurreist frekar en að slík samtök sjái sér hag í að vinna gegn markmiðinu er lagt til að þau fái takmarkaðan seturétt á stjórnlagaþingi í stað þess að veita aðeins umsagnir um drög. Takmörkunin felst bæði í vettvangi og vægi. Vettvangur fulltrúa sem ekki eru þjóðkjörnir er starfsnefndir en ekki þingið sjálft (l. plenum). Vægið er bundið við málfrelsi og tillögurétt í hlutaðeigandi nefnd og auk þess er vísbending um að þingið geti takmarkað jafnræði þeirra í fundarsköpum eða starfsreglum þannig að réttur þeirra sé ekki sjálfkrafa sá sami og þjóðkjörinna. Þá njóta þeir ekki atkvæðisréttar eins og hinir þjóðkjörnu fulltrúar. Ástæða þess að ekki þykir nægja að fulltrúar samtaka komi að málum með umsögnum er sú mikla reynsla og þekking sem þeir hafa iðulega viðað að sér – jafnvel á áratugum – í krafti hagsmuna sinna eða hugsjóna. Forsætisnefnd fær það hlutverk að gera upp á milli samtaka í þessu efni en ekki þótti rétt að hafa fjölda þeirra nema á við helming hinna þjóðkjörnu. Aðrir fá vitaskuld tækifæri til þess að gefa umsagnir eftir því sem starfsreglur stjórnlagaþings segja til um.

Gegn þessu fyrirkomulagi hafa verið nefnd rök um að fulltrúar tilnefndir af samtökum „úti í bæ“ dragi úr þeirri tilfinningu að um sé að ræða stjórnlagaþing þjóðkjörinna. Á hinn bóginn er fjöldi þeirra hálfur á við þjóðkjörna, vettvangur takmarkaður og vægi minna samkvæmt framangreindu. Þykir því ekki hætta á að sumir teljist „jafnari en aðrir“ enda er það sjálf forsætisnefndin, sem stjórnlagaþingið velur sjálft úr hópi þjóðkjörinna, sem ákveður hvaða samtök og hve marga fulltrúa hún skipar. Þá liggja til þessa fyrirkomulags þau rök að betra sé

að hlusta frá upphafi á rök og tillögur mikilvægra almannasamtaka, hagsmunasamtaka og stjórnmálasamtaka heldur en að fá þau strax upp á móti þinginu eða afurð þess sem tekist verður á um að lokum í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Önnur og veigameiri rök gegn þessari tilhögun eru að ekki sé eins og við lagasetningu á Alþingi búið að forvinna tillögur í lokuðu umhverfi Stjórnarráðsins sem erfitt sé að breyta í umsagnarferli þingnefnda þegar á hólminn er komið. Á hinn bóginn er ekki útilokað að stefnumál mótist í hópum innan þings og starfsnefnda sem erfitt er að rjúfa síðar í ferlinu. Þá er þessi tilhögun í anda samvinnustefnunnar sem Framsóknarflokkurinn hefur haldið í heiðri í yfir 90 ár.

Á móti þessu sérstaka vægi fulltrúa ýmissa samtaka þykir því eðlilegt að stjórnlagaþing íhugi að takmarka óeðlilega hagsmunagæslu eins og farið er að gera bæði austan hafs og vestan vegna óheppilegrar þróunar í hagsmunagæslu (e. lobbyism). Sérstaka ábendingu er að finna í frumvarpi þessu – og þar með væntanlegri heimild frá stjórnarskrárgjafanum, sem eru tvenn Alþingi með kosningum á milli – til þess að setja takmarkanir við óheimilli hagsmunagæslu og leggja refsingu við brotum gegn slíkum reglum eftir því sem þingið skilgreinir. Er þetta liður í því að tryggja sjálfstæði þjóðkjörinna fulltrúa á stjórnlagaþingi svo hvorki komi til dæmi eða grunur um að annað en að almannahagsmunir ráði för um grundvallarhagsmuni þjóðarinnar.

Um 9. mgr. Vart þykir fært að gera ráð fyrir endurskoðun á stjórnskipun ríkis þótt ungt sé og lítið á skemmri tíma en hálfu ári. Þar sem það er háleit stefna er veitt heimild til þess að framlengja starfstímann um tvo mánuði svo starfstími reglulegs þings verði alls allt að átta mánuðir. Ef einfaldur meiri hluti telur að saman náist á þeim tíma getur hann ákveðið slíka framlengingu þó að aukinn meiri hluta þurfi til efnislegrar niðurstöðu.

Á hinn bóginn er ekki óraunhæft að endurskoða stjórnskipun á um hálfu ári í kjölfar þjóðfélagsumróts eins og nú hefur orðið. Lítur þingflokkur Framsóknarflokksins þá til þess að verið hefur nokkur umræða um stjórnskipun og umbótatillögur á undanförnum áratugum og rík vitund fyrir því að verkinu við lýðveldisstofnun sé aðeins að hálfu lokið. Þá liggur fyrir vefur stjórnarskrárnefndar (www.stjornarskra.is) með miklu efni sérfræðinga og annarra um gildandi stjórnskipulag, umbótatillögur og erlendar fyrirmyndir. Loks hefur menntun þjóðarinnar, m.a. á þessu sviði og tengdum sviðum, stóraukist á undanförnum árum svo og upplýsingar um reynslu annarra ríkja, góða og slæma.

Um 10. mgr. Eðlilegt þykir að við niðurstöðu um einstök efnisákvæði í tillögu að nýrri stjórnarskrá eins og við formreglur og skipulag samkvæmt framangreindu ráði meginreglan um einfaldan meiri hluta atkvæða en að við heildarniðurstöðu sé aukinn meiri hluti – ⅔ – áskilinn. Í því felst hvati til þess að með einstökum ákvæðum sé ekki brotið svo gegn hagsmunum eða hugsjónum minni hlutans að heildarsamþykki sé í húfi – annaðhvort á stjórnlagaþingi eða í þjóðaratkvæðagreiðslu sem áskilin er.

Um 11. mgr. Meginatriði er að tillaga ⅔ þingfulltrúa sé borin undir þjóðina í almennri atkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar, þ.e. með jái eða nei auk hlutleysis og ógildra atkvæða. Þar ræður einfaldur meiri hluti enda ekki eðlilegt að hafa tvívegis aukinn meiri hluta í ferlinu eða gera ráð fyrir að minni hluti eða þeir sem heima sitji geti ráðið úrslitum. Þingfulltrúar verða að gæta þess að ná breiðri samstöðu svo tillaga nái ekki aðeins í gegnum stjórnlagaþingið heldur njóti einnig stuðnings kjósenda – sem veitt hafa þeim umboð í upphafi. Eðlilegt er að stjórnlagaþingið og ferlið allt njóti sjálfstæðis frá Alþingi og öðrum reglulegum handhöfum ríkisvalds og að reglur um þjóðaratkvæðagreiðslu þessa um nýja stjórnarskrá séu því settar af þinginu sjálfu og birtar eins og lög. Undirskrift forseta stjórnlagaþings

og þingritara kæmi þar í stað undirritunar forseta Íslands og ráðherra þegar lög eru sett. Er ritstjóra Stjórnartíðinda sem ella starfar í umboði dómsmálaráðherra vitaskuld skylt að birta þessa ályktun eins og reglur skv. 8. mgr. um takmörkun utanaðkomandi hagsmunagæslu. Þar sem minni hefð er fyrir atkvæðagreiðslum en kosningum, sem eru leynilegar hér á landi, er sérstaklega áréttað að allsherjaratkvæðagreiðsla meðal allra kosningarbærra Íslendinga skuli vera leynileg. Eðlilegt er að stjórnlagaþing árétti í þeirri þingsályktun að með „meiri hluta greiddra atkvæða“ sé átt við meginregluna að auð atkvæði og ógild skuli ekki talin með við ákvörðun meiri hluta, þ.e. að tillaga teljist samþykkt séu já-atkvæði fleiri en nei-atkvæði, hvað sem líður auðum atkvæðum og ógildum.

Um 12. mgr. Þar sem í svo mikið er lagt þykir eðlilegt að endurtaka tilraunina einu sinni – en ekki oftar – ef þjóðin synjar samþykkis fyrra sinni; má þá endurnýta það sem gott þótti en af umræðum í tengslum við þjóðaratkvæðagreiðslu má væntanlega ráða með nokkurri vissu hvað hafi „fellt“ tillöguna. Þá leggja nýir fulltrúar – þeir 63 sem næstir voru í atkvæðafjölda í kosningum til stjórnlagaþings – nýtt mat á málið og endurmeta verk aðalfulltrúanna sem taka sæti varafulltrúa. Forfallist varamaður sem þá á að sitja 2. þjóðfund sem aðalmaður kemur fyrri aðalmaður inn sem varamaður. Forfallist báðir fækkar einfaldlega í hópi þingfulltrúa; eru það rök fyrir því að hafa þjóðkjörna fulltrúa ekki of fáa. Að öðru leyti gilda sömu reglur nema hvað starfstími og möguleg framlenging hans er hálfu skemmri en fyrri tilraun.

Um 13. mgr. Eðlilegt þykir að tryggja atbeina og atorku þjóðkjörinna fulltrúa með því að launa þá tímabundið og veita þeim aðra vernd á borð við friðhelgi sem alþingismenn njóta lögum og stjórnarskrá samkvæmt. Er það til að tryggja sjálfstæði þeirra gagnvart hagsmunaöflum í þjóðfélaginu og sérfræðingum svo að stjórnlagaþing standi undir nafni. Varðandi launin eru fundnar viðeigandi hliðstæður varðandi almenna þingfulltrúa svo og forsætisnefndarfulltrúa miðað við reglur laga nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað. Aðeins er þó gert ráð fyrir venjulegum launum, auk álags forsætisnefndarfulltrúa og formanna starfsnefnda, en ekki kostnaðargreiðslna. Slíkt metur forsætisnefnd sjálfstætt skv. 15. mgr. 1. gr. Þá er ekki gert ráð fyrir öðrum hlunnindum eða réttindum á borð við eftirlaun, lífeyrisréttindi eða biðlaun nema ef lágmarksstarfstími reynist ónauðsynlegur enda hafa þingfulltrúar þá getað gert ráð fyrir sex mánaða starfstíma. Í þessu sambandi má einnig líta til þess að kosningabaráttа til stjórnlagaþings er ólaunuð, svo og málefnastarf að loknu þingi til að vinna að – eða gegn – niðurstöðu stjórnlagaþings. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum réttindum til þess að krefja stjórnvöld skýrslna enda er stjórnlagaþing ekki ætlað til þess að veita sitjandi ríkisstjórn aðhald eða eftirlit; til þess er Alþingi. Nægilegar upplýsingar ættu að liggja fyrir opinberlega og í þekkingargrunni samfélagsins til þess að þingið geti sinnt hlutverki sínu við að endurmeta og móta stjórnskipan landsins. Sé þess þörf er unnt að beita upplýsingalögum til þess að leita upplýsinga en flest gögn ættu að liggja fyrir á bókasöfnum og Þjóðskjalasafni svo og hjá fræðimönnum sem unnt er að leita til.

Um 14. mgr. Rétt þykir að taka fram að stjórnlagaþing njóti sömu friðhelgi og Alþingi samkvæmt stjórnarskrá og almennum hegningarlögum.

Um 15. mgr. Til þess að tryggja algert sjálfstæði stjórnlagaþings gagnvart Alþingi og ríkisstjórn er nauðsynlegt að í þessu frumvarpi felist smávægilegt frávik frá 41. gr. stjórnarskrárinnar um fjárlagavald Alþingis. Taka ber fram að ekki er hróflað við hinum hluta fjárstjórnarvaldsins, skattlagningarvaldinu, sbr. 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. Frávikið frá fjárveitingarvaldi Alþingis er þó aðeins viðbót en ekki skerðing. Auk þess er það tímabundið, einskorðað við starfstíma þingsins – eftir atvikum með framlengingu og annarri tilraun, að há-

marki alls 12 mánuðir. Loks er frávikið bundið við þann eina tilgang að kosta stjórnlagaþingið, laun þingfulltrúa, leigja aðstöðu, ráða starfsfólk og sérfræðinga o.s.frv. Ekkert almennt fjárveitingarvald er framselt frá Alþingi heldur aðeins veitt takmörkuð kostnaðarheimild til þinghaldsins. Vitaskuld þarf Alþingi í fjárlögum eða fjáraukalögum að gera ráð fyrir þeim kostnaði sem frumvarp þetta er líklegt til að leiða til.

Auk launa þjóðkjörinna samkvæmt framangreindu er eðlilegt að þeir fulltrúar félagasamtaka, sem ekki þiggja laun frá þeim eins og algengt er, þiggi þóknun en ekki laun og þá aðeins fyrir störf sín á fundum starfsnefnda og til undirbúnings þeim eftir atvikum. Sem dæmi mætti nefna ef ólaunaður formaður almannasamtaka sæti í starfsnefnd stjórnlagaþings fengi hann þóknun fyrir þá setu og eftir atvikum undirbúning við lestur gagna, undirbúning tillagna og gerð greinargerða. Á hinn bóginn fengi launaður framkvæmdastjóri hagsmunasamtaka, sem tilnefndur væri til setu í starfsnefnd, hvorki laun né þóknun fyrir það álag og vinnu sem í því fælist. Þykir jafnræðis þar gætt að teknu tilliti til almannahagsmuna og mismunandi eðlis og stöðu frjálsra félagasamtaka. Sem endranær fær forsætisnefnd þar mikið hlutverk við að móta framkvæmdina innan svigrúms reglna þeirra og sjónarmiða sem felast í frumvarpi þessu.

Um 16. mgr. Af sama toga er sú regla sem á að tryggja formlegt sjálfstæði forseta Íslands gagnvart ríkisstjórn við boðun stjórnlagaþings og þykir þá eðlilegt að forseti Alþingis skrifi undir ákvarðanir með honum eins og ráðherra ella. Gildir þá hvorki ákvæði 19. gr. stjórnarskrárinnar um meðundirritun ráðherra né ákvæði 13. gr. stjórnarskrárinnar um að ráðherra framkvæmi vald forseta.

Um 17. mgr. Á hinn bóginn hróflar stjórnlagaþing ekki – að öðru leyti en hvað varðar nauðsyn þess að gera ráð fyrir kostnaði við það samkvæmt framangreindu – við valdheimildum, réttindum og ábyrgð annarra handhafa ríkisvalds, Alþingis, dómstóla, ríkisstjórnar og annarra stjórnvalda samkvæmt gildandi stjórnarskrá og lögum. Eftir því sem aðstæður bjóða er landinu stjórnað með sama hætti og endranær.

Þó þykir eðlilegt að umboðsmaður Alþingis gegni hlutverki sérstaks dómsmálaráðherra í sambandi við kosningu til stjórnlagaþings og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögu að nýrri stjórnarskrá ef til hennar kemur. Er það gert til þess að tryggja sjálfstæði og óvilhalla meðferð tillögunnar – hver sem hún verður.

Um 2. gr.

Auk efnisákvæða nýrrar stjórnskipunar og mannréttindaákvæða og annars sem stjórnlagaþing telur eðlilegt að taka upp í tillögu að nýrri stjórnarskrá metur þingið hvenær eðlilegt er að ný stjórnarskrá taki gildi og áhrif hennar á einstök atriði stjórnskipunar og handhafa ríkisvalds sem nú eru við lýði. Samþykki þjóðin tillöguna – hvort sem er í fyrra skiptið eða endurbætta tillögu í síðara skiptið – tekur hún gildi eftir eigin ákvæðum og kemur þá í stað gildandi stjórnarskrár. Ekki er sjálfgefið að ný stjórnarskrá taki strax gildi og er því m.a. hægt að bíða með enn einar kosningar – t.d. til þings – samkvæmt nýrri stjórnarskrá ef stjórnlagaþingið telur það rétt – m.a. vegna hugsanlegrar kosningaþreytu en þá verður þegar búið að kjósa þrisvar til fjórum sinnum á skömmum tíma.

Um 3. gr.

Ef frumvarp þetta verður samþykkt óbreytt á nýkjörnu Alþingi að loknum fyrirhuguðum vorkosningum verður það þegar gild stjórnarskipunarlög við staðfestingu og birtingu lögum samkvæmt. Þá – og fyrr ekki – verður unnt að hefja framkvæmd samkvæmt bráðabirgða-

ákvæði þessu við gildandi stjórnarskrá með því að undirbúa kosningar til stjórnlagaþings, boðun þess, framkvæmd o.s.frv.

513. Frumvarp til laga [287. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein er verði 5. mgr., svohljóðandi:

Vinnumálastofnun er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum b–e-liðar 1. mgr. þannig að hinn tryggði geti talist vera í virkri atvinnuleit stundi hann nám sem nýtist honum beint í atvinnuleit og er ætlað að veita honum aukin starfsréttindi, auka hæfni hans til starfa og bæta vinnufærni, svo sem iðnnám eða meistaranám. Slíka heimild má þó einungis veita hinum tryggða til tveggja ára og skal hann skila viðunandi námsárangri og uppfylla önnur þau skilyrði sem skilgreind eru í reglugerð, sbr. 6. mgr. Heimildina skal einungis veita búi hinn tryggði ekki þegar yfir þeirri menntun eða réttindum sem um ræðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpinu er ætlað að veita atvinnulausum rétt til atvinnuleysisbóta meðan á námi stendur. Lagt er til að Vinnumálastofnun fái heimild til að veita undanþágu frá skilyrði um virka atvinnuleit stundi sá sem tryggður er samkvæmt lögunum nám sem ætlað er að auka við starfsréttindi hans og bæta vinnufærni. Tekið er fram að iðnnám sem veitir starfsréttindi geti fallið undir heimildina sem og meistaranám. Að öðru leyti er ekki gerð frekari afmörkun á því hvaða nám er um að ræða og það eftirlátið félagsmálaráðherra að útfæra slíkt nánar í reglugerð. Með því er einnig gert ráð fyrir svigrúmi til að meta hvert tilvik fyrir sig. Til viðmiðunar eru þó sett þau skilyrði að námið þurfi að nýtast hinum tryggða beint í atvinnuleit hans og veita aukin starfsréttindi ásamt því að auka hæfni til starfa og bæta vinnufærni. Þá er eðlilegt að miða við að heimildin sé einungis nýtt til náms sem leiði til starfshæfni sem líklegt er að þörf sé fyrir í þjóðfélaginu til lengri tíma litið. Með því væri t.d. hægt að opna fyrir möguleika fólks til að hefja háskólanám án þess að þurfa að geyma áunna atvinnuleysistryggingu í samræmi við 25. gr. laganna.

Miðað er við að heimildin sé bundin við viðbótarréttindi eða nám og er einna helst hugsuð fyrir þann hóp atvinnulausra sem einungis býr yfir grunnmenntun til að bæta við nám sitt og auka þannig líkur á að finna starf. Samkvæmt tölum Hagstofunnar frá árinu 2007 voru 28% einstaklinga á vinnumarkaði á aldrinum 20–64 ára án viðurkenndrar starfs- og framhaldsskólamenntunar. Þetta samsvarar 45 þúsund manns. Að sama skapi er hlutfall þeirra mjög hátt meðal atvinnulausra, en tæp 60% atvinnulausra í lok árs 2008 voru einungis með grunnskólamenntun. Mikilvægt er því að bæta úrræði þessara einstaklinga til að auka vinnufærni sína með því að bæta við námsúrræðum.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006, kemur fram að námsúrræði hafi þótt mjög mikilvægt vinnumarkaðsúrræði, en slíkum úrræðum er ætlað að auka vinnufærni atvinnulausra. Þó er einnig tekið fram þar að með námsúrræðum sé ekki átt við hefðbundið framhaldsskólanám eða nám á háskólastigi, sbr. einnig reglugerð nr. 13/2009, um nám og námskeið sem eru viðurkennd sem vinnumarkaðsúrræði. Í frumvarpinu er því um víkkun hugtaksins að ræða vegna aðstæðna í samfélaginu og, í samræmi við markmið vinnumarkaðsaðgerða, er gert ráð fyrir að þessi breyting nýtist atvinnuleitendum beint og auki ráðningarmöguleika þeirra til framtíðar.

Sú kvöð er þó lögð á þá sem nýta sér námsúrræði laga um vinnumarkaðsaðgerðir að þeir þurfi að vera tilbúnir að taka þau störf sem þeim bjóðast, sbr. 14. gr. laga um atvinnuleysistryggingar. Með frumvarpinu er opnað fyrir þann möguleika að útfæra nánar vinnumarkaðsúrræðin með því að breyta viðeigandi reglugerðum þannig að til boða standi lengra nám sem ekki þarf að hætta að stunda ef starf býðst. Slíkt nám nýtist einstaklingum þegar vinnumarkaður tekur við sér að nýju og er einnig þjóðfélaginu til góða þar sem sérþekking og vinnufærni einstaklinga eykst.

514. Fyrirspurn [288. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um fjölþáttameðferð utan höfuðborgarsvæðisins.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvernig hyggst ráðherra tryggja að komið sé til móts við þarfir stórra þéttbýliskjarna utan höfuðborgarsvæðisins, svo sem á Norðurlandi, þannig að tryggt sé að íbúum þar verði boðið upp á fjölþáttameðferð (MST)?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að Barnaverndarstofa geri þjónustusamning, t.d. við barnaverndarnefnd Eyjafjarðar, um að koma upp fjölþáttameðferðarteymi fyrir íbúa á Norðurlandi?
3. Hefur farið fram mat á meðferðarheimilum, faglegu starfi þeirra og árangri, og því hvaða áhrif breytingar á meðferðarúrræðum hafa haft á þjónustu við íbúa á landsbyggðinni?

Skriflegt svar óskast.

515. Frumvarp til laga [289. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Við 6. málsl. 1. mgr. 42. gr. laganna bætist: og húseiningum.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 42. gr. skal á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. júlí 2010 endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað. Jafnframt skal á sama tímabili endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess. Að öðru leyti gilda ákvæði 1. mgr. 42. gr. á umræddu tímabili.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til tvær breytingar á 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Í fyrsta lagi er lagt til að endurgreiðsluhlutfall það sem kveðið er á um í 1. mgr. 42. gr. verði tímabundið hækkað úr 60% í 100%, þ.e. á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. júlí 2010. Byggjendur íbúðarhúsnæðis fá í dag endurgreidd 60% af þeim virðisaukaskatti sem þeir greiða af vinnu iðnaðar- og verkamanna á byggingarstað vegna nýbygginga, endurbóta og viðhalds. Ekki er endurgreiddur virðisaukaskattur af byggingarefni, vélavinnu eða sérfræðiþjónustu, t.d. vegna þjónustu verkfræðinga eða arkitekta. Það er skattstjóri, í því umdæmi þar sem umsækjandi er skráður með lögheimili, sem afgreiðir endurgreiðslubeiðnir þessar. Heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts af þessu tagi var fyrst lögfest árið 1989. Til ársins 1996 var virðisaukaskattur vegna vinnu manna á byggingarstað endurgreiddur að fullu. Sú heimild var lækkuð niður í 60% með lögum nr. 86/1996, um breytingu á lögum nr. 50/1988, og var sú breyting rökstudd með vísan í breytingar á vörugjaldslögum, nr. 97/1987, sem orsökuðu skerðingu á tekjum ríkissjóðs. Endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði var lækkað til að mæta þessu tekjutapi ríkisins. Skömmu síðar var endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu manna við endurbætur og viðhald einnig lækkuð í 60%, sbr. lög nr. 149/1996, um breytingu á lögum nr. 50/1988.

Vegna þeirra aðstæðna sem nú eru í efnahagslífi þjóðarinnar er með frumvarpinu lagt til að hlutfall þessara endurgreiðslna verði tímabundið hækkað úr 60% í 100% vegna vinnu manna á byggingarstað og endurgreiðslna til eigenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu manna við endurbætur og viðhald. Markmiðið með slíku ákvæði til bráðabirgða er að koma til móts við húsbyggjendur sem eiga í erfiðleikum vegna yfirstandandi efnahagsþrenginga, sporna við svartri atvinnustarfsemi og hvetja til aukinnar starfsemi á byggingarmarkaði. Hækkað endurgreiðsluhlutfall hvetur til framkvæmda en það er mikilvægt þegar atvinnuástandið er jafnbágt og nú og horfur eru á á næstunni, m.a. í byggingargeiranum. Auk þess er almennt litið svo

á að slík tímabundin breyting sé líkleg til að stuðla að minni undanskotum frá skatti og þar með minnka svarta atvinnustarfsemi. Að sama skapi getur hækkunin dregið úr greiðslum vegna atvinnuleysisbóta vegna aukinna framkvæmda.

Í öðru lagi er með frumvarpinu lagt til að auk verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa verði heimilt í reglugerð að kveða á um endurgreiðslu ákveðins hlutfalls virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum húseiningum. Er lagt til að sú breyting verði ekki tímabundin. Samkvæmt núgildandi lagaákvæði nær þessi reglugerðarheimild í lokamálslið 1. mgr. 42. gr. eingöngu til endurgreiðslu ákveðins hlutfalls virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum íbúðarhúsum. Ýmsar breytingar hafa orðið á byggingarháttum frá þeim tíma þegar ákvæði 1. mgr. 42. gr. var sett. Byggingaraðferðir og byggingartækni hafa breyst og sala á steinsteyptum húseiningum hefur aukist töluvert, og fer nú bygging íbúðarhúsnæðis í auknum mæli fram annars staðar en á eiginlegum byggingarstað, í skilningi 1. málsl. 1. mgr. 42. gr. Algengt er að húsbyggjendur kaupi verksmiðjuframleiddar einingar án þess að uppsetning sé innifalin eða að einingar séu keyptar af mismunandi framleiðendum. Til þess að koma á jafnræði milli byggingaraðferða, þ.e. hvort bygging íbúðarhúsnæðis fer fram á byggingarstað eða með öðrum hætti, er með frumvarpinu lagt til að heimilt verði í reglugerð að kveða á um endurgreiðslu ákveðins hlutfalls virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum húseiningum.

Þar sem uppgjörstímabil virðisaukaskatts er tveir mánuðir vegna nýbygginga er með frumvarpinu lagt til að gildistaka miðist við upphaf næsta reglulega uppgjörstímabils, þ.e. 1. mars 2009.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að hlutfall endurgreiðslu virðisaukaskatts til byggjenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu manna á byggingarstað og vegna vinnu við endurbætur eða viðhald íbúðarhúsnæðis verði hækkað úr 60% í 100%. Ákvæðið er tímabundið og gildir frá 1. mars 2009 til 1. júlí 2010. Jafnframt er lagt til að heimilt verði að endurgreiða ákveðið hlutfall, sem ákveðið verði í reglugerð, virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum húseiningum. Markmiðið með frumvarpinu er að efla starfsemi á byggingamarkaði, efla atvinnuástandið almennt og þar með draga úr atvinnuleysi í því efnahagsástandi sem nú ríkir.

Mikil þensla hefur verið á byggingamarkaði undanfarin tvö til þrjú ár og því erfitt að meta hvaða áhrif þessi lagasetning hefur á endurgreiðslu virðisaukaskatts á þessu og næstu árum. Miðað við þróunina undanfarin ár er valið að nota árið 2005 sem viðmið. Það ár námu endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna nýbygginga, endurbóta og viðhalds íbúðarhúsnæðis samtals 3,2 milljörðum króna á núvirði og stefnir í að árið 2008 verði nokkuð svipað en mjög hratt dró úr byggingarstarfsemi eftir mitt árið. Mikil óvissa er um þróun á byggingamarkaði á næstunni en komist jafnvægi á markaðinn á þessu og næsta ári má gera ráð fyrir að endurgreiðsla á virðisaukaskatti gæti hækkað um 2 milljarða króna árlega frá því sem annars hefði verið. Endurgreiðsla á virðisaukaskatti telst vera skattstyrkur sem færist til lækkunar á tekj-

um, en ekki sem útgjöld. Á móti kemur hins vegar að ef umsvif aukast á byggingamarkaði vegna tilkomu laganna þá skilar það sér í auknum veltusköttum. Að sama skapi eru forsendur til að ætla að í kjölfar breytingarinnar geti dregið úr svartri atvinnustarfsemi sem hefur í för með sér aukinn tekjuskatt fyrir ríkissjóð og lækkun á greiðslum vegna atvinnuleysisbóta. Hins vegar er erfitt að leggja nákvæmt mat á slíkt. Ekki er ástæða til að ætla að heimild til endurgreiðslu hlutfalls virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum húseiningum hafi teljandi áhrif.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er þannig ekki gert ráð fyrir að það hafi teljandi áhrif á útgjöld skattkerfisins.

516. Frumvarp til laga [290. mál]

um lögskráningu sjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja að sjómenn hafi gild skírteini til þess að starfa um borð í skipi, að skip hafi gilt haffærisskírteini og að lögboðin áhafnartrygging sé í gildi. Þá er það einnig markmið laga þessara að tryggja sönnun fyrir því hverjir séu um borð í skipi hverju sinni og að siglingatími sjómanna sé skráður.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um áhafnir allra skráningarskyldra skipa á Íslandi sem gerð eru út í atvinnuskyni að undanskildum þeim sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá.

3. gr.
Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. Lögskráning er lögformleg skráning sjómanna um borð í skipum í gegnum lögskráningarkerfið að uppfylltum skilyrðum 5. gr.
2. *Sjómaður* er sá einstaklingur sem er ráðinn til starfa á skipi samkvæmt ákvæðum sjómannalaga.
3. *Skírteini* er skjal sem er í gildi og er staðfesting á atvinnuréttindum samkvæmt ákvæðum laga þessara.
4. *Útgerðarmaður* er sá sem mannar skipið, ræður ferðum þess, ber kostnaðinn af þeim og nýtur arðsins af þeim.

4. gr.
Lögskráningarskylda.

Áður en haldið er úr höfn skal skipstjóri sjá til þess að allir sjómenn sem eru ráðnir til starfa um borð í skipi skráðu hér á landi séu lögskráðir í skiprúm.

Óheimilt er að leggja skipi úr höfn nema allir sjómenn hafi verið lögskráðir í skiprúm. Þetta gildir þó ekki í neyðartilvikum.

Þegar veru sjómanns um borð lýkur skal skipstjóri sjá til þess að viðkomandi sé lögskráður úr skiprúmi.

5. gr.

Framkvæmd lögskráningar.

Skipstjóri ber ábyrgð á því að lögskráning fari fram í gegnum lögskráningarkerfið með rafrænum hætti. Skipstjóra er heimilt að fela útgerðarmanni að annast lögskráninguna.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að senda öll áskilin gögn og/eða upplýsingar til þess sem annast lögskráninguna í gegnum lögskráningarkerfið með rafrænum hætti.

Einungis er heimilt að lögskrá í skiprúm ef eftirtalin gögn eða upplýsingar liggja fyrir:

1. Skírteini sjómanns eða undanþágur, þ.m.t. skipstjóra.
2. Mælibréf skips og haffærisskírteini.
3. Staðfesting á að sjómaður hafi lokið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða á annan hátt.

6. gr.

Gjöld.

Greiða skal fyrir aðgang að lögskráningarkerfinu og fyrir þau störf sem Siglingastofnun Íslands innir af höndum við framkvæmd lögskráningar samkvæmt lögum þessum og skal kostnaður miðast við veitta þjónustu.

Gjöld skulu ákvörðuð í gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands samkvæmt lögum um Siglingastofnun Íslands og við ákvörðun gjalda skal leggja til grundvallar kostnað vegna launa starfsmanna Siglingastofnunar Íslands og rekstrarkostnað vegna viðhalds og vistunar lögskráningarkerfisins.

7. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þ.m.t. um:

a. nánari framkvæmd lögskráningar og skilyrði hennar,
b. hvernig standa skuli að rafrænu lögskráningunni í gegnum lögskráningarkerfið og notkun rafrænna skilríkja í þeim efnum,
c. öryggisfræðslu sjómanna og hvernig að henni skuli staðið,
d. hversu langt þurfi að líða á milli grunnöryggisfræðslunámskeiðs og endurmenntunarnámskeiðs,
e. frest til þess að ljúka öryggisfræðslunámskeiði sjómanna,
f. hvaða embætti eða stofnun skuli annast framkvæmd lögskráningar í samræmi við 2. mgr. 5. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að veita undanþágu frá ákvæðum laga þessara um lögskráningarskyldu áhafna tiltekinna skipa, svo sem hafnsögubáta, dráttarbáta, björgunarskipa, frístundafiskiskipa og farþegaskipa til skoðunarferða. Einnig er ráðherra heimilt í reglugerð að veita undanþágu frá ákvæðum laga þessara um lögskráningarskyldu einstakra sjómanna, svo sem viðgerðarmanna, vísindamanna eða annarra slíkra sem eru ekki ráðnir til starfa um borð að staðaldri.

8. gr.
Eftirlit.

Siglingastofnun Íslands hefur eftirlit með framkvæmd lögskráningar.

Heimilt er starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands að fara um borð í íslensk skip á siglingu og kanna lögmæti lögskráningar og skilríki um réttindi yfirmanna. Sé þessu ábótavant ber að kæra það. Við ítrekað brot sama skipstjóra má færa skip til hafnar. Bera má þá ákvörðun undir dómstóla eftir sömu reglum og gilda um heimild til að bera rannsóknaraðgerðir í sakamáli undir dóm.

9. gr.
Refsiákvæði.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Tilraun til brota og hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

10. gr.
Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2009.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna, og ákvæði 13. tölul. 13. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu og hefur verið kynnt í siglingaráði í samræmi við 1. mgr. 7. gr. laga um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996.

Tilgangur frumvarpsins er einkum að taka upp rafræna lögskráningu sjómanna sem jafnframt auðveldar einföldun umsýslu og framkvæmd skráningarinnar.

Lögskráning sjómanna eins og tíðkast hefur hér allt frá árinu 1930 er einsdæmi, en tilgangur hennar er fjölþættur. Í fyrsta lagi er henni ætlað að tryggja sönnun fyrir því hverjir hafi verið um borð í skipi ef það ferst. Þá er lögskráningin liður í eftirliti með því að sjómenn um borð hafi lögboðin starfsréttindi, að tryggja að lögboðin slysatrygging sé í gildi og jafnframt að fyrir liggi gögn um haffæri skips. Þá felst einnig í henni skráning á siglingatíma sjómanna og hefur siglingatíminn verið nýttur til útreiknings á skattafslætti sjómanna.

Lögskráningu sjómanna má rekja aftur til ársins 1889 í lögskráningarbálk farmannalaga. Þá framkvæmd sem þekkist í dag við lögskráningu má hins vegar rekja til laga um lögskráningu sjómanna er tóku gildi 1930. Efnislega hafa litlar breytingar orðið á lögunum frá lögunum 1930 að því undanskildu að nú er við framkvæmd lögskráningar gerð krafa um að sjómenn hafi hlotið öryggisfræðslu frá Slysavarnaskóla sjómanna eða hjá öðrum viðurkenndum aðila.

Megintilgangur þessa frumvarps er að gera framkvæmd lögskráningar einfaldari en áður með rafrænni skráningu. Lagt er til að skipstjórar og/eða útgerðarmenn beri ábyrgð á lögskráningunni sjálfir í gegnum lögskráningarkerfið og að þeir annist framkvæmd hennar. Fyrir þá skipstjóra eða útgerðarmenn sem ekki vilji nýta sér þann möguleika verður engu síður hægt að lögskrá með svipuðu fyrirkomulagi og áður. Í þeim tilvikum geta skipstjórar sent tilskilin gögn eða upplýsingar til Siglingastofnunar Íslands sem sér um framkvæmdina í stað sýslumanna áður.

Með notkun rafrænna skilríkja verður hægt að tryggja að upplýsingarnar stafi frá réttum aðila hverju sinni. Við framkvæmd lögskráningar verða upplýsingar frá skipstjóra eða útgerðarmanni bornar saman við upplýsingar í gagnagrunni hjá Siglingastofnun þannig að ganga megi úr skugga um að þær séu réttar, m.a. varðandi gildi skírteina, tryggingar og haffæri skips.

Í frumvarpinu er lögð til sú meginbreyting frá gildandi lögum að lögskráningin tekur nú til allra sjómanna sem starfa um borð í skipum sem skráningarskyld eru hér á landi. Í gildandi löggjöf nær skráningin til allra sjómanna sem ráðnir eru til starfa á skipum sem skráð eru hér á landi og eru 20 brúttótonn eða stærri. Fallið er frá stærðartakmörkunum enda ekki lengur taldar forsendur fyrir því að gera greinarmun á eftirliti með kröfum um tilskilin réttindi og tryggingar eftir stærð skipa.

Við framkvæmd lögskráningar verður ekki lengur gerð krafa um yfirlýsingu tryggingafélags og að líf- og slysatrygging sé í gildi. Þess í stað er samfara þessu frumvarpi gert ráð fyrir breytingu á lögum um eftirlit með skipum. Þar er lagt til að skip fái ekki haffærisskírteini nema í gildi sé lögboðin líf- og slysatrygging.

Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir því að frumvarp þetta hafi í för með sér verulegar breytingar á lögskráningunni sem slíkri þar sem tilgangur hennar og markmið verða svipuð og áður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum er ekki að finna ákvæði um markmið lögskráningar. Af lögunum og þeirri framkvæmd sem hefur tíðkast má sjá að markmiðið þeirra hafi fyrst og fremst verið að tryggja að sjómenn hafi gild atvinnuskírteini hverju sinni. Þau rök sem þar búa að baki eru einkum að tryggja þurfi að áhöfn skips sé skipuð réttindamönnum í þeim stöðum þar sem það er áskilið enda verði með því betur tryggt öryggi skips og áhafnar. Jafnframt á lögskráning að tryggja það að skip hafi ávallt gilt haffærisskírteini á hverjum tíma.

Í greininni er einnig kveðið á um að markmið laganna sé að lögboðin áhafnatrygging sé í gildi. Skiptir það miklu máli fyrir sjómenn að í gildi sé lögboðin áhafnatrygging ef slys ber að höndum. Með lögskráningu er einnig haldið utan um siglingatíma sjómanna. Skiptir það m.a. sköpum fyrir sjómenn að geta sýnt fram á skráðan siglingatíma þegar sótt er um atvinnuskírteini o.s.frv. Þá á lögskráning sjómanna að tryggja sönnun fyrir því hverjir séu um borð í skipi hverju sinni.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um að meginregla frumvarpsins um skráningu á skip nái til allra skipa sem skráð eru á íslenska skipaskrá. Jafnframt er kveðið á um frávik frá meginreglunni en undanskilin lögskráningu eru skip sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá. Þá er í 7. gr. jafnframt kveðið á um heimild ráðherra til að undanskilja frá lögskráningarskyldunni tilteknar gerðir skipa í reglugerð.

Um 3. gr.

Hér er að finna nánari skilgreiningu á lögskráningu en er í gildandi lögum. Í gildandi lögum kemur eingöngu fram að lögskráning sé tvenns konar, þ.e. í skiprúm og úr skiprúmi, en ákvæðið er samhljóða fyrstu lögskráningarlögunum frá 1930. Með ákvæðinu er leitast við að varpa ljósi á hugtakið og hvað felist í lögskráningu.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um rafræna lögskráningarskyldu. Með þessu er gerð krafa um að skipstjóri eða útgerðarmaður lögskrái sjómenn rafrænt í skiprúm. Með þessu verður framkvæmdin gerð einfaldari og hagkvæmari. Eftir sem áður er kveðið á um að lögskráð skuli í skiprúm í hvert skipti þegar lagt er úr höfn og lögskráð skuli úr skiprúmi í hvert skipti þegar komið er til hafnar. Með þessu fyrirkomulagi á að vera tryggt að markmið laganna náist auk þess sem siglingatími sjómanna ætti að vera rétt skráður hverju sinni. Í ákvæðinu er skýrt tekið fram að það sé á ábyrgð skipstjóra að sjá til þess að lögskráning fari fram.

Um 5. gr.

Ákvæðið, sem er nýmæli, kveður á um að skipstjóri eða útgerðarmaður annist framkvæmd lögskráningar í gegnum lögskráningarkerfið með rafrænum hætti. Með því að opna fyrir rafræna skráningu verður framkvæmdin einfaldari og hægt verður að lögskrá beint úr tölvu skipstjóra eða útgerðarmanns. Gert er ráð fyrir því að með tilkomu rafrænna skilríkja eða með öðrum rafrænum auðkennum verði hægt að ganga úr skugga um að upplýsingarnar og lögskráningin sjálf stafi frá þeim aðila sem heimild hafi til þess að annast lögskráninguna, þ.e. frá skipstjóra eða útgerðarmanni. Með því móti er hægt að einfalda framkvæmdina með þessum hætti og færa hana til skipstjóranna sjálfra.

Þar sem þær upplýsingar sem áskildar eru til þess að lögskráning geti farið fram eru allar aðgengilegar í gagnagrunni lögskráningarkerfisins er ekkert því til fyrirstöðu að framkvæmdin verði með þeim hætti sem hér er lagt til.

Í 2. mgr. er þó opnað fyrir það að framkvæmdin verði með sama hætti og áður, en í þeim tilvikum er hins vegar mælt fyrir um í 7. gr. að ráðherra ákveði hver muni annast framkvæmdina. Gert er ráð fyrir að óverulegur fjöldi muni ekki vilja nýta sér sjálfur framkvæmd lögskráningar og því sé heppilegra að hún fari fram hjá einum aðila sem gæti að samræmingu í framkvæmd. Í því sambandi þarf að koma gögnum eða upplýsingum til Siglingastofnunar Íslands sem framkvæmir lögskráninguna í gegnum lögskráningarkerfið. Með gögnum í þessu sambandi er átt við frumrit skírteina og annarra gagna sem áskilin eru til þess að lögskráning geti farið fram, en einnig verður hægt að senda upplýsingar um viðkomandi skip eða sjómenn sem lögskráningin á að taka til, svo sem með tölvupósti, og framkvæmir þá framkvæmdaraðilinn lögskráninguna.

Reynslan hefur sýnt að nokkur vanhöld hafa verið á lögskráningu og framkvæmdin hefur verið með mismunandi hætti hjá þeim mörgu embættum sem séð hafa um hana hingað til.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er að finna heimild til að taka gjald vegna kostnaðar Siglingastofnunar Íslands við rekstur gagnagrunns og annars kostnaðar í tengslum við lögskráninguna. Um er að ræða einfalda gjaldtökuheimild sem miðast við að notendur þjónustunnar standi undir kostnaði vegna hennar. Gert er ráð fyrir því að greitt sé fyrir aðgang að lögskráningarkerfinu og að sá kostnaður nemi ekki hærri upphæð en kostnaði Siglingastofnunar Íslands við að reka lögskráningarkerfið. Gert er ráð fyrir þeim tilvikum þar sem skipstjórar eða útgerðarmenn velja að senda gögn á pappír til Siglingastofnunar Íslands sem mun þá annast skráninguna í gagnagrunninn í kjölfarið. Gert er ráð fyrir að einnig verði greitt fyrir þá þjónustu og að hún taki mið af auknum kostnaði sem af því leiði. Í því sambandi verði laun starfsmanna Siglingastofnunar sem framkvæma lögskráninguna lögð til grundvallar við útreikning gjalda. Þá er kveðið á um að gjöld vegna lögskráningarinnar verði birt í gjaldskrá Siglingastofnunar.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er að finna heimild til ráðherra til að setja reglugerð þar sem kveðið verði nánar á um framkvæmd laganna. Getur hann í því sambandi afmarkað framkvæmd lögskráningar og hvernig að henni skuli staðið með rafrænum hætti og notkun rafrænna skilríkja svo að öruggt megi teljast að framkvæmd lögskráningar stafi frá réttum aðila hverju sinni. Þá mælir ákvæðið fyrir um heimild ráðherra til að útfæra nánar framkvæmd öryggisfræðslunámskeiða. Í því sambandi hefur hann heimild til þess að veita almennan frest til þess að ljúka öryggisfræðslu sjómanna. Er einkum miðað við þá framkvæmd sem nú tíðkast, þ.e. að sjómenn hafi um 180 lögskráða daga til þess að sækja grunnmenntun í öryggisfræðslu og eins 180 lögskráða daga frá því að grunnmenntunin rennur út til þess að ljúka endurmenntunarnámskeiði öryggisfræðslu.

Þá er jafnframt að finna í ákvæðinu heimild ráðherra til þess að ákveða hvaða stofnun eða embætti skuli annast lögskráningu sjómanna kjósi skipstjóri eða útgerðarmaður að nota ekki heimild sína til þess. Í því sambandi er gert ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið að embætti sýslumanna eða tollstjóra annist lögskráninguna líkt og verið hefur eða að aðrar stofnanir sjái um það, svo sem Siglingastofnun Íslands eða Landskrá fasteigna svo dæmi séu tekin.

Í 2. mgr. er að finna heimild ráðherra til þess að veita tilteknum skipategundum eða sjómönnum undanþágu frá lögskráningarskyldunni.

Um 8. gr.

Í greininni segir að Siglingastofnun Íslands hafi eftirlit með framkvæmd lögskráningar. Eftirlit verður því hjá stofnuninni líkt og verið hefur og felst það í eftirliti með því að rétt sé staðið að lögskráningu, að skip séu mönnuð í samræmi við ákvæði laga og að skip sem lögskráningarskylda hvílir á haldi ekki úr höfn án þess að lögskráning hafi átt sér stað. Ber stofnuninni að tilkynna skipstjóra eða útgerðarmanni ef lögskráningu er ábótavant og skora á þá að framkvæma lögskráninguna. Verði því ekki sinnt og ef brotið er gegn fyrirmælum laganna ber stofnuninni að gera löggæsluyfirvöldum viðvart.

Í 2. mgr. er áréttað að Landhelgisgæslu Íslands, sem fer með löggæslu á hafinu, sé heimilt að fara um borð í íslensk skip og kanna lögmæti lögskráningar og skilríki yfirmanna líkt og verið hefur. Ákvæðið er efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um refsiviðurlög. Gert er ráð fyrir að brot gegn lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna og breytingu á lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003.

Megintilgangur frumvarps til laga um lögskráningu sjómanna er að gera framkvæmd lögskráningar einfaldari en áður með rafrænni skráningu. Lagt er til að skipstjórar og/eða útgerðarmenn beri ábyrgð á lögskráningunni sjálfir í gegnum lögskráningarkerfið og að þeir annist framkvæmd hennar. Fyrir þá skipstjóra eða útgerðarmenn sem ekki vilja nýta sér þann möguleika verður engu síður hægt að lögskrá með svipuðu fyrirkomulagi og áður. Í frumvarpinu er lögð til sú meginbreyting frá gildandi lögum að lögskráningin tekur nú til allra sjómanna sem starfa um borð í skipum sem skráningarskyld eru hér á landi. Í gildandi löggjöf nær skráningin til allra sjómanna sem ráðnir eru til starfa á skipum sem skráð eru hér á landi og eru 20 brúttótonn eða stærri. Við framkvæmd lögskráningar verður ekki lengur gerð krafa um yfirlýsingu tryggingafélags og að líf- og slysatrygging sé í gildi. Þess í stað er samfara þessu frumvarpi gert ráð fyrir breytingu á lögum um eftirlit með skipum. Þar er lagt til að skip fái ekki haffærisskírteini nema í gildi sé lögboðin líf- og slysatrygging.

Í 6. gr. frumvarpsins er að finna tvær nýjar gjaldtökuheimildir, annars vegar fyrir aðgang að lögskráningarkerfinu og hins vegar fyrir þau störf sem Siglingastofnun Íslands innir af hendi við framkvæmd lögskráningarinnar samkvæmt lögunum. Gera má ráð fyrir að tekjurnar muni falla í flokk annarra rekstrartekna samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins og færast á tekjuhlið ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að gjald fyrir aðgang að rafræna skráningarkerfinu verði 2.000 til 4.000 kr. á ári fyrir hvert skip en um 1.000 skip verða skráningarskyld. Ef þau nýta sér öll þessa heimild gæti gjaldið skilað 2–4 m.kr. á ári. Kostnaður Siglingastofnunar vegna lögskráningar sjómanna hefur hingað til verið um 2 m.kr. á ári. Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að niður falli 13. tölul. 13. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, þar sem kveðið er á um að greiða skuli 550 kr. vegna lögskráningar sjómanna. Innheimta gjaldsins hefur skilað um 12–13 m.kr. undanfarin ár.

Gert er ráð fyrir að gjöldin, sem teljast vera lögþvingaðar ríkistekjur, renni beint til rekstrs Siglingastofnunar. Fjármálaráðuneytið telur það ekki heppilegt fyrirkomulag. Að mati ráðuneytisins ættu tekjur sem kveðið er á um í lögum og teljast til ríkistekna að renna í ríkissjóð og ákvörðun um fjárheimildir verkefna að vera tekin í fjárlögum hverju sinni.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af gjaldtöku í tengslum við lögskráninguna muni lækka um 8–10 m.kr. Hins vegar er reiknað með að kostnaður aukist tímabundið um samtals 5 m.kr. til ársins 2011 vegna vinnu við kerfisbreytingar á lögskráningarkerfinu. Gert ráð fyrir að sá kostnaður muni rúmast innan fjárheimilda Siglingastofnunar á því tímabili.

517. Frumvarp til laga [291. mál]

um breytingu á lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

2. málsl. 3. mgr. 16. gr. laganna orðast svo: Eigi skal þó haffærisskírteini eða annað jafngilt skírteini gefið út fyrir skip nema fyrir liggi yfirlýsing tryggingafélags um áhafnartryggingu skv. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í samgönguráðuneytinu í samvinnu við Siglingastofnun Íslands. Með því er lagt til að útgáfa haffærisskírteina geti eingöngu farið fram liggi fyrir yfirlýsing tryggingafélags um áhafnartryggingu skv. 2. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að slíkt fyrirkomulag gildi eingöngu um skip sem eru 20 brúttótonn og minni. Rökin sem liggja að baki eru að við framkvæmd lögskráningar skal lögskráningarstjóri ganga úr skugga um að slík yfirlýsing sé fyrir hendi, annars verði ekki lögskráð á skip. Lögskráningarskylda samkvæmt gildandi lögum nær eingöngu yfir skip sem eru 20 brúttótonn eða stærri. Í ljósi þess var farin sú leið að skip sem ekki féllu undir lögskráningarlögin þyrftu að sýna fram á þessa yfirlýsingu tryggingafélags áður en þau fengju útgefið haffærisskírteini.

Til þess að lögskráning geti alfarið farið fram með rafrænum hætti, sem leiðir til einföldunar og minni skriffinnsku, er lagt til að yfirlýsing tryggingafélags verði bundin við útgáfu haffærisskírteinis í staðinn fyrir framkvæmd lögskráningar. Breytingin mun eftir sem áður tryggja að skip hafi lögboðnar tryggingar hverju sinni, enda fær skip ekki lögskráningu nema fyrir liggi gilt haffærisskírteini. Hafi skip því gilt haffærisskírteini, leiðir það sjálfkrafa af sér að það hafi einnig yfirlýsingu tryggingafélags um áhafnartryggingu samkvæmt 2. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna og breytingu á lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003.

Megintilgangur frumvarps til laga um lögskráningu sjómanna er að gera framkvæmd lögskráningar einfaldari en áður með rafrænni skráningu. Lagt er til að skipstjórar og/eða útgerðarmenn beri ábyrgð á lögskráningunni sjálfir í gegnum lögskráningarkerfið og að þeir annist framkvæmd hennar. Fyrir þá skipstjóra eða útgerðarmenn sem ekki vilja nýta sér þann möguleika verður engu síður hægt að lögskrá með svipuðu fyrirkomulagi og áður. Í frum-

varpinu er lögð til sú meginbreyting frá gildandi lögum að lögskráningin tekur nú til allra sjómanna sem starfa um borð í skipum sem skráningarskyld eru hér á landi. Í gildandi löggjöf nær skráningin til allra sjómanna sem ráðnir eru til starfa á skipum sem skráð eru hér á landi og eru 20 brúttótonn eða stærri. Við framkvæmd lögskráningar verður ekki lengur gerð krafa um yfirlýsingu tryggingafélags og að líf- og slysatrygging sé í gildi. Þess í stað er samfara þessu frumvarpi gert ráð fyrir breytingu á lögum um eftirlit með skipum. Þar er lagt til að skip fái ekki haffærisskírteini nema í gildi sé lögboðin líf- og slysatrygging.

Í 6. gr. frumvarpsins er að finna tvær nýjar gjaldtökuheimildir, annars vegar fyrir aðgang að lögskráningarkerfinu og hins vegar fyrir þau störf sem Siglingastofnun Íslands innir af hendi við framkvæmd lögskráningarinnar samkvæmt lögunum. Gera má ráð fyrir að tekjurnar muni falla í flokk annarra rekstrartekna samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins og færast á tekjuhlið ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að gjald fyrir aðgang að rafræna skráningarkerfinu verði 2.000 til 4.000 kr. á ári fyrir hvert skip en um 1.000 skip verða skráningarskyld. Ef þau nýta sér öll þessa heimild gæti gjaldið skilað 2–4 m.kr. á ári. Kostnaður Siglingastofnunar vegna lögskráningar sjómanna hefur hingað til verið um 2 m.kr. á ári. Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að niður falli 13. tölul. 13. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, þar sem kveðið er á um að greiða skuli 550 kr. vegna lögskráningar sjómanna. Innheimta gjaldsins hefur skilað um 12–13 m.kr. undanfarin ár.

Gert er ráð fyrir að gjöldin, sem teljast vera lögþvingaðar ríkistekjur, renni beint til reksturs Siglingastofnunar. Fjármálaráðuneytið telur það ekki heppilegt fyrirkomulag. Að mati ráðuneytisins ættu tekjur sem kveðið er á um í lögum og teljast til ríkistekna að renna í ríkissjóð og ákvörðun um fjárheimildir verkefna að vera tekin í fjárlögum hverju sinni.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af gjaldtöku í tengslum við lögskráninguna muni lækka um 8–10 m.kr. Hins vegar er reiknað með að kostnaður aukist tímabundið um samtals 5 m.kr. til ársins 2011 vegna vinnu við kerfisbreytingar á lögskráningarkerfinu. Gert ráð fyrir að sá kostnaður muni rúmast innan fjárheimilda Siglingastofnunar á því tímabili.

518. Fyrirspurn [292. mál]

til utanríkisráðherra um skoðun á Icesave-ábyrgðum.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hefur ráðherra látið skoða á innlendum eða erlendum vettvangi hvort Íslendingum beri lagaleg skylda til að greiða Icesave-ábyrgðirnar og ef svo er, hver er niðurstaða þeirrar skoðunar?
2. Hvert er mat ráðherra á stöðu Íslands ef við
   a. borgum,
   b. borgum ekki?
3. Hefur farið fram víðtækt hagsmunamat á leið 2a og 2b?

Skriflegt svar óskast.

519. Fyrirspurn [293. mál]

til umhverfisráðherra um uppbyggingu álvers í Helguvík.

Frá Björk Guðjónsdóttur.

Hver er afstaða ráðherra til áframhaldandi uppbyggingar álvers í Helguvík?

520. Fyrirspurn [294. mál]

til fjármálaráðherra um skattamál.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að lagður verði á svokallaður „hátekjuskattur“? Ef svo er, hver verða tekjumörkin og hvað er áætlað að slíkur skattur skili ríkissjóði miklum tekjum?

521. Fyrirspurn [295. mál]

til forsætisráðherra um stjórnarskrárbreytingar og stjórnlagaþing.

Frá Birgi Ármannssyni.

1. Hver eru áform ríkisstjórnarinnar um breytingar á stjórnarskrá fyrir kosningar í vor?
2. Hver eru áform ríkisstjórnarinnar um pólitískt samráð um þessar breytingar?
3. Telur ráðherra að nægur tími sé til þess á þeim stutta tíma sem er til kosninga að gera breytingar á stjórnarskrá?
4. Hvaða sjónarmið voru lögð til grundvallar þegar nefndarmenn voru valdir í sérstaka ráðgjafarnefnd vegna fyrirhugaðra stjórnarskrárbreytinga?
5. Hvernig samrýmast áform ríkisstjórnarinnar um að breyta stjórnarskrá fyrir vorið hugmyndum sem einnig hafa verið kynntar um að setja á fót stjórnlagaþing síðar á þessu ári?

522. Fyrirspurn [296. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um gjaldeyristekjur af sjávarafla.

Frá Ármanni Kr. Ólafssyni.

Hversu mikið má reikna með að hægt væri að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar ef allur afli af Íslandsmiðum væri unninn hér á landi, sundurliðað eftir helstu fiskstofnum?

Skriflegt svar óskast.

523. Fyrirspurn [297. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um aðgerðir til að bregðast við fjárhagsvanda heimila.

Frá Helgu Sigrúnu Harðardóttur.

1. Í hverju verður velferðarvaktin sem fyrirhugað er að setja á fót til að bregðast við afleiðingum bankahrunsins og fjárhagsvanda heimila fólgin?
2. Verða ákveðnir hópar samfélagsins undir sérstöku eftirliti? Ef svo er, hverjir?
3. Í hverju verður eftirlitið fólgið, hvaða upplýsingum á að safna og hvernig verða þær nýttar?

524. Tillaga til þingsályktunar [298. mál]

um rannsóknarboranir á Þeistareykjum sumarið 2009 og undirbúning fyrir álver á Bakka.

Flm.: Kristján Þór Júlíusson, Arnbjörg Sveinsdóttir,
Ólöf Nordal, Einar Már Sigurðarson.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra og ríkisstjórninni að hlutast til um að:

a. rannsóknarboranir fari fram á Þeistareykjum sumarið 2009 vegna orkuöflunar og undirbúnings virkjunarframkvæmda fyrir álver á Bakka við Húsavík,
b. ríkisvaldið beiti sér fyrir fjármögnun rannsóknarþáttar verkefnisins um álver á Bakka,
c. hafist verði handa við gerð fjárfestingarsamnings við Alcoa.

Greinargerð.

Sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum hafa á annan áratug unnið að því af mikilli þrautseigju að efla atvinnustig í héraði. Ástæða þessa er fækkun starfa í frumgreinum á borð við sjávarút-

veg og landbúnað sem á árum áður var horsteinn samfélaganna í Þingeyjarsýslum. Sú þróun hefur leitt til fólksfækkunar á Norðausturlandi eins og fram kemur í skýrslu Byggðastofnunar um byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun frá júlí 2008.

Því skal haldið til haga að sveitarfélögin í Norðausturlandi hafa á liðnum áratug lagt umtalsvert fé til atvinnusköpunar með það að markmiði að geta snúið við neikvæðri byggðaþróun. Margt hefur verið reynt sem því miður hefur ekki skilað tilætluðum árangri. Hinn 16. maí 2006 var skrifað undir viljayfirlýsingu milli iðnaðarráðuneytisins fyrir hönd ríkisvaldsins, Húsavíkurbæjar (nú Norðurþings) og álframleiðandans Alcoa um könnun á arðsemi þess að reisa álver í landi Bakka við Húsavík. Samningurinn markaði tímamót í langri baráttu fyrir eflingu atvinnustigs í Þingeyjarsýslum og veitti íbúum svæðisins bjartari sýn á framtíðina. Ástæða þessa var umfang verkefnisins, líftími þess og áhrifasvæði til sjávar og sveita. Þess skal getið að 83% íbúa svæðisins eru fylgjandi verkefninu og telja að það muni hafa jákvæð áhrif á Norðausturland.

Í viljayfirlýsingunni frá 2006 er skýrt kveðið á um hvernig að verkefninu skuli staðið og í framhaldinu var skrifað undir tvær aðrar viljayfirlýsingar milli Alcoa og Landsvirkjunar annars vegar og Alcoa og Landsnets hins vegar. Frá fyrsta degi hefur verið unnið markvisst að þeim verkefnum sem nauðsynleg eru til endanlegrar ákvörðunartöku. Viljayfirlýsingin var framlengd um 15 mánuði 26. júní 2008 og rennur út í lok september 2009.

Gríðarleg vinna og fjármunir hafa verið lagðir í rannsóknir á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum til að kanna mögulega afkastagetu þeirra. Þessi vinna hefur verið leidd af Landsvirkjun, Norðurorku, Orkuveitu Húsavíkur og sveitarfélaginu Þingeyjarsveit. Niðurstöður eru mjög jákvæðar og ljóst er að þarna eru miklar orkuauðlindir. Sem stendur vantar aðeins herslumuninn til að ljúka nauðsynlegum rannsóknarborunum á háhitasvæðunum, en til stóð að þeim yrði lokið sumarið 2009. Óljóst er hvort hægt er að ljúka rannsóknunum á þessu stigi vegna úrskurðar umhverfisráðherra frá 31. júlí 2008 um sameiginlegt mat fjögurra af átta framkvæmdaþáttum verkefnisins. Úrskurður umboðsmanns Alþingis frá því í desember 2008 hefur staðfest málflutning heimamanna um ólögmæti úrskurðarins. Fjárhagslegt tjón vegna hans er umtalsvert.

Mikilvægi verkefnisins fyrir Norðausturland og þjóðarbúið allt hefur aukist gríðarlega í ljósi þeirra erfiðu aðstæðna sem íslenska þjóðarbúið stendur frammi fyrir. Fjöldi fjölda nýrra starfa mun skapast við undirbúning virkjunarframkvæmda sumarið 2009 og undirbúning álversframkvæmda á Bakka árið 2010 og síðar við byggingu álversins, byggingu virkjunar á Þeistareykjum, Húsavíkurhöfn o.fl. Má þar nefna störf við stækkun hafnarinnar, rannsóknarstörf á Þeistareykjum og störf í rafiðnaði, málmiðnaði, byggingariðnaði og jarðvinnu, en einnig við umsýslu, hönnun, verksamningagerð, innkaup og stjórnun framkvæmda. Verkefni á borð við þetta auka hagvöxt á framkvæmdatíma auk þess sem landsframleiðsla til framtíðar verður meiri en áður. Útflutningsverðmæti munu aukast eftir að verksmiðjan hefur störf. Án hagvaxtar er vandasamt að auka þjónustu ríkisins við almenning. Verkefnið er því til hagsbóta fyrir þjóðarbúið og landsmenn alla.

Talið er að nýtt álver á Bakka mundi skapa 450–500 ný störf í Norðurþingi og nágrenni, um 200 störf á Eyjafjarðarsvæðinu og 900–1.050 afleidd störf á landsvísu. Talið er að hvert starf í áliðnaði skapi 2,5 afleidd störf. Í Norðurþingi og nágrenni væri bæði um að ræða störf fyrir einstaklinga með verkmenntun og háskólamenntun í álverinu sjálfu en einnig í tengdum iðnaði, þjónustu og verslun. Þessi nýju störf munu renna styrkari stoðum undir atvinnulíf í sveitarfélögunum sem í hlut eiga en á undanförnum árum hefur störfum fækkað þar samhliða breytingum í sjávarútvegi og landbúnaði. Bygging og starfsemi álversins mun leiða til fólks-

fjölgunar sem nemur um eða yfir 1.000 manns á svæðinu. Áhrif álversins á mannlíf á Norðurlandi verða bæði mikil og jákvæð sem og á allan þjóðarhag.

Til að verkefnið um sjálfbært samfélag með álver á Bakka geti orðið að veruleika sem fyrst er nauðsynlegt að ríkisvaldið beiti sér án tafar í málinu.

525. Nefndarálit [197. mál]

um till. til þál. um staðfestingu tveggja viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Albaníu og Króatíu.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Jónsson og Grétu Gunnarsdóttur frá utanríkisráðuneytinu.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á tveimur viðbótarsamningum við Norður-Atlantshafssamninginn frá 4. apríl 1949, um aðild lýðveldisins Albaníu og lýðveldisins Króatíu sem gerðir voru í Brussel 9. júlí 2008.

Samkvæmt ákvæðum samninganna öðlast þeir fyrst gildi þegar öll aðildarríki Atlantshafsbandalagsins hafa staðfest þá og tilkynnt vörsluaðila viðbótarsamninganna um staðfestinguna. Í kjölfarið mun framkvæmdastjóri NATO bjóða ríkisstjórnum nýju aðildarríkjanna að gerast aðilar að Norður-Atlantshafssamningnum.

Albanía og Króatía hafa á síðustu árum tekið þátt í svokallaðri aðildaráætlun Atlantshafsbandalagsins sem miðar að því að aðstoða umsóknarríki við undirbúning aðildar, en umsóknarríki þurfa að uppfylla ýmis pólitísk, efnahagsleg og hernaðarleg skilyrði áður en af henni getur orðið. Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Búkarest 2.–4. apríl 2008 var ákveðið að bjóða Albaníu og Króatíu aðild að bandalaginu, enda höfðu ríkin uppfyllt skilyrði áætlunarinnar. Ríkin tvö munu sjálf greiða kostnað við aðlögun eigin varna að samræmdu varnarkerfi bandalagsins og ekki er gert ráð fyrir að núverandi aðildarríki þurfi að breyta eigin varnaráætlunum eða auka útgjöld til varnarmála vegna fjölgunar aðildarríkja.

Við þetta fjölgar aðildarríkjum bandalagsins úr 26 í 28 og hefur Atlantshafsbandalagið ávallt lagt áherslu á að stækkun þess leiði til aukins stöðugleika og öryggis í Evrópu ogýti enn frekar undir þá lýðræðisþróun sem orðið hefur í nýju aðildarríkjunum.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 11. feb. 2009.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, varaform., frsm.	Björn Bjarnason.	Ragnheiður E. Árnadóttir.
Siv Friðleifsdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.	Kristinn H. Gunnarsson.

526. Nefndarálit [197. mál]

um till. til þál. um staðfestingu tveggja viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Albaníu og Króatíu.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Að loknu kalda stríðinu og hinum miklu sögulegu viðburðum í Evrópu eftir 1989 vöknuðu vonir um nýtt öryggisumhverfi í álfunni þar sem sameiginlegt öryggiskerfi allrar álfunnar leysti gömlu hernaðarbandalögin, bæði Atlantshafsbandalagið og Varsjárbandalagið, af hólmi. Í stað ógnarjafnvægis og vígbúnaðarkapphlaups yrði leitast við að þróa nýtt öryggiskerfi sem tryggði lýðræði, frið og stöðugleika í álfunni allri. Slíkt öryggiskerfi tæki til fleiri þátta en til stjórnmálaástands og hernaðarlegs styrks og endurspeglaði breytt inntak öryggishugtaksins sem vísar einnig og ekki síður til öryggis og stöðugleika hvað varðar umhverfismál, félagsmál og efnahagsmál.

Minni hlutinn telur að vænlegasta leiðin í öryggismálum Evrópu hefði verið og sé sú að efla stofnunina um öryggi og samvinnu í Evrópu (ÖSE) sem sameiginlega friðar- og öryggisgæslustofnun fyrir álfuna alla. Þar geta allar þjóðir setið við sama borð og tekið þátt í að móta nýja stefnu í öryggis- og friðarmálum álfunnar, stefnu sem byggist á nýrri hugsun, alþjóðasamvinnu, afvopnun og viðleitni til friðsamlegra lausna deilumála. Slík samvinna er líklegri til þess að auka frið og stöðugleika í heiminum en útþensla og stækkun hernaðarbandalaga.

Minni hlutinn telur skiljanlegt að þjóðir á Balkanskaga leiti eftir því að tengjast vestrænum bandalögum í ljósi sögunnar og átaka á tíunda áratug síðustu aldar. Að sjálfsögðu ber að virða sjálfsákvörðunarrétt þjóða og lýðræðislegan rétt þeirra til að ákveða hvernig varnar- og öryggismálum þeirra skuli háttað. Minni hlutinn telur þó ekki að stækkun Atlantshafsbandalagsins sé jákvætt skref í öryggismálum Evrópu og að vænlegra sé að gæta friðar, stöðugleika og öryggis í heiminum með því að efla stofnanir eins og ÖSE og með endurskipulögðu öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Með vísan í þessa afstöðu munu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. feb. 2009.

Árni Þór Sigurðsson, form.

527. Nefndarálit [185. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, og lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Hermann Sæmundsson og Hjördísi Stefánsdóttur frá samgönguráðuneyti.

Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Reykjavíkurborg, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Mosfellsbæ, Ísafjarðarbæ og Eyþingi – sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að breyta tvennum lögum er varða sveitarfélögin, annars vegar lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, þar sem lagt er til að lögveðsréttur fasteignaskatts vegna áranna 2009 og 2010 gildi í fjögur ár í stað tveggja, og hins vegar lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006, þar sem lagt er til að frestur sveitarfélaga til þess að endurgreiða gatnagerðargjald verður lengdur úr 30 dögum í 90 daga.

Nefndin ræddi á fundum sínum tillögur þær sem kynntar eru í frumvarpi þessu og á fundi kom fram að tillögurnar byggjast á samkomulagi milli ríkisvaldsins og sambands sveitarfélaga sem miðar að því að skapa betri rekstrarlegar forsendur fyrir sveitarfélög til að mæta þeim tímabundnu erfiðleikum sem ríkja í efnahagsmálum þjóðarinnar nú um stundir.

Nefndin fjallaði um þær athugasemdir sem fram hafa komið og lúta að því til hvaða ára heimild um lengingu lögveðs vegna fasteignaskatts skuli ná og hafa þar komið upp þau sjónarmið að láta heimildina einnig ná til áranna 2007 og 2008. Sú heimild sem kveðið er á um í frumvarpinu er tímabundin lausn til að koma til móts við gjaldendur í ljósi efnahagsástandsins sem leiddi af bankahruninu síðastliðið haust. Vanskil fyrir efnahagshrun eru tilkomin vegna annarra þátta og ættu því ekki að falla undir þessa heimild.

Loks fjallaði nefndin um þau sjónarmið sem upp hafa komið um hvort heimild sú sem getið er í 1. gr. frumvarpsins ætti að ná til allra fasteignagjalda en ekki einvörðungu fasteignaskatts. Þeir þættir sem mynda fasteignagjöldin aðrir en fasteignaskatturinn, svo sem holræsagjald, vatnsgjald, o.fl. eru ólíkir í grunninn og er lagastoð þeirra að finna í mörgum lögum, því þótti ekki ástæða til að fara í heildarendurskoðun á fasteigngjöldunum að svo stöddu. Taka heldur fasteignaskattinn einan þar sem hann er langstærsti hluti gjaldstofnsins og með hliðsjón af þeim markmiðum frumvarpsins að koma til móts við sveitarfélögin vegna efnahagsástandsins telur nefndin það hagsmunamál fyrir gjaldendur að breyting verði gerð vegna aukinna vanskila í kjölfar kreppunnar.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið sem slíkt en vekur athygli á að fyrirvari sem lagður er til í 3. gr. frumvarpsins er orðinn nokkuð langur, á fundi nefndarinnar kom fram að hann á rætur að rekja aftur til ársins 1996.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. febr. 2009.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Árni Þór Sigurðsson.	Björgvin G. Sigurðsson.
Sigurður Pétursson.	Guðjón A. Kristjánsson.	Helga Sigrún Harðardóttir.
Ólöf Nordal.		Sturla Böðvarsson.

528. Tillaga til þingsályktunar [299. mál]

um veiðar á hrefnu og langreyði.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Jón Gunnarsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Árni Johnsen, Árni M. Mathiesen, Ásta Möller, Birgir Ármannsson, Birkir J. Jónsson, Bjarni Benediktsson, Björk Guðjónsdóttir, Björn Bjarnason, Eygló Harðardóttir, Geir H. Haarde, Grétar Mar Jónsson, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Helga Sigrún Harðardóttir, Herdís Þórðardóttir, Höskuldur Þórhallsson, Illugi Gunnarsson, Jón Magnússon, Kjartan Ólafsson, Kristinn H. Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Magnús Stefánsson, Ólöf Nordal, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ólafsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Siv Friðleifsdóttir, Sturla Böðvarsson, Valgerður Sverrisdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að veiðum á hrefnu og langreyði hér við land skuli haldið áfram, veiðileyfi gefin út til næstu fimm ára og að árlegur leyfilegur heildarafli verði eins og kveðið er á um í veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar.

Greinargerð.

Hvalveiðar í vísindaskyni hafa verið stundaðar frá árinu 2003 og jafnframt í atvinnuskyni frá haustinu 2006. Vegna markaðsaðstæðna varð hlé á veiðum á langreyði árin 2007 og 2008 en hrefnuveiðum hefur verið haldið áfram. Alls hafa verið veidd 253 dýr á þessum tíma, þar af 246 hrefnur.

Það má heita óumdeilt að allar vísindalegar forsendur eru til áframhaldandi hvalveiða. Hafrannsóknastofnunin gefur árlega út veiðiráðgjöf vegna veiða á langreyði og hrefnu. Vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins hefur samþykkt stofnstærðarmatið.

Í tillögunni er gert ráð fyrir mikilli varúðarnálgun þegar kemur að nýtingu hvalastofnanna og ljóst að veiðar á þeim, í þeim mæli sem tillagan gerir ráð fyrir, eru fyllilega í samræmi við hugmyndir um sjálfbæra nýtingarstefnu. Þá er ástæða til að árétta að engar alþjóðlegar skuldbindingar okkar né reglur eða lög innanlands koma í veg fyrir að hvalveiðum hér verði haldið áfram.

Nú hafa þau þáttaskil orðið að rutt hefur verið úr vegi þeim hindrunum sem voru á sölu á hvalafurðum til Japans. Með því að þessir markaðir opnast skapast forsendur til frekari atvinnuveiða. Hingað til hafa afurðir af hrefnu verið seldar á innanlandsmarkaði við vaxandi vinsældir. Stóru tækifærin felast hins vegar í útflutningi enda er innanlandsmarkaður afar takmarkaður.

Þá má segja að efnahagsaðstæður séu með þeim hætti að brýnna verður að hefja hvalveiðar og úrvinnslu afurða. Fram hefur komið að veruleg efnahagsleg umsvif muni fylgja starfseminni. Hún mun kalla á allumfangsmiklar fjárfestingar og mannaflsfreka uppbyggingu. Þá skapar starfsemin sjálf vel launuð störf fyrir fjölda fólks, á tímum þegar atvinnuleysi er skollið á. Útflutningsverðmæti hvalveiða og vinnslu nemur umtalsverðum fjárhæðum sem styrkja mun grundvöll efnahagslífs okkar. Loks má nefna að samkvæmt fjölstofnalíkani Hafrannsóknastofnunarinnar gæti afrakstur þorskstofnsins orðið um 20% minni en ella njóti hvalastofnar algerrar friðunar. Stofnar langreyðar og hrefnu við Íslandsstrendur eru nú taldir nálægt stofnstærð þegar mælingar hófust. Sérfræðingar stofnunarinnar leggja til að hval-

veiðar séu stundaðar með sjálfbærum hætti og hvalastofnum haldið í 70% af hámarksstærð.

Enginn vafi er á því að hvalveiðar njóta mikils stuðnings í þjóðfélaginu. Í nýrri skoðanakönnun sem Capacent Gallup vann fyrir félagið Sjávarnytjar kom fram að ríflega þrír fjórðu landsmanna, 77% styðja hvalveiðar og innan við fjórðungur er andvígur eða 23%.

Árið 1999 var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga þar sem til þess var hvatt að hvalveiðar yrðu leyfðar hið fyrsta. Mikill stuðningur kom fram við málið í þinginu, 37 greiddu tillögunni atkvæði sitt, en 7 voru á móti. Það er á grundvelli þessarar tillögu sem vísindaveiðarnar hófust árið 2003 og veiðar í atvinnuskyni árið 2006. Segja má að í raun hafi verið fylgt eftir vilja Alþingis með þeim hætti.

Nú er komið að þáttaskilum. Fyrir liggur reglugerð nr. 58 frá 27. janúar 2009 um hvalveiðar, þar sem gert er ráð fyrir að veiðar á langreyði og hrefnu haldi áfram og að gefin verði út veiðileyfi til fimm ára, í samræmi við það sem tíðkast innan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Reglugerðin felur í sér að settar eru almennar reglur um veiðar á hval og sem þeir geta stundað sem uppfylla tiltekin skilyrði.

Með þessari þingsályktunartillögu er í raun verið að árétta þau sjónarmið að hvalveiðar eigi að stunda á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar. Við þær aðstæður sem nú ríkja varðandi þá spurningu er tilefni til að leiða fram vilja Alþingis gagnvart þessu viðfangsefni og er tillaga þessi flutt í því skyni.

Fylgiskjal.

Reglugerð nr. 58 27. janúar 2009, um breyting á reglugerð nr. 163, 30. maí 1973, um hvalveiðar, með síðari breytingum.

1. gr.

2. ml. 1. gr. orðist svo:

Leyfi til veiða á hrefnu árin 2009, 2010, 2011, 2012 og 2013 skal veita þeim íslensku skipum, sem eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila, sem hafa stundað hrefnuveiðar í atvinnuskyni á árunum 2006–2008 eða félaga sem þeir hafa stofnað um slíka útgerð. Einnig er heimilt að veita leyfi þeim einstaklingum eða lögaðilum sem að mati ráðherra hafa sambærilega reynslu af útgerð á hrefnuveiðum í atvinnuskyni. Eingöngu þeim skipum sem sérútbúin eru til veiða á stórhvölum er heimilt að taka þátt í veiðum á langreyði árin 2009, 2010, 2011, 2012 og 2013.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 26 3. maí 1949, um hvalveiðar, til að öðlast þegar gildi. Sjá jafnframt viðauka sem birtur er sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 27. janúar 2009.

Einar K. Guðfinnsson.

Ásta Einarsdóttir.

Fylgiskjal.

Viðauki við reglugerð nr. 163, 30. maí 1973 um hvalveiðar, með síðari breytingum.

1. gr.

Leyfilegur heildarafli á langreyði og hrefnu á árunum 2009, 2010, 2011, 2012 og 2013 skal nema þeim fjölda dýra sem kveðið er á um í veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar.

Heimilt er að flytja allt að 20% af veiðiheimildum hvers árs yfir á næsta ár á eftir.

2. gr.

Viðauki þessi er settur samkvæmt 4. gr. laga nr. 26 3. maí 1949, um hvalveiðar, til að öðlast þegar gildi.

529. Fyrirspurn [300. mál]

til fjármálaráðherra um þróun efnahagsmála.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hver hefur þróunin verið á eftirfarandi sviðum á árunum 1991–2009:
   a. hagvexti,
   b. vergri landsframleiðslu, og
   c. kaupmætti?
   Óskað er eftir að upplýsingar séu birtar fyrir hvert ár, í heild og á íbúa og umreiknað á föstu verðlagi í febrúar 2009.
2. Hvernig hafa á sama tíma þróast:
   a. útgjöld ríkisins til heilbrigðisþjónustu,
   b. útgjöld til menntamála, og
   c. framlög til rannsókna og nýsköpunar?
3. Hvert hefur atvinnuleysi og atvinnuþátttaka verið á árunum 1991–2009? Óskað er eftir að upplýsingar séu birtar fyrir hvert ár og tilgreint hvaða skilgreining sé notuð við mælinguna.
4. Hver hefur þróunin verið á sömu sviðum og sama tímabili í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi og á Kúbu? Óskað er eftir að tölulegar upplýsingar verði á föstu verðlagi og umreiknaðar á íbúa.

Skriflegt svar óskast.

530. Fyrirspurn [301. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um hlut kvenna í stjórnmálum.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Hyggst ráðherra grípa til átaksverkefna eða annarra úrræða til að auka hlut kvenna í stjórnmálum?

531. Fyrirspurn [302. mál]

til heilbrigðisráðherra um sameiginlega sjúkraskrá fyrir landið allt.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir tillögum stýrihóps um upplýsingatækni í nýlegri áfangaskýrslu um uppbyggingu og rekstur rafrænnar sjúkraskrár og varða:

a. uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrár og sameiningu sjúkraskráa heilbrigðisumdæma,
b. rafrænt sjúkraskrárkerfi sem uppfylli kröfulýsingu heilbrigðisráðuneytis,
c. nýja miðstöð sjúkraskrár,
d. rafrænt fyrirmælakerfi,
e. aðgengi sjúklinga að eigin upplýsingum á netinu?

Óskað er eftir svari fyrir hvern lið.

Skriflegt svar óskast.

532. Fyrirspurn [303. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um málefni aldraða.

Frá Ragnheiði Ólafsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra bæta úr brýnni þörf fyrir bætt vistunarúrræði aldraða, bæði langtíma- og skammtímaúrræði?

533. Fyrirspurn [304. mál]

til samgönguráðherra um gjaldfrjáls göng.

Frá Ragnheiði Ólafsdóttur.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir gjaldfrjálsri umferð um Hvalfjarðargöng líkt og flokkur hans lagði til fyrir síðustu kosningar?

534. Frumvarp til laga [305. mál]

um náms- og starfsráðgjafa.

Flm.: Einar Már Sigurðarson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
Þuríður Backman, Helga Sigrún Harðardóttir,
Grétar Mar Jónsson, Jón Magnússon.

1. gr.

Rétt til að kalla sig náms- og starfsráðgjafa hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal veita umsækjanda sem lokið hefur námi í náms- og starfsráðgjöf frá Háskóla Íslands.

Veita má umsækjanda, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 1. mgr., leyfi til að kalla sig náms- og starfsráðgjafa og stunda ráðgjöf hér á landi. Leita skal umsagnar Félags náms- og starfsráðgjafa og Háskóla Íslands áður en leyfi samkvæmt þessari málsgrein er veitt.

3. gr.

Takmörkuð eða tímabundin réttindi má einnig veita þeim sem eru í starfi þegar lög þessi öðlast gildi en uppfylla ekki skilyrði 2. gr.

Slíkt leyfi má því aðeins veita að fyrir liggi meðmæli þeirrar stofnunar sem umsækjandi vinnur hjá. Jafnframt skal leita umsagnar Félags náms- og starfsráðgjafa.

4. gr.

Óheimilt er að ráða í stöðu til náms- og starfsráðgjafa aðra en þá sem starfsleyfi hafa skv. 2. gr., með þeim undantekningum sem leiðir af ákvæðum 3. gr.

5. gr.

Náms- og starfsráðgjafa er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt viðkomandi láti af starfi.

6. gr.

Náms- og starfsráðgjafa ber að þekkja skyldur sínar samkvæmt lögum, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða fagið.

Náms- og starfsráðgjafar bera ábyrgð á þeirri ráðgjöf sem þeir veita.

7. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

9. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Frá þeim tíma er lög þessi öðlast gildi verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um grunnskóla, nr. 91/2008:*
   a. 2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:
      Um skilyrði þess að hljóta ráðningu sem skólastjóri, kennari eða náms- og starfsráðgjafi í grunnskóla fer samkvæmt gildandi lögum þar um.
   b. 3. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:
      Nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í grunnskóla af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa.
2. *Lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008:*
   a. Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:
      1. 3. mgr. orðast svo:
         Um skilyrði þess að vera ráðinn skólameistari, kennari eða náms- og starfsráðgjafi við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum gildandi laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og laga um náms- og starfsráðgjafa.
      2. Orðin „náms- og starfsráðgjafa“ í 1. málsl. 5. mgr. falla brott.
   b. 1. mgr. 37. gr. laganna orðast svo:
      Nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskóla af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa.

Greinargerð.

Markmið frumvarpsins er að lögvernda starfsheitið náms- og starfsráðgjafi. Með lögverndun þess er verið að tryggja ákveðin gæði þjónustu, sinna hagsmunum ráðþega og að mikilvæg sér- og fagþekking skili sér inn í menntakerfið, út á vinnumarkaðinn og til almennings. Sá sem leitar aðstoðar náms- og starfsráðgjafa getur í skjóli lögverndunar verið þess fullviss að sá sem þjónustuna veitir hafi tilskylda menntun og fagþekkingu. Hér er fyrst og fremst verið að huga að heill nemenda og þeirra er njóta þjónustu náms- og starfsráðgjafa jafnframt því að tryggja fagleg vinnubrögð stéttarinnar. Auk þess sem náms- og starfsráðgjafar og fagið sjálft getur stuðlað að öflugri tengingu milli skóla og atvinnulífs.

Náms- og starfsráðgjafar starfa m.a. í skólum, í fyrirtækjum og á atvinnumiðlunum. Starf þeirra er breytilegt eftir því hvar þeir starfa en byggist þó að grunni til á því sameiginlega markmiði að stuðla að velferð einstaklinga með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Markmið náms- og starfsráðgjafar er að efla vitund einstaklinga um viðhorf sín, áhuga og hæfileika

þannig að þeir fái notið sín í námi og starfi. Náms- og starfsráðgjöf hefur fest sig í sessi í menntakerfinu frá því að nám í námsráðgjöf hófst árið 1991 við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Fagleg þekking og vinnubrögð liggja að baki náms- og starfsráðgjöf og starfsheitið náms- og starfsráðgjafi vísar til þess að sá hinn sami veiti faglega ráðgjöf á grundvelli sértækrar menntunar sinnar. Meginverkefni náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum er að aðstoða nemendur við náms- og starfsval og veita ráðgjöf meðan á námi stendur. Náms- og starfsráðgjafi er trúnaðarmaður og talsmaður nemandans.

Mikilvægt er að allir nemendur hafi aðgang að þjónustu ráðgjafa í sínum skóla. Það er brýnt að sérþekking náms- og starfsráðgjafa skili sér að fullu inn í grunn- og framhaldsskóla landsins og því nauðsynlegt að breyta lögum um grunn- og framhaldsskóla samhliða á þann veg að einungis sé heimilt að ráða til starfa í skólum landsins náms- og starfsráðgjafa sem uppfylla skilyrði laga þessara. Því er einnig lagt til í frumvarpinu að ákvæði um náms- og starfsráðgjafa verði tekin upp í löggjöf um grunnskóla og framhaldsskóla. Á þann hátt er tryggt að einungis þeir sem uppfylla lagaskilyrði eigi kost á að sinna náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum landsins. Löggjöf um grunnskóla og framhaldsskóla í núverandi mynd ber þess merki að starfsheitið náms- og starfsráðgjafi hefur ekki verið lögverndað og því ekki tryggt að fagleg náms- og starfsráðgjöf sé til staðar í skólum landsins. Með þessari breytingu er verið að tryggja ákveðin gæði þjónustu, sinna hagsmunum þeirra sem þjónustuna þiggja og tryggja að sér- og fagþekking skili sér inn í menntakerfið. Sá sem leitar aðstoðar náms- og starfsráðgjafa getur í skjóli lögverndunar verið þess fullviss að sá sem þjónustuna veitir hafi tilskilda menntun og fagþekkingu. Hér er fyrst og fremst verið að vinna að hag nemenda og þeirra er njóta þjónustu náms- og starfsráðgjafa jafnframt því að tryggja fagleg vinnubrögð stéttarinnar.

535. Fyrirspurn [306. mál]

til iðnaðarráðherra um undirbúning að nýrri byggðaáætlun.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hvernig er undirbúningi fyrir nýja byggðaáætlun háttað?
2. Verður leitað þverpólitískrar samstöðu um gerð hennar?

536. Fyrirspurn [307. mál]

til iðnaðarráðherra um framlög til framkvæmdar byggðaáætlunar.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

Hver er heildarfjárhæð sem varið hefur verið til byggðaáætlunar á árunum 2006–2009? Svar óskast sundurliðað eftir verkefnum og árum.

Skriflegt svar óskast.

537. Þingsályktun [197. mál]

um staðfestingu tveggja viðbótarsamninga við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Albaníu og Króatíu.

(Afgreidd frá Alþingi 12. febrúar 2009.)

Samhljóða þskj. 244.

538. Frumvarp til laga [308. mál]

um breytingu á lögum um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, nr. 141/2003.

Flm.: Pétur H. Blöndal.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Orðin „ráðherrar, alþingismenn“ í 1. mgr. falla brott.
b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
   Ráðherrar og alþingismenn skulu greiða í lífeyrissjóð sem starfar með eða án ríkisábyrgðar. Skulu þeir hver og einn velja sér lífeyrissjóð sem staðfestur hefur verið af fjármálaráðuneytinu enda heimili reglur sjóðsins aðild. Greiðsla iðgjalds og önnur ákvæði skulu vera í samræmi við reglur lífeyrissjóðsins. Heimilt skal ráðherrum og þingmönnum að greiða iðgjald til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

2. gr.

III. og IV. kafli laganna falla brott.

3. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Kjararáð skal meta verðmæti lífeyrisréttinda, sbr. 9. gr. laga, nr. 47/2006, um kjararáð, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða II með þeim lögum. Séu verðmæti réttinda í þeim sjóði sem valinn hefur verið á grundvelli 3. mgr. 1. gr. laga þessara minni en verðmæti réttinda skv. 1. og 2. mgr. 1. gr. laga þessara skal kjararáð ákveða sérstakt álag á laun viðkomandi sem nemur mismun á verðmæti réttinda að teknu tilliti til iðgjalds.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda þegar úrslit kosninga 25. apríl 2009 liggja fyrir. Kjararáð skal þegar við gildistöku hefja mat á verðmæti lífeyrisréttinda.

Greinargerð.

Frumvarp svipaðs efnis var lagt fram árið 1995 á 120. löggjafarþingi (79. mál) en það náði ekki fram að ganga. Fyrirliggjandi frumvarp er þó gjörbreytt þar sem lögum hefur verið

breytt. Enn fremur var tekið lauslega á eftirlaunum alþingismanna með frumvörpum um þingfararkaup sem lögð voru fram á 123. löggjafarþingi (104. mál) og á 126. löggjafarþingi (666. mál). Þau mál voru ekki afgreidd.

Um 20% vinnandi fólks, opinberir starfsmenn, greiða til lífeyrissjóða með ábyrgð opinberra aðila, ríkis eða sveitarfélaga. Hjá þeim sjóðum eru réttindin föst en iðgjald launagreiðanda þ.e. skattgreiðenda, breytilegt. Meginhluta launþega, 80%, ber að greiða til almennu lífeyrissjóðanna sem eru án ábyrðar ríkis eða sveitarfélaga, lífeyrissjóða sem verða að standa undir væntanlegum lífeyrisgreiðslum eingöngu með eignum sínum, væntanlegum iðgjöldum og ávöxtun eigna. Ef eignir og ávöxtun nægja ekki verður að hækka iðgjald eða skerða lífeyri. Það getur gerst ef ávöxtun sjóðanna fer undir 3,5% raunvexti miðað við neysluverðsvísitölu um nokkurra ára bil eða ef sjóðirnir verða fyrir áföllum eins og síðastliðið haust. Það fyrra getur gerst ef mikið framboð verður á fjármagni en mikil áhættufælni dregur úr eftirspurn. Reyndar má halda því fram að mjög erfitt kunni að reynast að ná 3,5% raunvöxtum yfir mjög langan tíma. Þannig þrítugfaldast fjármagn að raungildi með þeirri ávöxtun á einni öld. Í kjölfar kreppu um allan heim hefur áhættufælni aukist en jafnfram hafa raunvextir lækkað mjög mikið. Því kann að verða örðugt fyrir almennu sjóðina að ná þeirri raunávöxtun, 3,5% umfram verðlag, sem þeir þurfa. Umræður um afnám verðtryggingar bætir ekki úr skák.

Í almennu sjóðunum, en þangað greiðir fólk á almennum vinnumarkaði, verkafólk, iðnaðarmenn og skrifstofufólk, sjómenn og bændur, hefst taka ellilífeyris yfirleitt við 67 ára aldur. Sjóðfélagar ávinna sér árlega lífeyrisrétt sem nemur 1,4–1,5% af meðallaunum sínum yfir ævina (oft skert) og þeir greiða 12% iðgjald (launþegi 4% og atvinnurekandi 8%). Lífeyrir þeirra er verðtryggður miðað við vísitölu neysluverðs sem hækkar yfirleitt minna en laun. Þannig hefur maður, sem hefur greitt í 40 ár (t.d. frá 27 ára til 67 ára) af sömu tekjum u.þ.b. 56–60% af þessum tekjum sem ellilífeyri. Er þá gert ráð fyrir að tekjurnar hafi ávallt hækkað eins og verðlag. Launin hafa reyndar hækkað umtalvert umfram verðlag síðasta áratug og því hefur lífeyrir þessara sjóða dregist aftur úr miðað við launaþróun. Margir sjóðanna hafa hins vegar náð það góðri ávöxtun að þeir hafa getað bætt lífeyri aukalega.

Opinberir starfsmenn njóta hins vegar þrenns konar kjara: í A-deild LSR, í B-deild og í almennum lífeyrissjóðum með sérkjör. Í B-deild, sem búið er að loka fyrir nýjum sjóðfélögum, getur fólk hafið töku lífeyris 65 ára eða jafnvel fyrr með 95 ára reglunni, ávinnur sér 2,0% fyrir hvert ár, greiðir iðgjöld einungis í 32 ár og ellilífeyrir miðast við hæst launaða starf sjóðfélagans um ævina og hækkar eins og laun eftirmanns eða launavísitala sem hefur hækkað yfir 200% á 11 árum. Örorkulífeyrir er hins vegar mjög slakur. Til þess að standa undir öllum núverandi réttindum opinberra starfsmanna í B-deild LSR þyrfti iðgjaldið sennilega að vera nálægt 27% af launum en ekki 15,5% eins og nú í A-deild eða 12% eins og hjá almennu sjóðunum. Það er hins vegar aðeins 10% (4+6%) og launagreiðandi, hið opinbera, ber ábyrgð á þessum sjóðum og greiðir mismuninn. 230 milljarðar kr. voru ógreiddir inn í B-deildina 2007. Maður sem hefur verið í 40 ár hjá B-deildinni (og greitt iðgjald í 30 ár) fær 70% af launum eftirmanns síns sem ellilífeyri.

Í A-deild LSR er iðgjaldið 15,5% (4% launþegi, 11,5% launagreiðandi). Reglurnar eru ámóta og hjá almennu lífeyrissjóðunum nema réttindaávinnslan er 1,9% fyrir hvert ár. Þannig hefur maður sem hefur greitt í 40 ár (t.d. frá 27 ára til 67 ára) af sömu tekjum u.þ.b. 76% af þessum tekjum sem ellilífeyri. Er þá gert ráð fyrir að tekjurnar hafi ávallt hækkað eins og verðlag, sjá þó athugasemd hér að framan. Þeir starfsmenn ríkisins sem ekki eiga rétt á að greiða til LSR greiða til almennra lífeyrissjóða en ríkið greiðir aukalega 3,5% iðgjald sem endurspeglast í hærri lífeyrisrétti.

Af þessari stuttu samantekt sést að lífeyrisréttur landsmanna er mjög misjafn. Að slepptri B-deild LSR, sem er með afar góðan eftirlaunarétt, þá er réttindavinnslan hjá A-deildinni (1,9%) um 30% meiri en hjá almennu lífeyrissjóðunum (1,4–1,5%) enda er iðgjaldið 30% hærra (15,5% á móti 12%). Ríkið og sveitarfélögin greiða hærra iðgjald. Meginmunurinn er þó í ábyrgðinni. Réttindi opinberra starfsmanna eru föst en iðgjald ríkis og sveitarfélaga er breytilegt en á almenna markaðnum er iðgjaldið fast (auðvitað mætti breyta því) en réttindin breytileg.

Fall bankanna í haust hefur valdið lífeyrissjóðunum miklum búsifjum. Þeir áttu hlutabréf í bönkunum og tengdum hlutafélögum, sem urðu verðlaus, skuldabréf bankanna, sem eru óviss, og fjármuni í peningamarkaðssjóðum sem rýrnuðu umtalsvert. Svo voru þeir með framvirka samninga sem enn er óljóst hvernig reiðir af. Þá verða lífeyrissjóðirnir fyrir áföllum vegna þeirrar kreppu sem atvinnulífið allt hefur lent í, gjaldþrotum og atvinnuleysi. Það er því ekki enn ljóst hversu miklu lífeyrissjóðirnir tapa á þessum áföllum og hvort þeir þurfa að bregðast við. Reyndar er tímabundið búið að rýmka bilið sem má vera á milli eigna og skulda sjóðanna í eitt ár. Ef þeir þurfa að bregðast við þarf annað hvort að hækka iðgjaldið, sem gæti reynst torsótt miðað við núverandi stöðu fyrirtækja og launþega, eða skerða lífeyri. Lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna verða að hækka iðgjald ríkis og sveitarfélaga. Því verður varla mætt í núverandi stöðu nema með enn frekari sparnaði eða skattahækkunum. Það getur valdið spennu ef þeir hópar sem þurfa að sæta skerðingu lífeyris þurfa jafnframt að greiða hærri skatta vegna tryggra réttinda opinberra starfsmanna.

Mikil umræða hefur lengi verið um tekjur alþingismanna og ráðherra og lífeyrisrétt þeirra, sérstaklega eftir að lögin um lífeyrisrétt ráðherra og alþingismanna voru sett 2003 þó að lífeyriskjör almennra alþingismanna hafi að meðaltali ekki batnað með þeim lögum frá því sem áður var. Hins vegar eru þessi réttindi óljós og eins og sést hér að framan eru lífeyriskjör almennt mjög mismunandi. Ef leysa þarf vanda almennu lífeyrissjóðanna með skerðingu lífeyris er viðbúið að enn meiri umræða og óánægja verði með óbreytt lífeyrisréttindi alþingismanna og ráðherra og vaxandi krafa um aukið gagnsæi.

Í þessu frumvarpi er bent á lausn á þessum vanda hvað varðar eftirlaun alþingismanna og ráðherra. Þeir skuli njóta sömu lífeyrisréttinda og kjósendur þeirra almennt og hlunnindin verða reiknuð út og launin hækkuð sem því nemur. Sambærileg lausn kæmi til greina til þess að leysa vanda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og annarra opinberra lífeyrissjóða. Með þessu móti er verið að gera starfskjör og laun gegnsærri og samærilegri og þegar fyrir liggur hvers virði þessi réttindi eru verður umræðan markvissari og málefnalegri.

Ef skynsamlegt þykir að auka valfrelsi sjóðfélaga í lífeyrissjóði er nauðsynlegt að iðgjaldið ásamt uppsafnaðri eign standi undir væntanlegum lífeyrisgreiðslum. Annars mun fólk leita til þess lífeyrissjóðs sem veitir mest réttindi án þess að taka nauðsynlegt iðgjald, t.d. Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Skuldbindingin mun lenda á ábyrgðaraðila sjóðsins, þ.e. ríkissjóði og sveitarfélögum og því á endanum á skattgreiðendum. Sú breyting sem hér er lögð til er forsenda þess að valfrelsi verði aukið.

B-deild LSR og lífeyrissjóðir sveitarfélaga með sambærileg réttindi, sem njóta ábyrgðar ríkissjóðs eða sveitarfélaga, hafa enn ekki tekið á vanda sínum. Hjá þeim sjóðum hafa hlaðist upp geigvænlegar skuldbindingar. Þannig nemur skuldbinding B-deildar LSR, umfram eignir sjóðsins, um 230 milljörðum kr. eða 750 þús. kr. á hvert einasta mannsbarn í landinu eða um 1,5 millj. kr. á hvern vinnandi mann. Til viðbótar er ógreidd skuldbinding sveitarfélaga vegna lífeyrisréttinda starfsmanna þeirra sem talin er vera um 100 þús. kr. á hvern íbúa eða 200 þús. kr. á hvern vinnandi mann.

Til þess að Alþingi geti með trúverðugum hætti tekið á þessum vanda mega lífeyriskjör alþingismanna ekki víkja um of frá þeim lífeyriskjörum sem kjósendur þeirra njóta almennt. Auk þess er mikilvægt að alþingismenn hafi óbundnar hendur þegar þeir fjalla um þann mikla vanda sem blasir við vegna skuldbindinga opinberu sjóðanna. Þeir mega ekki fjalla um eigin kjör þegar þeir taka á þeim vanda.

Segja má að lífeyrismál alþingismanna séu hluti af dulbúningi tekna sem allt of oft er iðkaður hér á landi. Samið er um einhverja lága taxta sem láglaunahóparnir fá en svo eru greiddar alls konar viðbætur og sporslur ofan á það kaup til útvalinna. Þessi feluleikur skekkir allan samanburð á milli einstaklinga, stétta og jafnvel á milli landa og hann virðist vera notaður til þess að halda niðri launum láglaunahópa, t.d. kvenna. Þess vegna ætti Alþingi að vera í fararbroddi við að hætta þessum feluleik. Hér er lagt til að alþingismenn og ráðherrar fái metin og greidd þau hlunnindi sem hingað til hafa verið falin.

Frumvarpið hækkar ekki laun þingmanna og ráðherra heldur sýnir hvaða laun þeir eru með í raun. Lífeyrisréttur þingmanna er nálægt þeim réttindum sem gilda í B-deild LSR, ýmist betri eða verri. Munar þar mest um verðtryggingu launa sem fylgir eftirmannsreglunni hjá þingmönnum. Mjög lauslegir útreikningar sýna að verðmæti þessara réttinda er um 8% af launum hjá þeim sem velja A-deild LSR en um 14% hjá þeim, sem velja almenna lífeyrissjóði. Þetta þarf að reikna nákvæmlega og kemur þá í ljós hvers virði þessi réttindi eru nú þegar. Þá er rétt að benda á að breytingin tekur gildi eftir næstu kosningar og enn er ekki búið að skipa í framboð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er felldur niður réttur ráðherra og alþingismanna og maka þeirra til sérstakra eftirlauna úr ríkissjóði sem og skylda til að greiða 5% iðgjald A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þess í stað er ráðherrum og alþingismönnum gert að velja sér lífeyrissjóð sem staðfestur hefur verið af fjármálaráðuneytinu enda heimili reglur sjóðsins aðild alþingismanna. Ekki er ljóst hvaða lífeyrissjóðir muni heimila alþingismönnum aðild en tryggt er að þeir eiga rétt á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda og einnig er gert ráð fyrir að þeir eigi rétt á að greiða til A-deildar LSR.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að tveir kaflar sem varða eftirlaunarétt ráðherra og alþingismanna falli brott.

Um 3. gr.

Hér er lagt til nýtt ákvæði til bráðabirgða sem gerir ráð fyrir að kjararáð skuli meta verðmæti lífeyrisréttinda ráðherra og alþingismanna þegar eftir samþykkt laganna. Reikna skal út hvers virði þessi hlunnindi eru í samanburði við réttindi sem fást með greiðslu iðgjalds í annan lífeyrissjóð að eigin vali og skal kjararáð hækka laun alþingismanna og ráðherra um verðmæti þessara hlunninda eftir atvikum. Til grundvallar mati á hlunnindunum verði lagðar hefðbundnar tryggingafræðilegar aðferðir. Niðurstaðan verður mismunandi fyrir ráðherra og alþingismenn og mismunandi eftir lífeyrissjóðum, sérstaklega eftir því hvort þeir njóta ábyrgðar opinberra aðila eða gætu þurft að skerða lífeyri ef ávöxtun reynist of lág eða eignasafn ótryggt.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

539. Fyrirspurn [309. mál]

til heilbrigðisráðherra um starfsemi vistunarmatsnefnda.

Frá Ragnheiði Ólafsdóttur.

1. Ber vistunarmatsnefndum heilbrigðisumdæma að hafa samskipti sín á milli til að leita lausna um vistunarúrræði umfram það sem segir í 4. gr. reglugerðar um vistunarmat vegna hjúkrunarrýma, nr. 1000/2008?
2. Hefur einstaklingur sem fær synjun um vistun vegna þess að önnur úrræði hafa ekki verið fullreynd, sbr. 10. gr. reglugerðarinnar, strax rétt á þeim úrræðum og ef svo er, hver er eftirfylgni með því að úrræðunum sé beitt?

540. Fyrirspurn [310. mál]

til heilbrigðisráðherra um sýklalyfjanotkun.

Frá Ástu Möller.

1. Hvernig munu heilbrigðisyfirvöld bregðast við upplýsingum um að sýklalyfjanotkun hér á landi sé allt að 40% meiri en annars staðar á Norðurlöndum?
2. Hvernig hyggjast heilbrigðisyfirvöld bregðast við afleiðingum þessarar miklu sýklalyfjanotkunar sem eru aukið sýklalyfjaónæmi?

541. Fyrirspurn [311. mál]

til menntamálaráðherra um störf nefndar um eflingu háskólastarfs á Vestfjörðum.

Frá Sigurði Péturssyni.

1. Hefur nefnd sem fyrrverandi menntamálaráðherra skipaði í september árið 2007 og fjalla átti um eflingu háskóla- og fræðastarfs á Vestfjörðum lokið störfum?
2. Mun ráðherra birta opinberlega niðurstöður eða tillögur nefndarinnar og þá hvenær?

Skriflegt svar óskast.

542. Fyrirspurn [312. mál]

til heilbrigðisráðherra um rekstur skurðstofu á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Frá Björk Guðjónsdóttur.

Hverjar eru fyrirætlanir ráðherra varðandi rekstur skurðstofu á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja?

543. Frumvarp til laga [313. mál]

um afnám laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, með síðari breytingum, og breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI

Afnám laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara.

1. gr.

Lög nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, sbr. lög nr. 169/2008 um breytingu á lögum nr. 141/2003, falla úr gildi.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu ákvæði laga nr. 141/2003 halda gildi sínu gagnvart hæstaréttardómurum sem skipaðir hafa verið í Hæstarétt fyrir gildistöku laga þessara sem og núverandi forseta Íslands.

3. gr.

Nú hefur maður öðlast eftirlaunarétt samkvæmt lögum nr. 141/2003 og heldur hann þá þegar áunnum réttindum.

Nú gegnir sá, sem fær greidd eftirlaun samkvæmt lögum nr. 141/2003 eða samkvæmt eldri lögum er giltu um eftirlaun alþingismanna og ráðherra fyrir 30. desember 2003, starfi á vegum ríkisins, stofnana þess eða félaga í meirihlutaeigu þess, og koma þá launagreiðslur fyrir það starf að fullu til frádráttar eftirlaunum.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

4. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr málsliður sem hljóðar svo: Ákvæði 1. málsl. á jafnframt við um forseta Íslands, ráðherra og alþingismenn.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í samræmi við verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar, frá 1. febrúar 2009, en þar kemur fram að lög nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, verði afnumin og um alþingismenn, ráðherra, hæstaréttardómara og forseta Íslands muni gilda almennar reglur um lífeyriskjör opinberra starfsmanna. Markmið frumvarpsins er því að koma á samræmi í lífeyrismálum ráðamanna og almennings.

1. Breytingar á eftirlaunakjörum æðstu embættismanna þjóðarinnar með lögum nr. 141/2003.

Lög nr. 141/2003 fólu í sér breytingar á eftirlaunakerfi æðstu embættismanna þjóðarinnar. Í almennum athugasemdum við frumvarp það sem varð að fyrrgreindum lögum var því lýst að markmið með setningu laganna væri m.a. að veita alþingismönnum og ráðherrum sem hefðu gegnt störfum lengi og verið í forystusveit í samfélaginu rýmri rétt en áður til að hverfa af opinberum vettvangi og draga sig í hlé frá stjórnmálum. Með því væri stuðlað að hæfilegri endurnýjun í þjóðmálum og þeim sem varið hefðu meginhluta starfsævi sinnar á þessum sviðum tryggður fjárhagslegur grundvöllur til að svo gæti orðið. Tekið var fram að gera ætti þeim sem lengi hefðu verið í forystustörfum í stjórnmálum kleift að hverfa af vettvangi með sæmilega örugga afkomu og án þess að þeir þyrftu að leita nýrra starfa seint á starfsævinni.

Með lögunum eru alþingismönnum, ráðherrum, hæstaréttardómurum og forseta Íslands veitt betri eftirlaunaréttindi en almennt tíðkast og þeim tryggð ákveðin lágmarksréttindi til eftirlauna umfram þau réttindi sem þeir njóta samkvæmt lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Ýmsar breytingar voru gerðar á lögum nr. 141/2003 með lögum nr. 169/2008 sem birt voru í Stjórnartíðindum 31. desember 2008 og öðlast gildi 1. júlí 2009.

Síðan lög nr. 141/2003 voru sett hafa þau sætt margs konar gagnrýni. Ljóst er að tilteknar hliðar á eftirlaunakerfi æðstu embættismanna þjóðarinnar mæta ekki almennum skilningi í þjóðfélaginu. Við því þarf að bregðast, meðal annars til að varðveita nauðsynlegt traust milli almennings og ráðamanna.

2. Sjónarmið sem hafa þarf í huga við afnám laga nr. 141/2003.

Tilgangur eða markmið takmörkunar eða niðurfellingar eftirlaunaréttar hefur áhrif á lögmæti hennar og verða málefnaleg sjónarmið að búa að baki hugsanlegri lagabreytingu. Hafa verður í huga að með lögum nr. 141/2003 voru alþingismönnum, ráðherrum, hæstaréttardómurum og forseta Íslands tryggð ákveðin réttindi til viðbótar þeim almennu lífeyrisréttindum sem þeir njóta samkvæmt lögum nr. 1/1997 með sama hætti og aðrir sem greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Verður því að telja að lagabreyting sem afnemur eða takmarkar réttindi samkvæmt núverandi fyrirkomulagi feli ekki í sér umtalsverða takmörkun á framfærslu rétthafa samanborið við lífeyrisréttindi annarra starfsstétta. Þá mundi takmörkun eða niðurfelling eftirlaunagreiðslna til aðila sem gegna öðru launuðu starfi ekki ganga gegn þeim tilgangi eftirlaunagreiðslna að tryggja rétthöfum framfærslu þegar þeir hafa látið af störfum. Samkvæmt þessu verður heimild til afnáms eða takmörkunar á eftirlaunaréttindum samkvæmt lögum nr. 141/2003 að teljast rýmri en heimild til takmörkunar lífeyrisréttinda í almennum skilningi.

Eins og áður segir njóta alþingismenn, ráðherrar, hæstaréttardómarar og forseti Íslands ríkari lífeyrisréttinda samkvæmt lögum nr. 141/2003 en almennt tíðkast. Lagabreyting sem hefði í för með sér skerðingu á þessum réttindum fæli því ekki í sér umtalsverða takmörkun á framfærslu samanborið við lífeyrisréttindi annarra starfsstétta. Því má ætla að þær breytingar sem lagðar eru til á eftirlaunakjörum þessara hópa samræmist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, enda munu þær, svo sem áður greinir, hafa í för með sér að samræmi næðist á milli eftirlaunakjara fyrrgreindra aðila og almennings.

Hvað varðar sjónarmið um réttmætar væntingar geta þau tæplega vegið þungt í ljósi þess að núgildandi lög eru aðeins rúmlega fimm ára gömul og hafa frá upphafi sætt stöðugri gagnrýni. Það er því ósennilegt að rétthafar samkvæmt lögunum geti talist hafa verið í góðri trú um fyrirvaralaus eftirlaunakjör á grundvelli laganna til framtíðar.

3. Nánar um efnisatriði frumvarpsins.

Frumvarpið felur í sér tillögu að útfærslu á framangreindu markmiði á þann hátt að í fyrsta kafla frumvarpsins er lagt til að frá og með 1. apríl 2009 falli úr gildi lög nr. 141/2003, með síðari breytingum, en þó með sólarlagsákvæði fyrir núverandi forseta Íslands og þá aðila sem gegna störfum sem hæstaréttardómarar við gildistöku laganna. Fyrir gildistöku laga nr. 141/2003 voru hæstaréttardómarar sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Hæstaréttardómarar sem aðild áttu að B-deild sjóðsins við gildistöku laga nr. 141/2003 þurftu að velja milli þess að halda áfram aðild að B-deild LSR eða hefja greiðslur til A-deildar LSR, skv. 1. gr. laga nr. 141/2003. Í frumvarpi þessu er gengið út frá óbreyttri skipan þar sem ekki þykir fært að raska vali hæstaréttardómara með afturvirkum hætti. Einnig ber til þess að líta að áður var réttarstaða hæstaréttardómara með ólíkum hætti eftir því hvort þeir voru sjóðfélagar í A-deild eða B-deild LSR. Dómarar sem fengið höfðu lausn og nutu launa samkvæmt ákvæði í 61. gr. stjórnarskrár gátu ekki tekið samhliða lífeyri úr B-deild LSR, sbr. 8. mgr. 24. gr. laga nr. 1/1997. Hins vegar er ekki sambærilegt ákvæði sem tekur til A-deildar LSR. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir óbreyttri tilhögun fyrir þá dómara sem eru skipaðir í Hæstarétt fyrir gildistöku laganna. Hins vegar munu dómarar sem síðar verða skipaðir greiða til A-deildar LSR verði frumvarp þetta að lögum.

Varðandi núverandi forseta Íslands ber þess að geta að hann hefur þegar áunnið sér full réttindi skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 141/2003. Til að undirstrika að ákvæði laga nr. 141/2003 nái til núverandi forseta Íslands á meðan hann gegnir því starfi, þ.m.t. réttindi maka skv. VI. kafla þeirra laga, nær sólarlagsákvæði 2. gr. frumvarpsins einnig til núverandi forseta Íslands.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að umræddir aðilar njóti þeirra eftirlaunakjara sem lög nr. 141/2003 kveða á um á meðan þeir gegna þeim embættum sem þeir gera í dag. Nær það jafnframt til maka þeirra, sbr. VI. kafla laga nr. 141/2003. Að auki er í frumvarpinu að finna lagaskilaákvæði og skerðingarreglu sem er til samræmis við 8. gr. laga nr. 169/2008 og varðar starf samhliða eftirlaunatöku.

Í öðrum kafla frumvarpsins er lagt til að gerð verði nauðsynleg breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, til að tryggja að þeir aðilar sem lög nr. 141/2003 ná til eigi, við brottfall laga nr. 141/2003, aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þar sem umræddir aðilar eru, að frátöldum hæstaréttardómurum, ekki starfsmenn ríkisins í skilningi laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er lagt til að viðkomandi aðilar verði sérstaklega tilgreindir í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 1/1997, við hlið starfsmanna ríkisins. Um viðkomandi aðila, þ.e. starfsmenn ríkisins og þá aðila sem tilgreindir eru í lög-

um nr. 141/2003, gilda þá sömu reglur samkvæmt lögum nr. 1/1997, verði frumvarp þetta að lögum.

Verði frumvarpið að lögum hefur afnám laga nr. 141/2003 ekki í för með sér að þau réttindi sem viðkomandi einstaklingar hafa áunnið sér á gildistíma laganna skerðist afturvirkt, heldur haldast þau óbreytt sem geymd réttindi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að lög nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, ásamt síðari breytingum, falli úr gildi, sbr. þó lagaskilaákvæði 2. og 3. gr.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til að þeir einstaklingar sem nú gegna embætti forseta Íslands eða hæstaréttardómara njóti þeirra eftirlaunaréttinda sem kveðið er á um í lögum nr. 141/2003, með síðari breytingum, út starfstíma þeirra í viðkomandi embættum. Er því um sólarlagsákvæði að ræða fyrir þá einstaklinga sem gegna þessum embættum. Ákvæði laga nr. 141/2003, ásamt síðari breytingum, gilda að öllu leyti um réttindi viðkomandi einstaklinga, sem og maka þeirra, sbr. VI. kafla þeirra laga, á meðan þeir gegna viðkomandi embættum.

Um 3. gr.

Með greininni er lagt til ákveðið lagaskilaákvæði.

Í fyrsta lagi er lagt til að skýrt verði kveðið á um að afnám laga nr. 141/2003 hafi ekki afturvirk áhrif í för með sér. Hafi einstaklingur öðlast réttindi samkvæmt lögum nr. 141/2003 heldur hann því þeim áunnu réttindum.

Í öðru lagi er, með vísan til 19. gr. laga nr. 141/2003, lagt til að kveðið verði á um að ef sá sem fær greidd eftirlaun samkvæmt lögum nr. 141/2003 eða samkvæmt eldri lögum er giltu um eftirlaun alþingismanna og ráðherra fyrir 30. desember 2003, gegni starfi á vegum ríkisins, stofnana þess eða félaga í meirihlutaeigu þess, þá komi launagreiðslur fyrir það starf að fullu til frádráttar eftirlaunum. Regla þessi er til samræmis við þá umræðu sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu, allt frá gildistöku laga nr. 141/2003, að ekki þyki forsvaranlegt að greiða óskert eftirlaun samhliða störfum á vegum ríkisins.

Um 4. gr.

Með greininni er lagt til að kveðið verði skýrt á um það í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, að forseti Íslands, ráðherrar og alþingismenn skuli eiga aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, á sama hátt og starfsmenn ríkisins sbr. 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 1/1997. Er nauðsynlegt að kveða skýrt á um þetta í lögum þar sem forseti Íslands, ráðherrar og alþingismenn eru ekki starfsmenn ríkisins í skilningi laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hæstaréttardómarar eru á hinn bóginn tilgreindir í 3. tölul. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 sem embættismenn og því ekki nauðsynlegt að tilgreina þá sérstaklega í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 1/1997, til að tryggja aðild þeirra að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Um 5. gr.

Með greininni er lagt til að gildistaka laganna verði 1. apríl 2009. Er þannig veittur ákveðinn aðlögunartími vegna afnáms laga nr. 141/2003 og yfirfærslu viðkomandi einstaklinga yfir í Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um afnám laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, með síðari breytingum, og breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er í samræmi við verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar lagt til að afnumin verði lög nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara. Frumvarpið gerir ráð fyrir að um þá aðila er lögin nú taka til gildi framvegis almennar reglur um lífeyriskjör opinberra starfsmanna.

Með lögum nr. 141/2003 voru gerðar gagngerar breytingar á eftirlaunakerfi æðstu embættismanna þjóðarinnar og þeim veitt betri eftirlaunaréttindi en almennt tíðkast og tryggð ákveðin lágmarksréttindi til eftirlauna umfram þau réttindi sem þeir njóta samkvæmt lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Tilgangurinn með því var m.a. að gera alþingismönnum og ráðherrum sem verið hafa lengi í störfum á opinberum vettvangi betur kleift að draga sig í hlé og stuðla þannig að meiri endurnýjun í þjóðmálum að því leyti. Frá því lögin voru sett hafa þau hins vegar sætt margs konar gagnrýni. Til að koma til móts við þá gagnrýni var lögunum breytt á nýliðnu haustþingi og dregið úr réttindum. Þrátt fyrir þær breytingar er engu að síður ljóst að aðrir þættir í eftirlaunakerfi æðstu embættismanna þjóðarinnar víkja eftir sem áður frá almennum lífeyrisréttindum. Í þessu frumvarpi er lagt til að réttindin verði samræmd að fullu með því að lögin verði afnumin en þó þannig að þau haldi gildi sínu gagnvart núverandi forseta Íslands og hæstaréttardómurum sem skipaðir hafa verið fyrir gildistöku laganna á meðan þeir gegna þeim embættum sínum. Jafnframt er gert ráð fyrir því að þeir sem öðlast hafa eftirlaunarétt samkvæmt lögum nr. 141/2003 haldi áunnum réttindum.

Lög nr. 141/2003 ná að jafnaði til innvinnslu eftirlaunaréttinda 77 starfandi einstaklinga, auk geymdra réttinda þeirra sem áður hafa gegnt þessum störfum. Alls áttu 633 einstaklingar réttindi samkvæmt lögunum í árslok 2007 og nam áfallin eftirlaunaskuldbinding ríkissjóðs vegna þeirra rúmlega 12 milljörðum króna. Samkvæmt frumvarpinu eru áunnin réttindi varðveitt og því munu áhrif þess á skuldbindingar ríkissjóðs koma fram smám saman eftir því sem árin líða. Þó frumvarpið verði að lögum er ekki gert ráð fyrir að það leiði til mikillar lækkunar á eftirlaunagreiðslum ríkissjóðs næstu árin, heldur munu áhrif þess fyrst og fremst koma fram í lækkun á gjaldfærðri eftirlaunaskuldbindingu ríkissjóðs í ríkisreikningi. Megináhrif frumvarpsins á útgjöld ríkissjóðs felast í því að réttindaávinnsla samkvæmt lögum nr. 141/2003 hættir og bindur ríkissjóði ekki þyngri bagga en orðið er. Frumvarpið breytir þó engu um réttindi núverandi forseta Íslands og í reynd litlu um réttindi hæstaréttardómara þar

sem starfandi dómarar hafa ávallt fengið lausn frá embætti skv. 61. gr. stjórnarskrárinnar en það þýðir að þeir fá óskert laun til æviloka.

Unnið hefur verið tryggingafræðilegt mat fyrir fjármálaráðuneytið á áhrifum frumvarpsins. Þar er gengið út frá hópnum sem átti réttindi samkvæmt núgildandi lögum í árslok 2007 og skuldbindingar vegna hópsins reiknaðar fram í tímann að öðru óbreyttu. Til langs tíma litið mun afnám laganna leiða til þess að þessi sérstaka skuldbinding vegna alþingismanna og ráðherra mun fjara alveg út. Samkvæmt þessu mati er áætlað að verði frumvarpið að lögum megi að öðru óbreyttu gera ráð fyrir að strax við gildistöku laganna lækki heildarskuldbinding ríkissjóðs vegna alls hópsins sem lögin ná til og verði 356 m.kr. lægri en í árslok 2007 og að eftir fjögur ár hafi skuldbindingin lækkað um 1.689 m.kr., eða sem svarar til 14% af skuldbindingunni í árslok 2007. Ef litið er eingöngu á hóp starfandi alþingismanna og ráðherra þá námu þessar sérstöku skuldbindingar vegna þeirra um 1,8 milljörðum króna í árslok 2007 en eru taldar lækka um tæp 4% við gildistöku, verði frumvarpið að lögum, og um nálægt 40% eða hátt í 700 m.kr. að fjórum árum liðnum. Þegar fram í sækir og áhrif núverandi áunninna réttinda eru að fullu horfin verður skuldbinding ríkissjóðs á grundvelli laga nr. 141/2003 ekki lengur fyrir hendi. Greiðslur ríkissjóðs á grundvelli þeirra laga falla þá jafnframt niður.

544. Fyrirspurn [314. mál]

til samgönguráðherra um ljósleiðarastrengina Farice og Danice.

Frá Ármanni Kr. Ólafssyni.

Hversu mikil er flutningsgeta ljósleiðarastrengjanna Farice annars vegar og Danice hins vegar og hversu mikið er búið að selja af flutningsgetunni nú þegar?

545. Frumvarp til laga [315. mál]

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Sturla Böðvarsson, Jón Magnússon, Valgerður Sverrisdóttir.

1. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Á Alþingi starfa þessar fastanefndir:

1. Allsherjar- og menntamálanefnd.
2. Atvinnumálanefnd.
3. Efnahags- og viðskiptanefnd.
4. Fjárlaganefnd.
5. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
6. Umhverfis- og samgöngunefnd.
7. Utanríkismálanefnd.

2. gr.

1. og 2. málsl. 1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Í hverja nefnd skulu kosnir níu þingmenn. Þingflokkar skulu tilnefna varamenn í nefndir, allt að þeim fjölda aðalmanna sem þingflokkurinn hefur.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 23. gr. laganna:

a. 3. málsl. orðast svo: Til allsherjar- og menntamálanefndar skal vísa dómsmálum, kirkjumálum, menntamálum, menningarmálum og öðrum þeim málum sem þingið ákveður.
b. Í stað orðsins „allsherjarnefnd“ í 4. málsl. kemur: allsherjar- og menntamálanefnd.

4. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og skattanefndar“ í 3. málsl. 2. mgr. 25. gr. laganna og sömu orða í 5. málsl. greinarinnar kemur í viðeigandi falli: efnahags- og viðskiptanefndar.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi við upphaf næsta löggjafarþings eftir samþykkt þeirra.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu um breytingar á lögum um þingsköp Alþingis sem hér er lagt fram eru lagðar til breytingar á skipulagi fastanefnda Alþingis, fjölda þeirra og þeim málaflokkum sem undir þær heyra. Fastanefndir eru 12 en samkvæmt frumvarpinu verða þær sjö. Eftirfarandi eru heiti nefndanna og málaflokkar sem gert er ráð fyrir að undir þær heyri:

1. Allsherjar- og menntamálanefnd. Undir hana heyra dóms- og kirkjumál, menntamál, menningarmál, stofnanir Alþingis, Stjórnarráðið o.fl.
2. Atvinnumálanefnd. Undir hana heyra iðnaðar- og orkumál, landbúnaðarmál og sjávarútvegsmál, byggðamál og ferðamál.
3. Efnahags- og viðskiptanefnd. Undir hana heyra skattamál, verslunar-, viðskipta- og bankamál og efnahagsmál almennt.
4. Fjárlaganefnd. Undir hana heyra tekjur og gjöld ríkissjóðs.
5. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd. Undir hana heyra heilbrigðismál, almannatryggingar og félagsþjónusta, húsnæðismál og vinnumál.
6. Umhverfis- og samgöngunefnd. Undir hana heyra umhverfismál, vega-, hafna- og flugmál, siglingar, fjarskipti og sveitarstjórnarmál.
7. Utanríkismálanefnd. Undir hana heyra utanríkismál, varnar- og öryggismál og málefni Evrópska efnahagssvæðisins.

Við síðustu breytingar á lögum um þingsköp Alþingis voru gerðar nokkrar lagfæringar á störfum og starfsumhverfi fastanefnda Alþingis. Breytingarnar miðuðu að því að efla starf nefndanna, m.a. með því að ráðherrar komi oftar á fundi þingnefnda. Samhliða breytingunum var gert samkomulag á milli þeirra flokka sem stóðu að breytingunum sem m.a. miðaði að því að aðstoða minni hluta í nefndum og efla eftirlitshlutverk nefnda. Frá því að þessar breytingar tóku gildi 1. janúar 2008 hefur forsætisnefnd Alþingis samþykkt reglur um opna nefndafundi en bráðabirgðareglur um slíka fundi voru samþykktar á fundi forsætisnefndar 3. júní sl. og nýjar reglur á fundir forsætisnefndar 14. janúar sl.

Sú endurskipulagning á fastanefndum Alþingis sem lögð er til í þessu frumvarpi er að nokkru leyti framhald af síðustu breytingum sem gerðar voru á störfum nefndanna. Markmið

breytinganna er að styrkja og efla nefndastarfið enn frekar ásamt því að gefa nefndunum meira og betra svigrúm til starfa. Önnur helstu rökin fyrir breytingunum eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi munu breytingarnar efla löggjafarstarfið. Fastanefndirnar verða færri og mun hver nefnd fjalla um fleiri málaflokka en áður. Það gefur nefndarmönnum m.a. meiri möguleika á að hafa heildaryfirsýn yfir tengd málasvið. Slíkt mun jafnframt styrkja eftirlitshlutverk þingsins.

Í öðru lagi munu breytingarnar fela í sér hagræðingu í störfum fastanefndanna. Með fækkun fastanefnda gefst tækifæri fyrir nefndirnar til að funda oftar og lengur ef þörf krefur. Það hefur oft verið erfitt að komast hjá því að fundir nefnda skarist þegar fjöldi þeirra er svo mikill, en með fækkun þeirra í sjö mun draga úr þessum árekstrum og auðveldara verður að skipuleggja fundi nefndanna. Þá munu skapast betri tækifæri og tími til að halda opna nefndafundi, en slíkir fundir krefjast oft meiri tíma en hefðbundnir nefndafundir.

Þingmenn eiga oft sæti í fleiri nefndum en einni, jafnvel fjórum, en með fækkun og stækkun nefnda munu þingmenn almennt sitja í einni nefnd en nokkrir þeirra þó í tveimur nefndum. Slíkt mun einfalda skipulag nefndastarfsins og leiða til betri nýtingar á fundartíma nefndanna. Sérstaklega mun þetta eiga við á nefndadögum. Æskilegt mun t.d. vera að nefndarmenn í fjárlaganefnd sitji ekki í öðrum nefndum.

Í þriðja lagi munu breytingarnar leiða til þess að skipulag starfa á nefndasviði Alþingis verður einfaldara og aukið svigrúm gefst til þess að hver fastanefnd geti haft yfir að ráða öflugum hópi sérfræðinga og annars starfsfólks. Þannig verður hægt að veita hverri nefnd meiri aðstoð og betri þjónustu en nú er hægt að gera.

Eftirlitshlutverk fastanefnda Alþingis mun aukast á næstu árum, og ljóst að með möguleika á opnum fundum mun það eftirlit verða opnara og öllum aðgengilegt, líkt og á þingfundum. Mikilvægt er að styrkja nefndastarfið, skipulag þess og starfsaðstöðu áður en þessi þróun fer af stað að marki.

Reiknað er með að tímatafla með fundartímum nefndanna verði ákveðin fyrir fram, með nægilegu svigrúmi þó til aukafunda, þannig að enginn þingmaður sé settur í þá stöðu að vera á fundum á tveimur stöðum samtímis.

Loks er þess að geta að flokkarnir eiga samkvæmt frumvarpinu að tilnefna varamenn í nefndum, allt að þeim fjölda sem þeir eiga af aðalmönnum. Þetta fyrirkomulag er einfaldara í sniðum en nú viðgengst með þá einu nefnd sem hefur fastákveðna varamenn, en formlegra en það fyrirkomulag staðgengla nefndarmanna sem unnið er eftir í öðrum nefndum, sbr. 3. mgr. 17. gr. þingskapa, þar sem þingflokki er heimilt að tilnefna varamann um stundarsakir í forföllum aðalmanns. Þetta auðveldar boðun funda í nefndum og er það fyrirkomulag sem tíðkast í nágrannaþingum.

546. Tillaga til þingsályktunar [316. mál]

um vöktun samfélagslegra áhrifa álvers- og virkjunarframkvæmda á Reykjanesi.

Flm.: Björk Guðjónsdóttir, Kjartan Ólafsson, Árni M. Mathiesen, Árni Johnsen, Grétar Mar Jónsson, Helga Sigrún Harðardóttir, Eygló Harðardóttir.

Alþingi samþykkir að fela Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, í samvinnu við Háskóla íslands að fylgjast með samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs á því landsvæði þar sem áhrifa álvers- og virkjunarframkvæmda á Reykjanesi mun gæta mest.

Verkefninu verði ætlað fé á fjárlögum í sex ár frá og með árinu 2010. Keilir skili formlegum skýrslum til ráðherra byggðamála í lok árs 2011 og 2013 og síðan í lok verkefnisins. Þá verði Keilir stjórnvöldum til ráðuneytis á tímabilinu verði þess óskað. Einnig verði ráðherra byggðamála falið að vinna að því að Norðurál, sem hyggst reisa álver í Helguvík, og HS orka, sem mun þurfa að ráðast í umfangsmiklar virkjunarframkvæmdir vegna álversins, komi að þessu verkefni bæði með fjárhagslegum stuðningi við verkefnið og samvinnu varðandi upplýsingar og gagnaöflun eins og þurfa þykir.

Greinargerð.

Bygging álvers og virkjunarframkvæmdir á Reykjanesi, svo og starfsemi álversins, munu hafa mikil áhrif á samfélags-, byggða- og atvinnuþróun. Hversu mikil eða víðtæk þau áhrif verða er ekki vitað. Verkefnið mun hafa einhver áhrif um allt land, nokkur þjóðhagsleg áhrif, annars konar og meiri áhrif á helstu áhrifasvæðum en mest verða þau væntanlega á suðvesturhluta landsins. Þessum framkvæmdum er ætlað að styrkja stoðir atvinnulífs á Reykjanesi og jafnvel víðar. En hver áhrifin verða og hversu víðtæk er ekki vitað með vissu.

Við undirbúning og byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði voru unnar viðamiklar skýrslur um samfélagsleg og efnahagsleg áhrif framkvæmdanna á Austurlandi. Ekki hafa verið unnar skýrslur um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á Reykjanesi á samfélagið þar og á nærliggjandi svæðum. Nauðsynlegt er að mati flytjenda þingsályktunartillögu þessarar að vakta áhrif verkefnisins, m.a. á eftirfarandi þætti:

a. Efnahag og möguleika fólks til að afla sér tekna,
b. vinnumarkað,
c. mannfjölda og búsetuþróun,
d. starfsemi sveitarfélaga og þjónustu þeirra,
e. húsnæðismál,
f. almenna þjónustu,
g. opinbera þjónustu,
h. nýtingu lands og auðlinda,
i. ferðaþjónustu,
j. félagsgerð og lífsstíl fólks.

Ljóst er að bygging álvers í Helguvík mun hafa veruleg áhrif á samfélagið á Reykjanesi og á byggða- og atvinnuþróun langt út fyrir svæðið. Nauðsynlegt er að stjórnvöld fylgist með, rannsaki áhrifin og nýti rannsóknina m.a. til skynsamlegra inngripa með mótvægisaðgerðum ef það er talið nauðsynlegt. Fylgjast þarf með afdrifum mannfólksins, rétt eins og náttúrunnar, við framkvæmdir sem þessar.

Samfélagið á Reykjanesi er að mörgu leyti frábrugðið öðrum samfélögum á landinu. Reyknesingar bjuggu við það í áratugi að í nágrenni þeirra var bandarískt samfélag varnarliðsmanna og fjölskyldna þeirra. Vissulega hafði þessi sambúð til svo margra ára áhrif á allt samfélagið. Samskipti Reyknesinga við bandarískar fjölskyldur voru alla tíð þónokkrur og margir stofnuðu til vináttu við bandarískar fjölskyldur sem jafnvel halda enn þrátt fyrir að varnarliðið sé nú horfið á brott. Varnarliðið var mjög stór vinnustaður og auðvelt var fyrir Reyknesinga að komast í góð og vel launuð störf án mikillar menntunar. Dæmi eru um fólk sem starfaði hjá Varnarliðinu allan sinn starfsaldur. Þegar Varnarliðið fór hurfu með því um 900 störf og atvinnuleysi á Suðurnesjum varð það langmesta á landinu. Kjölfestuatvinnurekandi hvarf af svæðinu. Ekki hefur tekist að skapa jafnmörg störf á svæðinu að nýju. En með byggingu álvers mun störfum aftur fjölga á Reykjanesi. Samhliða rannsókn á áhrifum byggingar álvers og virkjanaframkvæmda á hagi fólks á Reykjanesi er eðlilegt að skoða einnig þau áhrif sem brotthvarf varnarliðsins hafði á búsetu- og atvinnumál á svæðinu.

Afar mikilvægt er að safna upplýsingum jafnóðum og framkvæmdir eru í gangi. Í mörgum tilfellum er ógerlegt eða til muna erfiðara að nálgast upplýsingar eftir á. Því er mikilvægt að stjórnvöld feli Keili í samstarfi við Háskóla Íslands hið fyrsta að hefja slíka rannsókn.

547. Svar [270. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um gjaldþrot fyrirtækja að kröfu hins opinbera.

1. *Hversu mörg fyrirtæki hafa verið lýst gjaldþrota árlega síðustu 10 árin vegna skulda við opinbera aðila?*

Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar frá tollstjóra. Eru þær byggðar á kröfum embættisins sem innheimtir opinber gjöld í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur sem eru á milli 65–70% af opinberum gjöldum á landsvísu. Ekki reyndist unnt að fá umbeðnar upplýsingar úr tekjubókhaldskerfi ríkisins sem heldur utan um þessar kröfur, en embættið hefur haldið hluta þessara upplýsinga til haga. Leitað var til Héraðsdóms Reykjavíkur vegna fyrirspurnarinnar en í ljós kom að málaskrá dómstólsins býður ekki upp á að slíkar upplýsingar séu unnar upp úr henni. Þær upplýsingar sem á eftir fara eru vegna tímabilsins 2002–2008. Ekki eru til handhægar upplýsingar frá fyrri árum.

Í töflunni eru upplýsingar um heildarfjölda gjaldþrotaskiptabeiðna og fjölda gjaldþrotaskiptaúrskurða innan sama árs. Slíkar upplýsingar gefa til kynna hversu margir aðilar komast hjá gjaldþrotaúrskurði með því að gera greiðsluáætlun hjá innheimtumanni ríkissjóðs, fá leiðréttingu í gegnum framtalsskil eða greiða upp kröfuna.

	Fjöldi gjaldþrotaskiptabeiðna	**Fjöldi úrskurða**
Ár	Lögaðilar	Lögaðilar
2002	412	213
2003	432	258
2004	500	282
2005	603	237
2006	503	165
2007	582	322
2008	626	291

2. *Hvernig skiptast mál þessara fyrirtækja eftir fjárhæð krafna (innan við 250 þús. kr., á bilinu 250–500 þús. kr., 500–750 þús. kr., 750–1.000 þús. kr., 1–2,5 millj. kr., 2,5–5 millj. kr., 5–7,5 millj. kr., 7,5–10 millj. kr., 10–15 millj. kr., 15–20 millj. kr., 20–25 millj. kr., hærri en 25 millj. kr.) og hver er skiptingin eftir kjördæmum?*

Fjárhæðir gjaldþrotaskiptabeiðna eru alltaf yfir 1.000.000 kr., en samkvæmt verklagsreglum sem giltu út árið 2008 varð fjárhæð beiðna að ná a.m.k. þeirri fjárhæð. Nú hefur þetta viðmið verið hækkað í 2.000.000 kr. Ekki liggja fyrir upplýsingar um skiptingu á fjárhæð krafna né skiptingu eftir kjördæmum.

3. *Hver hefur verið árlegur innheimtukostnaður vegna þessara aðila, bæði fastur innheimtukostnaður og kostnaður vegna vinnu lögfræðinga?*

Innheimtukostnaður er einungis í formi útlagðs kostnaðar. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, skal greiða 3.900 kr. fyrir hverja gjaldþrotaskiptabeiðni. Jafnframt þarf að leggja fram tryggingu fyrir skiptakostnaði vegna vinnu skiptastjóra. Fram til ársins 2003 var sú fjárhæð 150.000 kr. en frá þeim tíma til dagsins í dag 250.000 kr. Sú trygging fæst endurgreidd í héraðsdómi ef máli lýkur áður en til úrskurðar kemur. Þess má geta að skiptakostnaður er forgangskrafa samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991, sem felur í sér að ef einhverjar eignir finnast greiðist skiptakostnaður af andvirði þeirra þannig að útlagður skiptakostnaður fæst endurgreiddur.

548. Svar [271. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um gjaldþrot einstaklinga að kröfu hins opinbera.

1. *Hversu margir einstaklingar hafa verið lýstir gjaldþrota árlega síðustu 10 árin vegna skulda við opinbera aðila?*

Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar frá tollstjóra. Eru þær byggðar á kröfum embættisins sem innheimtir opinber gjöld í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur sem eru á milli 65–70% af opinberum gjöldum á landsvísu. Ekki reyndist unnt að fá umbeðnar upplýsingar úr tekjubókhaldskerfi ríkisins sem heldur utan um þessar kröfur, en embættið hefur haldið hluta þessara upplýsinga til haga. Leitað var til Héraðsdóms Reykjavíkur vegna fyrirspurnarinnar en í ljós kom að málaskrá dómstólsins býður ekki upp á að slíkar upplýsingar séu unnar upp úr henni. Þær upplýsingar sem á eftir fara eru vegna tímabilsins 2002–2008. Ekki eru til handhægar upplýsingar frá fyrri árum.

Framsetning upplýsinga er með þeim hætti að gerður er greinarmunur á einstaklingum og einstaklingum með rekstur. Meginreglan er sú að ekki er krafist gjaldþrotaskipta hjá einstaklingum nema um skattsektir sé að ræða eða vegna gruns um undanskot eigna. Þær skattsektir sem um ræðir eru annars vegar sektarboð skattrannsóknarstjóra ríkisins og hins vegar úrskurðir yfirskattanefndar. Á árinu 2006 var skattrannsóknarstjóra ríkisins heimilað að ljúka ákveðnum tegundum skattalagabrota með sektarboði til einstaklinga. Tollstjóra var falið að annast innheimtu þeirra á landsvísu. Til þessarar breytingar rekja má aukningu áranna 2007 og 2008 á fjölda gjaldþrotaskiptabeiðna á einstaklinga. Einstaklingar með rekstur eru þeir aðilar sem reka fyrirtæki á sinni kennitölu eða eru aðilar að sameignarfélagi. Þessir aðilar

bera ótakmarkaða ábyrgð á skattgreiðslum skv. 2. mgr. 116. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, sbr. 2. gr. sömu laga.

Í töflunni eru upplýsingar um heildarfjölda gjaldþrotaskiptabeiðna og fjölda gjaldþrotaskiptaúrskurða innan sama árs. Slíkar upplýsingar gefa til kynna hversu margir aðilar komast hjá gjaldþrotaúrskurði með því að gera greiðsluáætlun hjá innheimtumanni ríkissjóðs, fá leiðréttingu í gegnum framtalsskil eða greiða upp kröfuna.

	Fjöldi gjaldþrotaskiptabeiðna		**Fjöldi úrskurða**	
Ár	Einstaklingar með rekstur	Einstaklingar	Einstaklingar með rekstur	Einstaklingar
2002	97	16	38	5
2003	45	10	11	3
2004	58	11	8	1
2005	37	6	8	2
2006	19	3	1	0
2007	23	18	15	6
2008	28	46	13	26

2. *Hvernig skiptast mál þessara einstaklinga eftir fjárhæð krafna (innan við 100 þús. kr., á bilinu 100–200 þús. kr., 200–300 þús. kr., 300–400 þús. kr., 400–500 þús. kr., 500–600 þús. kr., 600–700 þús. kr., 700–800 þús. kr., 800–900 þús. kr., 900–1.000 þús. kr., hærri en 1 millj. kr.) og hver er skiptingin eftir kjördæmum?*

Fjárhæðir gjaldþrotaskiptabeiðna eru nær undantekningarlaust yfir 1.000.000 kr. Skattsektir geta í einstaka tilfellum verið undir fyrrgreindri fjárhæð en að öðru leyti samkvæmt verklagsreglum þeim sem giltu út árið 2008 varð fjárhæð beiðna að ná a.m.k. 1.000.000 kr. Nú hefur þetta viðmið verið hækkað í 2.000.000 kr. Ekki liggja fyrir upplýsingar um skiptingu eftir fjárhæð krafna eða skiptingu eftir kjördæmum.

3. *Hver hefur verið árlegur innheimtukostnaður vegna þessara einstaklinga?*

Innheimtukostnaður er einungis í formi útlagðs kostnaðar. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, skal greiða 3.900 kr. fyrir hverja gjaldþrotaskiptabeiðni. Jafnframt þarf að leggja fram tryggingu fyrir skiptakostnaði. Fram til ársins 2003 var sú fjárhæð 150.000 kr. en frá þeim tíma til dagsins í dag 250.000 kr. Sú trygging fæst endurgreidd í héraðsdómi ef máli lýkur áður en til úrskurðar kemur. Þess má geta að skiptakostnaður er forgangskrafa samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991, sem felur í sér að ef einhverjar eignir finnast greiðist skiptakostnaður af andvirði þeirra þannig að útlagður skiptakostnaður fæst endurgreiddur.

4. *Hversu mörg dæmi eru um að einstaklingar hafi verið lýstir gjaldþrota oftar en einu sinni vegna sömu kröfunnar?*

Engar upplýsingar liggja fyrir um það hversu mörg dæmi eru um að einstaklingar hafi verið lýstir gjaldþrota oftar en einu sinni vegna sömu kröfunnar. Samkvæmt því sem að framan er rakið er meginreglan sú að ekki er farið með einstaklinga í gjaldþrot. Af því leiðir að mjög ólíklegt er að einstaklingur fari í gjaldþrot oftar en einu sinni á grundvelli sömu krafna.

549. Frumvarp til laga [317. mál]

um breytingu á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Við 4. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá skal Orkustofnun leita umsagnar viðeigandi sveitarfélaga ef sótt er um leyfi á svæði sem er innan 1 sjómílu frá netlögum.

2. gr.

2. málsl. 4. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á haustþingi voru samþykkt lög um breytingu á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi, nr. 166/2008. Við meðferð frumvarpsins á Alþingi lagði iðnaðarnefnd m.a. til þá breytingu að leitað yrði umsagnar viðeigandi sveitarfélaga ef sótt væri um leyfi til rannsóknar og vinnslu á svæði sem er innan 1 sjómílu frá netlögum. Var samþykkt breytingartillaga um að bæta nýjum málslið um umsagnarrétt sveitarfélaga við 4. mgr. 10. gr. laga nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Við nánari athugun kemur í ljós að ákvæðið um umsagnarrétt sveitarfélaga á ekki heima í 4. mgr. 10. gr. laganna heldur í 4. mgr. 7. gr. Með frumvarpinu er því lagt til að nýr málsliður bætist við 4. mgr. 7. gr. laganna og jafnframt að 2. málsl. 4. mgr. 10. gr. laganna falli brott.

550. Fyrirspurn [318. mál]

til forsætisráðherra um bráðabirgðalög.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hvert er viðhorf forsætisráðherra til setningar bráðabirgðalaga 7. júní 2008, um breytingu ákvæða laga um Viðlagatryggingu Íslands um eigin áhættu vátryggðs, í ljósi þeirra upplýsinga sem fram koma í svari viðskiptaráðherra á þingskjali 502 um að bráðabirgðalögin hafi aukið tjónabætur Viðlagatryggingar Íslands vegna lækkunar á sjálfsábyrgð aðeins um 28 millj. kr. í 629 tjónum eða um 45 þús. kr. í hverju tilviki, og með hliðsjón af því að skv. 28. gr. stjórnarskrár lýðveldisins er gert ráð fyrir að bráðabirgðalög verði aðeins gefin út þegar brýna nauðsyn ber til?

551. Fyrirspurn [319. mál]

til utanríkisráðherra um markað fyrir hvalkjöt.

Frá Helga Hjörvar.

1. Hversu stór hefur markaður fyrir hvalkjöt verið í Japan frá árinu 1999, mælt í tonnum og skipt eftir árum?
2. Hvert hefur meðalverð á kílói af hvalkjöti verið í jenum, skipt eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

552. Fyrirspurn [320. mál]

til forsætisráðherra um tillögur nefndar um endurreisn bankakerfisins.

Frá Guðfinnu S. Bjarnadóttur.

1. Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir tillögum nefndar undir stjórn Mats Josefssons um endurreisn bankakerfisins sem kynntar voru 11. febrúar sl.? Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa á grundvelli tillagnanna og hvenær?
2. Hvernig voru tillögurnar afgreiddar og hvaða formlega stöðu hafa þær?
3. Hvernig verða tillögurnar kynntar nánar fyrir Alþingi?
4. Er ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir því að haldin verði ráðstefna þar sem nánar er rýnt í einstök atriði tillagnanna með bestu sérfræðingum, erlendum og íslenskum, sem völ er á?

553. Frumvarp til laga [321. mál]

um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „verðbréfasjóðum“ í 5. málsl. 5. mgr. kemur: og fjárfestingarsjóðum.
b. Við 10. mgr. bætist: frá og með 1. janúar 2010.

2. gr.

Á eftir orðinu „verðbréfasjóðum“ í c-lið 1. mgr. 36. gr. a laganna kemur: og fjárfestingarsjóðum sem hlutfall af hreinni eign.

3. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (VIII.)

Þrátt fyrir ákvæði 11. og 12. gr. er vörsluaðila séreignarsparnaðar skv. 3.–5. mgr. 8. gr. heimilt, á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010, að greiða út séreignarsparnað sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi skv. II. kafla, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í ákvæði þessu.

Heimilt er á því tímabili sem tilgreint er í 1. mgr. að hefja útborgun innstæðu séreignarsparnaðar rétthafa, ásamt vöxtum, að fjárhæð sem við gildistöku laga þessara nemur samanlagt allt að 1.000.000 kr. óháð því hvort samanlagður séreignarsparnaður er í vörslu hjá fleiri en einum vörsluaðila. Skal sú fjárhæð greiðast út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, í níu mánuði frá því að beiðni um útgreiðslu er lögð fram hjá vörsluaðila. Útgreiðslutími styttist hlutfallslega ef um lægri fjárhæð en 1.000.000 kr. er að ræða.

Óski rétthafi eftir útgreiðslu séreignarsparnaðar skv. 2. mgr. skal hann leggja fram umsókn þess efnis hjá viðkomandi vörsluaðila. Ef rétthafi á séreignarsparnað hjá fleiri en einum vörsluaðila skal hann gera grein fyrir því.

Vörsluaðili séreignarsparnaðar fer yfir umsókn rétthafa skv. 2. mgr. og hefur umsjón með útgreiðslu á séreignarsparnaði hans.

Skuldheimtumönnum er óheimilt að krefjast þess að skuldarar taki út séreignarsparnað sinn samkvæmt þessu ákvæði, sbr. 2. mgr. 8. gr.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um fyrirkomulag útgreiðslu séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði þessu.

b. (IX.)

Á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010 er vörsluaðila séreignarsparnaðar heimilt að fresta útgreiðslum séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VIII, að uppfylltum þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessu ákvæði.

Frestun skv. 1. mgr. skal vera almenn og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir rétthafa séreignarsparnaðar krefjist þess. Frestun á útgreiðslum skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og er háð samþykki þess, sbr. 44. gr. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að útgreiðslum séreignarsparnaðar verði frestað krefjist hagsmunir rétthafa sparnaðarins eða almennings þess.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. skal gjalddagi greiðslu vegna skila á staðgreiðslu í þeim tilvikum sem ákvæði til bráðabirgða VIII við lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, tekur til vera tveimur mánuðum síðar en kveðið er á um í 3. mgr. 20. gr. og eindagi 14 dögum eftir það.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

5. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (XXVI.)

Þrátt fyrir 2. málsl. 5. tölul. A-liðar 30. gr. laganna er heimilt að draga allt að 6% frá af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga vegna iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóða til aukningar lífeyrisréttinda, til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, eða til starfstengdra eftirlaunasjóða samkvæmt lögum um starfstengda eftirlaunasjóði á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010.

b. (XXVII.)

Þrátt fyrir ákvæði 68. gr. laganna skulu útgreiðslur séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VIII við lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, ekki reiknast til skerðingar á barnabótum eða vaxtabótum.

IV. KAFLI
Breyting á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

6. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 36. gr. skerðir útgreiðsla séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VIII við lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, ekki atvinnuleysisbætur viðkomandi einstaklings skv. VII. kafla.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Með vísan til hinna efnahagslegu áfalla sem dunið hafa yfir íslenskt samfélag á síðustu vikum og mánuðum og í samræmi við verkefnaskrá nýrrar ríkisstjórnar er með frumvarpi þessu þeim einstaklingum sem greitt hafa viðbótariðgjald í séreignarsjóði í þeim tilgangi að byggja upp séreignarsparnað gert kleift að nota þá fjármuni tímabundið að ákveðnu marki sem að öðrum kosti væru bundnir til 60 ára aldurs. Lagt er til að bætt verði við lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, ákvæðum til bráðabirgða sem heimila útgreiðslu séreignarsparnaðar að hámarki 1 millj. kr., að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Auk þess eru lagðar til fáeinar minni háttar lagfæringar á lögunum. Þá er lagt til að sett verði ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lög nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, í tengslum við þessa tímabundnu heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar.

Gildandi reglur.

Samkvæmt lögum nr. 129/1997 er lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs 12% af iðgjaldsstofni. Þetta iðgjald er öllum launamönnum og sjálfstæðum atvinnurekendum skylt að greiða frá því að 16 ára aldri er náð fram til 70 ára aldurs. Skipting iðgjaldsins milli launþega og launagreiðanda fer eftir kjarasamningum eða sérlögum ef við á. Þá þarf sú lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður veitir miðað við framangreint lágmarksiðgjald og 40 ára inngreiðslutíma að vera 56% af mánaðarlaunum frá þeim tíma sem taka lífeyris hefst. Geri lágmarksiðgjaldið gott betur en að standa undir lágmarkstryggingaverndinni samkvæmt tryggingafræðilegri athugun má verja þeim hluta iðgjaldsins sem umfram er til öflunar réttinda í séreign.

Þessu til viðbótar er heimilt að greiða allt að 4% af heildarlaunum sem iðgjald í séreignarsjóð (viðbótariðgjald). Þeir einstaklingar sem það kjósa eiga alla jafna kost á mótframlagi frá launagreiðanda sem getur numið allt að 2% til viðbótar. Sú séreign sem myndast af umræddu viðbótariðgjaldi er gjarnan nefnd *frjáls séreign* til aðgreiningar frá þeirri sem verður til sem hluti af skyldubundnu iðgjaldi eins og að framan er lýst.

Greiðsla lífeyrisiðgjalda, bæði lágmarksiðgjalds og viðbótariðgjalds í séreignarsjóði, felur í sér frestun skattlagningar þar til lífeyristaka hefst. Staðgreiðsla tekjuskatts og útsvars er því dregin frá lífeyri rétthafa áður en til útgreiðslu kemur að teknu tilliti til persónuafsláttar. Vörsluaðili annast skil á þeirri staðgreiðslu. Í dag er staðgreiðsluhlutfallið 37,2%, þar af er tekjuskattur til ríkisins 24,1% og útsvar til sveitarfélaga 13,1%.

Séreignarlífeyrir er laus til útborgunar við 60 ára aldur, örorku eða fráfall sjóðfélaga. Í lok árs 2008 var samþykkt sú breyting á lífeyrislögunum að vörsluaðila sé heimilt að greiða frjálsan séreignarlífeyri út í einu lagi við 60 ára aldur, en samkvæmt eldri lögum skyldi greiðslu dreift á árin frá upphafi lífeyristöku þar til rétthafi næði 67 aldri.

Séreignarlífeyrissparnaður.

Talið er að allt að 300 milljarðar kr. liggi í séreignarlífeyrissparnaði í dag í formi margvíslegra og að sama skapi misáhættusamra eigna, allt eftir því hvaða sparnaðarleið rétthafi hefur valið sér. Þessi fjárhæð samanstendur af tvenns konar séreignarsparnaði sem fyrr var lýst.

Annars vegar er séreign sem myndast hefur sem hluti af skyldubundnu lágmarksiðgjaldi og hins vegar séreign sem stafar af viðbótariðgjaldi. Auk þess felur hún í sér þann séreignarsparnað sem til varð fyrir gildistöku lífeyrislaganna 1998. Ekki liggur fyrir hvernig áðurnefndir 300 milljarðar kr. skiptast nákvæmlega á milli þessara flokka séreignar, en lausleg athugun bendir til þess að allt að fjórðungur hennar, eða um 75 milljarðar kr., sé að stofni til hluti af hinu skyldubundna iðgjaldi og eldri séreign. Það þýðir að rúmlega 200 milljarðar kr. verði lausir til ráðstöfunar verði frumvarp þetta að lögum.

Tillögur frumvarpsins.

Samkvæmt frumvarpinu geta allir sem eiga frjálsan séreignarsparnað leyst út allt að 1 millj. kr. fyrir staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars á grundvelli umsóknar til vörsluaðila á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010. Um er að ræða hámarksfjárhæð til útgreiðslu óháð fjölda vörsluaðila, og miðast fjárhæðin við samanlagðan séreignarsparnað ásamt vöxtum við gildistöku laganna.

Vörsluaðilar séreignarsparnaðar munu annast skil á staðgreiðslu, en sú fjárhæð sem eftir stendur þegar staðgreiðslan hefur verið dregin frá dreifist á allt að níu mánuði. Þessi leið er fyrst og fremst hugsuð til að koma til móts við þá sem eiga í tímabundnum fjárhagserfiðleikum, t.d. vegna atvinnumissis. Ekki er það þó gert að skilyrði að viðkomandi eigi í fjárhagserfiðleikum heldur eiga allir kost á þessari fyrirgreiðslu. Hins vegar má gera ráð fyrir því að þessi kostur höfði fyrst og fremst til þeirra sem eiga í einhverjum fjárhagsvandræðum, í ljósi þess hversu verðmætt sparnaðarform séreignarsparnaðurinn er fyrir velflesta.

Með frumvarpinu er og lagt til að sett verði ákvæði til bráðabirgða við lög um staðgreiðslu opinberra gjalda sem felur það í sér að vörsluaðilum séreignarsparnaðar er veittur tveggja mánaða aukagjaldfrestur á þeirri staðgreiðslu sem þeim ber að standa skil á vegna útgreiðslna á grundvelli hinnar tímabundnu heimildar til útgreiðslu séreignarsparnaðar. Er þetta gert til að veita vörsluaðilum meira svigrúm til gera þær ráðstafanir sem þeir þurfa til að bregðast við þeim auknu útgreiðslum á séreignarsparnaði sem frumvarpið hefur í för með sér verði það að lögum.

Þá er með frumvarpinu lagt til að sett verði tvö ný ákvæði til bráðabirgða við lög um tekjuskatt. Í fyrsta lagi er ákvæði sem kveður á um að heimilt verði að draga allt að 6% viðbótariðgjaldagreiðslna frá tekjuskattsstofni í stað 4% á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010. Er þetta lagt til með það að markmiði að hvetja til aukins séreignarsparnaðar sem þannig gæti að einhverju marki vegið upp á móti því útflæði sem verður úr séreignarsjóðum verði frumvarp þetta að lögum. Í öðru lagi er lagt til að útgreiðslur séreignarsparnaðar samkvæmt frumvarpi þessu komi ekki til skerðingar á barnabótum eða vaxtabótum því annars er hætt við að sá ávinningur sem fólk hefur af útgreiðslu séreignarsparnaðarins verði talsvert minni en til stóð og tilgangi frumvarpsins verði ekki náð.

Einnig er með frumvarpinu lagt til að útgreiðslur séreignarsparnaðar sem framkvæmdar eru á grundvelli hins nýja bráðabirgðaákvæðis VIII við lög nr. 129/1997 skerði ekki rétt viðkomandi rétthafa til greiðslu atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar. Í því skyni er í frumvarpinu að finna nýtt ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar.

Við vinnslu frumvarpsins var sú leið einnig skoðuð að opna á að rétthafar séreignarsparnaðar fengju að nýta helming þess sem þeir eiga umfram 1 millj. kr. í séreignarsparnaði til þess að greiða niður veðlán. Sem kunnugt er hafa húsnæðislán, sem og önnur lán, hækkað verulega á síðustu mánuðum vegna verðbólgu og gengisfalls krónunnar og með þessari leið

væri því verið að veita einstaklingum ákveðinn möguleika á að bregðast við þeirri þróun og lækka greiðslubyrði veðlána sinna. Eftir samráð við stærstu vörsluaðila séreignarsparnaðar hér á landi var horfið frá þeirri leið að svo stöddu þar sem talið var að slík opnun gæti skapað raunverulega hættu á greiðsluvandræðum fyrir sjóðina. Flestir vörsluaðilar séreignarsparnaðar ávaxta lífeyrissparnað viðskiptavina sinna í safni verðbréfa, en slíkt safn er ekki alltaf mögulegt að innleysa að fullu á skömmum tíma án tjóns fyrir þá sem sparnaðinn eiga enda er lífeyrissparnaður að meginstefnu til langtímafjárfesting. Því til viðbótar kemur að nú er viðbúið að vörsluaðilar eigi í söfnum sínum verðbréf sem hafa mun lægra markaðsvirði nú en ef þau yrðu innleyst síðar vegna þess sérstaka efnahagsástands sem nú ríkir. Of mikil opnun á útgreiðslu séreignarsparnaðar nú gæti því leitt til mikils ójafnræðis milli rétthafa. Þannig yrðu auðseljanlegustu eignirnar, t.d. ríkisskuldabréf, seldar fyrst, en lakari eignir sætu eftir með tilheyrandi skaða fyrir þá rétthafa sem ekki kjósa að nýta sér hina tímabundnu heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar. Var því ákveðið, eins og að framan greinir, að stíga ekki stærra skref að sinni.

Þjóðhagsleg áhrif.

Erfitt er að meta af einhverri nákvæmni hversu margir muni nýta sér framangreinda heimild til útgreiðslu á séreignarsparnaði verði frumvarpið að lögum. Rétthafar séreignarsparnaðarins eru nálægt 120 þúsund, sem þýðir að meðaleign hvers rétthafa í frjálsri séreign sé kringum 2 millj. kr., en sem fyrr segir er talið að heildarsparnaður í þessu formi sé kringum 200 milljarðar kr. Samkvæmt lauslegu mati stærstu vörsluaðila er talið að allt að 40% af hinni frjálsu séreign, þ.e. 80–90 milljarðar kr., falli undir skilyrði frumvarpsins nýti rétthafar sér útgreiðsluheimildina til fulls. Hér er gengið út frá þeirri forsendu að heimilin innleysi um helming af þeirri fjárhæð, eða 40–50 milljarða kr. Miðað er við að andvirðinu verði ráðstafað annars vegar til skuldalækkunar og hins vegar til aukinnar eftirspurnar í hagkerfinu. Óvissuþættirnir í forsendum eru margir og geta skipt miklu máli fyrir niðurstöðuna sem úr athuguninni kemur. Þannig getur eignasamsetning þeirra fjármuna sem innleystir verða haft áhrif á verð og ávöxtunarkröfur þeirra sjálfra sem og annarra fjármálagerninga. Þá hefur það mikil áhrif hver skiptingin verður á milli þess sem fer í niðurgreiðslu skulda annars vegar og þess sem fer í aðra ráðstöfun hins vegar.

Sem fyrr segir eru óvissuþættirnir í þessum útreikningum margir, enda algjör óvissa um hversu háar fjárhæðir verði leystar út af séreignarsparnaðinum. Aðrir óvissuþættir eru m.a. eftirfarandi:

– Áhrif á lausafjárstöðu banka og fjármálafyrirtækja. Mikið útstreymi innstæðna gæti valdið einstaka fjármálafyrirtækjum lausafjárvandræðum.
– Áhrif á verðmæti eignasafna, þar á meðal á almenna lífeyrissjóði, og þar með á réttindi allra lífeyrisþega. Ef séreignarsjóðir þurfa að selja mikið af skuldabréfum til að mæta útgreiðslum getur myndast mikill söluþrýstingur á skuldabréfamarkaði. Í ljósi mikillar lánsfjárþarfar hins opinbera má reikna með því að kauphlið markaðarins sé ekki mjög sterk sem ýtir undir verðlækkun skuldabréfa og hækkar ávöxtunarkröfu á markaði. Slík þróun gæti skert réttindi allra lífeyrisþega til skemmri tíma.
– Hætta á því að úttektir verði mun meiri en lagt er fram í forsendum vegna væntinga um breytingar í skattkerfi og frekari virðisrýrnun eigna. Þó gæti skammtímalækkun eignaverðs verið hvati til að fresta innlausn réttinda þeirra sem ekki eru í greiðsluerfiðleikum.

Að öllu samanlögðu er reiknað með að innlausn hluta séreignasparnaðar hafi jákvæð áhrif á hagvöxt til skamms tíma og ætti því að draga í einhverjum mæli úr fyrirsjáanlegum sam-

drætti í ár og á næsta ári. Miðað við þær erfiðu aðstæður sem nú ríkja má réttlæta aðgerðina frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Frá sjónarhóli þeirra sem eiga við fjárhagslega erfiðleika að etja um þessar mundir, þegar aðstæður eru almennt erfiðar í efnahagslífinu, eru kostir slíkra aðgerða líklega mun fleiri en gallar. Þó ber að geta þess að notkun þessara fjármuna árið 2009 þýðir að þeir verða ekki tiltækir síðar, eins og reiknað hafði verið með, sem dregur úr lífsgæðum þeirra sem annars hefðu haft þá fjármuni til ráðstöfunar á eftirlaunaaldri. Jafnframt er mikilvægt að hafa í huga, eins og áður hefur verið bent á, að aðgerð sem þessi getur haft neikvæð áhrif á eignaverð og ávöxtunarkröfu sem þýðir að sparnaðurinn getur verið innleystur með afföllum sem skerðir ekki bara eign viðkomandi fjölskyldna heldur annarra hópa á borð við almenna lífeyrisþega.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a-lið.

Í 5. mgr. 36. gr. laganna er kveðið á um að lífeyrissjóði eða einstakri deild hans sé eigi heimilt að hafa meira en 25% af hreinni eign sinni í verðbréfasjóðum innan sama rekstrarfélags. Eftir að ákvæði þetta var sett hefur komið fram að ýmsir lífeyrissjóðir hafa viljað túlka ákvæðið á þann hátt að takmörkunin gilti aðeins um verðbréfasjóði innan sama rekstrarfélags, en ekki fjárfestingarsjóði, en fjárfestingarsjóðir eru að jafnaði með rýmri fjárfestingarheimildir og þar með áhættumeiri. Til að taka af tvímæli er því lagt til að ákvæðið sé orðað þannig að takmörkunin á fjárfestingum lífeyrissjóða innan sama rekstrarfélags eigi bæði við um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Um b-lið.

Í frumvarpi því er varð að lögum nr. 171/2008 var gert ráð fyrir því að 10. mgr. 36. gr. laganna væri sett til skýringar á því að fjárfestingarheimildir fyrir allan séreignarlífeyrissparnað, hvort sem hann væri í vörslu lífeyrissjóða eða vörsluaðila lífeyrissparnaðar skv. 8. gr. laganna, félli undir 36. gr. a. Við lokafrágang frumvarps er varð að lögum nr. 171/2008 var ákveðið að 36. gr. a tæki ekki gildi fyrr en réttu ári eftir gildistöku laganna, eða 1. janúar 2010. Þar með mun 10. mgr. 36. gr. standa án samhengis við upphaflegt markmið sitt í heilt ár. Ýmsir lífeyrissjóðir hafa reynt að túlka þetta svo að þar með muni engar reglur gilda um fjárfestingarstefnu séreignarsparnaðar á vegum lífeyrissjóðanna í heilt ár eða fram til þess tíma er 36. gr. a tekur gildi 1. janúar 2010. Til að koma í veg fyrir misskilning er með greininni tekið fram að gildistími þessara tveggja ákvæða laganna fari saman.

Um 2. gr.

Vísað er til athugasemda við a-lið 1. gr.

Um 3. gr.

Um a-lið.

Með greininni er lagt til að bætt verði við lög nr. 129/1997 ákvæði til bráðabirgða sem heimilar útgreiðslu séreignarsparnaðar að ákveðnu marki á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010.

Lagt er til að allir sem eiga séreignarsparnað geti fengið greitt út allt að 1 millj. kr., óháð því hvort samanlagður séreignarsparnaður sé í vörslu hjá fleiri en einum vörsluaðila. Gert er ráð fyrir að sú fjárhæð sem heimilt verði að greiða út verði miðuð við stöðu á samanlögðum séreignarsparnaði rétthafa við gildistöku laganna. Áréttað er í frumvarpinu að líta beri

á hina tímabundnu útgreiðslu séreignarsparnaðar sem skattskyldar tekjur í hendi rétthafa og að honum beri að greiða staðgreiðslu í samræmi við lög um staðgreiðslu opinberra gjalda. Vörsluaðili mun annast skil á staðgreiðslunni, en sú fjárhæð sem eftir stendur þegar staðgreiðslan hefur verið dregin frá dreifist á allt að níu mánuði.

Óski rétthafi eftir útgreiðslu séreignarsparnaðar er gert ráð fyrir að hann leggi fram umsókn þess efnis hjá þeim vörsluaðila sem heldur utan um séreignarsparnað hans. Rétthafi þarf að gera grein fyrir því hvort hann eigi séreignarsparnað hjá fleiri en einum vörsluaðila og er sá áskilnaður hugsaður til þess að auðvelda eftirlit með því að rétthafar fái ekki greiddar út of háar greiðslur.

Eftir að útgreiðsla séreignarsparnaðar er hafin getur rétthafi afturkallað beiðni um útgreiðslu. Rétthafi kemur slíkri beiðni á framfæri við vörsluaðila og skal vörsluaðili í framhaldi af slíkri beiðni hætta þeim útgreiðslum sem eftir eru til rétthafa. Beiðni um afturköllun hefur ekki afturvirk áhrif á þær útgreiðslur sem átt hafa sér stað fyrir beiðni um afturköllun.

Í 5. mgr. ákvæðisins er lagt til að sett verði ákvæði um að skuldheimtumönnum sé óheimilt að krefjast þess að skuldarar taki út séreignarsparnað sinn samkvæmt ákvæðinu. Vísað er til 2. mgr. 8. gr. laganna í því sambandi, en þar er kveðið á um í 2. málsl. að séreignarsparnaður sé ekki aðfararhæfur. Markmiðið með þessu ákvæði í 5. mgr. er þannig að vernda þennan rétt sem menn hafa gegn aðför í lögunum.

Að lokum er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra geti með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd og fyrirkomulag þessarar tímabundnu heimildar til útgreiðslu séreignarsparnaðar.

Um b-lið.

Með ákvæðinu er lagt til að vörsluaðilum séreignarsparnaðar verði heimilt að fresta útgreiðslum séreignarsparnaðar sem frumvarp þetta fjallar um að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ákvæði þetta á sér fyrirmynd í 27. gr. laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Skilyrði fyrir frestuninni er að hún sé almenn og einungis beitt ef sérstakar ástæður mæla með því og hagsmunir eigenda séreignarsparnaðar krefjast þess. Jafnframt er gert að skilyrði að frestun á útgreiðslum skuli þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og að hún sé háð samþykki þess með vísan til 44. gr. laganna. Þá skal frestun auglýst opinberlega. Ljóst er að þetta er undantekningarákvæði sem ber að túlka þröngt og á einungis við þegar brýnir hagsmunir liggja við. Reynt gæti á þetta ákvæði ef vörsluaðili stendur frammi fyrir svo miklum kröfum um útgreiðslur að ekki sé unnt að mæta þeim nema með sölu eigna sem tekið getur einhvern tíma. Líta ber á þessa heimild til frestunar á útgreiðslum sem tímabundna.

Þá er einnig gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti krafist þess að útgreiðslum séreignarsparnaðar samkvæmt frumvarpinu verði frestað krefjist hagsmunir rétthafa sparnaðarins eða almennings þess.

Um 4. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að bætt verði við lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið felur það í sér að vörsluaðilum séreignarsparnaðar er veittur tveggja mánaða aukagjaldfrestur á þeirri staðgreiðslu sem þeim ber að gera skil á vegna útgreiðslna á grundvelli þeirrar tímabundnu heimildar til útgreiðslu séreignarsparnaðar sem kveðið er á um í 3. gr. frumvarpsins. Er þetta gert til að veita vörsluaðilum meira svigrúm til gera þær ráðstafanir sem þeir þurfa til að bregðast við þeim auknu útgreiðslum á séreignarsparnaði sem frumvarpið hefur í för með sér verði það að lögum.

Um 5. gr.

Um a-lið.

Með ákvæðinu er lagt til að mönnum verði heimilað að draga allt að 6% viðbótariðgjald frá tekjuskattsstofni í stað 4% á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010. Er þetta hugsað til þess að hvetja til aukins séreignarsparnaðar sem þannig gæti að einhverju marki vegið upp á móti því útflæði sem verður úr séreignarsjóðum verði frumvarp þetta að lögum.

Um b-lið.

Með ákvæðinu er lagt til að útgreiðslur séreignarsparnaðar samkvæmt frumvarpi þessu komi ekki til skerðingar á barnabótum eða vaxtabótum. Eins og segir í almennum athugasemdum þá er þessi tímabundna heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar fyrst og fremst hugsuð til að koma til móts við þá sem eiga í tímabundnum fjárhagserfiðleikum. Í ljósi þess er lagt til að þessar greiðslur komi ekki til skerðingar á barnabótum og vaxtabótum því annars er hætt við að sá ávinningur sem fólk hefur af útgreiðslu séreignarsparnaðarins verði talsvert minni en til stóð.

Um 6. gr.

Samkvæmt 36. gr. laga nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, skerða tekjur yfir 52.000 kr. á mánuði rétt manna til atvinnuleysisbóta. Eins og fram kemur í frumvarpi þessu er litið á útgreiðslu séreignarsparnaðar sem almennar tekjur í hendi viðkomandi rétthafa. Að óbreyttu skerða þær tekjur því rétt viðkomandi til atvinnuleysisbóta ef þær eru yfir 52.000 kr. á mánuði. Til að gæta samræmis í aðgerðum ríkisstjórnarinnar er með ákvæðinu lagt til að útgreiðslur séreignarsparnaðar sem framkvæmdar eru á grundvelli hins nýja bráðabirgðaákvæðis VIII við lög nr. 129/1997 skerði ekki rétt viðkomandi rétthafa til greiðslu atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum nr. 54/2006. Í því felst að útgreiðsla séreignar kemur hvorki til frádráttar skv. 36. gr. laga nr. 54/2006 né hefur hún áhrif á frítekjumark það sem tilgreint er í 2. mgr. 36. gr. laga nr. 54/2006.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að inn í lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða verði bætt ákvæði sem heimilar útgreiðslu séreignarsparnaðar. Ákvæði þetta er til bráðabirgða og gildir fyrir tímabilið 1. mars 2009 til 1. október 2010 og verði heimiluð fyrirframgreiðsla að hámarki 1 milljón króna, fyrir skatt, sem greidd verði út á níu

mánuðum. Vörsluaðili séreignarsparnaðar annast umsjón þessara útgreiðslna að fenginni umsókn frá rétthafa, auk staðgreiðslu af fjárhæðinni sem skal greiðast tveimur mánuðum síðar en lög um staðgreiðslu opinberra gjalda kveða á um. Í frumvarpinu er þó heimild til frestunar á slíkum útgreiðslum ef hagsmunir rétthafa séreignarsparnaðar krefjast þess. Frumvarpið gerir auk þess ráð fyrir tímabundinni heimild frá 1. mars 2009 til 1. október 2010 sem felur í sér að einstaklingar geti lagt 6% að hámarki í séreignarsparnað sem nýtur skattfrestunar í stað 4%.

Vegna þeirra efnahagsþrenginga sem einstaklingar ganga nú í gegnum má gera ráð fyrir að einhver hluti rétthafa í séreignarlífeyrissjóðum sjái hag sinn í því að leysa út einhvern hluta af inneign sinni. Þess ber þó að geta að þeir sem eldri eru eiga hugsanlega auðveldara með að sleppa slíkri innlausn en þeir sem yngri eru. Á móti kemur að þeir sem yngri eru eiga væntanlega lægri fjárhæðir í séreignarsparnaði. Þannig er mjög erfitt að meta hvert útstreymið verður en áætlað er að um 200 milljarðar króna séu í frjálsum séreignarsparnaði í dag og að um 40% af því sé í fjárhæðum að 1 m.kr. eða um 90 milljarðar króna samtals. Þeim mun meira sem tekið er út af sparnaðinum þeim mun meira rýrist sá lífeyrir sem verður til ráðstöfunar fyrir einstaklinga þegar starfsævinni lýkur. Iðgjöld í séreignarsjóði fela í sér skattfrestun þar til að útgreiðslu séreignarsparnaðarins kemur. Þegar sparnaðurinn er tekinn út er því greidd staðgreiðsla eins og af venjulegum launatekjum. Hugsanleg áhrif frumvarpsins á tekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga má sjá í meðfylgjandi töflu eftir því hversu mikil útgreiðsla úr sjóðunum verður í milljörðum króna, en benda má á að 10 þúsund einstaklingar þurfa að taka út 1 m.kr. hver til að heildarútgreiðslan verði 10 milljarðar.

	10	**20**	**40**	**60**	**80**	**90**
Ríki	2,4	4,8	9,6	14,5	19,3	21,7
Sveitarfélög	1,3	2,6	5,2	7,9	10,5	11,8

Með sérstöku ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu er komið í veg fyrir að útgreiðsla á séreignarsparnaði skerði atvinnuleysisbætur viðkomandi einstaklings. Hins vegar gæti komið til skerðingar á öðrum bótum sem eru tekjutengdar, t.d. barnabótum og vaxtabótum. Atvinnuleysi hefur farið verulega vaxandi undanfarin missiri, en ekki er raunhæft að reyna að leggja mat á það hvað útgreiðsla á séreignarsparnaði hefði haft á greiðslur atvinnuleysisbóta án þessa ákvæðis.

Varðandi ákvæðið um hækkun hámarks til séreignarsparnaðar skal tekið fram að um helmingur launþega nýtir sér reglur um séreignarsparnað og á árinu 2007 nam skattfrestun vegna þess um 4,8 milljörðum króna. Af þessum launþegum er um helmingur sem nýtir sér hámarkið, 4%. Auki allir þeir launþegar sparnað sinn í 6% mundi viðbótarskattfrestunin verða í allra mesta lagi um 1,2 milljarður króna á ári. Við núverandi efnahagsástand og vaxandi atvinnuleysi er mikil óvissa um hve margir mundu nýta sér slíka heimild og verður að teljast afar ólíklegt að það verði í þeim mæli að það hafi veruleg áhrif á frestun skattlagningar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir því að þeim mun meira sem greitt er út af séreignarsparnaði nú þeim mun meira verði álagið á almannatryggingakerfið til lengri tíma litið. Hins vegar er ekki er gert ráð fyrir því að lögfesting frumvarpsins hafi útgjöld í för með sér til skemmri tíma litið.

554. Frumvarp til laga [322. mál]

um breytingu á lögum um aðför, nr. 90/1989, lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI
Breyting á lögum um aðför, nr. 90/1989, með síðari breytingum.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. og 1. málsl. 8. gr. skal þargreindur aðfararfrestur frá gildistöku laga þessara til 1. janúar 2010 vera fjörutíu dagar í stað fimmtán daga.

II. KAFLI
Breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum.

2. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 21. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Skal sýslumaður meðal annars leiðbeina gerðarþola sérstaklega um þann kost að ráðstafa megi eign með nauðungarsölu á almennum markaði.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Frá gildistöku laga þessara ber sýslumanni að verða við ósk gerðarþola um að fresta fram yfir 31. ágúst 2009 töku ákvörðunar um byrjun uppboðs eða ráðstöfun eignar á almennum markaði ef leitað er nauðungarsölu á grundvelli 6. gr. á fasteign þar sem gerðarþoli heldur heimili og hefur skráð lögheimili, enda sé um að ræða húsnæði sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda. Hafi þegar verið ákveðin ráðstöfun slíkrar fasteignar til fullnustu kröfu skv. 6. gr. við byrjun uppboðs eða framhald þess eða á almennum markaði en uppboði hefur ekki verið lokið eða boð á almennum markaði samþykkt í eign skal sýslumaður verða við ósk gerðarþola um að fresta þeim aðgerðum fram yfir 31. ágúst 2009.

Verði nauðungarsölu frestað samkvæmt því sem segir í 1. mgr. skulu kröfur, sem trygging er fyrir í viðkomandi eign og tilheyra ríkinu eða stofnun eða fjármálafyrirtæki í eigu þess, aðeins bera þá vexti fram til 1. september 2009 sem þær hefðu ella borið ef ekki hefði komið til vanskila á þeim.

Tímabil sem nauðungarsölu er frestað skv. 1. mgr. skal undanskilið þeim fresti sem um ræðir í 2. mgr. 27. gr.

III. KAFLI
Breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum.

4. gr.

3. mgr. 70. gr. laganna orðast svo:

Ef skuldarinn sækir þing skal héraðsdómari leiðbeina honum um þau úrræði sem kveðið er á um í 3. þætti. Ef skuldari og lánardrottinn sem krefst skipta á búi hans æskja þess má dómari verða við sameiginlegri beiðni þeirra um að fresta meðferð kröfunnar. Slíka fresti má

ekki veita til lengri tíma en samtals eins mánaðar nema skuldari sé einstaklingur sem ekki stundar atvinnurekstur, en fresturinn má þá lengstur verða samtals þrír mánuðir.

5. gr.

Við 2. mgr. 165. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Sá fyrningarfrestur er tvö ár, en sé fyrningu slitið innan hans fer um fyrningarfrest upp frá því eftir almennum reglum.

6. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 87. gr. getur skiptastjóri með samþykki veðhafa heimilað skuldara að búa áfram í húsnæði í eigu búsins í allt að tólf mánuði. Fyrir þau afnot skal hann greiða leigu sem nemur a.m.k. þeim kostnaði sem er af eigninni, en það sem umfram er gengur til greiðslu krafna sem tryggðar eru með veði í eigninni. Heimild þessi fellur niður 1. mars 2010, en ákvörðun sem skiptastjóri hefur tekið fyrir þann dag stendur til loka þess tíma sem ákveðinn var.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Haft var samráð við fulltrúa réttarfarsnefndar við útfærslu ákvæða þess. Á verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar koma fram þær áætlanir að lagt verði fram frumvarp til laga um breytingar á lögum sem bæta eiga stöðu skuldara við gjaldþrotaskipti og fresta nauðungarsölu um sex mánuði svo að skuldarar fái tækifæri til að endurskipuleggja fjármál sín. Á grundvelli verkefnaskrárinnar eru í frumvarpi þessu lagðar til breytingar á lögum um aðför, nauðungarsölu og gjaldþrotaskipti o.fl. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á lögum um aðför, sbr. 1. gr. frumvarpsins, þar sem gert er ráð fyrir tímabundinni lengingu aðfararfrests úr 15 dögum í 40. Er með þessum hætti leitast við að auka svigrúm skuldara sem lenda í greiðsluerfiðleikum til að leita úrræða og endurskipuleggja fjármál sín og hugsanlega komast þannig hjá því að aðför og fjárnám sé gert í eignum þeirra, og hugsanlegri nauðungarsölu og gjaldþrotaskiptameðferð í kjölfarið. Lagt er til að lenging aðfararfrests verði tímabundin og endurspeglar það þær óvenjulegu aðstæður sem nú eru í efnahagslífi þjóðarinnar og þá auknu hættu á greiðsluerfiðleikum sem fjölskyldur, einstaklingar og fyrirtæki standa frammi fyrir.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á lögum um nauðungarsölu, sbr. 2. og 3. gr. frumvarpsins. Annars vegar verði áréttað að sýslumaður leiðbeini gerðarþola sérstaklega um að hann geti að ákveðnum skilyrðum uppfylltum óskað eftir því að eign sé seld nauðungarsölu á almennum markaði. Er þetta gert til að tryggja að ávallt verði leitað leiða til að fá sem hæst verð fyrir eignina. Hins vegar er lagt til að unnt verði að fresta fram yfir 31. ágúst 2009 nauðungarsölu á fasteign, eða ráðstöfun hennar á frjálsum markaði, ef gerðarþoli óskar eftir því. Enn er hér um að ræða tímabundna heimild vegna þess efnahagsástands sem nú ríkir. Er skuldara með þessu veittur aukinn tími til að koma nýrri skipan á fjármál sín.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir breytingum á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. sem bæta eiga réttarstöðu skuldara, sbr. 4.–6. gr. frumvarpsins. Dómari skal leiðbeina skuldara um þau úrræði sem felast í greiðsluaðlögun og nauðasamningum, sbr. 4. gr. Er með því leitast við að

tryggja að þeir skuldarar, sem hugsanlega geti nýtt sér þessi úrræði, fari ekki á mis við þau. Þá er lögð til stytting á fyrningarfresti krafna, hann verði tvö ár án tillits til þess um hvers konar kröfu er að ræða, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Sé fyrningu hins vegar slitið innan þessa nýja fyrningarfrests fær krafan á ný þann fyrningartíma sem upphaflega fylgdi henni. Loks er lagt til að skiptastjóri þrotabús geti, ef veðhafar búsins samþykkja, heimilað skuldara að búa áfram í íbúðarhúsnæði í eigu búsins í allt að 12 mánuði, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að aðfararfrestir til fullnustu krafna sem getið er um í 5.–10. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna verði lengdir tímabundið fram til 1. janúar 2010, úr fimmtán dögum í fjörutíu daga. Er hér um að ræða kröfur samkvæmt eftirfarandi aðfararheimildum:

1. úrskurðum yfirvalda sem eru aðfararhæfir samkvæmt fyrirmælum laga,
2. ákvörðunum yfirvalda um fésektir, dagsektir og févíti sem eru aðfararhæfar samkvæmt fyrirmælum laga,
3. skuldabréfum fyrir ákveðinni peningaupphæð, hvort sem veðréttindi hafa verið veitt fyrir skuldinni eða ekki, þar sem undirskrift skuldara er vottuð af lögbókanda, hæstaréttar- eða héraðsdómslögmanni, löggiltum fasteignasala eða tveimur vitundarvottum, ef berum orðum er tekið fram í ákvæðum skuldabréfsins að aðför megi gera til fullnustu skuldinni án undangengins dóms eða réttarsáttar,
4. víxlum og tékkum, að því leyti sem krafist er fullnægju greiðsluskyldu á grundvelli gildandi réttar samkvæmt slíkum skjölum,
5. kröfum um skatta og önnur samsvarandi gjöld sem innheimt eru samkvæmt lögum af innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarfélögum eða sameiginlegum gjaldheimtum ríkis og sveitarfélaga,
6. kröfum, áður ótöldum, sem njóta lögtaksréttar samkvæmt fyrirmælum laga.

Er með ákvæðinu leitast við að veita skuldari rýmri tíma til að bregðast við innheimtuaðgerðum og leita leiða við að endurskipuleggja fjármál sín.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að sýslumaður skuli við fyrirtöku á beiðni um nauðungarsölu leiðbeina gerðarþola um að hann geti að ákveðnum skilyrðum uppfylltum óskað eftir því að eign sé seld nauðungarsölu á almennum markaði. Skv. 2. mgr. 21. gr. laganna skal sýslumaður veita gerðarþola nauðsynlegar leiðbeiningar um réttarstöðu hans á sama hátt og dómara í einkamáli ber að leiðbeina ólöglærðum málsaðila, þar á meðal um nauðungarsölu á almennum markaði. Í ákvæði þessu er kveðið á um að sýslumaður leiðbeini gerðarþola sérstaklega um þann möguleika að nauðungarsala fari fram á almennum markaði. Er það gert til að tryggja að ávallt verði leitað leiða til að fá sem hæst verð fyrir eignina.

Um 3. gr.

Í ákvæði þessu er lagt til að óski skuldari eftir að ákvörðun um byrjun uppboðs eða ráðstöfun eignar á almennum markaði verði frestað fram yfir 31. ágúst 2009 þá ber sýslumanni að verða við þeirri beiðni án þess að leita eftir afstöðu gerðarbeiðanda til beiðninnar. Skilyrði fyrir frestinum er að um sé að ræða húsnæði sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda, gerðarþoli eigi þar lögheimili og haldi þar heimili. Í þeim tilvikum þegar ákveðið hefur verið hvenær byrjun uppboðs eða framhald þess eða sala á al-

mennum markaði skuli fara fram en uppboð hefur ekki farið fram eða boð á almennum markaði samþykkt skal sýslumaður á sama hátt verða við ósk gerðarþola um frest. Á þessu tímabili skulu kröfur í eigu ríkisins, ríkisstofnunar eða fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins ekki bera dráttarvexti heldur þá vexti sem krafan hefði borið hefði ekki komið til vanskila á henni. Sú regla á ekki við um kröfur í eigu annarra.

Ákvæði þetta er tímabundið vegna þess efnahagsástands sem nú ríkir. Er með því verið að veita skuldurum aukinn tíma til að koma nýrri skipan á fjármál sín.

Um 4. gr.

Lagt er til að þegar skuldari mætir í þinghald þar sem tekin er fyrir beiðni um gjaldþrotaskipti á búi hans skuli dómari leiðbeina honum um þau úrræði sem getið er um í 3. þætti laganna þar sem fjallað eru um nauðasamninga og greiðsluaðlögun. Er með því leitast við að tryggja að skuldarar sem hugsanlega gætu nýtt sér þessi úrræði fari ekki á mis við þau. Þá er jafnframt lengdur sá frestur sem veita má við meðferð kröfu um gjaldþrotaskipti í þeim tilvikum þegar skuldari er einstaklingur sem ekki stundar atvinnurekstur. Getur fresturinn þá að hámarki verið þrír mánuðir samtals.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að nýr fyrningarfrestur kröfu sem lýst er í þrotabú verði tvö ár. Telst sá frestur annars vegar frá skiptalokum ef um viðurkennda kröfu er að ræða og hins vegar frá þeim tíma er kröfu var lýst í búið eins og fram kemur í 2. mgr. 165. gr. laganna. Á þessi fyrningarfrestur við um allar lýstar kröfur óháð því hver upphaflegur fyrningarfrestur kröfunnar var. Hér er því um styttingu á fyrningarfresti að ræða frá því sem verið hefur á kröfum sem lýst hefur verið í þrotabú en fyrningartími hefur verið mislangur eftir því um hvers konar kröfu er að ræða, 4, 10 eða 20 ár, sbr. lög um fyrningu kröfuréttinda, nr. 150/2007. Sé fyrningu hins vegar slitið innan þessa nýja fyrningarfrests fær krafan á ný þann fyrningartíma sem upphaflega fylgdi henni.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um að skiptastjóri þrotabús geti ef veðhafar í eign búsins samþykkja heimilað skuldara að búa áfram í íbúðarhúsnæði í eigu búsins í allt að tólf mánuði. Fyrir þau afnot skal hann greiða leigu sem nemur a.m.k. þeim kostnaði sem er af eigninni, en það sem umfram er gengur til greiðslu krafna sem tryggðar eru með veði í eigninni. Um tímabundna heimild er að ræða vegna þess ástands sem nú ríkir í efnahagsmálum þjóðarinnar. Með ákvæðinu er reynt að koma til móts við ósk þrotamanns sem vill búa áfram í því húsnæði sem verið hefur heimili hans þar til hann hefur fundið lausn á húsnæðismálum sínum.

Um 7. gr.

Ákvæðið fjallar um gildistöku laganna og þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um aðför, nr. 90/1989, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á þrennum lögum sem ætlað er að bæta stöðu skuldara við gjaldþrotaskipti og frestun á nauðungarsölu svo skuldari fái tækifæri til að endurskipuleggja fjármál sín. Í fyrsta lagi er lagt til að lögum um aðför verði breytt tímabundið til 1. janúar 2010 þannig að í stað 15 daga aðfararfrests komi 40 dagar. Í öðru lagi er lagt til að lögum um nauðungarsölu verði breytt þannig að sýslumanni beri að verða við ósk gerðarþola um að fresta fram yfir 31. ágúst 2009 töku ákvörðunar um byrjun uppboðs eða ráðstöfun eignar á almennum markaði ef um ræðir fasteign þar sem gerðarþoli heldur heimili og hefur skráð lögheimili. Hafi þegar verið ákveðin ráðstöfun slíkrar fasteignar skal sýslumaður verða við ósk gerðarþola um að fresta þeim aðgerðum fram yfir 31. ágúst 2009. Í þriðja lagi er lagt til að lögum um gjaldþrotaskipti verði breytt þannig að gerðarþoli sem sætir beiðni um gjaldþrotaskipti á búi sínu skuli njóta leiðbeininga héraðsdómara um þau úrræði sem honum standi til boða, þ.e. um nauðasamninga og nauðasamninga til greiðsluaðlögunar. Þá er lagt til að frestur sem dómari má veita við meðferð kröfu um gjaldþrotaskipti verði lengdur og geti að hámarki orðið þrír mánuðir. Jafnframt er lagt til að þegar kröfu er lýst í þrotabú hefjist nýr fyrningarfrestur sem er tvö ár. Hér er um styttingu á fyrningarfresti að ræða frá því sem verið hefur, en hann hefur verið mislangur.

Í frumvarpinu er kveðið á um að ef nauðungarsölu er frestað skulu kröfur, sem trygging er fyrir í viðkomandi eign og tilheyra ríkinu eða stofnun eða fjármálafyrirtæki í eigu þess, ekki bera dráttarvexti til 1. september 2009. Ekki verður með neinni nákvæmni lagt mat á hvaða áhrif þetta ákvæði hefur á innheimtukostnað. Á það skal þó bent að skattakröfur bera ekki aðra vexti en dráttarvexti og með frumvarpinu er verið að gefa þá eftir að hluta til ákveðins hóps en ekki annarra. Vakin er athygli á því að þetta ákvæði frumvarpsins getur falið í sér flókna framkvæmd og það virðist mismuna skuldurum eftir því hversu langt mál þeirra eru komin í innheimtu.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er hins vegar ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

555. Fyrirspurn [323. mál]

til dómsmálaráðherra um „Eystrasaltsrússa“ á Íslandi.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hver er réttarstaða „Eystrasaltsrússa“ á Íslandi, þ.e. þeirra íbúa Eystrasaltsríkjanna, einkum Eistlands og Lettlands, sem eru af slavnesku bergi brotnir og hafa ekki ríkisborgararétt í heimalandi sínu?
2. Hversu oft hafa málefni manna úr þessum hópi komið til kasta Útlendingastofnunar frá því að Eystrasaltsríkin urðu hluti af EES-svæðinu? Hver hafa verið tildrög þeirra mála og úrslit?
3. Hver er réttarstaða þessa fólks í ríkjum Evrópusambandsins?

Skriflegt svar óskast.

556. Svar [204. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Ármanns Kr. Ólafssonar um umhverfismat.

Ráðuneytið leitaði til Umhverfisstofnunar og Skipulagsstofnunar vegna vinnslu svara og upplýsinga varðandi efnisþætti þessarar fyrirspurnar. Ekki náðist að afla upplýsinga um öll þau lönd eða atriði er fyrirspurnin snertir.

1. Hverju munar á framkvæmd umhverfismats annars staðar á Norðurlöndunum og í Þýskalandi annars vegar og hins vegar hér á landi, hvað varðar:
   a. lengd á heildartímaramma matsins,
   b. reglur um tímamörk einstakra þátta matsins meðan á matsferlinu stendur og
   c. viðurlög, ef tímamörk standast ekki af hálfu annars hvors eða beggja aðila?

1a. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum hefur heildartími varðandi Danmörku almennt verið 9–12 mánuðir en í einstaka tilvikum 3–4 ár. Í Finnlandi hefur meðaltíminn verið 13,3 mánuðir fyrir árið 2007 en á árunum 1995–2007 hefur tíminn verið frá 7–18,2 mánuðir. Í 18 málum þar sem farið hefur verið með framkvæmd í mat á umhverfisáhrifum á Íslandi hefur meðaltal heildartíma verið 17,2 mánuðir, eða á bilinu 8,4 mánuðir til 32 mánuðir. Ekki bárust upplýsingar frá Noregi og Svíþjóð varðandi þetta og því ekki hægt að svara þessum lið hvað þau lönd áhrærir. Þá bárust mjög takmarkaðar upplýsingar frá Þýskalandi og ítrekað í því sambandi að samanburður hafi reynst örðugur vegna ólíkra reglna viðvíkjandi matsferlum.


1b. Upplýsingar varðandi þennan fyrirspurnarlið birtast í meðfylgjandi töflu:


	Danmörk	**Finnland**	**Ísland**	**Noregur**	**Svíþjóð – mat Engin formleg ákvæði í reglum**
Unnið að formlegum athugasemdum við tillögu að matsáætlun af yfirvöldum	Ekki tilgreint	Innan tveggja mánaða frá því að kynningartíma lýkur	Skipulagsstofnun tekur ákvörðun innan 4 vikna frá upphafi máls	Innan 10 vikna	Að minnsta kosti 1 mánuður
Umsagnir frá leyfisveitendum og athugasemdir frá almenningi við tillögu að matsáætlun	14 dagar, í einstaka tilvikum 4–8 vikur	Opinber athugun með aðild almennings og álit annarra yfirvalda, 30–60 dagar	Umsagnaraðilar og almenningur, 10 virkir dagar	Athugasemdir frá almenningi, a.m.k. 6 vikur	Að lágmarki 3 vikur
Kynningartími fyrir almenning	8 vikur	Opinber athugun með aðild almennings og álit annarra yfirvalda, 30–60 dagar	6 vikur	Að lágmarki 8 vikur	Að lágmarki 3 vikur
Tími sem ætlaður er fyrir yfirvöld til að vinna að niðurstöðu (álit/ákvörðun)	8 vikur, í einstaka tilvikum 16 vikur	Tveir mánuðir	4 vikur	Í síðasta lagi 6 vikum eftir að kynningartíma lýkur	Yfirleitt um 8 vikur, en getur tekið mun lengri tíma
Tímafrestur til að kæra/áfrýja	4 vikur	Ekki tilgreint	4 vikur	Ekki tilgreint	3 vikur

1c. Í Danmörku og Finnlandi virðast ekki vera sérstök viðurlög fyrir hendi þótt tímamörk standist ekki. Frá Noregi, Svíþjóð og Þýskalandi bárust ekki svör um þetta. Í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, er ekki að finna sérstök viðurlagaákvæði í þessu sambandi. Í Þýskalandi er ekki tekið mið af athugasemdum almennings ef þær berast eftir tímamörk, a.m.k. ekki fyrir dómstólum. Það sama gildir ef athugasemdir umsagnaraðila berast of seint.


2. *Hvernig hafa tímamörk opinberra aðila við mat á umhverfisáhrifum staðist frá árinu 2003? Óskað er eftir sundurliðaðri töflu sem sýnir upphaf tímafrests í einstökum tilvikum, hversu langur hann var, eða er, ef ferlið er enni í gangi, og hvenær endanleg niðurstaða lá fyrir, eða mun liggja fyrir, ef matinu er ekki lokið þegar unnið er að svari við fyrirspurn þessari.*


Í skýringarmyndum 1–4 í greinargerð Skipulagsstofnunar eru svör í sambandi við þennan þátt fyrirspurnarinnar. Mynd 1 sýnir afgreiðslutíma tilkynningarskyldra mála á árunum 2000–2007. Mynd 2 sýnir afgreiðslutíma tillagna að matsáætlunum á sama tímabili. Mynd 3 sýnir þann tíma sem það hefur tekið Skipulagsstofnun að vinna að áliti, sbr. 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Mynd 4 sýnir heildartímann frá því að tillaga að matsáætlun, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000, er send til Skipulagsstofnunar og þar til álit stofnunarinnar er gefið út, sbr. 11. gr. laganna.






Mynd 1
Afgreiðslutími tilkynningarskyldra mála á árunum 2000–2007. Tölur lóðrétta ássins vísa til viknafjölda. Skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er afgreiðslutími fjórar vikur.







Mynd 2
Afgreiðslutími tillagna að matsáætlunum á árunum 2000–2007. Skv. 2. mgr. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum skal Skipulagsstofnun taka ákvörðun um tillögu framkvæmdaraðila innan fjögurra vikna frá því að tillagan berst.



Mynd 3
Sýnir heildartíma Skipulagsstofnunar við vinnu álits vegna mats á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda á árunum 2006–2008. Frestur til að veita umsögn eru 4 vikur – táknað með dökkum lit, dagar umfram frest er táknað með ljósum lit.



Mynd 4
Heildartími frá því tillaga að matsáætlun, sbr. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, er send frá framkvæmdaraðila og þar til álit Skipulagsstofnunar er gefið út.



Mynd 5
Sýnir ýmsa tímaþætti varðandi mat á umhverfisáhrifum.

3. *Hvaða reglur gilda um útgáfu starfsleyfa á Íslandi, annars staðar á Norðurlöndunum og í Þýskalandi til fyrirtækja sem tengjast mati á umhverfisáhrifum meðan á umhverfismatsferli stendur?*

Eitt meginmarkmiðið með mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar er að tryggja vandaða og upplýsta ákvörðunartöku varðandi leyfisveitingar vegna þeirra framkvæmda er undir lögin falla, sbr. 1. gr. laga nr. 106/2000. Reglur um útgáfu starfsleyfa í ofangreindum löndum byggjast í aðalatriðum á sömu meginreglum er eiga meðal annars rót að rekja í tilskipun Evrópusambandsins um mat á umhverfisáhrifum, sbr. tilskipun 97/11/EB. Í 13. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er tekið fram að óheimilt sé að gefa út leyfi til framkvæmdar sem háð er ákvörðun um matsskyldu eða mati á umhverfisáhrifum fyrr en álit Skipulagsstofnun skv. 11. gr. laganna liggur fyrir eða þá ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd sé ekki matsskyld, sbr. 6. gr. laganna. Þá er kveðið á um í 22. gr. reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur er haft getur í för með sér mengun, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, að sé starfsleyfisskyldur atvinnurekstur háður mati á umhverfisáhrifum eftir lögum og reglum þar að lútandi þá skuli niðurstaða matsins liggja fyrir áður en tillaga að starfsleyfi er auglýst. Þannig er óheimilt að gefa út starfsleyfi fyrir starfsemi er kann að vera matsskyld eða er háð mati á umhverfisáhrifum áður en ákvörðun Skipulagsstofnunar liggur fyrir, eða álit stofnunarinnar skv. 11. gr. laga nr. 106/2000.

Í 17. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og 22. gr. reglugerðar nr. 785/1999 er heimild til þess að unnið sé að undirbúningi starfsleyfis á sama tíma og unnið er að matsskýrslu en Skipulagsstofnun þarf að samþykkja slíkt fyrirkomulag. Þá er og heimilt að birta drög að starfsleyfi í matsskýrslu ef leyfisveitandi samþykkir.

Í 2. mgr. 13. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum segir að við útgáfu leyfis til framkvæmdar skv. 1. mgr. sömu greinar skuli leyfisveitandi kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. Í 23. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, nr. 785/1999, segir að í starfsleyfistillögu og starfsleyfi skuli taka fullt tillit til niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum, þá skuli og mæla fyrir um nauðsynlegar rannsóknir vegna fyrirhugaðrar starfsemi og vakta þá umhverfisþætti sem starfsemin hefur áhrif á.

Starfsleyfisskyldan er fólgin í 5. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, hvar tekið er fram að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr. laganna. Samkvæmt þessum ákvæðum er óheimilt að hefja starfsleyfisskyldan atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út. Í nefndri 5. gr. a er einnig að finna undanþáguheimild ráðherra til að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn þar greindra fagstofnana. Beiting þessarar heimildar gæti mögulega komið til greina í sérstökum tilvikum þegar mati á umhverfisáhrifum tiltekinnar framkvæmdar hefur ekki verið lokið.

Lög um mengunarvarnir í Noregi, lov om vern mot forurensninger og om avfall (forurveringsloven) nr. 03-13-6/1981, hafa og ákvæði um sams konar fyrirkomulag og að ofan hefur verið greint frá. Í dönsku löggjöfinni um þetta efni, miljöbeskyttelsesloven nr. 385/1991 er gert ráð fyrir því að starfsleyfi sé gefið út í kjölfar mats á umhverfisáhrifum og í samræmi við skipulagsáætlanir sem byggjast á mati á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar. Þó getur starfsleyfisútgefanda verið heimilt að veita framkvæmdaraðila leyfi til að hefja starfsemi áður en starfsleyfi er gefið út en þá þannig að framkvæmdum verði hagað í samræmi við samþykkt skipulag svæðisins. Slíkar framkvæmdir teljast á ábyrgð framkvæmdaraðilans.

Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar byggjast samsvarandi lagaákvæði Þjóðverja á sömu meginatriðum og að framan hefur verið greint frá. Við leyfisveitingar þar er því horft til niðurstaðna mats á umhverfisáhrifum og umsagna og athugasemda er fram hafa komið í því ferli.

557. Svar [201. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Helgu Sigrúnar Harðardóttur um gengistryggð húsnæðislán.

1. *Hver hefur hækkun gengistryggðra húsnæðislána verið í samanburði við hækkun íslenskra verðtryggðra lána síðastliðið ár?*

Gerður var samanburður á tveimur lánum, gengistryggðu og verðtryggðu, sem voru tekin 1. júní 2006. Upphafleg lánsfjárhæð var 15 millj. kr. og miðað er við 20 ára lánstíma sem er

algeng lengd á erlendum húsnæðislánum. Erlenda lánið ber eins mánaðar liborvexti[1] að viðbættu 2% álagi og verðtryggða lánið ber 4,85% vexti eins og lán Íbúðalánasjóðs gerðu á þessum tíma. Seðlabanki Íslands vann eftirfarandi útreikninga.

Erlenda lánið, 20 ár:
Fyrsta afborgunin af erlenda láninu þann 1. júlí 2006 var 122.078 kr. og eftirstöðvar lánsins voru þá 15,6 millj. kr. Afborgunin 1. janúar 2009 var 212.719 kr. og eftirstöðvar lánsins voru þá 26,2 millj. kr.

Verðtryggða lánið, 20 ár:
Fyrsta afborgunin af verðtryggða láninu sem var 1. júlí 2006 var 98.887 kr. og eftirstöðvar lánsins voru þá 15.136.000 kr. Afborgunin 1. janúar 2008 var 123.807 kr. og eftirstöðvar lánsins voru þá 17.448.000 kr.

Verðtryggða lánið er jafngreiðslulán. Vaxtagreiðslur fara því lækkandi eftir því sem á lánstíma skuldabréfsins líður en hluti höfuðstóls í greiðslunni fer hækkandi. Erlenda lánið er aftur á móti með jöfnum afborgunum þannig að vaxtagreiðslur eru hæstar fyrst en lækka síðan jafnt og þétt á meðan greiðslur höfuðstóls eru alltaf jafnháar.

Því má segja að erlendu og verðtryggðu lánin séu ekki auðveld í samanburði. Ef litið er til mánaðarlegra greiðslna þá hafa mánaðarlegar greiðslur af erlenda láninu aukist um 74% frá fyrstu greiðslu 1. júlí 2006 en af því verðtryggða um 25%. Hitt er annað mál að styrking krónunnar mun draga verulega úr greiðslubyrði af erlendum lánum.

2. *Hvað eru gengistryggð lán stór hluti húsnæðislána, í krónum talið og fjölda lántakenda?*

Í Seðlabanka Íslands hefur ekki verið unnt að birta upplýsingar um bankakerfið frá hruni þriggja stærstu bankanna í október.

Gengisbundin skuldabréf til heimila voru 315 milljarðar kr. í lok september og voru 107 milljarðar kr. skilgreindir sem erlend íbúðalán. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um fjölda en um 6.200 erlend lán með veði í íbúðarhúsnæði voru útistandandi hjá stærstu innlánsstofnunum.

Verðtryggð húsnæðislán til heimilanna voru í lok september um 122.000 talsins að fjárhæð 1.100 milljarðar kr.

Í lok september voru því tæp 9% af húsnæðisskuldum heimilanna gengisbundin lán samkvæmt skilgreiningu innlánsstofnana. Fjöldi lána segir ekki til um fjölda lántakenda en fjöldi erlendra lána var um 5% af húsnæðislánum heimilanna.

3. *Telur ráðherra koma til greina að fara þá leið sem viðskiptaráðherra kynnti í viðtali við DV 7. október um yfirtöku Íbúðalánasjóðs á gengistryggðum húsnæðislánum og að gengi þeirra verði fært niður til þess gengis sem í gildi var þegar lánin voru tekin?*

Í reglugerð um heimild Íbúðalánasjóðs til að kaupa skuldabréf fjármálafyrirtækja, sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði nr. 1081/2008 sem félags- og tryggingamálaráðherra undirritaði 26. nóvember sl., segir að kjör og skilmálar skuldabréfalána gagnvart lántakendum sem Íbúðalánasjóður yfirtekur skuli vera óbreyttir frá því sem var fyrir yfirtöku Íbúðalánasjóðs á láninu eftir því sem við getur átt. Sé skuldabréfalán í erlendri mynt yfirtekið skal

[1] Skammstöfunin libor stendur fyrir London Interbank Offered Rate. Hún vísar til þeirra vaxta sem bjóðast á lánum á millibankamarkaði í London. Reiknaðir eru liborvextir fyrir nokkra af helstu gjaldmiðlum heims.

skuldbinding lántakanda vera áfram í erlendri mynt. Reglugerðin heimilar því hvorki að gengistryggðum lánum verði breytt í lán í íslenskum krónum né að átt verði við gengisskráningu lánanna að öðru leyti.

Rétt er að undirstrika að ekkert hefur verið ákveðið um mögulega yfirfærslu gengistryggðra húsnæðislána til Íbúðalánasjóðs. Nú er hins vegar unnið að því á vettvangi Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar að ná stöðugleika á gjaldeyrismarkaði og styrkja gengi krónunnar. Ríkisstjórnin hefur sent þau tilmæli til lánastofnana að frysta gengisbundin lán heimilanna tímabundið til að koma til móts við þau á meðan gengið er óhagstætt og hafa lánastofnanir virt þau tilmæli að því er best verður séð.

Þá er á vettvangi ríkisstjórnarinnar unnið að útfærslum við að tryggja fjárhag og framtíðarrekstur ríkisbankanna þriggja, meðal annars hvað varðar gjaldeyrisjöfnuð þeirra. Útlán bankanna í erlendri mynt eru þar meðal annars til skoðunar.

4. *Ef ráðherra telur þessa leið færa, hvenær má gera ráð fyrir að hún komi til framkvæmda og ef ekki, hvers vegna og hvaða leiðir koma þá til greina við að leysa úr þeim yfirþyrmandi vanda sem fjölskyldur með gengistryggð húsnæðislán standa frammi fyrir?*

Þó gengisbundin lán heimilanna hafi hækkað ákaflega mikið samhliða þeim erfiðleikum sem verið hafa á gjaldeyrismarkaði er ekki tímabært að bregðast við með skuldbreytingu lánanna eða afskriftum. Eins og fyrr sagði hefur ríkisstjórnin óskað eftir því að gengisbundin lán verði fryst en til lengri tíma litið standa vonir til þess að gengið styrkist og höfuðstóll lánanna lækki til samræmis við styrkingu gengisvísitölunnar.

Á hinn bóginn kann að vera nauðsynlegt að grípa til frekari aðgerða til að bregðast við vanda þessara lántakenda ef styrking gengisvísitölu krónunnar verður hægari en við verður unað. Ríkisstjórnin vinnur því að tillögum um meðferð gengistryggðra veðlána heimilanna og mun kynna þær á næstunni.

558. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til l. um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurbjörgu Sæmundsdóttur, Sigrúnu Ágústsdóttur og Kristínu Rannveigu Snorradóttur frá umhverfisráðuneyti, Trausta Baldursson frá Náttúrufræðistofnun, Elínu Smáradóttur og Sigurð Inga Skarphéðinsson frá Orkuveitu Reykjavíkur, Eirík Blöndal frá Bændasamtökum Íslands, Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bryndísi Skúladóttur frá Samtökum iðnaðarins og Helga Jensson frá Umhverfisstofnun. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, SASS – Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og Samtökum fiskvinnslustöðva, Orkuveitu Reykjavíkur, Skipulagsstofnun, Bændasamtökunum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Norðurorku, Umhverfisstofnun, Samorku og Landssambandi sumarhúsaeigenda.

Frumvarpinu er ætlað að afmarka réttindi og skyldur í fráveitumálum og fráveituframkvæmdum. Kveðið er á um ábyrgð og skyldur sveitarfélaga í sambandi við uppbyggingu og rekstur fráveitna en einnig um skyldur landeigenda til að sjá til þess að skólp sé hreinsað þar sem skyldum og heimildum sveitarstjórna til starfrækslu fráveitna sleppir. Meginregla frumvarpsins er að sveitarfélög beri ábyrgð á uppbyggingu, rekstri og eignarhaldi fráveitna. Þó er lagt til að lögfest sé heimild til að fela sjálfstæðum félögum í meirihlutaeigu sveitarfélaga rekstur fráveitna með svipuðum hætti og gildir um vatnsveitur, enda var við gerð frumvarpsins tekið mið af lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004. Frumvarpinu er einnig ætlað að tryggja að uppbygging og starfræksla fráveitna sé með þeim hætti að frárennsli valdi sem minnstum áhrifum á umhverfið.

Þau atriði sem fengu hvað mesta umfjöllun hjá nefndinni voru gjaldtökuheimildir frumvarpsins og skilyrði fyrir skyldu sveitarfélags til skólpsöfnunar utan þéttbýlis. Þá var talsvert rætt um ákvæði er varða eignarhald fráveitna, reglur um bótaábyrgð vegna tjóns á fráveitukerfi og yfirtökuskyldu sveitarfélaga á einkaæðum.

Í 3. gr. frumvarpsins er að finna skilgreiningar á hugtökum. Skilgreining þéttbýlis er þar hin sama og finna má í skipulagsreglugerð nr. 400/1998, sbr. lið 4.1.1. Því sjónarmiði var hreyft fyrir nefndinni að auka ætti við skilgreininguna með hliðsjón af lið 4.1.2 um þéttbýli í skipulagsáætlun í reglugerðinni. Nefndin telur ekki þörf á að bæta við skilgreiningu með þeim hætti þar sem sveitarstjórn setur ákvæði um safnkerfi og hreinsivirki í deiliskipulag. Þar með eru fráveitumál samþætt skipulagsgerð.

Nefndin ræddi þá afmörkun sem gerð er í 3. mgr. 4. gr., en þar er kveðið á um skyldu sveitarfélags til að sjá til þess að skólpi sé safnað á kerfisbundinn hátt utan þéttbýlis þar sem fjöldi húsa er u.þ.b. 20 á hverja 10 ha og/eða losun nemur u.þ.b. 50 persónueiningum á hverja 10 ha. Fram kom ábending um að ef tilgreina ætti viðmið í lagatexta skyldi það vera fast til að útrýma óvissu og því eðlilegt að tiltaka ákveðinn fjölda húsa og/eða persónueiningar á hverja 10 ha. Á fundum nefndarinnar kom aftur á móti fram að það þyrfti að vera svigrúm til að meta hvert tilvik fyrir sig. Landsvæði sem nýtt eru undir byggð í dreifbýli eru mismunandi og mengunarhætta mismikil og því þyrfti stundum að miða við færri hús eða persónueiningar en vísað er til í ákvæðinu. Með því að kveða ekki á um fastan húsafjölda eða einingar telur nefndin tryggt að byggð utan þéttbýlis sé ekki skipulögð með þeim hætti að hún falli rétt utan við viðmiðið og þannig sé unnt að komast undan skyldu til að ganga frá fráveitumálum í samræmi við ákvæði laganna.

Talsverð umræða fór fram í nefndinni um heimild sveitarstjórnar til að fela stofnun eða félagi sem er í meirihlutaeigu sveitarfélags réttindi og skyldur hvað varðar uppbyggingu, rekstur og eignarhald fráveitna. Nefndin leggur þó ekki til breytingar á þessu, enda nú þegar komin reynsla á þessa skipun mála hjá vatnsveitum, og er ákvæði 6. gr. byggt á sambærilegu ákvæði laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004, um heimild til ráðstöfunar á einkarétti sveitarfélaga, sbr. 4. gr. laganna. Þá opnar heimildin fyrir það að félag reki fráveitur í fleiri en einu sveitarfélagi sem gerir kleift að ná fram frekari hagræðingu í rekstri.

Samkvæmt 9. gr. frumvarpsins ber landeiganda að koma á fót fráveitu. Lög um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, nr. 75/2008, kveða á um skyldu til að stofna félag í frístundabyggð að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Slíkt félag skal skv. 3. tölul. 19. gr. laganna m.a. taka ákvarðanir um gerð og rekstur á sameiginlegum aðveitum og fráveitum. Til að samræmi sé með lögunum leggur nefndin til að bætt verði inn í ákvæði 9. gr. frumvarpsins að skyldan til að koma á fót fráveitu hvíli einnig á félagi í frístundabyggð, sé slíkt félag til.

Á fundum sínum ræddi nefndin gjaldtökuákvæði V. kafla frumvarpsins talsvert enda varð hún vör við þónokkra gagnrýni á gjaldtökuheimildir. Nefndin áréttar þann skilning sinn að fyrst og fremst sé um að ræða lögfestingu sem er ætlað að skýra og skerpa á þeim reglum og heimildum til gjaldtöku sem þegar eru til staðar. Ákvæðunum er ætlað að tryggja að gjaldheimta sé í samræmi við þá þjónustu sem veitt er og meginreglan því sú að gjaldtökuákvæðin hafi ekki í för með sér verulegan nýjan kostnað fyrir notendur.

Því sjónarmiði var hreyft fyrir nefndinni að íbúum væri mismunað með því að gera ráð fyrir því að tengigjald gæti verið mismunandi eftir gerð, stærð og lengd tenginga, sbr. 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins. Nefndin telur að þau sjónarmið sem talin eru upp í greininni við ákvörðun þjónustugjalda séu málefnaleg. Eðli málsins samkvæmt geta þessi gjöld verið mishá og eðlilegt að innheimta þann kostnað sem tenging felur í sér.

Þá kom fram sú ábending að orðalag 1. mgr. 14. gr. væri of víðtækt með því að heimila innheimtu fráveitugjalds af fasteignum sem geta tengst fráveitu. Nefndin tekur undir þetta og leggur til þá orðalagsbreytingu að heimildin nái til þeirra sem munu tengjast fráveitu.

Einnig komu þau sjónarmið fram að ekki ætti að lögfesta heimild til að miða gjald við innrennsli vatns samkvæmt mæli og þá eftir atvikum draga frá innmældu magni vatn sem notað er til framleiðslu, sbr. 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins. Gagnrýni á gjaldtökuheimildina beindist m.a. að því að framkvæmd mælinga sem slíkt gjald byggist á sé erfið og geti reynst kostnaðarsöm ásamt því að valda óhagræði fyrir aðila. Þá geti þetta haft í för með sér aukinn kostnað fyrir atvinnustarfsemi þar sem vatn er notað í miklum mæli, m.a. til þrifa, s.s. matvælavinnslu og fiskvinnslu. Nefndin tekur undir að innheimta gjalds eftir ákvæðinu geti falið í sér hækkun fyrir einhverja en leggur jafnframt áherslu á að þá sé gjaldtakan í samræmi við magn og þar með notkun á fráveitukerfinu. Þá var bent á það á fundi nefndarinnar að rekstrarkostnaður við fráveitu er að miklu leyti háður því magni sem um hana fer en ekki hvort vatnið sé mengað eða hreint. Nefndin telur því að þessi innheimtuaðferð geti verið til bóta þar sem greitt verði fyrir þá þjónustu sem veitt er. Frumvarpið gerir að auki ráð fyrir nánari afmörkun gjaldtökunnar í gjaldskrá hvers sveitarfélags eða fráveitu og því verður ekki séð að óskýrleiki verði til staðar hvað þetta varðar.

Því var einnig hreyft fyrir nefndinni að ákvæði 3. mgr. 14. gr. um aukagjald væri ekki nægilega skilgreint. Nefndin telur eðlilegt að gera smávægilegar breytingar á ákvæðinu þar sem bætt verði við skilgreiningu á því í hverju sérstakar aðgerðir geti einkum falist, þ.e. að tiltekið sé að þar undir sé einkum átt við sértæka hreinsun eða breytingu. Slíkt gjald geti þannig orðið hvati fyrir gjaldskyldan aðila að bæta mengunarvarnir sínar.

Hvað 15. gr. frumvarpsins varðar telur nefndin eðlilegt að bæta viðtakarannsóknum og vöktun við upptalningu á því sem m.a. felst í rekstri fráveitu. Þar með eru tekin af öll tvímæli um að kostnaður við náttúrufarsrannsóknir og vöktun náttúru eru hluti af nauðsynlegum rekstrarkostnaði og er það í samræmi við það markmið frumvarpsins að tryggja uppbyggingu og rekstur fráveitna þannig að frárennsli valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið.

Í 3. mgr. 16. gr. frumvarpsins er kveðið á um lögveðsrétt í fasteign sem fylgir fráveitugjaldi, tengigjaldi og leigugjaldi fyrir magnmæli. Leigugjald fyrir magnmæli er þó hvergi skilgreint í lögunum eða veitt heimild fyrir því. Leggur nefndin því til að það gjald sé fellt brott úr ákvæðinu.

Ákvæði um aðgang að fráveitu er að finna í 17. gr. frumvarpsins. Landeigandi getur skv. 3. mgr. krafist þess að fráveita sé þannig gerð að hún taki við skólpi frá eign hans, enda greiði hann allan aukakostnað sem því fylgir. Þeim sjónarmiðum var komið á framfæri við

nefndina að eðlilegt væri að bæta inn slíkri heimild fyrir lóðarhafa þannig að starfsemi sem er á landi í eigu annars en rekstraraðila hafi einnig þennan rétt. Leggur nefndin til breytingu þessu til samræmis. Þá kom fram fyrir nefndinni það sjónarmið að 5. mgr. væri ekki nægilega skýr en þar er kveðið á um að ákvæði greinarinnar gildi ekki um hreinsivirki fyrir stök hús. Nefndin leggur til þá breytingu að hún gildi ekki um aðgang að hreinsivirki fyrir stök hús. Með þessu er skýrleiki ákvæðisins aukinn og tekinn af allur vafi um að landeigandi geti ekki krafist þess að tengjast m.a. hreinsivirki nágranna síns.

Nefndinni voru kynnt þau sjónarmið að ákvæði um bótaábyrgð þess sem veldur tjóni á fráveitukerfi, sbr. 20. gr. frumvarpsins, væri of íþyngjandi. Til að mynda fríaði ákvæðið veituhafa ábyrgð í of miklum mæli og um bótaábyrgð gildi jafnframt almenn bótaskylda samkvæmt sakarreglu þegar háttsemi veldur skaða á eignum og verðmætum. Þá leyfði 14. gr. frumvarpsins innheimtu aukagjalds á frárennsli sem leiði til sérstakra aðgerða vegna mengunar. Að auki væri heimilt að setja kröfur um frárennsli í starfsleyfi til að fyrirbyggja tjón og jafnframt hefði sá sem losar í frárennsli þegar greitt frárennslisgjald vegna slits, en mörk slits og tjóns geta verið óljós. Nefndin telur eðlilegt að sá sem veldur tjóni á fráveitukerfi beri bótaábyrgð, slíkt tjón getur verið verulegt og kostnaðarsamt. Með því að leggja bótaábyrgð á þann sem veldur tjóninu má einnig leiða að því líkur að notendur fráveitukerfis gæti frekar að losun sinni og dragi úr tjónahættu sem stafi af losuninni. Þá er hlutlæg ábyrgð algeng í umhverfisrétti og hefur þegar verið innleidd í umhverfisrétt á Íslandi, t.a.m. með alþjóðlegum samningi um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, samningi um álbræðslu í Straumsvík, lögum um erfðabreyttar lífverur, nr. 18/1996, lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, og lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004.

Nefndin telur að afmarka mætti til hvaða þátta reglugerðarheimild frumvarpsins nái. Það er þó vandkvæðum bundið að tiltaka efni reglugerðarinnar þannig að tæmandi sé. Því leggur nefndin til breytingu á 21. gr. frumvarpsins þar sem bætt er við ákvæðið að reglugerðin skuli kveða á um framkvæmd fráveitumála, m.a. um stjórn og fjármál fráveitu, gjaldtöku og fráveituæðar. Með þessu er ekki ætlunin að hafa tæmandi upptalningu á efni reglugerðarinnar en tiltaka þó meginefni hennar og skapa þannig ramma um reglugerðarheimildina.

Nefndin leggur jafnframt til breytingu á gildistökuákvæði frumvarpsins. Um lagatæknilega leiðréttingu er að ræða þar sem kveðið er á um það í frumvarpinu að fella skuli niður 8. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Sú grein hefur að geyma heimildarákvæði fyrir sveitarfélög til að reka fráveitur og kom ný inn í lögin með a-lið 1. tölul. 43. gr. vatnalaga, nr. 20/2006. Þau vatnalög hafa þó ekki enn tekið gildi og því rétt að fella niður viðeigandi ákvæði þeirra laga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. febr. 2009.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Atli Gíslason.	Kjartan Ólafsson.
Katrín Júlíusdóttir.	Sigurður Pétursson.	Jón Gunnarsson.
Árni M. Mathiesen.	Eygló Harðardóttir.	Kristinn H. Gunnarsson.

559. Breytingartillögur [187. mál]

við frv. til l. um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 9. gr. Á eftir orðinu „landeigandi“ komi: eða félag í frístundabyggð þar sem það á við.
2. Við 14. gr.
   a. Í stað orðanna „geta tengst“ í 1. mgr. komi: munu tengjast.
   b. Á eftir 1. málsl. 3. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Sérstakar aðgerðir samkvæmt þessari málsgrein geta einkum falið í sér sértæka hreinsun eða breytingu.
3. Við 15. gr. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Miða skal við að fráveitugjald ásamt öðrum tekjum fráveitu standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, viðtakarannsóknum og vöktun og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.
4. Við 16. gr. Í stað orðanna „tengigjaldi og leigugjaldi fyrir magnmæli“ í 3. mgr. komi: og tengigjaldi.
5. Við 17. gr.
   a. Á eftir orðinu „Landeigandi“ í 3. mgr. komi: eða lóðarhafi.
   b. Á eftir orðunum „gilda ekki um“ í 5. mgr. komi: aðgang að.
6. Við 21. gr. bætist: m.a. um stjórn og fjármál fráveitu, gjaldtöku og fráveituæðar.
7. Við 23. gr. Í stað orðanna „sbr. og 8. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998“ komi: og a-liður 1. tölul. 43. gr. vatnalaga, nr. 20/2006.

560. Fyrirspurn [324. mál]

til fjármálaráðherra um fjárframlög til ferðamála á árunum 1998–2009.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

1. Hversu háar fjárhæðir hafa farið til ferðamála á hverju ári á vegum samgönguráðuneytisins árin 1998–2007 og á vegum iðnaðarráðuneytisins árið 2008 og hvað er áætlað til málaflokksins í fjárlögum 2009? Óskað er eftir að í svarinu verði allar fjárhæðir uppfærðar á verðlagi fjárlaga fyrir árið 2009.
2. Hvernig skiptast framlög ráðuneytanna á sömu árum til:
   a. ferðamálasamtaka,
   b. gestastofa og upplýsingamiðstöðva,
   c. markaðs- og kynningarverkefna,
   d. menningartengdrar ferðaþjónustu?
3. Hversu há voru framlög til Ferðamálaráðs og Ferðamálastofu 1998–2008 og áætluð samkvæmt fjárlögum fyrir 2009?
4. Hver er á sömu árum kostnaður við rekstur skrifstofu Ferðamálaráðs og síðar Ferðamálastofu og framlög þeirra til:
   a. styrkja,

b. markaðs- og kynningarverkefna, bæði innan lands og utan,
c. úrbóta á ferðamannastöðum?

5. Hversu margir erlendir ferðamenn komu til landsins á árunum 1998–2008, annars vegar um flugvelli og hins vegar með Norrænu?

Skriflegt svar óskast.

561. Fyrirspurn [325. mál]

til iðnaðarráðherra um þróun raforkuverðs í dreifbýli og þéttbýli.

Frá Jóni Bjarnasyni.

1. Hver hefur verið töluleg þróun raforkuverðs og flutningskostnaðar til heimilisnotenda frá 1. janúar 2005?
2. Hefur raforkuverð þróast í samræmi við það sem vænst var þegar raforkulögin voru sett?
3. Hvað kostar kílóvattstundin til að hita annars vegar upp hús í Reykjavík með jarðvarma og hins vegar tilsvarandi hús á Skagaströnd með rafmagni?
4. Er það í samráði við stjórnvöld að raforkufyrirtæki stórhækka raforkuverð og flutningskostnað til neytenda víða um land þrátt fyrir tilmæli stjórnvalda til þjónustustofnana ríkis og sveitarfélaga um að halda aftur slíkum hækkunum?
5. Hvernig vill ráðherra tryggja meiri jöfnuð hvað varðar orkuverð til heimila og minni fyrirtækja í landinu?

Skriflegt svar óskast.

562. Fyrirspurn [326. mál]

til forsætisráðherra um upplýsingar seðlabankastjóra um aðgerðir breskra stjórnvalda.

Frá Ragnheiði Ólafsdóttur.

Hefur ráðherra leitað skýringa á því hvers vegna seðlabankastjóri neitar, m.a. á fundi með viðskiptanefnd, að svara því hvaða upplýsingar það eru sem hann segist búa yfir um ástæður þess að bresk stjórnvöld beittu hryðjuverkalögum gegn Landsbanka Íslands og hvaða upplýsingar þetta eru?

Skriflegt svar óskast.

563. Tillaga til þingsályktunar [327. mál]

um nýtingu sjávarfalla í Breiðafirði til raforkuframleiðslu.

Flm.: Sturla Böðvarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun um nýtingu sjávarfalla í Breiðafirði til raforkuframleiðslu. Könnuð verði hagkvæmni mismunandi aðferða og staðsetninga. Skipuð verði verkefnisstjórn sem hafi umsjón með gerð áætlunarinnar og ljúki við skýrslu fyrir árslok 2009.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur áhugi aukist á óhefðbundnum endurnýjanlegum orkugjöfum, svo sem vindorku, sólarorku og sjávarföllum. Rannsóknir og tilraunir fara nú fram víða um heim á notkun sjávarfalla til raforkuframleiðslu og mikil þróun er að verða á því sviði. Því hefur verið haldið fram að í sjónum sé falin 5000 sinnum meiri endurnýjanleg orka en orkuþörf heimsins er nú.

Hægt er að virkja sjávarföll á tvo vegu, annars vegar með því að stífla sund og firði og virkja hæðarmun sjávarfalla og hins vegar með því að virkja hreyfiorku streymisins án þess að hindra streymið. Fyrri kosturinn hefur verið reyndur á nokkrum stöðum en þykir ekki umhverfisvænn. Gott dæmi um það er orkuverið La Rance á Bretagneskaga í Frakklandi, þar sem sund var þverað, en það hefur verið starfrækt frá árinu 1966. Sú aðferð þykir hafa haft neikvæð áhrif á umhverfið og nú er verið að leita hagkvæmra leiða til að beisla sjávarföllin í meiri sátt við umhverfið. Seinni kosturinn þ.e. að virkja hreyfiorkuna án stíflu, er tæknin sem helst er horft á nú og flest þróunarverkefni byggjast á.

Ávallt er þörf fyrir orku í samfélaginu og nauðsynlegt er að hafa þekkingu á því hvar hægt sé að fá hana með góðu móti. Fjöldi ónýttra möguleika bíður okkar til notkunar og rannsókna. Enda þótt Íslendingar eigi marga ónýtta kosti í virkjun vatnsorku og jarðvarma er nauðsynlegt að fylgjast vel með öðrum möguleikum sem skapast með tækniþróun sem gæti innan tíðar leitt af sér samkeppnishæfa virkjunarkosti. Dönsk, norsk, enskt og skoskt fyrirtæki hafa verið að þróa mismunandi aðferðir og hafa sum hver þegar hafið rafmagnsframleiðslu.

Á Íslandi verður mesti munur flóðs og fjöru í Breiðafirði, yfir 5 metrar. Í Hvammsfjarðarröstinni verður straumhraði yfir 12 m/sek. Engar nákvæmar rannsóknir liggja fyrir um virkjanlega sjávarorku við Ísland. Því liggur beint við að kanna hvaða möguleikar gefast þar, bæði með tilliti til staðsetningar sjávarfallavirkjana og mismunandi tegunda virkjana. Með virkjun sjávarfalla í Breiðafirði gætu skapast umfangsmikil tækifæri til atvinnuuppbyggingar á svæðinu. Með tilliti til stöðu efnahags og atvinnumála í landinu er nauðsynlegt að leita allra tiltækra leiða til þess að nýta kosti endurnýjanlegra orkugjafa til atvinnuuppbyggingar. Í þeim tilgangi er þessi tillaga flutt.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen: Sjávarfallastraumar í Breiðafirði. Orka í sjávarföllum. 1. áfangi. Apríl 2008.

II. Geir Guðmundsson: Sjávarorka og möguleg virkjun sjávarfalla á Íslandi. Orkuþing, 12. október 2006.

564. Frumvarp til laga [328. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. og 3. mgr. 27. gr. laganna skal umsókn um kosningarrétt skv. b-lið 2. mgr. 1. gr. sem berst Þjóðskrá í síðasta lagi 25. mars 2009 gilda frá dagsetningu bréfs hennar um að umsækjandi skuli tekinn á kjörskrá. Að öðru leyti fer um kosningarréttinn skv. 2. gr. laganna.

Fullnægjandi umsókn um að verða tekinn á kjörskrá sem berst Þjóðskrá eftir 25. mars 2009 gildir frá 1. desember 2009.

Umsókn um að verða tekinn á kjörskrá sem barst Þjóðskrá eftir 1. desember 2008 og var fullnægjandi skal nú gilda frá gildistöku þessa ákvæðis. Að öðru leyti fer um kosningarréttinn skv. 2. gr. laganna. Þjóðskrá tilkynnir umsækjanda þessa breytingu og hlutaðeigandi sveitarstjórn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Lög þessi falla úr gildi 1. desember 2009.

Greinargerð.

Í lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, var ákvæði um að íslenskir ríkisborgarar misstu kosningarrétt sinn hér á landi við fasta búsetu erlendis lengur en fjögur ár. Þá var viðmiðunardagur kjörskrár 1. desember. Með lögum árið 1989 var fjögurra ára tímabilið lengt í átta ár og þeim gert kleift sem óskuðu að vera áfram á kjörskrá eftir það miðað við 1. desember ár hvert eftir að umsókn var lögð fram. Skilyrði var að umsækjandi væri enn íslenskur ríkisborgari. Sá sem tekinn var á kjörskrá samkvæmt umsókn átti þannig kosningarrétt í fjögur ár og gat þá endurnýjað réttinn til næstu fjögurra ára og síðan koll af kolli. Árið 1991 var kosningalögunum breytt þannig að hætt var að miða kjörskrá við 1. desember og viðmiðunardagur færður nær kjördegi. Fyrst var miðað við íbúaskrá þjóðskrár sjö vikum fyrir kjördag, þá fimm vikum og að lokum var viðmiðunardagurinn hafður þremur vikum fyrir kjördag. Viðmiðunardagurinn var svo færður aftur í fimm vikur þegar Reykjavík var skipt í tvö kjördæmi árið 2000 svo landskjörstjórn hefði ráðrúm til að ákveða hvar mörkin skyldu verða

milli þessara kjördæma hverju sinni. Allan þennan tíma hefur gildistími ákvörðunar um að einhver skuli tekinn á kjörskrá eftir meira en átta ára búsetu erlendis verið 1. desember eftir að umsókn var lögð fram.

Tæplega tuttugu ára reynsla er komin á framkvæmdina samkvæmt ákvæðinu og hefur gefist vel að miða við 1. desember ár hvert. Hagræði er í því fyrir íslenska ríkisborgara, sem hafa lengi verið búsettir erlendis, að miða gildistíma umsóknar um kosningarrétt við tiltekna dagsetningu, sem þeir þekkja frá fyrri tíð, í stað þess að hafa hana breytilega frá einum tíma til annars. Viðkomandi á þá auðveldar með að muna hvenær hann þarf að sækja um aftur til að vera áfram á kjörskrá. Þetta leiðir hins vegar til þess að bregðast þarf við með sérstökum hætti, ef þurfa þykir, þegar boðað er til kosninga á miðju reglulegu kjörtímabili.

Samkvæmt nýju ákvæði til bráðabirgða verður leyst úr vandasamri stöðu íslenskra ríkisborgara sem búsettir hafa verið erlendis lengur en átta ár og sækjast nú eftir að komast á kjörskrá. Samkvæmt almennu ákvæði í 2. gr. og 3. mgr. 27. gr. laga um kosningar til Alþingis hefðu þeir ekki öðlast kosningarréttinn fyrr en frá 1. desember 2009. Með frumvarpinu er komið til móts við hagsmuni tveggja hópa: Annars vegar þeirra sem búsettir eru erlendis og hafa sent fullnægjandi umsókn eftir 1. desember 2008 og hafa nú fengið bréf Þjóðskrár um að þeir eigi kosningarrétt frá 1. desember 2009. Þeir fá nú kosningarréttinn frá gildistöku þessa ákvæðis og geta því kosið við þær alþingiskosningar sem fyrirhugaðar eru í vor. Í öðru lagi tekur frumvarpið á hagsmunum þeirra íslensku ríkisborgara sem búsettir hafa verið lengur en átta ár erlendis en hafa ekki enn sent Þjóðskrá umsókn um að verða teknir á kjörskrá. Nú munu þeir eiga þess kost að senda inn fullnægjandi umsóknir og öðlast kosningarrétt í tæka tíð. Þjóðskrá mun tilkynna hlutaðeigandi umsækjendum um þessar breytingar og kosningarrétt þeirra, sem og hlutaðeigandi sveitarstjórnum.

Rétt þykir að taka fram að kosningarrétturinn, sem menn geta öðlast samkvæmt umsókn ef frumvarp þetta verður samþykkt, gildir til 1. desember 2009 og áfram í fjögur ár skv. 2. gr. kosningalaga. Þetta þýðir að kjósandi heldur kosningarrétti sínum til 1. desember 2013. Til þess að vera áfram á kjörskrá eftir það verður kjósandi að sækja um aftur til Þjóðskrár eftir 1. desember 2012, sbr. 1. mgr. 2. gr. kosningalaga.

Ef boðað verður til kosninga til stjórnlagaþings eða þjóðfundar utan kosninga til Alþingis fyrir 1. desember 2009 og 2. gr. kosningalaga verður beitt við þær kosningar munu þeir sem teknir verða á kjörskrá í síðasta lagi 25. mars 2009 enn fremur njóta góðs af breytingunni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæði til bráðabirgða er lagt til að íslenskir ríkisborgarar sem búsettir eru erlendis skuli teknir á kjörskrá ef þeir leggja fram fullnægjandi umsókn um kosningarrétt í síðasta lagi 25. mars 2009. Öðlast þeir þá réttinn til að kjósa við þær alþingiskosningar sem fyrirhugaðar eru á vori komanda. Að öðru leyti fer um kosningarréttinn skv. 2. gr. kosningalaga.

Kosningarrétturinn fæst með þessu ákvæði ef umsókn berst Þjóðskrá fyrir miðnætti að íslenskum tíma hinn 25. mars 2009. Umsækjendur eiga þess nú kost, sem hingað til, að sækja eyðublað á vefsetri Þjóðskrár: http://www.thjodskra.is/eydublod/. Eyðublaðið þarf að fylla út og undirrita eigin hendi. Útfyllt og undirritað eyðublað má senda til Þjóðskrár með pósti, símbréfi eða sem skannað viðhengi í tölvupósti en mikilvægt er að það berist á áfangastað áður en frestur er liðinn. Að öðrum kosti gildir fullnægjandi umsókn sem berst eftir að frestur er liðinn frá 1. desember 2009.

Íslenskir ríkisborgarar sem búsettir eru erlendis og höfðu þegar sent fullnægjandi umsókn um kosningarrétt, sem átti að gilda frá 1. desember 2009, öðlast á sama hátt kosningarrétt fyrir þær alþingiskosningar sem fyrirhugaðar eru í vor. Að öðru leyti fer um kosningarréttinn skv. 2. gr. kosningalaga. Þjóðskrá tilkynnir umsækjendum þessa breytingu og hlutaðeigandi sveitarstjórnum.

Um 2. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða skv. 1. gr. er tímabundið vegna alþingiskosninga sem fyrirhugaðar eru í vor. Er með því verið að veita umsækjendum kost á því að verða teknir á kjörskrá sem þeir hefðu annars ekki haft samkvæmt gildandi lögum og greiða atkvæði við alþingiskosningarnar.

Af þessum sökum er eðlilegt að hafa sólarlagsákvæði í lögunum og fellur ákvæðið til bráðabirgða því brott þegar hefðbundinn frestur skv. 2. gr. kosningalaganna kemur á ný til framkvæmdar, þ.e. 1. desember 2009.

565. Tillaga til þingsályktunar [329. mál]

um könnun á greiðsluaðlögun fasteignaveðlána og stöðu á íbúðamarkaði.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Árni M. Mathiesen, Ármann Kr. Ólafsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Ólöf Nordal.

Alþingi ályktar að fela félags- og tryggingamálaráðherra að láta Íbúðalánasjóð kanna:

a. hvaða leiðir séu færar við greiðsluaðlögun fasteignaveðlána, svo sem frysting lána að hluta eða fullu og skipting lána í eingreiðslulán og hefðbundin fasteignaveðlán,
b. hvernig hægt sé að bæta stöðuna á íbúðamarkaði á helstu þéttbýlissvæðum landsins, t.d. með úttekt á stöðunni á íbúðamarkaði og greiningu á framtíðarhorfum.

Skýrsla með tillögum til úrbóta verði lögð fyrir Alþingi fyrir 1. mars nk.

Greinargerð.

Tillagan miðar að því að leitað verði leiða til úrbóta fyrir íslensk heimili þar sem mikill vandi steðjar nú að mörgum þeirra. Vegna falls íslensku krónunnar og aukinnar verðbólgu hefur greiðslubyrði íbúðalána aukist verulega hvort sem lánin eru í íslenskum krónum eða erlendri mynt. Þá hafa ráðstöfunartekjur lækkað mjög ásamt því að margir hafa tekið á sig skert starfshlutfall eða misst vinnuna. Því er lagt til að félags- og tryggingamálaráðherra feli Íbúðalánasjóði að kanna hvaða leiðir eru færar við greiðsluaðlögun fasteignaveðlána með því að skoða m.a. frystingu lána að fullu eða hluta og skiptingu lána í eingreiðslulán og hefðbundin fasteignaveðlán.

Áhersla er lögð á greiðsluaðlögun sem feli í sér möguleika á að skipta upp fasteignaveðláni með þeim hætti að breyta allt að helmingi láns í eingreiðslulán. Slík breyting getur gert það að verkum að greiðslubyrði heimilanna léttist jafnframt því sem fjölskyldum yrði gert

kleift að halda húsnæði sínu og vinna sig hægar út úr skuldunum með því að greiða lægri fjárhæð á meðan núverandi ástand varir. Fjölskylda sem nú þarf að greiða af tugmilljóna króna láni gæti þannig breytt helmingi láns í eingreiðslulán til 25 ára og þar með greitt einungis afborganir af helmingi lánsins næstu 25 árin. Ef nýtt verða þau tækifæri sem íslensku þjóðinni bjóðast eru allar líkur á að fasteignamarkaðurinn taki við sér á því tímabili og verð fasteigna eftir 25 ár verði hærra en sem nemur eingreiðsluláninu. Þá væri einnig hægt að leyfa innborgun á höfuðstól lánsins þegar hagur fjölskyldunnar vænkaðist, eða t.d. á nokkurra ára fresti.

Auk þess er lagt til að Íbúðalánasjóði verði falið að gera úttekt á stöðunni á íbúðamarkaði á helstu þéttbýlissvæðum og leita leiða til að bæta hana. Er það í samræmi við lögbundin verkefni sjóðsins en eitt þeirra er að fylgjast með íbúðaþörf í landinu og áætlanagerð sveitarfélaga um þörf á íbúðarhúsnæði, sbr. 9. tölul. 9. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998. Með því að fela Íbúðalánasjóði að kanna þessi atriði ætti að vera hægt að finna heildræna lausn til frambúðar á þeim vanda sem hækkandi greiðslubyrði felur í sér fyrir íslensk heimili.

566. Nefndarálit [280. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund eftirtalda gesti: Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Stefán Aðalsteinsson frá Bandalagi háskólamanna, Helgu Jónsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Andra Sveinbjörnsson og Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu, Ágúst Geir Ágústsson, Björn Rúnar Guðmundsson, Pál Þórhallsson og Tómas Brynjólfsson frá forsætisráðuneyti, Jón Þorvald Heiðarsson frá Háskólanum á Akureyri, Svein Agnarsson frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Jón Sigurðsson hagfræðing, Jón Sigurðsson lektor við Háskólann í Reykjavík, Friðrik Má Baldursson og Katrínu Ólafsdóttur frá Háskólanum í Reykjavík, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Guðjón Rúnarsson og Yngva Örn Kristinsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Davíð Oddsson, Eirík Guðnason og Sigríði Logadóttur frá Seðlabanka Íslands, Ingimund Friðriksson og Jón Gunnar Jónsson. Nefndinni bárust einnig umsagnir um frumvarpið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum í Reykjavík, Jóni Gunnari Jónssyni, Jóni Sigurðssyni lektor, Ríkisendurskoðun, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum fjárfesta, Seðlabanka Íslands, Vilhjálmi Bjarnasyni og Viðskiptaráði.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvær meginbreytingar á lögum um Seðlabanka Íslands. Er annars vegar lagt til skv. 3. gr. frumvarpsins að þriggja manna bankastjórn Seðlabanka Íslands verði lögð niður og þar með embætti þriggja bankastjóra sem sæti eiga í stjórninni, þ.m.t. embætti formanns bankastjórnar, og að í stað hennar stýri einn faglegur seðlabankastjóri bankanum. Lagt er til að forsætisráðherra skipi seðlabankastjóra til sjö ára í senn og er gert ráð fyrir að embættið verði auglýst. Í frumvarpinu er lagt til að sú krafa verði gerð að seðlabankastjóri hafi lokið meistaraprófi í hagfræði og búi auk þess yfir víðtækri reynslu og þekkingu á peningamálum. Hins vegar er í 4. gr. frumvarpsins lagt til að innan bankans verði

komið á fót peningastefnunefnd. Verði frumvarpið að lögum mun nefndin fara með ákvörðunarvald um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum. Gert er ráð fyrir að í peningastefnunefnd sitji fimm menn: seðlabankastjóri, tveir yfirmanna bankans á sviði mótunar og framkvæmdar stefnu í peningamálum og tveir sérfræðingar á sviði peningamála sem seðlabankastjóri skipar til þriggja ára að fenginni staðfestingu forsætisráðherra. Markmið þeirra breytinga sem frumvarpið kveður á um er að tryggja að í bankanum starfi fagleg yfirstjórn og að þar með verði tryggt að faglega sé staðið að ákvarðanatöku við beitingu stjórntækja bankans í peningamálum.

Talsvert var rætt um það í nefndinni að þau skilyrði um menntun seðlabankastjórans sem kveðið er á um í frumvarpinu væru of þröng og gætu leitt til þess að hæfir einstaklingar sem hefðu menntun í sambærilegum og tengdum greinum væru útilokaðir frá því að gegna embættinu. Leggur nefndin til breytingar sem varða skilyrði um menntun sem verða raktar síðar í áliti þessu. Þá var fjallað um það nýmæli sem peningastefnunefndin er. Fram komu ábendingar frá gestum og umsagnaraðilum um að skipan hennar mætti ekki verða of einsleit. Þá var bent á að heppilegt gæti verið að erlendir sérfræðingar ættu sæti í peningastefnunefnd. Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á ákvæðum frumvarpsins um peningastefnunefnd sem síðar verður vikið að.

Á fundum nefndarinnar var einnig rætt um hvort rétt væri að flytja eftirlit með fjármálafyrirtækjum aftur til Seðlabankans. Segja má að fæstir þeirra sem tjáðu sig um þetta fyrir nefndinni hafi talið slíka sameiningu heppilega. Meðal annars var bent á að tiltölulega stutt væri síðan bankaeftirlit Seðlabankans hefði verið flutt yfir í sérstofnun, eða um tíu ár, og sömuleiðis færi Fjármálaeftirlitið með víðtækt eftirlit, svo sem með vátryggingafélögum og lífeyrissjóðum, sbr. 2. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Um það var rætt að ekki væri rétt að taka ákvörðun um slíka sameiningu við þær aðstæður sem nú ríkja heldur yrði að vega og meta kosti og galla og skýrar ástæður og markmið þyrftu að liggja að baki því að flytja eftirlit Fjármálaeftirlitsins aftur í Seðlabankann.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu.

Í fyrsta lagi er lögð til breyting á 1. gr. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að bankaráð fái það hlutverk að setja starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisvarasjóðsins að fengnum tillögum seðlabankastjóra. Með þessu væri bankaráðinu falið nýtt hlutverk. Þar sem ekki eru í frumvarpinu gerðar breytingar á hlutverki bankaráðs að öðru leyti þykir rétt að hrófla ekki við því að svo stöddu.

Í öðru lagi eru lagðar til nokkrar breytingar á 3. gr. Gerð er tillaga um að forsætisráðherra skuli auk þess að skipa seðlabankastjóra skipa aðstoðarseðlabankastjóra sem skuli vera staðgengill seðlabankastjóra og er lagt til að um skipun, skipunartíma og hæfniskröfur hans gildi sömu reglur og um seðlabankastjóra. Aðstoðarseðlabankastjóri leysir seðlabankastjóra af í styttri fjarvistum og forföllum og fer hann þá með sömu valdheimildir og seðlabankastjóri samkvæmt lögunum, sbr. almennar reglur um innra valdframsal innan stofnana ríkisins, sbr. nánar reglur sem seðlabankastjóri setur um umboð starfsmanna, þ.m.t. aðstoðarseðlabankastjóra, til að skuldbinda bankann með undirskrift sinni og skulu reglurnar staðfestar af bankaráði. Komi til lengri forfalla getur forsætisráðherra, sbr. 2. efnismgr. 3. gr. frumvarpsins, sett seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra eða aðstoðarseðlabankastjóra tímabundið í embætti. Líkt og fyrr er getið komu fram athugasemdir í mörgum umsagna og hjá gestum um að þær kröfur um menntun sem kveðið er á um í frumvarpinu væru of þröngt skilgreindar. Lagt er til að menntunarkröfur verði rýmkaðar með þeim hætti að í stað meistaraprófs í hagfræði verði áskilið að viðkomandi hafi lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum

og búi yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Telur meiri hlutinn að sem dæmi um fagsvið viðkomandi umsækjenda kæmu til greina viðskiptafræði, rekstrarhagfræði, fjármálaverkfræði eða -stærðfræði, tölfræði við hagrannsóknir, fjármála- og viðskiptalögfræði, o.fl. Einnig er lagt til að skipunartími seðlabankastjóra sem og aðstoðarseðlabankastjóra skuli vera fimm ár til samræmis við skipunartíma annarra embættismanna íslenska ríkisins, sbr. þó tillögu um nýtt ákvæði til bráðabirgða um að við fyrstu skipun verði aðstoðarseðlabankastjóri skipaður til fjögurra ára. Enn fremur er gerð tillaga um að við skipun í embætti seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra skuli forsætisráðherra skipa sérstaka nefnd sem hafi það hlutverk að leggja mat á hæfni umsækjenda um stöðu seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra. Miðar tillagan að því að styrkja enn frekar faglegan grundvöll við skipun í embættin. Gert er ráð fyrir því að bankaráð Seðlabanka Íslands skipi einn fulltrúa í nefndina, einn fulltrúi verði skipaður af samstarfsnefnd háskólastigsins, en í henni eiga sæti rektorar háskóla sem hafa fengið viðurkenningu menntamálaráðuneytis, og einn sem forsætisráðherra skipar án tilnefningar og verði hann formaður nefndarinnar. Þá er lagt til að áréttað verði sérstaklega að settar skuli reglur um umboð aðstoðarseðlabankastjóra til að skuldbinda bankann.

Í þriðja lagi eru lagðar til nokkrar breytingar á 4. gr. að því er varðar peningastefnunefnd. Lagt er til að áréttað verði að peningastefnunefnd skuli við ákvarðanatöku um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum taka mið af ástandi og horfum í fjármálastöðugleika með sama hætti og tekið er mið af ástandi og horfum í efnahags- og peningamálum. Einnig er lögð til sú breyting að aðstoðarseðlabankastjóri eigi sæti í peningastefnunefnd ásamt einum yfirmanni bankans á sviði mótunar eða framkvæmdar stefnu í peningamálum. Þá er lagt til að í stað þess að seðlabankastjóri skipi tvo nefndarmenn að fenginni staðfestingu ráðherra þá skipi forsætisráðherra hina tvo utanaðkomandi nefndarmenn beint. Miðar breytingin að því að takmarka áhrifavald seðlabankastjóra að þessu leyti. Skulu þessir tveir menn vera sérfræðingar á sviði efnahags- og peningamála og telur meiri hlutinn að til álita kæmi að fá erlendan einstakling til að taka sæti í nefndinni. Loks er lagt til að skipunartími utanaðkomandi nefndarmanna verði fimm ár, sbr. þó tillögu um nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem mælt er fyrir um að við fyrstu skipun í nefndina verði annar nefndarmaðurinn skipaður til þriggja ára en hinn til fjögurra ára. Tiltekið er að atkvæði staðgengils ráði úrslitum ef atkvæði falla jöfn og formaður er fjarverandi. Enn fremur leggur meiri hlutinn til að fundargerðir peningastefnunefndar verði birtar opinberlega. Er það talið til þess fallið að auka trúverðugleika ákvarðana nefndarinnar auk þess sem það felur í sér aukið gagnsæi. Telja verður nauðsynlegt fyrir fjármálalífið að það fái upplýsingar um á hvaða grunni þessar ákvarðanir séu teknar. Gagnrýnt hefur verið af hálfu fjármálafyrirtækja að forsendur og markmið stýrivaxtaákvarðana séu ekki uppi á borðinu. Sú breyting sem hér er lögð til er fyrst og fremst sett fram til að auka tiltrú á Seðlabankanum og auka gagnsæi stýrivaxtaákvarðana hans. Um leið fengi bankinn nauðsynlegt aðhald og málefnaleg umræða mundi aukast. Er það til að mynda talið þýðingarmikið að upplýst sé hvernig atkvæði falla við töku ákvarðana í nefndinni. Er gert ráð fyrir því að peningastefnunefnd setji nánari reglur um birtingu fundargerða, þ.m.t. um tímamark birtingar o.fl. Einnig er lagt til að peningastefnunefnd gefi Alþingi tvisvar á ári skýrslu um störf sín. Gengið er út frá því að þrjár nefndir þingsins, efnahags- og skattanefnd, fjárlaganefnd og viðskiptanefnd, fundi sameiginlega um efni skýrslnanna ásamt nefndarmönnum úr peningastefnunefnd.

Í fjórða lagi er lögð til viðbót við 5. gr. í þá veru að kveðið verði á um að nefndarmönnum í peningastefnunefnd sé óheimilt að sinna störfum utan bankans sem geta verið til þess fallin

að draga óhlutdrægni þeirra í efa. Miðar ákvæðið að því að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í störfum þeirra. Komi upp ágreiningur um beitingu ákvæðisins sker forsætisráðherra úr. Þá er jafnframt gerð tillaga um að forsætisráðherra geti með reglugerð kveðið nánar á um hæfisskilyrði, þ.m.t. neikvæð hæfisskilyrði þeirra sem taka sæti í peningastefnunefnd.

Í fimmta lagi eru lagðar til breytingar á 7. gr. þar sem rétt þykir að bankaráðið ákveði einnig starfskjör aðstoðarseðlabankastjóra eins og seðlabankastjóra.

Í sjötta lagi er lagt til að gerðar verði breytingar á 9. gr. þannig að áréttað verði að um nefndarmenn í peningastefnunefnd og aðstoðarseðlabankastjóra gildi sömu ákvæði um þagnarskyldu og meðferð trúnaðarupplýsinga og gilda um seðlabankastjóra, starfsmenn bankans og bankaráðsmenn skv. 35. gr. laganna.

Í sjöunda lagi eru lagðar til nokkrar breytingar á bráðabirgðaákvæðum og leggur meiri hlutinn einnig til að bætt verði við nýju ákvæði til bráðabirgða. Lagðar eru til breytingar á ákvæði II til bráðabirgða í frumvarpinu sem fela í sér heimild til handa forsætisráðherra til að setja seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra tímabundið í embætti þar til skipað hefur verið í embættin samkvæmt ákvæðum laganna. Um þessa tímabundnu setningu gilda ekki ákvæði 4. tölul. 6. gr. eða 1. mgr. 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en í því sambandi ber að árétta að 2. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar gildir einvörðungu um skipun í embætti. Þá felur ákvæðið jafnframt í sér að lögfest er undantekning frá 24. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Skal settur seðlabankastjóri og aðstoðarseðlabankastjóri gegna embætti þar til skipað hefur verið í stöðurnar á grundvelli auglýsinga samkvæmt ákvæðum laganna.

Þá er líkt og fyrr er getið lagt til að við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem hafi það að markmiði að koma í veg fyrir að skipunartími seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra renni út á sama tíma. Einnig til að koma í veg fyrir að skipunartími þeirra tveggja nefndarmanna í peningastefnunefnd sem forsætisráðherra skipar renni út á sama tíma, en heppilegra þykir að endurnýjun í nefndinni eigi sér stað í áföngum.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 19. febr. 2009.

Álfheiður Ingadóttir, form., frsm.	Gunnar Svavarsson.	Lúðvík Bergvinsson.
Höskuldur Þórhallsson.		Birkir J. Jónsson.

567. Breytingartillögur [280. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar (ÁI, GSv, LB, HöskÞ, BJJ).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað orðsins „Bankastjórn“ í 2. málsl. 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: Seðlabankastjóri.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   23. gr. laganna orðast svo:
   Forsætisráðherra skipar seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra til fimm ára í senn. Seðlabankastjóri og aðstoðarseðlabankastjóri skulu hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Aðeins er hægt að skipa sama mann seðlabankastjóra eða aðstoðarseðlabankastjóra tvisvar sinnum. Seðlabankastjóri ber ábyrgð á rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru falin öðrum með lögum þessum. Aðstoðarseðlabankastjóri er staðgengill seðlabankastjóra.
   Við skipun í embætti seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra skal forsætisráðherra skipa þriggja manna nefnd er hafi það hlutverk að leggja mat á hæfni umsækjenda. Skal einn nefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins, einn samkvæmt tilnefningu bankaráðs Seðlabanka Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.
   Forfallist seðlabankastjóri eða aðstoðarseðlabankastjóri getur forsætisráðherra sett menn tímabundið í stöður þeirra.
   Seðlabankastjóri setur reglur um umboð starfsmanna og aðstoðarseðlabankastjóra til að skuldbinda bankann með undirskrift sinni og skulu reglurnar staðfestar af bankaráði, sbr. 28. gr.
3. Við 4. gr.
   a. Við 1. efnismgr. bætist: og fjármálastöðugleika.
   b. 2. efnismgr. orðist svo:
      Í peningastefnunefnd situr seðlabankastjóri, aðstoðarseðlabankastjóri, einn af yfirmönnum bankans á sviði mótunar eða stefnu í peningamálum og tveir sérfræðingar á sviði efnahags- og peningamála sem forsætisráðherra skipar til fimm ára í senn. Seðlabankastjóri er jafnframt formaður peningastefnunefndar. Peningastefnunefnd er ályktunarhæf ef fjórir af fimm nefndarmönnum sitja fund nefndarinnar. Ákvarðanir peningastefnunefndar skulu teknar með einföldum meiri hluta, en falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns eða staðgengils hans. Peningastefnunefnd skal halda fundi að minnsta kosti átta sinnum á ári. Auk þess getur peningastefnunefnd haldið fund ef formaður ákveður eða þrír nefndarmenn krefjast þess. Peningastefnunefnd setur sér starfsreglur sem bankaráð staðfestir um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana sinna í peningamálum. Opinberlega skal birta fundargerðir peningastefnunefndar og gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra. Peningastefnunefnd getur þó ákveðið að skýra ekki frá ákvörðunum um viðskipti á gjaldeyrismarkaði skv. 18. gr.

c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Peningastefnunefnd skal gefa Alþingi skýrslu um störf sín tvisvar á ári. Skal efni skýrslunnar rætt á sameiginlegum fundi efnahags- og skattanefndar, fjárlaganefndar og viðskiptanefndar.

4. Við 5. gr.
a. Á eftir orðinu „Seðlabankastjóra“ í 1. efnismgr. komi: og aðstoðarseðlabankastjóra.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Nefndarmönnum í peningastefnunefnd sem forsætisráðherra skipar er óheimilt að sinna störfum utan bankans sem geta verið til þess fallin að draga óhlutdrægni þeirra í efa. Forsætisráðherra hefur úrskurðarvald ef ágreiningur rís um beitingu þessa ákvæðis. Forsætisráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um hæfisskilyrði nefndarmanna í peningastefnunefnd.

5. Við 7. gr.
a. Á eftir orðinu „seðlabankastjóra“ í efnismálslið c-liðar komi: aðstoðarseðlabankastjóra.
b. F-liður orðist svo: Í stað orðsins „bankastjórn“ í j-, l-, m- og n-lið kemur: seðlabankastjóri.
c. Við bætist nýr stafliður sem orðist svo: E-liður orðast svo: Staðfesta reglur sem seðlabankastjóri setur um umboð starfsmanna bankans og aðstoðarseðlabankastjóra til þess að skuldbinda bankann, sbr. 23. gr.

6. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „bankastjórar“ í 1. mgr. kemur: seðlabankastjóri, aðstoðarseðlabankastjóri, nefndarmenn í peningastefnunefnd.
b. Í stað orðsins „bankastjórum“ í 2. mgr. kemur: seðlabankastjóra, aðstoðarseðlabankastjóra, nefndarmönnum í peningastefnunefnd.

7. Við ákvæði til bráðabirgða II.
a. Í stað orðanna „nýtt embætti seðlabankastjóra laust“ í 2. málsl. komi: nýtt embætti seðlabankastjóra og nýtt embætti aðstoðarseðlabankastjóra laus.
b. 3. málsl. falli brott.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 23. gr. laganna skal forsætisráðherra við gildistöku laga þessara setja tímabundið menn sem uppfylla skilyrði laga þessara í embætti seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra. Um þessa tímabundnu setningu gilda ekki ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. eða 1. mgr. 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Settur seðlabankastjóri og settur aðstoðarseðlabankastjóri skulu gegna embætti þar til skipað hefur verið í stöðurnar á grundvelli auglýsinga samkvæmt ákvæðum laganna.

8. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 23. gr. laganna skal forsætisráðherra er hann skipar aðstoðarseðlabankastjóra að undangenginni auglýsingu í fyrsta sinn eftir gildistöku laganna skipa hann til fjögurra ára í stað fimm ára eins og mælt er fyrir um í ákvæðinu.
Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 24. gr. laganna skal forsætisráðherra er hann skipar sérfræðinga í peningastefnunefnd samkvæmt ákvæðinu í fyrsta sinn við gildistöku laganna skipa einn sérfræðing til þriggja ára og annan til fjögurra ára í stað fimm ára eins og í ákvæðinu greinir.

568. Frumvarp til laga [330. mál]

um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Flm.: Ármann Kr. Ólafsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Ólöf Nordal,
Kjartan Ólafsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Sigurður Kári Kristjánsson,
Guðfinna S. Bjarnadóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Sveitarfélagi skal heimilt að afla leiguhúsnæðis með leigusamningi til að mæta tímabundinni húsnæðisþörf í sveitarfélagi. Um framkvæmd ákvæðisins gilda ákvæði VIII. kafla eftir því sem við á.

Nýti sveitarfélag sér þessa heimild skal það fá greiðslu frá ríkissjóði og skerðist þá hlutfallslega til samræmis réttur sveitarfélags til að fá endurgreiðslu vaxtamunar af láni til leiguíbúða, sbr. VIII. kafla.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins, m.a. um fjárhæðir greiðslna úr ríkissjóði, endurgreiðslu vaxtamunar, mánaðarlegt leigugjald íbúða og rétt til leiguhúsnæðis.

Heimild sveitarfélags til að afla nýs leiguhúsnæðis með leigusamningi samkvæmt greininni fellur úr gildi 1. maí 2012 en gerðir samningar skulu þó halda gildi sínu til samningsloka.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2009.

Greinargerð.

Frumvarpinu er ætlað að veita sveitarfélögum heimild til að taka íbúðarhúsnæði á leigu til að leigja út til einstaklinga sem uppfylla skilyrði um félagslegt húsnæði og mæta þannig tímabundinni húsnæðisþörf í sveitarfélagi. Frumvarpið miðar að því að mæta tímabundnu ástandi og gerir sveitarfélögum kleift að vinna hraðar og skilvirkar á biðlistum eftir félagslegu húsnæði en ef byggja eða kaupa þyrfti nýjar íbúðir.

Lagt er að til að sveitarfélag fái greiðslu úr ríkissjóði til eins árs í senn en á móti lækki hlutfallslega réttur þess til að fá endurgreiðslu vaxtamunar sem ríkið greiðir vegna kaupa sveitarfélags á leiguhúsnæði. Miðað er við að ákvæði VIII. kafla laganna gildi eftir því sem við á um framkvæmd ákvæðisins. Með því geta sveitarfélög m.a. nýtt sér heimild til að láta hlutafélag, sjálfseignarstofnun eða félag með ótakmarkaðri ábyrgð sem annast útleigu íbúða í þeirra eigu einnig annast leigu og útleigu íbúða samkvæmt ákvæðinu. Þá mundi viðmið það sem kveðið er á um í 37. gr. um rétt til leiguhúsnæðis, sbr. 4. þátt reglugerðar nr. 873/2001, um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur, einnig eiga við um útleigu íbúða samkvæmt frumvarpinu. Þó er jafnframt kveðið á um sérstaka reglugerðarskyldu um framkvæmd ákvæðisins. Skal þar útfæra nánar reglur um framkvæmd ákvæðisins, úthlutunarfjárhæðir úr ríkissjóði, reglur um endurgreiðslu vaxtamunar, leigufjárhæð o.fl. Hvað niðurfellingu réttar til greiðslu á vaxtamun varðar mætti vel setja upp einfalda reglu sem gerir ráð fyrir því að á móti greiðslu til sveitafélags vegna tveggja leiguíbúða falli niður réttur til greiðslu vaxtamunar af einni íbúð.

Miðað er við að ákvæði VIII. kafla laganna gildi eftir því sem við á um framkvæmd þessara laga. Með því geta sveitarfélög m.a. nýtt sér heimild til að láta hlutafélag, sjálfseignarstofnun eða félag með ótakmarkaðri ábyrgð sem annast útleigu íbúða í þeirra eigu, einnig annast leigu og útleigu íbúða samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu. Þá mundi viðmið það sem kveðið er á um í 37. gr. laganna um rétt til leiguhúsnæðis, sbr. 4. þátt reglugerðar nr. 873/2001, um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur, einnig eiga við um útleigu íbúða samkvæmt frumvarpinu. Lagt er til að heimildin sé tímabundin enda er henni ætlað að mæta þeim sérstöku aðstæðum sem nú ríkja í þjóðfélaginu.

Á sveitarfélögum hvílir m.a. sú skylda að tryggja eftir því sem kostur er framboð á leiguhúsnæði samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Í 5. gr. laga um húsnæðismál er þessi skylda áréttuð þar sem segir að sveitarstjórn beri ábyrgð á og hafi frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þess fólks í sveitarfélaginu sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun. Við þær þjóðfélagsaðstæður sem nú eru fjölgar þeim hratt sem uppfylla skilyrði um félagslegt íbúðarhúsnæði og þarfnast aðstoðar. Það er því líklegt að þörf á slíku húsnæði aukist mikið en ef að líkum lætur er hér um tímabundið ástand að ræða sem rætist úr þegar heimskreppan er gengin yfir.

Til að leysa húsnæðisvanda er sveitarfélögunum gert kleift að fá 90% lán hjá Íbúðalánasjóði til að fjármagna byggingu eða kaup leiguíbúða, sbr. 36. gr. laga um húsnæðismál. Þessi lán bera lægri vexti en almenn lán sjóðsins og er það ríkið sem endurgreiðir þennan vaxtamun í 50 ár. Vaxtamunurinn er samkvæmt greinargerð með fjárlögum 2009 áætlaður 1,2% sem gerir 145 millj. kr. á ári á hverjar 750 íbúðir. Sveitarfélög þurfa svo að reiða fram 10% af kaupverði og skuldbinda sveitarfélagið til sama árafjölda. Á höfuðborgarsvæðinu nema þessi 10% að meðaltali 2 millj. kr. á hverja íbúð. Augljóslega er hér um að ræða mikil fjárútlát fyrir ríki og sveitarfélög. Kaup á félagslegu íbúðarhúsnæði hafa því í för með sér mikla skuldsetningu hins opinbera sem er ekki æskilegt við núverandi aðstæður. Jafnframt tekur það langan tíma að uppfylla húsnæðisþörf með þessum hætti. Því er lagt til að meðan þetta tímabundna ástand varir fái sveitarfélög heimild til að leigja íbúðir á almennum markaði og leigja þær svo út til þeirra sem uppfylla skilyrði um félagslegt íbúðarhúsnæði.

Með því að lögfesta þessa heimild geta sveitarfélög leigt íbúðir til þeirra sem uppfylla skilyrði um félagslegt íbúðarhúsnæði án þess þó að auka skuldbindingar ríkis og sveitarfélaga til 50 ára. Þá gerir hún sveitarfélögum kleift að bregðast við þörfinni með mun skjótari og skilvirkari hætti en ella. Þar sem leiguverð fer nú lækkandi vegna mikils framboðs á leiguhúsnæði er þessi lausn ákjósanleg í núverandi ástandi. Þessi aðferð mundi einnig geta rétt stöðu Íbúðalánasjóðs í ljósi þess að hann eignast íbúðarhúsnæði leigufélaga vegna þess að ekki er markaður fyrir húsnæði þeirra. Leigumarkaðurinn mundi með nýtingu heimildarinnar örvast og því draga úr þrýstingi á Íbúðalánasjóð til að taka yfir leigufélög. Jafnframt ýtir þetta undir að sveitarfélögin geti með skjótari hætti komið til móts við umbjóðendur sína þegar þess er þörf og dregið hraðar úr kostnaði sínum þegar betur árar.

Þessi ráðstöfun mundi því skila sér í sveigjanlegra kerfi og skjótari úrlausnum fyrir borgarana ásamt minni fjárútlátum og minni skuldsetningu hins opinbera.

569. Tillaga til þingsályktunar [331. mál]

um kennslu í fjármálum á unglingastigi grunnskóla og í framhaldsskólum.

Flm.: Herdís Þórðardóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Pétur H. Blöndal, Arnbjörg Sveinsdóttir, Ásta Möller, Einar K. Guðfinnsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Kristján Þór Júlíusson, Bjarni Benediktsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Kjartan Ólafsson, Björk Guðjónsdóttir, Ólöf Nordal, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Sturla Böðvarsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta hefja undirbúning að kennslu í fjármálum á unglingastigi grunnskóla og í framhaldsskólum. Skipað verði eins fljótt og kostur er í starfshóp sérfróðra aðila sem geri tillögur um hvernig best sé að standa að verkinu. Unnið verði að því með eins skjótum hætti og hægt er að koma fjármálakennslu inn í aðalnámskrá fyrir grunn- og framhaldsskóla svo að hægt verði að bjóða upp á kennslu í fjármálum á haustönn 2009.

Greinargerð.

Í kjölfar bankahrunsins á liðnu hausti og í efnahagsþrengingum undanfarinna mánaða hafa fjölmargir ungir einstaklingar lent í verulegum erfiðleikum vegna fjármála sinna. Það er mikið áhyggjuefni hversu margir hafa lent í alvarlegum vandræðum og augljóst að brýna nauðsyn ber til aðgerða til að sporna við þróun sem þessari. Mikið af skuldunum er vegna yfirdráttar, greiðslukorta, bílalána o.s.frv. Leiða má líkur að því að stór hluti skuldanna sé ekki til kominn vegna hefðbundinna fasteignakaupa sem löngum hafa verið mestu skuldir einstaklinga, heldur sé um að ræða skuldir vegna mikillar almennrar neyslu eða fjárfestinga í eignum sem hafa tiltölulegan skamman líftíma, líkt og bílar. Því er staðan hjá mörgum þannig að bak við miklar skuldir standa litlar sem engar eignir og nettó skuldastaða því slæm.

Samkvæmt upplýsingum frá Creditinfo á Íslandi voru 664 einstaklingar á aldrinum 18–22 ára á vanskilaskrá, gert hafði verið árangurslaust fjárnám hjá 343 þeirra. Þetta eru alvarlegar tölur sem þarf að bregðast við með ábyrgum hætti og er þingsályktunartillaga þessi skref í þá átt.

Nauðsynlegt er að menntakerfið veiti ungu fólki sem er að stíga fyrstu skrefin í fjárhagslegu sjálfstæði vandaða menntun og upplýsingar. Fólk þarf að þekkja þá ábyrgð sem felst í fjárhagslegum skuldbindingum sem það getur tekist á hendur. Margvísleg lánafyrirgreiðsla er í boði, yfirdrættir, greiðslukort og alls kyns önnur lánaform. Umhverfi og framboð fjármálafyrirtækja hefur tekið stakkaskiptum á örfáum árum og nú standa margvíslegri og oft og tíðum flóknari fjármálaafurðir einstaklingum til boða en áður. Þetta á við um lánafyrirgreiðslu jafnt sem sparnaðarleiðir. Auknir möguleikar og flóknari vörur á þessu sviði kalla á aukna fræðslu.

Afar mikilvægt er að einstaklingar sem standa frammi fyrir því að taka ákvörðun um fjármál sín séu færir um að taka ákvörðun á grunni upplýsinga og er þá átt við að viðkomandi geri sér nauðsynlega grein fyrir þeim afleiðingum sem ákvörðunin getur haft fyrir hann. Þá er átt við ákvarðanir um lántökur og ekki síður sparnað. Mikilvægi sparnaðar verður seint ofmetið en sérstaklega er hann mikilvægur við núverandi aðstæður í þjóðfélaginu. Þeir sem hafa haft þá fyrirhyggju og sýnt þá ráðdeildarsemi að leggja fyrir einhverja fjármuni eru nú

þegar efnahagsþrengingar ríða yfir þjóðfélagið í allt annarri stöðu en þeir sem eru skuldum hlaðnir, sérstaklega þar sem vextir eru nú himinháir, bæði á útlánum og innlánum.

Efnistök væntanlegrar fjármálafræðslu yrðu ákveðin í fyrirhuguðum starfshópi sérfræðinga sem mundu meta þörf hennar og umfang. Brýnt er þó að fræðslan snúist um grundvallarþætti almennra fjármála en að áhugasamir geti átt þess kost að kynnast flóknari þáttum í fjármálum.

Líta verður á kennslu í fjármálum sem eðlilegan og sjálfsagðan þátt í þeim undirbúningi sem grunn- og framhaldsskólum ber að veita ungu fólki sem er að búa sig undir lífið og að takast á við það hlutverk að vera ábyrgur þjóðfélagsþegn. Því er brýnt að koma fræðslu sem þessari á fastan grunn innan skólanna í stað þess að treysta á frumkvæði hvers skóla fyrir sig. Góð fjármálafræðsla getur haft svo afdrifarík áhrif á framtíð einstaklingsins að tryggja verður að allir fái grunnfræðslu.

570. Nefndarálit [280. mál]

um frv. til l. um breyt á l. nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

Frá minni hluta viðskiptanefndar.

Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar á sér um margt sérstakan aðdraganda. Við myndun ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna var því lýst yfir að meðal forgangsmála hennar væri að skipta um yfirstjórn Seðlabanka Íslands og breyta lögum þannig að aðeins yrði um einn bankastjóra að ræða og að skipuð yrði sérstök peningastefnunefnd til fara með stjórntæki bankans í peningamálum. Aðeins þremur dögum eftir myndun ríkisstjórnarinnar var frumvarp þetta lagt fram á Alþingi og bar það öll merki þess að vera unnið í miklum flýti og án eðlilegs undirbúnings.

Ekki var um að ræða samráð ríkisstjórnarflokkanna við aðra flokka á þingi, en slíkt samráð hefur undantekningarlaust átt sér stað í aðdraganda fyrri breytinga á lögum um Seðlabankann. Einnig var augljóst að ekki hafði átt sér stað fagleg vinna við undirbúning frumvarpsins, heldur var að mestu leyti um að ræða endurunnar breytingartillögur þingmanna Samfylkingarinnar frá því að seðlabankalögunum var breytt árið 2001. Ítrekað hefur verið spurt um faglegan undirbúning málsins og hugsanlega aðkomu sérfræðinga að því, bæði í 1. umræðu um frumvarpið og á fundum viðskiptanefndar, en fátt hefur verið um svör. Var því ekki við öðru að búast en útkoman yrði meingölluð, bæði í ljósi þess hve frumvarpið tekur á fáum þáttum laganna um Seðlabankann og einnig í sambandi við útfærslu einstakra greina þess. Þetta síðarnefnda atriði kom mjög skýrt fram í umfjöllun nefndarinnar þar sem langflestir umsagnaraðilar og gestir sem komu á fund nefndarinnar gerðu verulegar athugasemdir við útfærslu einstakra ákvæða. Hinar fjölmörgu breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar fela í raun í sér viðurkenningu á þessu. Telja verður að þær séu flestar til þess fallnar að bæta frumvarpið en eins og síðar verður vikið að telur minni hlutinn að lengra hefði þurft að ganga í breytingum að ýmsu leyti.

Afmörkun á efni frumvarpsins.

Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu tekur það aðeins til breytinga á stjórnskipulagi bankans. Er það stór galli að mati minni hlutans enda hafa fjölmargir bent á að endurskoðunar væri þörf á mun fleiri þáttum laganna en stjórnskipulaginu. Þannig hafa margir bent á að markmiðum bankans væru settar of þröngar skorður í núgildandi lögum þar sem í 3. gr. laganna segir að meginmarkmið bankans sé að stuðla að stöðugu verðlagi. Á það var bent í starfi viðskiptanefndar að eðlilegt væri að skoða þetta atriði en ekki reyndist áhugi hjá meiri hlutanum að fara í gegnum þá umræðu við afgreiðslu þessa máls. Á sama hátt hefur sjálf peningamálastefna bankans sætt gagnrýni úr ýmsum áttum en umfjöllun um hana var einnig vísað inn í framtíðina.

Ekki var heldur áhugi hjá meiri hluta nefndarinnar að ræða víðtækari skipulagsbreytingar hjá þeim stofnunum sem eftirlit hafa með fjármálamörkuðum hér á landi. Minni hlutinn vakti athygli á hugmyndum sem fram hafa komið um hugsanlega sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins eða einhvers konar breytingum á verkaskiptingu þessara stofnana en ekki var vilji til að taka slíkar hugmyndir til umfjöllunar hjá nefndinni.

Viljaleysi ríkisstjórnarinnar og meiri hluta nefndarinnar til að skoða þessa og fleiri þætti seðlabankalaganna hlýtur að vekja spurningar um tilgang frumvarpsins. Yfirlýst markmið með flutningi þess er samkvæmt greinargerð að bregðast við þeim áföllum sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir á undanförnum mánuðum, ekki síst áföllum í sambandi við breytingar á fjármálamörkuðum, hérlendis sem erlendis. Í stað þess að skoða öll þau atriði sem til athugunar hljóta að koma sem raunveruleg viðbrögð við fjármálakreppunni er látið við það sitja að leggja til lagabreytingar varðandi stjórn Seðlabankans. Tilgangur þeirra breytinga er augljóslega eingöngu að ná fram því markmiði, sem fram kemur í greinargerð, að stuðla að verulegri uppstokkun og endurnýjun i yfirstjórn bankans.

Einstakir efnisþættir og álitamál.

Einn eða fleiri bankastjórar.

Í upphaflegu frumvarpi var gert ráð fyrir einum bankastjóra og ekkert fjallað um staðgengil hans. Sætti þetta atriði talsverðri gagnrýni umsagnaraðila og eru viðbrögð meiri hlutans að gera tillögu um aðstoðarbankastjóra sem skipaður verði með sama hætti og sömu skilyrðum og bankastjórinn. Minni hlutinn telur þetta ótvírætt til bóta. Ástæða er hins vegar til að vekja athygli á því að nái breytingartillagan fram að ganga verður mun minni breyting á skipulagi yfirstjórnar bankans heldur en yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar gerði ráð fyrir. Í stað eins bankastjóra sem gegnir hlutverki formanns bankastjórnar og tveggja annarra bankastjóra koma einn bankastjóri og einn aðstoðarbankastjóri. Það er því aðeins um að ræða fækkun um einn í yfirstjórninni og breytingu á titlum.

Skilyrði um menntun og hæfni.

Í frumvarpinu var upphaflega lagt til að seðlabankastjóri skyldi hafa lokið meistaraprófi í hagfræði og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á peningamálum. Hörð gagnrýni kom fram á þetta ákvæði, bæði við umræður í þinginu og í athugasemdum umsagnaraðila, og var það niðurstaða meiri hlutans að gera breytingar til að koma til móts við þau sjónarmið. Sú breytingartillaga gerir ráð fyrir að seðlabankastjóri skuli hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi, efnahags- og peningamálum.

Minni hlutinn telur þessa breytingu vissulega vera til bóta en telur þó að of skammt sé gengið. Sérstaklega er ástæða til að vekja athygli á því að orðalagið „hagfræði eða tengdum greinum“ getur kallað á verulegan túlkunarvanda og spyrja má spurninga um tengsl einstakra háskólagreina við hagfræði. Almennt er líka ástæða til að vekja athygli á því að margvíslegt háskólanám getur verið góður grunnur fyrir seðlabankastjóra, einkum ef hann hefur til að bera aðra þá þekkingu og reynslu sem getið er um í ákvæðinu. Væri því eðlilegra að hafa ákvæðið enn opnara og vísa til háskólaprófs og víðtækrar þekkingar og reynslu á fjármálastarfsemi, efnahags- og peningamálum til að útiloka ekki hæfa einstaklinga sem ekki hafa háskólamenntun sem fellur nákvæmlega undir skilgreininguna á hagfræði eða tengdum greinum. Væri slík opin skilgreining í meira samræmi við löggjöf erlendis, enda hefur ekki tekist að finna þess dæmi í lögum annarra ríkja að gerðar skuli sérstaklega kröfur um tiltekna háskólamenntun. Breyting í þessa átt væri líka í samræmi við ábendingar margra umsagnaraðila, t.d. Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem í formlegri umsögn frá 12. febrúar sl. segir að venjulega séu ekki í lögum gerðar sérstakar menntunarkröfur til Seðlabankastjóra heldur vísað til viðurkenndrar þekkingar og reynslu. Raunar kemur fram í umsögn frá Seðlabanka Íslands að í upphaflegum athugasemdum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins við frumvarpið hafi sérstaklega verið tiltekið að embættispróf í lögfræði ásamt víðtækri reynslu væri fullnægjandi skilyrði. Þessar upphaflegu athugasemdir hafa hvorki fengist birtar opinberlega né verið unnt að fá þær afhentar viðskiptanefnd þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Peningastefnunefnd.

Áður var gagnrýnt að seðlabankastjóri væri samkvæmt frumvarpinu of einráður um skipanir í nefndina en viðbrögð meiri hlutans eru á þá leið að flytja nær allt skipunarvald til forsætisráðherra. Með þessu er jafnvægi fært verulega til, í stað þess að bankastjóri hafi yfirgnæfandi áhrif eru valdið fært til forsætisráðherra. Hið mikla vald forsætisráðherra vekur spurningar um sjálfstæði bankans, ekki síst þegar litið er til þess hve marga sem sæti eiga í nefndinni einn og sami forsætisráðherrann á að skipa við gildistöku laganna. Minni hlutinn leggur því til að við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem geri ráð fyrir að í upphafi skuli bankaráð skipa annan tveggja sérfræðinga á sviði efnahags- og peningamála og að sú skipun gildi til fjögurra ára.

Ákvæði til bráðabirgða.

Breytingartillögur meiri hlutans gera ráð fyrir að núverandi bankastjórar láti af störfum þegar við gildistöku laganna og mun þá forsætisráðherra jafnframt setja tímabundið bankastjóra og aðstoðarbankastjóra án auglýsingar. Skulu þeir gegna embætti þar til skipað hefur verið í stöðurnar á grundvelli auglýsingar og einnig að undangengnu mati þriggja manna nefndar sem meta á hæfni umsækjenda í samræmi við breytingartillögur meiri hlutans. Hætt er við að þetta valdi langvarandi óvissu um stjórnun bankans því ljóst er að allt þetta ferli getur tekið allt frá nokkrum vikum upp í nokkra mánuði. Telur minni hlutinn að mikilvægt sé að fara vel yfir möguleika í þessu sambandi til þess að unnt verði að tryggja sem kostur er stöðugleika í stjórn bankans.

Minni hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

23. gr. laganna orðast svo:

Forsætisráðherra skipar seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra til fimm ára í senn. Seðlabankastjóri og aðstoðarseðlabankastjóri skulu hafa lokið háskólaprófi og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Aðeins er hægt að skipa sama mann seðlabankastjóra eða aðstoðarseðlabankastjóra tvisvar sinnum. Seðlabankastjóri ber ábyrgð á rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru falin öðrum með lögum þessum. Aðstoðarseðlabankastjóri er staðgengill seðlabankastjóra.

Við skipun í embætti seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra skal forsætisráðherra skipa þriggja manna nefnd er hafi það hlutverk að leggja mat á hæfni umsækjenda. Skal einn nefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins, einn samkvæmt tilnefningu bankaráðs Seðlabanka Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Forfallist seðlabankastjóri eða aðstoðarseðlabankastjóri getur forsætisráðherra sett menn tímabundið í stöður þeirra.

Seðlabankastjóri setur reglur um umboð starfsmanna og aðstoðarseðlabankastjóra til að skuldbinda bankann með undirskrift sinni og skulu reglurnar staðfestar af bankaráði, sbr. 28. gr.

2. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Við gildistöku þessa ákvæðis skal bankaráð, þrátt fyrir 2. mgr. 24. gr. laganna, skipa annan tveggja sérfræðinga á sviði efnahags- og peningamála til fjögurra ára.

Alþingi, 19. febr. 2009.

Birgir Ármannsson, frsm.	Guðfinna Bjarnadóttir.	Árni M. Matthiesen.

Jón Magnússon.

Með nefndarálitinu var útbýtt þeim umsögnum sem nefndinni bárust um málið.

571. Tillaga til þingsályktunar [332. mál]

um jöfnun samkeppnisstöðu framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni með endurskoðun á reglum ÁTVR.

Flm.: Kristján Þór Júlíusson, Gunnar Svavarsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að taka til endurskoðunar reglur um móttöku og dreifingu ÁTVR í þeim tilgangi að jafna stöðu fyrirtækja á landsbyggðinni.

Greinargerð.

Tillaga þessi byggist á vinnu starfshóps um fyrirkomulag flutningsjöfnunar sem skipaður var af viðskiptaráðherra árið 2007 og skilaði af sér skýrslu í júlí 2008. Í skýrslunni eru

kynntar tillögur nefndarinnar til að jafna flutningskostnað þannig að hann verði fyrirtækjum ekki verulega íþyngjandi. Rannsóknir hafa sýnt að kostnaður við flutning á vöru til og frá fyrirtækjum sem starfa utan helsta þéttbýlissvæðis landsins skekkir samkeppnisstöðu þeirra á innanlandsmarkaði og í útflutningi.

Í reglum ÁTVR, um vöruval og sölu áfengis og skilmála í viðskiptum við birgja nr. 481/2008, sem settar eru með heimild í reglugerð nr. 883/2005 um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, er að finna dæmi um regluverk þar sem flutningskostnaður íþyngir fyrirtækjum á landsbyggðinni. Þar segir að hverja pöntun skuli afhenda sérstaklega í vöruhúsi ÁTVR í Reykjavík. Samkvæmt reglum þessum hefur ÁTVR eina móttökustöð fyrir áfengi á landinu öllu sem staðsett er í Reykjavík. Það gefur auga leið að þetta fyrirkomulag skekkir mjög samkeppnisstöðu áfengisframleiðenda á landsbyggðinni. Þessu ætti að vera auðvelt að breyta og ekkert virðist standa því í vegi að ÁTVR taki á móti vörum á fleiri stöðum, t.d. í hverjum landsfjórðungi. Á þennan hátt mætti koma í veg fyrir að vöru yrði ekið fram og til baka um landið með tilheyrandi kostnaði og óþarfa fyrirhöfn. Auk þess starfar fjöldi fólks á landsbyggðinni við framleiðslustörf af þessu tagi en þau störf gætu verið í hættu vegna þessa mismunar á aðstöðu framleiðenda. Fyrir þessari breytingu má færa bæði þjóðhagsleg rök og byggðarök auk þess sem almenn sanngirnissjónarmið hníga að því að regluverki þessu verði breytt og hlutur landsbyggðarinnar réttur og samkeppnisstaða framleiðenda þar styrkt. Loks er rétt að geta þess að í skýrslu starfshóps um fyrirkomulag flutningsjöfnunar kemur fram að veittar hafa verið óformlegar undanþágur frá reglum þessum til afhendingar sem renna enn frekari stoðum undir þá skoðun að hægur vandi sé að breyta framkvæmd þessari.

572. Fyrirspurn [333. mál]

til fjármálaráðherra um meðferð fyrirtækja á vegum ríkisbankanna.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hversu mörg fyrirtæki hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta að beiðni nýju bankanna, sundurliðað eftir bönkum?
2. Hver er heildarupphæð afskrifaðra skulda fyrirtækja hjá nýju bönkunum, sundurliðað eftir bönkum?
3. Í hversu mörgum tilvikum hefur eignum fyrirtækja verið ráðstafað aftur til fyrri eigenda eða tengdra aðila?

573. Fyrirspurn [334. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um vinnslu hvalafurða.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvaða reglugerðir eru í gildi um fyrirkomulag verkunar á hvalafla og nýtingu hvals til fullnustu og um meðferð hvalafurða, sbr. 5. gr. laga nr. 26/1949?
2. Hvað var mikill hluti hvers dýrs á vertíðinni 2006–2007 nýttur í vinnslu: a) hverrar veiddrar hrefnu, b) hverrar veiddrar langreyðar?
3. Hve miklar afurðir (í tonnum) fengust að meðaltali af hverju dýri: a) hrefnu, b) langreyði – og hvernig er skipting þeirra í kjöt, spik/rengi, mjöl, lýsi?
4. Ef hvalafli frá vertíðinni 2006–2007 var ekki eða að litlu leyti unninn í mjöl og lýsi, hver er þá skýringin á því?
5. Hvar og samkvæmt hvaða reglum voru hvalhræ á þessum tíma urðuð eða losuð í sjó?

Skriflegt svar óskast.

574. Frumvarp til laga [280. mál]

um breytingar á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

(Eftir 2. umr., 20. febr.)

1. gr.

Í stað orðsins „Bankastjórn“ í 2. málsl. 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: Seðlabankastjóri.

2. gr.

Í stað 2. málsl. 22. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum eru teknar af peningastefnunefnd, sbr. 24. gr. Stjórn bankans er að öðru leyti í höndum seðlabankastjóra.

3. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Forsætisráðherra skipar seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra til fimm ára í senn. Seðlabankastjóri og aðstoðarseðlabankastjóri skulu hafa lokið háskólaprófi í hagfræði eða tengdum greinum og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum. Aðeins er hægt að skipa sama mann seðlabankastjóra eða aðstoðarseðlabankastjóra tvisvar sinnum. Seðlabankastjóri ber ábyrgð á rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru falin öðrum með lögum þessum. Aðstoðarseðlabankastjóri er staðgengill seðlabankastjóra.

Við skipun í embætti seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra skal forsætisráðherra skipa þriggja manna nefnd er hafi það hlutverk að leggja mat á hæfni umsækjenda. Skal einn

nefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins, einn samkvæmt tilnefningu bankaráðs Seðlabanka Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Forfallist seðlabankastjóri eða aðstoðarseðlabankastjóri getur forsætisráðherra sett menn tímabundið í stöður þeirra.

Seðlabankastjóri setur reglur um umboð starfsmanna og aðstoðarseðlabankastjóra til að skuldbinda bankann með undirskrift sinni og skulu reglurnar staðfestar af bankaráði, sbr. 28. gr.

4. gr.

24. gr. laganna orðast svo:

Ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum eru teknar af peningastefnunefnd. Stjórntæki bankans teljast í þessu sambandi vera vaxtaákvarðanir hans, viðskipti við lánastofnanir önnur en tilgreind eru í 2. mgr. 7. gr., ákvörðun bindiskyldu skv. 11. gr. og viðskipti á gjaldeyrismarkaði skv. 18. gr. sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar. Ákvarðanir peningastefnunefndar skulu grundvallast á markmiðum bankans og vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahags- og peningamálum og fjármálastöðugleika.

Í peningastefnunefnd situr seðlabankastjóri, aðstoðarseðlabankastjóri, einn af yfirmönnum bankans á sviði mótunar eða stefnu í peningamálum og tveir sérfræðingar á sviði efnahags- og peningamála sem forsætisráðherra skipar til fimm ára í senn. Seðlabankastjóri er jafnframt formaður peningastefnunefndar. Peningastefnunefnd er ályktunarhæf ef fjórir af fimm nefndarmönnum sitja fund nefndarinnar. Ákvarðanir peningastefnunefndar skulu teknar með einföldum meiri hluta, en falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns eða staðgengils hans. Peningastefnunefnd skal halda fundi að minnsta kosti átta sinnum á ári. Auk þess getur peningastefnunefnd haldið fund ef formaður ákveður eða þrír nefndarmenn krefjast þess. Peningastefnunefnd setur sér starfsreglur sem bankaráð staðfestir um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana sinna í peningamálum. Opinberlega skal birta fundargerðir peningastefnunefndar og gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra. Peningastefnunefnd getur þó ákveðið að skýra ekki frá ákvörðunum um viðskipti á gjaldeyrismarkaði skv. 18. gr.

Peningastefnunefnd skal gefa Alþingi skýrslu um störf sín tvisvar á ári. Skal efni skýrslunnar rætt á sameiginlegum fundi efnahags- og skattanefndar, fjárlaganefndar og viðskiptanefndar.

5. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra er óheimilt að sitja í stjórnum stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema slíkt sé boðið í lögum eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem bankinn á aðild að. Forsætisráðherra hefur úrskurðarvald ef ágreiningur rís um beitingu þessa ákvæðis.

Um þátttöku annarra starfsmanna Seðlabanka Íslands í stjórnum stofnana og atvinnufyrirtækja skal seðlabankastjóri setja reglur sem bankaráð staðfestir, sbr. 28. gr.

Nefndarmönnum í peningastefnunefnd sem forsætisráðherra skipar er óheimilt að sinna störfum utan bankans sem geta verið til þess fallin að draga óhlutdrægni þeirra í efa. Forsætisráðherra hefur úrskurðarvald ef ágreiningur rís um beitingu þessa ákvæðis. Forsætisráð-

herra getur með reglugerð kveðið nánar á um hæfisskilyrði nefndarmanna í peningastefnunefnd.

6. gr.

2. mgr. 27. gr. laganna orðast svo:

Seðlabankastjóri situr fundi bankaráðs og hefur þar tillögurétt og tekur þátt í umræðum. Hann skal þó víkja af fundi ef bankaráð ákveður.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Bankastjórn“ í 2. málsl. kemur: Seðlabankastjóri.
b. Í stað orðsins „bankastjórnar“ í a-lið kemur: seðlabankastjóra.
c. Í stað orðsins „bankastjóra“ í b-lið kemur: seðlabankastjóra, aðstoðarseðlabankastjóra og fulltrúa í peningastefnunefnd sem ekki eru reglulegir starfsmenn Seðlabanka Íslands.
d. Í stað orðsins „bankastjórn“ í d-lið kemur: peningastefnunefnd.
e. Við bætast tveir nýir stafliðir sem verða e- og f-liðir og orðast svo:
   e. Fylgjast með framkvæmd starfsreglna og starfsháttum peningastefnunefndar.
   f. Staðfesta val yfirmanna í peningastefnunefnd að fenginni tillögu seðlabankastjóra.
f. Í stað orðsins „bankastjórn“ í j-, l-, m- og n-lið kemur: seðlabankastjóri.
g. E-liður orðast svo: Staðfesta reglur sem seðlabankastjóri setur um umboð starfsmanna bankans og aðstoðarseðlabankastjóra til þess að skuldbinda bankann, sbr. 23. gr.

8. gr.

Í stað orðsins „bankastjórn“ í 1. málsl. 2. mgr. 33. gr. laganna kemur: seðlabankastjóra.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „bankastjórar“ í 1. mgr. kemur: seðlabankastjóri, aðstoðarseðlabankastjóri, nefndarmenn í peningastefnunefnd.
b. Í stað orðsins „bankastjórum“ í 2. mgr. kemur: seðlabankastjóra, aðstoðarseðlabankastjóra, nefndarmönnum í peningastefnunefnd.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „bankastjórn“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: seðlabankastjóra.
b. Í stað orðsins „Bankastjórn“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: Seðlabankastjóri.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

12. gr.

Breytingar á lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „bankastjórn Seðlabankans“ í 2. mgr. kemur: seðlabankastjóra.
b. Í stað orðanna „bankastjórn Seðlabankans“ í 4. mgr. kemur: seðlabankastjóri.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 26. gr. laganna skal Alþingi eins fljótt og unnt er eftir gildistöku laga þessara kjósa bankaráð Seðlabanka Íslands ásamt varamönnum. Frá sama tíma fellur niður umboð þeirra er þá sitja í bankaráðinu.

II.

Við gildistöku laga þessara er bankastjórn Seðlabanka Íslands lögð niður og þar með embætti þriggja bankastjóra sem sæti eiga í stjórninni, þ.m.t. embætti formanns bankastjórnar. Forsætisráðherra skal svo fljótt sem við verður komið auglýsa nýtt embætti seðlabankastjóra og nýtt embætti aðstoðarseðlabankastjóra laus til umsóknar samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 23. gr. laganna skal forsætisráðherra við gildistöku laga þessara setja tímabundið menn sem uppfylla skilyrði laga þessara í embætti seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra. Um þessa tímabundnu setningu gilda ekki ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. eða 1. mgr. 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Settur seðlabankastjóri og settur aðstoðarseðlabankastjóri skulu gegna embætti þar til skipað hefur verið í stöðurnar á grundvelli auglýsinga samkvæmt ákvæðum laganna.

III.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 23. gr. laganna skal forsætisráðherra er hann skipar aðstoðarseðlabankastjóra að undangenginni auglýsingu í fyrsta sinn eftir gildistöku laganna skipa hann til fjögurra ára í stað fimm ára eins og mælt er fyrir um í ákvæðinu.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 24. gr. laganna skal forsætisráðherra er hann skipar sérfræðinga í peningastefnunefnd samkvæmt ákvæðinu í fyrsta sinn við gildistöku laganna skipa einn sérfræðing til þriggja ára og annan til fjögurra ára í stað fimm ára eins og í ákvæðinu greinir.

575. Frumvarp til laga [335. mál]

um visthönnun vöru sem notar orku.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Markmið.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að visthönnun vöru sem notar orku með það að markmiði að efla hönnun, framleiðslu, markaðssetningu og notkun á vörum sem eru umhverfisvænar, með minni orkunotkun og umhverfisálag að leiðarljósi.

2. gr.

Gildissvið.

Í lögum þessum er að finna grunnkröfur sem vörur sem nota orku skulu uppfylla svo að setja megi þær á markað og taka í notkun. Ef ekki er annað tekið fram er með hugtakinu vara í lögum þessum eingöngu átt við vöru sem notar orku, sbr. skilgreiningu í 3. gr.

Lögin taka til nýrrar vöru og íhluta og undireininga hennar, sem nýta orku, og flutt er inn, tekin í notkun eða framleidd hér á landi eftir gildistöku laga þessara.

Lögin taka ekki til farartækja eða vöru sem notar orku og hefur þegar verið tekin til notkunar.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér segir:

a. *Vara sem notar orku:* Vara sem er, þegar henni hefur verið komið á markað og/eða hún tekin í notkun, háð orkuílagi (rafmagni, jarðefnaeldsneyti og endurnýjanlegum orkugjafa) til að virka sem skyldi eða vara til framleiðslu, flutnings og mælingar á slíkri orku, þ.m.t. hlutir sem eru háðir orkuílagi og ætlunin er að setja í vöru sem notar orku og fellur undir lög þessi, sem eru settir á markað og/eða teknir í notkun sem stakir hlutir fyrir notendur og unnt er að meta sérstaklega að því er varðar vistvænleika.
b. *Íhlutir og undireiningar:* Hlutir sem ætlunin er að setja í vörur sem nota orku, en eru ekki settir á markað og/eða teknir í notkun sem stakir hlutir fyrir notendur eða ekki er unnt að meta sérstaklega að því er varðar vistvænleika.
c. *Framleiðandi:* Einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir vörur sem falla undir þessi lög og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við þessi lög með tilliti til þess að setja þær á markað og/eða taka þær í notkun undir eigin nafni framleiðanda eða vörumerki eða til eigin notkunar framleiðanda. Ef framleiðandi eða innflytjandi er ekki til staðar skal hver einstaklingur eða lögaðili sem setur á markað og/eða tekur í notkun vörur sem falla undir lög þessi teljast framleiðandi.
d. *Viðurkenndur fulltrúi:* Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á EES-svæðinu sem hefur skriflegt umboð frá framleiðanda til að uppfylla, að öllu leyti eða að hluta til, skuldbindingar og formsatriði fyrir hans hönd að því er varðar lög þessi.
e. *Innflytjandi:* Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á EES-svæðinu sem setur vöru frá þriðja landi á markað á EES-svæðinu sem lið í starfsemi sinni.
f. *Vistferill:* Samfelld og samtengd stig á ferli vöru frá notkun sem hráefni til endanlegrar förgunar.
g. *Visthönnun:* Að fella umhverfisþætti inn í vöruhönnun í því skyni að bæta vistvænleika vöru allan vistferil hennar.

4. gr.

Orkunýtnikröfur.

Eingöngu er heimilt að setja á markað vöru sem uppfyllir reglur um orkunýtni og umhverfisálag samkvæmt lögum þessum og reglum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra og:

a. farið hefur fram mat á því hvort varan eða hluti hennar sé í samræmi við kröfur laga þessara eða reglna sem settar hafa verið á grundvelli þeirra,
b. lögð hefur verið fram samræmisyfirlýsing þess efnis að varan uppfylli þær kröfur sem gerðar eru, og
c. varan eða hluti hennar er merktur CE-samræmismerkingu.

Óheimilt er að banna markaðssetningu vöru sem uppfyllir kröfur um orkunýtni og umhverfisálag samkvæmt lögum þessum og reglum sem settar hafa verið, enda uppfylli hún skilyrði annarra laga og reglna.

Ef vara telst uppfylla orkunýtnikröfur annars EES-lands verður hún talin uppfylla orkunýtnikröfur hérlendis. Í reglum sem Neytendastofa setur skal birtur listi yfir samræmda evrópska staðla sem samþykktir hafa verið og gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

5. gr.

Samræmisyfirlýsingar.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal gefa út samræmisyfirlýsingu sem tryggir að vara samrýmist reglugerðum settum á grundvelli laga þessara.

6. gr.

Samræmismat.

Framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans er skylt að tryggja að samræmismat vöru hafi farið fram áður en vara er flutt inn eða markaðssett.

Framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans er skylt að geyma samræmismat sem hefur verið framkvæmt og útgefnar samræmisyfirlýsingar í að minnsta kosti 10 ár eftir að framleiðslu vöru lýkur. Berist framleiðanda eða fulltrúa hans beiðni um gögn þar að lútandi frá Neytendastofu skulu þau gerð aðgengileg innan 10 daga frá viðtöku beiðninnar.

7. gr.

Samræmismerkingar.

Vara skal bera CE-samræmismerki, sem samansett er af upphafsstöfunum „CE“, áður en hún er sett á markað.

Ef vara ber nú þegar CE-samræmismerki skal litið svo á að samræmismerkið sé staðfesting á því að hún fullnægi kröfum sem gerðar eru í lögum þessum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra að þessu leyti.

Að öðru leyti fer um samræmismerkingar og samræmismat samkvæmt lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og reglum settum á grundvelli þeirra.

8. gr.

Ábyrgð framleiðanda, fulltrúa hans eða innflytjanda.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans, sem flytur inn vörur, ber ábyrgð á að vörur hans uppfylli orkunýtnikröfur samkvæmt lögum þessum og reglum sem settar hafa verið.

Ef hvorki framleiðandi né viðurkenndur fulltrúi hans er staðsettur innan EES-svæðisins ber innflytjandi ábyrgð á því að markaðssettar vörur séu í samræmi við orkunýtnikröfur sem gerðar hafa verið. Innflytjandi ber einnig ábyrgð á því að samræmisyfirlýsing og tæknilegar upplýsingar séu aðgengilegar eins og gert er ráð fyrir í lögum þessum eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra.

9. gr.

Upplýsingaskylda framleiðanda og seljanda.

Framleiðandi skal tryggja að neytendur fái upplýsingar um umhverfiseiginleika og afköst vöru sem notar orku og ráðleggja þeim hvernig skuli nota vöruna á umhverfisvænan hátt.

10. gr.
Eftirlit.

Iðnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Eftirlit og dagleg stjórnsýsla á því sviði sem lögin ná til skal þó vera í höndum Neytendastofu. Neytendastofa tekur við tilkynningum um vörur sem ekki eru í samræmi við kröfur laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim og annast samskipti vegna þeirra við önnur eftirlitsstjórnvöld á Evrópska efnahagssvæðinu.

Við framkvæmd eftirlits skal að öðru leyti farið eftir lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eftir því sem við á.

11. gr.
Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum sem renna í ríkissjóð. Um meðferð slíkra mála fer að hætti opinberra mála.

12. gr.
Reglugerðarheimildir.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja reglugerðir um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal reglur um hvaða vörur falli innan gildissviðs laganna, hvaða flokkar vöru sem notar orku þurfi að uppfylla kröfur um orkunýtni og hvaða kröfur vara þurfi að uppfylla. Einnig er ráðherra heimilt að kveða nánar á um upplýsingaskyldu framleiðanda og/eða innflytjanda í reglugerð.

Þá er ráðherra heimilt að kveða í reglugerð nánar á um önnur atriði er varða framkvæmd laganna, svo sem varðandi samræmismat, -merkingar og -yfirlýsingar.

13. gr.
Innleiðing tilskipunar.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB frá 6. júlí 2005 um ramma til að setja fram kröfur um visthönnun vöru að því er varðar vörur sem nota orku og um breytingu á tilskipun ráðsins 92/42/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB og 2000/55/EB eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2007 sem birt var 28. september 2007 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44/2006, ásamt frekari tilskipunum sem innleiddar verða með reglugerðum samkvæmt heimild í lögum þessum.

14. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 51/2000, um orkunýtnikröfur. Reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga halda gildi sínu með þeim breytingum sem leiðir af lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Tilgangur þessa frumvarps er, eins og fram kemur í 1. gr., að stuðla að þróun og notkun orkunýtinnar vöru með það að markmiði að tryggja visthönnun vöru með minni orkunotkun

og draga úr áhrifum orkunotkunar á umhverfið. Einnig er frumvarpinu ætlað að tryggja frjálst flæði slíkrar vöru um EES-svæðið. Frumvarpinu er ætlað að taka til hvers konar vöru sem notar orku, þó ekki farartækja eða tækja sem þegar hafa verið tekin í notkun, innflutt eða markaðssett við gildistöku þessara laga.

Frumvarpið byggist að meginstefnu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 6. júlí 2005 (2005/32/EB) en við gerð þess voru höfð til hliðsjónar lög nr. 51/2000, um orkunýtnikröfur, lög nr. 72/1994 ,um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., auk danskra og sænskra laga um visthönnun vöru sem notar orku.

Þá var haft samráð við Neytendastofu þar sem henni er ætlað að fara með eftirlitshlutverk samkvæmt frumvarpi þessu og byggist sú heimild á 1. mgr. 2. gr. laga nr. 62/2005, um Neytendastofu og talsmann neytenda. Einnig var leitað umsagnar umhverfisráðuneytis, viðskiptaráðuneytis og Samtaka iðnaðarins. Í kjölfar athugasemda sem bárust voru gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu en þær vörðuðu að mestu leyti uppsetningu og orðalag greina. Ásamt þessu var leitað eftir umsögn ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur en nefndin gerði engar athugasemdir við frumvarpið.

2. Meginefni frumvarps og áhrif þess.

Frumvarpið felur ekki í sér efnisreglur um orkunýtnikröfur, heldur er með því lagt til að iðnaðarráðherra verði veitt heimild til að setja reglugerðir um orkunýtni einstakra vara. Lagafrumvarpið er lagt fram í tilefni af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB frá 6. júlí 2005 um ramma til að setja fram kröfur um visthönnun vöru að því er varðar vörur sem nota orku og um breytingu á tilskipun ráðsins 92/42/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB og 2000/55/EB. Tilskipunin setur fram helstu efnisþætti sem sérstökum gerðum framkvæmdastjórnarinnar er ætlað að útfæra nánar varðandi einstaka flokka vara. Vegna þessa er gert ráð fyrir í frumvarpi þessu að ráðherra verði veitt heimild til setningar reglugerða sem byggjast á þessum gerðum. Telja verður að þetta sé heppilegri leið en að innleiða þurfi hverja tilskipun sérstaklega með lögum. Vert er að taka fram að hér er um að ræða sama fyrirkomulag og viðhaft er í lögum nr. 51/2000, um orkunýtnikröfur, sem falla úr gildi við gildistöku frumvarpsins ef það verður að lögum.

Í frumvarpinu er Neytendastofu falið eftirlit með því að vörur uppfylli kröfur laganna og reglna settra á grundvelli þeirra samkvæmt þeim heimildum sem henni eru veittar í lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

3. Mat á áhrifum.

Tilskipun 2005/32/EB hefur mest áhrif á framleiðendur vöru sem notar orku innan EES-svæðisins og það sama á við um frumvarpið sem nú liggur fyrir. Á Íslandi eru nær engir framleiðendur slíkrar vöru og því mun það frumvarp sem nú liggur fyrir hafa lítil áhrif á því sviði hérlendis. Að þessu leyti hefur frumvarpið ekki mikla raunhæfa þýðingu fyrir Ísland. Frumvarpið getur þó haft nokkra þýðingu fyrir innflytjendur vöru sem notar orku þegar framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans er ekki staðsettur á EES-svæðinu og varan kemur í fyrsta skipti inn á EES-svæðið. Frumvarpið hefur mikla þýðingu fyrir neytendur en með frumvarpinu er stefnt að því að framleiðanda eða innflytjanda verði gert skylt að upplýsa neytandann um ákveðin atriði er lúta að orkunotkun og orkumerkingum svo að hann geti gert sér grein fyrir því hvaða áhrif varan hefur á umhverfið. Einnig er gert ráð fyrir því að þær vörur sem uppfylla skilyrði laganna og reglna settra á grundvelli laganna öðlist CE-merkingu. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur lagt á það áherslu að orkunýtnistaðlar

ásamt mati á frammistöðu og orkumerkingum geti verið öflugt tæki til að upplýsa neytendur og fá markaðinn til að þróast í átt að bættri orkunýtni.

Einnig er frumvarpinu ætlað að stuðla að vitundarvakningu meðal almennings um þeirra náttúrulega umhverfi og hvernig sé best að varðveita það og viðhalda. Áhrif frumvarpsins á stjórnsýsluna felast að mestu leyti í því að frumvarpið felur Neytendastofu umsjón og eftirfylgni við reglur sem settar verða.

4. Tilskipun 2005/32/EB.

4.1 Forsaga.

Evrópusambandið hefur staðið fyrir ýmsum aðgerðum til að auka orkusparnað og orkunýtni frá því á áttunda áratugnum. Upphaf þessara aðgerða má rekja til olíukreppunnar árið 1973, þegar afhendingaröryggi orkunnar skipti öllu máli og orkusparnaður varð mikilvægt atriði við að draga úr innflutningi á olíu, sérstaklega í tengslum við hátt orkuverð. Þegar þessum þrýstingi létti var lögð minni áhersla á að tryggja orkunýtni.

Í lok áttunda áratugarins og fram á þann níunda gripu einstök aðildarríki til ýmissa aðgerða til að bæta orkunýtni en í lok níunda áratugarins komst framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hins vegar að þeirri niðurstöðu að fyrri aðgerðir hefðu ekki uppfyllt vonir um árangur. Voru því gerðar auknar kröfur til aðildarríkjanna um aðgerðir í þessu sambandi.

Í október 1990 setti Evrópusambandið sér það markmið að draga úr aukningu á losun koltvísýrings meðal aðildarríkjanna. Þetta, ásamt markmiðum Evrópusambandsins um aukið afhendingaröryggi og sjálfbæra orkustefnu, hleypti nýju blóði í aðgerðir til að bæta orkunýtni, þar sem raforkuframleiðsla nemur um 35% af allri frumorkunotkun innan Evrópusambandsins og um 30% af losun koltvísýrings. Í þessu augnamiði var SAVE-áætluninni svokölluðu hleypt af stokkunum í október 1991. Markmið SAVE-áætlunarinnar var að bæta orkunýtni í aðildarríkjum Evrópusambandsins. Hugðist sambandið ná markmiðum áætlunarinnar með því að leggja áherslu á tvo höfuðþætti. Annars vegar skyldi setja reglur um orkumerkingar og upplýsingaskyldu í því skyni að tryggja að neytendur hefðu greiðan aðgang að upplýsingum um orkunýtni þeirra tækja sem þeim eru boðin til kaups. Hins vegar átti að setja reglur um orkunýtnikröfur. Fyrra markmið SAVE-áætlunarinnar var grundvöllur þess að ráð Evrópusambandsins setti tilskipun 92/75/EBE um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum, en á grundvelli tilskipunar 92/75/EBE hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sett tilskipanir er varða orkumerkingar kæliskápa, þvottavéla, þurrkara, uppþvottavéla o.fl. Síðara markmið SAVE-áætlunarinnar var grundvöllur þess að ráð Evrópusambandsins setti 21. maí 1992 tilskipun 92/42/EBE um kröfur varðandi orkunýtni nýrra heitavatnskatla sem brenna fljótandi eða loftkenndu eldsneyti. Þá hefur verið sett tilskipun 96/57/EB um orkunýtnikröfur kæliskápa, frystiskápa og sambyggðra kæli- og frystiskápa. Evrópusambandið hefur enn fremur gert samninga við framleiðendur um kröfur um lágmarksnýtni. Setning reglna á sviði orkunýtnikrafna hefur gengið hægar en varðandi orkumerkingar sökum lengdar ákvarðanatökuferils og skorts á samvinnu frá framleiðendum.

SAVE-áætluninni lauk 31. desember 1995. Í orðsendingum til ráðsins og Evrópuþingsins frá 11. janúar 1995 (grænbók) og 13. desember 1995 (hvítbók) er að finna stefnumörkun framkvæmdastjórnarinnar í orkumálum og hlutverk orkusparnaðar- og orkunýtniaðgerða. Með ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins, dags. 16. desember 1996, var hleypt af stokkunum nýrri áætlun (SAVE II), sem stóð til loka ársins 2000. Í ályktun sinni frá 10. október 1999 um grænbók framkvæmdastjórnarinnar um stefnuna í orkumálum kallaði Evr-

ópuþingið eftir setningu markmiða og sameiginlegri áætlun um orkunýtni og orkusparnað, sem væru sambærileg við markmiðin varðandi losun gróðurhúsalofttegunda sem samþykkt voru í Ríó de Janeiró (1992), Berlín (1995) og síðar í Kyoto (1997), að SAVE II-áætlunin hefði talsvert meiri fjárráð en SAVE I-áætlunin og mæltist til þess að framkvæmdastjórnin gerði grein fyrir því hlutverki sem hún hygðist gegna í orkusparnaði og orkunýtni með því að stofna til hagnýtra verkefna. Í febrúar 2000 var SAVE II-áætlunin felld inn í Rammaáætlun Evrópusambandsins á sviði orkumála (e. Energy Framework Programme) sem skyldi gera grein fyrir áætlun Evrópusambandsins á sviði orkumála yfir fimm ára tímabil frá árinu 1998–2002.

Með ákvörðun ráðherraráðsins og Evrópuþingsins frá 26. júní 2003 (nr. 1230/2003/EB) var samþykkt áætlun til margra ára um aðgerðir á sviði orkumála: „Skynsamleg stýring orkunotkunar í Evrópu“ á tímabilinu 2003–2006. Sú ákvörðun endurspeglar markmið Evrópusambandsins á þessu sviði og þá sérstaklega varðandi sjálfbæra þróun, öryggi orkugjafa, samkeppnishæfni og umhverfisvernd. Þessi áætlun skyldi taka við af Rammaáætlun Evrópusambandsins á sviði orkumála og tryggja áframhaldandi aðgerðir Evrópusambandsins. Markmið áætlunarinnar var að veita framtaksverkefnum ríkis og/eða sveitarfélaga fjárhagslegan stuðning á sviði endurnýjanlegrar orku, orkunýtni, orkunotkunar innan flutningageirans og við eflingu alþjóðlegrar samvinnu á sviði orkumála.

Í júní árið 2005 gaf framkvæmdastjórnin út grænbók um orkunýtni sem kveður meðal annars á um að tilskipun um visthönnun gæti verið mikilvæg ráðstöfun til að bæta orkunýtni. Í kjölfarið af grænbókinni lagði framkvæmdastjórnin í október 2006 fram aðgerðaáætlun til að bæta orkunýtni innan Evrópusambandsins. Aðgerðaáætlunin inniheldur um 75 ólíkar aðgerðir til að tryggja bætta orkunýtni á tímabilinu 2007–2012 og er tilskipunin um visthönnun vöru einn liður í þessum aðgerðum. Einnig var lögð fram tillaga af hálfu framkvæmdastjórnarinnar þann 16. júlí 2008 þar sem lagt er til að gildissvið tilskipunarinnar verði stækkað þannig að það nái einnig til orkutengdra vara. Þann 21. október 2008 lagði framkvæmdastjórnin fram vinnuáætlun fyrir 2009–2011 á grundvelli 1. mgr. 16. gr. tilskipunarinnar. Í þeirri áætlun er settur fram leiðbeinandi listi varðandi vörur sem nota orku sem skulu hafa forgang við innleiðingu á nánari reglum um visthönnun vöru. Þessar vörur eru loftræsikerfi, rafmagns- og eldsneytisknúinn hitunarbúnaður, matreiðslubúnaður, iðnaðar- og rannsóknarofnar, vélbúnaður, net-, gagnavinnslu- og gagnageymslubúnaður, kæli- og frystibúnaður, hljóð- og myndbúnaður, straumbreytar og vatnsnotkunarbúnaður. Nú þegar hefur verið samþykkt ein reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (e. Commission Regulation implementing Directive 2005/32/EC with regard to ecodesign requirements for standby and off mode electric power consumption of electrical and electronic household and office equipment).

4.2 Tilgangur og markmið tilskipunarinnar.

Hinn 1. ágúst 2003 lagði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fram tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið, um tilskipun um rammaáætlun vegna visthönnunar vöru sem notar orku. Þessi tilskipun var samþykkt 6. júlí 2005, eftir nokkrar breytingar. Tilskipunin á sér stoð í 95. gr. stofnsáttmála Evrópusambandsins. Samkvæmt tilskipuninni felur visthönnun vöru í sér samþættingu umhverfisþátta inn í hönnunarferli framleiðsluvöru og hefur verið talin besta leiðin til að bæta umhverfislega frammistöðu framleiðsluvara.

Tilgangur tilskipunarinnar er í fyrsta lagi að koma í veg fyrir að misræmi í landsbundnum reglum hindri viðskipti innan Evrópusambandsins og hamli samkeppni innan svæðisins. Notkun vara sem nota orku er helsta ástæða notkunar auðlinda og orku innan bandalagsins

ásamt því að notkun þeirra hefur í för með sér fjölda umhverfislegra afleiðinga. Í öðru lagi er tilgangur hennar að bæta heildarvistvænleika vara sem nota orku og með því vernda umhverfið. Í þriðja lagi er henni ætlað að stuðla að öryggi orkugjafa og bæta samkeppnisstöðu evrópska atvinnulífsins og í fjórða lagi að varðveita hagsmuni iðnaðarins og neytenda.

Markmið tilskipunarinnar er að draga úr álagi vara sem nota orku á umhverfið með því að hvetja framleiðendur til að haga hönnun sinni þannig að hún taki mið af umhverfislegum sjónarmiðum. Samkvæmt tilskipuninni verða framleiðendur að sýna fram á áhrif vörunnar á umhverfið, hafa hliðsjón af niðurstöðum greiningar á vistferli vöru og bjóða neytendum upplýsingar um áhrif vöru á umhverfi. Allt þetta gefur til kynna að framleiðandi skuli nálgast þróun vörunnar út frá umhverfislegum sjónarmiðum allt frá upphafi með það að leiðarljósi að bæta umhverfisleg áhrif framleiðslunnar og vörunnar sjálfrar.

4.3 Hvað er visthönnun vöru?

Margar skilgreiningar eru á því hvað felist í visthönnun vöru en megininntak hennar er að hún sé athöfn sem skilgreinir umhverfislega þætti vöru og samþættir þá inn í fyrstu stig þróunar vörunnar. Aðrir þættir, svo sem virkni, kostnaður, afköst, gæði, lagalegir og tæknilegir þættir, verða einnig að vera teknir til greina við þróun vörunnar. Markmið visthönnunar vöru er því að draga úr notkun óendurnýjanlegra orkugjafa og lágmarka umhverfisáhrif ásamt því að stuðla að vitundarvakningu meðal almennings um þeirra náttúrulega umhverfi og hvernig best sé að varðveita það. Oft er litið á visthönnun vöru sem tæki til að tryggja sjálfbærni. Visthönnun vöru hefur mest vægi hvað varðar þróun vöru á sviði þungaiðnaðar og leikur vistferlismatið þar stórt hlutverk til að greina umhverfisáhrif mismunandi hönnunarmöguleika.

Almennt er litið á visthönnun vöru sem lausn við aðsteðjandi umhverfisvá á alþjóðavísu, þ.e. örum vexti atvinnulífsins, mikilli fjölgun íbúa heimsins, eyðingu náttúruauðlinda ásamt óbætanlegu tjóni á vistkerfum og líffræðilegri fjölbreytni. Með visthönnun vöru er mögulegt að afstýra þessari hættu með því að finna upp nýjar hönnunarlausnir og aðferðir í iðnaði sem leiða til minna álags á umhverfið. Í þessu sambandi er hægt að taka til greina að bæði bílar og vörur geta verið hönnuð með það að markmiði að hægt sé að gera við þau og einnig taka þau í sundur til endurvinnslu. Einnig er mikilvægt að tæki séu búin til úr endurvinnanlegum og endurnýjanlegum efnum. Ef rétt er farið að má gera ráð fyrir að slíkar vörur verði að fullu sambærilegar í verði og vörur sem ekki eru hannaðar á grundvelli visthönnunar vöru.

4.4 Helstu efnisatriði tilskipunarinnar.

Með tilskipun 2005/32/EB er komið á rammatilskipun varðandi orkumerkingar og orkunýtni raftækja. Með rammatilskipuninni eru settir fram meginþættir hennar er síðar kalla á innleiðingu einstakra gerða tilskipuninni til fyllingar. Tilskipuninni er ætlað að hvetja neytendur til að velja tæki og búnað með góða orkunýtni og að bæta nýtni tækja og búnaðar. Einnig er með tilskipuninni stefnt að því að við framleiðslu raftækja sé þess gætt að tekið sé tillit til umhverfisþátta og ekki síst að neytendur séu upplýstir um að slíkra viðmiða hafi verið gætt. Þeir þættir sem tillit skal tekið til eru m.a. hvaða hráefni var nýtt við framleiðsluna, framleiðsluferlið sjálft, pökkun vörunnar, flutningur og dreifing, uppsetning og viðhald vörunnar, notkun og líftími vörunnar. Tilskipunin felur ekki sem slík í sér bindandi skilyrði varðandi orkumerkingar raftækja heldur eru sett almenn viðmið varðandi orkunotkun og orkunýtni raftækja. Ríki skulu gæta þess að raftæki sem sett eru á markað séu gæðavottuð með svokallaðri CE-merkingu. Til að tryggja eftirfylgni tilskipunarinnar ber ríkjum að til-

nefna eftirlitsaðila sem á að gæta þess að framleiðendur rafmagnstækja fari eftir ákvæðum tilskipunarinnar. Í ljósi þessa er eðlilegast að í lögum sé tekið á helstu atriðum tilskipunarinnar en á sama tíma verði ráðherra veittar víðtækar heimildir til að setja reglugerðir um nánari útfærslu vegna einstakra flokka vöru. Þær reglugerðir munu þá að öllum líkindum fela í sér innleiðingu á þeim tilskipunum sem fjalla um einstaka flokka vöru. Vörum sem uppfylla skilyrði gerðanna er ætlað að bæta bæði kjör fyrirtækja og neytenda og auðvelda frjálst flæði vöru innan Evrópska efnahagssvæðisins og með því að auka gæði vöru og umhverfisvernd.

Þessi tilskipun hefur verið talin marka ákveðin tímamót hvað varðar stefnu Evrópusambandsins gagnvart framleiðsluvörum. Með henni eru kynnt til sögunnar fjölmörg ný atriði ásamt raunhæfri beitingu meginreglna „nýju aðferðarinnar“ (e. new approach). Að baki tilskipuninni liggur sú hugsun að framleiðendur hafi í huga áhrif vöru sem notar orku á umhverfið frá fyrstu stigum hönnunar og allan vistferil hennar. Í þessu felst að framleiðendur horfi sérstaklega til orkunotkunar og annarra neikvæðra áhrifa á loftslagið, notkunar á aðbúnaði og auðlindum, úrgangsframleiðslu og losunar hættulegra efna.

Tilskipuninni fylgja einnig átta viðaukar. I. viðauki mælir fyrir um aðferð til að setja almennar kröfur um visthönnun vöru, II. viðauki mælir fyrir um sérstakar kröfur um visthönnun vöru, III. viðauki inniheldur CE-merkinguna og IV. viðauki inniheldur reglur um samræmismat og samræmisyfirlýsingar, V. viðauki mælir fyrir um reglur um stjórnunarkerfi við mat á samræmi, VI. viðauki fjallar um samræmisyfirlýsinguna, VII. viðauki inniheldur reglur um hvaða kröfur framkvæmdarráðstafanir þurfi að uppfylla og í VIII. viðauka er mælt fyrir um reglur um frjálsa samninga milli ríkis og framleiðanda.

5. Norræn löggjöf.

Í Danmörku hafa verið sett lög um visthönnun vöru, *Lov nr. 308/2008 om miljøvenligt design af engergiforbrugende produkter,* en lögin eru ætluð sem rammalöggjöf utan um þær tilskipanir sem seinna verða innleiddar vegna einstakra vöruflokka og eru ráðherra því veittar mjög víðtækar heimildir til setningar reglugerða. Gildissvið dönsku laganna er töluvert víðtækara en tilskipunin og þetta frumvarp gerir ráð fyrir þar sem samgöngutæki falla einnig undir gildissvið dönsku laganna. Einnig er gert ráð fyrir að danska Orkustofnunin fari með eftirlitsvald en í því frumvarpi sem hér hefur verið lagt fram er gert ráð fyrir að Neytendastofa fari með slíkt vald. Í dönsku lögunum er einnig gert ráð fyrir víðtækum heimildum stjórnvalds til setningar reglugerða.

Í Svíþjóð hafa einnig verið sett lög á grundvelli tilskipunar 2005/32/EB, *Lag om ekodesign no. 2008:112,* en þau eru einnig ætluð sem rammalöggjöf til stuðnings setningu frekari reglugerða á grundvelli tilskipana Evrópusambandsins um einstaka flokka vöru. Gildissvið sænsku laganna er þrengra en dönsku laganna. Almennt ná lögin til allrar vöru sem notar orku, nema farartækja og notaðrar vöru. Einnig er gert ráð fyrir því að vara sem gert er ráð fyrir að verði áföst byggingarverki falli utan laganna á grundvelli laga nr. 847/1994, um tæknilegar gæðakröfur byggingarverka. Sænsku lögin gera sömuleiðis ráð fyrir víðtækum heimildum til setningar reglugerða.

6. Íslenskur réttur.

6.1 Núgildandi lög og reglugerðir á þessu sviði.

Lög nr. 51/2000, um orkunýtnikröfur, voru fyrstu lögin sem sett voru hér á landi um þetta efni. Lögin voru sett í kjölfar innleiðingar tilskipana Evrópusambandsins 96/57/EB og 92/42/EBE og 92/75/EBE. Tilgangur þeirra laga er að stuðla að bættri nýtingu orku með því að

ýta undir þróun og útbreiðslu búnaðar sem nýtir orku vel og var lögunum ætlað að taka til hvers konar véla, tækja og búnaðar sem nýtir orku, að undanskildum farartækjum eða notuðum tækjum. Einnig er gert ráð fyrir í lögunum að ráðherra setji nánari reglur um orkunýtni einstakra tækja, sem byggjast fyrst og fremst á tilskipunum Evrópusambandsins. Á grundvelli þessara laga hafa verið settar tvær reglugerðir, nr. 795/2000, um orkunýtni rafknúinna kælitækja, frystitækja og sambyggðra kæli- og frystitækja til heimilisnota, og nr. 219/2002, um orkunýtni straumfesta til flúrlýsingar. Reglugerð nr. 636/1994, um kröfur varðandi nýja heitavatnskatla sem brenna fljótandi eða loftkenndu eldsneyti, var einnig sett á grundvelli þessara tilskipana en með heimild í lögum nr. 102/1994, um breytingu á lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu. Gert er ráð fyrir að þessar reglugerðir falli undir frumvarp þetta, ef það verður samþykkt.

6.2 Skuldbindingar Íslands.

Í samræmi við skuldbindingar Íslands á grundvelli EES-samningsins þarf að innleiða ákvæði framangreindrar tilskipunar í íslenskan rétt ásamt því að veita ráðherra heimild til setningar reglugerða á grundvelli einstakra gerða um tiltekna vöruflokka sem síðar verða innleiddar. Til að gera þetta kleift eru ráðherra í raun veittar tvenns konar heimildir. Annars vegar að hann hafi heimild til að setja reglugerðir til nánari útfærslu á lögunum og hins vegar að hann hafi heimild til að setja reglugerðir á grundvelli gerða um visthönnun tiltekinna vöruflokka sem framkvæmdastjórnin vinnur nú að og eru fyrstu gerðirnar væntanlegar fyrir lok árs 2008.

Kröfur á grundvelli frumvarps þessa geta verið kröfur um orkunotkun, kröfur um ákveðna hönnun eða jafnvel kröfur er varða íhluti og undireiningar. Kröfurnar skulu miða að því að bæta nýtni búnaðar á orku og koma í veg fyrir að búnaður sem nýtir orku illa sé settur á markað.

7. Samantekt.

Líkt og fram hefur komið mun frumvarpið ekki hafa mikil áhrif á framleiðendur á Íslandi og er þörfin að vissu leyti takmörkuð þar sem mestöll staðbundin orkunotkun byggist á orku frá endurnýjanlegum orkulindum. Hins vegar er lagasetningin nauðsynleg til að tryggja samræmda löggjöf á EES-svæðinu og til að koma í veg fyrir að hingað sé hægt að flytja vörur sem ekki uppfylla kröfur annars staðar á EES-svæðinu.

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar um visthönnun vöru og tilskipun 2005/32/EB er þetta frumvarp lagt fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er að finna almenna lýsingu á tilgangi laganna, en hann er að stuðla að visthönnun vara sem nota orku með það að markmiði að efla hönnun, framleiðslu, markaðssetningu og notkun á vörum sem eru umhverfisvænar, með minni orkunotkun og umhverfisálag að leiðarljósi. Litið er til líftíma vörunnar í þessu sambandi, þ.e. frá vöggu til grafar.

Um 2. gr.

Í 1. og 2. mgr. er að finna almenna afmörkun á gildissviði frumvarpsins, sem er nokkuð vítt. Almennt má segja að frumvarpið taki til hvers konar vöru sem notar orku, en þó eru

undanskilin farartæki, sbr. 3. mgr., enda gilda aðrar reglur um farartæki á þessu sviði og vörur sem nota orku en eru þegar í notkun.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna skilgreiningar á ýmsum hugtökum sem koma fram í frumvarpinu. Í gildandi lögum er engar skilgreiningar að finna. Við skilgreiningu á þeim hugtökum sem koma fram í frumvarpinu hefur verið stuðst við skýringar í tilskipun 2005/32/EB.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er gerð grein fyrir því hvaða kröfur vara sem notar orku verði að uppfylla til að heimilt sé að setja hana á markað. Gert er ráð fyrir því að varan uppfylli þær kröfur sem almennt eru gerðar í lögunum um orkunýtni og umhverfisálag ásamt því að hún uppfylli allar þær kröfur sem gerðar eru í liðum a–c.

Í 2. mgr. kemur fram að ef vara uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru um orkunýtni og umhverfisálag er óheimilt að banna markaðssetningu hennar.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að ef vara telst uppfylla kröfur í öðru landi innan EES verður hún sjálfkrafa talin uppfylla kröfur hér á landi. Vörur sem nota orku og uppfylla samræmda evrópska staðla teljast uppfylla kröfur samkvæmt þessari grein. Hið sama á við um vörur sem nota orku og hafa fengið umhverfismerki, sbr. reglugerð ESB nr. 1980/2000. Í reglum sem Neytendastofa setur skal birtur listi yfir samræmda evrópska staðla sem samþykktir hafa verið og gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Um 5. gr.

Í greininni er lögð sú skylda á framleiðanda eða fulltrúa hans að gefa út samræmisyfirlýsingu sem tryggi að vara samræmist þeim kröfum sem gerðar eru í lögum og reglum. Nánar er gerð grein fyrir hvernig samræmisyfirlýsing skuli úr garði gerð í IV. viðauka tilskipunarinnar.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er lögð sú skylda á framleiðanda eða fulltrúa hans að samræmismat hafi farið fram áður en vara, sem fellur innan gildissviðs frumvarpsins, er flutt inn eða markaðssett. Um samræmismat er nánar fjallað í IV. og V. viðauka við tilskipunina.

Í 2. mgr. er einnig lögð sú skylda á framleiðanda eða fulltrúa hans að geyma samræmismat og útgefnar samræmisyfirlýsingar í að minnsta kosti 10 ár eftir að framleiðslu vöru lýkur. Viðeigandi gögn skulu einnig höfð aðgengileg af hálfu framleiðanda eða fulltrúa hans innan 10 daga frá viðtöku beiðni af þar til bæru stjórnvaldi innan EES-svæðisins.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að vara sem notar orku skuli bera CE-samræmismerki, áður en varan er sett á markað. Í þessu felst að framleiðandi eða innflytjandi sjái til þess að samræmismerkið verði fest við vöruna áður en hún er sett á markað, að því gefnu að hún uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til vara samkvæmt þessum lögum og almennum reglum um CE-samræmismerkið. Almennar reglur um CE-samræmismerkið er að finna í reglugerð nr. 957/2006 um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismerkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu, sem sett er

með stoð í 27. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, með síðari breytingum.

Í 2. mgr. segir að ef vara sem notar orku ber nú þegar CE-samræmismerki skal litið svo á að samræmismerkið sé staðfesting á því að varan uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í lögum þessum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Þó verður að hafa í huga að vara verður einnig að uppfylla þær almennu reglur sem eru í reglugerð nr. 957/2006.

Í 3. mgr. kemur fram að um samræmismerkingar og samræmismat fari að öðru leyti eftir lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og reglum settum á grundvelli þeirra. Með þessari tilvísun er átt við reglugerð nr. 957/2006 en hún inniheldur almennar reglur um CE-samræmismerkið.

Um 8. gr.

Samkvæmt greininni ber framleiðandi, fulltrúi hans eða innflytjandi ábyrgð á að vörur uppfylli kröfur um orkunýtni samkvæmt frumvarpinu og þeim reglum sem settar verða á grundvelli þess. Á framleiðanda eru m.a. lagðar þær skyldur að hann framkvæmi mat á umhverfisþáttum og umhverfisálagi vöru við hönnun hennar og framleiðslu í samræmi við kröfur visthönnunar.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um upplýsingaskyldu framleiðanda og seljanda. Í henni er sú skylda lögð á framleiðanda að hann upplýsi neytendur um umhverfiseiginleika vöru og afköst vöru sem notar orku.

Skortur á upplýsingum er almennt talin helsta hindrun bættrar orkunýtni. Eins og staðan er í dag er bætt orkunýtni sjaldnast ákvörðunarástæða neytanda fyrir kaupum á vöru. Orkunýtni ætti þó að vera meginþátturinn í ákvörðun kaupandans.

Um 10. gr.

Í greininni er kveðið á um fyrirkomulag eftirlits og valdsvið. Í 1. mgr. kemur fram að iðnaðarráðherra fari með framkvæmd laganna en eftirlit og dagleg stjórnsýsla verði í höndum Neytendastofu.

Með lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, var Neytendastofu falin almenn markaðsgæsla og markaðseftirlit. Einnig er mögulegt að fela Neytendastofu eftirlit á grundvelli annarra laga, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 62/2005, um Neytendastofu og talsmann neytenda. Neytendastofa fer einnig með eftirlit samkvæmt núgildandi lögum nr. 51/2000, um orkunýtnikröfur. Í samræmi við sjónarmið um Einfaldara Ísland verður talið eðlilegast og einfaldast að eftirlit með frumvarpi því er nú liggur fyrir fari fram hjá Neytendastofu. Nákvæmari reglur sem varða eftirlit hennar er því að finna í þeim lögum.

Um 11. gr.

Í greininni er kveðið á um viðurlög við brotum á lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. er iðnaðarráðherra veitt heimild til að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal reglur um hvaða vörur falli innan gildissviðs laganna, hvaða flokkar vöru sem notar orku þurfi að uppfylla kröfur um orkunýtni og hvaða kröfur vara skuli upp-

fylla. Einnig er ráðherra heimilt að kveða nánar á um upplýsingaskyldu framleiðanda og/eða innflytjanda í reglugerð. Með þessu er unnt að innleiða tilskipanir Evrópusambandsins í íslenskan rétt með setningu reglugerða, í stað þess að lagabreytingar þurfi að koma til í hvert skipti sem ný tilskipun er innleidd á þessu sviði. Áætlað var að framkvæmdastjórnin mundi hefjast handa við að innleiða umræddar tilskipanir árið 2007 og er sú vinna nú í fullum gangi.

Í 2. mgr. er ráðherra veitt heimild til að kveða nánar á um samræmismat, -merkingar og -yfirlýsingar í reglugerð sem byggist á tilskipuninni og viðaukum við hana.

Um 13. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. tilskipunarinnar skulu aðildarríki vísa í hana þegar innleiddar eru reglur á grundvelli tilskipunarinnar. Auk þess ber að innleiða ákvæði framangreindrar tilskipunar í samræmi við skuldbindingar Íslands á grundvelli EES-samningsins.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir að núgildandi lög nr. 51/2000, um orkunýtnikröfur, falli úr gildi. Einnig verður reglugerðum nr. 636/1994, nr. 795/2000 og nr. 219/2002 breytt á þann hátt að þær öðlist lagastoð í nýju lögunum. Þessar reglugerðir byggjast allar á eldri tilskipunum Evrópusambandsins en í tilskipun 2005/32/EB er gert ráð fyrir að þær falli undir hana og verði hluti af fyrrgreindu regluverki.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um visthönnun vöru sem notar orku.

Tilgangur þessa frumvarps er að stuðla að þróun og notkun orkunýtinna vara með það að markmiði að tryggja visthönnun vöru með minni orkunotkun og draga úr áhrifum orkunotkunar á umhverfið. Auk þess er frumvarpinu ætlað að tryggja frjálsa för slíkra vara um EES-svæðið. Frumvarpið byggir á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/32/ESB um vistvæna vöruþróun.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

576. Tillaga til þingsályktunar [336. mál]

um beina kosningu framkvæmdarvaldsins.

Flm.: Björgvin G. Sigurðsson, Kristinn H. Gunnarsson, Gunnar Svavarsson,
Ágúst Ólafur Ágústsson, Katrín Júlíusdóttir, Einar Már Sigurðarson.

Alþingi ályktar að fela endurskoðunarnefnd stjórnarskrár Íslands að vinna frumvarp til stjórnarskipunarlaga um að forsætisráðherra verði kosinn beinni kosningu og þannig fenginn fullur aðskilnaður löggjafarvalds og framkvæmdarvalds.

Greinargerð.

Með þeirri stjórnskipunarbreytingu sem hér er lögð til yrði raunverulegt lýðræði tryggt í landinu þar sem hvert valdsvið stjórnskipunar landsins væri sjálfstætt frá öðrum þáttum hennar.

Fyrsta þingmál nýstofnaðs Bandalags jafnaðarmanna var á sínum tíma um beina kosningu forsætisráðherra (þskj. 94, 92. mál 105. löggjafarþings) og var lagt fram 18. nóvember 1982 af Vilmundi Gylfasyni. Þetta er í eina skipti sem slíkt mál hefur komið í þingið en Gylfi Þ. Gíslason, faðir Vilmundar og ráðherra um langt árabil, skrifaði talsvert um slíkar hugmyndir. Hann fjallaði ítarlega um mikilvægi þess að skilja raunverulega á milli framkvæmdarvalds og löggjafans, m.a. í yfirgripsmikilli grein í Helgafelli árið 1945. Efni í þetta þingmál er sótt í gagnmerk skrif feðganna og tileinkað minningu þessara miklu stjórnmálaskörunga.

Hér er að mati flutningsmanna um að ræða afar mikilvægt mál. Nú þegar stjórnskipan okkar og valdakerfi hefur orðið fyrir verulegu áfalli er brýnt að ná strax uppbroti á stjórnskipaninni og ná fram fullum aðskilnaði framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Samþætting þeirra og eftirgjöf löggjafarvaldsins á síðustu áratugum hefur valdið íslensku samfélagi miklum skaða. Öflugt Alþingi með ríkt frumkvæði og sterkt eftirlitshlutverk mun leika lykilhlutverk í endurreisn íslensks samfélags og lýðræðisvæðingu þess. Þá er einnig áríðandi að framkvæmdarvaldið sé skýrt afmarkað og beri gagnsæja ábyrgð á athöfnum sínum. Flutningsmenn telja að besta leiðin til að ná fram fullum aðskilnaði löggjafar- og framkvæmdarvalds sé með beinni kosningu framkvæmdarvaldsins og það sé ein af forsendum þess að endurskapa traust almennings á stjórnvöldum og stofnunum þess.

Við útfærslu frumvarpsins verði eftirfarandi efnisatriði til viðmiðunar:

- Forsætisráðherra verði kosinn í tveimur umferðum nái enginn frambjóðandi einföldum meiri hluta í fyrri umferð. Kosið verði á milli tveggja efstu frambjóðendanna í síðari umferð.
- Forsætisráðherra skipi ríkisstjórn, hvort sem er úr hópi þingmanna eða annarra. Ráðherrar séu eigi færri en sex og ekki fleiri en tíu og fari þeir með framkvæmdarvaldið.
- Alþingi þurfi ekki að samþykkja ráðherraskipan forsætisráðherra og þeir þurfi ekki að lúta öðru en því sem gildir um kjörgengi að öðru leyti.
- Alþingi fari með fjárveitingavald, löggjafarvald og eftirlitsvald með framkvæmdarvaldinu.
- Forsætisráðherra velji einhvern úr ráðherraliði sínu til að gegna hlutverki staðgengils síns forfallist hann af einhverjum ástæðum eða vegna dvala erlendis.
- Ráðherrar hafi fullt málfrelsi á þingi en ekki atkvæðisrétt.
- Alþingi verði áfram kosið til fjögurra ára og skuli kosið til þess á ári þegar ekki er kosið um framkvæmdarvaldið. Verði þingmenn ráðherrar segi þeir af sér þingmennsku og varamenn taki sæti þeirra á þingi.
- Alþingi geti lýst vantrausti á einstaka ráðherra en ekki á forsætisráðherra og ekki ríkisstjórn sem heild, enda verði forsætisráðherra kjörinn til ákveðins tíma með millilíðalausri kosningu.
- Forsætisráðherra geti borið lagafrumvörp fyrir þingið til staðfestingar eða synjunar.

Skilið á milli löggjafar- og framkvæmdarvalds.

Markmið þessarar þingsályktunar er að greina að fullu á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Skilin á milli þessara tveggja þátta í stjórnskipun lýðveldisins eru að mati flutningsmanna allt of lítil og þau fara síminnkandi. Þá eru þetta skilvirkustu umbæturnar á

lýðræðisfyrirkomulagi okkar til þess að brjóta upp það úrelta valdakerfi sem ríkir í landinu og hefur m.a. leitt þjóðina í fordæmislausar ógöngur.

Á lýðveldistímanum hefur oft ríkt upplausnarástand við myndun ríkisstjórna vegna þess fjölflokkakerfis sem við búum við. Jafnframt hefur hlutverk og staða Alþingis sem löggjafarvalds og eftirlitsstofnunar með framkvæmdarvaldinu veikst verulega, með slæmum afleiðingum fyrir stjórn landsins.

Mikilvægt er að auka eftirlitsvald Alþingis með framkvæmdarvaldinu sérstaklega, t.d. með tilkomu rannsóknarnefnda þingsins.

Besta og áhrifaríkasta leiðin til að ná fram fullri aðgreiningu á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds er að forsætisráðherra verði kosinn beinni kosningu um land allt til fjögurra ára í senn.

Með beinni kosningu framkvæmdarvaldsins yrðu öll atkvæði jafngild. Kosningin færi fram um allt land og öll atkvæði hefðu jafnt vægi.

Einn meginkostur beinnar kosningar framkvæmdarvaldsins væri, vegna þess fjölflokkakerfis sem hér er, að stjórnmálaflokkarnir gerðu ekki bandalög eftir kosningar eins og nú tíðkast heldur fyrir þær. Bandalög sín á milli og við einstaklinga og hagsmunasamtök sem kjósa að bjóða fram. Þessi breyting væri mikið réttlætismál fyrir kjósendur. Línur mundu skerpast og valkostir lægju fyrir.

Gallar núverandi stjórnarhátta.

Eins og áður er getið var þingsályktunartillaga þessa efnis flutt af Vilmundi Gylfasyni, fyrrverandi þingmanni Alþýðuflokksins og Bandalags jafnaðarmanna. Var því máli útbýtt 18. nóvember 1982 og það kynnt sem fyrsta þingmál sem flutt væri „af þingmanni væntanlegs Bandalags jafnaðarmanna. Þau samtök munu stofnuð af áhugafólki innan tíðar og munu leitast við að afla málstað sínum fylgis," eins og segir í tillögunni.

Höfuðeinkenni þess þingræðisfyrirkomulags sem við búum við eru náin tengsl á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Áhrif og völd ríkjandi stjórnmálaflokka eru þess vegna allt of mikil þar sem flokkarnir drottna á sama tíma yfir Alþingi og framkvæmdarvaldinu.

Með beinni kosningu framkvæmdarvaldsins væri skilið rækilega á milli. Framkvæmdarvaldið yrði síður háð valdi stjórnmálaflokkanna, eftirlitsskylda Alþingis með framkvæmdarvaldinu væri efld og gerð virk með afgerandi hætti. Unnið yrði markvissar gegn pólitískri spillingu og áhrifum einstakra stjórnmálamanna og foringja. Foringjaræðið mundi minnka og bein aðkoma fólksins að kosningu löggjafans og framkvæmdarvaldsins yrði lifandi veruleiki.

Staða forsætisráðherra yrði við slíkt fyrirkomulag sterk og skýr gagnvart Alþingi og gagnkvæmt. Alþingi yrði óháð framkvæmdarvaldinu og væri þess umkomið að rækja hlutverk sitt með viðunandi hætti en svo er ekki raunin nú. Endurheimt trausts og virðingar Alþingis liggur að mati flutningsmanna til grundvallar endurreisn Íslands og á að vera grunnur að nýjum, betri og heiðarlegri stjórnarháttum.

577. Frumvarp til laga [337. mál]

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Við 23. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Umfjöllun fastanefndar um mál sem vísað hefur verið til hennar skal ekki taka skemmri tíma en sex vikur. Ákveði nefnd að senda mál til umsagnar skal að lágmarki gefinn tveggja vikna umsagnarfrestur. Þó getur nefnd ákveðið að umfjöllun um mál taki skemmri tíma, þó aldrei minna en eina viku, enda séu a.m.k. sjö þingmenn því samþykkir en í fjárlaganefnd níu þingmenn. Þá getur aukinn meiri hluti nefndar ákveðið að umsagnarfrestur verði styttur en verði þó aldrei styttri en þrír virkir dagar.

2. gr.

Við 63. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal þingmaður sem er flutningsmaður frumvarps eða tillögu til þingsályktunar eiga þess kost að mæla fyrir málinu eigi síðar en á 10. þingdegi eftir framlagningu þess. Kjósi þingmaður að færa sér þetta í nyt skal forseti skipuleggja umræðu um málið. Í því felst m.a. heimild til að ákveða heildarræðutíma um málið og skipta honum milli þingflokka. Að öðrum kosti fer um umræður um málið með hefðbundnum hætti.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2009.

Greinargerð.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvenns konar breytingar á þingsköpum. Annars vegar lúta þær að því að í þingsköpum verði nánar kveðið á um þinglega meðferð mála í fastanefndum. Þannig er lögð til sú meginregla að málsmeðferð í fastanefnd taki ekki skemmri tíma en sex vikur og að frestur sem veittur er til að utanaðkomandi aðilar geti gefið skriflegar umsagnir um þingmál verði eigi skemmri en tvær vikur. Sé það vilji afgerandi meiri hluta nefndarmanna, þ.e. sjö af níu í öllum fastanefndum nema fjárlaganefnd, þar sem meiri hlutinn þyrfti að vera níu þingmenn af ellefu, að víkja frá meginreglunni skal málsmeðferð í fastanefnd eigi að síður aldrei taka skemmri tíma en eina viku og umsagnarfrestur verði aldrei styttri en þrír virkir dagar.

Hins vegar er lagt til að þingmaður sem er flutningsmaður frumvarps eða tillögu til þingsályktunar skuli eiga þess kost að mæla fyrir málinu eigi síðar en á 10. þingdegi eftir framlagningu þess. Ef þingmaður velur að fara þessa leið skal forseti Alþingis skipuleggja umræðu um málið innan tilskilinna tímamarka og hefur þá m.a. heimild til að ákveða heildarræðutíma um málið og skipta honum milli þingflokka. Kjósi þingmaður að málið verði tekið á dagskrá með hefðbundnum hætti, þ.e. eftir ákvörðun forseta, gilda almennar reglur þingskapa um ræðutíma.

Lagt er til að breytingarnar öðlist gildi 1. maí 2009 þannig að hægt verði að beita þeim frá þeim tíma sem nýtt þing kemur saman að loknum kosningum í vor.

578. Fyrirspurn [338. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um endurskoðun og einföldun á almannatryggingakerfinu.

Frá Ellerti B. Schram.

Hvað líður endurskoðun og einföldun á almannatryggingakerfinu?

579. Fyrirspurn [339. mál]

til heilbrigðisráðherra um verktakavinnu fyrir heilbrigðisráðuneytið.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hvaða verkefnum sinntu verktakar fyrir heilbrigðisráðuneytið á tímabilinu 1.6.2007–1.2.2009?
2. Hversu margir verktakar störfuðu fyrir ráðuneytið á því tímabili og hverjir voru þeir?
3. Hvað greiddi ráðuneytið verktökunum fyrir vinnu þeirra?
4. Hversu stór hluti af vinnu verktakanna fyrir ráðuneytið tengist fyrirhuguðum skipulagsbreytingum á heilbrigðiskerfinu?
5. Voru verkefnin sem verktakarnir sinntu boðin út eða auglýst á vegum ráðuneytisins?

Skriflegt svar óskast.

580. Fyrirspurn [340. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um aðgerðir fyrir þá sem hafa orðið sérstaklega illa úti í hruni fjármálakerfisins.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hafa verið skipulagðar aðgerðir til að ná til þeirra sem hafa misst atvinnu og eru á viðkvæmu fjárfestingarskeiði í lífi sínu?
2. Hafa verið skipulagðar aðgerðir til að ná annars vegar til þeirra sem vinna í byggingariðnaði og hins vegar þeirra sem starfa sjálfstætt í öðrum greinum og hafa ekki leitað sér aðstoðar eða eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum af ýmsum ástæðum?
3. Hafa verið skipulagðar aðgerðir til að ná til þeirra sem hafa orðið fyrir áfalli og hafa ekki af þeim eða öðrum aðstæðum leitað sér aðstoðar?

4. Hafa aðgerðir verið samhæfðar með sveitarfélögum til þess að finna og aðstoða framangreinda aðila?
5. Hefur verið gerð áætlun til að styrkja og aðlaga starfsemi og lagaramma Vinnumálastofnunar enn frekar en nú hefur verið gert?

Skriflegt svar óskast.

581. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Karl Alvarsson og Ástríði Scheving Thorsteinsson frá samgönguráðuneyti.

Umsagnir bárust frá Icelandair, Iceland Express, Landhelgisgæslunni, Samtökum um þjónustu og verslun, Félagi atvinnuflugmanna, Flugstoðum ohf. og rannsóknarnefnd flugslysa.

Frumvarpið er lagt fram í þeim tilgangi að breyta nokkrum ákvæðum laga um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum. Með frumvarpinu er meðal annars lagt til að Flugmálastjórn Íslands verði heimilt að fela viðurkenndum aðilum skrásetningu og eftirlit með starfrækslu og lofthæfi loftfara af tiltekinni tegund og flokki. Einnig er ætlunin að bæta og styrkja lagastoð fyrir setningu reglugerða og innleiðingu gerða vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Umfangsmestu breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu snúa að flugvernd og gjaldtöku vegna flugverndar. Nánar er kveðið á um eftirlit Flugmálastjórnar, heimild til leitar, gerð bakgrunnsathugana og þagnarskyldu auk þess sem kveðið er á um skýrari lagastoð til setningar reglugerða á sviði flugverndar. Með frumvarpinu er einnig stefnt að því að tryggja þátttöku flugrekenda í ákvarðanatöku með tilkomu svokallaðrar notendanefndar, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Heildarendurskoðun loftferðalaga hefur staðið fyrir dyrum í samgönguráðuneytinu um nokkurt skeið. Sú vinna er skammt á veg komin en talið er brýnt að gera tilteknar breytingar á lögunum á þessu stigi málsins.

Nefndin ræddi þær breytingar sem lagðar er til í frumvarpinu á fundum sínum. Meðal annars var rætt um framsal valds til skrásetningar loftfara, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Fram kom að ákvæðinu er aðeins ætlað að ná til skráningar hreyfilknúinna fisa, léttra flugvéla og svifflugvéla. Flugmálastjórn hefur heimilað viðurkenndu fisfélagi skráningu og eftirlit í ákveðnum tilfellum og hefur það gefist vel. Er þessi lagabreyting gerð til að koma til móts við athugasemdir umboðsmanns Alþingis við framkvæmdina.

Nefndin ræddi einnig þá tilhögun 10. gr. frumvarpsins að birta efni reglugerðar um flugvernd aðeins að hluta og hvort þessi regla samræmist lagaboðum um birtingu stjórnvaldsfyrirmæla. Fram kom á fundi nefndarinnar að ef þessar verklagsreglur eru birtar og aðgengilegar almenningi eru brostnar forsendurnar fyrir því að verklagið nái því markmiði að koma í veg

fyrir ólögmætar aðgerðir gegn flugstarfsemi þar sem aðilar sem hyggja á slíkar aðgerðir geta þannig hæglega komist yfir þessar upplýsingar. Fram kom einnig að leitast er við að takmarka þessa heimild til birtingar reglugerðar að hluta eins og frekast er unnt. Aðeins kröfur er lúta að framkvæmd og starfrækslu flugverndar verða háðar leynd. Nefndin telur tilhögun þessa nauðsynlega í ljósi þeirra markmiða sem reglum um flugvernd er ætlað að ná.

Nefndin vekur athygli á að fallið er frá stjórnskipulegum fyrirvara með frumvarpinu en hefðbundin framkvæmd þegar fallið er frá slíkum fyrirvara er sú að það sé gert með þingsályktunartillögu og leggur nefndin áherslu á mikilvægi þess að þeirri málsmeðferð sé fylgt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Björgvin G. Sigurðsson, Sturla Böðvarsson, Árni Johnsen og Ragnheiður Ólafsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. febr. 2009.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Árni Þór Sigurðsson.	Ólöf Nordal.
Lúðvík Bergvinsson.	Valgerður Sverrisdóttir.	

582. Fyrirspurn [341. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um íslenskt merki fyrir ábyrgar fiskveiðar.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvernig gengur að koma á íslensku merki fyrir ábyrgar fiskveiðar?
2. Hver er hlutur ríkisins við að koma merkinu á og hver er áætlaður kostnaður við það úr ríkissjóði?
3. Hvernig er kröfulýsing sú sem vottunaraðila er ætlað að vinna eftir?
4. Hvernig samrýmist nýleg 30 þús. tonna viðbótarúthlutun þorskaflamarks gegn mótmælum Hafrannsóknastofnunarinnar ákvæðum þessarar kröfulýsingar og yfirlýsingu um ábyrgar fiskveiðar Íslendinga frá ágúst 2007?

Skriflegt svar óskast.

583. Frumvarp til laga [342. mál]

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Flm.: Atli Gíslason, Ágúst Ólafur Ágústsson, Álfheiður Ingadóttir,
Árni Þór Sigurðsson, Þuríður Backman, Katrín Júlíusdóttir, Lúðvík Bergvinsson,
Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Siv Friðleifsdóttir,
Eygló Harðardóttir, Helga Sigrún Harðardóttir.

1. gr.

Við 206. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, 1. og 2. mgr., svohljóðandi:

Hver sem lætur af hendi eða heitir greiðslu eða öðrum ávinningi fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

Hver sem lætur af hendi eða heitir greiðslu eða öðrum ávinningi fyrir vændi barns undir 18 ára aldri skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

I.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ákvæði um refsinæmi þess að kaupa vændi þannig að hver sá sem greiðir eða heitir greiðslu eða öðrum ávinningi fyrir vændi skuli sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári. Jafnframt er lagt til að ef greitt er fyrir vændi barns yngra en 18 ár varði það þyngri refsingu, allt að tveggja ára fangelsi. Ekki skiptir máli í hvaða formi greiðslan er. Hún getur verið peningar, áfengi eða fíkniefni, hlutir eða eitthvert viðvik, greiði eða þjónusta. Þá er ekki áskilið að greiðslan eða loforð um hana renni til þess sem veitir þjónustuna enda háttsemi milligöngumanns refsiverð skv. 4. mgr. 206. gr. hegningarlaga. Að sama skapi er athæfið saknæmt ef vændið er keypt fyrir þriðja aðila. Er frumvarpinu ætlað að lögfesta svokalla sænska leið sem gerir kaup á vændi refsivert en Norðmenn fetuðu nýlega í fótspor Svía með því að kveða á um refsinæmi þess að kaupa vændi.

II.

Sú leið var farin í Svíþjóð með lögum nr. 408/1998, om förbud mot köp af sexuella tjänster, að gera kaup á vændi refsinæmt þannig að það varði fangelsi allt að sex mánuðum. Löggjöf af þessu tagi er því oft nefnd sænska leiðin og miðar við að það sé hlutverk löggjafans að sporna við sölu á kynlífi, enda sé ekki ásættanlegt að líta á mannslíkamann sem söluvöru. Einnig er gengið út frá því að ábyrgðin af viðskiptunum hvíli á herðum kaupandans en ekki seljandans, enda sé aðstöðumunur þeirra ævinlega mikill. Loks er litið svo á að það sé kaupandinn sem í krafti peninganna hafi eiginlegt val um að kaupa eða kaupa ekki, enda staða hans í langflestum tilvikum miklum mun sterkari en staða þess sem selur aðgang að líkama sínum til kynlífsathafna. Svíar gerðu breytingar á kynferðisbrotakafla sænsku hegningarlaganna (Brottsbalk 1962:700) árið 2005 og settu inn refsiþyngingarákvæði þannig að kaup á kynlífsþjónustu (s. köp af sexuell tjänst) með barni sætti fangelsi allt að tveimur árum.

Í lok síðasta árs var sænska leiðin lögfest í Noregi með lögum nr. 104/2008, om endringer i straffeloven 1902 og straffeprosessloven (kriminalisering av kjøp av seksuell omgang eller

handling mv.) og kaup á vændi gert refsivert. Norðmenn lögfestu þar sömu reglu og Svíar hvað varðar kaup á vændi barns undir 18 ára aldri þannig að það varði helmingi þyngri refsingu en ef um fullorðinn einstakling er að ræða.

Í 4. mgr. 202. gr. hegningarlaga er nú þegar kveðið á um að sá sem greiðir barni eða ungmenni yngra en 18 ára endurgjald gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök skuli sæta allt að tveggja ára fangelsi. Ákvæðið var lögfest með lögum árið 2002 og í greinargerð segir að refsinæmi brots sé bundið við að barni eða ungmenni yngra en 18 ára hafi verið greitt endurgjald gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök. Þá segir jafnframt að engu breyti um refsinæmi verknaðar hvort endurgjald er greitt af geranda eða þriðja manni. Ákvæðið nær þó ekki til þeirra sem greiða öðrum aðila fyrir samræði eða kynferðismök með barni undir 18 ára aldri. Af þessum sökum er lagt til að lögfest sé sérstakt ákvæði um refsinæmi þess að kaupa vændi barns. Þó er ekki lögð til breyting á 202. gr. þar sem hún tekur heildstætt á kynferðisbrotum gegn börnum og þykir þetta ákvæði betur eiga heima í þeirri lagagrein sem tekur á vændi.

III.

Frumvarp sambærilegt þessu hefur nokkrum sinnum verið lagt fyrir Alþingi. Á 130. löggjafarþingi var málið afgreitt frá allsherjarnefnd þar sem meiri hluti nefndarinnar lagði til að frumvarpið yrði samþykkt. Það komst þó ekki til annarrar umræðu. Ein breyting hefur verið gerð frá því frumvarpi sem lagt var fram á síðasta löggjafarþingi þar sem nýrri málsgrein er bætt við sem kveður á um þyngri refsingu ef vændið beinist gegn barni yngra en 18 ára.

Fjöldi umsagna hefur borist um málið þau skipti sem það hefur verið lagt fram og hefur mikill meiri hluti þeirra verið jákvæður um að málið nái fram að ganga. Á síðasta löggjafarþingi bárust allsherjarnefnd Alþingis 12 umsagnir og voru 9 þeirra jákvæðar og einn umsagnaraðili tók ekki afstöðu. Umsagnaraðilar bentu m.a. á að vændi væri ein birtingarmynd kynferðisofbeldis, það væri oftast til komið vegna neyðar og að dæmi væru um það að konur hér á landi hefðu verið neyddar til vændis. Bann við kaupum á vændi sendir jafnframt þau skilaboð í samfélagið að það sé litið alvarlegum augum að kaupa sér aðgang að líkama fólks og að ekki sé ásættanlegt á Íslandi að nýta sér neyð annarra í kynferðislegum tilgangi. Þeir umsagnaraðilar sem ekki skiluðu jákvæðum athugasemdum bentu einna helst á að sú leið að gera kaup á vændi refsivert væri umdeilanleg og ekki sönnur á því að hún væri betur til þess fallin en önnur refsiákvæði að stemma stigu við vændi. Mannréttindaskrifstofa Íslands bendir þó í umsögn sinni á rannsókn sem sænska félagsmálaráðuneytið lét gera árið 2007. Þar segir að jákvæðar afleiðingar sænsku laganna sem gerðu kaup á vændi refsinæmt séu m.a. þær að götuvændi hafi minnkað og löggjöfin hafi fyrirbyggjandi áhrif þannig að ungar stúlkur leiðist síður út í vændi. Í umsögn Rannsóknastofu Háskóla Íslands í kvenna- og kynjafræðum kom fram að mikill aðstöðumunur væri á kaupanda og seljanda vændis þar sem kaupandi hefði val um hvort hann kaupir vændið en seljandi þess hefur sjaldnast sama val þar sem vændi væri oft stundað vegna neyðar. Þá segir þar jafnframt að „erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós að stærsti hluti eftirspurnar eftir vændi séu karlmenn sem „prófi“ í fáein skipti en hætti svo að kaupa vændi. […] Ef kaup á vændi verða gerð refsiverð má fastlega búast við því að umtalsvert færri „prófi“ að kaupa vændi og þar af leiðandi myndi eftirspurnin minnka umtalsvert.“

IV.

Í mars 2007 kannaði Capacent Gallup hug landsmanna til kaupa á vændi og kom þá í ljós að 70% þjóðarinnar voru hlynnt eða mjög hlynnt því að sænska leiðin yrði farin hér á landi.

Þess má geta að víðtækur stuðningur hefur verið meðal kvennahreyfingarinnar við að kaup á vændi verði gerð refsiverð. Haustið 2003 sendu 14 samtök þingmönnum áskorun um að leiða slíkt bann í lög. Þetta voru Bríet – félag ungra femínista, Femínistafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennaathvarfið, Kvennakirkjan, Kvennaráðgjöfin, Kvenréttindafélag Íslands, Neyðarmóttaka vegna nauðgunar, Stígamót, Tímaritið Vera, UNIFEM á Íslandi, Félag kvenna í læknastétt á Íslandi, Landssamband framsóknarkvenna og V-dagssamtökin. Í greinargerð með áskoruninni var lögð áhersla á tengsl klámiðnaðarins og vændis og tekið undir það sjónarmið að vændi væri kynbundið ofbeldi sem bæri að vinna gegn. Það að gera kaup á vændi refsiverð væri virk leið til varnar.

584. Svar [292. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um skoðun á Icesave-ábyrgðum.

1. *Hefur ráðherra látið skoða á innlendum eða erlendum vettvangi hvort Íslendingum beri lagaleg skylda til að greiða Icesave-ábyrgðirnar og ef svo er, hver er niðurstaða þeirrar skoðunar?*

Já. Fyrir liggur allnokkur fjöldi lögfræðilegra álitsgerða sem unnar hafa verið bæði af innlendum og erlendum aðilum að beiðni utanríkisráðuneytisins og á vegum ríkisstjórnarinnar vegna Icesave. Eins liggja fyrir álitsgerðir Breta, Hollendinga og Evrópusambandsins. Í þessum greinargerðum eru reifuð ýmis sjónarmið er lúta að ábyrgð ríkisins. Utanríkisráðuneytið og þau ráðuneyti önnur sem koma að Icesave-viðræðunum hafa kynnt sér efni þessara greinargerða gaumgæfilega og stuðst við þær í viðræðunum. Rétt er að taka fram að þær standa enn yfir og því takmörkunum bundið hversu ítarleg svör er hægt að gefa í svari sem þessu. Með vísan til 24. gr. þingskapalaga hafa helstu gögn málsins, þ.m.t. lögfræðilegar álitsgerðir, verið afhentar utanríkismálanefnd í trúnaði.

Þrátt fyrir nauðsynlegan trúnað um einstakar álitsgerðir er þó hægt að upplýsa að þungvæg lögfræðileg rök eru talin hníga að því að túlka tilskipunina um innstæðutryggingar þannig að íslenska ríkið verði að hlaupa undir bagga með tryggingarsjóðnum til að greiða lágmarkstryggingar samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar. Þó hafa verið færð lögfræðileg rök fyrir gagnstæðri skoðun, þ.e. að með því að hafa komið tryggingarsjóði innstæðna á laggirnar sé Ísland búið að fullnægja skyldum sínum og að ekki sé við íslenska ríkið að sakast þótt eignir tryggingarsjóðsins dugi ekki fyrir þeim kröfum er á hann falli.

Á öllum samningafundum sem fram hafa farið hafa íslensk stjórnvöld haldið því sjónarmiði fram af miklum þunga að tilskipun 94/19/EB um innstæðutryggingar hafi verið innleidd í íslenskan rétt á fullnægjandi hátt og án athugasemda og að íslenska ríkinu beri ekki að ábyrgjast innstæður umfram þá upphæð sem var í tryggingarsjóði innstæðueigenda.

Í ljósi mikilvægis málsins hefur Ísland engu að síður leitað eftir því að úr málinu yrði skorið fyrir dómi eða með öðrum viðunandi lögfræðilegum hætti. Skemmst er frá því að segja að allar leiðir til þess mundu krefjast sammælis allra málsaðila um að leggja málið í dóm eða gerð. Ríkin þrjú sem hlut eiga að máli hafa til þessa þvertekið fyrir slíkan mála-

rekstur og eru studd af öllum Evrópusambandsríkjunum auk Noregs. Rök þeirra eru samhljóða. Takmörkun ábyrgðar við eignir tryggingarsjóða sé fráleit lögfræðileg túlkun og málarekstur um slíkt sé til þess eins fallinn að grafa undan, ef ekki kollvarpa, trausti á fjármálakerfi allra Evrópuríkja. Í þessu samhengi má einnig geta þess að tryggingarsjóðirnir í Evrópu eru að meira eða minna leyti fjármagnaðir eftir á.

Á tímabili leit út fyrir að fyrrverandi fjármálaráðherra hefði með samkomulagi náð að leggja málið í gerðardómsmeðferð þar sem að málum kæmu ráðherraráð og framkvæmdastjórn ESB, Seðlabanki Evrópu, Eftirlitsstofnun EFTA og fulltrúi tilnefndur af Íslandi undir hatti EFTA. Þegar í ljós kom að málsmeðferð þessa gerðardóms yrði fjarri því að vera fagleg og lögfræðileg var talið óforsvaranlegt að Ísland tilnefndi gerðardómsmann. Hópur sérfræðinga (4) tilnefndra af hinum stofnununum kom engu að síður saman og gaf hann samdóma álit eftir rúmlega sólarhringsskoðun að íslenska ríkinu bæri að ábyrgjast greiðslu lágmarkstrygginga samkvæmt tilskipuninni dygðu eignir tryggingarsjóðsins ekki til.

2. *Hvert er mat ráðherra á stöðu Íslands ef við*
   a. *borgum,*
   b. *borgum ekki?*

Í aðild Íslands að EES felast rík réttindi en jafnframt ríkar skyldur. Litið er á Ísland auk hinna EFTA/EES-ríkjanna sem nánustu samstarfslönd ESB-ríkjanna og eru þau einu ríkin utan sambandsins sem treyst hefur verið til fullrar þátttöku á innri markaði og fá notið þeirra sérréttinda sem sú þátttaka veitir.

Eins og að framan er getið eru hvorki stofnanir ESB né nokkurt aðildarríki þess, þ.m.t. Norðurlöndin auk Noregs sem er í EES, reiðubúin að fallast á að lagaóvissa ríki um það hvort ábyrgð á bankainnstæðum sé fyrir hendi. ESB-ríkin og framkvæmdastjórn ESB virtust í október sl. meta það svo að Ísland væri ekki í stakk búið að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt reglum EES og að í aðgerðum íslenskra stjórnvalda gæti falist mismunun á grundvelli þjóðernis. Bretland krafðist þess raunar af framkvæmdastjórn ESB að gripið yrði tilsérstakra verndaraðgerða samkvæmt EES-samningnum gagnvart Íslandi, en það var þó ekki gert.

ESB-ríkin hafa mjög skýra afstöðu til þess hverjar skyldur Íslands eru í máli þessu og hafa skoðanir verið látnar í ljós um að Ísland sé að virða að vettugi skyldur sínar á innri markaði sambandsins. Það gæti valdið uppnámi á EES-samningum.

Að auki verður að geta þess að ein af forsendum fyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og þeirra ríkja sem að henni koma var að samkomulag næðist við Breta, Hollendinga og Þjóðverja vegna uppgjörs innlána í útibúum íslenskra banka í viðkomandi ríkjum.

Það er því mat núverandi ríkisstjórnar, og þeirrar fráfarandi einnig, að lausn deilunnar með aðstoð alþjóðasamfélagsins og þeirra ríkja sem næst okkur standa, fyrst og fremst Norðurlandanna, sé ein af forsendum endurreisnar íslensks efnahagslífs. Því má ekki gleyma að samkvæmt hinum umsömdu viðmiðum sem samþykkt voru í Brussel skal í viðræðunum „tekið tillit til hinna erfiðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í og knýjandi nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt“. Verði slíkt ekki gert munu samningar ekki nást.

3. *Hefur farið fram víðtækt hagsmunamat á leið 2a og 2b?*

Sjá svar við 2. tölul. fyrirspurnarinnar.

585. Frumvarp til laga [343. mál]

um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Ólafur Ágústsson, Álfheiður Ingadóttir, Árni Páll Árnasson,
Árni Þór Sigurðsson, Katrín Júlíusdóttir, Helgi Hjörvar,
Atli Gíslason, Karl V. Matthíasson.

1. gr.

Í stað 1. mgr. 126. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Gjafsókn verður aðeins veitt ef málstaður umsækjanda gefur nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar og öðru hvoru eftirfarandi skilyrða er að auki fullnægt:

a. að fjárhag umsækjanda sé þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í máli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða enda megi teljast eðlilegt að öðru leyti að gjafsókn sé kostuð af almannafé,
b. að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda.

Dómsmálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði gjafsóknar, þar með talið hvenær nægilegt tilefni sé til veitingar gjafsóknar, þau atriði sem líta ber til við mat á fjárhagsstöðu umsækjanda og heimildir til takmörkunar á gjafsókn skv. 1. mgr. 127. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á 126. gr. laga um meðferð einkamála um gjafsókn. Einnig felur það í sér reglugerðarheimild fyrir dómsmálaráðherra til að kveða nánar á um skilyrði gjafsóknar. Frumvarpið miðar að því að auka möguleika almennings á gjafsókn óháð fjárhagsstöðu umsækjanda.

Þegar einkamálalögin voru samþykkt árið 1991 voru skilyrði gjafsóknar skv. 126. gr. laganna þau að gjafsókn yrði aðeins veitt ef nægilegt tilefni væri til málshöfðunar eða málsvarnar og öðru hvoru eftirfarandi skilyrða væri fullnægt: að efnahag umsækjanda sé þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í máli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða, sbr. a-lið 1. mgr., eða úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagsmuni umsækjanda, sbr. b-lið 1. mgr.

Á 131. löggjafarþingi voru samþykkt lög nr. 7/2005, sem breyttu ákvæðum um gjafsókn í einkamálalögum, nr. 91/1991, og þjóðlendulögum, nr. 58/1998. Sú breyting var þá gerð að skilyrði gjafsóknar skv. b-lið 1. mgr. 126. gr., að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda, var fellt brott. Ákvæðið hafði þá verið í lögunum í um 12 ár án nokkurra vandkvæða í framkvæmd. Ástæða lagabreytingarinnar var sú að ákvæðið þótti afar víðtækt og ekki forsvaranlegt að kosta málshöfðun eða málsvörn einstaklinga af almannafé á grundvelli svo almenns ákvæðis.

Efni núgildandi ákvæðis þrengir verulega að möguleikum almennings til þess að leita réttar síns með málshöfðun gagnvart stjórnvöldum og opinberum aðilum í málum sem geta varðað einstaklinga og almenning miklu. Slíkar takmarkanir eru í andstöðu við hefðir sem hafa

verið að þróast í öðrum lýðræðisríkjum. Með frumvarpinu er því lagt til að fella umrætt skilyrði aftur inn í ákvæðið. Sú rýmkun sem lögð er til í frumvarpinu mun fela í sér að gjafsókn verður möguleg í málum sem eru mikilsverð réttlætismál fyrir hagsmuni einstaklinga og almennings, svo sem mál sem varða heimtu skaðabóta fyrir varanlega örorku þegar örorka er mikil en aflahæfi verulega skert, mál er varða lífeyrisréttindi, atvinnuréttindi og eignarréttindi, mál er varða bætur fyrir missi framfæranda, mál vegna læknamistaka, mál um réttindi varðandi friðhelgi einkalífs og önnur mál er varða hefðbundin mannréttindi. Þá gæti gjafsókn skv. b-lið 1. mgr. 126. gr. verið veitt í málum einstaklinga gagnvart stjórnvöldum.

Gert er ráð fyrir að áfram verði inni reglugerðarheimild til að kveða nánar á um skilyrði málsóknar. Á grundvelli laga nr. 7/2005 gaf dómsmálaráðherra út reglugerð nr. 45/2008 þar sem kveðið var nánar á um skilyrði gjafsóknar. Verði frumvarpið að lögum er þörf á að gera breytingar á 5. gr. reglugerðarinnar um mat á tilefni til veitingar gjafsóknar fyrir héraðsdómi í samræmi við víkkun á heimild til gjafsóknar.

586. Framhaldsnefndarálit [185. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, og lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2007, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því hafði verið vísað til 3. umræðu.

Nefndin telur rétt að ákvæði 1. gr. frumvarpsins um lögveðsrétt til fjögurra ára verði einnig látið ná til ársins 2008. Tilgangurinn með 1. gr. er að skapa aukið svigrúm fyrir sveitarfélög til að semja við fasteignaeigendur sem eiga í greiðsluerfiðleikum við skil á fasteignaskatti án þess að eiga á hættu að lögveðsréttur glatist þar sem tímafresturinn sem tilgreindur er í frumvarpinu varðandi lögveðið er rýmri en almenna reglan segir til um. Til að tryggja betur að tilgangi frumvarpsins um aukið svigrúm til samninga verði náð telur nefndin mikilvægt að heimildin nái einnig til ársins 2008.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað „2009 og 2010“ í 1. gr. komi: 2008–2010.

Björgvin G. Sigurðsson, Sturla Böðvarsson, Árni Johnsen og Ragnheiður Ólafsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. febrúar 2009.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm. Árni Þór Sigurðsson. Ólöf Nordal.

Lúðvík Bergvinsson. Valgerður Sverrisdóttir.

587. Fyrirspurn [344. mál]

til umhverfisráðherra um kortlagningu vega og slóða á hálendinu.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Er að vænta niðurstöðu verkefnis sem felur í sér kortlagningu vega og slóða á hálendinu og ákvörðunar um hvaða vegi og slóða sé heimilt að aka?
2. Hvernig er samráði við Ferðaklúbbinn 4x4, samtök vélhjólamanna, hestamanna og aðra hagsmunahópa háttað í þessari verkefnavinnu?
3. Hví eiga fulltrúar hagsmunasamtaka ekki beina aðild að nefndinni sem vinnur verkefnið?

588. Frumvarp til laga [345. mál]

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 (þagnarskylda), og lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003 (upplýsingagjöf).

Flm.: Björn Bjarnason, Ólöf Nordal, Sturla Böðvarsson, Árni M. Mathiesen, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Ásta Möller, Ragnheiður E. Árnadóttir, Björk Guðjónsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Pétur H. Blöndal, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Einar K. Guðfinnsson.

I. KAFLI

Breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 58. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ákvæði þetta girðir þó ekki fyrir rétt hlutdeildarskírteinishafa til að fá yfirlit yfir allar fjárfestingar og sölur verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða að liðnum þremur mánuðum frá kaupeða söludegi. Hafi ákvörðun verið tekin um slit verðbréfasjóðs eða fjárfestingarsjóðs, eða hafi viðskipti með hlutdeildarskírteini verið stöðvuð í tvær vikur, skal hlutdeildarskírteinishafi eiga rétt á að fá tiltækar upplýsingar um allar fjárfestingar og sölur síðustu 24 mánuði fyrir slit.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ákvæði 3. mgr. 58. gr. laganna skal gilda um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði sem slitið hefur verið eftir 1. janúar 2008.

II. KAFLI

Breyting á lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003, með síðari breytingum.

3. gr.

Á eftir 51. gr. laganna kemur ný grein, 51. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Upplýsingagjöf til hlutdeildarskírteinishafa verðbréfasjóðs eða fjárfestingarsjóðs.

Nú óskar hlutdeildarskírteinishafi eftir því við verðbréfasjóð eða fjárfestingarsjóð að fá yfirlit yfir fjármálagerninga sjóðsins og skal sjóðurinn þá verða við beiðni hlutdeildarskírteinishafans innan tveggja vikna vegna þess tímabils sem viðkomandi hefur verið eigandi hlutdeildarskírteinis.

Hafi verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði verið slitið skal rekstrarfélagi skylt að verða við beiðni hlutdeildarskírteinishafa um tiltækar upplýsingar er tengjast einstökum fjármálagerningum.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ákvæði 51. gr. a skulu gilda um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði sem slitið hefur verið frá 1. janúar 2008.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við bankahrunið urðu margir fyrir tjóni. Eðlilegt er að þeim sé auðveldað að leita réttar síns, sbr. ákvæði 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar. Synji fjármálafyrirtæki að veita eigendum hlutdeildarskírteina í fjárfestingarsjóðum upplýsingar getur það leitt til þess að þeim sé gert ókleift að leiða fram nauðsynlegar sannanir til að gæta réttar síns gagnvart fjármálafyrirtækinu. Frumvarpi þessu er ætlað að koma í veg fyrir að með vísan til þagnarskyldu eða bankaleyndar sé gengið gegn eðlilegum rétti einstaklings til að gæta réttar síns þegar þau skilyrði eru fyrir hendi sem lýst er í frumvarpinu.

Ekki hefur reynt á það fyrir íslenskum dómstólum hvort réttur viðskiptamanns til upplýsinga um meðferð á fjármunum hans sé ríkari en þagnarskylda og bankaleynd. Fyrir því hafa verið færð rök að ákvæðum um þagnarskyldu sé fyrst og fremst ætlað að tryggja hagsmuni viðskiptavina fjármálastofnana, sbr. t.d. sératkvæði í dómi Hæstaréttar í máli nr. 59/2006.

Þótt niðurstaða íslenskra dómstóla yrði sú að réttur einstaklings til upplýsinga verði viðurkenndur, yrði látið á það reyna, þykir eðlilegt að löggjafinn taki af öll tvímæli í þessu efni. Með því vinnst tvennt: réttaróvissu er eytt og þar með einnig nauðsyn þess að stofna sérstaklega til málaferla til að fá úr henni skorið. Loks er enginn vafi á því að samþykkt þessa frumvarps yki aðhald og eftirlit með fjármálastofnunum.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að tekin séu af tvímæli um rétt viðskiptavina fjármálastofnana til að fá upplýsingar um ráðstöfun þeirra eigin fjármuna. Gerður er greinarmunur á því hvort sjóðir séu opnir eða hvort þeim hafi verið slitið. Í síðarnefnda tilvikinu er réttur hlutdeildarskírteinishafa til upplýsinga ríkari. Lagt er til grundvallar að lagabreytingin gildi um hvern þann sjóð sem slitið hefur verið frá 1. janúar 2008.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með ákvæði þessu eru tekin af tvímæli um að réttur hlutdeildarskírteinishafa gengur framar þagnarskyldu skv. 58. gr. laganna og hugsanlegri trúnaðarskyldu gagnvart viðsemjanda verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða eða útgefendum þeirra verðbréfa sem viðskiptin lúta að. Lagt er til að hlutdeildarskírteinishafar eigi rétt á yfirliti yfir fjármálagerninga. Hafi verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði verið slitið er þó gert ráð fyrir því að hægt sé að krefjast mun ítarlegri upplýsinga, svo sem sundurliðaðra upplýsinga um verð, skilmála og annað sem hlutdeildarskírteinishafar geta sýnt fram á að þeir eigi lögvarða hagsmuni af að fá að vita. Gert er ráð fyrir því að lögvarðir hagsmunir verði hér túlkaðir rúmt, enda verið að sýsla með fjármuni í eigu hlutdeildarskírteinishafa.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að tekin verði af tvímæli um að lagabreytingin nái yfir þau atvik sem leiða má af bankahruninu á síðari hluta árs 2008.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að nýtt ákvæði komi inn í lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði sem tekur af tvímæli um rétt hlutdeildarskírteinishafa til upplýsinga og að réttur til aðgangs að gögnum sé ríkari hafi sjóði verið slitið.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að tekin verði af tvímæli um að lagabreytingin nái yfir þau atvik sem leiða má af bankahruninu á síðari hluta árs 2008.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

589. Svar [261. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um bifreiðahlunnindi starfsmanna hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve margir bankastarfsmenn voru á bifreiðum í eigu nýju og gömlu ríkisbankanna 1. desember sl., sundurliðað eftir bönkum?*
2. *Hve margir fyrrverandi starfsmenn ríkisbankanna voru á slíkum bílum 1. desember sl., sundurliðað eftir bönkum?*
3. *Hvert er skattalegt hlunnindamat á hverja bifreið á mánuði?*
4. *Hver tekur ákvörðun um hver fái slík bifreiðahlunnindi?*
5. *Tíðkast slík hlunnindi almennt í öðrum ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum, t.d. hjá Ríkisútvarpinu, Landsvirkjun, Veðurstofunni, Byggðastofnun o.s.frv.?*

Fjármálaráðuneytið hefur ekki haft undir höndum upplýsingar um bifreiðahlunnindi þau sem spurt er um í fyrirspurn þessari og heyra undir önnur ráðuneyti. Til að afla þessara upplýsinga var öllum ráðuneytum ásamt ríkisbönkunum og skilanefndum bankanna ritað bréf þar sem óskað var eftir að umræddir aðilar létu fjármálaráðuneytinu í té framangreindar upplýsingar. Jafnframt var óskað eftir viðbótarsvarfresti þar sem ljóst var að tiltekin ráðuneyti þyrftu að afla þessara upplýsinga hjá einstökum stofnunum og ríkisfyrirtækjum sem undir þau heyra. Hér á eftir fara svör þeirra ráðuneyta og ríkisstofnana sem fyrirspurnin beindist að.

Forsætisráðuneytið.

Í bréfi forsætisráðuneytisins kemur fram að bifreiðahlunnindi séu ekki fyrir hendi hjá ráðuneytinu eða stofnunum þess að frátöldum Seðlabanka Íslands.

Í bréfi Seðlabanka Íslands til forsætisráðuneytisins kemur eftirfarandi fram:

1. Bankastjórar Seðlabanka Íslands eru einu starfsmenn bankans sem njóta bifreiðahlunninda. Bankinn á og rekur bifreiðar sem þeir hafa til afnota.
2. Engir fyrrverandi starfsmenn Seðlabanka Íslands nutu bifreiðahlunninda 1. desember sl.
3. Skattalegt mat á bifreiðahlunnindum fer eftir ákvörðun ríkisskattstjóra. Árið 2008 voru bifreiðahlunnindi bankastjóra metin til tekna eftir bifreiðategund og árgerð á eftirfarandi hátt:
   Subaru Tribeca 2005, 96.151 kr. á mánuði,
   Ford Explorer 2005, 81.002 kr. á mánuði,
   Subaru Outback 2006, 79.947 kr. á mánuði.
4. Ákvarðanir um kjör bankastjóra, þ.m.t. bifreiðahlunnindi, eru teknar af bankaráði Seðlabanka Íslands. Bankastjórar taka ákvarðanir um kjör annarra starfsmanna.

Menntamálaráðuneytið.

Í bréfi menntamálaráðuneytisins kemur fram að útvarpsstjóri sé eini aðilinn sem sé með bifreið til fullra afnota hjá stofnunum og fyrirtækum ráðuneytisins. Stjórn RÚV tekur ákvörðun um bifreiðahlunnindi útvarpsstjóra.

Aðrar bifreiðar í eigu stofnana menntamálaráðuneytisins eru eingöngu notaðar í þágu viðkomandi stofnunar og til þeirra verkefna er þær sinna. Starfsmenn hafa ekki heimild til að nota þær í öðrum tilgangi.

Utanríkisráðuneytið.

Í bréfi utanríkisráðuneytisins kemur fram að stofnanir ráðuneytisins séu tvær, Varnarmálastofnun og Þróunarsamvinnustofnun. Hvorug þeirra leggur starfsmönnum sínum til bifreiðar til einkanota.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Í bréfi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis kemur fram að enginn starfsmaður ráðuneytisins hafi bifreið í eigu ríkisins til eigin nota. Það sé stefna ráðuneytisins að slík hlunnindi séu ekki veitt, hvorki að því er varðar ráðuneytið né stofnanir þess.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins kemur fram að forstöðumenn stofnana og embætta dómsmálaráðuneytisins hafi ekki afnot af bifreiðum í eigu ríkisins til einkanota.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Í bréfi félags- og tryggingamálaráðuneytisins kemur fram að í stofnunum ráðuneytisins njóti enginn starfsmaður bifreiðahlunninda.

Heilbrigðisráðuneytið.

Í bréfi heilbrigðisráðuneytisins kemur fram að ráðuneytið hafi gert könnun á þessum málum árið 2007. Almennt tíðkist ekki að starfsmenn stofnana ráðuneytisins hafi bíla sem stofnanirnar eiga eða leigja til eigin nota. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja er þar undantekning þar sem forstjóri og framkvæmdastjóri fjármála hafa slík afnot. Þau afnot eru gefin upp til skatts eins og lög gera ráð fyrir. Ráðuneytið kveðst ekki hafa kannað þessi mál hjá fleiri stofnunum þar sem könnunin frá 2007 hafi ekki gefið tilefni til þess.

Fjármálaráðuneytið.

Bifreiðahlunnindi fyrirfinnast hjá tveimur fyrirtækjum og einni stofnun á ábyrgðasviði fjármálaráðuneytisins.

Landsvirkjun leggur forstjóra og staðgengli hans til bifreið til umráða í starfi sínu samkvæmt ráðningarsamningi. Framkvæmdastjórar fyrirtæknisins, fjórir talsins, eiga auk þess rétt á bifreið samkvæmt ráðningarsamningi, en hafa þó val um að fá greiddan sérstakan bifreiðastyrk og launaauka í stað bifreiðar. Einn framkvæmdastjóri kaus á síðasta ári að fá bifreið til umráða í stað greiðslna. Í öllum framangreindum tilvikum eru einkaafnot heimiluð og skattalegt mat á þeim hlunnindum fer eftir reglum ríkisskattstjóra. Skattalegt hlunnindamat forstjóra Landsvirkjunar nam 87.761 kr. á mánuði, staðgengils forstjóra 107.515 kr. á mánuði og framkvæmdastjóra 108.117 kr. á mánuði. Tíu aðrir starfsmenn Landsvirkjunar nutu bifreiðahlunninda á síðasta ári vegna aksturs milli heimilis og vinnustaðar. Hlunnindamat þeirra var breytilegt eftir vegalengd, frá 804 kr. á mánuði upp í 32.175 kr. á mánuði. Samtals námu þessi hlunnindi 124.066 kr. á mánuði. Ákvörðun um bifreiðahlunnindi forstjóra er tekin af stjórn Landsvirkjunar. Forstjóri ákveður bifreiðahlunnindi annarra starfsmanna fyrirtækisins.

Forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins hefur einnig takmörkuð bifreiðahlunnindi. Auk ferða hans í tengslum við þjónustu á vegum stofnunarinnar samþykkti fjármálaráðuneytið afnot hans af bifreiðinni, svo sem vegna ferða í og úr vinnu, allt að 4.000 km á ári. Skattalegt hlunnindamat umræddrar bifreiðar er 23.830 kr. á mánuði.

Framkvæmdastjóri Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. hefur bifreið til fullra afnota samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins. Bifreiðahlunnindi á mánuði reiknast 144.030 kr.

Ekki er um önnur bifreiðahlunnindi að ræða hjá stofnunum og ríkisfyrirtækjum á ábyrgðarsviði fjármálaráðuneytisins.

Sérstaklega er fjallað um ríkisbankana hér á eftir.

Samgönguráðuneytið.

Í bréfi samgönguráðuneytisins kemur fram að starfsmenn eftirfarandi stofnana og fyrirtækja á vegum samgönguráðuneytisins hafi bifreið til eigin afnota:

Þrír starfsmenn Umferðarstofu, einn starfsmaður Flugstoða ohf. og einn starfsmaður Keflavíkurflugvallar ohf.

Iðnaðarráðuneytið.

Í bréfi iðnaðarráðuneytisins kemur fram að forstjóri Byggðastofnunar og Framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hafi bifreiðar til umráða í eigu viðkomandi stofnana.

Skattalagt hlunnindamat fer samkvæmt þeim reglum sem ríkisskattstjóri setur á hverjum tíma.

Stjórn Byggðastofnunar og stjórn Nýsköpunarsjóðs taka ákvarðanir um bifreiðahlunnindi þessi.

Bifreiðahlunnindi sem þessi tíðkast almennt ekki í öðrum stofnunum iðnaðarráðuneytis.

Viðskiptaráðuneytið.

Í bréfi viðskiptaráðuneytisins kemur fram að hvorki ráðuneytið sjálft né undirstofnanir þess láti starfsmönnum í té bifreiðar til eigin afnota.

Umhverfisráðuneytið.

Í bréfi umhverfisráðuneytisins kemur fram að ráðuneytið hafi sent fyrirspurnina til allra stofnana sinna. Í svörum þeirra kom fram að engir starfsmenn stofnana hefðu bifreiðar til einkanota. Ef til þess kæmi mundu forstöðumenn taka ákvarðanir þar að lútandi nema hjá Vatnajökulsþjóðgarði þar sem það yrði stjórn og framkvæmdastjóri.

Nýi Kaupþing banki hf.

Í bréfi Nýja Kaupþings banka hf. kemur fram að enginn fyrrverandi starfsmaður Kaupþings hafði til afnota bifreið 1. desember 2008.

Allir núverandi starfsmenn Nýja Kaupþings sem höfðu afnot af bifreið 1. desember 2008 samkvæmt ráðningarsamningi við gamla Kaupþing og voru endurráðnir til Nýja Kaupþings munu skila bifreiðum samkvæmt nýjum ráðningarsamningum fyrir 1. febrúar 2009.

Nýi Glitnir banki hf.

Í bréfi Nýja Glitnis banka hf. kemur fram að hinn 1. desember 2008 voru 23 starfsmenn Nýja Glitnis á bifreiðum í eigu bankans, eða á rekstrarleigu á kostnað bankans.

Skattalegt hlunnindamat bifreiðanna var 3,4 millj. kr. á mánuði 1. desember 2008.

Fyrsta bankastjórn Nýja Glitnis tók ákvarðanir um það hver fengi slík hlunnindi. Bifreið er hluti af ráðningarkjörum bankastjóra en varðandi aðra starfsmenn er um að ræða starfsmenn sem höfðu bifreiðahlunnindi hjá Glitni banka hf. Ákveðið var að þeir héldu hlunnindum að hámarki í sex mánuði á meðan unnið væri að því að skila bifreiðum eða selja.

Bankinn telur rétt að taka fram að við skil á rekstrarleigubifreiðum fellur til kostnaður sem í mörgum tilfellum er hærri en eftirstöðvar rekstrarleigu. Eigandi bifreiðar á rekstarleigu er viðkomandi bifreiðaumboð. Ef leigutaki vill skila rekstrarleigubifreið áður en samningur rennur út þarf að semja um það við eigandann (umboðið). Það er undir umboðinu komið hvort hægt er að skila bifreiðinni og getur umboðið þá krafið gjalds vegna skilanna og uppgjörs á rekstrarleigusamningi. Verið er að leita að bestu lausn vegna þessa í samstarfi við fjármögnunaraðila og bifreiðaumboð.

NBI hf.

Í bréfi NBI hf. kemur fram að NBI hf. telur sér almennt ekki skylt að svara ráðuneytum vegna fyrirspurna alþingismanna um önnur málefni en þau sem teljast opinber. Að mati bankans hlýtur sama meginreglan að gilda um aðgang alþingismanna að upplýsingum um málefni hlutafélaga í eigu ríkisins og gildir um hlutafélög almennt, sem er að réttur til upplýsinga hlýtur einungis að gilda um upplýsingar sem eiga að vera opinberar lögum samkvæmt. Ljóst er á grundvelli þessa að ekki er unnt að veita upplýsingar sem tengjast einkamálefnum viðskiptamanna og starfsmanna eða viðskiptahagsmunum NBI hf. Fyrirspurnum almenns eðlis mun þó verða svarað eins og kostur er ef umbeðnar upplýsingar eru aðgengilegar án mikillar vinnu eða tilkostnaðar.

Með vísan til fyrirspurnarinnar telur NBI hf. þó hægt að upplýsa eftirfarandi:

1. Í lok desember 2008 hafa átta starfsmenn NBI hf. til umráða bifreið á vegum bankans sem hluta af ráðningarkjörum sínum.
2. Engir fyrrverandi starfsmenn voru á bifreið í eigu NBI hf. í desember sl.
3. Bifreiðahlunnindi eru skattskyld samkvæmt bifreiðaskrá og skattmati RSK hverju sinni.
4. Ákvörðunarvald um bifreiðahlunnindi er hjá bankaráði og bankastjóra.

Skilanefnd Kaupþing banka hf.

Í bréfi skilanefndar Kaupþings banka hf. kemur eftirfarandi fram:

1. Enginn núverandi starfsmaður gamla Kaupþings var með bíl 1. desember 2008.
2. Enginn fyrrverandi starfsmaður gamla Kaupþings var með bíl 1. desember 2008.
3. Á ekki við.
4. Skilanefnd er ábyrg fyrir starfssamningum starfsmanna gamla Kaupþings.

Skilanefnd Glitnis banka hf.

Í bréfi skilanefndar Glitnis banka hf. kemur fram að það sé samið fyrir skilanefndina með þeim fyrirvara að hún þurfi að svara framkomnum spurningum.

Glitnir banki hf. er ekki og var ekki ríkisbanki, jafnvel þótt skilanefnd hafi tekið við rekstri hans. Spurningar sem vísa í „gamla“ ríkisbanka eiga því ekki endilega við.

1. 1. desember 2008 var einn starfsmaður Glitnis banka hf. á bifreið í rekstrarleigu á kostnað bankans. Um er að ræða núverandi framkvæmdastjóra bankans, en hann er fyrrverandi starfsmaður bankans og heldur tímabundið bifreiðahlunnindum á uppsagnarfresti eins og aðrir stjórnendur bankans.
2. 1. desember 2008 var 21 fyrrverandi starfsmaður Glitnis banka hf. á bifreið í rekstrarleigu á kostnað bankans. Starfsmenn halda bifreiðahlunnindum á uppsagnarfresti.
3. Skattalegt hlunnindamat bifreiðanna var 2,6 millj. kr. á mánuði 1. desember 2008.
4. Bankastjórn, forstjóri og framkvæmdastjóri hvers sviðs bankans tóku ákvarðanir um bifreiðahlunnindi.

Skilanefnd Landsbanka Íslands hf.

Í bréfi skilanefndar Landsbanka Íslands hf. kemur fram að skilanefndin sé hvorki ríkisstofnun eða ríkisfyrirtæki og félaginu því ekki skylt að svara fyrirspurninni.

590. Frumvarp til laga [187. mál]

um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

(Eftir 2. umr., 24. febr.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að:

a. afmarka skyldur sveitarfélaga hvað varðar fráveitumál og fráveituframkvæmdir,
b. tryggja uppbyggingu og starfrækslu fráveitna þannig að frárennsli valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið,
c. skýra réttindi og skyldur eigenda og notenda fráveitna og
d. stuðla að hagkvæmni í uppbyggingu og starfrækslu fráveitna.

2. gr.
Gildissvið.

Lög þessi gilda um uppbyggingu og starfrækslu fráveitna.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Frárennsli:* Rennsli frá mannvirkjum, götum, lóðum, gönguleiðum eða opnum svæðum, svo sem ofanvatn og/eða skólp og vatn frá upphitunarkerfum mannvirkja sem veitt er í fráveitur.
2. *Fráveita:* Leiðslukerfi og búnaður til meðhöndlunar og hreinsunar skólps. Til fráveitu telst allt lagnakerfi sem flytur frárennsli frá heimilum, stofnunum, atvinnufyrirtækjum, götum, gönguleiðum, lóðum og opnum svæðum, svo sem tengingar við einstakar fasteignir, niðurföll, svelgir, brunnar, safnkerfi, tengiræsi, sniðræsi, stofnlagnir, yfirföll og útræsi. Til fráveitu teljast einnig öll mannvirki sem reist eru til meðhöndlunar eða flutnings á frárennsli, svo sem hreinsivirki, dælu- og hreinsistöðvar og set- og miðlunartjarnir.
3. *Frístundabyggð:* Afmarkað svæði innan jarðar eða jarða þar sem eru a.m.k. 10 lóðir undir frístundahús, sbr. lög um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, nr. 75/2008. Frístundahús eru hús sem ætluð eru til frístundanotkunar og þar sem heilsársbúseta er óheimil.
4. *Heimæð:* Fráveitulögn sem flytur frárennsli að tengingu frá mannvirkjum og lóðum, þ.m.t. leigulóðum sveitarfélagsins.
5. *Hreinsivirki:* Búnaður til hreinsunar á skólpi og/eða ofanvatni áður en því er veitt í viðtaka, þ.m.t. rotþrær með siturlögnum.
6. *Landnotkunarreitur:* Reitur með eina skilgreinda landnotkun. Landnotkunarreitur nær að jafnaði ekki yfir minna svæði en götureit. Innan landnotkunarreits er meiri hluti reits helgaður aðalnotkun samkvæmt skilgreiningu viðkomandi landnotkunarflokks, sbr. skipulagsreglugerð.

7. *Ofanvatn:* Regnvatn og leysingarvatn sem rennur í fráveitur af húsþökum, götum, gangstéttum og öðru þéttu yfirborði.
8. *Persónueiningar:* Magn lífrænna efna, næringarsalta og annarra efna sem samsvarar því sem einn einstaklingur er að jafnaði talinn losa frá sér á sólarhring.
9. *Safnkerfi:* Lögn eða lagnir sem lagðar eru innan hverfa eða landnotkunarreits og safna frárennsli af afmörkuðu svæði áður en því er veitt í stofnlögn.
10. *Sameiginlegt hreinsivirki:* Hreinsivirki sem reist er til sameiginlegra nota fyrir íbúa sveitarfélags, hluta sveitarfélags, fyrirtæki, stofnanir eða félög einstaklinga.
11. *Skólp:* Mengað vatn sem greinist í húsaskólp og iðnaðarskólp eða blöndu af húsaskólpi eða iðnaðarskólpi og/eða ofanvatni.
12. *Stjórn fráveitu:* Sá aðili sem ber ábyrgð á daglegri stjórn fráveitunnar, hvort sem um er að ræða sveitarstjórn, sérstaka stjórn fráveitu eða annan þann aðila sem fer með málefni fráveitu.
13. *Stofnlögn:* Fráveitulögn sem flytur frárennsli milli hverfa eða frá hverfi til hreinsistöðva.
14. *Tenging:* Tengiæð milli heimæðar og fráveitukerfis við mörk lands sveitarfélagsins, þ.m.t. leigulóðir sveitarfélagsins, götu, gangstétt eða opið svæði.
15. *Viðtaki:* Svæði sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir.
16. *Þéttbýli:* Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

II. KAFLI
Fráveitur sveitarfélaga o.fl.

4. gr.
Hlutverk sveitarfélaga.

Sveitarfélag ber ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu.

Í þéttbýli skal sveitarfélag koma á fót og starfrækja sameiginlega fráveitu.

Utan þéttbýlis þar sem fjöldi húsa er u.þ.b. 20 á hverja 10 ha og/eða atvinnustarfsemi felur í sér losun sem nemur u.þ.b. 50 persónueiningum eða meira á hverja 10 ha skal sveitarfélagið sjá til þess að skólpi sé safnað á kerfisbundinn hátt með safnkerfi, stofnlögnum og sameiginlegu hreinsivirki.

Sveitarstjórn setur í deiliskipulag ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki þar sem þess er þörf, sbr. 3. mgr., og sendir áætlun um nýjar og endurbættar fráveitur til heilbrigðisnefndar í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. getur heilbrigðisnefnd heimilað að beitt sé öðrum lausnum en safnkerfi og sameiginlegu hreinsivirki þar sem losun er minni en 2.000 persónueiningar og ef ríkar ástæður mæla með, svo sem ef kostnaður er óvenju mikill miðað við umhverfislegan ávinning. Við mat á slíkum lausnum skal heilbrigðisnefnd taka tillit til gæða, getu og skilgreiningar viðtaka, jarðvegsgerðar, legu lands og umhverfisaðstæðna að öðru leyti.

Í dreifbýli er sveitarfélagi heimilt að koma á fót og starfrækja fráveitu.

Þar sem sveitarfélagi er heimilt að koma á fót og starfrækja fráveitu skal það hafa forgangsrétt til þess.

Fráveitur sem sveitarfélag setur á fót samkvæmt þessari grein skulu vera í eigu sveitarfélaga, sbr. þó 6. gr.

Þar sem sveitarfélagi er skylt samkvæmt þessari grein að koma á fót og reka fráveitu skal það hafa einkarétt til þess. Sama gildir þar sem sveitarfélag nýtir forgangsrétt sinn skv. 7. mgr.

Sveitarstjórn getur kveðið nánar á um fyrirkomulag fráveitumála í sveitarfélaginu og kröfur um hreinsun í samþykkt sem hún setur á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

5. gr.

Rekstur fráveitu.

Sveitarstjórn fer með rekstur og stjórn fráveitu á vegum sveitarfélagsins nema annað rekstrarform hafi sérstaklega verið ákveðið, sbr. 6. gr.

Sveitarfélagi eða félagi í eigu sveitarfélaga sem fer með rekstur fráveitu er heimilt að gera þjónustusamninga við einkaaðila um rekstur einstakra þátta fráveitunnar.

6. gr.

Heimild til ráðstöfunar á einkarétti sveitarfélags.

Sveitarstjórn er heimilt að fela stofnun eða félagi sem að meiri hluta er í eigu sveitarfélaga skyldur sínar og réttindi hvað varðar uppbyggingu, rekstur og eignarhald fráveitna samkvæmt lögum þessum.

Við ráðstöfun skv. 1. mgr. skal í samningi, eftir því sem við á, kveðið á um eignarrétt á fráveitu, eftirlit sveitarstjórnar með rekstri fráveitunnar og innlausnarrétt sveitarfélagsins á fráveitu og fastafjármunum fráveitunnar auk annarra atriða sem sveitarstjórn telur nauðsynleg.

Ef ekki er kveðið á um annað í samningi aðila skal innlausnarverð fráveitu og fastafjármuna skv. 1. mgr. miðast við afskrifað endurstofnverð þessara eigna. Ef ágreiningur verður um verð skera dómkvaddir matsmenn úr nema samningsaðilar verði ásáttir um að leysa ágreininginn á annan hátt.

7. gr.

Samvinna sveitarfélaga.

Sveitarstjórnum er heimilt að koma á fót og reka sameiginlega fráveitu. Sveitarstjórnir skulu gera með sér samkomulag um með hvaða hætti fráveitunni skuli komið á fót og hún rekin. Ákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, gilda um samvinnu sveitarfélaga á þessu sviði nema annað sé sérstaklega tekið fram.

III. KAFLI

Aðrar fráveitur.

8. gr.

Fráveitur einkaaðila.

Þar sem sveitarstjórn nýtir ekki heimild sína skv. 6. mgr. 4. gr. skal landeigandi sjá til þess að skólp sé hreinsað og koma á safnkerfi, stofnlögnum og sameiginlegu hreinsivirki eftir því sem nánar er kveðið á um í deiliskipulagi. Þar sem ekki er til staðar sameiginleg fráveita skal frárennsli einstakra húsa veitt í hreinsivirki.

9. gr.

Frístundabyggð.

Þegar land er skipulagt sem frístundabyggð skal landeigandi eða félag í frístundabyggð þar sem það á við koma á fót fráveitu eða gera samning við starfandi fráveitu að höfðu sam-

ráði við sveitarstjórn. Þegar sveitarfélag skipuleggur frístundabyggð á eigin landi skal sveitarfélagið koma á fót fráveitu.

10. gr.
Land í sameign.

Nú er landareign í sameign og hluti eigenda óskar eftir því að koma á fót fráveitu til að veita skólpi og öðru frárennsli frá landareigninni, og getur þá sá eða þeir sem meiri hluta landareignar eiga tekið ákvörðun um framkvæmdina. Er hinum þá skylt að taka hlutfallslega þátt í kostnaði sem af því hlýst.

IV. KAFLI
Fráveitulagnir.

11. gr.
Tenging við fráveitu.

Eigandi eða rétthafi lóðar við götu, gönguleið eða opið svæði þar sem fráveitulögn liggur á rétt á að fá tengingu við fráveitukerfi. Óski hann þess að fá fleiri tengingar af hagkvæmnisástæðum skulu slíkar tengingar teljast einkaeign hans nema sérstakt samkomulag hafi verið gert um annað. Beiðni um tengileyfi skal senda til fráveitu.

Engum er heimilt að tengjast í fráveitu nema samþykki stjórnar fráveitu liggi fyrir. Skylt er að lúta í einu og öllu fyrirmælum stjórnar fráveitu um gerð og legu heimæða.

Þurfi að gera breytingar á tengingum við fráveitu vegna framkvæmda á vegum lóðarhafa skal hann sækja um leyfi til stjórnar fráveitu. Lóðarhafi ber sjálfur kostnað af breytingunum.

12. gr.
Fráveitulagnir.

Eigandi fráveitu sér um lagningu og viðhald allra fráveitulagna, þ.e. stofnlagna, safnkerfa og fráveitutenginga.

Eigendum húseigna þar sem fráveita liggur er skylt á sinn kostnað að annast lagningu og viðhald heimæða fyrir frárennsli að tengingu við fráveitukerfi. Lagnirnar skulu tengjast lögnum fráveitu á þeim stað og með þeirri hæðarsetningu sem fráveita tilgreinir.

Í fráveitulögnum skal ofanvatn og skólp aðgreint nema annað sé heimilað.

Endurnýi eigandi fráveitu fráveitukerfi sitt þannig að í hinu nýja kerfi sé ofanvatn og skólp aðgreint skulu eigendur fasteigna samhliða endurnýjun heimæða eða meiri háttar endurbótum á þeim aðskilja ofanvatn og skólp.

Þar sem tvær eða fleiri fasteignir nýta sameiginlega heimæð skulu eigendur þeirra í sameiningu annast og kosta lagningu, rekstur og viðhald heimæðar nema um annað hafi verið samið.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

V. KAFLI
Gjaldtaka.

13. gr.
Tengigjald.

Eiganda eða rétthafa fasteignar sem tengst getur fráveitu ber að greiða gjald fyrir tengingu við fráveitukerfi sveitarfélagsins. Gjaldið skal miðað við gerð, stærð og lengd tenginga.

Heimilt er sveitarfélaginu að innheimta með tengigjaldi hlutdeild í stofnkostnaði við aðliggjandi fráveitukerfi, þó ekki kostnaði vegna stofnlagna nema þær gegni jafnframt hlutverki safnkerfa.

Gjaldið og gjalddagi þess skal ákveðið í gjaldskrá skv. 15. gr. Tengigjald er fyrst gjaldkræft við úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélags eða það hefur ráðstöfunarrétt á og við útgáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum.

14. gr.

Fráveitugjald.

Heimilt er að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum sem tengdar eru eða munu tengjast fráveitu sveitarfélags.

Þar sem frárennsli er veitt frá atvinnustarfsemi eða vegna annars en venjulegra heimilisnota í fráveitukerfi sveitarfélags er heimilt að innheimta gjald vegna losunar miðað við innrennsli vatns samkvæmt mæli. Sé vatn notað til framleiðslu þannig að því sé ekki veitt í fráveitukerfi skal notandi mæla notkun þess. Sú notkun skal dregin frá innmældu magni við útreikning á gjaldi. Verði mælingu ekki við komið skulu aðilar meta vatnsnotkun til frádráttar á innmældu vatnsmagni.

Heimilt er að innheimta sérstakt aukagjald ef frárennsli tiltekins gjaldskylds aðila samkvæmt lögum þessum er svo mengað að það leiði til sérstakra aðgerða við fráveitukerfið, svo sem ef losun fer yfir skilgreind losunarmörk. Sérstakar aðgerðir samkvæmt þessari málsgrein geta einkum falið í sér sértæka hreinsun eða breytingu. Við ákvörðun gjaldsins skal miða við áætlaðan kostnað við aðgerðirnar.

Gjöld og gjalddagar þeirra samkvæmt þessari grein skulu ákveðin í gjaldskrá skv. 15. gr.

15. gr.

Gjaldskrá fráveitu.

Stjórn fráveitu skal semja gjaldskrá þar sem kveðið er nánar á um greiðslu og innheimtu gjalda skv. 13. og 14. gr.

Miða skal við að fráveitugjald ásamt öðrum tekjum fráveitu standi undir rekstri hennar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, viðtakarannsóknum og vöktun og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar. Heimilt er að ákveða hámark og lágmark fráveitugjalds miðað við rúmmál húseigna. Enn fremur er heimilt að miða fráveitugjaldið við fast gjald auk álags vegna stærðar eða notkunar fasteignar.

Heimilt er að skipta starfssvæði fráveitu í fráveitusvæði og setja sérstaka gjaldskrá fyrir hvert veitusvæði. Slíka skiptingu skal auglýsa með gjaldskránni.

Heimilt er að lækka eða fella niður gjöld samkvæmt þessum lögum hjá tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum samkvæmt reglum sem sveitarstjórn setur.

Sveitarfélag skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda.

16. gr.

Innheimta o.fl.

Þinglýstur eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu gjalda samkvæmt lögum þessum.

Heimilt er að innheimta fráveitugjald með fasteignaskatti. Fráveitugjald leggst á ný mannvirki í hlutfalli við ársálagningu frá næstu mánaðamótum eftir að þau eru skráð og metin í Landskrá fasteigna en fellur niður frá næstu mánaðamótum eftir að mannvirki er afskráð úr landskránni.

Fráveitugjaldi og tengigjaldi ásamt innheimtukostnaði og vöxtum fylgir lögveðsréttur í fasteigninni í tvö ár frá gjalddaga. Lögveð þetta gengur fyrir eldri sem yngri samnings- og aðfararveðum og yngri lögveðum. Ef hús brennur eftir að fráveitugjald eða heimæðargjald gjaldfellur er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð fasteignarinnar.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.
Aðgangur að fráveitu.

Þeim sem ekki hefur tekið þátt í uppbyggingu fráveitu er heimilt að veita frárennsli frá sér í fráveitu sem fyrir er. Skal hann greiða fyrir það tiltekið hlutfall stofnkostnaðar, að teknu tilliti til afskrifta. Jafnframt skal hann greiða tiltekið hlutfall rekstrarkostnaðar og viðhalds.

Ef breyta þarf fráveitu vegna íveitu í hana, sbr. 1. mgr., skal sá er íveitunnar óskar greiða allan kostnað af breytingunni.

Landeigandi eða lóðarhafi getur krafist þess að fráveita sé svo úr garði gerð í upphafi að hún taki við skólpi frá eign hans, enda greiði hann allan kostnaðarauka er af því stafar.

Sá sem neytir réttar síns skv. 1. og 3. mgr. þessarar greinar skal setja nægilega tryggingu fyrir því er honum ber að greiða ef þess er krafist.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um aðgang að hreinsivirki fyrir stök hús.

18. gr.
Aðgangur að landi.

Skylt er landeigendum og lóðarhöfum að láta af hendi land, mannvirki og landsafnot og þola nauðsynlegar eignarkvaðir vegna fráveituframkvæmda og lagna.

Leiði fráveituframkvæmdir til þess að verðmæti fasteignar lækki eða að nýtingarmöguleikar hennar skerðist frá því sem áður var á sá sem sýnt getur fram á að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum rétt á greiðslu bóta frá eiganda fráveitu, eftir mati dómkvaddra matsmanna ef ágreiningur verður.

19. gr.
Eignarnám.

Ráðherra getur heimilað að land og/eða lóðarréttindi verði tekin eignarnámi ásamt nauðsynlegum mannvirkjum, aðstöðu og öðrum réttindum fasteignareiganda vegna lagningar fráveitu sveitarfélags í samræmi við ákvæði laga þessara. Ávallt skal þess þó freistað að ná samkomulagi við fasteignareiganda áður en til eignarnáms kemur.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli þessara laga fer eftir almennum reglum.

20. gr.
Bótaábyrgð vegna tjóns á fráveitukerfi.

Aðili sem veldur tjóni á fráveitukerfi, svo sem með losun efna eða hluta í fráveitu, ber bótaábyrgð á slíku tjóni þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi hans eða starfsmanns hans.

21. gr.
Reglugerð.

Ráðherra er heimilt, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra hagsmunaaðila, að setja reglugerð um fráveitur sveitarfélaga þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd fráveitumála, m.a. um stjórn og fjármál fráveitu, gjaldtöku og fráveituæðar.

22. gr.
Málskot.

Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvarðanir samkvæmt lögum þessum til úrskurðarnefndar sem starfar skv. VII. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

23. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara fellur niður X. kafli vatnalaga, nr. 15/1923, og a-liður 1. tölul. 43. gr. vatnalaga, nr. 20/2006.

Ákvæði til bráðabirgða.

Tengingar í einkaeign sem lagðar hafa verið fyrir gildistöku laganna verða eign fráveitu í framhaldi af endurnýjun tenginganna.

Stjórn fráveitu er skylt að yfirtaka tengingu við fráveitu frá safnkerfi að lóðamörkum sveitarfélagsins að skriflegri beiðni eiganda.

Ákvæði 3. mgr. 4. gr. laga þessara taka ekki til byggðar sem fyrir er við gildistöku laganna. Ákvæði 8. mgr. 4. gr. gildir ekki um fráveitur sem komið hefur verið á fót fyrir gildistöku laga þessara.

591. Breytingartillaga [280. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar (ÁI, GSv, LB, HöskÞ, BJJ).

Á eftir 8. málsl. 2. efnismgr. 4. gr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Ef peningastefnunefnd metur það svo að alvarleg hættumerki séu til staðar sem ógna fjármálakerfinu skal hún opinberlega gefa út viðvaranir þegar tilefni er til.

592. Breytingartillaga [280. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

Frá minni hluta viðskiptanefndar (BÁ, GSB, ÁMM, JM).

Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 23. gr. laganna skal forsætisráðherra er hann skipar seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra í fyrsta sinn eftir gildistöku laga þessara leita staðfestingar Alþingis á skipan þeirra.

593. Álit allsherjarnefndar [346. mál]

um skýrslu umboðsmanns Alþingis 2007.

Allsherjarnefnd skilar nú í annað skipti áliti um skýrslu umboðsmanns Alþingis í samræmi við 1. mgr. 23. gr. laga um þingsköp Alþingis sem breytt var með lögum nr. 68/2007. Markmiðið með breytingunum var að tryggja betur en áður tengsl embættis umboðsmanns og þingsins sjálfs og undirstrika mikilvægi þess að skýrsla umboðsmanns fái viðeigandi umfjöllun í þeirri fastanefnd þingsins sem um málefni embættisins fjallar.

Árið 2008 voru 20 ár liðin frá stofnun embættis umboðsmanns Alþingis. Hugmyndin að stofnun embættisins var fengin frá Norðurlöndunum og í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum um embætti umboðsmanns Alþingis árið 1997 segir að það sé samdóma álit manna að með þessari skipan hafi fundist virk leið til aðhalds með stjórnvöldum sem hafi bætt mjög stjórnsýslu landanna án þess að vera of þung í vöfum í einstökum málum. Hlutverk umboðsmanns hefur allt frá upphafi verið að hafa, í umboði Alþingis, eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum og stuðla að því að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti. Hefur umboðsmaður á þessum tíma náð að festa sig í sessi sem sjálfstæður og óháður málsvari borgaranna og hefur veitt stjórnvöldum raunverulegt aðhald í störfum sínum ásamt því að koma með tillögur að úrbótum.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um skýrslu umboðsmanns fyrir árið 2007 á tveimur fundum. Árið var nítjánda starfsár embættis umboðsmanns Alþingis. Nefndin heimsótti embættið 28. október 2008 og gerði umboðsmaður þar grein fyrir meginþáttum starfseminnar og fór yfir helstu atriði skýrslunnar sem lögð hafði verið fram á þingi nokkru áður. Þá kom umboðsmaður á fund nefndarinnar 12. nóvember sama ár og svaraði spurningum nefndarmanna um einstök atriði skýrslunnar. Í umfjöllun nefndarinnar um skýrsluna kom fram að umboðsmaður hefur sett sér það stefnumið að afgreiðslu mála sé að jafnaði lokið innan sex mánaða frá því kvörtun berst. Fram kom að það markmið hefði ekki náðst að fullu m.a. vegna þess að málum hefði fjölgað um 13% milli áranna 2006 og 2007. Þá kom einnig fram að nokkrar breytingar hefðu verið gerðar á vinnubrögðum hjá umboðsmanni sem felast í því að fjallað er sameiginlega um samþætt mál eða mál með svipuð álitaefni og þau afgreidd samhliða. Hefur umboðsmaður þá gjarnan sent bréf til stjórnvalda vegna þeirra í heild. Nefndin telur ákveðna hagræð-

ingu fólgna í því fyrir stjórnvöld sem leiði að auki til þess að samræmis sé gætt við úrlausn sambærilegra mála innan stjórnsýslunnar.

Tæplega helmingur mála sem kemur til umboðsmanns er sendur til stjórnvalda. Kom fram að umboðsmaður gerði það einungis þegar hann teldi slíkt nauðsynlegt. Varða athugasemdirnar yfirleitt meðferð tiltekins máls hjá stjórnvaldi en ekki efnislega niðurstöðu og því almennt ekki sérstök þörf á að gera breytingar á lögum eða reglum. Fram kom að stjórnvöld bregðast oftast vel við tilmælum umboðsmanns í þessum málum og fari eftir þeim. Í sumum tilfellum hefur þó nokkur dráttur orðið á því að umboðsmanni sé svarað og að hann fái skýringar á því sem hann leitar eftir. Þessar tafir geti haft afgerandi þýðingu þar sem miklir hagsmunir eru í húfi, svo sem í atvinnustarfsemi fyrirtækja og einstaklinga, og haft mikinn kostnað í för með sér fyrir viðkomandi. Nefndin leggur áherslu á að slíkt feli í sér brot á reglum um málshraða og til þess fallið að draga úr réttaröryggi borgaranna sem umboðsmanni er einmitt ætlað að standa vörð um. Þá felist það í skyldum stjórnvalda á hverjum tíma og standi þeim næst að bæta úr ef miður fer og að ekki sé þörf á því fyrir borgarana að leita til dómstóla í þeim málum sem varða eingöngu málsmeðferð en ekki efnislega niðurstöðu. Nefndin leggur ríka áherslu á að við þau miklu áföll sem orðið hafa í efnahagslífi þjóðarinnar sé enn meiri nauðsyn þess að stjórnvöld gæti að réttaröryggi borgaranna og líti á ábendingar og tilmæli umboðsmanns sem leiðbeinandi og leysi mál gagnvart borgurunum m.a. með endurupptöku þeirra þegar þess gerist þörf. Þannig er unnt að viðhalda og auka traust almennings á stjórnsýslunni.

Mikilvægur þáttur í starfi umboðsmanns eru svokölluð frumkvæðismál, þ.e. mál sem umboðsmaður tekur upp að eigin frumkvæði. Það eru oft mál sem fjallað er um í samfélaginu eða fjölmiðlum. Í þeim tilfellum hefur umboðsmaður oft beint því til viðkomandi stjórnvalds að breyta vinnubrögðum eða reglum. Í skýrslunni kemur fram að stjórnvöld hafi almennt farið eftir tilmælum umboðsmanns utan tveggja tilvika. Nefndin telur að það aðhald sem umboðsmaður veitir stjórnvöldum með þessum hætti sé mjög mikilvægt og enn fremur sé mikilvægt að stjórnvöld fari eftir tilmælum og ábendingum hans.

Telur nefndin rétt að vekja sérstaka athygli á einu frumkvæðismáli í skýrslunni sem varðar greiðslur til fanga fyrir vinnu innan fangelsanna og réttindi tengd þeim. Umboðsmaður beindi þeim tilmælum til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að framkvæmd á greiðslum til fanga yrði færð til þess horfs að þeir teldust launþegar í merkingu ákvæða um slysatryggingu almannatryggingalaga eða að gildandi lagareglur yrðu endurskoðaðar þannig að slysatryggingar fanga uppfylltu að lágmarki þær kröfur sem leiðir af ákvæði evrópsku fangelsisreglnanna um slysatryggingar fanga við vinnu. Tekur nefndin undir þessi tilmæli umboðsmanns og kallar eftir því að dóms- og kirkjumálaráðuneytið finni viðunandi lausn sem tryggi lágmarksvernd.

Á fundum nefndarinnar benti umboðsmaður á ýmislegt sem má betur fara í stjórnsýslunni almennt, m.a. á nauðsyn þess að uppfræða starfsfólk um reglur stjórnsýsluréttarins sem og um reglur Evrópuréttarins sem innihalda fjölþjóðlegar skuldbindingar um réttindi borgaranna gagnvart stjórnvöldum, t.d. hvað varðar heilsu, framfærslu og menntun. Nefndin tekur undir mikilvægi þessa og telur nauðsynlegt að stjórnendur stofnana innan stjórnsýslunnar, bæði ríkis og sveitarfélaga, séu meðvitaðir um þá nauðsyn að stuðla að því að starfsmenn viðhaldi vel þekkingu sinni og þjálfun til þess að bæta og tryggja réttaröryggi.

Þá benti umboðsmaður einnig á að hjá kærunefndum innan stjórnsýslunnar vanti yfirsýn og þekkingu á reglum um stjórnsýsluleg réttindi borgaranna og að til þeirra komi í raun of fá mál til þess að unnt sé að viðhalda sérhæfingu. Nefndin telur því rétt með vísan til þessara

ábendinga og enn fremur réttaröryggissjónarmiða að leggja til að fram fari skoðun á því hvort unnt er að styrkja kærunefndir innan stjórnsýslunnar með því að fækka þeim, jafnvel sameina þær eða færa verkefni þeirra til viðkomandi ráðuneyta sem getur falið í sér ákveðna hagræðingu í rekstri.

Þá kom fram á fundum nefndarinnar að umboðsmaður hafi fundað með stjórnvöldum til að ræða ákveðin álitaefni í málum, einkum ef þau varða grundvallarspurningar um starfsemi stjórnsýslunnar. Nefndin telur einnig mikilvægt að slík samvinna eigi sér stað og telur að hún sé til þess fallin að stuðla að því að þeir sem fara með opinbert vald gæti að lögum og góðum stjórnsýsluháttum í störfum sínum.

Umboðsmaður benti einnig á að í nokkrum tilfellum mætti auðvelda úrlausn einstakra mála borgaranna gagnvart stjórnvöldum með samningum og að ekki væri þörf á að leysa ágreiningsmál borgaranna gagnvart stjórnvöldum fyrir dómstólum. Telur nefndin eðlilegt, þegar litið er til réttaröryggissjónarmiða, málshraða og kostnaðar fyrir borgarana, að samningsleiðin verði almennt reynd áður en málum er vísað til dómstóla.

Umboðsmaður vakti athygli á því að það færist í aukana að þjónustu við borgarana sé skipað með samningum á sviði einkaréttar þar sem félög eða fyrirtæki taki að sér að sjá um þjónustuna. Benti umboðsmaður á mikilvægi þess að gætt sé að settum lögum og reglum á viðkomandi sviði varðandi réttindi borgaranna við slíka samningsgerð. Nefndin telur mögulegt að með slíkum samningum sé unnt að bæta þjónustu við borgarana en telur mikilvægt að lögbundin réttindi séu ekki skert. Þá telur nefndin einnig mikilvægt að vanda samninga opinberra aðila við einkaaðila svo sem einkaskóla og einkafyrirtæki í heilbrigðisþjónustu vegna réttaröryggis og hugsanlegra skaðabótakrafna, þar sem reyndi á forsvaranlega stjórnsýslu og meðferð fjármuna.

Umboðsmaður benti einnig á nauðsyn vandaðrar lagasetningar og að hugsanlegar skýringar á því að lagasetning væri ekki nægilega vönduð væri að undirbúningstíminn væri ekki nægilega langur og ekki kæmu nægilega margir að vinnunni. Þá benti umboðsmaður sérstaklega á að við lagasetningu yrði að líta til þess ramma sem stjórnarskráin setur löggjafanum en þar eru gerðar mjög ríkar kröfur. Benti umboðsmaður m.a. á að við endurskoðun á heildarlöggjöf um skólamál hefði ekki verið fjallað um afstöðu gagnvart ákvæðum stjórnarskrárinnar um menntun. Fram kom á fundunum að við undirbúning löggjafar á Norðurlöndunum væri almennt fjallað um þau grundvallarlög sem gilda á viðkomandi sviði. Nefndin telur mikilvægt að við samningu frumvarpa verði almennt gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi mál fellur að þeim lagaramma sem stjórnarskráin setur og enn fremur að almennt verði tekin afstaða til þessa við lagasetningu Alþingis og afgreiðslu mála hjá fastanefndum þingsins.

Skýrslur umboðsmanns eru mikilvæg heimild um túlkun reglna á réttarsviði stjórnsýsluréttarins sem enn er að miklu leyti óskráð. Nefndin telur því sérstaklega ánægjulegt að milli umboðsmanns og stjórnvalda sé samvinna, sérstaklega þegar upp koma álitaefni sem varða grundvallarspurningar á réttarsviðinu. Skýrslan fyrir árið 2007 er eins og áður mjög vönduð

og vill allsherjarnefnd þakka umboðsmanni og starfsfólki hans sérstaklega fyrir vel unnin störf á liðnum árum.

Alþingi, 25. febr. 2009.

Árni Páll Árnason, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir, varaform.	Birgir Ármannsson.
Ágúst Ólafur Ágústsson.	Árni Þór Sigurðsson.	Sigurður Kári Kristjánsson.

Siv Friðleifsdóttir.

594. Nefndarálit [198. mál]

um till. til þál. um íslenska málstefnu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Baldur Hafstað, Ingibjörgu B. Frímannsdóttur og Sigurð Konráðsson frá Rannsóknarstofu í íslenskum fræðum og íslenskukennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Úlfar Bragason frá alþjóðasviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þórarin Eldjárn frá Íslenskri málnefnd, Guðrúnu Kvaran frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Guðjón Bragason og Svandísi Ingimundardóttur frá Sambandi íslenskra sveitafélaga, Önnu Kristínu Sigurðardóttur og Önnu S. Þráinsdóttur frá menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Umsagnir bárust nefndinni frá stjórn Rannsóknarstofu í íslenskum fræðum og íslenskukennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, stjórn Íslenskrar málnefndar, Háskólanum á Akureyri, alþjóðasviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands, Bandalagi sjálfstæðra leikhúsa, Bandalagi atvinnuleikhópa, Orðanefnd rafmagnsverkfræðinga, málræktarsviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ríkisútvarpinu, menntavísindasviði Háskóla Íslands, fagráði í íslensku, og Blaðamannafélagi Íslands, auk minnisblaða frá Önnu Kristínu Sigurðardóttur og Önnu S. Þráinsdóttur.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu verði samþykktar sem opinber stefna í málefnum íslenskrar tungu. Þá er lagt til að Alþingi lýsi yfir stuðningi við það meginmarkið tillagna Íslenskrar málnefndar að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.

Það er álit nefndarinnar að nauðsynlegt sé að setja markmið og móta aðgerðir til þess að hlúa að íslenskri tungu, styrkja hana og efla þannig að íslenska verði nothæf á öllum sviðum íslensks samfélags. Mikilvægt er að styrkja stöðu tungunnar og tryggja að hún glatist ekki á þeim sviðum þar sem erlent mál er ríkjandi.

Nefndin vekur athygli á því að íslensk málstefna hlýtur að vera í stöðugri þróun og mótun og áréttar að hér er um að ræða heildarstefnu en ekki ígildi laga með bindandi áhrif. Fram undan er því vinnuferli, sem eðlilegt er að menntamálaráðherra hafi forgöngu um, við verk-

áætlanir og samræmingu viðhorfa á einstökum sviðum. Þar þarf m.a. að taka tillit til athugasemda sem nefndinni bárust um atriði er varða íslenskukunnáttu starfsmanna á öllum stigum skólakerfisins, um íslenskumenntun kennara og um sjálfstæði háskóla við skipulag náms.

Við umfjöllun um málið í nefndinni var mikið rætt um leiðir til að styrkja lagalega stöðu íslenskrar tungu. Nefndin telur að það þurfi að koma skýrt fram í lögum að íslenska sé hið opinbera tungumál lýðveldisins Íslands og að nauðsynlegt sé að stjórnarskrárbinda stöðu og rétt íslenskrar tungu við næstu endurskoðun á stjórnarskránni.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Fyrri málsgrein tillögugreinarinnar orðist svo:

Alþingi ályktar að samþykkja tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu sem opinbera stefnu í málefnum íslenskrar tungu.

Einar K. Guðfinnsson og Jón Magnússon voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. mars 2009.

Einar Már Sigurðarson, form., frsm.	Þuríður Backman.	Mörður Árnason.
Katrín Júlíusdóttir.	Höskuldur Þórhallsson.	Björk Guðjónsdóttir.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

595. Fyrirspurn [347. mál]

til menntamálaráðherra um Hólaskóla – Háskólann á Hólum.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

1. Hvað líður fyrirhuguðum breytingum á rekstrarformi Hólaskóla – Háskólans á Hólum?
2. Hvenær mega kröfuhafar vænta uppgjörs á vangreiddum skuldum skólans?

596. Fyrirspurn [348. mál]

til samgönguráðherra um útboð vegaframkvæmda á árinu 2009.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hvaða vegagerðarverkefni er ætlunin að bjóða út á árinu 2009? Svar óskast sundurliðað eftir kjördæmum.

Skriflegt svar óskast.

597. Fyrirspurn [349. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu á íbúðamarkaði.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hefur ráðherra látið kanna hvernig best sé að bæta stöðuna á íbúðamarkaði á helstu þéttbýlissvæðum landsins, t.d. með úttekt á stöðunni á íbúðamarkaði og greiningu á framtíðarhorfum?

598. Frumvarp til laga [350. mál]

um almennan eignarskatt.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.
Gildissvið.

Lög þessi taka til skattlagningar á eignum.

2. gr.
Skattskyldir aðilar.

Skylda til að greiða eignarskatt af öllum eignum sínum hvílir á mönnum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga um tekjuskatt og lögaðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum 2. gr. sömu laga.

Allir aðilar sem eiga eignir hér á landi skv. 4.–8. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt skulu greiða eignarskatt af þeim eignum.

Aðilar sem tilgreindir eru í 4. gr. laga um tekjuskatt skulu undanþegnir eignarskatti.

3. gr.
Skattstofn.

Eignarskattsstofn er þær eignir sem eftir verða þegar frá verðmæti eigna sem um ræðir í 72. gr. laga um tekjuskatt hafa verið dregnar skuldir skattaðila sem um ræðir í 75. gr. sömu laga.

Eignarskatt skal miða við eignarskattsstofn skattaðila í árslok. Þó mega þeir sem með leyfi skattstjóra nota annað reikningsár en almanaksár telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs síns sem er næst á undan skattálagningu.

Lögaðilum sem bera ótakmarkaða skattskyldu skal heimilt að draga frá eignum sínum hlutafé, stofnsjóði og nafnskráð stofnfé.

Eignarskattsstofni þeirra sem falla undir 80. gr. laga um tekjuskatt skal skipt að jöfnu og eignarskattur reiknaður af hvorum helmingi fyrir sig.

Um heimild til lækkunar á eignarskattsstofni og mat skattskyldra eigna gilda ákvæði 65. og 73. gr. laga um tekjuskatt eftir því sem við getur átt.

4. gr.
Skattprósenta og útreikningur eignarskatts.

Eignarskattur er 0,6% af eignarskattsstofni.

Af fyrstu 15.000.000 kr. af eignarskattsstofni manna greiðist enginn skattur.

5. gr.
Framtöl, skýrslugjafir, álagning, eftirlit, kærur, innheimta o.fl.

Skattstjórar annast álagningu eignarskatts á skattaðila samkvæmt framtali hans.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga um tekjuskatt gilda um eignarskatt eftir því sem við á.

6. gr.
Reglugerðarheimild.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

7. gr.
Gildistaka.

Lög þessi taka þegar gildi og koma til framkvæmdar við álagningu opinberra gjalda árið 2010.

Greinargerð.

Markmið frumvarpsins er að auka tekjur ríkisins vegna erfiðrar stöðu ríkissjóðs og jafna stöðu eignaminni einstaklinga gagnvart hinum eignameiri. Ætla má að þeir eignaminni séu fremur yngra fólk eða tekjulitlir einstaklingar sem vegna stutts starfsaldurs eða minni ráðstöfunartekna hafa ekki byggt upp eignir.

Eignarskattur á sér langa sögu en var afnuminn á árinu 2004 með lögum nr. 129/2004. Álagning frumvarpsins byggist á sams konar sjónarmiðum og þá voru í gildi en ekki hafa þó verið tekin upp í það sérstök ákvæði er lúta að bankainnstæðum, ríkisverðbréfum og hlutafjáreign að tilteknu marki eins og þá giltu. Ekki heldur hafa verið sett í frumvarpið ákvæði er undanþiggja tiltekna aðila eða tilgreinda starfsemi frá álagningu eignarskatts sem hreinsuð voru út með tilgreindum breytingalögum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir álagningu eignarskatts á nettóeignir einstaklinga og lögaðila og er lagt til að skattfrjáls eignarskattsstofn einstaklinga verði 15 millj. kr. og 30. millj. kr. hjá hjónum og sambýlisfólki. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra má ætla að eignarskattur einstaklinga miðað við framtöl ársins 2008 og ákvæði frumvarpsins hefði orðið um 2,5 milljarðar kr.

Fylgiskjal.

Reiknaður eignarskattur einstaklinga miðað við mismunandi álagningarforsendur og skattstofna samkvæmt framtölum ársins 2008 (millj. kr.).

Eignarskattur Eignarmörk	0,20%	0,30%	0,40%	0,50%	0,60%	0,70%	0,80%	0,90%	1,00%	1,10%	1,20%	1,30%	1,40%	1,50%
5,0	2.139	3.209	4.279	5.348	6.418	7.488	8.557	9.627	10.697	11.766	12.836	13.906	14.975	16.045
7,5	1.702	2.552	3.403	4.254	5.105	5.956	6.807	7.657	8.508	9.359	10.210	11.061	11.911	12.762
10,0	1.342	2.013	2.684	3.355	4.026	4.697	5.368	6.039	6.711	7.382	8.053	8.724	9.395	10.066
12,5	1.053	1.580	2.106	2.633	3.159	3.686	4.212	4.739	5.265	5.792	6.319	6.845	7.372	7.898
15,0	826	1.240	1.653	2.066	2.479	2.892	3.305	3.719	4.132	4.545	4.958	5.371	5.784	6.198
17,5	650	976	1.301	1.626	1.951	2.276	2.601	2.927	3.252	3.577	3.902	4.227	4.552	4.878
20,0	516	773	1.031	1.289	1.547	1.805	2.063	2.320	2.578	2.836	3.094	3.352	3.610	3.867
22,5	414	622	829	1.036	1.243	1.450	1.657	1.865	2.072	2.279	2.486	2.693	2.901	3.108
25,0	339	508	678	847	1.017	1.186	1.356	1.525	1.695	1.864	2.033	2.203	2.372	2.542
27,5	283	424	566	707	849	990	1.132	1.273	1.415	1.556	1.698	1.839	1.981	2.122
30,0	241	362	482	603	723	844	965	1.085	1.206	1.326	1.447	1.567	1.688	1.809

599. Frumvarp til laga [351. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

Breytingar á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „10%“ í 1. málsl. 3. mgr. 66. gr. laganna kemur: 15%.

2. gr.

Við 111. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sveitarfélög skulu þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. fá ⅓ af tekjuskatti á arð af hlutum og hlutabréfum í einkahlutafélögum. Við ákvörðun þess til hvaða sveitarfélags skatturinn fellur skal fylgt sömu reglu og fram kemur í IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

3. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: ⅓ tekjuskatts á arð af hlutum og hlutabréfum í einkahlutafélögum.

Breytingar á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996.

4. gr.

Við 21. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fjármálaráðherra setur í samráði við samgönguráðherra reglur um uppgjör og skiptingu staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts vegna arðs af hlutum og hlutabréfum í einkahlutafélögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2010 og álagningu tekjuskatts á árinu 2011.

Greinargerð.

Meginefni frumvarpsins er tvíþætt. Í fyrsta lagi er lagt til að tekjuskattur af fjármagnstekjum einstaklinga utan rekstrar hækki úr 10% í 15% í því augnamiði að auka tekjur ríkissjóðs og jafnframt að draga úr þeim mun sem nú er á skattlagningu tekna annars vegar og fjármagns hins vegar. Hér á landi hefur skattlagning fjármagnstekna verið talin með því lægsta sem gerist innan OECD þótt erfitt geti verið að gera slíkan samanburð milli landa. Tekjuskattshlutfall hlutafélaga og einkahlutafélaga hér er 15% og fjármagnstekjuskattur 10% sem þýðir að heildarskattur á hagnað þessara félaga þegar arðurinn er kominn í hendur hluthafans er 23,5%. Skatthlutfall staðgreiðslu er 37,2%, þar af er tekjuskattur 24,1% og útsvar 13,1%.

Í frumvarpinu er í annan stað lagt til að sveitarfélög eignist hlutdeild í fjármagnstekjum vegna arðs af hlutum og hlutabréfum í einkahlutafélögum. Er hér um að ræða tekjur sem skilgreindar eru í 4. tölul. C-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt en þó aðeins að því er einkahlutafélög varðar. Er breytingin hugsuð til að bæta sveitarfélögum upp missi tekna sem þau hafa orðið fyrir í kjölfar einkahlutafélagavæðingar og þeirrar þróunar að eigendur slíkra félaga þiggi tekjur sínar fremur í formi arðs en launa.

Verði frumvarpið að lögum hækkar reiknaður fjármagnstekjuskattur um 12,2 milljarða kr. samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra sé miðað við mismunandi álagningarforsendur og skattstofna samkvæmt framtölum ársins 2008. Í fjárlögum ársins 2009 er gert ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur einstaklinga á rekstrargrunni lækki um 11,5 milljarða kr. frá fjárlögum 2008, eða sem nemur 33%. Rétt er þó að hafa í huga að tekjuspá fyrir árið 2009 er háð meiri óvissu en undanfarin ár vegna efnahagshrunsins og þá er ekki sjálfgefið að skatttekjur aukist hlutfallslega í takti við hækkun skattprósentu.

Með þessum breytingum má gera ráð fyrir hækkun á reiknuðum fjármagnstekjuskatti á einstaklinga vegna vaxta, arðs og leigu um 4,7 milljarða kr. en eins og áður segir gerir frumvarpið ráð fyrir að sveitarfélög njóti góðs af þeirri hækkun að því er varðar arð af hlutum og hlutabréfum í einkahlutafélögum.

Reiknaður fjármagnstekjuskattur einstaklinga miðað við mismunandi álagningarforsendur og skattstofna samkvæmt framtölum ársins 2008, millj. kr.

Fjármagns-tekjuskattur	Skattur af söluhagnaði	Skattur af vöxtum, arði og leigu	Reiknaður fjármagnstekjuskattur
5%	7.566	4.661	12.227
10%	15.131	9.323	24.454
15%	22.697	13.984	*36.681*
20%	30.262	18.645	48.908
25%	37.828	23.307	61.135
30%	45.394	27.968	73.362

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið,
tekju- og lagaskrifstofa:

Svar við fyrirspurn frá upplýsingasviði Alþingis.
(16. nóvember 2006.)

Fjármagnstekjuskattur á einstaklinga innan nokkurra OECD-landa.

Fjármagnstekjuskattur er afar mismundi milli landa inna OECD og því erfitt og flókið að gera þar samanburð á. Skattkerfi eru ólík innbyrðis, sérstaklega er varðar skattlagningu einstaklinga og mörg atriði sem hafa áhrif á það hver hin endanlega skattlagning verður. Einnig verður að horfa til þess hvort um brúttó- eða nettó-skatt sé að ræða af fjármagnstekjum, skattprósentan ein og sér segir ekki alla söguna. Til þess að fá raunhæfan samanburð þyrfti að stilla um nokkrum dæmum um fjármagnstekjur einstaklinga og fá síðan viðkomandi skattyfirvöld í hverju landi til að reikna út álagninguna.

Hér fyrir neðan eru teknar saman upplýsingar um skatta af fjármagnstekjum hjá nokkrum löndum innan OECD og eru upplýsingar að mestu sóttar í European Tax Handbook frá 2006 sem gefin er út af IBFD í Hollandi.

Ísland.

Sérgreindur tekjustofn sem er eignatekjur, þ.e. vextir, arður, söluhagnaður og leigutekjur. Enginn frádráttur. Skatthlutfall er 10%.

Danmörk.

Ekki er um sérgreindan skattstofn að ræða heldur eru fjármagnstekjur skattlagðar með almennum tekjum nema þegar um er að ræða hlutabréfatekjur en þá er innheimtur 28% skattur af tekjum upp að 44,300 d.kr. en 43% skattur af tekjum sem fara yfir þá upphæð.

Noregur.

Ekki er um sérgreindan skattstofn að ræða heldur eru fjármagnstekjur skattlagðar með almennum tekjum. Heimilt er að draga frá arði ákveðna fjárhæð sem fundin er út árlega.

Svíþjóð.

Sérgreindur tekjustofn (vextir, arður, söluhagnaður ofl.) Skatthlutfall er 30%. Kostnaður við öflun fjármagnstekna, vaxtagjöld og sölutap er frádráttarbært.

Finnland.

Sérgreindur tekjustofn (arður, vextir og þóknanir, söluhagnaður) og er skatthlutfall 28%. Heimilt er að undanskilja frá greiðslu fjármagnstekjuskatts, 30% af arðgreiðslum frá nánar tilgreindum félögum. Arðgreiðslur sem svara til um verðmæti 9% hlutabréfa eru undanþegnar, allt að 90.000 evrum á ári. 30% arðgreiðslna umfram það eru undanþegnar en restin er skattlögð með 28% skatthlutfalli.

Írland.

Sérgreindur tekjustofn og er almennt skatthlutfall 20%. Nokkrar frádráttarheimildir eru til staðar, undanþeginn skatti er hagnaður allt að 1,270 evrum, hagnaður frá hlutabréfum í eigu tiltekinna opinberra aðila og fleira. Skatthlutfallið er 40% ef um er að ræða söluhagnað á nánar tilgreindu landi.

Bretland.

Fjármagnstekjur er skattlagður á mismunandi hátt eftir því hvaðan þær koma og hver tekjuskattsstofn hvers einstaklings er. Ýmsir frádrættir eru heimilaðir. Skatthlutfallið er frá 10% upp í 40%.

Þýskaland.

Fjármagnstekjur eru skattlagðar með almennum tekjum. Kostnaður við öflun fjármagnstekna er frádráttarbær.

Lúxemborg.

Fjármagnstekjur eru skattlagðar með almennum tekjum. Ýmsir frádrættir heimilaðir, t.d. má draga frá 50% af arði greiddum frá fyrirtæki sem skattlagt er að fullu í heimalandi.

600. Svar [302. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um sameiginlega sjúkraskrá fyrir landið allt.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir tillögum stýrihóps um upplýsingatækni í nýlegri áfangaskýrslu um uppbyggingu og rekstur rafrænnar sjúkraskrár og varða:

a. *uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrár og sameiningu sjúkraskráa heilbrigðisumdæma,*
b. *rafrænt sjúkraskrárkerfi sem uppfylli kröfulýsingu heilbrigðisráðuneytis,*
c. *nýja miðstöð sjúkraskrár,*
d. *rafrænt fyrirmælakerfi,*
e. *aðgengi sjúklinga að eigin upplýsingum á netinu?*

Óskað er eftir svari fyrir hvern lið.

a. Að óbreyttum lögum er ekki heimilt að sameina sjúkraskrár tveggja eða fleiri heilbrigðisstofnana. Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um sjúkraskrár. Frumvarpið gerir m.a. ráð fyrir því að hægt verði að samtengja sjúkraskrárkerfi á milli heilbrigðisstofnana og þar með einnig innan heilbrigðisumdæma. Þannig mun heilbrigðisstarfsfólk hafa greiðan og öruggan aðgang að mikilvægum heilbrigðisupplýsingum hvar og hvenær sem þörf er á, óháð skráningarstað. Með þarfir sjúklingsins í huga er nokkuð ljóst að mjög mikilvægt er að læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður, sem kemur að greiningu hans og meðferð, hafi aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum. Ein samræmd sjúkraskrá hvers einstaklings frá *„vöggu til grafar“* er líka ein af forsendum þess að sjúklingurinn sjálfur geti fengið aðgang að eigin sjúkraskrárupplýsingum, óháð skráningarstað, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ráðherra leggur því áherslu á að frumvarpið verði samþykkt á þessu þingi.

Verði frumvarp um sjúkraskrár að lögum skapast nýr grundvöllur til uppbyggingar samræmdrar sjúkraskrár einstaklings. Það er skoðun heilbrigðisráðherra að hefja skuli sameiningu innan heilbrigðisumdæma annars vegar og hins vegar á milli Landspítala og Kragasjúkrahúsa (Heilbrigðisstofnunarinnar á Akranesi, Heilbrigðisstofnunarinnar á Suðurlandi, Heilbrigðisstofnunarinnar á Suðurnesjum, St. Jósefsspítala — Sólvangs), eins og stýrihópur um upplýsingatækni á heilbrigðissviði leggur til, enda verði öllum öryggisstöðlum og nauðsynlegum aðgangsstýringum með rekjanleika fylgt til hins ýtrasta. Ráðherra mun beita sér fyrir því að þessi hugmynd starfshópsins verði að veruleika eins fljótt og verða má.

b. Skýrslan *Almenn kröfulýsing um sjúkraskrárkerfi — Lágmarkskröfur* var gefin út af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu (nú heilbrigðisráðuneytinu) í mars árið 2001. Í kröfulýsingunni eru settar fram grunnkröfur fyrir almenn sjúkraskrárkerfi, svo sem um gagnauppbyggingu í sjúkraskrám, gagnaöryggi, upplýsingaflæði og annað sem öll sjúkraskrárkerfi skulu uppfylla. Ætlunin var að ekki yrði heimilt að nota sjúkraskrárkerfi á Íslandi sem ekki uppfylltu alla þætti almennu kröfulýsingarinnar. Kröfulýsingin hefur þó einungis verið í formi tilmæla, þar sem lagagrundvöll skortir til að fylgja henni eftir. Í frumvarpi til laga um sjúkraskrár er hins vegar gert ráð fyrir því að heilbrigðisráðherra setji reglugerð um kröfulýsingu sjúkraskrárkerfa og geti þar með breytt tilmælum í fyrirmæli.

Mikilvægt er að endurskoða hina almennu kröfulýsingu, en ýmsar framfarir hafa orðið í upplýsingatæknimálum á þeim átta árum sem liðin eru frá því hún var skrifuð. Vinnuhópar hafa nú þegar verið myndaðir til að endurskoða kröfulýsinguna og koma með tillögur um vottunarferli. Vinnuhóparnir skila af sér fyrstu drögum í júní næstkomandi. Stefnt er að því að hin endurskoðaða almenna kröfulýsing öðlist gildi með reglugerð eins fljótt og auðið er, ef lög um sjúkraskrár verða samþykkt. Heilbrigðisráðherra telur það mjög brýnt. Ákveðinn tími verður gefinn til að aðlaga þau sjúkraskrárkerfi sem þegar eru í notkun að settum kröfum. Ekki liggur fyrir ákvörðun um útboð, en verði farið út í slíkt mun hin endurskoðaða almenna kröfulýsing liggja því til grundvallar.

c. Stýrihópur um upplýsingatækni á heilbrigðissviði hefur lagt til að sett verði á stofn miðstöð sem skuli annast samræmingu og framkvæmd stefnu ráðuneytisins um rafræna sjúkraskrá og heilbrigðisnet. Hvort sem framkvæmd verkefnisins verður falin einni af núverandi undirstofnunum ráðuneytisins eða nýrri stofnun er mikilvægt að heilbrigðisráðuneytið tryggi með samhæfðri stefnumótun að uppbygging og rekstur rafrænnar sjúkraskrár og innleiðing heilbrigðisnets á landsvísu verði á einni hendi. Á síðari stigum málsins verður tekin afstaða

til þessa þáttar. Það er í þessu sambandi vilji heilbrigðisráðherra að huga sérstaklega að því hvort miðstöð af þessu tagi mætti setja niður utan Reykjavíkur.

d. Stýrihópurinn leggur til að hafin verði þróun rafræns fyrirmælakerfis (CPOE — Computerized Physician Order entry) fyrir samræmda rafræna sjúkraskrá. Næstu skref eru að greina frekar þörfina fyrir slíkt kerfi.

e. Stýrihópurinn um upplýsingatækni á heilbrigðissviði hefur lagt til að sjúklingar eigi þess kost að geta nálgast heilsufarsupplýsingar sínar á netinu og verði aðgangur að lyfjaupplýsingum settur í forgang. Forsenda þess að sjúklingur geti nálgast eigin heilsufarsupplýsingar miðlægt er samtenging sjúkraskráa einstaklingsins hjá öllum meðferðaraðilum innan heilbrigðiskerfisins. Einnig verður þörf á innleiðingu rafrænna skilríkja þannig að ekki fari á milli mála hvaða aðili opnar sjúkraskrána. Ljóst er að um mikið öryggismál og hagræði er að ræða fyrir sjúklinga. Heilbrigðisráðherra mun láta framkvæma nánari greiningu og kostnaðarmat verkefnisins. Þá hyggst heilbrigðisráðherra láta kanna sérstaklega ýmis lagaleg og siðfræðileg atriði sem upp kynnu að koma með því að sjúklingar fengju rafrænan (remote) aðgang að heilsufarsupplýsingum sínum.

601. Fyrirspurn [352. mál]

til forsætisráðherra um þróun erlendra vaxtatekna og vaxtagjalda.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hver var hlutdeild einstakra viðskiptabanka annars vegar og annarra aðila hins vegar í vaxandi vaxtatekjum og vaxtagjöldum þjóðarbúsins á hverju ári frá 2004–2008?
2. Hver var hlutdeild helstu erlendra fjármálastofnana eftir ríkisfangi í vaxtatekjum og vaxtagjöldum á tímabilinu?
3. Hver er skýring Seðlabanka Íslands á því að miðað við verga landsframleiðslu hafi erlend skuldastaða þjóðarbúsins tvöfaldast á tímabilinu, samkvæmt upplýsingum úr nýlegri skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en af hækkun vaxtagjalda eins og þau birtast í peningamálum virðist mega ráða að erlend skuldastaða hafi allt að fimmfaldast?

Skriflegt svar óskast.

602. Fyrirspurn [353. mál]

til samgönguráðherra um uppbyggingu samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hvað líður áformum um uppbyggingu samgöngumannvirkja á höfuðborgarasvæðinu?

603. Fyrirspurn [354. mál]

til heilbrigðisráðherra um nýtt háskólasjúkrahús.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

1. Hvað líður áformum um nýtt háskólasjúkrahús?
2. Hefur orðið stefnubreyting hvað uppbyggingu þess varðar?

604. Fyrirspurn [355. mál]

til forsætisráðherra um kostnað við gjaldeyrisvaraforðann.

Frá Helga Hjörvar.

1. Hver var ávöxtun gjaldeyrisvaraforðans árlega eftir myntum árin 2004–2008, annars vegar í prósentum og hins vegar upphæðum fyrir hverja mynt?
2. Hver er áætlaður kostnaður hins opinbera af sambærilegum lántökum eftir myntum á sama árabili, annars vegar í prósentum og hins vegar upphæðum fyrir hverja mynt?

Skriflegt svar óskast.

605. Lög [280. mál]

um breytingar á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 26. febrúar 2009.)

Samhljóða þskj. 574 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

24. gr. laganna orðast svo:

Ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum eru teknar af peningastefnunefnd. Stjórntæki bankans teljast í þessu sambandi vera vaxtaákvarðanir hans, viðskipti við lánastofnanir önnur en tilgreind eru í 2. mgr. 7. gr., ákvörðun bindiskyldu skv. 11. gr. og viðskipti á gjaldeyrismarkaði skv. 18. gr. sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar. Ákvarðanir peningastefnunefndar skulu grundvallast á markmiðum bankans og vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahags- og peningamálum og fjármálastöðugleika.

Í peningastefnunefnd situr seðlabankastjóri, aðstoðarseðlabankastjóri, einn af yfirmönnum bankans á sviði mótunar eða stefnu í peningamálum og tveir sérfræðingar á sviði efnahags- og peningamála sem forsætisráðherra skipar til fimm ára í senn. Seðlabankastjóri er jafnframt formaður peningastefnunefndar. Peningastefnunefnd er ályktunarhæf ef fjórir af fimm nefndarmönnum sitja fund nefndarinnar. Ákvarðanir peningastefnunefndar skulu teknar með einföldum meiri hluta, en falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns eða staðgengils hans. Peningastefnunefnd skal halda fundi að minnsta kosti átta sinnum á ári. Auk þess getur peningastefnunefnd haldið fund ef formaður ákveður eða þrír nefndarmenn krefjast þess. Peningastefnunefnd setur sér starfsreglur sem bankaráð staðfestir um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana sinna í peningamálum. Opinberlega skal birta fundargerðir peningastefnunefndar og gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra. Ef peningastefnunefnd metur það svo að alvarleg hættumerki séu til staðar sem ógna fjármálakerfinu skal hún opinberlega gefa út viðvaranir þegar tilefni er til. Peningastefnunefnd getur þó ákveðið að skýra ekki frá ákvörðunum um viðskipti á gjaldeyrismarkaði skv. 18. gr.

Peningastefnunefnd skal gefa Alþingi skýrslu um störf sín tvisvar á ári. Skal efni skýrslunnar rætt á sameiginlegum fundi efnahags- og skattanefndar, fjárlaganefndar og viðskiptanefndar.

606. Frumvarp til laga [356. mál]

um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn).

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI
Breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, 3. málsl., sem orðast svo: Stjórnin skal gæta þess að hlutaskráin geymi réttar upplýsingar á hverjum tíma.
b. Á eftir 6. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Í hlutaskrána skulu færðar upplýsingar um atkvæðisrétt hluthafa og skal þar jafnframt geta allra þeirra samstæðutengsla sem hlutafélagið er í.

2. gr.

Við 1. mgr. 63. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Einnig skal gætt að kynjahlutföllum í stjórnum annarra hlutafélaga. Í tilkynningum til hlutafélagaskrár skal sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn, svo og hlutföll kynjanna meðal starfsmanna eftir stöðu þeirra samkvæmt skipulagi.

3. gr.

Við 1. mgr. 65. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Gætt skal að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra og skulu hlutafélagaskrá gefnar upplýsingar í tilkynningum til skrárinnar um hlutföll kynjanna meðal framkvæmdastjóra.

4. gr.

Við 1. mgr. 70. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Formaður félagsstjórnar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem félagsstjórnin felur honum að vinna fyrir sig.

5. gr.

Á eftir 3. mgr. 84. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Félagsstjórn skal gera stutta samantekt og leggja fyrir aðalfund um hlutafjáreign einstakra hluthafa og rétt þeirra til að greiða atkvæði, svo og um þær breytingar sem orðið hafa á árinu. Sambærilegar upplýsingar skulu liggja fyrir um þau samstæðutengsl sem hlutafélagið er í.

6. gr.

Við 2. málsl. 1. mgr. 91. gr. laganna bætist: og hlutafjáreign einstakra hluthafa og atkvæðisrétt þeirra.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. tölul. 153. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „(2. mgr. 70. gr.)“ kemur: samantekt um samstæðutengsl o.fl. (4. mgr. 83. gr.).
b. Í stað orðanna „4. mgr. 84. gr.“ kemur: 5. mgr. 84. gr.

II. KAFLI
Breyting á lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum.

8. gr.

Við 1. mgr. 39. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Gætt skal að kynjahlutföllum í stjórnum einkahlutafélaga. Í tilkynningum til hlutafélagaskrár skal sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn, svo og hlutföll kynjanna meðal starfsmanna eftir stöðu þeirra samkvæmt skipulagi.

9. gr.

Við 1. mgr. 41. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Gætt skal að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra og skulu hlutafélagaskrá gefnar upplýsingar í tilkynningum til skrárinnar um hlutföll kynjanna meðal framkvæmdastjóra.

III. KAFLI
Gildistaka.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru með sérstöku tilliti til nýlegra atburða lagðar til breytingar á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Snerta tillögurnar eignarhald, kynjahlutfall, þ.e. í stjórnum, meðal framkvæmdastjóra og starfsfólks, og starfandi stjórnarformenn.

Í I. kafla frumvarpsins er að finna tillögur til breytinga á lögum um hlutafélög og í II. kafla þrengri tillögur til breytinga á lögum um einkahlutafélög. Í III. kafla er gildistökuákvæði. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðuneytið kunni einnig að leggja til breytingar á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, varðandi upplýsingar um eignarhald, einkum hvað snertir stærri einkahlutafélög.

Nánari upplýsingar um einstök efnisatriði eru sem hér segir:

Eignarhald.

Tilgangur þessa lagafrumvarps er að auka gagnsæi á eignarhaldi og atkvæðisrétti hluthafa í íslenskum hlutafélögum. Að undanförnu hefur íslenskt viðskiptalíf m.a. verið gagnrýnt fyrir skort á gagnsæi um þessi atriði. Gildandi reglur laga um hlutafélög og einkahlutafélög gera ráð fyrir því að haldin sé hlutaskrá sem geymi á hverjum tíma réttar upplýsingar um hluthafa og hlutafjáreign þeirra, sbr. 4. mgr. 30. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Engu síður þykir rétt að styrkja þessi ákvæði í lögunum um hlutafélög með því að leggja berum orðum þá skyldu á stjórnina að sjá til þess að hlutaskráin geymi á hverjum tíma réttar upplýsingar um hluthafa og hlutafjáreign þeirra og atkvæðisrétt.

Upplýsingar um hluthafa í hlutafélögum og hlutafjáreign hvers þeirra og atkvæðisrétt nægja þó ekki einar sér til að tryggja gagnsæi með viðunandi hætti. Þess vegna er lagt til í frumvarpinu að auk þessara upplýsinga skuli geta allra þeirra samstæðutengsla sem félagið er í. Þá er áréttað að upplýsingaskylda félagsstjórnar nái einnig til þess að upplýsa um hlutafjáreign einstakra hluthafa og atkvæðisrétt þeirra. Með þessum breytingum á lögum verður gagnsæi um eignarhald og meðferð hluta meira en verið hefur. Auk þess miðar frumvarpið að því að auka rétt hluthafanna til þess að fá upplýsingar frá stjórn um eignarhald, atkvæðisrétt og samstæðutengsl annarra hlutahafa.

Enn fremur þykir rétt að sú skylda hvíli á félagsstjórn í hlutafélögum að gera stutta samantekt og leggja fyrir aðalfund um hlutafjáreign einstakra hluthafa og rétt þeirra til að greiða atkvæði, svo og um þær breytingar sem orðið hafa á árinu, auk þess sem sambærilegar upplýsingar skulu liggja fyrir um þau samstæðutengsl sem félagið er í. Hér er annars vegar komið til móts við hluthafana sjálfa með því að leggja auknar skyldur á herðar stjórn félags um að veita þessar upplýsingar og hins vegar er stjórnvöldum auðveldaður aðgangur að þessum upplýsingum.

Kynjahlutföll.

Lagt er til að í ákvæðum laganna um hlutafélög og laganna um einkahlutafélög um stjórnir verði tekið fram að gætt skuli að kynjahlutföllum og að í tilkynningum til hlutafélagaskrár skuli gefa upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og í stjórn. Þá er lagt til að í ákvæðum laganna um framkvæmdastjóra verði tekið fram að sömuleiðis skuli gætt að kynjahlutföllum við ráðningu þeirra og að í tilkynningum til hlutafélagaskrár skuli gefa upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal framkvæmdastjóra.

Samkvæmt gildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, skulu atvinnurekendur vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna í starfsemi sinni og á vinnumarkaði almennt. Fyrirtækjum og stofnunum, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli, er auk þess skylt að setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína, sbr. 2. mgr. 18. gr. laganna. Jafnréttisstofa getur framfylgt þessari skyldu fyrirtækja og stofnana skv. 2. mgr. 18. gr. með því að mæla fyrir um úrbætur og, ef það dugar ekki, lagt á hlutaðeigandi aðila dagsektir, sbr. 3.–9. mgr. sömu greinar. Jafnréttisstofa getur jafnframt lagt á fyrirtæki og stofnanir, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli, að greiða dagsektir ef hlutaðeigandi sinnir ekki upplýsingaskyldu gagnvart stofnuninni, sbr. 5. mgr. 18. gr.

Með frumvarpi þessu er ríkari upplýsingaskylda lögð á herðar hlutafélögum og einkahlutafélögum um kynjahlutföll í stjórnum og meðal framkvæmdastjóra, svo og starfsmanna almennt, en gildandi lög gera ráð fyrir. Nýlegar niðurstöður rannsókna sýna að hlutfall kvenna í stjórnum og æðstu stjórnunarstöðum fyrirtækja á Íslandi er enn mun lægra en karla. Sjá t.d. Hagtíðindi Hagstofu Íslands nr. 2009:1 (Konur og karlar í áhrifastöðum 2008) og afrakstur verkefnisins Jafnréttiskennitalan sem Rannsóknasetur vinnuréttar og jafnréttismála við Háskólann á Bifröst hefur unnið að síðastliðin ár með stuðningi ýmissa aðila (sjá m.a. Birting upplýsinga um stöðu kvenna í 120 stærstu fyrirtækjunum á Íslandi árið 2008).

Markmið frumvarpsins er að stuðla að jafnari hlutföllum kvenna og karla í áhrifastöðum í hlutafélögum og einkahlutafélögum með auknu gagnsæi og greiðari aðgangi að upplýsingum. Ekki þykir tilefni til að takmarka slíka upplýsingaskyldu við félög með tilteknum lágmarksstarfsmannafjölda. Utanumhald grundvallarupplýsinga af þessu tagi um starfsemi hvers félags um sig er fyrirhafnarlítið og með einföldum hætti má tryggja virkt eftirlit með

því að upplýsingarnar skili sér til hlutafélagaskrár. Um aðgang að upplýsingum hjá hlutafélagaskrá fer samkvæmt reglum sem fjármálaráðherra setur, sbr. 2. mgr. 147. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og 2. mgr. 121. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Starfandi stjórnarformenn.

Ákvæði frumvarpsins um starfandi stjórnarformenn byggist efnislega á niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis sem Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra skipaði með bréfi, dags. 27. janúar 2004 (Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti: Íslenskt viðskiptaumhverfi (Reykjavík, nefndarálit, september 2004)).

Í nefndinni áttu sæti Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands, formaður, Guðrún Helga Brynleifsdóttir, hdl. og rekstrarhagfræðingur, Illugi Gunnarsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, Orri Hauksson framkvæmdastjóri, Páll Magnússon, aðstoðarmaður iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Stefán Svavarsson, löggiltur endurskoðandi, og Þórdís Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík. Starfsmenn nefndarinnar voru Áslaug Árnadóttir lögfræðingur og Hreinn Hrafnkelsson, stjórnmála- og viðskiptafræðingur. Þá starfaði Benedikt Árnason, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu, með nefndinni.

Samkvæmt skipunarbréfi var nefndinni m.a. ætlað að taka fyrir hvernig bregðast mætti við aukinni samþjöppun í íslensku viðskiptalífi og með hvaða hætti þróa ætti reglur þannig að viðskiptalífið væri skilvirkt og nyti trausts.

Meiri hluti nefndarinnar lagði til að stjórnarformanni hlutafélags yrði ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem falla undir eðlileg störf stjórnarformanns. Þó var lagt til að stjórn félagsins gæti falið formanni að vinna einstök verkefni fyrir stjórnina. Skilaði einn nefndarmaður, Þórdís Sigurðardóttir, séráliti, taldi ekki rétt að festa slíkt ákvæði í lög. Í frumvarp viðskiptaráðuneytisins til laga á grundvelli tillagna nefndarinnar var ákvæðið um starfandi stjórnarformenn þó ekki tekið upp, sbr. breytingu á lögunum um hlutafélög með lögum nr. 89/2006. Rétt þykir að gera það nú, sbr. nánar athugasemd við 2. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

Um 1. gr.

Um a-lið. Bæði hluthöfum og stjórnvöldum er mikilvægt að hlutaskrá geymi á hverjum tíma réttar upplýsingar um hluthafa og hlutafjáreign þeirra og atkvæðisrétt. Af þessum sökum þykir rétt að árétta í þessari grein um hlutafélög að stjórnin skuli gæta þess að hlutaskráin geymi réttar upplýsingar á hverjum tíma og leggja þá skyldu berum orðum á stjórnina. Ber stjórn að taka þessa skyldu sína alvarlega. Brot á þessu ákvæði kunna að varða refsingu skv. 2. tölul. 153. gr. laganna um hlutafélög.

Um b-lið. Í þessum lið er mælt svo fyrir að í hlutaskrána skuli færðar upplýsingar um atkvæðisrétt hluthafa og þar skuli jafnframt geta allra þeirra samstæðutengsla sem hlutafélagið er í. Í 4. mgr. greinarinnar er þess m.a. getið að í hlutaskrá skuli vera að finna skrá um hluthafa í stafrófsröð og að tekið skuli fram um hlutafjáreign hvers hluthafa. Til frekara öryggis er hér lagt til að upplýsingar um atkvæðisrétt skuli einnig liggja fyrir. Meiri hluti hlutafjáreignar fer oftast saman við meiri hluta atkvæða í hlutafélagi en svo þarf þó ekki að vera, t.d. ef hlutnum fylgir misjafn atkvæðisréttur, sbr. 1. mgr. 82. gr. hlutafélagalaga. Einnig getur verið að sumir hlutir séu án atkvæðisréttar og þarf þá að geta um það svo að ljóst sé hverjir

fari með atkvæðisréttinn. Með hugtakinu samstæðutengsl er átt við öll þau tengsl milli hlutafélags og annars hlutafélags eða einkahlutafélags sem nægja til að fyrstnefnda félagið teljist móðurfélag og hið síðarnefnda dótturfélag, sbr. 2. gr. laganna. Áréttað skal að brot á fyrirmælunum kunna að varða refsingu skv. 2. tölul. 153. gr. laganna um hlutafélög.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. 63. gr. laganna um hlutafélög er kveðið á um að í stjórn hlutafélags skulu eiga sæti fæst þrír menn og að við kjör í stjórn opinbers hlutafélags skuli tryggt að í stjórninni sitji sem næst jafnmargar konur og karlar. Opinbert hlutafélag er félag sem hið opinbera, einn eða fleiri hluthafar, á að öllu leyti, beint eða óbeint. Lagt er til að tveimur nýjum málsliðum verði bætt við ákvæði málsgreinarinnar er mæli fyrir um að einnig skuli gætt að kynjahlutföllum í stjórnum annarra hlutafélaga en opinberra hlutafélaga og að í tilkynningum til hlutafélagaskrár skuli sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn, svo og hlutföll kynjanna meðal starfsmanna eftir stöðu þeirra samkvæmt skipulagi.

Gert er ráð fyrir að upplýsingar um kynjahlutföll samkvæmt ákvæðinu verði uppfærðar eftir því sem tilefni er til og að þær verði tilgreindar í tilkynningum hlutaðeigandi félags sem því er þegar skylt að senda til hlutafélagaskrár samkvæmt öðrum ákvæðum laganna. Vanræksla á skyldum samkvæmt lögum um hlutafélög getur m.a. varðað sektum, sbr. 156. gr. laganna.

Gildandi lög gera ráð fyrir að breytingar á félagssamþykktum og öðru því sem tilkynnt hefur verið til hlutafélagaskrár samkvæmt lögunum, þ.m.t. breytingar á skipan stjórna, skuli tilkynntar innan mánaðar, sbr. 149. gr. Upplýsingagjöf um kynjahlutföll í stjórnum er því í reynd þegar lögbundin með vissum hætti. Þá skal áréttað að 1. mgr. 18. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, gildir um öll hlutafélög í atvinnurekstri, svo og 2.–9. mgr. 18. gr. um slík félög sem eru í atvinnurekstri þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli. Nýjungin, sem felst í frumvarpi þessu, er sú að framvegis verði félögum skylt að upplýsa um kynjahlutföllin sérstaklega, þ.e. tölulega. Auk þess er gert ráð fyrir að hlutafélögum verði framvegis skylt að upplýsa um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna eftir stöðu þeirra samkvæmt skipulagi. Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að sérstaklega skuli upplýst um kynjahlutföll meðal framkvæmdastjóra sem geta verið fleiri en einn.

Um 3. gr.

Lagt er til í greininni að nýjum málslið verði bætt við 1. mgr. 65. gr. laganna um hlutafélög er kveði á um að gætt skuli að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra og að í tilkynningum til hlutafélagaskrár skuli gefa upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal þeirra. Stjórn hlutafélags skal ráða einn til þrjá framkvæmdastjóra nema kveðið sé á um fleiri framkvæmdastjóra í samþykktum félagsins. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 2. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. 70. gr. laganna um hlutafélög er kveðið á um kosningu formanns félagsstjórnar. Þá er þar jafnframt kveðið á um að ekki megi kjósa framkvæmdastjóra félags sem stjórnarformann í því. Lagt er til að nýjum málslið verði bætt við aftast í málsgreinina þar sem kveðið verði á um að stjórnarformanni félags skuli óheimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem formanns félagsstjórnar. Í ákvæðinu er þó

gert ráð fyrir undantekningu frá meginreglunni að því er varðar einstök verkefni sem félagsstjórn felur stjórnarformanni að vinna fyrir stjórnina.

Stjórnarformenn félaga gegna mikilvægu hlutverki innan stjórna enda sjá þeir m.a. um að stýra fundum stjórnar og boða til stjórnarfunda, að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra. Eins og kemur fram hér að framan leggur 1. mgr. 70. gr. hlutafélagalaga bann við því að framkvæmdastjóri félags verði kosinn stjórnarformaður í því. Nokkuð er hins vegar um það hérlendis að stjórnarformenn séu jafnframt meðal æðstu stjórnenda hjá viðkomandi félagi og sinni daglegum störfum fyrir það. Í slíkum tilvikum eru þeir ekki titlaðir sem framkvæmdastjórar heldur hefur myndast sú venja að tala um þá sem starfandi stjórnarformenn. Störf starfandi stjórnarformanna líkjast oft í reynd mjög störfum framkvæmdastjóra og hlýtur fyrirkomulagið að orka nokkuð tvímælis í ljósi fyrrnefnds ákvæðis um að ekki megi kjósa framkvæmdastjóra sem stjórnarformann.

Í þeim félögum, sem hafa starfandi stjórnarformann, er oft nokkuð skýr verkaskipting á milli stjórnarformanns og framkvæmdastjóra, t.d. þannig að sá síðarnefndi sér um málefni sem lúta að daglegum rekstri en stjórnarformaðurinn sinnir öðrum verkefnum, t.d. stefnumótun, meiri háttar samningum o.s.frv. Álitamál getur verið hvort slík verk falli undir eðlilegt verksvið stjórnarformanns enda hefur félagsstjórnin sem heild nokkurt hlutverk við stefnumótun og þarf að gefa framkvæmdastjóra heimild til ráðstafana sem teljast óvenjulegar eða mikils háttar. Ekkert er þó því til fyrirstöðu að ná fram sambærilegri verkaskiptingu án starfandi stjórnarformanns með því t.d. að hafa tvo eða fleiri framkvæmdastjóra og skipta með þeim verkum. Með slíku fyrirkomulagi ætti félagsstjórn að vera í eðlilegri stöðu til að hafa eftirlit með framkvæmdastjórn.

Það er almennt ekki talið æskilegt að stjórnarformenn séu í reynd hluti af framkvæmdastjórn félags enda er eitt af hlutverkum stjórnarformanns að stýra eftirliti félagsstjórnar með félaginu. Það er því hætta á hagsmunaárekstrum ef stjórnarformaður er jafnframt starfsmaður félagsins þar sem hann er þá í raun að stjórna eftirliti með sjálfum sér. Miðar ákvæðið að því að minnka líkur á slíkum hagsmunaárekstrum.

Svipað ákvæði er að finna í 51. gr. danskra hlutafélagalaga en þar á ákvæðið aðeins við um stjórnarformenn í félögum sem skráð eru á skipulegum varðbréfamarkaði (markaðsskráðum félögum). Þá er tillagan í samræmi við það viðhorf sem er ríkjandi víða um lönd að ekki sé talið æskilegt að æðstu stjórnendur félaga séu jafnframt stjórnarformenn þeirra. Má nefna sem dæmi að í breskum verklagsreglum (Combined Code, regla A.2.1 og A.2.2) er kveðið á um að sami aðili skuli ekki vera stjórnarformaður og æðsti stjórnandi fyrirtækis. Þá skal stjórnarformaður félags einnig uppfylla þau skilyrði varðandi óháða stjórnarmenn sem eru m.a. þau að hann má ekki hafa verið starfsmaður félags eða samstæðu þess síðastliðin fimm ár. Sérstaklega er tekið fram að aðili, sem verið hefur æðsti stjórnandi félags, eigi ekki að verða stjórnarformaður í félaginu að því loknu nema í undantekningartilvikum. Skal stjórn þá útskýra sérstaklega ástæður þess.

Um 5. gr.

Með þessari grein um breytingu á 84. gr. laga um hlutafélög er stefnt að því að auka gagnsæi á eignarhaldi og atkvæðisrétti í hlutafélögum. Hér er sú skylda lögð á félagsstjórn að gera stutta samantekt og leggja fyrir aðalfund um hlutafjáreign einstakra hluthafa og um rétt þeirra til að greiða atkvæði, svo og um þær breytingar sem orðið hafa á árinu. Þá skulu sambærilegar upplýsingar liggja fyrir um þau samstæðutengsl sem hlutafélagið er í.

Um 6. gr.

Í þessari grein eru lagðar til viðbætur við 91. gr. laga um hlutafélög en þar er fjallað um rétt til upplýsinga. Tilgangurinn með tilvitnuðu lagaákvæði er sá að tryggja einstökum hluthöfum aukna möguleika á því að kynna sér málefni félagsins. Ástæða þykir til að styrkja þennan rétt með því að skylda stjórn til að veita upplýsingar um hlutafjáreign einstakra hluthafa og atkvæðisrétt þeirra.

Um 7. gr.

Grein þessi geymir breytingar á refsiákvæðum í lögunum um hlutafélög.

Um II. kafla.

Í II. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994.

Um 8. gr.

Lagt er til að tveimur nýjum málsliðum verði bætt við 1. mgr. 39. gr. laganna um einkahlutafélög er mæli fyrir um að gætt skuli að kynjahlutföllum í stjórnum einkahlutafélaga og að í tilkynningum til hlutafélagaskrár skuli sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn, svo og hlutföll kynjanna meðal starfsmanna eftir stöðu þeirra samkvæmt skipulagi.

Gert er ráð fyrir að upplýsingar um kynjahlutföll samkvæmt ákvæðinu verði uppfærðar eftir því sem tilefni er til og að þær verði tilgreindar í tilkynningum hlutaðeigandi félags sem því er þegar skylt að senda til hlutafélagaskrár samkvæmt öðrum ákvæðum laganna. Vanræksla á skyldum samkvæmt lögum um einkahlutafélög getur m.a. varðað sektum, sbr. 130. gr. laganna.

Gildandi lög gera ráð fyrir að breytingar á félagssamþykktum og öðru því sem tilkynnt hefur verið til hlutafélagaskrár samkvæmt lögunum, þ.m.t. breytingar á skipan stjórna, skuli tilkynntar innan mánaðar, sbr. 123. gr. Upplýsingagjöf um kynjahlutföll í stjórnum er því í reynd þegar lögbundin með vissum hætti. Þá skal áréttað að 1. mgr. 18. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, gildir um öll einkahlutafélög í atvinnurekstri, svo og 2.–9. mgr. 18. gr. um slík félög sem eru í atvinnurekstri þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli. Nýjungin, sem felst í frumvarpi þessu, er sú að framvegis verði félögum skylt að upplýsa um kynjahlutföllin sérstaklega, þ.e. tölulega. Auk þess er gert ráð fyrir að einkahlutafélögum verði framvegis skylt að upplýsa um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna eftir stöðu þeirra samkvæmt skipulagi. Í 9. gr. frumvarpsins er lagt til að sérstaklega skuli upplýst um kynjahlutföll meðal framkvæmdastjóra sem geta verið fleiri en einn.

Um 9. gr.

Lagt er til að nýjum málslið verði bætt við 1. mgr. 41. gr. laganna um einkahlutafélög er kveði á um að gætt skuli að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra og að í tilkynningum til hlutafélagaskrár skuli gefa upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal þeirra. Stjórn einkahlutafélags getur ráðið einn til þrjá framkvæmdastjóra. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 8. gr. frumvarpsins.

Um III. kafla.

Í III. kafla er mælt fyrir um gildistöku frumvarpsins verði það að lögum.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn).

Markmið frumvarpsins er að auka gagnsæi á eignarhaldi og atkvæðisrétti hluthafa í íslenskum hlutafélögum svo og vissum einkahlutafélögum og stuðla að jafnari hlutföllum kvenna og karla í áhrifastöðum þessara félaga.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

607. Frumvarp til laga [357. mál]

um breyting á lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Viðauki við lögin orðast svo:

Viðauki.

Til iðnaðar skv. 1. mgr. 2. gr. skulu teljast eftirtaldar atvinnugreinar samkvæmt Íslenskri atvinnugreinaflokkun, ÍSAT2008:

05	Kolanám.
06	Vinnsla á hráolíu og jarðgasi.
07	Málmnám og málmvinnsla.
08	Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu.
09	Þjónustustarfsemi við námuvinnslu.
Úr 10	*Matvælaframleiðsla.*
10.20.4	Framleiðsla lagmetis úr fiskafurðum, krabbadýrum og lindýrum.
10.3	Vinnsla ávaxta og grænmetis.
10.42	Framleiðsla á smjörlíki og svipaðri feiti til manneldis.
10.6	Framleiðsla á kornvöru, mjölva og mjölvavöru.
10.7	Framleiðsla á bakarís- og mjölkenndum vörum.
10.8	Framleiðsla á öðrum matvælum.
10.9	Fóðurframleiðsla.
11	Framleiðsla á drykkjarvörum.

12 Framleiðsla á tóbaksvörum.
13 Framleiðsla á textílvörum.
14 Fatagerð.
15 Framleiðsla á leðri og leðurvörum.
16 Framleiðsla á viði, viðarvörum og korki, önnur en húsgagnagerð; framleiðsla á vörum úr hálmi og fléttuefnum.
17 Framleiðsla á pappír og pappírsvöru.
18 Prentun og fjölföldun upptekins efnis. Þó ekki 18.20.0, fjölföldun upptekins efnis.
19 Framleiðsla á koksi og hreinsuðum olíuvörum.
20 Framleiðsla á efnum og efnavörum.
21 Framleiðsla á lyfjum og efnum til lyfjagerðar.
22 Framleiðsla á gúmmí- og plastvörum.
23 Framleiðsla á vörum úr málmlausum steinefnum.
24 Framleiðsla málma.
25 Framleiðsla á málmvörum, að undanskildum vélum og búnaði.
26 Framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum.
27 Framleiðsla á rafbúnaði og heimilistækjum.
28 Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum.
29 Framleiðsla á vélknúnum ökutækjum og tengivögnum.
30 Framleiðsla annarra farartækja.
31 Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum.
32 Framleiðsla, ót.a.
33 Viðgerðir og uppsetning vélbúnaðar og tækja.
Úr 38 *Sorphirða, meðhöndlun og förgun sorps; endurnýting efnis.*
38.3 Endurnýting efnis.
41 Bygging húsnæðis; þróun byggingarverkefna. Þó ekki 41.10.0, þróun byggingarverkefna.
42 Mannvirkjagerð.
43 Sérhæfð byggingarstarfsemi.
Úr 45 *Sala, viðgerðir og viðhald á vélknúnum ökutækjum og tengivögnum.*
45.2 Bílaviðgerðir og viðhald.
Úr 58 *Útgáfustarfsemi.*
58.2 Hugbúnaðarútgáfa.
62 Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni.
Úr 63 *Starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu.*
63.1 Gagnavinnsla, hýsing og tengd starfsemi, vefgáttir.
Úr 74 *Önnur sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi.*
74.2 Ljósmyndaþjónusta.
95 Viðgerðir á tölvum og hlutum til einka- og heimilisnota.
Úr 96 *Önnur þjónustustarfsemi.*
96.02 Hárgreiðslu- og snyrtistofur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2009 vegna tekna ársins 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í núgildandi lögum um iðnaðarmálagjald er um skilgreiningu á iðnaði vísað til Íslenskrar atvinnugreinaflokkunar frá árinu 1995, ÍSAT 95. Ný flokkun, ÍSAT2008, tók gildi 1. janúar 2008 og hefur hún verið tekin í notkun í skattkerfinu og mun verða notuð við álagningu opinberra gjalda ársins 2009. Af þeim sökum er nauðsynlegt að gera þá tæknilegu breytingu að breyta atvinnugreinaflokkun úr ÍSAT 95 í ÍSAT2008. Flokkunin er byggð á nýrri atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, NACE Rev. 2, sem hefur gilt í öllum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins frá 1. janúar 2008. Frá þeim tíma hefur nýju flokkuninni verið beitt í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra og í opinberri hagskýrslugerð af Hagstofu Íslands.

Gildistaka hins nýja flokkunarkerfis er lögbundin samkvæmt EES-samningnum. Atvinnugreinaflokkun er meðal mikilvægustu flokkunarkerfa í hagskýrslugerð, þar sem samræmt flokkunarkerfi tryggir samanburðarhæfni á hagstærðum atvinnulífsins milli þjóða. Öllum lögskráðum félögum og einstaklingum í atvinnurekstri ber samkvæmt því að hafa skráða starfsemi samkvæmt ÍSAT2008 í fyrirtækjaskrá frá og með 1. janúar 2008. ÍSAT2008 leysir af hólmi ÍSAT 95 frá árinu 1995. Uppbygging flokkunarkerfisins er í grunninn óbreytt þar sem fyrstu fjórir stafirnir eru í samræmi við NACE og fimmti stafur notaður þar sem talin er þörf á meiri sundurgreiningu en NACE-flokkunarkerfið býður upp á. Þar sem NACE Rev. 2 er töluvert ítarlegra en fyrri útgáfa þá fækkar sérislenskum undirgreinum frá því sem var í ÍSAT 95.

Með frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar á gjaldskyldu eða fjölda gjaldskyldra aðila heldur er einungis um tæknilega breytingu að ræða.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, með síðari breytingum.

Markmið þessa frumvarps er að innleiða nýjan staðal um atvinnugreinaflokkun fyrir álagningu iðnaðarmálagjalds þannig að í stað IST95 staðalsins komi IST 2008. Ekki eru gerðar efnisbreytingar á álagningunni að öðru leyti.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

608. Frumvarp til laga [358. mál]

um breyting á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, og lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI
Breyting á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 9. gr. laganna kemur ný grein, 9. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum er byggjast á lögum þessum, nema ef slík birting verður talin stefna hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu, varðar ekki hagsmuni hans sem slíks eða veldur hlutaðeigandi aðilum tjóni sem ekki er í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir. Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega þá stefnu sem eftirlitið fylgir við framkvæmd slíkrar birtingar.

II. KAFLI
Breyting á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, með síðari breytingum.

2. gr.

139. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með tillögu um að heimila Fjármálaeftirlitinu að greina frá niðurstöðum mála og athugana sem byggjast á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er litið til sambærilegrar heimildar sem þegar er að finna í 139. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007. Rétt þykir að heimildin skv. 139. gr. laga nr. 108/2007 falli brott og að einungis verði kveðið á um hana í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, enda starfar Fjármálaeftirlitið samkvæmt síðarnefndu lögunum.

Ákvæði 1. gr. frumvarpsins er efnislega samhljóða 139. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, sem lagt er til að falli brott. Með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 108/2007 var miðað að því að koma til framkvæmda hér á landi tilteknum tilskipunum Evrópusambandsins, sem m.a. varða gagnsæi (e. transparency). Stuðlað skyldi að því að þróa og tryggja skilvirkni evrópsks fjármálamarkaðar ásamt því að auka yfirsýn og tiltrú fjárfesta á markaðnum.

Forsaga ákvæðis 139. gr. laga nr. 108/2007 nær lengra aftur en til ársins 2007, því með tilkomu þeirra laga féllu úr gildi eldri lög um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, sbr. 150. gr. fyrrnefndu laganna. Á árinu 2005 var lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum, m.a. breytt þannig að bætt var við nýrri 72. gr. laganna, sbr. e-lið 23. gr. laga nr. 31/2005 (þskj. 1261, 503. mál 131. löggjafarþings). Ákvæðið var efnislega nánast samhljóða

1. gr. þessa frumvarps. Í almennum athugasemdum við frumvarpið (þskj. 767, 503. mál 131. löggjafarþings) segir m.a. um e-lið 23. gr. að Fjármálaeftirlitið birti margvíslegar upplýsingar og sinni kynningum og fræðslu en hafi áður ekki fjallað opinberlega um einstök mál eða málefni einstakra eftirlitsskyldra aðila, nema mælt sé fyrir um veitingu upplýsinga í lögum. Því hafi eftirlitsskyldir aðilar eða almenningur ekki átt aðgang að niðurstöðum í einstökum málum nema þær hafi verið birtar af öðrum aðilum en Fjármálaeftirlitinu. Oft hafi Fjármálaeftirlitið sætt gagnrýni vegna þess síðastnefnda. Nefnt hafi verið að varnaðaráhrif af aðgerðum Fjármálaeftirlitsins og niðurstöðum séu lítil og aðgerðir þess í einstökum málum stuðli ekki nægilega að bættri framkvæmd á fjármálamarkaði í heild. Í athugasemdunum kemur jafnframt fram að þeir sem standi utan fjármálamarkaðar virðist oft draga þá ályktun að með þögn eftirlitsins um einstök verkefni sín felist að Fjármálaeftirlitið sé veik stofnun og að þar sé lítið aðhafst. Þá hafi fjölmiðlar sýnt málinu áhuga en auk þess hafi aðilar á markaði, í aðdraganda frumvarpsins, talað fyrir auknum heimildum til handa Fjármálaeftirlitinu að því er þessi atriði varðar. Í athugasemdum við áðurnefnt frumvarp kemur enn fremur fram að telja megi nauðsynlegt að Fjármálaeftirlitinu verði heimilað að greina frá niðurstöðum athugana þó að þær leiði ekki til sérstakra aðgerða. Þannig geti það haft augljósa þýðingu að upplýst sé að Fjármálaeftirlitið hafi ekki talið ástæðu til aðgerða í tilteknu máli.

Rökin fyrir því að unnt sé að greina frá niðurstöðum athugana Fjármálaeftirlitsins eru augljós þegar horft er til trúverðugleika um starfsemi fjármálafyrirtækja auk þess sem gera má ráð fyrir því að aukin upplýsingagjöf um starfshætti fjármálafyrirtækja muni styrkja aðhald með þeim. Þess ber að geta að tillagan um heimild til birtingar upplýsinga er ekki án undantekninga þar sem ekki er gert ráð fyrir birtingu tiltekinna upplýsinga ef sýnt er fram á að slík birting geti stefnt hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu eða geti valdið hlutaðeigandi aðilum tjóni sem telst ekki í eðlilegu samræmi við brot það sem um ræðir. Þá er í frumvarpinu lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði gert að birta opinberlega þá stefnu sem eftirlitið fylgir við framkvæmd birtingar á upplýsingum, í því skyni að tryggja að öll eðlislík mál séu meðhöndluð með sambærilegum hætti og að starfsemi Fjármálaeftirlitsins sé samræmd og styðji við eftirlitsverkefni. Í athugasemdum við áðurnefnt frumvarp til laga um breyting á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum, kemur fram að þegar Fjármálaeftirlitið standi frammi fyrir því að ákveða hvort birta eigi ákveðnar upplýsingar verði að meta áhrif birtingarinnar með hliðsjón af hagsmunum markaðarins af því að viðkomandi upplýsingar séu birtar og því tjóni sem birtingin gæti haft í för með sér fyrir viðkomandi aðila eða fjármálamarkaðinn í heild sinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með tillögu um nýja 9. gr. a í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, er lögð til ný grein um gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins. Eðlilegt þykir að í þeim lögum, er leiddu til stofnunar Fjármálaeftirlitsins, sé að finna almennt ákvæði er heimili Fjármálaeftirlitinu að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum er byggjast á lögunum, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Eftirlitinu verði gert að birta opinberlega þá stefnu sem það fylgir við framkvæmd birtingar á upplýsingum, í því skyni að tryggja að öll eðlislík mál séu meðhöndluð með sambærilegum hætti og að starfsemi Fjármálaeftirlitsins sé samræmd og styðji við eftirlitsverkefni. Enda er heimild þessi til handa Fjármálaeftirlitinu ekki ný þar sem efnislega samhljóða ákvæði er þegar að finna í 139. gr. núgildandi laga um

verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007. Hér er þó gerð tillaga um að það ákvæði falli brott en um þá tillögu vísast til almennra athugasemda með frumvarpi þessu og þess sem segir um 2. gr.

Tillagan gerir ráð fyrir því að hið nýja ákvæði, 9. gr. a, falli undir III. kafla laganna sem ber yfirskriftina „Starfsemi“ en þar er m.a. að finna 9. gr. laganna um athugun og aðgang Fjármálaeftirlitsins. Í 9. gr. laganna er vísað til þagnarskyldunnar skv. IV. kafla laganna en segja má að heimild sú sem 1. gr. frumvarpsins leggur til að Fjármálaeftirlitinu verði gefin takmarki ákvæði laganna um þagnarskyldu. Í þessu samhengi er þó mikilvægt að undirstrika sjónarmið um gagnsæi.

Til skýringar og jafnframt til samræmis við 139. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007 er gerð tillaga um að fyrirsögn greinarinnar verði *Gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins*.

Áréttað skal að með breytingunni sem lögð er til með 1. gr. frumvarpsins er ætlunin að undirstrika heimildir Fjármálaeftirlitsins til að birta opinberlega niðurstöður í öllum málum og athugunum sínum með það að markmiði að auka gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins.

Nánar vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 2. gr.

Með tillögu um að fella brott ákvæði 139. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, er leitast við að einfalda löggjöfina þannig að einungis verði kveðið á um gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins í þeim lögum er um stofnunina gilda. Fjármálaeftirlitið starfar samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, og verður að teljast nægilegt að kveðið sé á um slíka heimild í þeim lögum.

Nánar vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Um 3. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, og lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007.

Markmið frumvarpsins er að auka gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins með því að veita eftirlitinu heimild til að greina frá niðurstöðum mála og athugana er byggjast á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Auk þess er gert ráð fyrir að felld verði niður sambærileg heimild sem er að finna í lögum um verðbréfaviðskipti.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

609. Nefndarálit [207. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Steinar Inga Matthíasson frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Umsagnir hafa borist frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Hafrannsóknarstofnuninni, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Guðmundi Runólfssyni hf., Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Náttúrufræðistofnun Íslands, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Landssambandi smábátaeiganda, Umhverfisstofnun og Veiðimálastofnun.

Með frumvarpinu er annars vegar lagt til að framlengdur verði gildistími ákvæðis til bráðabirgða I í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, sem heimilar ráðherra að úthluta tilteknum aflaheimildum til áframeldis þorsks og hins vegar að framlengdur verði gildistími ákvæðis til bráðabrigða V í sömu lögum um frest aðila til að ráðstafa krókaflahlutdeild þannig að hún rúmist innan tiltekinna marka sem sett eru í 2. og 3. mgr. 13. gr. laganna.

Á fundum nefndarinnar voru ræddar þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu. Nefndin fjallaði um úthlutun þorskeldiskvóta og er sammála um mikilvægi þess að styðja við tilraunir með eldi á sjávarfiski, enda séu væntingar gerðar til slíks eldis til lengri tíma litið auk þess sem gert er ráð fyrir að innan fárra ára muni kynbótastarfsemi leiða til þess að hægt verði að leggja af úthlutun þorskeldiskvóta og byggja eingöngu á eldisseiðum. Nefndin styður því að ráðherra verði heimilt að úthluta þorskeldiskvóta til fiskveiðiársins 2014/2015.

Vegna 2. gr. frumvarpsins vekur nefndin athygli á að aðilum sem eru með krókaflahlutdeild sem ekki rúmaðist innan settra marka var fyrst gefinn þriggja ára frestur, við setningu laga nr. 42/2006, um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, til að gera ráðstafanir til að hludeild þeirra væri innan marka. Þessir aðilar hafa því haft rúman tíma til að bregðast við breyttu lagaumhverfi og telur nefndin því ekki ástæðu til að víkja lengur frá ákvæðum laganna með því að framlengja frestinn um þrjú ár til viðbótar. Nefndin telur þó rétt í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem uppi eru í efnahagslífi þjóðarinnar um þessar mundir að frestur skv. 2. gr. frumvarpsins verði eitt ár.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „1. september 2012“ í 2. gr. kemur: 1. september 2010.

Karl V. Matthíasson og Jón Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. febr. 2009.

Atli Gíslason, form., frsm.	Helgi Hjörvar.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Magnús Stefánsson.	Valgerður Sverrisdóttir.	Herdís Þórðardóttir.

Grétar Mar Jónsson.

610. Frumvarp til laga [359. mál]

um breytingu á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI
Breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 111. gr. laganna kemur ný grein, 111. gr. a, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að falla frá stjórnvaldssektarákvörðun á hendur lögaðila eða einstaklingi ef viðkomandi aðili er fyrstur til að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta stjórnvaldssektum skv. 110. gr. ef upplýsingarnar eða gögnin geta að mati eftirlitsins leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti, að uppfylltum nánari skilyrðum er Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

Fjármálaeftirlitinu er einnig heimilt að lækka stjórnvaldssektir á hendur lögaðila eða einstaklingi ef viðkomandi hefur haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta stjórnvaldssektum skv. 110. gr. telji Fjármálaeftirlitið að upplýsingarnar eða gögnin séu mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum, að uppfylltum nánari skilyrðum er Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 112. gr. d laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að kæra brot ekki til lögreglu hafi fyrirtæki eða einstaklingur haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta sektum eða fangelsi skv. 112. gr. b telji Fjármálaeftirlitið að upplýsingarnar eða gögnin geti leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti eða séu mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum, að uppfylltum nánari skilyrðum sem Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

II. KAFLI
Breyting á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, með síðari breytingum.

3. gr.

Á eftir 142. gr. laganna kemur ný grein, 142. gr. a, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að falla frá stjórnvaldssektarákvörðun á hendur lögaðila eða einstaklingi ef viðkomandi aðili er fyrstur til að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta stjórnvaldssektum skv. 141. gr. ef upplýsingarnar eða gögnin geta að mati eftirlitsins leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti, að uppfylltum nánari skilyrðum er Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

Fjármálaeftirlitinu er einnig heimilt að lækka stjórnvaldssektir á hendur lögaðila eða einstaklingi ef viðkomandi hefur haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta stjórnvaldssektum skv. 141. gr. telji Fjármálaeftirlitið að upplýsingarnar eða gögnin séu mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum, að uppfylltum nánari skilyrðum er Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

4. gr.

Á eftir 2. mgr. 148. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að kæra brot ekki til lögreglu hafi fyrirtæki eða einstaklingur haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta sektum eða fangelsi skv. 145. gr. telji Fjármálaeftirlitið að upplýsingarnar eða gögnin geti leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti eða séu mikilvæg viðbót að mati eftirlitsins við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum, að uppfylltum nánari skilyrðum sem Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

III. KAFLI
Breyting á lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003, með síðari breytingum.

5. gr.

Á eftir 69. gr. laganna kemur ný grein, 69. gr. a, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að falla frá stjórnvaldssektarákvörðun á hendur lögaðila eða einstaklingi ef viðkomandi aðili er fyrstur til að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta stjórnvaldssektum skv. 68. gr. ef upplýsingarnar eða gögnin geta að mati eftirlitsins leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti, að uppfylltum nánari skilyrðum er Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

Fjármálaeftirlitinu er einnig heimilt að lækka stjórnvaldssektir á hendur lögaðila eða einstaklingi ef viðkomandi hefur haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta stjórnvaldssektum skv. 68. gr. telji Fjármálaeftirlitið að upplýsingarnar eða gögnin séu mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum, að uppfylltum nánari skilyrðum er Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

6. gr.

Á eftir 2. mgr. 70. gr. d laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að kæra brot ekki til lögreglu hafi fyrirtæki eða einstaklingur haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta sektum eða fangelsi skv. 70. gr. b telji Fjármálaeftirlitið að upp-

lýsingarnar eða gögnin geti leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti eða séu mikilvæg viðbót að mati eftirlitsins við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum, að uppfylltum nánari skilyrðum sem Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

IV. KAFLI
Breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

7. gr.

Á eftir 99. gr. a laganna kemur ný grein, 99. gr. b, svohljóðandi, og breytist röð annarra greina samkvæmt því:

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að falla frá stjórnvaldssektarákvörðun á hendur lögaðila eða einstaklingi ef viðkomandi aðili er fyrstur til að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta stjórnvaldssektum skv. 99. gr. ef upplýsingarnar eða gögnin geta að mati eftirlitsins leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti, að uppfylltum nánari skilyrðum er Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

Fjármálaeftirlitinu er einnig heimilt að lækka stjórnvaldssektir á hendur lögaðila eða einstaklingi ef viðkomandi hefur haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta stjórnvaldssektum skv. 99. gr. telji Fjármálaeftirlitið að upplýsingarnar eða gögnin séu mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum, að uppfylltum nánari skilyrðum er Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

8. gr.

Á eftir 2. mgr. 99. gr. f laganna, sem verður 99. gr. g, kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að kæra brot ekki til lögreglu hafi einstaklingur eða fyrirtæki haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta sektum eða fangelsi skv. 99. gr. e telji Fjármálaeftirlitið að upplýsingarnar eða gögnin geti leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti eða séu mikilvæg viðbót að mati eftirlitsins við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum, að uppfylltum nánari skilyrðum sem Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

V. KAFLI
Breyting á lögum um miðlun vátrygginga, nr. 32/2005, með síðari breytingum.

9. gr.

Á eftir 62. gr. a laganna kemur ný grein, 62. gr. b, svohljóðandi, og breytist röð annarra greina samkvæmt því:

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að falla frá stjórnvaldssektarákvörðun á hendur lögaðila eða einstaklingi ef viðkomandi aðili er fyrstur til að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta stjórnvaldssektum skv. 62. gr. ef upplýsingarnar eða gögnin geta að mati eftirlitsins leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti, að uppfylltum nánari skilyrðum er Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

Fjármálaeftirlitinu er einnig heimilt að lækka stjórnvaldssektir á hendur lögaðila eða einstaklingi ef viðkomandi hefur haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta stjórnvaldssektum skv. 62. gr. telji Fjármálaeftirlitið að upplýsingarnar eða gögnin séu mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum, að uppfylltum nánari skilyrðum er Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

10. gr.

Á eftir 2. mgr. 62. gr. f laganna, sem verður 62. gr. g, kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að kæra brot ekki til lögreglu hafi einstaklingur eða fyrirtæki haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta sektum eða fangelsi skv. 62. gr. e telji Fjármálaeftirlitið að upplýsingarnar eða gögnin geti leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti eða séu mikilvæg viðbót að mati eftirlitsins við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum, að uppfylltum nánari skilyrðum sem Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

VI. KAFLI
Breyting á lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997, með síðari breytingum.

11. gr.

Á eftir 34. gr. a laganna kemur ný grein, 34. gr. b, svohljóðandi, og breytist röð annarra greina samkvæmt því:

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að falla frá stjórnvaldssektarákvörðun á hendur lögaðila eða einstaklingi ef viðkomandi aðili er fyrstur til að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta stjórnvaldssektum skv. 34. gr. ef upplýsingarnar eða gögnin geta að mati eftirlitsins leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti, að uppfylltum nánari skilyrðum er Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

Fjármálaeftirlitinu er einnig heimilt að lækka stjórnvaldssektir á hendur lögaðila eða einstaklingi ef viðkomandi hefur haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta stjórnvaldssektum skv. 34. gr. telji Fjármálaeftirlitið að upplýsingarnar eða gögnin séu mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum, að uppfylltum nánari skilyrðum er Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

12. gr.

Á eftir 2. mgr. 34. gr. f laganna, sem verður 34. gr. g, kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að kæra brot ekki til lögreglu hafi einstaklingur eða lögaðili haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta sektum eða fangelsi skv. 34. gr. e telji Fjármálaeftirlitið að upplýsingarnar eða gögnin geti leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti eða séu mikilvæg viðbót að mati eftirlitsins við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum, að uppfylltum nánari skilyrðum sem Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

VII. KAFLI
Breyting á lögum um kauphallir, nr. 110/2007, með síðari breytingum.

13. gr.

Á eftir 34. gr. laganna kemur ný grein, 34. gr. a, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að falla frá stjórnvaldssektarákvörðun á hendur lögaðila eða einstaklingi ef viðkomandi aðili er fyrstur til að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta stjórnvaldssektum skv. 33. gr. ef upplýsingarnar eða gögnin geta að mati eftirlitsins leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti, að uppfylltum nánari skilyrðum er Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

Fjármálaeftirlitinu er einnig heimilt að lækka stjórnvaldssektir á hendur lögaðila eða einstaklingi ef viðkomandi hefur haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða

gögn vegna brota er varðað geta stjórnvaldssektum skv. 33. gr. telji Fjármálaeftirlitið að upplýsingarnar eða gögnin séu mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum, að uppfylltum nánari skilyrðum er Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

14. gr.

Á eftir 2. mgr. 39. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að kæra brot ekki til lögreglu hafi einstaklingur eða lögaðili haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta sektum eða fangelsi skv. 37. gr. telji Fjármálaeftirlitið að upplýsingarnar eða gögnin geti leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti eða séu mikilvæg viðbót að mati eftirlitsins við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum, að uppfylltum nánari skilyrðum sem Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

VIII. KAFLI
Breyting á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, með síðari breytingum.

15. gr.

Á eftir 1. mgr. 12. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Á grundvelli heimilda í sérlögum er Fjármálaeftirlitinu heimilt að kæra brot ekki til lögreglu þegar eftirlitið veitir einstaklingi eða lögaðila niðurfellingu í samræmi við ákvæði viðkomandi laga.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru gerðar tillögur að breytingum á nokkrum lögum er varða fjármálamarkaðinn og lagt til að bætt verði við ákvæðum um niðurfellingu. Með niðurfellingu er átt við að viðurlög eru milduð eða felld niður að fullu þegar lögaðili eða einstaklingur kemur sjálfviljugur fram, játar brot gegn lögum og vinnur með eftirlitsaðila við rannsókn málsins. Reglum sem þessum hefur hingað til verið beitt með góðum árangri á sviði samkeppnisréttar og þær verið taldar mjög mikilvægar í því skyni að upplýsa um ólögmætt samráð. Niðurfellingarreglur í samkeppnisrétti voru fyrst settar í Bandaríkjunum árið 1978, Evrópusambandið tók upp slíkar reglur árið 1993 og í kjölfarið hafa fjölmörg ríki tekið upp slíkar reglur í samkeppnislöggjöf sína, m.a. Ísland. Þá er í lögum nr. 135/2008, um embætti sérstaks saksóknara, að finna ákvæði um niðurfellingu við tilteknar aðstæður en niðurfellingarákvæði samkeppnislaga og laga um sérstakan saksóknara eru reifuð hér að aftan.

Hvað varðar niðurfellingarreglur á fjármálamarkaði hafa ekki fundist nein fordæmi fyrir slíkum reglum erlendis. Það er hins vegar afar mikilvægt að lögaðilar á fjármálamarkaði fari að settum reglum og að upp komist um brot á ákvæðum laga sem allra fyrst enda oft um mikla hagsmuni að ræða. Þrátt fyrir að aðstæður séu með nokkuð öðrum hætti en í samkeppnisrétti verður að telja líklegt að tilvist niðurfellingarreglna í löggjöf á fjármálamarkaði virki hvetjandi fyrir lögaðila og einstaklinga þannig að þeir gefi sig frekar fram til að upplýsa um brot. Það er því tilefni til að láta á það reyna hvort niðurfellingarreglur geti orðið til þess að brot á ákvæðum laga um fjármálamarkaðinn upplýsist fyrr og betur.

Niðurfellingarreglur samkeppnislaga.

Kveðið er á um niðurfellingu bæði til handa fyrirtækjum og einstaklingum í samkeppnislögum, nr. 44/2005 (skl.). Brot fyrirtækja á ákvæðum samkeppnislaga um ólögmætt samráð varða stjórnvaldssektum en brot einstaklinga varða refsisektum eða fangelsi. Skv. 37. gr. skl. leggur Samkeppniseftirlitið stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja er brotið hafa gegn 10. eða 12. gr. skl. um ólögmætt samráð. Í 3. mgr. sömu greinar er kveðið á um heimildir Samkeppniseftirlitsins til að lækka sektir ef fyrirtæki hefur frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota gegn 10. eða 12. gr. sem að mati eftirlitsins eru mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum. Skv. 4. mgr. 37. gr. getur Samkeppniseftirlitið fallið frá sektarákvörðun hafi fyrirtæki verið fyrst til að láta Samkeppniseftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota gegn 10. og 12. gr. sem að mati eftirlitsins geta leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti, að uppfylltum nánari skilyrðum sem Samkeppniseftirlitið mælir fyrir um í reglum.

Samkvæmt 41. gr. a skl. skal hver starfsmaður eða stjórnarmaður fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja sem framkvæmir, hvetur til eða lætur framkvæma samráð sem brýtur gegn 10. og 12. gr. sæta sektum eða fangelsi allt að sex árum. Í 1. mgr. 42. gr. er síðan tekið fram að brot gegn lögunum sæti eingöngu rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Samkeppniseftirlitsins. Skv. 3. mgr. sömu greinar getur Samkeppniseftirlitið ákveðið að kæra ekki einstakling hafi hann, eða fyrirtæki sem hann starfar hjá eða er í stjórn hjá, haft frumkvæði að því að láta Samkeppniseftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota gegn 10. eða 12. gr. sem leitt geta til rannsóknar eða sönnunar á broti eða eru mikilvæg viðbót að mati eftirlitsins við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum, enda séu nánari skilyrði uppfyllt sem Samkeppniseftirlitið mælir fyrir um í reglum.

Hvað varðar fyrirtæki er því bæði um að ræða lækkun sekta og algjöra niðurfellingu en hjá einstaklingum er í raun eingöngu um algjöra niðurfellingu að ræða. Annað væri óeðlilegt miðað við það hvernig lögin eru upp sett enda getur stjórnvald, í þessu tilfelli Samkeppniseftirlitið, ekki bundið hendur ákæruvalds eða dómstóla við ákvörðun um málshöfðun eða ákvörðun um viðurlög. Eins og sjá má í umfjöllun hér að aftan er ekki gerður sami greinarmunur á einstaklingum og fyrirtækjum í lögum um fjármálamarkaðinn og því tilefni til að kveða bæði á um algjöra niðurfellingu fyrir einstaklinga sem og niðurfellingu að hluta.

Niðurfellingarreglur í lögum um sérstakan saksóknara.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga um nr. 135/2008, um embætti sérstaks saksóknara, er ríkissaksóknara heimilt að ákveða að sá sem hefur frumkvæði að því að bjóða eða láta lögreglu eða saksóknara í té upplýsingar eða gögn sæti ekki ákæru þótt upplýsingarnar eða gögnin leiði líkur að broti hans sjálfs. Ákvæði 2. mgr. sömu greinar kveður svo á um að skilyrði niðurfellingar sé að upplýsingarnar eða gögnin geti leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti eða séu mikilvæg viðbót við fyrirliggjandi sönnunargögn. Þá er það einnig skilyrði að rökstuddur grunur sé um að upplýsingarnar eða gögnin tengist alvarlegu broti, fyrirséð sé að sök þess sem lætur slíkt í té sé mun minni en sök þess eða þeirra sem gögnin eða upplýsingarnar beinast gegn og ástæða sé til þess að ætla að án þeirra muni reynast torvelt að færa fram fullnægjandi sönnur fyrir broti. Skilyrði niðurfellingar í lögum um sérstakan saksóknara eru því mun strangari en í samkeppnislögum og strangari en þau skilyrði niðurfellingarreglna sem lögð eru til að gildi á fjármálamarkaði samkvæmt frumvarpi þessu.

Viðurlagaákvæði laga um fjármálafyrirtæki, laga um verðbréfaviðskipti, laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, laga um vátryggingastarfsemi, laga um miðlun vátrygginga, laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa og laga um kauphallir.

Við brotum á lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um verðbréfaviðskipti, lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, lögum um vátryggingastarfsemi, lögum um miðlun vátrygginga, lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa og lögum um kauphallir liggja annars vegar stjórnvaldssektir og hins vegar refsisektir eða fangelsi. Lögin skilgreina hvaða brot geta varðað stjórnvaldssektum og hvaða brot geta varðað refsisektum eða fangelsi. Hins vegar er ekki gerður greinarmunur á lögaðilum og einstaklingum þegar kemur að tegund viðurlaga líkt og gert er í samkeppnislögum. Viðurlagaákvæði laganna eru sett upp með sama hætti og því er hér fjallað um þau saman.

Samkvæmt 1. mgr. 112. gr. d laga um fjármálafyrirtæki sæta brot gegn lögunum aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins og skv. 2. mgr. sömu greinar ber Fjármálaeftirlitinu að kæra meiri háttar brot til lögreglu. Sams konar ákvæði er að finna í 148. gr. laga um verðbréfaviðskipti, 70. gr. d laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, 99. gr. f laga um vátryggingastarfsemi, 62. gr. f laga um miðlun vátrygginga, 34. gr. f laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa og 39. gr. laga um kauphallir. Brot telst meiri háttar ef það lýtur verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins og er skilgreiningin sú sama í öllum lögunum. Stjórnvald getur ekki bundið hendur ákæruvalds eða dómstóla við ákvörðun um málshöfðun eða ákvörðun um viðurlög og því er nauðsynlegt að kveða á um að Fjármálaeftirlitið þurfi ekki að kæra mál viðkomandi til lögreglu, hafi það ákveðið að veita aðila niðurfellingu.

Viðurlagaákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Samkvæmt 11. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi getur Fjármálaeftirlitið lagt févíti eða dagsektir á aðila sem brjóta gegn ákvæðum laganna. Í 12. gr. er svo kveðið á um að ef eftirlitsskyldur aðili, einstaklingur eða lögaðilar hafa að mati Fjármálaeftirlitsins með refsiverðum hætti gerst brotlegir við lög eða reglur sem Fjármálaeftirlitinu er falið að framfylgja og brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að kæra þau til lögreglu. Skv. 20. gr. skal fyrir brot á lögunum refsa með sektum eða fangelsi. Telja verður óþarft að setja sérstakar niðurfellingarreglur í lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Rétt er þó að kveða á um að Fjármálaeftirlitið hafi heimildir í sérlögum til að falla frá því að kæra mál til lögreglu hafi það ákveðið að veita aðila niðurfellingu og er kveðið á um það í 15. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að falla frá stjórnvaldssektarákvörðun á hendur lögaðila eða einstaklingi ef viðkomandi er fyrstur til að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta stjórnvaldssektum skv. 110. gr. ef upplýsingarnar eða gögnin geta að mati eftirlitsins leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti, að uppfylltum nánari skilyrðum er Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

Samkvæmt 2. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins er Fjármálaeftirlitinu heimilt að lækka stjórnvaldssektir á hendur lögaðila eða einstaklingi ef viðkomandi hefur haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta stjórnvaldssektum skv. 112. gr. b telji Fjármálaeftirlitið að upplýsingarnar eða gögnin séu mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum, að uppfylltum nánari skilyrðum er Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

Einstaklingar og lögaðilar eiga því möguleika á að fá niðurfellingu hvort sem rannsókn á broti þeirra er hafin eða ekki ef þeir sjálfviljugir og að fyrra bragði ákveða að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn. Almenn samvinna einstaklings eða lögaðila vegna rannsóknar eftirlitsins dugar ekki til þess að fá niðurfellingu. Algjöra niðurfellingu geta einstaklingar eða fyrirtæki þó eingöngu fengið séu þeir fyrstir til að veita eftirlitinu upplýsingar eða gögn sem uppfylla framangreind skilyrði. Er hér farin sama leið og í samkeppnisrétti þar sem það hefur reynst vel að fyrirtæki og einstaklingar geti eingöngu fengið algjöra niðurfellingu séu þeir fyrstir til að koma fram með upplýsingar eða gögn. Eitt af meginatriðum fyrir virkni niðurfellingarreglna er að þær séu fyrirsjáanlegar og að samræmi sé í beitingu þeirra og því er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið setji reglur um nánari skilyrði niðurfellingar.

Um 2. gr.

Með 2. gr. frumvarpsins er lagt til að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að kæra mál ekki til lögreglu hafi fyrirtæki eða einstaklingur haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota er varðað geta sektum eða fangelsi skv. 112. gr. b telji Fjármálaeftirlitið að upplýsingarnar eða gögnin geti leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti eða séu mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem það hefur þegar í fórum sínum, að uppfylltum nánari skilyrðum sem Fjármálaeftirlitið kveður á um í reglum.

Hvað varðar brot er varðað geta sektum eða fangelsi er því eingöngu um algjöra niðurfellingu að ræða. Annað væri óeðlilegt miðað við það hvernig lögin eru upp sett enda getur stjórnvald, í þessu tilfelli Fjármálaeftirlitið, ekki bundið hendur ákæruvalds eða dómstóla við ákvörðun um málshöfðun eða ákvörðun um viðurlög.

Um 3. gr.

Með 3. gr. frumvarpsins er lagt til að sams konar ákvæði verði sett í lög um verðbréfaviðskipti og lagt er til að sett verði í lög um fjármálafyrirtæki, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Með 4. gr. frumvarpsins er lagt til að sams konar ákvæði verði sett í lög um verðbréfaviðskipti og lagt er til að sett verði í lög um fjármálafyrirtæki, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Með 5. gr. frumvarpsins er lagt til að sams konar ákvæði verði sett í lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og lagt er til að sett verði í lög um fjármálafyrirtæki og lög um verðbréfaviðskipti, sbr. 1. og 3. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Með 6. gr. frumvarpsins er lagt til að sams konar ákvæði verði sett í lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og lagt er til að sett verði í lög um fjármálafyrirtæki og lög um verðbréfaviðskipti, sbr. 2. og 4. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Með 7. gr. frumvarpsins er lagt til að sams konar ákvæði verði sett í lög um vátryggingastarfsemi og lagt er til að sett verði í lög um fjármálafyrirtæki, lög um verðbréfaviðskipti og lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, sbr. 1., 3. og 5. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Með 8. gr. frumvarpsins er lagt til að sams konar ákvæði verði sett í lög um vátryggingastarfsemi og lagt er til að sett verði í lög um fjármálafyrirtæki, lög um verðbréfaviðskipti og lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, sbr. 2., 4. og 6. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Með 9. gr. frumvarpsins er lagt til að sams konar ákvæði verði sett í lög um miðlun vátrygginga og lagt er til að sett verði í lög um fjármálafyrirtæki, lög um verðbréfaviðskipti, lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og lög um vátryggingastarfsemi, sbr. 1., 3., 5. og 7. gr. frumvarpsins.

Um 10. gr.

Með 10. gr. frumvarpsins er lagt til að sams konar ákvæði verði sett í lög um miðlun vátrygginga og lagt er til að sett verði í lög um fjármálafyrirtæki, lög um verðbréfaviðskipti, lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og lög um vátryggingastarfsemi, sbr. 2., 4., 6. og 8. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Með 11. gr. frumvarpsins er lagt til að sams konar ákvæði verði sett í lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa og lagt er til að sett verði í lög um fjármálafyrirtæki, lög um verðbréfaviðskipti, lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, lög um vátryggingastarfsemi og lög um miðlun vátrygginga, sbr. 1., 3., 5., 7. og 9. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Með 12. gr. frumvarpsins er lagt til að sams konar ákvæði verði sett í lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa og lagt er til að sett verði í lög um fjármálafyrirtæki, lög um verðbréfaviðskipti, lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, lög um vátryggingastarfsemi og lög um miðlun vátrygginga, sbr. 2., 4. og 6., 8. og 10. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Með 13. gr. frumvarpsins er lagt til að sams konar ákvæði verði sett í lög um kauphallir og lagt er til að sett verði í lög um fjármálafyrirtæki, lög um verðbréfaviðskipti, lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, lög um vátryggingastarfsemi, lög um miðlun vátrygginga og lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, sbr. 1., 3., 5., 7., 9. og 11. gr. frumvarpsins.

Um 14. gr.

Með 14. gr. frumvarpsins er lagt til að sams konar ákvæði verði sett í lög um kauphallir og lagt er til að sett verði í lög um fjármálafyrirtæki, lög um verðbréfaviðskipti, lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, lög um vátryggingastarfsemi, lög um miðlun vátrygginga og lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, sbr. 2., 4. og 6., 8., 10. og 12. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Lagt er til að vísað verði til þess í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi að Fjármálaeftirlitið hafi heimildir í sérlögum til þess að kæra mál ekki til lögreglu hafi eftirlitið ákveðið að veita aðila niðurfellingu í samræmi við ákvæði viðkomandi laga.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á nokkrum lögum er varða fjármálamarkaðinn og lagt til að bætt verði við ákvæðum um niðurfellingu. Með niðurfellingu er átt við að viðurlög eru milduð eða felld niður að fullu þegar fyrirtæki eða einstaklingur kemur sjálfviljugur fram, játar brot gegn lögum og vinnur með eftirlitsaðila við rannsókn málsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitinu verði gert kleift að lækka, fella niður sektir eða falla frá kæru til lögreglu ef fyrirtæki eða einstaklingar láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn er varða brot á lögum á fjármálamarkaði. Markmiðið með þessum breytingum er að auka skilvirkni í því að upplýsa mál er varða brot af þessu tagi.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

611. Tillaga til þingsályktunar [360. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2008, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2008, frá 6. júní 2008, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1315/2007 um öryggiseftirlit með rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2096/2005.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2008, frá 6. júní 2008, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1315/2007 um öryggiseftirlit með rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2096/2005.

Reglugerð EB nr. 1315/2007, frá 8. nóvember 2007, um eftirlit með flugleiðsöguþjónustu fjallar um eftirlitsskyldur þess aðila sem tilnefndur hefur verið samkvæmt reglugerð EB nr. 2096/2005 til eftirlits með starfsleyfishöfum á sviði flugleiðsöguþjónustu. Reglugerð EB nr. 2096/2005 er innleidd í íslenskan rétt með reglugerð um starfsleyfi flugleiðsöguþjónustu, nr. 631/2008. Tilnefndur aðili sem annast eftirlit af Íslands hálfu er Flugmálastjórn Íslands.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Vegna þess hve langt er um liðið síðan ákvörðunin var tekin og að nægjanleg lagastoð fyrir innleiðingu gerðarinnar er aðeins að takmörkuðu leyti fyrir hendi þykir rétt að leggja málið fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu til staðfestingar ákvörðuninni.

3. Efni gerðarinnar.

Skilgreint er í reglugerðinni umfang eftirlits gagnvart flugleiðsögu, auk flæðisstýringar flugumferðar ATFM (Air Traffic Flow Management) og loftrýmisstjórnunar ASM (Air Space Management). Í núgildandi lögum um loftferðir, nr. 60/1998, er umfang eftirlits takmarkað við flugleiðsögu eingöngu (sjá 57. gr. a). Í reglugerðinni er nánar fjallað um eftirlit með starfsleyfishöfum flugleiðsöguþjónustu, fyrirkomulag og mögulegt framsal úttekta (ekki heimilt samkvæmt núgildandi lögum hér), verklag varðandi frávik í úttektum og leiðréttingu þeirra og eftirfylgni auk eftirlits með breytingu á starfsemi leyfisskyldra aðila og endurskoðun/samþykki á verklagi vegna breytinga á þjónustu starfsleyfishafa o.fl. Því er ljóst að nægjanleg lagastoð fyrir innleiðingu gerðarinnar er aðeins að takmörkuðu leyti fyrir hendi.

Nauðsynlegt þótti því að gera fyrirvara skv. 103. gr. EES-samningsins fyrir innleiðingu gerðarinnar.

4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftferðir, sjá þskj. 243 – 196. mál. Í 6. gr. frumvarpsins, sem tiltekur breytingar á 57. gr. a í núgildandi lögum, er umfang eftirlits útvíkkað til rekstrarstjórnunar flugumferðar sem tekur til flæðisstýringar, loftrýmisstjórnunar og flugumferðarþjónustu auk flugleiðsöguþjónustu.

Sérstaklega er í 11. gr. reglugerðarinnar fjallað um getu eftirlitsaðila (Flugmálastjórnar Íslands) til að sinna þeim verkefnum sem þeim eru falin í samræmi við núgildandi reglugerð um starfsleyfi flugleiðsöguþjónustu og þessa reglugerð. Er m.a. gert ráð fyrir skýrslugerð annað hvert ár um mannaflaþörf, fjármagn og hæfni starfsfólks. Reglugerðin gerir enn fremur ráð fyrir að eftirlitsaðili gefi út sérstaka tilskipun um öryggi („safety directive“) þegar hann hefur ákvarðað að fyrir hendi sé eitthvað sem stofni öryggi í hættu og krefjist aðgerða án tafar. Nánar er mælt fyrir um tilkynningu slíkrar ákvörðunar út á við, gildistöku og efni slíkrar „safety directive“. Í reglugerðinni eru lagðar frekari skyldur varðandi skýrslugerð vegna eftirlitsins, varðveislu úttektarskjala og verklagsreglna auk annarra skjala er varða eftirlit þess.

Reglugerðin snertir fyrst og fremst starfsemi Flugstoða ohf. sem er tilnefndur aðili samkvæmt reglugerð nr. 631/2008, um starfsleyfi flugleiðsöguþjónustu, til veitingar þjónustu á sviði rekstarstjórnunar flugumferðar og starfsemi Flugmálastjórnar Íslands sem eftirlitsaðila. Áhrif breytinganna eru fyrst og fremst þau að eftirlitshlutverk stofnunarinnar er aukið til muna og kemur til með að taka til þessara nýju þátta, þ.e. flæðisstýringar og loftrýmisstjórnunar. Eiginleg flæðisstýring er lítil á því flugupplýsinga- og flugstjórnarsvæði sem Flugstoðir ohf. annast flugleiðsöguþjónustu á. Loftrýmisstjórnun er veitt af Flugstoðum ohf. Eftirlit með flugleiðsöguþjónustu er enn fremur ný af nálinni, þar eð það hófst aðeins hér á landi stuttu fyrir uppskiptingu Flugmálastjórnar Íslands og stofnun hins nýja opinbera hlutafélags Flugstoða ohf. þann 1. janúar 2007.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 71/2008

frá 6. júní 2008

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2008 frá 25. apríl 2008 ([1]).

2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á sameiginlegu, evrópsku flugumferðarsvæði ([2]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu á sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu ([3]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis á sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu ([4]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska flugumferðarstjórnarkerfisins ([5]) voru felldar inn í samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2006 frá 2. júní 2006 ([6]) ásamt sértækum aðlögunarákvæðum fyrir tiltekin lönd.

3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1315/2007 frá 8. nóvember 2007 um öryggiseftirlit með rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2096/2005 ([7]).

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66y (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2150/2005):

„66ya. **32007 R 1315:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1315/2007 frá 8. nóvember 2007 um öryggiseftirlit með rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2096/2005 (Stjtíð. ESB L 291, 9.11.2007, bls. 16).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 66x (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2096/2005):

„eins og henni var breytt með:

([1]) Stjtíð. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 50, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 23.
([2]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.
([4]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.
([5]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.
([6]) Stjtíð. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 18, og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 44, 7.9.2006, bls. 15.
([7]) Stjtíð. ESB L 291, 9.11.2007, bls. 16.

– **32007 R 1315:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1315/2007 frá 8. nóvember 2007 (Stjtíð. ESB L 291, 9.11.2007, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1315/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1315/2007

frá 8. nóvember 2007

um öryggiseftirlit með rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2096/2005

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu (þjónustureglugerðin) ([1]) einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 550/2004 ber framkvæmdastjórninni að tilgreina og samþykkja viðeigandi ákvæði reglufestra öryggiskrafna Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu (ESARR), með tilliti til gildandi löggjafar Bandalagsins. Í reglufestum öryggiskröfum Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu nr. 1 (ESARR 1) er að finna safn reglufestra öryggiskrafna að því er varðar framkvæmd öryggiseftirlits með rekstrarstjórnun flugumferðar (ATM).

2) Hlutverk og starfsemi innlendra eftirlitsyfirvalda hafa verið ákvörðuð með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) ([2]), reglugerð (EB) nr. 550/2004, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin) ([3]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2096/2005 frá 20. desember 2005 um sameiginlegar kröfur vegna veitingar þjónustu á sviði flugleiðsögu ([4]). Þessar reglugerðir fela í sér kröfur um öryggi í flugleiðsöguþjónustu. Þó svo að þjónustuveitendur beri ábyrgð á því að þjónustan sé veitt á öruggan hátt skulu aðildarríkin tryggja skilvirkt eftirlit fyrir milligöngu innlendra eftirlitsyfirvalda.

3) Þessi reglugerð skal ekki taka til hernaðaraðgerða og herþjálfunarflugs, eins og um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.

4) Innlend eftirlitsyfirvöld skulu annast reglufestar öryggisúttektir og mat í samræmi við þessa reglugerð sem hluta af tilskildum skoðunum og könnunum, sem krafist er samkvæmt reglugerð (EB) nr. 550/2004.

5) Innlend eftirlitsyfirvöld skulu íhuga að nota aðferðina við öryggiseftirlit, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, á öðrum sviðum eftirlits til að þróa skilvirkt og heildstætt eftirlit.

6) Í samræmi við lið 2.26 í 11. viðauka við samninginn um alþjóðlegt almenningsflug er þess krafist samkvæmt öryggiskröfum Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu nr. 1 (ESARR 1) að viðhaft sé eftirlit og mat á því öryggisstigi sem náðst hefur í samanburði við ásættanleg öryggisstig, sem ákvörðuð eru fyrir tiltekin loftrýmisumdæmi. Þessi ásættanlegu öryggisstig hafa þó ekki enn verið ákvörðuð endanlega á vettvangi Bandalagsins og því skulu þau tekin til umfjöllunar síðar í þessari reglugerð.

7) Starfræn kerfi til að stjórna flugumferð eru notuð við alla flugleiðsöguþjónustu, sem og flæðisstýringu flugumferðar og stjórnun loftrýma. Því skulu hvers kyns breytingar á starfrænu kerfunum háðar öryggiseftirliti.

8) Ef kerfi eða kerfishluti uppfyllir ekki viðeigandi kröfur skulu innlend eftirlitsyfirvöld grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) 552/2004. Í þessu samhengi og einkum þegar nauðsynlegt er að gefa

([1]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.
([2]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.
([4]) Stjtíð. ESB L 335, 21.12.2005, bls. 13.

út tilskipun um öryggi skal innlenda eftirlitsyfirvaldið íhuga að gefa tilkynntu aðilunum, sem tengjast útgáfu EB-samræmisyfirlýsingar, fyrirmæli um að framkvæma sérstaka rannsókn á tæknilega kerfinu sem um ræðir.

9) Innlendum eftirlitsyfirvöldum skal veittur nægur tími til að búa sig undir öryggiseftirlit með breytingum, einkum að því er varðar ákvörðun markmiða og staðla. Ákvörðunin skal byggjast á viðeigandi Bandalagsforskriftum og öðru leiðbeinandi efni.

10) Árleg skýrsla innlendra eftirlitsyfirvalda um öryggiseftirlit ætti að stuðla að gagnsæi og áreiðanleika öryggiseftirlitsins. Skýrslurnar skulu sendar til þess aðildarríkis sem tilnefnir umrætt yfirvald eða kemur því á fót. Þær skulu enn fremur notaðar í tengslum við svæðisbundna samvinnu og alþjóðlega vöktun með öryggiseftirlitinu. Í skýrslu um aðgerðirnar skulu vera viðeigandi upplýsingar um vöktun öryggisframmistöðu, hvort farið sé að gildandi, reglufestum öryggiskröfum í þeim stofnunum eða fyrirtækjum sem eru undir eftirliti, áætlun fyrir reglufestar öryggisúttektir, mat á öryggisrökum, breytingar á starfrænum kerfum sem stofnanir eða fyrirtæki hafa tekið í notkun í samræmi við aðferðir sem yfirvaldið hefur samþykkt og þær tilskipanir um öryggi sem innlend eftirlitsyfirvöld hafa gefið út.

11) Í samræmi við 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004 skulu innlend eftirlitsyfirvöld gera viðeigandi ráðstafanir til að koma á nánu samstarfi sín á milli til að tryggja fullnægjandi eftirlit með veitendum flugleiðsöguþjónustu í tengslum við loftrými sem er á ábyrgð annars aðildarríkis en þess sem gaf út starfsleyfið. Yfirvöld skulu einkum skiptast á viðeigandi upplýsingum sem tengjast öryggiseftirliti með stofnunum eða fyrirtækjum.

12) Breyta skal reglugerð (EB) nr. 2096/2005 til samræmis við þetta til að tryggja samræmi við framkvæmd samevrópska loftrýmisins.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð er komið á öryggiseftirliti að því er varðar flugleiðsöguþjónustu, flæðisstýringu flugumferðar (ATFM) og stjórnun loftrýma (ASM) fyrir almenna flugumferð með því að skilgreina og samþykkja viðeigandi lögboðin ákvæði reglufestra öryggiskrafna Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu um öryggiseftirlit með rekstrarstjórnun flugumferðar nr. 1 (ESARR 1) sem gefið var út 5. nóvember 2004.

2. Þessi reglugerð gildir um starfsemi innlendra eftirlitsyfirvalda og viðurkenndra stofnana eða fyrirtækja, sem koma fram fyrir þeirra hönd, í tengslum við öryggiseftirlit með flugleiðsöguþjónustu, flæðisstýringu flugumferðar og stjórnun loftrýma.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar sem ákvarðaðar voru með reglugerð (EB) nr. 549/2004.

Eftirfarandi skilgreiningar skulu jafnframt gilda:

1. „aðgerð til úrbóta“: aðgerð til að uppræta orsök ósamræmis sem greinist,

2. „starfrænt kerfi“: sambland af kerfum, verklagi og mannauði sem er skipulagt til að annast verkefni í tengslum við rekstrarstjórnun flugumferðar,

3. „stofnun eða fyrirtæki“: annaðhvort veitandi flugleiðsöguþjónustu eða rekstrareining sem annast flæðisstýringu flugumferðar eða stjórnun loftrýma,

4. „ferli“: aðgerðir, sem eru innbyrðis tengdar eða samverkandi og breyta ílagi í frálag,

5. „öryggisrök“: sönnun fyrir því að unnt sé að framkvæma fyrirhugaða breytingu á starfrænu kerfi í samræmi við markmið eða staðla, sem fastsettir eru með gildandi regluramma í samræmi við reglufestar öryggiskröfur,

6. „tilskipun um öryggi“: skjal, sem innlend eftirlitsyfirvöld gefa út eða samþykkja, þar sem kveðið er á um aðgerðir, sem framkvæma þarf á starfrænu kerfi, til að endurheimta öryggi þegar sönnunargögn sýna að flugöryggi gæti annars verið stofnað í hættu,

7. „öryggismarkmið“: eigindleg eða megindleg yfirlýsing þar sem skilgreind er hámarkstíðni eða -líkur á því að hætta geti átt sér stað,

8. „reglufest öryggisúttekt“: kerfisbundin og sjálfstæð rannsókn, sem framkvæmd er af innlendu

eftirlitsyfirvaldi, eða fyrir hönd þess, til að skera úr um hvort öryggistengdar ráðstafanir, eða þættir þeirra, sem tengjast ferlum og útkomu þeirra ásamt vörum eða þjónustu séu í samræmi við öryggistengdar ráðstafanir og hvort þær séu framkvæmdar með skilvirkum hætti og henti til að ná tilætluðum árangri,

9. „reglufestar öryggiskröfur“: þær kröfur sem ákvarðaðar eru samkvæmt reglum Bandalagsins eða innlendum reglum fyrir veitingu þjónustu á sviði flugleiðsögu eða starfsemi á sviði flæðisstýringar flugumferðar og stjórnunar loftrýma að því er varðar tæknilega og rekstrarlega hæfni og getu til að veita þessa þjónustu og starfsemi, öryggisstjórnun þeirra, sem og kerfi, kerfishlutar þeirra og tilheyrandi verklagsreglur,

10. „öryggiskrafa“: leið til að draga úr áhættu, skilgreind út frá aðferðum til að draga úr áhættu sem uppfylla tiltekið öryggismarkmið, þ.m.t. kröfur varðandi skipulag, rekstur, verklag, virkni, árangur og rekstrarsamhæfi eða umhverfiseiginleika,

11. „sannprófun“: staðfesting sem felst í því að leggja fram hlutlæg sönnunargögn þess eðlis að tilteknar kröfur hafi verið uppfylltar.

3. gr.

Öryggiseftirlit

1. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu nota öryggiseftirlit sem hluta af eftirliti með þeim kröfum sem gilda um flugleiðsöguþjónustu sem og flæðisstýringu flugumferðar og stjórnun loftrýma til að fylgjast með því að þjónustan sé veitt á öruggan hátt og til að sannreyna að farið sé að gildandi, reglufestum öryggiskröfum og tilhögun framkvæmdar þeirra.

2. Þegar gerður er samningur um eftirlit með stofnunum eða fyrirtækjum, sem eru virk í starfrænum loftrýmisumdæmum og ná yfir tiltekið loftrými, sem er á ábyrgð fleiri en eins aðildarríkis, skulu hlutaðeigandi aðildarríki ákvarða og úthluta ábyrgð á öryggiseftirliti á þann hátt að það tryggi:

a) að skýrt komi fram hver ber ábyrgð á framkvæmd sérhvers ákvæðis þessarar reglugerðar,

b) að aðildarríkin hafi yfirsýn yfir fyrirkomulag öryggiseftirlitsins og niðurstöður þar að lútandi.

Aðildarríkin skulu reglulega yfirfara samninginn og verklega framkvæmd hans, einkum í ljósi öryggisframmistöðu sem náðst hefur.

4. gr.

Eftirlit með öryggisframmistöðu

1. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu reglulega hafa eftirlit með og meta öryggisstigið, sem náðst hefur, til þess að ákvarða hvort það sé í samræmi við þær reglufestu öryggiskröfur sem gilda um loftrýmisumdæmin sem eru á þeirra ábyrgð.

2. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu einkum nota niðurstöðurnar úr eftirliti með öryggisframmistöðu til að ákvarða á hvaða sviðum þurfi fyrst og fremst að fá staðfestingu á því að reglufestar öryggiskröfur séu uppfylltar.

5. gr.

Sannprófun á því að farið sé að reglufestum öryggiskröfum

1. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu ákvarða ferli til að sannprófa:

a) að farið sé að gildandi reglufestum öryggiskröfum áður en starfsleyfi, sem er nauðsynlegt til að veita flugleiðsöguþjónustu, er gefið út eða endurnýjað, þ.m.t. öryggistengd skilyrði sem fylgja því,

b) að farið sé að hvers konar öryggistengdum skilyrðum í gerð um tilnefningu sem er gefin út í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004,

c) að stofnanirnar eða fyrirtækin haldi áfram að fara að gildandi reglufestum öryggiskröfum,

d) að framkvæmd séu öryggismarkmið, öryggiskröfur og önnur öryggistengd skilyrði sem greint er frá:

   i. í EB-yfirlýsingu um sannprófun á kerfum, þ.m.t. sérhver viðeigandi EB-yfirlýsing um samræmi eða nothæfi kerfishluta,

   ii. í áhættumati og ráðstöfunum til að draga úr áhættu sem krafist er samkvæmt þeim reglufestum öryggiskröfum sem gilda um flugleiðsöguþjónustu, flæðisstýringu flugumferðar og stjórnun loftrýmis,

e) að tilskipanir um öryggi séu framkvæmdar.

2. Ferlið, sem um getur í 1. mgr., skal:

a) byggjast á skjalfestum verklagsreglum,

b) stutt gögnum sem eiga sérstaklega að leiðbeina starfsfólki, sem starfar við öryggiseftirlit, varðandi það hvernig það eigi að sinna störfum sínum,

c) veita stofnuninni eða fyrirtækinu upplýsingar um niðurstöður úr öryggiseftirlitinu,

d) byggjast á reglufestum öryggisúttektum og mati, sem fer fram í samræmi við 6., 8. og 9. gr.,

e) veita innlendum eftirlitsyfirvöldum þær upplýsingar sem þarf til að styðja frekari aðgerðir, þ.m.t. fyrirhugaðar ráðstafanir skv. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004 og 7. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004 við aðstæður þar sem ekki er farið að reglufestum öryggiskröfum.

6. gr.

Reglufestar öryggisúttektir

1. Innlend eftirlitsyfirvöld, eða viðurkenndar stofnanir eða fyrirtæki fyrir þeirra hönd, skulu framkvæma reglufestar öryggisúttektir.

2. Reglufestar öryggisúttektir, sem um getur í 1. mgr., skulu:

a) veita innlendum eftirlitsyfirvöldum sönnun þess efnis að farið sé að gildandi, reglufestum öryggiskröfum og tilhögun framkvæmdar með því að meta þörfina á endurbótum eða aðgerðum til úrbóta,

b) vera óháð innri úttekt sem hlutaðeigandi stofnun eða fyrirtæki framkvæmir sem hluta af öryggis- eða gæðastjórnunarkerfi sínu,

c) framkvæmdar af úttektarmönnum sem hafa réttindi og hæfi í samræmi við kröfur í 11. gr.,

d) gilda um tilhögun framkvæmdar, eða þætti hennar, og um ferli, vörur eða þjónustu,

e) ákvarða hvort:

   i. tilhögun framkvæmdar sé í samræmi við reglufestar öryggiskröfur,

   ii. aðgerðir, sem gripið er til, séu í samræmi við tilhögun framkvæmdar,

   iii. niðurstöður aðgerða, sem gripið er til, séu í samræmi við niðurstöðurnar, sem vænta má af tilhögun framkvæmdar,

f) leiða til leiðréttingar á hvers kyns ósamræmi, sem í ljós kemur, í samræmi við 7. gr.

3. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu koma á áætlun um reglufestar öryggisúttektir og uppfæra hana a.m.k. árlega, innan ramma skoðunaráætlunarinnar, sem um getur í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2096/2005, til þess:

a) að ná til allra sviða þar sem öryggisvandi er mögulega til staðar, með áherslu á þau svið þar sem vandamál hafa komið í ljós,

b) að ná til allra stofnana eða fyrirtækja eða þjónustu sem starfrækt er undir umsjón innlendra eftirlitsyfirvalda,

c) að tryggja að úttektir séu framkvæmdar þannig að þær séu í réttu hlutfalli við áhættustigið sem starfsemi stofnananna eða fyrirtækjanna felur í sér,

d) að sjá til þess að tilskilinn fjöldi úttekta sé framkvæmdur á tveggja ára tímabili til að kanna hvort allar þessar stofnanir eða fyrirtæki fari að gildandi, reglufestum öryggiskröfum á öllum viðeigandi sviðum starfræna kerfisins,

e) að sjá til þess að framkvæmd aðgerða til úrbóta sé fylgt eftir.

4. Innlend eftirlitsyfirvöld geta ákveðið að breyta gildissviði fyrirframáætlaðra úttekta og að bæta við úttektum, þegar þörf er á.

5. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu ákveða þá tilhögun, þætti, þjónustu, vörur, staði og aðgerðir sem gera skal úttekt á innan tiltekins tímaramma.

6. Skrá skal athugasemdir um úttektir og ósamræmi sem greinist. Hið síðarnefnda skal stutt með gögnum og tilgreina skal við hvaða gildandi, reglufestar öryggiskröfur og tilhögun framkvæmdar stuðst var við er úttektin var framkvæmd.

Gera skal úttektarskýrslu sem felur í sér frekari upplýsingar um ósamræmið.

7. gr.

Aðgerðir til úrbóta

1. Innlendu eftirlitsyfirvöldin skulu senda þeirri stofnun eða því fyrirtæki, þar sem úttektin var gerð, niðurstöður hennar og fara á sama tíma fram á það að gerðar verði aðgerðir til úrbóta til að leiðrétta ósamræmið sem kom í ljós án þess að það hafi áhrif á hvers kyns aðrar aðgerðir sem krafist er í gildandi, reglufestum öryggiskröfum.

2. Stofnunin eða fyrirtækið, þar sem úttektin var gerð, skal ákvarða hvaða aðgerðir til úrbóta teljast nauðsynlegar til þess að leiðrétta ósamræmið auk tímarammans fyrir framkvæmd þeirra.

3. Ef niðurstaða matsins er sú að aðgerðir til úrbóta nægi til að lagfæra ósamræmi skal innlenda eftirlits-

yfirvaldið meta aðgerðir til úrbóta og framkvæmd þeirra, sem ákveðin er af þeirri stofnun eða því fyrirtæki, þar sem úttektin var gerð, og samþykkja þær.

4. Stofnunin eða fyrirtækið, þar sem úttektin var gerð, skal hrinda í framkvæmd þeim aðgerðum til úrbóta sem innlendu eftirlitsyfirvöldin hafa samþykkt. Þessum aðgerðum til úrbóta og ferli við síðari eftirfylgni skal lokið innan þess tímabils sem innlendu eftirlitsyfirvöldin hafa samþykkt.

8. gr.

Öryggiseftirlit með breytingum á starfrænum kerfum

1. Þegar stofnanir eða fyrirtæki ákveða hvort þau eigi að gera öryggistengda breytingu á starfrænum kerfum sínum skulu þau aðeins nota verklagsreglur sem innlend eftirlitsyfirvöld hafa samþykkt. Að því er varðar veitendur flugleiðsöguþjónustu, fjarskiptaþjónustu, leiðsöguþjónustu og kögunarþjónustu skulu innlend eftirlitsyfirvöld samþykkja þessar verklagsreglur innan ramma reglugerðar (EB) nr. 2096/2005.

2. Stofnanir eða fyrirtæki skulu tilkynna innlendu eftirlitsyfirvaldi sínu um allar fyrirhugaðar öryggistengdar breytingar. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu því ákvarða viðeigandi stjórnsýslumeðferð í samræmi við landslög.

3. Stofnunum eða fyrirtækjum er heimilt að framkvæma tilkynntu breytinguna eftir þeim verklagsreglum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, nema 9. gr. eigi við.

9. gr.

Verklag við mat á fyrirhuguðum breytingum

1. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu meta öryggisrökin, sem tengjast nýju starfrænu kerfunum eða breytingum á núverandi starfrænum kerfum, sem stofnun eða fyrirtæki leggur til, þegar:

a) alvarleikamat, sem fer fram í samræmi við lið 3.2.4 í II. viðauka í reglugerð (EB) nr. 2096/2005, leiðir í ljós að möguleg áhrif hættunnar, sem greindist, sé í alvarleikaflokki 1 eða 2 eða

b) framkvæmd breytinganna krefst þess að nýir flugmálastaðlar verði teknir upp.

Þegar innlenda eftirlitsyfirvaldið hefur ákvarðað þörfina á mati við aðrar aðstæður en þær, sem um getur í a- og b-lið, skal það tilkynna stofnuninni eða fyrirtækinu að það muni framkvæma öryggismat á tilkynntu breytingunni.

2. Framkvæma skal matið á þann hátt að það sé í réttu hlutfalli við þá áhættu sem nýja starfræna kerfið eða breytingin á starfrænum kerfum þeim sem fyrir eru felur í sér.

Í því samhengi skal:

a) notast við skjalfestar verklagsreglur,

b) styðjast við gögn sem eiga sérstaklega að leiðbeina starfsfólki, sem starfar við öryggiseftirlit, varðandi það hvernig það eigi að sinna störfum sínum,

c) huga að öryggismarkmiðum, öryggiskröfum og öðrum öryggistengdum skilyrðum sem tengjast viðkomandi breytingu, sem er að finna:

   i. í EB-yfirlýsingum um sannprófun kerfa,

   ii. í EB-samræmisyfirlýsingum eða yfirlýsingum um nothæfi kerfishluta eða

   iii. í gögnum um áhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhættu, sem unnin eru í samræmi við gildandi, reglufestar öryggiskröfur,

d) tilgreina, ef þörf er á, frekari öryggistengd skilyrði sem tengjast framkvæmd breytingarinnar,

e) meta að hvaða marki öryggisrökin, sem lögð eru fram, eru tæk, að teknu tilliti til:

   i. hættugreiningar,

   ii. samkvæmni skiptingar í alvarleikaflokka,

   iii. gildis öryggismarkmiðanna,

   iv. gildis, skilvirkni og hagkvæmni öryggiskrafnanna og annarra öryggistengdra skilyrða, sem tilgreind eru,

   v. sönnunar á því að öryggismarkmiðin, öryggiskröfurnar og önnur öryggistengd skilyrði séu uppfyllt að staðaldri,

   vi. sönnunar á því að ferlið, sem notað er til að setja fram öryggisrökin, uppfylli gildandi, reglufestar öryggiskröfur,

f) sannreyna ferlin sem stofnanirnar eða fyrirtækin nota til að setja fram öryggisrökin í tengslum við nýja starfræna kerfið eða fyrirhugaðar breytingar á núverandi starfrænum kerfum,

g) tilgreina hvort þörf sé á sannprófun þess efnis að enn sé farið að kröfunum,

h) bæta við hvers kyns nauðsynlegu samræmingarstarfi yfirvalda, sem bera ábyrgð á öryggiseftirliti með lofthæfi og flugrekstri,

i) senda út tilkynningu um samþykki á fyrirhugaðri breytingu ásamt skilyrðum, þar sem við á, eða að breytingin sé ekki samþykkt ásamt rökstuddum ástæðum þar að lútandi.

3. Aðeins má framkvæma fyrirhugaða breytingu, sem verið er að meta, með samþykki innlendra eftirlitsyfirvalda.

10. gr.

Viðurkenndar stofnanir eða fyrirtæki

1. Ákveði innlent eftirlitsyfirvald að fela viðurkenndri stofnun eða fyrirtæki framkvæmd reglufestra öryggisúttekta eða mats í samræmi við 2. mgr. 9. gr. skal það tryggja að viðmiðanirnar, sem notaðar eru til að velja stofnun eða fyrirtæki meðal þeirra sem eru viðurkennd í samræmi við 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004, feli í sér eftirfarandi:

a) að viðurkennda stofnunin eða fyrirtækið hafi reynslu af því að meta öryggi flugrekstrareininga,

b) að viðurkennda stofnunin eða fyrirtækið taki ekki á sama tíma þátt í innri starfsemi öryggis- eða gæðastjórnunarkerfa hlutaðeigandi stofnunar eða fyrirtækis,

c) að starfsfólk, sem kemur að framkvæmd reglufestra öryggisúttekta eða mats, hafi tilskilda þjálfun og réttindi og hæfi og uppfylli kröfurnar um réttindi og hæfi, sem kveðið er á um í 3. mgr. 11. gr. í þessari reglugerð.

2. Viðurkennda stofnunin eða fyrirtækið skal fallast á að innlenda eftirlitsyfirvaldið eða aðili, sem starfar fyrir hönd þess, geti gert úttekt á því.

3. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu halda skrá yfir viðurkenndar stofnanir eða fyrirtæki, sem hafa fengið það verkefni að framkvæma reglufestar öryggisúttektir eða mat fyrir þeirrahönd. Í skránni skal það koma fram að farið sé að kröfunum í 1. mgr.

11. gr.

Geta til öryggiseftirlits

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að innlend eftirlitsyfirvöld hafi nauðsynlega getu til að tryggja öryggiseftirlit með öllum stofnunum og fyrirtækjum sem starfa undir þeirra eftirliti, þ.m.t. nægileg tilföng til að framkvæma þær aðgerðir sem tilgreindar eru í þessari reglugerð.

2. Annað hvert ár skulu innlend eftirlitsyfirvöld leggja fram og uppfæra mat á þeim mannauði sem þarf til að framkvæma öryggiseftirlit þeirra á grundvelli greiningar á þeim ferlum sem krafist er í þessari reglugerð og notkun þeirra.

3. Innlend eftirlitsyfirvöld skulu sjá til þess að allir, sem koma að starfsemi á sviði öryggiseftirlits, séu hæfir til að annasttilskilið verkefni. Í því samhengi skulu þau:

a) skilgreina og skrá hvaða menntun, þjálfun, tæknilega og rekstrarlega kunnáttu, reynslu og réttindi og hæfi þurfi til að sinna þeim verkefnum sem hvert starf á sviði öryggiseftirlits innan stofnunarinnar eða fyrirtækisins felur í sér,

b) sjá til þess að þeir aðilar sem tengjast starfsemi á sviði öryggiseftirlits innan stofnunarinnar eða fyrirtækisins hljóti sérstaka þjálfun,

c) sjá til þess að starfsfólk, sem er tilnefnt til að framkvæma reglufestar öryggisúttektir, þ.m.t. úttektarmenn frá viðurkenndum stofnunum eða fyrirtækjum, uppfylli sérstakar kröfur um réttindi og hæfi sem innlenda eftirlitsyfirvaldið skilgreinir. Kröfurnar skulu taka til:

   i. þekkingar og skilnings á þeim kröfum sem tengjast flugleiðsöguþjónustu, flæðisstýringu flugumferðar og stjórnun loftrýma, sem stuðst er við þegar reglufestar öryggisúttektir eru framkvæmdar,

   ii. notkunar matsaðferða,

   iii. þeirrar færni sem þarf til að stjórna úttekt,

   iv. sönnunar á því að úttektarmenn séu hæfir, með mati eða öðrum viðurkenndum aðferðum.

12. gr.

Tilskipanir um öryggi

1. Innlent eftirlitsyfirvald skal gefa út tilskipun um öryggi þegar það hefur komist að raun um ótryggt ástand í starfrænu kerfi sem krefst tafarlausra aðgerða.

2. Tilskipun um öryggi skal send áfram til hlutaðeigandi stofnana eða fyrirtækja og skal hún innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) lýsingu á ótrygga ástandinu,

b) upplýsingar um hvaða starfræna kerfi er að ræða,

c) aðgerðir sem krafist er og rökstuðningur þeirra,

d) hver fresturinn er til að fara að aðgerðunum sem fram koma í tilskipuninni um öryggi,

e) gildistökudaginn.

3. Innlenda eftirlitsyfirvaldið skal senda öðrum hlutaðeigandi innlendum eftirlitsyfirvöldum afrit af tilskipuninni um öryggi, einkum þeim sem tengjast öryggiseftirliti með starfræna kerfinu og framkvæmdastjórninni, Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) og Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol), eftir því sem við á.

4. Innlenda eftirlitsyfirvaldið skal sannprófa að farið sé að gildandi tilskipunum um öryggi.

13. gr.

Skrár um öryggiseftirlit

Innlend eftirlitsyfirvöld skulu halda viðeigandi skrár sem tengjast ferlunum við öryggiseftirlit þeirra og viðhalda aðgengi að þeim, þ.m.t. skýrslur um allar reglufestar öryggisúttektir og aðrar öryggistengdar skýrslur sem tengjast starfsleyfum, tilnefningum, öryggiseftirliti með breytingum, tilskipunum um öryggi og notkun á viðurkenndum stofnunum eða fyrirtækjum.

14. gr.

Skýrslugjöf um öryggiseftirlit

1. Innlenda eftirlitsyfirvaldið skal semja árlega skýrslu um öryggiseftirlit með þeim aðgerðum sem gripið er til samkvæmt þessari reglugerð. Skýrslan skal einnig innihalda upplýsingar um eftirfarandi:

a) stjórnskipulag og verklagsreglur innlenda eftirlitsyfirvaldsins,

b) loftrýmið sem er á ábyrgð aðildarríkjanna, sem tilnefndu innlenda eftirlitsyfirvaldið eða komu því á fót, eða stofnanir eða fyrirtæki, sem innlenda eftirlitsyfirvaldið hefur eftirlit með,

c) viðurkenndar stofnanir eða fyrirtæki, sem hafa fengið það verkefni að framkvæma reglufestar öryggisúttektir,

d) þau úrræði sem eru fyrir hendi og yfirvaldið hefur,

e) hvers kyns öryggisvandamál sem greinast við öryggiseftirlitsferli innlenda eftirlitsyfirvaldsins.

2. Þegar aðildarríkin semja ársskýrslur fyrir framkvæmdastjórnina, sem krafist er skv. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, skulu þau nota þær skýrslur sem innlendu eftirlitsyfirvöldin hafa samið.

3. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu hafa aðgang að árlegri skýrslu um öryggiseftirlit að því er varðar starfræn loftrýmisumdæmi og jafnframt skal hún vera aðgengileg í þágu áætlana eða starfsemi, sem fer fram samkvæmt viðurkenndu, alþjóðlegu fyrirkomulagi um eftirlit með eða úttekt á framkvæmd öryggiseftirlits hjá flugleiðsöguþjónustu, flæðisstýringu flugumferðar og stjórnun loftrýma.

15. gr.

Upplýsingaskipti milli innlendra eftirlitsyfirvalda

Innlend eftirlitsyfirvöld skulu gera ráðstafanir til að koma á nánu samstarfi sín á milli í samræmi við 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004 og skiptast á öllum viðeigandi upplýsingum til að tryggja öryggiseftirlit með öllum stofnunum eða fyrirtækjum sem veita þjónustu eða sinna störfum yfir landamæri.

16. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 2096/2005

Ákvæði 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2096/2005 falli brott.

17. gr.

Bráðabirgðaákvæði

Aðildarríkjunum er heimilt að fresta framkvæmd 3. mgr. 9. gr. til 1. nóvember 2008. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

18. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jacques BARROT

varaforseti.

612. Tillaga til þingsályktunar [361. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2007, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2007, frá 28. september 2007, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2007 frá 28. september 2007, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum.

Um verðbréfaviðskipti annars vegar og verðbréfasjóði hins vegar gilda ólíkar Evrópugerðir; hinar svokölluðu MiFID- og UCITS-tilskipanir. Í UCITS-tilskipuninni er m.a. skilgreint í hvaða eignum verðbréfasjóðum er heimilt að fjárfesta. Frá setningu tilskipunarinnar hafa allnokkrar breytingar átt sér stað á fjármálamörkuðum. Þannig hefur tegundum fjármálagerninga t.d. fjölgað umtalsvert. Af þessum sökum þótti tilefni til setningar tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 2007/16/EB, en í henni eru tiltekin hugtök sem fram koma í UCITS-tilskipuninni skilgreind nánar.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila

stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Vegna þess hve langt er um liðið síðan ákvörðunin var tekin og fyrirséð er að efnisleg innleiðing gerðarinnar mun dragast vegna yfirstandandi heildarendurskoðunar á lagaumhverfi fjármálamarkaðarins þykir rétt að leggja málið fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu til staðfestingar ákvörðuninni.

3. Efni gerðarinnar.

Svokölluð UCITS-tilskipun 85/611/EBE tekur eingöngu til verðbréfasjóða (*undertakings for collective investment in transferable securities* eða *UCITS*) sem hafa að markmiði að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og öðrum seljanlegum fjármálagerningum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Tilskipunin gerir m.a. áskilnað um að verðbréfasjóði sé einungis heimilt að binda fé sitt í seljanlegum gerningum, svo sem verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og fjármálaafleiðum.

Í UCITS-tilskipuninni er m.a. skilgreint í hvaða eignum verðbréfasjóðum er heimilt að fjárfesta, en skorta þótti á nánari skilgreiningu hugtaka sem þar kom fram. Með tilskipun 2007/16/EB er ekki verið að innleiða breytingar á stjórnsýslu eða rekstrarlegum skuldbindingum yfirvalda og markaðsaðila heldur að varpa ljósi á grunnviðmiðanir sem unnt er að nota við mat á því hvort tiltekinn flokkur fjármálagerninga fellur undir skilgreiningarnar eða ekki. Markmið tilskipunarinnar er þannig að tryggja einsleita beitingu ákvæða UCITS-tilskipunarinnar er kveða á um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða innan bandalagsins.

4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Með lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, voru tekin upp í íslenskan rétt ákvæði UCITS-tilskipunarinnar (85/611/EBE). Kveðið er á um fjárfestingarheimildir sjóða af umræddu tagi í 30.–42. gr. og 54. gr. laganna. Tilgangur tilskipunar 2007/16/EB er fyrst og fremst að setja niður sameiginlegan skilning á því hvort tiltekinn eignaflokkur sé hæfur sem fjárfestingarheimild verðbréfasjóðs.

Það lagafrumvarp sem gert er ráð fyrir að leggja fram á næsta þingi mun ásamt öðrum breytingum ljúka innleiðingu á þremur UCITS-tilskipunum, 2001/107/EB, sem varðar stjórnsýslu UCITS-sjóða, 2001/108/EB, sem varðar fjárfestingarheimildir UCITS-sjóða og 2007/16/EB um breytingu á tilskipun 85/611/EBE. Þessar tilskipanir eiga það m.a. allar sameiginlegt að samræma lög og stjórnvaldsfyrirmæli um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum. Breytingar á lögum nr. 30/2003 felast fyrst og fremst í því að taka hugtakaskilgreiningar sem fram koma í UCITS-tilskipuninni upp í íslenskan rétt, þar sem lögin byggjast á UCITS- en ekki á MiFID-tilskipuninni eins og verið hefur. Verði innleiðingarfrumvarpið að lögum verður tæmandi talning á því hvaða verðbréf falla undir flokkinn „framseljanleg verðbréf“ í 2. gr. laganna.

Með tilskipun 2007/16/EB eru sett fram sjónarmið sem eiga að auðvelda aðildarríkjunum að þróa sameiginlegan skilning á því hvort tiltekinn eignaflokkur sé hæfur fyrir verðbréfasjóð. Í gildandi lögum er vísað til laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, varðandi skilgreiningu á hugtakinu „framseljanleg verðbréf“. Með innleiðingu tilskipunarinnar í íslenskan rétt verður framvegis stuðst við skilgreiningu á framseljanlegum verðbréfum eins og hún er sett fram í UCITS-tilskipuninni. Jafnframt er gert ráð fyrir að í 30. gr. laganna sé um að ræða

tæmandi talningu á þeim fjármálagerningum sem verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði er heimilt að fjárfesta í.

Áhrifa innleiðingar tilskipunarinnar mun fyrst og fremst gæta hjá þeim sem lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði taka til. Er þar um að ræða starfsemi og rekstur þeirra sjóða sem hafa einkarétt til þess að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum, þ.e. framseljanlegum verðbréfum og öðrum lausafjáreignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur verið tilkynnt um að seinkun verði á innleiðingu á efni gerðarinnar, sem þótti eðlilegt í ljósi þess að ákveðið hefur verið að fram fari heildarendurskoðun á lagaumhverfi fjármálamarkaðarins. Gert er ráð fyrir að tilskipun 2007/16/EB verði innleidd með breytingu á lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, og með setningu reglugerðar.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 114/2007

frá 28. september 2007

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2007 frá 6. júlí 2007 ([1]).

2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB frá 19. mars 2007 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum ([2]).

([1]) Stjtíð. ESB L 328, 13.12.2007, bls. 32, og EES-viðbætir nr. 60, 13.12.2007, bls. 23.
([2]) Stjtíð. ESB L 79, 20.3.2007, bls. 11.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Liðir, sem eru tölusettir sem liðir 30a, 30b, 30c, 30ca, 30caa, 30cab, 30cac, 30cb, 30d og 30e, skulu endurtölusettir sem 31. liður og liðir 31a, 31b, 31ba, 31baa, 31bab, 31bac, 31bb, 31c og 31d.

2. Liðir undir fyrirsögninni *„GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF“,* sem eru tölusettir sem 31. til 41. liður, skulu endurtölusettir sem 32. til 42. liður.

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 30. lið (tilskipun ráðsins 85/611/EBE):

„30a. **32007 L 0016:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB frá 19. mars 2007 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum (Stjtíð. ESB L 79, 20.3.2007, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2007/16/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2007/16/EB

frá 19. mars 2007

um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) ([1]), einkum a-lið 53. gr. a.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 85/611/EBE er að finna ýmsar skilgreiningar, stundum samtengdar, sem eru í tengslum við eignirnar sem eru hæfar sem fjárfesting fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS), hér á eftir nefnd „verðbréfasjóðir“, s.s. skilgreining á „framseljanlegum verðbréfum“ og skilgreining á „peningamarkaðsgerningum“.

2) Frá samþykkt tilskipunar 85/611/EBE hefur fjölbreytni fjármálagerninga, sem verslað er með á fjármálamörkuðum, aukist talsvert sem leiðir til óvissu við ákvörðun um það hvort þessar skilgreiningar nái yfir tiltekna flokka fjármálagerninga. Óvissa við beitingu skilgreininga veldur ágreiningi um túlkun tilskipunarinnar.

3) Í því skyni að tryggja samræmda beitingu tilskipunar 85/611/EBE er nauðsynlegt, til að aðstoða aðildarríkin við að þróa sameiginlegan skilning á því hvort tiltekinn eignaflokkur sé hæfur fyrir verðbréfasjóð og til að tryggja að skilningur á skilgreiningum sé í samræmi við þær meginreglur sem liggja til grundvallar tilskipun 85/611/EBE, s.s. meginreglur um áhættudreifingu og takmörkun áhættu, getu verðbréfasjóðsins til að innleysa hlutdeildarskírteini sín að ósk eigenda þessara skírteina og til að reikna hreint virði eigna hvenær sem hlutdeildarskírteini eru gefin út eða innleyst, að veita lögbærum yfirvöldum og markaðsaðilum meiri vissu í þessu tilliti. Meiri vissa auðveldar einnig tilkynningarferli varðandi flutning verðbréfasjóða yfir landamæri.

4) Skýringarnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, hafa ekki í för með sér nýjar atferlisreglur eða rekstrarlegar skuldbindingar fyrir lögbær yfirvöld eða markaðsaðila. Markmiðið með þeim er ekki að setja upp tæmandi skrár yfir fjármálagerninga og viðskipti heldur varpa ljósi á grunnviðmiðanir sem unnt er að nota við mat á því hvort tiltekinn flokkur fjármálagerninga fellur undir skilgreiningarnar eða ekki.

5) Ekki skal einungis meta hvort eign sé hæf fyrir verðbréfasjóð, með tilliti til þess hvort hún falli undir skilgreininguna, eins og hún er útskýrð í þessum texta, heldur einnig með tilliti til annarra krafna í tilskipun 85/611/EBE. Lögbær innlend yfirvöld gætu unnið saman innan samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (CESR) að því að þróa sameiginlegar aðferðir við hagnýta, daglega beitingu þessara skýringa með tilliti til eftirlitsskyldu þeirra, nánar tiltekið í tengslum við aðrar kröfur í tilskipun 85/611/EBE, s.s. stjórnun eða áhættustjórnunaraðferðir og til að tryggja snurðulausa framkvæmd vöruvegabréfsins.

6) Í tilskipun 85/611/EBE eru framseljanleg verðbréf eingöngu skilgreind út frá formlegum/lagalegum sjónarhóli. Í samræmi við það gildir skilgreiningin á framseljanlegum verðbréfum um breitt svið fjármálaafurða sem hafa ólík einkenni og seljanleiki þeirra er mismunandi. Tryggja skal samræmi milli skilgreiningarinnar á framseljanlegum verðbréfum og annarra

([1]) Stjtíð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/1/EB (Stjtíð. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).

ákvæða í tilskipuninni fyrir hverja fjármálaafurð.

7) Lokaðir sjóðir (closed end funds) mynda eignaflokk sem er ekki skýrt tilgreindur sem hæf eign fyrir verðbréfasjóð í tilskipun 85/611/EBE. Oft er þó farið með hlutdeildarskírteini í lokuðum verðbréfasjóðum sem framseljanleg verðbréf og skráning þeirra á skipulegan markað gefur oft tilefni til slíkrar meðferðar. Því er nauðsynlegt að veita markaðsaðilum og lögbærum yfirvöldum vissu fyrir því hvort hlutdeildarskírteini í lokuðum verðbréfasjóðum falli undir skilgreininguna á framseljanlegum verðbréfum. Lögbær innlend yfirvöld gætu unnið saman innan samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsyfirvalda að því að þróa sameiginlegar aðferðir við hagnýta, daglega beitingu viðmiðana um lokaða verðbréfasjóði, nánar tiltekið að því er varðar lágmarksgrunnstaðla í tengslum við aðferðir í stjórnarháttum fyrirtækja.

8) Aukið réttaröryggi er einnig nauðsynlegt með tilliti til flokkunar á fjármálagerningum sem framseljanlegum verðbréfum þegar fjármálagerningarnir eru tengdir frammistöðu annarra eigna, þ.m.t. eignir sem ekki er getið um í tilskipun 85/611/EBE sjálfri eða þegar fjármálagerningarnir eru tryggðir með slíkum eignum. Taka skal skýrt fram að ef tengslin við þáttinn, sem liggur til grundvallar, eða við annan þátt gerningsins jafngilda þætti, sem verður að teljast innbyggð afleiða, telst fjármálagerningurinn til undirflokks framseljanlegra verðbréfa með innbyggðum afleiðuþætti. Af því leiðir að nota ber viðmiðanir um afleiður samkvæmt tilskipun 85/611/EBE að því er varðar þann þátt.

9) Til þess að fjármálagerningur falli að skilgreiningunni á peningamarkaðsgerningum í tilskipun 85/611/EBE skal hann falla að tilteknum viðmiðunum, nánar tiltekið verður hann að fá eðlilega meðferð á peningamarkaði, hann verður að vera seljanlegur og unnt að ákvarða nákvæmlega verðmæti hans hvenær sem er. Nauðsynlegt er að tryggja að notkun þessara viðmiðana sé samræmd að teknu tilliti til ákveðinna markaðsvenja. Einnig er nauðsynlegt að skýra að viðmiðanir verða að vera í samræmi við aðrar meginreglur í tilskipun 85/611/EBE. Skilgreiningin á peningamarkaðsgerningum skal ná til fjármálagerninga sem hvorki eru skráðir né verslað með á skipulegum markaði og settar eru fram viðmiðanir um í tilskipun 85/611/EBE til viðbótar almennum viðmiðunum fyrir peningamarkaðsgerninga. Því var jafnnauðsynlegt að skýra þessar viðmiðanir í ljósi krafna um vernd fjárfesta, að teknu tilliti til meginreglna í tilskipuninni, s.s. seljanleika eignasafns eins og leiðir af 37. gr. hennar.

10) Afleiddir fjármálagerningar skulu teljast lausafjáreignir samkvæmt tilskipun 85/611/EBE ef þeir uppfylla viðmiðanir sem settar eru fram í þeirri tilskipun. Nauðsynlegt er að tryggja að farið sé eftir þessum viðmiðunum á samræmdan hátt og einnig er nauðsynlegt að gera það ljóst að skilningur á viðmiðunum verður að samrýmast öðrum ákvæðum tilskipunarinnar. Einnig ætti að gera það ljóst að fylgi útlánaáhættuafleiður þessum viðmiðunum teljast þær afleiddir fjármálagerningar í skilningi tilskipunar 85/611/EBE og þess vegna eru þær hæfar til sömu meðferðar og farið er með lausafjáreignir.

11) Mikilvægi skýringa er sérstaklega áríðandi að því er varðar afleiður sem byggjast á fjármálavísitölum. Um þessar mundir eru margs konar fjármálavísitölur sem hafa það hlutverk að vera grundvöllur fyrir afleiðugerninga. Þessar vísitölur geta verið breytilegar að því er varðar samsetningu eða vægi þátta í þeim. Í öllum tilvikum þarf að tryggja að verðbréfasjóðurinn geti uppfyllt skuldbindingar sínar að því er varðar seljanleika eignasafnsins, skv. 37. gr. í tilskipun 85/611/EBE, og útreikning á bókfærðu verðgildi eignar og að eiginleikar þáttanna sem liggja til grundvallar afleiðunum hafi ekki neikvæð áhrif á þær skuldbindingar. Liggja skal ljóst fyrir að í afleiðum, sem byggjast á fjármálavísitölum, sem eru þannig samsettar að þær séu með fullnægjandi dreifingu, endurspeglist viðkomandi markaður, sem þær miðast við, með fullnægjandi hætti og að við þær eigi einnig þær upplýsingar sem máli skipta um samsetningu og útreikning vísitölunnar og falla undir flokk afleiðna sem lausafjáreignir. Lögbær innlend yfirvöld gætu unnið sameiginlega innan samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði að því að þróa sameiginlegar aðferðir við hagnýta, daglega notkun þessara viðmiðana, að því er varðar vísitölur sem byggjast á eignum sem eru ekki skilgreindar í tilskipuninni sem hæfar eignir.

12) Í tilskipun 85/611/EBE eru þau framseljanlegu verðbréf og peningamarkaðsgerningar sem fela í sér afleiðu talin sem undirflokkur framseljanlegra verðbréfa og peningamarkaðsgerninga. Með því að setja afleiðuþátt inn í framseljan-

legt verðbréf eða peningamarkaðsgerning breytist fjármálagerningurinn í heild ekki í afleiddan fjármálagerning sem félli utan skilgreiningarinnar á framseljanlegu verðbréfi eða peningamarkaðsgerningi. Því er nauðsynlegt að skýrt komi fram hvort afleiddur fjármálagerningur geti talist innbyggður í öðrum gerningi. Auk þess felur það þá hættu í sér, að setja afleiðu inn í framseljanlegt verðbréf eða peningamarkaðsgerning, að sneitt sé hjá reglum um afleiður sem settar voru með tilskipun 85/611/EBE. Af þeirri ástæðu er þess krafist í tilskipuninni að innbyggður afleiðuþáttur sé skilgreindur og að farið sé að þessum reglum. Þegar höfð er hliðsjón af umfangi nýjunga á fjármálasviðinu er skilgreiningin á innbyggðum afleiðuþætti ekki alltaf augljós. Í því skyni að auka áreiðanleika í þessu tilliti skal mæla fyrir um viðmiðanir til greiningar á slíkum þáttum.

13) Samkvæmt tilskipun 85/611/EBE falla aðferðir og gerningar, sem varða framseljanleg verðbréf eða peningamarkaðsgerninga, og hafa þann tilgang að auka skilvirkni í stýringu eignasafns, ekki undir skilgreininguna á framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum. Til þess að skýra mörk þessara skilgreininga er nauðsynlegt að setja fram viðmiðanir til að skilgreina viðskiptin sem myndu falla undir þessar aðferðir og gerninga. Einnig er nauðsynlegt að minna á að skilja verður þessar aðferðir og gerninga með hliðsjón af öðrum skyldum verðbréfasjóðs, einkum að því er varðar áhættulýsingu hans. Þær verða að vera í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 85/611/EBE um áhættustjórnun og um áhættudreifingu, ásamt takmörkunum, sem settar eru í tilskipuninni, á skortsölu og lánum.

14) Í tilskipun 85/611/EBE eru settar fram viðmiðanir til að skilgreina verðbréfasjóði sem endurskapa vísitölur skuldabréfa eða hlutabréfa. Verðbréfasjóðir, sem fara eftir þessum viðmiðunum, fá sveigjanlegri meðferð að því er varðar hámark fjárfestinga útgefenda. Því er nauðsynlegt að þróa skýran skilning á þessum viðmiðunum og tryggja að þeim sé beitt á samræmdan hátt í öllum aðildarríkjunum. Það felur í sér að frekari skýring sé veitt á því hvort hægt sé að telja verðbréfasjóð sem verðbréfasjóð endurskapaðrar vísitölu og skapa þar með meiri vissu um skilyrði sem réttlæta fríðindameðferð verðbréfasjóða endurskapaðrar vísitölu.

15) Leitað hefur verið til samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um ráðgjöf.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Inntak

Í þessari tilskipun eru settar reglur til skýringar á eftirfarandi hugtökum, að því er varðar samræmda beitingu þeirra:

1. framseljanleg verðbréf samkvæmt skilgreiningu í 8. mgr. 1. gr. í tilskipun 85/611/EBE,
2. peningamarkaðsgerningar samkvæmt skilgreiningu 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 85/611/EBE,
3. lausafjáreignir, sem um getur í skilgreiningum á verðbréfasjóðnum, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. í tilskipun 85/611/EBE, með tilliti til afleiðufjármálagerninga,
4. framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar innbyggðra afleiðna, sem um getur í 4. undirgrein 3. mgr. 21. gr. í tilskipun 85/611/EBE,
5. aðferðir og gerningar til að auka skilvirkni í stjórnun eignasafns sem um getur í 2. mgr. 21. gr. í tilskipun 85/611/EBE,
6. verðbréfasjóður, sem endurskapar vísitölu, sem um getur í 1. mgr. 22. gr. a í tilskipun 85/611/EBE.

2. gr.

Ákvæði 8. mgr. 1. gr. í tilskipun 85/611/EBE

Framseljanleg verðbréf

1. Litið skal svo á að þegar vísað er til framseljanlegra verðbréfa í 8. mgr. 1. gr. í tilskipun 85/611/EBE sé átt við fjármálagerninga sem uppfylla eftirtaldar viðmiðanir:

a) hugsanlegt tap, sem verðbréfasjóður kann að verða fyrir að því er varðar eign á þessum gerningum, takmarkast við þá fjárhæð sem hann hefur greitt fyrir þá,

b) seljanleiki þeirra stofnar ekki getu verðbréfasjóðsins til að fara að 37. gr. í tilskipun 85/611/EBE í hættu,

c) áreiðanlegt mat á þeim liggur fyrir sem hér segir:

   i) þegar um er ræða verðbréf sem hafa verið skráð eða verslað er með á skipulegum markaði, eins og um getur í a–d-lið 1. mgr. 19. gr.

í tilskipun 85/611/EBE, í formi nákvæms, áreiðanlegs og reglubundins verðs sem er annaðhvort markaðsverð eða verð sem er aðgengilegt með matskerfum sem eru óháð útgefendum,

ii) þegar um er að ræða önnur verðbréf, sem um getur í 2. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE, í formi reglubundins mats sem byggt er á upplýsingum frá útgefanda verðbréfanna eða samkeppnishæfum fjárfestingarannsóknum,

d) til eru viðeigandi upplýsingar um þau sem hér segir:

i. þegar um er að ræða verðbréf sem hafa verið skráð eða verslað er með á skipulegum markaði, sem um getur í a–d-lið 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE, í formi reglubundinna, nákvæmra og alhliða upplýsinga til markaðarins um verðbréfin eða, þar sem við á, um verðbréfasafnið,

ii. þegar um er að ræða önnur verðbréf, sem um getur í 2. mgr. 19. gr. tilskipunar 85/611/EBE, í formi reglubundinna og nákvæmra upplýsinga til verðbréfasjóðsins um verðbréf eða, þar sem við á, um verðbréfasafnið,

e) þau eru framseljanleg,

f) kaup þeirra samrýmast fjárfestingarmarkmiðum eða -stefnu verðbréfasjóðsins, eða hvoru tveggja, samkvæmt tilskipun 85/611/EBE,

g) gerðar eru viðeigandi ráðstafanir með áhættustjórnunarferli verðbréfasjóðsins vegna áhættu af þeim.

Að því er varðar b- og e-lið fyrstu undirgreinar skal litið svo á að fjármálagerningar, sem eru skráðir eða verslað er með á skipulegum markaði í samræmi við a-, b- eða c-lið 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 85/611/EBE, nema verðbréfasjóðurinn hafi tiltækar upplýsingar sem myndu leiða til annarrar ákvörðunar, að getu verðbréfasjóðsins á að fara að 37. gr. tilskipunar 85/611/EBE sé ekki stefnt í hættu og einnig skal litið svo á að þeir séu framseljanlegir.

2. Litið skal svo á að framseljanleg verðbréf, sem um getur í 8. mgr. 1. gr. tilskipunar 85/611/EBE, taki til eftirfarandi:

a) hlutdeildarskírteina í lokuðum verðbréfasjóðum sem stofnaðir eru sem fjárfestingarfélög eða fjárhaldssjóðir og uppfylla eftirtaldar viðmiðanir:

i. þeir uppfylla viðmiðanirnar sem eru settar fram í 1. mgr.,

ii. þeir eru háðir reglum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gilda um félög,

iii. ef önnur eining sér um eignastýringu fyrir hönd lokaðs sjóðs heyrir sú eining undir innlendar reglur í þeim tilgangi að vernda fjárfesta,

b) hlutdeildarskírteina í lokuðum sjóðum, sem stofnaðir eru samkvæmt samningalögum og uppfylla eftirtaldar viðmiðanir:

i. þeir uppfylla viðmiðanirnar sem eru settar fram í 1. mgr.,

ii. þeir eru háðir reglum um stjórnarhætti fyrirtækja sem jafngilda þeim er gilda um félög, sem um getur í ii-lið a-liðar,

iii. þeim stjórnar eining sem heyrir undir innlendar reglur sem miða að því að vernda fjárfesta,

c) fjármálagerninga sem uppfylla eftirtaldar viðmiðanir:

i. þeir uppfylla viðmiðanirnar sem eru settar fram í 1. mgr.,

ii. þeir eru tryggðir eða tengjast hagnaði af öðrum eignum sem kunna að vera aðrar en um getur í 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 85/611/EBE.

3. Ef fjármálagerningur, sem fellur undir c-lið 2. mgr., sem um getur í 10. gr. þessarar tilskipunar, inniheldur innbyggðan afleiðuþátt, skulu kröfurnar í 21. gr. tilskipunar 85/611/EBE eiga við um þann þátt.

3. gr.

Ákvæði 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 85/611/EBE

Gerningar sem venjulega er verslað með á peningamarkaði

1. Litið skal svo á að með peningamarkaðsgerningum í 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 85/611/EBE sé átt við eftirfarandi gerninga:

a) fjármálagerninga sem eru skráðir eða verslað er með á skipulegum markaði í samræmi við a-, b- og c-lið 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE,

b) fjármálagerninga sem ekki eru skráðir á skipulegum markaði.

2. Litið skal svo á að þegar vísað er í peningamarkaðsgerninga í 9. mgr. 1. gr. tilskipunar 85/611/EBE sem gerninga, sem venjulega er verslað með á peningamarkaði, sé átt við fjármálagerninga sem uppfylla eitt eftirtalinna viðmiðana:

a) binditími þeirra við útgáfu er 397 dagar eða skemmri,

b) binditími þeirra sem eftir er er 397 dagar eða skemmri,

c) þeir gangast undir reglubundna arðsemisaðlögun í samræmi við aðstæður á peningamarkaði á a.m.k. 397 daga fresti,

d) áhættulýsing þeirra, þ.m.t. láns- og vaxtaáhætta, samsvarar þeim fjármálagerningum sem hafa binditíma, sem um getur í a- og b-lið eða eru háð arðsemisaðlögun sem um getur í c-lið.

4. gr.

Ákvæði 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 85/611/EBE

Lausafjárgerningar sem unnt er að verðmeta nákvæmlega hvenær sem er

1. Litið skal svo á að þegar vísað er í peningamarkaðsgerninga í 9. mgr. 1. gr. tilskipunar 85/611/EBE sem lausafjárgerninga sé átt við fjármálagerninga sem unnt er að selja með litlum tilkostnaði á tiltölulega skömmum tíma, með tilliti til skyldu verðbréfasjóðsins að endurkaupa eða innleysa hlutdeildarskírteini sín að ósk eigenda þessara skírteina.

2. Litið skal svo á að þegar vísað er í peningamarkaðsgerninga í 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 85/611/EBE sem gerninga sem unnt er að verðmeta nákvæmlega hvenær sem er, sé átt við fjármálagerninga sem unnt er að meta með tiltækum, nákvæmum og áreiðanlegum verðmatskerfum sem uppfylla eftirtaldar viðmiðanir:

a) þeir gera verðbréfasjóðnum kleift að reikna hreint virði eigna í samræmi við það verð, sem fengist fyrir fjármálagerning, sem er í eignasafninu, í viðskiptum milli ótengdra aðila sem eru upplýstir og fúsir til viðskiptanna,

b) þeir byggjast annaðhvort á markaðsgögnum eða á virðislíkönum, þ.m.t. kerfi sem byggjast á afskrifuðu kostnaðarverði.

3. Litið skal svo á að viðmiðanirnar, sem vísað er til í 1. og 2. mgr., séu uppfylltar þegar um er að ræða fjármálagerninga sem venjulega er verslað með á peningamarkaði, í skilningi 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 85/611/EBE, og skráðir eru eða verslað er með á skipulegum markaði í samræmi við a-, b- og c-lið 1. mgr. 19. gr., nema verðbréfasjóðurinn hafi tiltækar upplýsingar sem myndu leiða til annarrar ákvörðunar.

5. gr.

Ákvæði h-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE

Gerningar þar sem útgáfa eða útgefandi sætir lögbundnu eftirliti í því skyni að vernda fjárfesta og sparifé

1. Litið skal svo á að þegar vísað er í h-lið 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE til annarra peningamarkaðsgerninga en þeirra sem er verslað með á skipulegum markaði, þar sem útgáfa eða útgefandi sætir sjálfur lögbundnu eftirliti sem hefur þann tilgang að vernda fjárfesta og sparifé, sé átt við fjármálagerninga sem uppfylla eftirtaldar viðmiðanir:

a) þeir uppfylla eitt af viðmiðunum sem fram koma í 2. mgr. 3. gr. og allar viðmiðanirnar sem fram koma í 1. og 2. mgr. 4. gr.,

b) tiltækar eru viðeigandi upplýsingar um þá, þ.m.t. upplýsingar sem gera kleift að meta á viðeigandi hátt lánsáhættu í tengslum við fjárfestinguna í slíkum gerningum, með tilliti til 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar,

c) þeir eru framseljanlegir án takmarkana.

2. Þegar um er að ræða peningamarkaðsgerninga, sem annar og fjórði undirliður h-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE taka til, eða peningamarkaðsgerninga, sem gefnir eru út af staðar- eða svæðisyfirvöldum aðildarríkis eða opinberri, alþjóðlegri stofnun en eru ekki með ábyrgð aðildarríkis, eða, ef um sambandsríki sem er aðildarríki er að ræða, aðildarríki sambandsríkisins, skulu viðeigandi upplýsingar, sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar, vera eftirfarandi:

a) upplýsingar um bæði útgefanda eða útgáfuáætlun og um lagalega og fjárhagslega stöðu útgefanda fyrir útgáfu peningamarkaðsgerningsins,

b) regluleg uppfærsla á upplýsingum sem um getur í a-lið og ætíð þegar mikilvægir atburðir eiga sér stað,

c) upplýsingarnar, sem vísað er til í a-lið, sannprófaðar af viðurkenndum þriðja aðila sem tekur ekki við fyrirmælum frá útgefanda,

d) fyrirliggjandi og áreiðanlegar tölulegar upplýsingar um útgáfuna eða útgáfuáætlunina.

3. Þegar um er að ræða peningamarkaðsgerninga, sem falla undir þriðju undirgrein h-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE, skulu viðeigandi upplýsingar, sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar, vera eftirfarandi:

a) upplýsingar um útgáfu eða útgáfukerfi eða um lagalega- og fjárhagslega stöðu útgefanda fyrir útgáfu peningamarkaðsgerningsins,

b) regluleg uppfærsla á upplýsingum sem um getur í a-lið og ætíð þegar mikilvægir atburðir eiga sér stað,

c) fyrirliggjandi og áreiðanlegar tölulegar upplýsingar um útgáfuna eða útgáfuáætlunina eða önnur gögn er gera viðeigandi mat á lánsáhættu í tengslum við fjárfestinguna í slíkum gerningum kleift.

4. Þegar um er að ræða viðeigandi upplýsingar, sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar, skulu þær taka til upplýsinga um útgáfuna eða útgáfuáætlun eða um lagalega og fjárhagslega stöðu útgefanda fyrir útgáfu peningamarkaðsgerningsins, um alla peningamarkaðsgerninga sem fyrsti undirliður h-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE tekur til, nema þá sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar og þeirra sem gefnir eru út af Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka í aðildarríki.

6. gr.

Ákvæði h-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE

Stofnun sem heyrir undir og fylgir varfærnisreglum sem lögbær yfirvöld telja a.m.k. jafnstrangar og þær sem mælt er fyrir um í lögum Bandalagsins

Litið skal svo á að þegar vísað er í stofnun sem heyrir undir og fylgir varfærnisreglum í þriðju undirgrein h-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE, sem lögbær yfirvöld telja a.m.k. jafnstrangar og þær sem mælt er fyrir um í lögum Bandalagsins, sé átt við útgefanda sem heyrir undir og fylgir varfærnisreglum og uppfyllir eitthvert eftirtalinna viðmiðana:

1. hann er staðsettur á Evrópska efnahagssvæðinu,
2. hann er staðsettur í OECD-löndum sem tilheyra iðnríkjunum tíu,
3. hann hefur a.m.k. lánshæfismat,
4. unnt er að sýna fram á með ítarlegri greiningu á útgefanda, að varfærnisreglur, sem eiga við þann útgefanda, séu a.m.k. jafnstrangar og þær sem mælt er fyrir um í lögum Bandalagsins.

7. gr.

Ákvæði h-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE

Verðbréfun með stoð í lánasamningi við fjármálastofnun

1. Litið skal svo á að þegar vísað er til verðbréfunar í fjórðu undirgrein h-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE sé átt við stofnanir, hvort sem um er að ræða fyrirtæki, sjóði eða saminga, sem komið er á fót í þeim tilgangi að reka starfsemi um verðbréfun.

2. Litið skal svo á að þegar vísað er til lánasamninga við fjármálastofnun í fjórðu undirgrein h-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE sé átt við bankastarfsstöð sem starfar á ábyrgð fjármálastofnunar sem sjálf er rekin í samræmi við þriðju undirgrein h-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE.

8. gr.

Ákvæði 2. mgr. 1. gr. og g-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE

Lausafjáreignir með tilliti til afleiðufjármálagerninga

1. Litið skal svo á að þegar vísað er til lausafjáreigna, sem um getur í 2. mgr. 1. gr. í tilskipun 85/611/EBE, að því er varðar afleiðufjármálagerninga, sé átt við afleiðufjármálagerninga sem uppfylla eftirtaldar viðmiðanir:

a) skjöl þeirra sem liggja til grundvallar eru sett saman úr einu eða fleiri eftirtalinna atriða:
   i. eignum, eins og fram kemur í 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE, þ.m.t. fjármálagerningar sem hafa eitt eða fleiri einkenni þessara eigna,
   ii. vöxtum,
   iii. gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlum,
   iv. fjármálavísitölum,

b) þegar um er að ræða afleiður utan skipulegs verðbréfamarkaðar, að þær uppfylli skilyrðin sem eru sett fram í annarri og þriðju undirgrein g-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE.

2. Afleiðufjármálagerningar, sem um getur í g-lið 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE, skulu taka til gerninga sem uppfylla eftirtaldar viðmiðanir:

a) með þeim er heimiluð yfirfærsla lánsfjáráhættu eignar, sem um getur í a-lið 1. mgr. þessarar greinar, óháð annarri áhættu sem fylgir þeirri eign,

b) þeir hafa ekki í för með sér afhendingu eða tilfærslu eigna, þ.m.t. í reiðufé, að öðru leyti en því sem um getur í 1. og 2. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE,

c) þeir eru í samræmi við viðmiðanirnar fyrir afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða sem mælt er fyrir um í annarri og þriðju undirgrein g-liðar, 1 mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE og í 3. og 4. mgr. þessarar greinar,

d) varið er gegn áhættu vegna þeirra á viðeigandi hátt með áhættustjórnunarferli verðbréfasjóðsins og með innri eftirlitskerfum, ef um er að ræða áhættu vegna ósamhverfra upplýsinga frá verðbréfasjóðnum og mótaðila lánsfjárafleiðu sem stafar af hugsanlegum aðgangi mótaðilans að óopinberum upplýsingum um fyrirtæki þar sem eignir þess eru notaðar til grundvallar lánaafleiðum.

3. Að því er varðar þriðju undirgrein g-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE skal litið á tilvísunina í gangvirði sem vísun í þá fjárhæð sem unnt er að selja eign fyrir eða gera upp skuld með í viðskiptum ótengdra aðila sem eru upplýstir og fúsir til viðskiptanna.

4. Að því er varðar þriðju undirgrein g-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE skal litið svo á að með áreiðanlegu og sannreynanlegu mati sé átt við mat, unnið af verðbréfasjóðnum, sem samsvarar gangvirði, sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, sem byggist ekki einungis á markaðsskráningu mótaðila og uppfyllir eftirtaldar viðmiðanir:

a) grundvöllur matsins er annaðhvort áreiðanlegt, uppfært markaðsvirði gerningsins eða, ef slíkt virði er ekki fyrir hendi, verðlagningarlíkan þar sem beitt er fullnægjandi og viðurkenndum aðferðum,

b) sannprófunin á matinu er framkvæmd af einum af eftirfarandi aðilum:

   i) viðeigandi þriðja aðila, sem er óháður mótaðila afleiðu utan skipulegs verðbréfamarkaðar, með hæfilegu millibili og á þann hátt að verðbréfasjóðurinn geti haft eftirlit með því,

   ii) einingu innan verðbréfasjóðsins sem er óháð deildinni sem hefur umsjón með stýringu eignanna og er nægilega vel í stakk búin til að annast það.

5. Litið skal svo á að lausafjáreignir, sem um getur í 2. mgr. 1. gr. og í g-lið 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE, taki ekki til afleiddra vöruskuldaskjala.

9. gr.

Ákvæði g-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE

Fjármálavísitölur

1. Litið skal svo á að þegar vísað er til fjármálavísitalna, sem um getur í g-lið 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE sé átt við vísitölur sem uppfylla eftirtaldar viðmiðanir:

a) í þeim er fullnægjandi dreifing að því leyti að eftirtaldar viðmiðanir séu uppfylltar:

   i. vísitalan er þannig samsett að breytingar á verðlagi eða viðskiptum að því er varðar einn þátt hafa ekki óhófleg áhrif á vísitöluna í heild,

   ii. ef vísitalan er sett saman úr eignum sem um getur í 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE er samsetning hennar a.m.k. fjölbreytileg í samræmi við 22. gr. a í þeirri tilskipun,

   iii. ef vísitalan er sett saman úr öðrum eignum en þeim sem um getur í 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE er dreifing hennar þannig að jafngildir því sem kveðið er á um í 22. gr. a í þeirri tilskipun,

b) í þeim endurspeglast viðkomandi markaður með fullnægjandi hætti að því leyti að eftirtaldar viðmiðanir séu uppfylltar:

   i) vísitalan mælir á viðeigandi hátt sem skiptir máli árangur dæmigerðra undirliggjandi eigna,

   ii) vísitalan er endurskoðuð eða þættir í henni endurvegnir reglulega til að tryggja að hún endurspegli áfram markaðina sem hún endurspeglar með því að fara eftir viðmiðunum sem eru opinberar og aðgengilegar,

   iii) undirliggjandi eignir eru nægjanlega seljanlegar sem gerir notendum kleift að endurskapa vísitöluna sé það nauðsynlegt,

c) þær eru birtar opinberlega og með viðeigandi hætti þannig að eftirtaldar viðmiðanir eru uppfylltar:

   i. útgáfuferli þeirra byggir á traustum aðferðum við samantekt á verði og til útreikninga og síðan birtingar vísitölunnar, þ.m.t. aðferðir við verðlagningu fyrir þætti ef markaðsverð liggur ekki fyrir,

   ii. mikilvægar upplýsingar, s.s. um útreikning vísitölu, aðferðir við að endurvega þætti vísitalna, breytingar á vísitölu eða hvers konar

vandkvæði við framkvæmd á veitingu tímanlegra eða nákvæmra upplýsinga eru veittar á breiðum og tímanlegum grundvelli.

2. Ef samsetning eigna, sem liggja til grundvallar afleiðusamningum í samræmi við 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE, uppfyllir ekki viðmiðanirnar, sem settar eru fram í 1. mgr. þessarar greinar, skal, ef þessir afleiðusamningar uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. mgr. 8. gr. í þessari tilskipun, litið á þá sem afleiðusamninga sem eru settir saman úr eignunum er um getur í i-, ii- og iii-lið a-liðar 1. mgr. 8. gr.

10. gr.

Ákvæði fjórðu undirgreinar 3. mgr. 21. gr. í tilskipun 85/611/EBE

Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar innbyggðra afleiðna

1. Litið skal svo á að þegar vísað er til framseljanlegra verðbréfa með innbyggðri afleiðu í fjórðu undirgrein 3. mgr. 21. gr. í tilskipun 85/611/EBE sé átt við fjármálagerninga sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. mgr. 2. gr. í þessari tilskipun og fela í sér þátt sem uppfyllir eftirtaldar viðmiðanir:

a) samkvæmt þeim þætti er hægt að breyta að hluta til eða öllu leyti því sjóðstreymi, sem annars væri gerð krafa um í framseljanlega verðbréfinu sem hefur hlutverk hýsilsamnings, í samræmi við tilgreinda vexti, verð fjármálagernings, gengi erlendra gjaldmiðla, vísitölu neysluverðs eða vaxta, lánshæfismat eða lánskjaravísitölu eða aðrar breytur og breytist þar af leiðandi á svipaðan hátt og sjálfstæðar afleiður,

b) efnahagsleg einkenni og áhætta eru ekki nátengd efnahagslegum einkennum og áhættu vegna hýsilsamningsins,

c) hann hefur umtalsverð áhrif á áhættulýsingu og verðlagningu framseljanlegra verðbréfa.

2. Litið skal á peningamarkaðsgerninga, sem uppfylla eitt af viðmiðunum, sem settar eru fram í 2. mgr. 3. gr. og allar viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. og 2. mgr. 4. gr. og fela í sér þátt sem uppfyllir viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1 mgr. þessarar greinar, sem peningamarkaðsgerninga með innbyggðri afleiðu.

3. Ekki skal litið svo á að framseljanlegt verðbréf eða peningamarkaðsgerningur sé með innbyggða afleiðu ef það felur í sér þátt sem samkvæmt samningi er framseljanlegur óháð framseljanlegu verðbréfinu eða peningamarkaðsgerningnum. Slíkur þáttur skal teljast sérstakur fjármálagerningur.

11. gr.

Ákvæði 2. mgr. 21. gr. í tilskipun 85/611/EBE

Aðferðir og gerningar til að auka skilvirkni í stýringu eignasafns

1. Litið skal svo á að þegar vísað er til aðferða og gerninga er varða framseljanleg verðbréf, og notuð eru í þeim tilgangi að auka skilvirkni í stýringu eignasafns í 2. mgr. 21. gr. í tilskipun 85/611/EBE, sé átt við aðferðir og gerninga sem uppfylla eftirtaldar viðmiðanir:

a) þau eiga við fjárhagslega að því leyti að þau eru innleysanleg á arðsaman hátt,

b) þau eru gerð vegna eins eða fleiri eftirtalinna sérmarkmiða:

   i. að draga úr áhættu,

   ii. að lækka kostnað,

   iii. að mynda viðbótarfjármagn eða -tekjur fyrir verðbréfasjóðinn með áhættustigi sem er í samræmi við áhættulýsingu verðbréfasjóðsins og reglur um áhættudreifingu sem mælt er fyrir um í 22. gr. í tilskipun 85/611/EBE,

c) með áhættustjórnunarferli verðbréfasjóðsins er áhættu vegna þeirra stjórnað á viðeigandi hátt.

2. Litið skal svo á að með aðferðum og gerningum, sem samrýmast viðmiðununum, sem settar eru fram í 1. mgr. og tengjast peningamarkaðsgerningum, sé átt við aðferðir og gerninga sem tengjast peningamarkaðsgerningum til að auka skilvirkni í stýringu eignasafns sem um getur í 2. mgr. 21. gr. í tilskipun 85/611/EBE.

12. gr.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. a í tilskipun 85/611/EBE

Verðbréfasjóðir endurskapaðrar vísitölu

1. Litið skal svo á að þegar vísað er til endursköpunar á samsetningu tiltekinna hlutabréfa- eða skuldabréfavísitölu, sem um getur í 1. mgr. 22. gr. a í tilskipun 85/611/EBE, sé átt við endursköpun á samsetningu eigna sem liggja til grundvallar vísitölunni, þ.m.t. notkun afleiddra gerninga og annarra aðferða og gerninga sem um getur í 2. mgr. 21. gr. í tilskipun 85/611/EBE og í 11. gr. þessarar tilskipunar.

2. Litið skal svo á að þegar vísað er til vísitölu sem hefur fullnægjandi dreifingu í fyrstu undirgrein 1. mgr. 22. gr. a í tilskipun 85/611/EBE, sé átt við vísitölu sem uppfyllir reglur um áhættudreifingu í 22. gr. a í þeirri tilskipun.

3. Litið skal svo á að þegar vísað er til vísitölu sem felur í sér fullnægjandi viðmiðun, sem um getur í

annarri undirgrein 1. mgr. 22. gr. a í tilskipun 85/611/EBE, sé átt við vísitölu sem er fengin með viðurkenndri aðferðafræði sem felur almennt ekki í sér útilokun stórtæks útgefanda á markaðnum sem hún á við um.

4. Litið skal svo á að þegar vísað er til vísitölu, sem er birt opinberlega með viðeigandi hætti, sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 22. gr. a í tilskipun 85/611/EBE, sé átt við vísitölu sem uppfyllir eftirtaldar viðmiðanir:

a) almenningur hefur aðgang að henni,

b) vísitölumiðlarinn er óháður verðbréfasjóði endurskapaðrar vísitölu.

Ákvæði b-liðar koma ekki í veg fyrir að vísitölumiðlarar og verðbréfasjóðurinn séu innan sömu samstæðu, að því tilskildu að skilvirkt fyrirkomulag á stjórnun hagsmunaárekstra sé fyrir hendi.

13. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta, í síðasta lagi 23. mars 2008, nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni þessi ákvæði og samsvörunartöflu yfir viðkomandi ákvæði og þessa tilskipun.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 23. júlí 2008.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

14. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

15. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. mars 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCreevy

framkvæmdastjóri.

613. Frumvarp til laga [362. mál]

um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

2. mgr. 29. gr. laganna orðast svo:

Rétt til að starfa sem landvörður samkvæmt þessari grein hefur sá er lokið hefur námskeiði og prófi í landvörslu sem eru á vegum Umhverfisstofnunar eða hefur öðlast menntun er samsvarar efnisþáttum framangreinds námskeiðs að mati Umhverfisstofnunar. Í námskeiði til landvörslu skal m.a. fjallað um reglur varðandi umhverfi og náttúruvernd, öryggismál, stígagerð og fræðslu gesta á náttúruverndarsvæðum. Umhverfisstofnun er heimilt að taka gjald fyrir námskeið til landvörslu og próftöku er þátttakendur greiða. Upphæð gjalds má ekki vera hærri en sá kostnaður sem hlýst af námskeiðshaldi og vinnu vegna próftöku og setur ráðherra gjaldskrá að fengum tillögum Umhverfisstofnunar vegna þess. Umhverfisráðherra er heimilt að setja í reglugerð, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, nánari ákvæði um nám og starfsskyldur þeirra sem starfa á náttúruverndarsvæðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs árið 2008 fjölgaði stöðugildum landvarða talsvert og þarf því að mæta aukinni eftirspurn eftir landvörðum, en hlutverk þeirra er m.a. að annast eftirlit og fræðslu á náttúruverndarsvæðum, sbr. 1. mgr. 29. gr. laganna. Ákvæði um námskeið fyrir landverði hafa verið í reglugerð frá 1990, sbr. reglugerð um landverði nr. 61/1990. Hér er lagt til að lögfest verði heimild Umhverfisstofnunar til að halda námskeið og próf í landvörslu, svo og heimild stofnunarinnar til gjaldtöku vegna slíkra námskeiða og prófa. Í samræmi við almennar reglur um þjónustugjöld þykir rétt að hafa slíka gjaldtökuheimild í lögum. Þá er lagt til að Umhverfisstofnun hafi heimild til að meta þá menntun gilda sem samsvarar efnisþáttum námskeiðsins. Þannig ættu þeir sem telja má að hafi öðlast sambærilega menntun sem samsvarar þeim efnisþáttum er fólgnir eru í námskeiði til landvörslu að geta hagnýtt slíka menntun. Lagt er hér og til að kveðið sé á um það í lögum hvaða meginþættir þurfa að vera til staðar fyrir menn svo að þeir megi starfa við landvörslu, auk þess sem helstu þættir landvörslunáms eru tilgreindir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, með síðari breytingum.

Megintilgangur frumvarpsins er að styrkja heimild Umhverfisstofnunar til að taka gjald fyrir námskeið og próf fyrir landverði. Í frumvarpinu er mælt fyrir um að rétt til að starfa sem landvörður skv. 29. gr. laganna hafi sá sem hefur lokið námskeiði og prófi í landvörslu sem eru á vegum Umhverfisstofnunar eða öðlast jafngilda menntun að mati stofnunarinnar. Sömuleiðis er mælt fyrir um skýra lagaheimild fyrir Umhverfisstofnun til að taka gjald á móti kostnaði fyrir námskeið í landvörslu og framkvæmd prófs, en slík ótvíræð lagaheimild er ekki til staðar í dag.

Undanfarið hafa milli 15 og 20 manns sótt landvarðanámskeið Umhverfisstofnunar á ári hverju og hefur stofnunin innheimt gjald fyrir námskeiðin en tekjur af gjaldinu hafa ekki staðið undir kostnaði. Kostnaður við námskeiðin hefur verið um 1,5 m.kr. á ári en tekjurnar um 1 m.kr.

Ekki verður séð að frumvarpið, verði það að lögum, hafi áhrif á kostnað ríkissjóðs. Miðað við óbreytta aðsókn að landvarðanámskeiðum má ætla að tekjur Umhverfisstofnunar af námskeiðs- og prófgjöldum aukist um 0,5 m.kr. á ársgrundvelli.

614. Svar [307. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Arnbjargar Sveinsdóttur um framlög til framkvæmdar byggðaáætlunar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er heildarfjárhæð sem varið hefur verið til byggðaáætlunar á árunum 2006–2009? Svar óskast sundurliðað eftir verkefnum og árum.

Eftirfarandi tafla sýnir yfirlit um öll framlög til verkefna sem fjármögnuð eru af fjárheimildum til byggðaáætlunar. Í sumum tilfellum getur verið um að ræða greiðslu t.d. á árinu 2006 til verkefna sem að mestu leyti voru unnin á árinu 2005 og í öðrum tilvikum getur verið um að ræða verkefni sem ekki lýkur fyrr en á árinu 2010 og koma því ekki til uppgjörs fyrr en þá. Í þessari töflu er eingöngu gerð grein fyrir greiðslum frá iðnaðarráðuneyti en í mörgum verkefnum, t.d. samstarfsverkefnum með öðrum ráðuneytum, tvöfaldast heildarumfang verkefna með mótframlagi annarra þáttakenda.

Ráðstöfun fjárheimilda byggðaáætlunar 2006–2009, millj. kr.

Viðfang	2006	2007	2008	Áætlun 2009
Vaxtarsamningar:				
Vesturland	1.227	35.024	20.000	*10.000*
Eyjafjörður	30.244	30.905	30.000	*30.000*
Norðvesturland			30.000	*30.000*
Vestfirðir	15.017	25.000	20.000	*30.000*
Austurland	4.607	20.984	10.000	*30.000*
Norðausturland			30.000	*30.000*
Suðurland	4.510	30.000	20.000	*25.000*
Ýmis kostnaður vegna vaxtarsamninga	1.673		524	
Samtals:	**57.277**	**141.912**	**160.524**	***185.000***
Samstarfsverkefni með öðrum ráðuneytum:				
Staðardagskrá 21 og sjálfbær byggðaþróun í fámennum sveitarfélögum		3.500	3.500	*3.500*
Uppbygging ferðaþjónustu á landsbyggðinni	15.000			
Átak í menntun og menningu á landsbyggðinni	50.000			
Háskólasetur Vestfjarða og þekkingarsetur Austurlands	36.000	37.080	38.452	*40.000*
Efling rannsókna og þróunarstarfsemi á sviði sjávarútvegs	24.200		2000	*3.000*
Upplýsingaveita sveitarfélaga				
Öndvegissetur í auðlindalíftækni	21.127	21.513		
Samtals:	**146.327**	**62.093**	**43.952**	***46.500***
Verkefni á vegum iðnaðarráðuneytis og stofnana þess:				
Nýsköpunarmiðstöð á Akureyri	60.000	120.000	90.000	*90.000*
Byggðastofnun, rafrænt samfélag	31.800		24.800	
Norrænt samstarf, NPP/NORA/ESPON	82.820	43.169	75.606	*75.000*
Ýmis kynningar- og undirbúningskostnaður	3.407		5.863	*4.000*
Rannsóknastofn. HA, samfélagsáhrif á Austurlandi		4.000		
Verkefni í ferðaþjónustu				*200.000*
Verkefni unnin frá Höfn, Ísafirði og Vestmannaeyjum			56.034	*23.966*
Samtals:	**178.027**	**167.169**	**252.303**	***392.966***
Samtals greiðslur vegna byggðaáætlunar	**381.631**	**371.174**	**456.779**	**624.466**
Framlög á fjárlögum	314.500	456.000	439.900	477.600
Flutt ónýtt fjárheimild frá árinu 2005	280.467			

Heildarfjárheimildir til byggðaáætlunar á árunum 2006–2009 nema 1.968 millj. kr. Greiðslur vegna verkefna byggðaáætlunar á árunum 2006–2009 nema 1.834 millj. kr. og árið 2010 verða lokagreiðslur vegna verkefna á byggðaáætlun 2006–2009 134 millj. kr.

Skýringar:

Vaxtarsamningar.

Vaxtarsamningar eru einna veigamesti hluti byggðaáætlunarinnar. Með vaxtarsamningum skuldbinda opinberir aðilar og einkaaðilar sig til að vinna saman að uppbyggingu atvinnulífs á tilteknum svæðum með það að markmiði að efla samkeppnishæfni þeirra og stuðla að auknum hagvexti. Byggt er á styrk hvers svæðis og unnið að því að efla vaxtargreinar og auka svæðisbundna þekkingu með uppbyggingu klasa og tengslaneta. Vaxtarsamningar hafa verði gerðir við sjö atvinnuþróunarsvæði til þriggja ára í senn. Fjórir þeirra renna út síðari hluta þessa árs en hinir þrír í byrjun 2011.

Samstarfsverkefni ráðuneyta.

Til samstarfsverkefna ráðuneyta á öðrum fagsviðum er stofnað þar sem þau stuðla að framgangi markmiða byggðaáætlunarinnar. Kostnaður við framkvæmd slíkra verkefna deilist jafnt á milli ráðuneytanna, en verkefnin eru oft þess eðlis að án sameiginlegrar aðkomu væri óvíst um framgang þeirra.

Staðardagskrá 21 og sjálfbær byggðaþróun í fámennum sveitarfélögum eru verkefni sem unnin eru með umhverfisráðuneyti til innleiðingar velferðaráætlunar Sameinuðu þjóðanna frá Ríó de Janeró 1992, um umbætur í umhverfis-, efnahags- og félagslegum málum. Stuðningur ráðuneytanna er ætlaður litlum sveitarfélögum sem hafa takmarkaða burði til að takast óstudd á við þetta mikilvæga verkefni.

Árið 2006 var unnið með samgönguráðuneyti að verkefnum í tengslum við uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Framlög af byggðaáætlun til þeirra verkefna voru 8 millj. kr. til uppbyggingar upplýsingamiðstöðva fyrir ferðamenn, 3 millj. kr. til uppbyggingar menningar- og fræðslusetursins Grettistaks, 2,5 millj. kr. til uppbyggingar markaðsstofu Vestfjarða og 1,5 millj. kr. til uppbyggingar Selaseturs Íslands á Hvammstanga.

Á árinu 2006 voru veittar 50 millj. kr. til margvíslegra verkefna er lúta að uppbyggingu menntunar og menningarstarfsemi á landsbyggðinni í samstarfi við menntamálaráðuneyti. Verkefni þessi hófust á árinu 2003 á grundvelli fyrri byggðaáætlunar 2002–2005. Lögð var áhersla á tengsl menntunar og menningar við eflingu atvinnulífs og hagnýtingu upplýsingatækni til að auka námsframboð á landsbyggðinni, t.d. með fjarmenntun.

Frá árinu 2006 hefur verið í gildi samkomulag milli menntamálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis um 36 millj. kr. árlegt framlag af byggðaáætlun til uppbyggingar og reksturs Háskólaseturs Vestfjarða og Fræðslunets Austurlands. Samkomulagið gildir út árið 2010. Þetta samstarfsverkefni er hluti af sameiginlegri sýn ráðuneytanna um uppbyggingu þekkingarsetra á landsbyggðinni sem eiga að verða miðstöðvar þekkingar, rannsókna og nýsköpunar í þágu atvinnulífsins.

Á árinu 2006 voru 24,2 millj. kr. veittar af byggðaáætlun til þróunarverkefna á sviði sjávarútvegs í samstarfi við sjávarútvegsráðuneyti. Þau voru fiskeldisrannsóknir í sjókvíum á Ísafirði, veiðafærarannsóknir unnar frá starfsstöð Hafrannsóknastofnunarinnar á Ísafirði og þróun á vinnslutækni fyrir ál og humar unnar á Höfn. Auk þessa var stofnað til samstarfs um menntun, rannsóknir og nýsköpun í þróunarsetri Hólaskóla á Sauðárkróki og um próteinframleiðslu á Sauðárkróki. Þá verða á árunum 2008 og 2009 veittar 5 millj. kr. til sameiginlegs

verkefnis til að meta hvort unnt sé að stunda þorskeldi í Mjóafirði á Austurlandi á hagkvæman hátt.

Samstarfsverkefni iðnaðarráðuneytis, menntamálaráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis um öndvegissetur í sjávarlíftækni hófst árið 2004 og lauk 2007. Verkefnið var sett af stað undir byggðaáætlun 2002–2005 en dróst vegna langs undirbúningstíma. Tilgangur þess var að koma rannsóknum og þróunarstarfi við rannsóknarstofnanir á landsbyggðinni á það stig að geta sótt um styrki í samkeppnissjóðina, t.d. Tækniþróunarsjóð og AVS-sjóð sjávarútvegsráðuneytis.

Verkefni á vegum iðnaðarráðuneytis og stofnana þess.

Stofnun og rekstur Impru hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur verið þungamiðja í aðgerðum ráðuneytisins til að efla nýsköpun og atvinnuþróun á landsbyggðinni, einkum eftir opnun starfsstöðvar á Akureyri í desember 2002. Starfsemi Impru hefur aukist og eflst og við lok þessa árs er stefnt að því að reknar verði starfsstöðvar á sjö stöðum úti á landi: á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum, Höfn og í Vestmannaeyjum. Þessar starfsstöðvar gætu myndað grunn að þekkingarsetrum með annarri þekkingarstarfsemi sem nú þegar er að finna á þessum stöðum eða verða þar síðar.

Rafrænt samfélag var þróunarverkefni sem hófst árið 2004 og lauk að mestu 2006, en lokauppgjör þess var 2008. Verkefnið byggðist á þróun rafrænna samskipta á milli sveitarfélaga og íbúa og um þróun rafrænnar vinnslu á mörgum stigum stjórnsýslu sveitarfélaga. Lykilþátttakendur voru Árborg og nærliggjandi sveitarfélög og Norðurþing og nágrenni.

Samstarfsverkefni er tengjast norðurslóðum hafa reynst sveitarfélögum og fyrirtækjum á landsbyggðinni farsæl leið til að hefja alþjóðlegt samstarf um ýmis framfaramál. Veigamestu verkefnin eru annars vegar NORA, samstarfsverkefni Vestur-Noregs, Færeyja, Íslands og Grænlands og hins vegar norðurslóðaáætlun ESB (NPP), en sá hlutur sem fer til fjármögnunar verkefna á vegum íslenskra þátttakenda er greiddur af þessum lið.

Ýmiss kynningar- og undirbúningskostnaður sem bókfærður er á árunum 2006 og 2008 tengist undirbúningi og kynningu á ýmsum verkefnum byggðaáætlunarinnar.

Hluti af kostnaði við rannsóknir á samfélagslegum áhrifum af virkjunar- og stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi var á árinu 2007 greiddur af byggðaáætlun.

Af byggðaáætlun verða veittar 200 millj. kr. til verkefna í ferðaþjónustu árið 2009. Þau eru bætt móttökuaðstaða í höfnum fyrir farþega skemmtiferðaskipa, nýsköpun í ferðaþjónustu, þróunarverkefni í menningartengdri ferðaþjónustu, ferðaþjónusta sem byggist á sérkennum svæðis- eða staðbundinnar íslenskrar matargerðar og til gæðamála í ferðaþjónustu.

Verkefni sem unnin eru á starfsstöðvum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Höfn og Ísafirði og í Vestmannaeyjum hófust á árinu 2008. Á Höfn er unnið að stuðning við starfandi fyrirtæki í þeim tilgangi að bæta rekstur þeirra, efla vöruþróunarstarf og getu þeirra til útflutnings. Á Ísafirði er unnið að vöruþróun í starfandi fyrirtækjum á Vestfjörðum og Norðvesturlandi og að þróun vistvænna veiðarfæra sem nota ljóstækni. Í Vestmannaeyjum er unnið að þróun á varmadælum fyrir fjarvarmaveitur í þeim tilgangi að lækka kyndingarkostnað og nýta jarðvarmaorku.

615. Tillaga til þingsályktunar [363. mál]

um reglur um skilaskyldu á ferskum matvörum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Árni M. Mathiesen, Kjartan Ólafsson, Herdís Þórðardóttir, Jón Gunnarsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Bjarni Benediktsson, Ólöf Nordal, Ásta Möller, Björn Bjarnason, Jón Magnússon, Kristján Þór Júlíusson, Pétur H. Blöndal, Sturla Böðvarsson, Guðlaugur Þór Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að móta reglur um skilaskyldu á ferskum matvörum í verslunum, til þess að tryggja eðlilegt og sanngjarnt samkeppnisumhverfi innlendrar matvælaframleiðslu.

Greinargerð.

Mikil umræða hefur átt sér stað um svokallaða skilaskyldu á ferskum matvörum. Skilaskyldan felur í sér að kjósi verslunareigandi svo, getur hann sér að kostnaðarlausu krafist þess að framleiðandi taki til baka framleiðsluvörur sem eru að nálgast síðasta söludag. Þetta á við um íslenskar matvörur en ekki þær erlendu.

Margir íslenskir matvælaframleiðendur telja að þetta fyrirkomulag skapi mikla skekkju í samkeppnisumhverfinu. Innlendir framleiðendur þurfi að bera kostnað af þeirri rýrnun sem hlýst af því að vöru er skilað en sá sem flytur inn matvörur geti komið ábyrgðinni og kostnaðinum af sér yfir á herðar kaupmannsins. Þetta fyrirkomulag leiði síðan til þess að það skapist hvatning fyrir seljanda vörunnar að halda fremur fram þeirri vöru sem ekki er með skilaskyldu, til þess að tryggja að kostnaðurinn af rýrnun falli ekki á hann.

Þau sjónarmið hafa á hinn bóginn heyrst af hálfu seljenda að í skilaskyldu felist trygging fyrir því að ekki verði óeðlileg birgðasöfnun í verslun, með tilheyrandi kostnaði og rýrnun sem að lokum falli á neytendur í hærra vöruverði. Þess ber þó að geta að margir birgjar sjá sjálfir um að fylla á í búðunum og stýra magni, að minnsta kosti að mestu leyti.

Mjög mikilvægt er að um þessi mál gildi sanngjarnar leikreglur sem tryggi samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi hinnar gríðarlegu samþjöppunar í matvöruverslun sem hefur orðið hér á landi, þar sem tvær verslunarkeðjur ráða drýgstum hluta markaðarins.

616. Tillaga til þingsályktunar [364. mál]

um að styrkja stöðu minni hluthafa í hlutafélögum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Pétur H. Blöndal, Sigurður Kári Kristjánsson, Árni M. Mathiesen, Arnbjörg Sveinsdóttir, Jón Magnússon, Guðlaugur Þór Þórðarson, Ármann Kr. Ólafsson, Herdís Þórðardóttir, Bjarni Benediktsson, Ólöf Nordal, Björn Bjarnason, Jón Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Ásta Möller, Kjartan Ólafsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sturla Böðvarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á laggirnar nefnd sérfróðra manna sem móti tillögur er hafi það að markmiði að styrkja stöðu minni hluthafa í hlutafélögum. Nefndin skili áliti fyrir árslok.

Greinargerð.

Hrun bankakerfisins nú á haustdögum og þeir erfiðleikar sem sigldu í kjölfarið hafa m.a. beint sjónum manna að stöðu minni hluthafa og nauðsyn þess að tryggja minnihlutavernd í hlutafélögum. Ljóst er að mjög margir einstaklingar hafa tapað gríðarlega miklum fjármunum vegna þrots bankanna og erfiðleika fyrirtækja. Áætlað er að um 47 þúsund einstaklingar hafi tapað nær 130 milljörðum kr. á einni viku þegar hlutafjáreignir þeirra í bönkunum urðu verðlausar. Til viðbótar töpuðu um 1.400 lögaðilar nær 920 milljörðum kr. af sömu ástæðum. Á bak við þau félög eru vitaskuld einstaklingar, smáir sem stórir hluthafar, sem hafa tapað gríðarlegum fjármunum. Alls er talið að tap hlutabréfaeigenda vegna hruns bankanna þriggja hafi numið ríflega eitt þúsund milljörðum króna, miðað við gengið eins og það var 26. september sl. Athyglisvert er að í hópi þeirra sem töpuðu umtalsverðu fé voru 11 þúsund einstaklingar 65 ára og eldri sem töpuðu að meðaltali um 3 millj. kr. hver, eða alls 30 milljörðum kr., sjá yfirlit í fylgiskjali I.

Ástæða er til að árétta að þetta tap nær eingöngu til bankanna þriggja. Er þá ótalið tap sem hefur orðið vegna lækkunar á markaðsvirði ýmissa annarra fyrirtækja sem rekja má til bankahrunsins og þeirra verðlækkana sem orðið hafa á hlutabréfum. Þá höfðu þessar eignir lækkað umtalsvert árið fyrir hrun. Þær tölur eru ekki handbærar en fullyrða má að einstaklingar hafi tapað umtalsverðu fé vegna þeirrar þróunar.

Á undanförnum árum hafa fjölmargir lagt hluta sparnaðar síns í hlutafé í fyrirtækjum, sem á sínum tíma styrkti atvinnulífið og gaf fjölda fólks tækifæri á góðri ávöxtun. Augljóst er að hér er um að ræða fólk með lágar jafnt sem háar tekjur og tap þess er umtalsvert. Segja má að fjárfesting í hlutafé hafi verið orðinn þáttur í fjölþættara sparnaðarformi með líkum hætti og þekkst hefur lengi víða um lönd. Sú breyting varð síðustu árin að æ fleiri einstaklingar lögðu fjármuni til hlutafjárkaupa og urðu þannig beinir þátttakendur í eignarhaldi fyrirtækja án þess að nægjanlega hafi verið hugað að stöðu þeirra og hagsmunum.

Ýmsir urðu til þess að vekja athygli á því að staða minni hluthafa hafi alls ekki verið sem skyldi og örðugt væri fyrir þá að gæta hagsmuna sinna í jafnríkum mæli og æskilegt hefði verið. Má þar nefna Vilhjálm Bjarnason viðskiptafræðing sem beitti m.a. rétti sínum sem hluthafi til þess að vekja máls á þessum þáttum á hluthafafundum og aðalfundum félaga án þess þó að það fengi nægjanlega athygli. Nú í kjölfar bankahrunsins hafa þessi mál hins vegar notið miklu meiri athygli af augljósum ástæðum.

Á umliðnum árum voru gerðar ýmsar breytingar á lagaumhverfinu til þess að bæta hlut minni hluthafa. Ljóst er þó að alls ekki var nægjanlega langt gengið. Það hafa dæmin sannað undangengna mánuði.

Fréttir hafa borist af stórfelldum lánveitingum til stærri hluthafa og gífurlegri áhættutöku. Ef satt reynist kemur það fyrst og fremst niður á hag smærri hluthafa þó að á endanum bitni það á þjóðinni allri. Mikilvægt er því að huga sérstaklega að breytingum á lögum og reglum til að tryggja betur hagsmuni hinna minni hluthafa.

Á Alþingi hafa verið lögð fram þingmál, þar með talin lagafrumvörp, sem höfðu þann yfirlýsta tilgang að bæta hlut þeirra tugþúsunda Íslendinga sem fjárfestu í atvinnulífinu. Í þessu sambandi skal minnt á lagafrumvörp sem flutt voru fyrst á 130. löggjafarþingi og aftur á næsta þingi án þess að fá afgreiðslu, þ.e. lagafrumvarp um verðbréfaviðskipti, þskj. 34., 34. mál 131. löggjafarþings, sjá fylgiskjal II, og frumvarp til laga um hlutafélög, með síðari breytingum, þskj. 36, 36. mál á sama þingi, sjá fylgiskjal III. Flutningsmenn voru þingmenn úr öllum þingflokkum og er því ljóst að á Alþingi hefur ríkt mikill og þverpólitískur vilji til þess að vinna að þessum þáttum, í þágu almennings og atvinnulífs.

Mikilvægt er að nú verði sérstaklega hugað að þessum málum og þess freistað að læra af þeirri bituru reynslu sem við höfum orðið fyrir og er þingsályktunartillaga þessi flutt með það að markmiði.

Til þess að ná sem bestum árangri er skynsamlegt að setja á laggirnar starfshóp sérfróðra einstaklinga sem fari nákvæmlega yfir málið, beri reglur sem hér gilda og lúta að stöðu minni hluthafa saman við þær sem gilda í nágrannalöndum okkar og leggi til breytingar til að styrkja stöðu minni hluthafa, auðvelda þeim aðkomu að ýmsum ákvörðunum sem teknar eru af hálfu hlutafélaga og til að auka gagnsæi.

Slík vinna ætti að hafa það að markmiði að bæta hlut einstakra hluthafa og byggja upp traust einstaklinga á því að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi. Þetta er afar brýnt þar sem ætla má að tiltrú margra á því að festa fé sitt í atvinnurekstri hafi beðið mikinn hnekki og almenningur verði ekki eins fús og áður að leggja fram fjármagn til atvinnurekstrar. Það getur tafið þá bráðnauðsynlegu uppbyggingu atvinnulífs sem þarf að verða hið allra fyrsta hér á landi. Af þessum ástæðum er nefndinni markaður skammur tími til þess að ljúka verkefni sínu.

Fylgiskjal I.

Tap hlutabréfaeigenda vegna hruns bankanna briggja miðað við gengið 26. sept. sl.

Gengi: KÞ 750 / LB 23,05 / GI 15,7

Tap	65 ára og eldri			64 ára og yngri			Lögaðilar			Samtals		
	Fjöldi	Heildar-upphæð	meðal-upphæð	Fjöldi	Heildar-upphæð	meðal-upphæð	Fjöldi	Heildar-upphæð	meðal-upphæð	Fjöldi	Heildar-upphæð	meðal-upphæð
		Milljónir króna			Milljónir króna			Milljónir króna			Milljónir króna	
0-1 mkr	6.970	1.920	0,3	28.837	5.867	0,2	713	182	0,3	36.520	7.969	0,2
1-3 mkr	2.212	3.937	1,8	4.354	7.465	1,7	195	349	1,8	6.761	11.751	1,7
3-6 mkr	979	4.105	4,2	1.419	5.960	4,2	87	371	4,3	2.485	10.436	4,2
6-10 mkr	442	3.397	7,7	616	4.728	7,7	62	486	7,8	1.120	8.610	7,7
10-20 mkr	279	3.867	13,9	423	5.838	13,8	86	1.208	14,0	788	10.912	13,8
20-50 mkr	132	4.088	31,0	189	5.599	29,6	65	2.028	31,2	386	11.714	30,3
yfir 50 mkr	60	8.703	145,1	120	63.770	531,4	200	913.093	4.565,5	380	985.566	2.593,6
Samtals	**11.074**	**30.016**	**2,7**	**35.958**	**99.227**	**2,8**	**1.408**	**917.716**	**651,8**	**48.440**	**1.046.960**	**21,6**

Með tillögunni voru einnig eftirfarandi fylgiskjöl:

II. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti. Sjá þskj. 34 (34. mál 131. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2004–2005, bls. 580–581.

III. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum. Sjá þskj. 36 (36. mál 131. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 2004–2005, bls. 583–584.

617. Frumvarp til laga [365. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI
Breyting á tollalögum, nr. 88/2005.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, III, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 122. gr. laganna skal aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum heimilt að óska eftir því að fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda vegna uppgjörstímabila á árinu 2009 verði sem hér segir:

1. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skuli skila eigi síðar en á 15. degi næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
2. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skuli skila eigi síðar en á 15. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
3. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skuli skila eigi síðar en á 5. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Vextir vegna greiðslufrests aðflutningsgjalda sem veittur er skv. 1.–3. tölul. 1. mgr., þ.e. frá 15. degi næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils til 5. dags þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils, skulu vera almennir meðaltalsvextir, sbr. II. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, á viðkomandi tímabili.

Hafna skal beiðni aðila um fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda skv. 1. mgr. hafi hann ekki staðið skil á aðflutningsgjöldum vegna fyrra uppgjörstímabils.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laganna skal aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr. heimilt að óska eftir því að fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds vegna uppgjörstímabila á árinu 2009 verði sem hér segir:

1. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skuli skila eigi síðar en á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
2. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skuli skila eigi síðar en á 28. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Vextir vegna greiðslufrests vörugjalda sem veittur er skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr., þ.e. frá 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils til 28. dags þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils, skulu vera almennir meðaltalsvextir, sbr. II. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, á viðkomandi tímabili.

Hafna skal beiðni aðila um fyrirkomulag gjalddaga vörugjalda skv. 1. mgr. hafi hann ekki staðið skil á vörugjöldum vegna fyrra uppgjörstímabils.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði VII. kafla og 7. mgr. 20. gr. er á gjalddaga virðisaukaskatts vegna reglubundinna uppgjörstímabila á árinu 2009, sbr. 1. mgr. 24. gr., heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þótt einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað, sbr. ákvæði III til bráðabirgða við tollalög, nr. 88/2005.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Almennt.

Frumvarpi þessu er ætlað að bregðast tímabundið við brýnni þörf á gjaldaaðlögun fyrirtækja vegna þess gengisfalls, samdráttar og verðbólgu sem ríkir í íslensku efnahagslífi um þessar mundir. Um nokkurs konar greiðsluaðlögun fyrir atvinnulífið er að ræða þar sem fyrirtækjum verður á árinu 2009 gert kleift að dreifa gjalddögum aðflutningsgjalda og vörugjalds.

Með frumvarpinu er lagt til að á árinu 2009 geti fyrirtæki á hefðbundnum gjalddögum aðflutningsgjalda og vörugjalda, sbr. ákvæði laga þar um, valið um tvennt: Annars vegar að greiða á hefðbundnum gjalddaga eða að velja greiðsludreifingu. Ef greiðsludreifing er valin er greiðslunni skipt eins og nánar er mælt fyrir um í frumvarpi þessu, til samræmis við þá gjalddaga sem í gildi eru. Lagt er til að almennir meðalvextir verði greiddir af þeim hluta greiðslunnar sem er frestað, í stað dráttarvaxta.

Framangreint tímabundið fyrirkomulag gjalddaga, þ.e. greiðsluaðlögun, kallar á breytingar, í formi ákvæða til bráðabirgða, á lögum um vörugjald, lögum um virðisaukaskatt og tollalögum.

Þess má geta að greiðsluaðlögun af sams konar meiði var lögfest á síðasta haustþingi varðandi gjalddaga aðflutningsgjalda 17. nóvember 2008, sbr. lög nr. 130/2008, um breytingu á tollalögum, og lög nr. 157/2008, um breytingu á lögum um virðisaukaskatt. Með frumvarpi því sem hér er lagt fram er gengið lengra að því leyti að lagt er til að greiðsluaðlögunin ná til allra reglubundinna (tveggja mánaða) uppgjörstímabila á árinu 2009 að því er varðar bæði aðflutningsgjöld og vörugjöld.

2. Nánar um efnisatriði frumvarpsins.

Í fyrsta kafla frumvarpsins er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði bætt við tollalög, nr. 88/2005, þess efnis að aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, þ.e. aðilum sem eru í virðisaukaskattsskyldri starfsemi, verði heimilt að óska eftir því að fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda vegna uppgjörstímabila á árinu 2009 verði breytt á eftirfarandi hátt: Í stað þess að gjalddaginn sé 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils verði veittur gjaldfrestur á þann hátt að þriðjungur aðflutningsgjalda fyrir viðkomandi uppgjörstímabil komi til greiðslu á hefðbundnum gjalddaga 15. dag næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabilsins, þriðjungur komi til greiðslu mánuði síðar eða 15. dag annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils og þriðjungur komi til greiðslu 5. dag þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Dagsetning lokagreiðslu er lögð til með hliðsjón af því að gjalddagi aðflutningsgjalda fyrir næsta uppgjörstímabil er 15. dagur sama mánaðar. Hvert uppgjörstímabil aðflutningsgjalda, fyrir aðila sem eru í virðisaukaskattsskyldri starfsemi, eru tveir mánuðir, þ.e. janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember.

Samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins má gera ráð fyrir að aðflutningsgjöld á gjalddaga 15. mars 2009 nemi að óbreyttu um 13,5 milljörðum króna.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að vextir af þeim hluta greiðslunnar sem er frestað skuli vera almennir meðaltalsvextir, sbr. II. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, á viðkomandi tímabili en ekki dráttarvextir. Að öðru leyti gilda ákvæði 125. gr. tollalaga um vexti á vangreidd aðflutningsgjöld.

Í öðrum kafla frumvarpsins er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði bætti við lög nr. 97/1987, um vörugjald, sem kveður á um að aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., þ.e. öðrum en þeim sem flytja vörur til landsins til eigin nota, verði heimilt að óska eftir því að fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds vegna uppgjörstímabila á árinu 2009 verði breytt á eftirfarandi hátt: Í stað þess að gjalddaginn sé 28. dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils verði veittur gjaldfrestur á þann hátt að helmingur vörugjalds fyrir viðkomandi uppgjörstímabil komi til greiðslu 28. dag annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabilsins og hinn helmingurinn komi til greiðslu mánuði síðar eða 28. dag þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Hvert uppgjörstímabil vörugjalds, fyrir aðila sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr. laga um vörugjald, eru tveir mánuðir, þ.e. janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember.

Samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins má gera ráð fyrir að vörugjöld á gjalddaga 28. apríl 2009 nemi að óbreyttu um 82 millj. kr.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að vextir af þeim hluta greiðslunnar sem er frestað skuli vera almennir meðaltalsvextir, sbr. II. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, á viðkomandi tímabili en ekki dráttarvextir. Að öðru leyti gilda ákvæði 9. gr. vörugjaldslaga um vexti á vangreidd vörugjöld

Þriðji kafli frumvarpsins er lagður til með vísan til fyrsta kafla frumvarpsins. Í kaflanum er lagt til að ákvæði til bráðabirgða verði bætt við lög um virðisaukaskatt sem kveður á um að þrátt fyrir ákvæði VII. kafla og 7. mgr. 20. gr. þeirra laga verði á gjalddaga virðisaukaskatts vegna hinna reglubundnu uppgjörstímabila á árinu 2009 heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þótt einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað. Er ákvæðið sem áður segir lagt til með vísan til I. kafla frumvarpsins um greiðslufrest vegna aðflutningsgjalda á árinu 2009. Með ákvæðinu er brugðist við þeim vanda sem, að óbreyttum lögum, kemur upp í kjölfar I. kafla frumvarpsins (verði frumvarpið að lögum) og er þess eðlis að aðila væri

ekki heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu, sem skilað er ásamt virðisaukaskatti á gjalddaga, allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils heldur einungis hluta. Með ákvæðinu er verið að tryggja að aðili sem stendur skil á virðisaukaskatti á gjalddaga geti að fullu notið innskattsréttar vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þrátt fyrir framangreindar breytingar á fyrirkomulagi gjalddaga á aðflutningsgjöldum. Líta má því á þetta ákvæði sem beina afleiðingu af I. kafla frumvarpsins. Eins og áður segir voru með lögum nr. 130/2008 gerðar efnislega svipaðar breytingar á tollalögum þar sem gjalddaga aðflutningsgjalda sem átti að vera 17. nóvember 2008, vegna uppgjörstímabilsins september til október 2008, var dreift til 5. janúar 2009. Þau lög kölluðu á breytingu á lögum um virðisaukaskatt með sama hætti og með sömu röksemdum og hér er lagt til, sbr. lög nr. 157/2008, um breytingu á lögum um virðisaukaskatt.

Til að koma í veg fyrir misnotkun er að lokum í frumvarpinu lagt til að kveðið verði á um það að hafna skuli beiðni aðila um greiðsludreifingu aðflutningsgjalda og vörugjalda hafi hann ekki staðið skil á aðflutningsgjöldum og vörugjöldum vegna fyrra uppgjörstímabils.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að brugðist verði tímabundið við brýnni þörf á gjaldaaðlögun fyrirtækja vegna gengisfalls íslensku krónunnar, samdráttar í allri starfsemi og verðbólgu. Fyrirtækjum verður þannig gert kleift á árinu 2009 að dreifa gjalddögum aðflutningsgjalda og vörugjalda. Með aðflutningsgjöldum er átt við tolla og aðra skatta og gjöld sem lögð eru á við innflutning þar með talinn virðisaukaskatt. Vörugjöld eru þau sem talin eru upp í almennum lögum um vörugjöld, en þar eru ekki vörugjöld samkvæmt sérlögum eins og til dæmis af eldsneyti og ökutækjum. Ef greiðsludreifing er valin vegna aðflutningsgjalda þá greiðist ⅓ hluti gjaldsins á hefðbundnum gjalddaga, ⅓ mánuði síðar og ⅓ greiðast á 5. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Greiðsludreifing vegna vörugjalda verður þannig að helmingur gjaldsins er greiddur á hefðbundnum gjalddaga, en hinn helmingurinn frestast um einn mánuð. Greiðsludreifing verður þó einungis heimil ef staðið hefur verið skil á greiðslum fyrra uppgjörstímabils. Vextir vegna greiðslufrests aðflutningsgjalda og vörugjalda skulu vera almennir meðalvextir, sbr. II. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, á viðkomandi tímabili. Í frumvarpinu er auk þess gert ráð fyrir því að á gjalddaga reglubundinna uppgjörstímabila virðisaukaskatts á árinu 2009 verði heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils þótt einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað.

Álögð aðflutningsgjöld og vörugjöld á þessu ári skerðast ekki vegna þessarar aðlögunar frá því sem gert var ráð fyrir og ekki verður um tekjutap að ræða þar sem gert er ráð fyrir að frestaðar greiðslur beri almenna meðalvexti. Hins vegar munu innheimt gjöld lækka á þessu

ári sem nemur þeim hluta sem frestast fram yfir næstu áramót. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er fjárhæð næsta gjalddaga aðflutningsgjalda og vörugjalda um 13,6 milljarðar kr. samtals. Síðast gjalddagi á þessu ári, sem er 15. nóvember, gæti orðið eitt hvað hærri vegna innflutnings fyrir jólaverslun. Ef allir nýta sér heimild til frestunar má gera ráð fyrir að innheimta á rúmum 4 milljörðum kr. gæti frestast að hámarki fram til ársins 2010 umfram það sem yrði að óbreyttu. Hins vegar er með engu móti hægt að segja fyrir um í hvaða mæli fyrirtæki munu nýta sér þessa heimild og ekki er gert ráð fyrir að það verði nærri því hámarki þar sem greiða þarf vexti af frestuðum greiðslum. Reynslan af sams konar heimild frá því fyrir síðustu áramót er að nýtt var um 30% heimildarinnar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

618. Frumvarp til laga [366. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir 7. tölul. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Allir aðilar sem hafa vaxtatekjur hér á landi af bankainnstæðum, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, skuldabréfum eða öðrum kröfum og fjármálagerningum, sbr. 3. tölul. C-liðar 1. mgr. 7. gr., skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum. Ákvæði þetta gildir þó hvorki um vexti sem greiddir eru af Seðlabanka Íslands né þá vexti sem greiðast erlendum ríkjum, alþjóðastofnunum eða öðrum opinberum aðilum sem undanþegnir eru skattskyldu í heimilisfestarríki sínu.
b. Í stað orðanna „4.–7. tölul.“ í 8. tölul. kemur: 4.–8. tölul.

2. gr.

Við 3. tölul. 28. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hið sama á við um eftirgefnar skuldir sem mælt er fyrir um í nauðasamningi um greiðsluaðlögun skv. X. kafla a í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með áorðnum breytingum.

3. gr.

Á eftir 57. gr. laganna kemur ný grein, 57. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Skattlagning vegna erlends eignarhalds á lágskattasvæðum.

Skattaðili sem á beint eða óbeint hlut í hvers kyns félagi, sjóði eða stofnun sem telst heimilisföst í lágskattaríki skal greiða tekjuskatt af hagnaði slíkra aðila í hlutfalli við eignarhluta sinn án tillits til úthlutunar. Hið sama á við um skattaðila sem stjórnar félagi, sjóði, stofnun eða eignasafni í lágskattaríki sem skattaðili hefur beinan eða óbeinan ávinning af. Tekjur þessar eru skattskyldar með sambærilegum hætti og um væri að ræða starfsemi hér á landi.

Ríki eða lögsagnarumdæmi telst lágskattaríki þegar tekjuskattur af hagnaði félags, sjóðs eða stofnunar, sem um ræðir, er lægri en tveir þriðju hlutar af þeim tekjuskatti sem hefði verið lagður á félagið, sjóðinn eða stofnunina hefði hún verið heimilisföst á Íslandi.

Ákvæði 1. mgr. á við þegar minnst helmingur eignarhalds í aðilum, sbr. 1. mgr., er beint eða óbeint í eigu íslenskra skattaðila eða stjórnunarleg yfirráð hafa verið til staðar innan tekjuárs.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við ef:

1. félag, sjóður eða stofnun fellur undir samning milli Íslands og lágskattaríkis til að koma í veg fyrir tvísköttun enda sé unnt á grundvelli samningsins að fá allar nauðsynlegar upplýsingar og tekjur félags, sjóðs eða stofnunar eru ekki að meginstofni til eignatekjur; eða
2. félag, sjóður eða stofnun er stofnsett og skráð í öðru EES-ríki og hefur þar með höndum raunverulega atvinnustarfsemi, og að íslensk skattyfirvöld geti á grundvelli tvísköttunarsamnings eða annars alþjóðasamnings krafist allra nauðsynlegra upplýsinga, sbr. 1. tölul. Þar sem ekki er fyrir hendi samningur, sbr. 1. málsl., hvílir upplýsingaskyldan á skattaðilanum.

Tekjur skattaðila með beina eignaraðild miðast við samsvarandi hlutdeild í hagnaði félags, sjóðs eða stofnunar eins og hagnaður yrði ákveðinn hér á landi ef aðilinn væri íslenskur skattaðili. Sé um óbeina eignaraðild að ræða skal miða við sameiginlegt eignarhald á þeirri starfsemi sem skattlagningin tekur til. Tap er því aðeins frádráttarbært skv. 8. tölul. 1. mgr. 31. gr. að skattaðili geti, að ósk skattyfirvalda, lagt fram fullnægjandi gögn er liggja að baki útreikningi á tapi.

Hafi félag, stofnun eða sjóður úthlutað hagnaði til skattaðila, sem skattlagður hefur verið skv. 1. mgr., skal úthlutunin ekki talin til skattskyldra tekna hjá honum nema hún sé hærri en þær tekjur sem skattlagðar eru skv. 5. mgr.

Fjármálaráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „8. tölul.“ í 1. málsl. 1. mgr. 3. tölul. kemur: 9. tölul.
b. Á eftir orðunum „skv. 3. gr. af“ í 4. tölul. kemur: vöxtum.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „umboðsviðskipti“ í 2. mgr. kemur: milligöngu.
b. Á eftir orðinu „hlutabréf“ í 2. mgr. kemur: skuldabréf og aðra fjármálagerninga.
c. 3. mgr. orðast svo:

   Bankar, sparisjóðir, önnur fjármálafyrirtæki og aðrir þeir aðilar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, sem taka við fjármunum til ávöxtunar, skulu ótilkvaddir veita skattyfirvöldum ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður upplýsingar um greidda eða greiðslukræfa vexti á árinu skv. 8. gr. laga þessara og afdregna staðgreiðslu og innstæður á bankareikningum og hvers konar verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum. Sama gildir um hvers konar útlán til viðskiptamanna og vaxtagreiðslur af þeim.
d. Á eftir orðinu „stofnfjárvexti“ í 6. mgr. kemur: skuldabréf og aðra fjármálagerninga sem og vexti af þeim.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 94. gr. laganna:

a. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Eigi aðili beint eða óbeint minnst helming eignarhalds eða er með stjórnunarleg yfirráð í dótturfélagi eða útibúi í öðrum ríkjum er honum jafnframt skylt að veita upplýsingar um viðskipti dótturfélags eða útibús við aðila skattskylda skv. I. kafla og félög, sjóði og stofnanir í lágskattaríkjum sem 1. mgr. 57. gr. a laganna tekur til.

b. Á eftir 3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálafyrirtæki, endurskoðendur, lögmenn og aðrir aðilar skulu halda sérstaka skrá yfir þá viðskiptavini sína sem þau veita skattaráðgjöf eða aðra þjónustu, sem snertir umráð eða beina eða óbeina eignaraðild viðskiptavinanna að rekstri félaga, sjóða eða stofnana sem skráð eru erlendis eða eignir þar. Er þeim skylt að láta skattyfirvöldum í té umrædda skrá er þau beiðast þess.

Ákvæði annarra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu víkja fyrir ákvæðum þessarar greinar.

7. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 164/2008, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, þá kemur ákvæði 1. gr. laganna til framkvæmdar við álagningu tekjuskatts á árinu 2010.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

8. gr.

Í stað orðanna „2., 3., 6. og 7. tölul. 3. gr.“ í 2. málsl. A-liðar 2. gr. laganna kemur: 2., 3., 6., 7. og 8. tölul. 3. gr.

9. gr.

Í stað orðanna „2., 3., 6. og 7. tölul. 3. gr.“ í 6. tölul. 5. gr. laganna kemur: 2., 3., 6., 7. og 8. tölul. 3. gr.

10. gr.

Í stað orðanna „2., 3. og 7. tölul. 3. gr.“ í 4. mgr. 9. gr. laganna kemur: 2., 3., 7. og 8. tölul. 3. gr.

III. KAFLI
Gildistaka.

11. gr.

Ákvæði 1. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda vegna vaxta sem gjaldfalla og verða greiðslukræfir á árinu 2010 eða síðar. Hafi hluti vaxta áunnist fyrir gildistöku laganna eru þeir hvorki skattskyldir né staðgreiðsluskyldir.

Ákvæði 2. gr. og 5.–7. gr. öðlast þegar gildi.

Ákvæði 3. og 4. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2011 vegna tekna ársins 2010 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði 8., 9. og 10. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um tekjuskatt og ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda með það að markmiði að styrkja skattframkvæmd og vinna gegn skattundanskoti. Helstu efnisatriði frumvarpsins í þeirri röð sem þau koma fyrir eru þessi:

Í fyrsta lagi er lagt til að aðilar sem ekki hafa heimilisfesti hér á landi og bera því takmarkaða skattskyldu, sæti hér skattlagningu vegna vaxta sem þeir fá greidda hér á landi. Að baki tillögunni eru margvísleg rök. Vaxtatekjur íslenskra skattaðila, einstaklinga sem fyrirtækja, eru skattskyldar og ójafnræði felst í því að undanskilja vaxtatekjur erlendra aðila skattlagningu. Vaxtatekjur eru hluti af þeim tekjum sem erlendir skattaðilar geta fengið frá landinu. Aðrar tegundir tekna erlendra aðila, sem aflað er hér á landi, svo sem laun, þóknanir, rekstrarhagnaður, arður, leigutekjur og söluhagnaður eru skattskyldar hér og með skattlagningu vaxta er verið að skapa samræmi í þessum efnum. Vextir ásamt framangreindum tekjum er farvegur út úr landinu fyrir hluta af þeim virðisauka sem verður til við starfsemi í landinu og eðlilegt er að tryggja einhverja hlutdeild ríkissjóðs í þeim tekjum eins og öllum öðrum tekjum sem verða til í landinu. Ein meginástæða þess að tillöguna er að finna í þessu frumvarpi er að skattleysi vaxta úr landi opnar leiðir til að skjóta tekjum undan skatti hér á landi. Ein leið er sú að öðrum tekjum svo sem arði, leigutekjum o.s.frv. er umbreytt í vexti, t.d. með eignarhaldsfélag að millilið. Önnur er að íslenskur aðili færir fé til útlanda og lánar það eigin starfsemi hér á landi. Eins er alþekkt sú aðferð alþjóðlegra stórfyrirtækja að flytja hagnað á milli fyrirtækja og landa m.a. með lánveitingum milli eigin fyrirtækja. Fyrirbæri af þessum toga hafa komið upp í skattframkvæmd og er einkum hætta á þeim í löndum eins og Íslandi sem ekki hafa reglur um lágmarkseiginfjármögnun fyrirtækja. Þá er þess að geta að skattlagning vaxta, eins og annarra tekjustrauma úr landi, er nær almenn regla í skattalöggjöf í okkar heimshluta. Við upptöku fjármagnstekjuskatts voru vaxtatekjur gerðar skattskyldar að undanskildum vaxtatekjum erlendra aðila. Benda má á að íslenskt atvinnulíf er nú mjög skuldsett og því ljóst að á næstu árum mun umtalsverður hluti landsframleiðslunnar renna úr landi í formi vaxta til erlendra aðila. Skattlagning vaxta mun tryggja það að nokkur hluti þeirra mun renna í sameiginlegan sjóð landsmanna.

Áhrif af skattlagningu vaxta til erlendra aðila eru fyrst og fremst þau að hluti af skatti á þessar tekjur rennur í ríkissjóð Íslands í stað þess að renna í ríkissjóð annarra landa. Vaxtatekjur eru nánast undantekningarlaust skattskyldar tekjur í öllum löndum. Vegna tvísköttunarsamninga eða fyrir tilverknað innlendrar skattalöggjafar veldur skattur á vexti í upprunalandi þeirra því ekki að skattbyrðin á þessar tekjur eykst. Sá skattur sem lagður er á vaxtatekjurnar skiptist á milli upprunalands teknanna og heimalands tekjuhafans. Samkvæmt tvísköttunarsamningum sem Ísland hefur gert er um tvennt að ræða. Annars vegar eru skattar á vexti milli ríkjanna felldir niður. Er það svo í samningum landsins við ríki í Norður- og Vestur-Evrópu og Bandaríkin. Verða því engar breytingar á skattlagningu vaxta til aðila í þessum ríkjum. Í nýrri samningum sem Ísland hefur gert er hins vegar í mörgum tilvikum gert ráð fyrir rétti upprunaríkisins til að leggja afdráttarskatt á vexti. Hefur slíkt verið tekið upp að kröfu gagnaðilans en ýmis lönd, einkum fjármagnsinnflutningsríki, fylgja þeirri stefnu að gefa skattlagningu vaxta ekki eftir. Í þeim tilvikum sem tvísköttunarsamningar kveða á um að skattlagningarréttur á vöxtum sé á Íslandi eiga móttakendur vaxtanna rétt á endurgreiðslu/

frádrætti í sínu heimaríki. Sama á við um mörg önnur ríki sem hafa, eins og Ísland, í sinni innlendu skattalöggjöf heimildir til að endurgreiða skatta sem lagðir eru á tekjur sem innlendir aðilar fá frá öðrum löndum. Með þessu móti ætti skattbyrði móttakanda vaxtanna ekki að þyngjast og ætti þannig ekki að hafa áhrif á það vaxtastig sem innlendir aðilar bera. Frumvarpinu fylgir yfirlit yfir tvísköttunarsamninga sem Ísland er aðili að. Rétt er að árétta að ekki er verið að leggja skatt á þá sem inna vaxtagreiðslurnar af hendi heldur þá sem eru móttakendur vaxtanna.

Gert er ráð fyrir að innheimta tekjuskatts af vöxtunum verði í staðgreiðslu. Undanþága frá skattinum er veitt þeim sem fá vaxtagreiðslur frá Seðlabanka Íslands sem og erlendum ríkjum, alþjóðastofnunum og erlendum opinberum aðilum sem ekki eru skattskyldir í heimaríkinu. Þessum breytingum samfara eru jafnframt lagðar til breytingar á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Er þannig gert ráð fyrir að staðgreiðsla af vöxtum verði samkvæmt ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda líkt og flestar aðrar greiðslur til aðila sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi. Verðlags- eða gengisbreytingar á höfuðstól krafna í eigu erlendra aðila sæta ekki skattskyldu eða staðgreiðsluskyldu vegna þessa.

Ekki er gert ráð fyrir að innheimta skatts af vöxtum til aðila með takmarkaða skattskyldu hefjist fyrr en í upphafi árs 2010 og gefst því viðkomandi aðilum góður tími til að undirbúa þá framkvæmd. Líklegt er að þessi breyting muni hafa í för með sér nokkrar skatttekjur af vaxtagreiðslum til erlendra aðila en vegna tvísköttunarsamninga við flest þau lönd sem hýsa lánveitendur til íslenskra aðila er ekki líklegt að þær verði verulegar. Hins vegar má reikna með að afleiðing ákvæða af þessu tagi dragi úr skattatapi vegna tekjuhliðrunar og undanskota.

Í öðru lagi er mælt fyrir um breytingar á 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga í kjölfar þess að á Alþingi hefur verið lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. Í því frumvarpi er kveðið á um að við lögin skuli bætast nýr kafli, X. kafli a, sem hafi að geyma úrræði fyrir einstaklinga í greiðsluvanda. Af þessu tilefni þykir rétt að leggja til breytingar á 3. tölul. 28. gr. laga um tekjuskatt og taka af öll tvímæli um að eftirgjöf skulda samkvæmt nauðasamningi um greiðsluaðlögun skuli ekki teljast til skattskyldra tekna.

Í þriðja lagi er lagt til að lögfest verði ákvæði um skattlagningu aðila sem eiga beina eða óbeina eignaraðild að félögum, sjóðum eða stofnunum sem eru heimilisföst í lágskattaríkjum. Löggjöf af þessum toga er til staðar annars staðar á Norðurlöndum og í flestum löndum hins vestræna heims. Markmið slíkrar löggjafar er að hamla gegn skattasniðgöngu sem fram fer með þeim hætti að innlendir aðilar leyna eignum sínum og flytja tekjur úr landi í félög sem þeir stofnsetja í lágskattaríkjum án þess að hafa í reynd nokkra starfsemi þar. Aukið frjálsræði í flutningi fjármagns á milli landa kallar á breytingar á íslenskri löggjöf hvað þetta varðar. CFC-löggjöf (CFC = Controlled Foreign Corporation) er algengasta ráðstöfun ríkja gegn undanskoti skatta með framangreindum hætti. CFC-reglur voru teknar upp í Bandaríkjunum á sjöunda áratug síðustu aldar og hafa á síðustu árum verið teknar upp í miklum fjölda landa. Á vegum OECD hefur um alllangt skeið staðið yfir átak til að draga úr skaðlegri skattastarfsemi sem m.a. tekur til notkunar lágskattaríkja til að koma tekjum undan skatti í því landi sem á skattlagningarrétt á þeim samkvæmt almennt viðurkenndum alþjóðlegum skattarétti. Ein þeirra ráðstafana sem OECD hefur mælt með og bent aðildarríkjunum á að gera til að draga úr starfsemi af þessum toga er að hafa CFC-ákvæði í löggjöf sinni. Hafa flest aðildarríkin þegar sett slík ákvæði, m.a. öll önnur Norðurlönd, og hafa þau styrkt þessa löggjöf og hert á síðustu árum í ljósi fenginnar reynslu og aukinnar misnotkunar.

Í skýrslu um umfang skattsvika á Íslandi sem kynnt var á Alþingi í desember 2004 var CFC-löggjöf ein þeirra ráðstafana sem talin var brýnust í þeim tilgangi að draga úr skattsvikum. Í þeirri skýrslu er gerð grein fyrir ýmsum leiðum til skattsvika sem viðgangast í skjóli svokallaðra lágskattaríkja eða skattaparadísa og eins kemur fram í henni að í fjölmörgum skattsvikamálum á undanförnum árum hafa komið fram tilvik sem sýna að þessar leiðir eru notaðar í stórum stíl af íslenskum skattaðilum.

Tilgangur CFC-reglna er að sporna gegn skattalegum ráðstöfunum með aðild erlendra lögaðila sem hafa oft þann tilgang einan að komast undan eðlilegri skattlagningu hér á landi og grafa þannig undan innlendum skattstofni. Þau nýmæli sem hér eru lögð til eru sniðin eftir norskum lögum enda hafa Íslendingar og Norðmenn sömu stöðu gagnvart Evrópusambandinu og EES-svæðinu.

Meginatriði hinna nýju ákvæða eru þau að ef íslenskur skattaðili á eða hefur umráð yfir félagi sem staðsett er á lágskattasvæði er við skattlagningu litið svo á að tekjur þessa félags séu í reynd tekjur hins íslenska skattaðila og þær skattlagðar með öðrum tekjum hans. Er þessi aðferð í reynd hliðstæða þess sem þegar gildir um skattlagningu sameignarfélags sem ekki er sjálfstæður skattaðili. Ákvæði frumvarpsins skilgreina nánar hvað felst í eign og umráðum svo og hvað telst lágskattasvæði. Þá er kveðið á um frávik sem einkum snúa að félögum í virkri atvinnustarfsemi á EES-svæðinu.

Sú mikilvæga breyting felst einnig í þessu ákvæði að með því verður til framtalsskylda hins íslenska eiganda eða umráðaaðila vegna hinna erlendu félaga, eigna þeirra og tekna. Vanræksla á að telja rétt fram varðar hina íslensku eigendur eða umráðaaðila viðurlögum samkvæmt skattalögum, álagi á vanframtaldar tekjur eða eftir atvikum skattrannsókn sem refsivert brot.

Ekki er við því að búast að skattlagning tekna félaga í íslenskum umráðum skili miklum skatttekjum sem slík. Tilgangur með löggjöf sem þessari er að draga úr skattasniðgöngu. Má því reikna með að félögum í eigu íslenskra aðila á aflandssvæðum fækki og skattskil þeirra verði betri.

Í fjórða lagi er mælt fyrir um breytingar á 92. gr. tekjuskattslaga, sem fjallar um þær upplýsingar sem senda ber skattyfirvöldum reglulega og án kvaðningar. Breytingarnar miða að því að bæta skil banka og fjármálafyrirtækja á upplýsingum um skuldabréf, afleiðuviðskipti, eignastýringu, milligöngustarfsemi og fleira. Nýverið voru samþykkt lög um breytingar á 92. gr. tekjuskattslaga um upplýsingaskyldu banka og fjármálafyrirtækja um inneignir og innstæður og greidda vexti og afdregna staðgreiðslu en ekki var gert skylt að upplýsa jafnframt um eignir viðskiptamanna í sjóðum sem fjármálafyrirtæki hefur á sinni hendi. Rétt þykir nú að taka skrefið til fulls þannig að upplýsingaskyldan taki einnig til útlána banka og fjármálafyrirtækja í árslok og greiddra vaxta á árinu. Með breytingu þessari verður þannig einnig skylt að upplýsa um allar eignir viðskiptamanna bankanna, hvort heldur fjármunir þeirra eru geymdir á almennum bankareikningum, verðbréfasjóðum eða á annan hátt. Breytingin nær þannig til upplýsinga um tekjur af hvers kyns fjármálagerningum sem og milligöngustarfsemi sem fjármálafyrirtæki annast. Með breytingum þessum er m.a. komið í veg fyrir að með yfirdrætti eða lántökum í árslok sé unnt að komast hjá því að veita upplýsingar um stöðu reikninga á árinu.

Breytingar þessar þjóna margvíslegum tilgangi. Má fyrst nefna bein áhrif á skattlagningu þar sem skuldir og vaxtagjöld af lánum til íbúðakaupa eru t.a.m. ráðandi forsenda við ákvörðun vaxtabóta og sömuleiðis hafa eignir, þar á meðal peningalegar eignir, áhrif á þær. Þá teljast eftirgefnar skuldir einstaklinga og fyrirtækja almennt til skattskyldra tekna. Breytingarnar

þjóna jafnframt eftirlitstilgangi. Eignakaup og fjármögnun þeirra eru tíðast skýrð með lánum ef framtaldar tekjur og eignir hrökkva ekki fyrir kaupum og með upplýsingum um lán á framtölum er unnt að bera þær með einföldum hætti saman við upplýsingar sem lánveitandi eða skuldareigandi lætur skattyfirvöldum í té. Þá má nefna að með upplýsingum um lán, skuldir og vaxtagjöld einstaklinga mun verða unnt að forskrá nær allar upplýsingar sem til þarf fyrir framtal flestra einstaklinga sem ekki stunda atvinnurekstur. Upplýsingar um lán og skuldir atvinnurekstrarins munu þó fyrst um sinn ekki nýtast til áritunar á skattframtöl lögaðila og manna í sjálfstæðri starfsemi en verða ómetanlegt tæki við mat á trúverðugleika skattskila hvað varðar tekjur og eignamyndun. Þá þykir rétt að taka af allan vafa um að ákvæðið taki til upplýsinga um hvers kyns fjármálagerninga svo sem skuldabréfa, afleiðuviðskipta og inneigna í verðbréfasjóðum sama hvaða nafni nefnast.

Í fimmta lagi eru lagðar til breytingar á 94. gr. tekjuskattslaga, sem fjallar um skyldu aðila til að veita skattyfirvöldum upplýsingar þegar eftir þeim er leitað. Breytingarnar eru tvíþættar. Annars vegar er kveðið á um skyldu fjármálastofnana sem starfa hér á landi til að veita upplýsingar um viðskipti sem íslenskir skattaðilar hafa við útibú þeirra erlendis eða dótturfélög þar. Skattyfirvöld hafa ítrekað þurft að sækja eftirlitsupplýsingar frá bönkum og fjármálafyrirtækjum með aðstoð dómstóla. Fjármálafyrirtæki hafa komist undan því að skila upplýsingum um tekjur sem skattskyldar eru á Íslandi með því að flytja bankainnstæður og fjárfestingaeignir í eigu Íslendinga yfir í dótturfélög erlendis. Þar með hefur lokast fyrir upplýsingagjöf til íslenskra skattyfirvalda. Grunur leikur á að eignarhald í félögum hafi verið falið með því að skrá félög á Bresku Jómfrúreyjum eða í öðrum lágskattaríkjum og tekjum þar með skotið undan réttmætri íslenskri skattlagningu. Lagt er til, eins og gerist víða erlendis, að á grundvelli samstæðuréttar verði íslensk móðurfélög ábyrg fyrir að veita upplýsingar um viðskipti sem aðilar skattskyldir á Íslandi hafi átt við dótturfélög og útibú sem móðurfélagið á eða rekur erlendis. Hins vegar er lagt til að þeir sem starfa við skattaráðgjöf og fjármálaþjónustu verði skyldaðir til að halda lista yfir viðskiptavini sína varði þjónustan beina eða óbeina eignaraðild að félagi, sjóði eða stofnun sem skráð er erlendis eða eignir þar. Skrá þessi skal vera aðgengileg skattyfirvöldum óski þau eftir aðgangi að henni. Enn fremur er svo lagt til að tekin verði af öll tvímæli um að ákvæði í öðrum lögum um þagnar- eða trúnaðarskyldu víki ávallt fyrir ákvæðum þessara laga. Hafa ber í huga að þær upplýsingar sem hér um ræðir eru ekki fjárhagsupplýsingar heldur skrá um þá aðila sem hafa verið í viðskiptum eða þjónustu sem varðar félög þeirra eða eignir erlendis. Með þá vitneskju í höndum geta skattyfirvöld krafið þessa aðila upplýsinga um þessi mál, sbr. önnur ákvæði frumvarpsins eða eftir atvikum fengið upplýsingar frá viðkomandi fjármálastofnunum um málið.

Ákvæði sem þetta hefur um nokkurt skeið verið til staðar í öðrum löndum svo sem í Bandaríkjunum þar sem það hefur verið í framkvæmd síðan á árinu 2000. Álitamál um gildi þessara reglna, með tilliti til trúnaðarskyldna gagnvart viðskiptavinum þeirra sem á hafa verið lagðar kvaðir um upplýsingar, hafa verið borin undir dómstóla sem staðfest hafa rétt skattyfirvalda í þessum efnum. Upplýsingar sem fengist hafa með þessum hætti þykja hafa bætt stöðu skattyfirvalda gagnvart þeim sem ástunda að koma tekjum sínum undan skatti.

Í sjötta lagi er lagt til að breytingar sem gerðar voru á ákvæði 15. gr. tekjuskattslaga á haustþingi og vörðuðu söluhagnað eigna hjá einstaklingum komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2010 í stað 2009 til að koma í veg fyrir mögulega afturvirkni.

Gildistökuákvæði frumvarpsins miðast við það að breytingar sem fela í sér nýjar skattakvaðir, eins og skattlagning vaxtatekna erlendra aðila, komi til framkvæmda frá 1. janúar 2010. Þau ákvæði sem lúta að skilum á upplýsingum til skattyfirvalda, þar með talin ákvæði

um skyldu skattaráðgjafa og þeirra sem veita þjónustu varðandi erlend félög og eignir íslenskra aðila, taki gildi við setningu laganna. Sú upplýsingagjöf kann því að leiða til þess að upplýsingar fáist um tekjur, sem til féllu fyrir gildistöku laganna, og mun það leiða til skattlagningar hafi þær verið skattskyldar samkvæmt gildandi skattalögum á hverjum tíma.

Eins og að framan getur er ekki gert ráð fyrir að ákvæði þessa frumvarps leiði til sérstaks og sérgreinds tekjuauka. Aftur á móti má reikna með því að skattframkvæmd styrkist verulega og leiði til aukinna tekna af tekjuskatti einstaklinga og fyrirtækja. Ákvæði þessa frumvarps verða ekki síst til þess að auka jafnræði með því að draga úr möguleikum þeirra sem hafa vilja og aðstöðu til þess að velta hlutdeild sinni í kostnaði af samfélaginu yfir á aðra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að aðilar með heimilisfesti og skattskyldu utan Íslands beri hér á landi takmarkaða skattskyldu vegna vaxta sem þeir fá greidda af bankareikningum, verðbréfa- og fjárfestingasjóðum, skuldabréfum og öðrum kröfum og fjármálagerningum hér á landi. Ákvæðið á við um þá vexti sem íslenskir skattaðilar greiða erlendum aðilum. Skilgreiningu á því hvað teljast vextir er að finna í 3. tölul. C-liðar 1. mgr. 7. gr. sbr. 8. gr. laganna. Þó eru undanþegnir vextir sem Seðlabanki Íslands greiðir sem og vextir sem mótteknir eru af erlendum ríkjum, alþjóðastofnunum og öðrum slíkum aðilum sem ekki eru skattskyldir í sínu heimaríki. Skilyrðið er að viðkomandi móttakandi sé undanþeginn skattskyldu í sínu heimilisfestarríki. Í þeim tvísköttunarsamningum sem Ísland hefur gert við önnur ríki er ýmist kveðið á um að upprunaland vaxta eigi rétt á að skattleggja þá með 0–10% skatthlutfalli. Telji móttakandi vaxtanna sig eiga rétt á að njóta ákvæða tvísköttunarsamninga þarf hann að óska eftir staðfestingu á því hjá skattyfirvöldum. Verður að gera þá kröfu að skattskylda í viðkomandi samningsríki verði sönnuð með staðfestingu frá bæru stjórnvaldi.

Um 2. gr.

Eins og rakið er hér að framan hefur verið lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði nýjum kafla við 3. þátt laganna um gjaldþrotaskipti o.fl. sem hafi að geyma ákvæði um greiðsluaðlögun. Úrræðið lýsir sér í því að skuldari getur að ákveðnum skilyrðum fullnægðum leitað nauðasamnings til greiðsluaðlögunar. Í frumvarpinu kemur fram að úrræðið nái ekki til einstaklinga sem á undangengnum þremur árum hafa borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi, nema að rekstri hafi verið hætt og að skuldir sem af atvinnurekstrinum stafa séu tiltölulega lítill hluti af heildarskuldum. Jafnframt kemur fram að með greiðsluaðlögun megi kveða á um algera eftirgjöf samningskrafna, hlutfallslega lækkun þeirra, gjaldfrest o.fl.

Almennt er eignaauki sem stafar af eftirgjöf skulda talinn til skattskyldra tekna nema uppfyllt séu skilyrði 3. tölul. 28. gr. laga um tekjuskatt. Núgildandi ákvæði 3. tölul. 28. gr. kveða á um að skuldirnar megi ekki hafa myndast í sambandi við atvinnurekstur. Framangreint ákvæði 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, ber að skýra í samræmi við orðanna hljóðan enda er um að ræða undantekningu frá þeirri meginreglu laganna að greiða skuli tekjuskatt af öllum tekjum. Verði frumvarpið um greiðsluaðlögun að lögum getur skapast óvissa um hvernig fara eigi með skattskyldu eftirgefinna skulda sem felldar eru niður á grundvelli nauðasamnings um greiðsluaðlögun.

Með þeirri breytingu sem hér er lögð til á 3. tölul. 28. gr. eru tekin af öll tvímæli um að eftirgjöf skulda samkvæmt nauðasamningi um greiðsluaðlögun teljist ekki til skattskyldra tekna.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um gildissvið greinarinnar. Tekur hún til einstaklinga eða lögaðila sem bera fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér á landi á grundvelli 1. eða 2. gr. laga um tekjuskatt, og eiga beint eða óbeint hluti í félögum, stofnunum og sjóðum, sem hafa heimilisfesti í lágskattaríki. Reglurnar taka enn fremur til þeirra sem hafa tekjur af sjálfstæðri starfsemi eða eignasöfnum í slíkum ríkjum þótt ekki sé um skráðan aðila að ræða. Samkvæmt ákvæðinu skal íslenskur skattaðili greiða tekjuskatt af hagnaði félags, sjóðs eða stofnunar í hlutfalli við eignaraðild sína. Hlutdeild í hagnaði reiknast án tillits til hugsanlegrar úthlutunar úr félaginu, þ.e. hún dregst ekki frá þeim hagnaði sem skattlagður verður samkvæmt reglunum. Ákvæði 2. málsl. tekur til þeirra tilvika þegar skattaðili fer með raunveruleg yfirráð yfir eða á rétt til hagnaðar af starfsemi í lágskattaríki þó svo að hann geti að forminu til sýnt fram á að beint eða óbeint eignarhald hans sé undir 50%. Tekjur þessar eru skattskyldar með sambærilegum hætti og um væri að ræða starfsemi hér á landi, þ.e. atvinnurekstrartekjur skv. B-lið 7. gr. laganna.

Í 2. mgr. er skilgreint hvenær ríki eða lögsagnarumdæmi teljist vera lágskattaríki skv. 1. mgr. greinarinnar er sett það skilyrði að félag, sjóður eða stofnun hafi skattalega heimilisfesti í lágskattaríki. Það felur í sér að ákvæði reglnanna taka ekki til lögaðila sem bera fulla og ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi skv. 2. gr. laganna. Samkvæmt ákvæðinu er lágskattaríki skilgreint sem það ríki eða lögsagnarumdæmi þar sem tekjuskattur á viðkomandi félag, sjóð eða stofnun er minni en 2/3 af þeim skatti sem lagður yrði á slíkan aðila hér á landi. Með þessu er ekki einungis átt við skatthlutfallið heldur hinn raunverulega skatt reiknaðan eftir sömu reglum og um skattlagningu gilda hér á landi. Við ákvörðun á hagnaði félags, sjóðs eða stofnunar þarf því að leiða fram skattstofn samkvæmt gildandi íslenskum skattalögum hvað varðar skattskyldu tekna og frádráttarbærni rekstrarkostnaðar. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að lögaðilar í sambærilegum félagaformum og íslensk hlutafélög og einkahlutafélög eiga sama frádráttarrétt á arði og söluhagnaði sbr. 9. og 9. tölul. a 31. gr. laganna. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðuneytið setji nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

Í 3. mgr. er skilgreint hvenær eignarhald og stjórnunarleg yfirráð leiða til skattlagningar. Þegar að minnsta kosti helmingur hluta í félagi, sjóði eða stofnun er í eigu íslenskra skattaðila eru atvik með þeim hætti að ákvæði 1. mgr. eiga við. Með eign íslenskra aðila er átt við sameiginlega eignaraðild allra íslenskra aðila sem í félaginu eiga. Íslensk eign yfir 50% hluta innan tekjuárs er þannig nægileg til að eignarhald í félagi, sjóði eða stofnun falli undir greinina. Sama er að segja um stjórnunarleg yfirráð þótt aðili geti sýnt fram á að forminu til að eignarhald hans, beint eða óbeint, sé undir 50%. Dæmi eru um að menn hafi leitast við að fela eignarhald og á þessi regla, sem byggist á raunveruleikareglunni, að sporna gegn slíku. Eigendur þessara hluta geta verið margir og þurfa ekki að starfa saman eða hafa merkjanleg tengsl. Bein eign og umráð eru yfirleitt með þeim hætti að um er að ræða eignarhald á hlutabréfum eða hlutum. Eign og umráð þurfa ekki að fara saman. Þannig getur minni hluti eigenda farið með umráð félags t.d. vegna samninga hluthafa eða takmörkun atkvæðisréttar einhverra hlutabréfa eða hluthafa. 50% eignarhald íslenskra aðila er hins vegar nægilegt jafnvel þótt félagið sé í umráðum erlendra aðila. Óbein eignaraðild eða umráð eru nægileg til að skilyrðið sé uppfyllt. Í því sambandi er þess að gæta að umráð geta verið önnur og meiri en

eignarhlutinn. Ef íslenskur aðili á 50% hluta í félagi telst hann hafa umráð yfir því. Eigi það félag 50% í öðru félagi yrði litið svo á að síðara félagið væri einnig í 50% íslenskum umráðum en ekki bara að 25%.

4. mgr. hefur að geyma tvíþætta undantekningu frá 1. mgr. Annars vegar er tiltekið að ákvæði 1. mgr. eigi ekki við um þau félög, sjóði eða stofnanir sem njóta verndar tvísköttunarsamninga sem Ísland hefur gert við önnur ríki enda eru tekjurnar ekki að meginstofni til eignatekjur. Með því er átt við að meira en helmingur teknanna stafi frá raunverulegri atvinnustarfsemi, þ.e. framleiðslu eða sölu á vörum eða þjónustu. Þá er að auki gert ráð fyrir því að viðkomandi tvísköttunarsamningur hafi að geyma upplýsingaákvæði sambærilegt við 26. gr. samningsfyrirmyndar OECD. Félög, sjóðir og stofnanir sem hafa aðallega tekjur af eignum svo sem arð, vexti og söluhagnað, þ.e. óvirkar tekjur (e. passive income), þ.m.t. tekjur af óefnislegum eignum, svo sem réttindum hvers konar og sæta skattlagningu undir þeim mörkum sem sett eru í greininni, falla undir ákvæði hennar. Hins vegar er gert ráð fyrir að ákvæði 1. mgr. taki ekki til félags, sjóðs eða stofnunar sem er stofnsett og skráð í öðru EES-ríki og hefur þar með höndum raunverulega atvinnustarfsemi, eins og það hugtak hefur verið skilgreint hér að framan, enda njóti félagið, sjóðurinn eða stofnunin verndar tvísköttunarsamnings sem Ísland er aðili að með sambærilegu upplýsingaákvæði og lýst var hér að framan. Fjölgi ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu getur komið upp sú staða að ekki sé í gildi tvísköttunarsamningur milli Íslands og hins nýja aðildarríkis. Í því tilviki þykir rétt að skattaðili sjálfur geti aflað nauðsynlegra upplýsinga til sönnunar á starfsemi félags, sjóðs eða stofnunar.

Í 5. mgr. er kveðið á um hvernig reikna skuli út skattskyldar tekjur hins íslenska skattaðila. Er kveðið á um að þær miðist við eignarhlutdeild hans. Sé um beint eignarhald að ræða skulu þær ákveðnar sem hlutdeild skattaðilans í hagnaði félags, sjóðs eða stofnunar og þá miðað við að hagnaðurinn sé ákveðinn með sama hætti og gert yrði ef hinn erlendi aðili væri íslenskur skattaðili, sbr. umfjöllun hér að framan um 2. mgr. Sé um óbeina eignaraðild að ræða, þ.e. eignarhaldið er í gegnum annað eða önnur félög, skal skattlagning eftir sem áður miðast við samanlagt eignarhald á þeirri starfsemi sem skattlagningin tekur til. Hafi hluti hagnaðar hins erlenda aðila verið skattlagður hér á landi hjá millilið skal taka tillit til þess. Sömu skilyrði gilda um nýtingu taps og koma fram í 8. tölul. 31. gr. laganna með því viðbótarskilyrði að skattaðili geti sýnt fram á með framlagningu gagna hvernig tap er reiknað út.

Í 6. mgr. er kveðið á um að hafi félag, sjóður eða stofnun úthlutað íslenskum skattaðila af hagnaði sínum skuli sá hagnaður ekki sæta skattlagningu hafi skattaðilinn sætt skattlagningu skv. 1. mgr. Ákvæðið er sett til þess að koma í veg fyrir tvísköttun þar sem ákvörðun skattskyldra tekna skv. 1. mgr. er tekin án tillits til úthlutunar fjármuna.

Í 7. mgr. er að lokum heimild til setningar á reglugerð sem mundi geyma reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Um 4. gr.

Greinin hefur að geyma breytingar á 70. gr. tekjuskattslaga sem leiðir af þeim breytingum sem verða á 3. gr. tekjuskattslaga sbr. 1. gr. þessa frumvarps. Samkvæmt þessu greiða einstaklingar með takmarkaða skattskyldu fjármagnstekjuskatt af vöxtum. Skattlagning lögaðila með takmarkaða skattskyldu fer skv. 71. gr. laganna eins og verið hefur.

Um 5. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 92. gr. tekjuskattslaga en hún kveður á um þær upplýsingar sem veita skal skattyfirvöldum reglulega og án kvaðningar hverju sinni. Með ákvæðinu er lagt til að byggt verði enn frekar undir þá upplýsingaskyldu sem fyrir hendi er, auk þess sem hún er látin ná til upplýsinga um hvers kyns vaxtaberandi eignir, ekki eingöngu bankainnstæðna eins og nú er. Þá er skyldan jafnframt látin ná til hvers kyns skulda. Með þessum breytingum er skylda fjármálastofnana hér á landi gerð sambærileg því sem verið hefur á Norðurlöndunum um margra ára skeið og hefur m.a. tekið til íslenskra fyrirtækja sem starfað hafa í þeim löndum. Í því felst einnig að fjármálafyrirtæki eru jafnsett öðrum íslenskum fyrirtækjum sem skylt er að upplýsa skattayfirvöld um skattskyldar tekjur manna og fyrirtækja svo sem laun, hlunnindi, verktakagreiðslur, arð o.fl. Þeim misskilningi hefur oft verið haldið á lofti að sérstök bankaleynd gildi um fjármálastofnanir. Í reynd er það svo að um er að ræða trúnaðarákvæði um fjárhagsmál sem er lítt frábrugðið því sem almennt gildir um trúnað í viðskiptum milli aðila. Trúnaðarskylda skattyfirvalda um þær upplýsingar sem þau afla og fá um skattaðila er hins vegar muna ríkari.

Um 6. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 94. gr. tekjuskattslaga sem fjallar um upplýsingar sem skattaðilum ber að veita skattyfirvöldum sé eftir því leitað t.d. vegna skatteftirlits og skattrannsókna. Í a-lið tillögunnar felst að um viðskipti erlendra dótturfélaga og útibúa íslenskra móðurfélaga við íslenska aðila gildi sömu ákvæði um skil á upplýsingum til skattyfirvalda og gilda um móðurfélagið sjálft. Er það gert til að koma í veg fyrir að félag geti losnað undan upplýsingaskyldu með því að láta viðskipti fara fram í gegnum erlent dótturfélag eða útibú. Í mörgum slíkum tilvikum er móðurfélagið hinn raunverulegi gerandi í viðskiptunum og ákvarðanir um þau teknar af móðurfélaginu þótt framkvæmdin sé falin dótturfélaginu. Á undanförnum árum hefur hugtakið samstæðuréttur rutt sér til rúms víða í Evrópu. Með hugtakinu er átt við ábyrgð móðurfélags á starfsemi dótturfélags og skyldum sem móðurfélagið ber fyrir hönd dótturfélags. Ljóst ætti að vera að móðurfélag er í flestum tilvikum ráðandi um starfsemi og stjórnunarstefnu dótturfélags og hlutast til um hverjir veljast í stjórnunarstöður hjá því. Þannig er dótturfélagið í raun framlenging á starfsemi móðurfélags með svipuðum hætti eins og um útibú væri að ræða þótt hin formlega umgjörð sé færð í búning hlutafélags eða einkahlutafélags. Það hefur einnig verið litið svo á að í vissum tilvikum geti stjórnunarleg yfirráð leitt af sér ámóta samband og er á milli móður- og dótturfélags. Er þá einkum horft til þess að í félögum þar sem eignarhald er dreift geti einn stór hluthafi, þótt eignarhald hans sé undir 50%, farið með ráðandi hlut í félagi ef hann á meiri hluta fulltrúa í stjórn þess. Slíkt ráðandi samband getur einnig byggst á tengslum stórs hluthafa við annan hluthafa eða tengslum tveggja stórra hluthafa, t.d. tveggja samstarfsfyrirtækja, ef þeir saman fara með meirihlutavöld í félagi á grundvelli eignarhalds eða ráðandi hlutar í formi meiri hluta stjórnar. Horfa þarf til þess í víðu samhengi hvernig þessu eignarhaldi og stjórnunarfyrirkomulagi er háttað við mat á upplýsingaskyldu eins og henni er fyrirkomið í 6. gr.

Í b-lið tillögunnar felst það nýmæli að fjármálafyrirtæki, endurskoðendur, lögmenn og aðrir aðilar sem veita alþjóðlega skattaráðgjöf og þjónustu vegna erlendra samskipta verða skyldugir til að halda skrá yfir þá viðskiptavini sína sem þiggja slíka ráðgjöf og þjónustu. Slík skrá skal hafa að geyma nægjanlegar upplýsingar til auðkenningar á skattaðila. Með alþjóðlegri skattaráðgjöf og þjónustu er átt við ráðgjöf sem þessir aðilar veita og lýtur t.a.m. að stofnun og skráningu lögaðila erlendis, flutningi á fjármagni til annarra ríkja eða lög-

sagnarumdæma og flutningi á eignarhaldi á íslenskum fyrirtækjum til erlendra aðila. Skattyfirvöld geta hvenær sem er óskað eftir að aðgangi að skránni og er skylt að láta þeim hana í té beiðast þau þess. Til að eyða allri óvissu um rétthæð laga er lögfest ákvæði þess efnis að þagnar- og trúnaðarskylduákvæði annarra laga víki fyrir ákvæðum skattalaga.

Verði frumvarpið samþykkt er æskilegt að ákvæðum í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og lögum um virðisaukaskatt verði breytt síðar til samræmis við þær breytingar sem hér eru lagðar til á 94. gr. tekjuskattslaga.

Um 7. gr.

Með lögum nr. 164/2008 var gerð sú breyting á 15. gr. tekjuskattslaga, er kveður á um meðferð söluhagnaðar af fasteignum sem ekki er heimilt að fyrna, að ákvæði 3. mgr. tekur nú einungis til fasteigna manna en ekki eigna sem tilheyra atvinnurekstri, enda slík undantekningarregla í andstöðu við meginreglur laganna um útreikning söluhagnaðar af atvinnurekstrareignum. Breyting þessi skyldi koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2009. Að teknu tilliti til afturvirknissjónarmiða og þess að um var að ræða íþyngjandi breytingu þykir rétt að framkvæmdinni verði frestað fram að álagningu tekjuskatts á árinu 2010.

Um 8., 9. og 10. gr.

Í samræmi við þær breytingar sem verða á 3. gr. tekjuskattslaga, sbr. 1. gr. frumvarpsins, er hér kveðið á um að innheimta skuli í staðgreiðslu skatt af vöxtum sem greiddir eru til aðila með takmarkaða skattskyldu. Réttilega ákvörðuð og innborguð staðgreiðsla tekjuskatts er fullnaðargreiðsla nefndra gjalda hér á landi án þess að fram þurfi að fara frekari ákvörðun eða álagning.

Um 11. gr.

Greinin fjallar um gildistöku frumvarpsins og hvenær einstakar greinar þess koma til framkvæmda. Er gert ráð fyrir að öll ákvæði þess öðlist gildi við samþykkt frumvarpsins en komi til framkvæmda með mismunandi hætti. Þau ákvæði sem fjalla um upplýsingaskyldu og upplýsingagjöf koma þegar til framkvæmda en þau ákvæði er fela í sér skattskyldu sem ekki var áður fyrir hendi, innheimtu og skil á þeim sköttum, koma til framkvæmda 1. janúar 2010. Þá er ákveðið að vextir sem áunnir voru fyrir þann tíma beri ekki skatt.

Fylgiskjal I.

Yfirlit yfir þau ríki sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamninga við.

Austurríki*	Indland	Rússland
Bandaríkin	Kanada	Slóvakía
Belgía	Kína	Slóvenía*
Bretland	Króatía*	Spánn
Búlgaría*	Lettland	Suður-Kórea
Danmörk	Litháen	Sviss
Eistland	Lúxemborg	Svíþjóð
Finnland	Malta	Ungverjaland
Frakkland	Mexíkó	Úkraína
Grikkland	Noregur	Tékkland
Holland	Portúgal	Víetnam
Írland	Pólland	Þýskaland
Ítalía	Rúmenía	

*Samningar sem ekki hafa tekið gildi.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að innheimtur verði tekjuskattur af vöxtum sem greiddir eru úr landi. Undanþága er veitt fyrir þá aðila sem fá vaxtagreiðslur frá Seðlabanka Íslands, erlendum ríkjum, alþjóðastofnunum eða öðrum opinberum aðilum sem undanþegnir eru skattskyldu í sínu heimilisfestarríki. Í öðru lagi er lagt til að eftirgjöf skulda samkvæmt frumvarpi sem nú er til umfjöllunar á Alþingi um nauðasamninga um greiðsluaðlögun skuli ekki teljast til skattskyldra tekna. Í þriðja lagi er lagt til að breyting verði gerð á lögunum til að bæta skil banka og fjármálafyrirtækja á upplýsingum um afleiðuviðskipti, eignastýringu, milligöngustarfsemi og fleira. Með þessu ákvæði er þessum aðilum nú gert skylt að veita upplýsingar um útlán í árslok og greidda vexti á árinu. Áður hefur verið fest í lög skylda banka og fjármálafyrirtækja til að veita upplýsingar um inneignir og inni stæður í árslok, auk greiddra vaxta og afdreginnar staðgreiðslu. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að á grundvelli samstæðureiknings verði íslensk móðurfélög ábyrg fyrir að veita upplýsingar til íslenskra skattyfirvalda um tekjur viðskiptavina erlendra dótturfélaga séu þeir skattskyldir hér á landi. Með þessu ákvæði er verið að koma í veg fyrir að hægt verði að fela eignarhald í félögum með skráningum í lágskattaríkjum og þar með skjóta tekjum undan rétt-

mætri íslenskri skattlagningu. Í fimmta lagi er lagt til að lögfest verði ákvæði um skattlagningu aðila sem eiga beina eða óbeina eignaraðild að félögum, sjóðum eða stofnunum í lágskattaríkjum. Með þessu ákvæði er verið að hamla gegn skattasniðgöngu aðila sem leyna eignum sínum og flytja tekjur úr landi í félög sem stofnuð eru í lágskattaríkjum án þess að hafa nokkra starfsemi þar. Að lokum er lagt til að ákvæði sem sett var í tekjuskattslög síðastliðið haust varðandi söluhagnað af fasteignum sem ekki er heimilt að fyrna verði breytt þannig að ákvæðið taki gildi við álagningu tekjuskatts á árinu 2010 en ekki 2009 eins og lögin gera ráð fyrir. Eins og fram kom í umsögn um þá lagabreytingu eru áhrif þessa á tekjur ríkissjóðs talin óveruleg.

Frumvarp þetta gæti haft áhrif á tekjur ríkissjóðs á komandi árum. Sérstaklega á þetta við um skatttekjur af vöxtum sem greiddir eru úr landi. Á þessu stigi hefur ekki farið fram nægileg greining á vaxtagreiðslum úr landi til að hægt sé að leggja mat á hugsanlegar skatttekjur af þeim. Það fer m.a. eftir umfangi þeirra undaþága sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Einnig má nefna að vegna tvísköttunarsamninga verður ekki um að ræða skatt af vaxtagreiðslum til flestra Vestur-Evrópulanda og til Bandaríkjanna. Á þessu stigi er því ekki lagt mat á umfang teknanna.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að verulegar breytingar eða aukning verði í rekstri skattkerfisins og þar af leiðandi ekki aukin útgjöld úr ríkissjóði.

619. Fyrirspurn [367. mál]

til umhverfisráðherra um innsöfnun, endurnýtingu og endurvinnslu.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Er hafin innsöfnun og endurnýting á raftækjum eins og til stóð frá 1. janúar sl.?
2. Er ætlunin að hvetja til endurvinnslu á hjólbörðum?

620. Lög [185. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, og lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 228 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. fylgir fasteignaskatti vegna áranna 2008–2010 lögveð í fasteign þeirri sem hann er lagður á og skal hann, ásamt dráttarvöxtum í fjögur ár frá gjalddaga, ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum er á eigninni hvíla.

621. Lög [187. mál]

um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

(Afgreidd frá Alþingi 2. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 590.

622. Frumvarp til laga [368. mál]

um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Jón Bjarnason, Siv Friðleifsdóttir, Grétar Mar Jónsson.

1. gr.

Við 32. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Auk yfirlýsinga skv. 1. mgr. skal hverjum framboðslista fylgja yfirlýsing um það hvort listi sé borinn fram óraðaður, og skuli þá hluta um röð þeirra sem eru á listanum, eða raðaður, þ.e. röð þeirra sem eru á listanum skuli standa óbreytt á kjörseðli. Ef engin slík yfirlýsing fylgir framboðslista skal líta svo á að hluta skuli um röð þeirra sem á honum eru.

2. gr.

1. mgr. 34. gr. laganna orðast svo:

Nú berst yfirkjörstjórn listi með fleiri nöfnum en tilskilið er og skal þá hluta um þau nöfn sem nema skal brott. Sé listi boðinn fram raðaður, sbr. 2. mgr. 32. gr., skal nema burt af listanum öftustu nöfnin sem eru fram yfir tilskilda tölu.

3. gr.

Við 41. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Nú skal hluta um röð þeirra sem eru á framboðslista, sbr. 2. mgr. 32. gr., og skal þá yfirkjörstjórn gera það með því að tölusetja nöfn þeirra eftir stafrófsröð og hluta síðan um það hver skuli vera efstur á listanum. Sá sem næstur kemur þeim efsta í stafrófsröðinni skal vera næstefstur á listanum og þannig koll af kolli þar til byrjað er aftur á stafrófinu ef þörf krefur.

4. gr.

Við 2. mgr. 43. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Samtökum er heimilt að bera fram ýmist óraðaða eða raðaða lista í sama kjördæmi, sbr. 2. mgr. 32. gr.

5. gr.

Í stað 2. málsl. 2. mgr. 44. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Í auglýsingu skal tilgreina bókstaf hvers lista, fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er borinn fram og hvort um er að ræða óraðaðan eða raðaðan lista, sbr. 2. mgr. 32. gr. Þá skal tilgreina nöfn frambjóð-

enda listans í þeirri röð sem kveðið er á um í 2. mgr. 41. gr. sé listinn borinn fram óraðaður en ella í þeirri röð sem listinn er borinn fram.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. laganna:

a. Í stað 3. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Niður undan bókstafnum skulu vera nöfn frambjóðenda listans í þeirri röð sem kveðið er á um í 2. mgr. 41. gr. sé listinn óraðaður en ella í þeirri röð sem listinn er borinn fram. Enn fremur skal tilgreina stöðu frambjóðenda eða starfsheiti og heimili ef nauðsyn þykir til auðkenningar.
b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Sé listi óraðaður skv. 2. mgr. 32. gr. skal enn fremur prenta með skýru letri, feitletrað, neðan við Listi … (nafn stjórnmálasamtakanna) en ofan við nöfnin á listanum: **Óraðaður listi.** Jafnframt skal framan við nafn hvers frambjóðanda listans vera ferningur.

Sé listi raðaður skv. 2. mgr. 32. gr. skal prenta með skýru letri, feitletrað, neðan við Listi … (nafn stjórnmálasamtakanna) en ofan við nöfnin á listanum: **Raðaður listi.**

7. gr.

82. gr. laganna orðast svo:

Kjósandi greiðir atkvæði á þann hátt að hann markar með ritblýi kross í ferning fyrir framan bókstaf þess lista á kjörseðlinum sem hann vill kjósa.

Sé listi óraðaður setur kjósandi tölustafinn 1 í ferninginn fyrir framan það nafn sem hann vill að sé í efsta sæti listans, töluna 2 í ferninginn fyrir framan það nafn sem hann vill að sé í næstefsta sæti listans, töluna 3 í ferninginn fyrir framan það nafn sem hann vill að hljóti það þriðja o.s.frv., og setur kjósandi tölur við nöfn eins margra af frambjóðendum listans og hann sjálfur vill. Nýti kjósandi ekki að fullu tölustafina 1, 2, 3 o.s.frv. eða sleppi einhverjum þeirra við tölusetningu frambjóðenda telst hann ekki taka afstöðu til þess hver skipi viðkomandi sæti. Riti kjósandi sama tölustafinn tvívegis eða oftar telst hann ekki heldur taka afstöðu til sætis með því númeri. Merki kjósandi einungis við listabókstaf en færi engar tölur framan við nöfn frambjóðenda listans telst hann ekki taka afstöðu til þess í hvaða röð þeir skipa sæti listans.

Sé listi raðaður og vilji kjósandi breyta nafnaröð á lista þeim sem hann kýs setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa það þriðja o.s.frv., að svo miklu leyti sem hann vill breyta til. Vilji kjósandi hafna frambjóðanda á röðuðum lista sem hann kýs strikar hann yfir nafn hans. Ákvæði 2. og 3. málsl. 2. mgr. gilda einnig um raðaða lista eftir því sem við á.

8. gr.

2. málsl. 1. mgr. 105. gr. laganna orðast svo: Enn fremur skal yfirkjörstjórn telja saman atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans.

9. gr.

110. gr. laganna orðast svo:

Til þess að finna hverjir frambjóðenda hafa náð kosningu af óröðuðum lista, sbr. 2. mgr. 32. gr., skal landskjörstjórn raða nöfnum frambjóðenda á hverjum lista þannig að sá sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi að þessum slepptum sem

hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt hlýtur 2. sætið o.s.frv. Ef tveir eða fleiri frambjóðendur fá jafnháa atkvæðatölu skal hluta um röð þeirra á listanum. Takist ekki með þessum hætti að finna hverjir teljast þingmenn listans í kjördæminu og hverjir varaþingmenn skal hluta um nöfn á listanum til að fylla tölu sæta.

Til þess að finna hverjir frambjóðenda hafa náð kosningu af röðuðum lista, sbr. 2. mgr. 32. gr., skal fara þannig að:

1. Þeir frambjóðendur einir koma til álita sem þingmenn og varaþingmenn hvers framboðslista í kjördæmi er skipa efstu sæti hans, tvöfalt fleiri en komu í hlut listans samkvæmt kosningaúrslitum, sbr. 107. og 108. gr., þó aldrei færri en þrír. Þessi tala frambjóðenda kallast röðunartala listans.
2. Landskjörstjórn skal reikna þeim frambjóðendum sem til álita koma skv. 1. tölul. atkvæðatölu. Frambjóðandi sem skipar 1. sæti á óbreyttum atkvæðaseðli eða er raðað í það sæti á breyttum seðli fær eitt atkvæði. Sá sem lendir með sama hætti í 2. sæti fær það brot úr atkvæði að í nefnara er röðunartala en í teljara sú tala að frádregnum einum. Síðan lækkar teljarinn um einn við hvert sæti.
3. Sá frambjóðandi á hverjum lista sem fær hæsta atkvæðatölu skv. 2. tölul. hlýtur 1. sæti listans. Sá frambjóðandi sem fær næsthæsta atkvæðatölu hlýtur 2. sætið og þannig koll af kolli uns lokið er úthlutun þingsæta og sæta varamanna. Nú fá tveir eða fleiri frambjóðendur jafnháa atkvæðatölu og skal þá hluta um röð þeirra á listanum.
4. Aðrir frambjóðendur en þeir sem koma til greina sem þingmenn og varaþingmenn skv. 1. tölul. halda þeim sætum sem þeir skipa á röðuðum framboðslista án tillits til breytinga sem gerðar hafa verið á kjörseðlum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

I.

Með frumvarpi þessu er lagt til að kosningalögum verði breytt þannig að færi gefist á persónukjöri í kosningum til Alþingis. Forustumenn stjórnarflokkanna báðu Þorkel Helgason stærðfræðing að stýra vinnu við undirbúning breytinga á kosningalögum fyrir komandi kosningar til Alþingis vorið 2009. Í vinnuhópnum voru auk hans Ástráður Haraldsson hrl., Eiríkur Tómasson prófessor og Gunnar Helgi Kristinsson prófessor. Frumvarpið er byggt á vinnu þessa hóps.

Með persónukjöri er átt við að kjósendur hafi meiri eða minni áhrif á val á frambjóðendum í kosningum, þ.e. á kjördegi í kjörklefanum eða við utankjörfundaratkvæðagreiðslu, en ekki einungis í prófkjörum. Margsinnis hefur verið fjallað um þann möguleika að taka upp persónukjör hér á landi, m.a. í tengslum við endurskoðun á kjördæmaskipan og í umræðum á Alþingi í tengslum við breytingar á stjórnarskipunarlögum og kosningalögum án þess að lagðar hafi verið til lagabreytingar hliðstæðar þeim sem hér eru lagðar fram.

Fyrir liggur að í flestum þingræðisríkjum sem viðhafa listakosningar hefur persónukjör í auknum mæli verið tekið upp eins og nánar er gerð grein fyrir í III. kafla þessarar greinargerðar. Í Danmörku hefur t.d. um áratuga skeið verið boðið upp á persónukjör þar sem framboð geta valið á milli þriggja til fjögurra kosta. Dæmi um vestræn ríki sem bjóða rýra eða enga kosti til þess að viðhafa persónukjör eru Ísrael, Portúgal, Spánn og Noregur auk Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til þær meginbreytingar að þeir sem standa að framboði í kjördæmum eigi kost á því að bjóða fram óraðaða lista í kosningum til Alþingis, kjósi þeir svo, en að gildandi ákvæði laga um kosningar til Alþingis verði að öðru leyti óbreytt, þ.e. að bjóða fram lista með ákveðinni röð frambjóðenda eins og nú er. Kjósendur megi eftir sem áður raða og strika út af röðuðum listum jafnframt því sem útreikningar á atkvæðum frambjóðenda verði eins og verið hefur. Það nýmæli sem felst í frumvarpi þessu er því fyrst og fremst valið á milli hins hefðbundna fyrirkomulags um raðaða lista annars vegar og óraðaða lista hins vegar. Breytingar þær sem frumvarpið kveður á um snerta einkum ákvæði um óraðaða lista. Reynt er að láta öll ákvæði um raðaða lista halda sér frá gildandi kosningalögum eftir því sem kostur er.

II.

Rétt þykir að gera nokkra grein fyrir því hvernig breytingar á kosningalöggjöfinni hafa þróast frá upphafi 20. aldar að því er varðar möguleika kjósandans á að hafa bein áhrif á uppstillingu á lista með atkvæði sínu. Með lögum nr. 19/1913, um breytingu á lögum nr. 39/1903, um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum, var í fyrsta skipti kveðið á um útstrikanir og að kjósandi gæti breytt númeraröð frambjóðenda á kjörseðli. Sama fyrirkomulag var tekið upp í lög nr. 28/1915 varðandi landskjör, sem fór svo fram árið 1916. Þá voru sex þingmenn kosnir með hlutfallskosningu og jafnmargir til vara. Heimastjórnarflokkurinn fékk þrjá menn kjörna. Vegna breytinga sem kjósendur gerðu á lista þeirra færðist Guðmundur Björnson úr 2. sæti í 3. sæti en Guðjón Guðlaugsson færðist úr 3. sæti í 2. sæti. Breytingar urðu líka á röð varamanna og Bríet Bjarnhéðinsdóttir færðist úr 4. sæti í 5. sætið. Hannes Hafstein sem var efstur á lista heimastjórnarmanna sótti ekki þingfundi frá 1918 en fyrsti varamaður, Sigurjón Friðjónsson, kom í hans stað. Þetta er fyrra dæmið um að útstrikanir hafi breytt röð og í raun fellt frambjóðanda til þings. Hefði röðin verið óbreytt frá uppstillingu hefði Bríet orðið fyrst kvenna til að setjast á þing. Síðara dæmið er frá 1946 þegar útstrikanir sem gerðar voru á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík höfðu þau áhrif að Björn Ólafsson sem var í 5. sæti færðist niður í 6. sæti en Bjarni Benediktsson færðist úr 6. sæti upp í 5. sæti. Talið er að Björn hafi verið strikaður út á 1.000–1.500 kjörseðlum, en alls fékk Sjálfstæðisflokkurinn 11.580 atkvæði. Bjarni varð uppbótarþingmaður, en Björn náði ekki kjöri.

Á árabilinu 1959–1987 voru ákvæði kosningalaga slík að möguleiki kjósenda til að hafa áhrif á röðun lista var lítill. Í alþingiskosningunum 2007 voru komnar til framkvæmda breytingar samkvæmt lögum nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, sem höfðu í för með sér að áhrif af útstrikunum og öðrum breytingum á röð frambjóðenda jukust. Í tveimur kjördæmum færðist sinn frambjóðandinn hvor niður um eitt sæti vegna slíkra breytinga, en þeir hlutu þó báðir kosningu til Alþingis. Um þetta má sjá nánar í Hagtíðindum, 1. hefti 2008, útgefnu af Hagstofu Íslands, svo og á vefsíðu landskjörstjórnar *landskjor.is*.

III.

Til að auðvelda samanburð er nauðsynlegt að gera grein fyrir kosningafyrirkomulagi hvað varðar raðaða og óraðaða lista í öðrum lýðræðisríkjum, svo og um persónukjör að öðru leyti. Með persónukjöri er í þessu samhengi átt við að kjósendur eigi þess kost að velja á milli frambjóðenda af sama lista. Meirihlutakosning í einmenningskjördæmum er yfirleitt ekki talin persónukjör, þar sem kjósendur fá ekki að velja milli einstakra frambjóðenda nema með því að flytja atkvæði sitt alfarið yfir á annan flokk. Finnski stjórnmálafræðingurinn Lauri

Karvonen skiptir kosningakerfum þar sem persónukjör tíðkast í þrjá flokka. Í fyrsta lagi sterka útgáfu þar sem allir þingmenn eru kosnir persónukosningu, í öðru lagi veika útgáfu þar sem röð á lista eða hliðstæð atriði takmarka áhrif persónukjörs og í þriðja lagi kerfi þar sem atkvæði geta skipst á einstaklinga frá ólíkum flokkum (svo sem í írska kerfinu, „single transferable vote“). Síðastnefnda útgáfan er reyndar sjaldgæf en hefur verið notuð lengi á Írlandi (einnig í Japan til 1995, Möltu, Máritíus og Vanúatú en líka í kosningum til öldungadeildar í Ástralíu).

Flokka má ríki eftir því hvað þau ganga langt í persónukjöri af einhverju tagi:

A. *Sterk útgáfa persónukjörs:* Chile, Eistland, Finnland, Grikkland, Ítalía til 1993, Kýpur, Liechtenstein, Lúxemborg, Pólland, San Marinó og Sviss.
B. *Veik útgáfa persónukjörs:* Austurríki, Belgía, Danmörk,[1] Holland, Slóvenía, Svíþjóð frá 1998, Tékkland.
C. *Lokaðir flokkslistar:* Argentína, Benin, Bólivía til 1996, Búlgaría, Ekvador, Gínea, Grænhöfðaeyjar, **Ísland,** Ísrael, Kosta Ríka, Namibía, Noregur, Portúgal, Sao Tome og Principe, Spánn, Svíþjóð til 1994 og Úrúgvæ.

Talað er um lokaða flokkslista þar sem ekki er boðið upp á persónukjör eða ákvæði um persónukjör eru svo veik að þau hafa lítil eða engin áhrif í reynd. Flokkun þessi er einskorðuð við almenna deild eða neðri deild þar sem þing eru deildaskipt. Kerfi sem byggjast á einmenningskjördæmum, eða þar sem velja má frambjóðendur þvert á lista (sbr. írska kerfið) eða ólíkum kerfum er blandað saman eru ekki talin með. (Heimild: L. Karvonen 2004. „Preferential Voting: Incidence and Effects“ International Political Science Review, 25:2, 207–8.)

Persónukjör þar sem flokkslistar eru í boði er fyrst og fremst evrópskt fyrirbæri, þótt slíkt fyrirkomulag finnist einnig í Chile. Á Norðurlöndunum er Finnland dæmi um ríki með sterka útgáfu persónukjörs, Danmörk og Svíþjóð með veika útgáfu en Ísland og Noregur eru dæmi um ríki með lokaða flokkslista.

Finnland.

Kosningakerfið í Finnlandi er dæmi um listakosningu þar sem lögð er áhersla á persónuval. Á finnska þinginu sitja 200 fulltrúar sem kosnir eru hlutfallskosningum í 14 fjölmenningskjördæmum og einu einmenningskjördæmi (Álandseyjum). Stjórnmálaflokkar sem og kjördæmasamtök kjósenda geta tilnefnt frambjóðendur. Hámarksfjöldi frambjóðanda hvers flokks og kosningabandalags er 14 frambjóðendur eða (ef fleiri þingsæti eru í kjördæmi) jafnmargir og þingsæti kjördæmisins eru. Kjósendur velja einn frambjóðanda af lista flokks sem jafnframt gildir sem flokksatkvæði við talningu.

Úthlutun þingsæta milli frambjóðenda hvers flokks eða kosningabandalags í hverju kjördæmi byggist á persónulegum atkvæðum þeirra. Frambjóðendum er raðað eftir því hversu mörg persónuleg atkvæði þeir hafa fengið.

Sú staðreynd að kjósendur velja einstaka frambjóðendur frekar en flokkslista þýðir að þeir geta látið í ljós óánægju sína með stefnu eða forustu flokksins í kosningum með því að velja frambjóðendur sem tjá slíka óánægju. Það þýðir að enginn frambjóðenda flokks getur verið fyllilega öruggur um sitt sæti og í vissum mæli stuðlar það að samkeppni á milli frambjóðenda sama flokks í kosningum samhliða hefðbundinni samkeppni á milli flokka.

---

[1] Tekið er fram að danska kerfið er ekki auðflokkanlegt, sjá nánar hér á eftir.

Svíþjóð.

Í Svíþjóð fór fram talsverð umræða um að auka möguleikana á persónukjöri á tíunda áratugnum. Þessi umræða leiddi til þess að kosningakerfinu í þingkosningum (og reyndar einnig öðrum kosningum) var breytt á árinu 1998. Markmið Svía var að auka áhrif kjósenda á hverjir skyldu vera fulltrúar þeirra og styrkja tengslin á milli kjósenda og þingmanna. Höfð var hliðsjón af reynslu Dana við breytingarnar.

Á kjörseðlum í Svíþjóð eru frambjóðendur skráðir í röð en einnig er á kjörseðlinum reitur við nafn hvers frambjóðanda sem kjósendur geta merkt kross við. Einungis má merkja kross við nafn eins frambjóðanda og aðrar breytingar á listanum (svo sem útstrikanir eða að bæta við nöfnum) eru ekki leyfðar. Með því að merkja við nafn frambjóðanda gefa kjósendur til kynna stuðning sinn við hann.

Til að persónuatkvæði greidd tilteknum frambjóðanda geti haft áhrif á úthlutun þingsæta þurfa þau að nema að minnsta kosti 8% af atkvæðum flokksins í viðkomandi kjördæmi. Þingsætum er fyrst úthlutað til þeirra frambjóðenda sem komust yfir þessi mörk og er farið eftir tölu persónuatkvæða. Þeim þingsætum sem eftir eru er úthlutað eftir röð frambjóðenda á listanum sjálfum.

Í þingkosningunum 1998 nýttu 29,9% kjósenda sér möguleikann til persónukjörs og 24,9% þeirra sem náðu kjöri voru kosnir persónukosningu. Í kosningunum 2002 dró úr áhuga á persónukjöri því þá nýttu 26,0% sér möguleikann og 24,6% voru kosnir persónukosningu. Árið 2006 dró enn úr persónukjöri, þegar 21,9% kjósenda notfærðu sér þennan möguleika og 16,3% þingmanna voru kosnir persónukosningu. Þessar tölur ýkja samt nokkuð áhrif persónukjörsins því margir þeirra sem kosnir voru persónukosningu hefðu hvort eð er verið kosnir af lista þó að persónukjörið hefði ekki komið til. Árið 1998 komu þannig inn tólf þingmenn í gegnum persónukjörið sem ella hefðu ekki komist inn, tíu árið 2002 og sex árið 2006.

Persónukjörið hefur þannig ekki að öllu leyti staðið undir þeim væntingum sem lagt var upp með og um þessar mundir er það nokkuð rætt í Svíþjóð hvernig bregðast megi við því. Fram hafa komið hugmyndir um að lækka þröskuldinn úr 8% í 5% eða jafnvel afnema hann með öllu og eins að gefa kjósendum færi á að velja fleiri en eitt nafn af listunum. Rétt er þó að nefna að einnig hafa komið fram hugmyndir um að hverfa frá persónukjöri af þessu tagi.

Danmörk.

Danskir kjósendur velja sér lista með krossi eins og hér. En að auki geta þeir krossað við einn frambjóðanda á þeim lista sem þeir hafa kosið. Nefnist það að greiða *persónulegt atkvæði*. Þeir geta líka sleppt því og kallast atkvæðið þá *flokksatkvæði*. Áhrif þessara krossa kjósandans eru afar mismunandi allt eftir því hvaða framboðsleið listinn hefur valið.

Kjördæmi eru allstór, með 10–21 kjördæmissæti hvert, en boðið er fram í svokölluðum „opstillingskredse“, sem geta verið heil sveitarfélög, hverfi í Stór-Kaupmannahöfn eða á landsbyggðinni samsafn sveitarfélaga. Kalla má þetta *nærkjördæmi.* Að nokkru leyti má líkja nærkjördæmunum við einmenningskjördæmi þar sem tala þeirra innan hvers (yfir)kjördæmis er ámóta þingsætatölu kjördæmisins. Frambjóðendum er stillt upp í einstökum nærkjördæmum, einu eða fleirum eða í öllum nærkjördæmum sama kjördæmis, allt að vali þeirra sem að framboðunum standa.

Valkostir framboða um uppstillingu á lista eru í meginatriðum eftirfarandi:

Hliðstæð röðun: Frambjóðendum nærkjördæmisins er raðað í stafrófsröð. Þó má stilla upp einum manni efst á lista í hverju einstöku nærkjördæmi, en ekki endilega þeim sama í öllum nærkjördæmum sama kjördæmis. Flokksatkvæðin dreifast á alla frambjóðendur nærkjördæm-

isins í hlutfalli við persónulegu atkvæðin og bætast þannig við þau. Þeir ná kjöri í sæti hvers flokks í hverju kjördæmi sem hafa hlotið flest persónulegu atkvæðanna. Segja má að þetta fyrirkomulag sé jafngilt því sem nefnt er óraðaður listi í þessu skjali. Eina frávikið er sá „áróður á kjörstað“ sem felst í því að hampa einum frambjóðanda sérstaklega í hverju nærkjördæmi.

Kjördæmisuppstilling: Viðkomandi flokkur setur einn af frambjóðendum kjördæmis efst á lista í nærkjördæmi, í einu eða fleirum samtímis. Öllum öðrum frambjóðendum flokksins í sama (yfir)kjördæmi er síðan raðað í stafrófsröð á framboðslista hvers nærkjördæmis þess. Frambjóðandinn, sem er hampað efst á listanum, fær öll flokksatkvæðin í nærkjördæminu. Krossafjöldinn ræður því hverjir ná kjöri eins og í 1. valkosti.

Flokksuppstilling: Þá stillir flokkurinn upp lista fyrir allt kjördæmið og það í sinni óskaröð. Þó má sem fyrr taka einn í hverju nærkjördæmi út úr og setja í efsta sæti. Kjósendur mega sem fyrr merkja við einn frambjóðanda. Fái einhverjir þeirra nægilegar slíkar persónumerkingar sem duga fyrir einu af sætum flokksins á grundvelli svokallaðs Droops-kvóta (sjá skilgreiningu í greinargerð um persónukjör á vefsíðunni landskjor.is) teljast þeir kosnir óháð því hvar þeim er ella raðað á listann. Afgangurinn af frambjóðendunum fer inn á grundvelli flokksröðunarinnar. Ekki fer sérstökum sögum af örlögum þess sem er efstur á listanum. Hann er væntanlega nokkuð hólpinn með sæti, ef ekki á grundvelli þess að ná kvótanum þá sem forustumaður í listaröðinni.

Hiklaust má segja að fyrsta leiðin sé sú sem kemst næst hreinu persónukjöri, en síðan eykst vægi flokksröðunarinnar. Kjósendur hafa væntanlega samt meiri áhrif á val þingmannsefna jafnvel undir 3. kostinum, flokksuppstillingu, en þeir hafa samkvæmt gildandi kosningalögum íslenskum.

Fyrst völdu nær öll framboð flokksuppstillingu en nú orðið velja langflest hliðstæðu röðunina, óraðaða lista. Þátttaka kjósenda í vali á frambjóðendum hefur farið vaxandi en allt frá um 1990 hefur um helmingur þeirra nýtt sér þennan rétt.

IV.

Sérfræðingahópur sá sem kom að samningu frumvarps þessa og fyrr er getið íhugaði fleiri leiðir til þess að auka þátt persónukjörs í lögum um kosningar til Alþingis. Meðal leiða, sem voru gaumgæfðar, eru þessar:

P1: Listar eru boðnir fram í þeirri röð sem framboðin, flokkarnir, kjósa t.d. að loknum prófkjörum. Uppstilling á listana er á hinn bóginn aðeins til leiðbeiningar kjósendum en hefur að öðru leyti engin áhrif á skipan þingsæta listanna. Kjósendur fara alfarið með það vald að velja þingmannsefnin allt eins og listarnir væru óraðaðir. Eina frávikið væri það að ekki væri hlutað um skipan sæta ef kjósendur hafa ekki merkt við nægilega marga frambjóðendur, sbr. ákvæði síðasta málsliðar 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins. Í þess stað væri eðlilegra að grípa til frambjóðenda í þeirri röð sem þeir eru á hinum uppstillta lista. Jafnvel mætti ganga lengra og láta uppstilltu röðina taka við ef stuðningur kjósenda við nægilega marga frambjóðendur nær ekki vissu lágmarki, sbr. fyrirkomulagið í Svíþjóð.

P2: Listar eru sem fyrr boðnir fram í þeirri röð sem framboðin, flokkarnir, kjósa t.d. að loknum prófkjörum. Kjósendur geta breytt röðinni með sama hætti og nú, þ.e. með umröðun eða útstrikun. Breytingin frá núverandi fyrirkomulagi er fólgin í því að vægi þeirra breytinga, sem kjósendur gera, er aukið og gert meira en vægið sem uppstillingin á listanum hefur. Eins og fyrr segir var þessu öfugt farið í kosningalögunum frá 1959. Segja má að vægi uppstillingarinnar hafi þá verið þrefalt meira vægi en þær breytingar sem

kjósendur gerðu á listunum. Þessi hugmynd felur í sér í raun leið P1 þar sem þær renna því sem næst saman þegar vægi kjósenda er komið í vissar hæðir. Af þessari hugmynd eru nokkur afbrigði:

P2-f: Vægishlutföll kjósenda og uppstillingar eru fastákvæðin í lögum, eins og t.d. 2:1.

P2-t: Vægi kjósenda hækkar ár frá ári næstu árin þar til það nær aðstefndu hámarki. Þannig væri farið hægt af stað nú en markinu náð t.d. á tveimur kjörtímabilum.

P2-v: Vægi kjósenda er að vali framboðslistanna, t.d. þannig að þeir hafi nokkra kosti allt frá því að hafa vægi kjósenda og uppstillingar jafnt eins og nú er upp í að vægishlutföllin svari til þess að kjósendur hafi nánast fullt vald á skipan listanna.

Leið P1 gæti komið í stað valkostsins sem er í frumvarpi þessu um óraðað lista, eða að það væri þriðji valkosturinn sem framboð hefðu. Þá væru ákvæðin orðin mjög ámóta því sem er í Danmörku.

Leið P2 kæmi aftur á móti alfarið í stað þeirrar valkvæðu leiðar sem felst í frumvarpinu. Með afbrigðinu P2-v væri þó aftur boðið upp á valkvæða leið þar sem ytra útlit valkostanna allra væri samt það sama.

Sérfræðingahópurinn fjallaði jafnframt um mismunandi aðferðir við merkingar kjósenda á óröðuðum listum og talningu eða uppgjör á þeim merkingum. Eftirfarandi kemur helst til álita í þessum efnum:

M1: Óraðaðir listar samkvæmt frumvarpi þessu: Kjósendur raða frambjóðendum í talnaröð. Túlkun á tölunum er síðan eins og er að jafnaði í prófkjörum, þ.e. merkingar með tölunni 1 er atkvæði í 1. sæti lista, merking með tölunni 2 atkvæði er í 2. sæti o.s.frv. Sá sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi að þessum slepptum, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt, hlýtur 2. sætið o.s.frv.

M2: Kjósendur raða frambjóðendum enn á ný í talnaröð en nú er túlkunin önnur. Hver tala er ávísun á visst atkvæðabrot. Það sem fæst fyrir merkingu með 1 er heilt atkvæði en síðan minnkar brotið í jöfnum skrefum. Atkvæðabrotin eru lögð saman og fæst þannig atkvæðatala hvers frambjóðanda sem ræður að lokum röð þeirra innan hvers lista.

M3: Kjósendur velja frambjóðendur með krossum, einum eða fleirum, sbr. fyrirkomulagið í þremur norrænum löndum. Fjöldi krossa hjá hverjum einstökum frambjóðanda er síðan ráðandi um stöðu hans á listanum.

Það var niðurstaða hópsins að mæla með aðferð M1, einkum með þeim rökum að það væri fyrirkomulag sem kjósendur þekkja úr prófkjörum, en að vissu leyti er verið að viðhafa „prófkjör“ í kjörklefanum þegar boðnir eru fram óraðaðir listar. Um kosti og galla þessara aðferða má að öðru leyti lesa í fyrrnefndri greinargerð um persónukjör á vefsíðunni landskjor.is.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér kemur fram það meginmarkmið frumvarpsins að heimila framboðum að bjóða ýmist fram raðaða lista eins og tíðkast hefur eða óraðaða lista þar sem röð kjósenda listans ræður því alfarið hverjir setjast í sæti listans. Ákvæði þessarar frumvarpsgreinar taka til VII. kafla laganna um *Framboð*.

Framboði ber að tilkynna hvora aðferðina það velur og ber að tilkynna það með sérstakri skriflegri yfirlýsingu til yfirkjörstjórnar. Skorti slíka skriflega yfirlýsingu skal líta svo á að um óraðaðan lista sé að ræða.

Um 2. gr.

Hér er tekið á því hvernig bregðast skuli við ef boðin eru fram fleiri nöfn en kjósa skal í kjördæminu af aðal- og varamönnum. Skv. 34. gr. laganna skal þá nema burt af listanum öftustu nöfnin sem eru fram yfir tilskilda tölu. Lagt er til að þetta ákvæði haldist gagnvart röðuðu listunum en sé listi óraðaður skal hlutað um nöfn þeirra sem nema skal burt og er gerð tillaga um það.

Um 3. gr.

Sé listi óraðaður er hér lagt til að yfirkjörstjórn stilli nöfnum frambjóðenda upp í stafrófsröð. Til þess að gæta jafnræðis skal þá hlutað um það hver skuli vera efstur á hverjum lista.

Um 4. gr.

Hér er einungis verið að hnykkja á því sem þegar segir í 1. gr. frumvarpsins og tekin af tvímæli um að taka verður sjálfstæða ákvörðum um alla lista hvort sem þeir eru boðnir fram raðaðir eða óraðaðir. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa við.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu eru lagðar til breytingar sem taka mið af því að listar geti nú ýmist verið boðnir fram raðaðir eða óraðaðir. Verður að koma fram í auglýsingu landskjörstjórnar hvort raðað hafi verið á lista eða listi sé óraðaður. Jafnframt er lagt til að tilgreina skuli nöfn frambjóðenda listans í þeirri röð sem kveðið er á um í 3. gr. frumvarpsins ef listinn er borinn fram óraðaður, en að öðrum kosti í þeirri röð sem listinn er borinn fram ef um raðaðan lista er að ræða. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa við.

Um 6. gr.

Þessi frumvarpsgrein tilgreinir þær breytingar sem gera verður á ákvæðum um útlit kjörseðla í kjölfar þess að leyft yrði að bjóða jöfnum höndum fram raðaða og óraðaða lista. Meginefnið felst í b-lið frumvarpsgreinarinnar þar sem segir að skýrt skuli koma fram með feitu letri hvort listi er borinn fram óraðaður eða raðaður. Útliti þeirra lista sem boðnir eru fram raðaðir er að engu öðru leyti breytt. En um óraðaða lista er lagt til að framan við nafn hvers frambjóðanda listans skuli vera ferningur til að auðvelda kjósendum að tölurað nöfnum á listanum.

Um 7. gr.

82. gr. laganna kveður á um hvernig kjósandi skuli greiða atkvæði á kjörfundi. Hér er greinin tekin upp í heild sinni en með nauðsynlegum breytingum vegna hinna óröðuðu lista.

1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er óbreytt 1. mgr. 82. gr. laganna.

2. mgr. er ný og kveður á um það hvernig kjósandi skal taka þátt í röðun á óröðuðum lista. Er það gert með því að kjósandi merkir með tölustöfum, 1, 2, 3 o.s.frv., við frambjóðendur allt að því jafnmarga og kjósa skal og má hann tölusetja svo marga frambjóðendur þess lista sem hann sjálfur kýs. Talnaröðin þarf ekki að vera samfelld, t.d. 1, 3, 4 og 11. Þá telst kjósandi ekki taka afstöðu til þess hver skipar eyðusætin. Riti kjósandi sama tölustafinn tvívegis eða oftar telst hann heldur ekki taka afstöðu til sætis með því númeri. Útstrikanir eiga hins vegar ekki við á óröðuðum listum enda eru áhrif þeirra engin. 2. og 3. mgr. gildandi laga eru felldar saman og verða samkvæmt frumvarpinu að nýrri 3. mgr. Bætt er við tilvísun í 2. mgr.

greinarinnar um að ekki sé nauðsynlegt að nota tölustafi í samfellu vilji kjósandi umraða á lista. Þetta felur ekki í sér neina efnisbreytingu frá gildandi framkvæmd, en er hér bætt við ákvæðið til að taka af vafa.

Um 8. gr.

Orðalag á ákvæði um talningu frambjóðenda í sæti eru aðlöguð því að nú kunna listar að vera óraðaðir. Þetta felur ekki í sér efnisbreytingu varðandi raðaða lista.

Um 9. gr.

110. gr. kosningalaganna fjallar um útreikning á atkvæðatölu frambjóðenda. Meginbreyting frumvarpsins tekur til þessarar lagagreinar. Því er greinin tekin upp í heild sinni en með nauðsynlegum breytingum vegna hinna óröðuðu lista. Sem fyrr eru engar efnisbreytingar á ákvæðunum um raðaða lista.

1. mgr. frumvarpsgreinarinnar kveður á um hvernig fara skuli að með óraðaða lista. Talið er í einstök sæti líkt og tíðkast hefur að jafnaði um uppgjör á prófkjörum hér á landi. Ákvæði þessarar málsgreinar eru nær orðrétt þau sömu og voru í hliðstæðum ákvæðum í kosningalögunum nr. 80/1987, en þau giltu allt til þess að lög nr. 24/2000 tóku gildi.

2. mgr. frumvarpsgreinarinnar er efnislega samhljóða allri 110. gr. gildandi laga en er sett upp í töluliðum í stað málsgreina.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Með frumvapinu var fylgiskjal: Útdráttur úr skýrslu um greiningu á úthlutun þingsæta við alþingiskosningar 12. maí 2007, birt á vef landskjörstjórnar, *landskjor.is*.

623. Tillaga til þingsályktunar [369. mál]

um að endurmeta byggingu hátæknisjúkrahúss.

Flm.: Jón Gunnarsson, Jón Magnússon, Kjartan Ólafsson.

Alþingi ályktar að vegna breytinga á stöðu þjóðarbúsins skuli endurmeta hugmyndir um byggingu svokallaðs hátæknisjúkrahúss á Landspítalalóð.

Greinargerð.

Við bankahrunið í október sl. var ljóst að aðstæður Íslendinga höfðu gjörbreyst og að ríkið þyrfti að taka á sig miklar skuldir og skuldbindingar sem mundu takmarka mjög möguleika á því að ráðast í ýmsar framkvæmdir sem ráð var fyrir gert og æskilegt væri að yrðu að veruleika þegar aðstæður breytast á nýjan leik til batnaðar. Mikil skuldsetning ríkisins kallar á endurmat einstakra verkefna.

Flutningsmenn telja brýnt að heilbrigðisþjónustan hér á landi sé jafnan í fremstu röð og þess gætt að húsnæði sé gott og búnaður góður.

Nú er brýnt að stjórnvöld móti nýja stefnu til að efla og tryggja uppbyggingu þeirrar heilbrigðis- og sjúkrahússþjónustu sem fyrir er. Ljóst er að brýn viðhaldsverkefni og endurnýjun búnaðar í heilbrigðiskerfinu hefur setið á hakanum. Á fjárlögum þessa árs eru háar fjárhæðir ætlaðar til undirbúnings byggingar hátæknisjúkrahúss. Ljóst er að fresta verður þeirri framkvæmd um óákveðinn tíma vegna stöðu þjóðarbúsins. Flutningsmenn telja því eðlilegt að byggja upp og styrkja þær sjúkrastofnanir sem fyrir eru og endurskoða t.d. byggingar við Landspítala til að bæta þjónustuna. Bygging nýs hátæknisjúkrahúss getur hins vegar ekki verið á dagskrá fyrr en staða þjóðarbúsins verður önnur og mun betri en nú er.

624. Nefndarálit [313. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, með síðari breytingum, og breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson og Vigfús Áskelsson frá fjármálaráðuneyti, Þóreyju Þórðardóttur frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Guðrúnu Zoëga frá kjararáði, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Stefán Baldursson frá Bandalagi háskólamanna og Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandi Íslands, Prestafélagi Íslands, Viðskiptaráði Íslands og Seðlabanka Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að lög nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, verði felld brott í því augnamiði að færa eftirlaun þeirra til samræmis við lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Frumvarpið gerir ráð fyrir að lögin gildi áfram um núverandi hæstaréttardómara og forseta Íslands út starfstíma þeirra. Þá er í frumvarpinu gerður sá almenni fyrirvari um að áunnin réttindi haldist.

Nefndin ræddi lagaskilaákvæði frumvarpsins með hliðsjón af því hvernig lífeyrissjóðakerfi opinberra starfsmanna er uppbyggt og með hliðsjón af því mikilvæga sjónarmiði að menn haldi áunnum réttindum. Nefndin ræddi vægi lífeyrisréttinda í kjörum alþingismanna og ráðherra og heimildir og skyldur kjararáðs til að taka mið af þeim réttindum við ákvarðanir um laun. Þá ræddi nefndin hugmyndir um að þeir sem frumvarpið tekur til gætu valið sér lífeyrissjóð en það er í andstöðu við það fyrirkomulag að skylda almennt launafólk til að greiða lífeyrisiðgjöld í tiltekinn lífeyrissjóð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir og Ármann Kr. Ólafsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 2. mars 2009.

Árni Þór Sigurðsson, varaform., frsm.	Ellert B. Schram.	Gunnar Svavarsson.
Jón Bjarnason.	Birkir J. Jónsson.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.
Ragnheiður E. Árnadóttir, með fyrirvara.	Ármann Kr. Ólafsson, með fyrirvara.	

625. Tillaga til þingsályktunar [370. mál]

um hagsmuni Íslands í loftslagsmálum.

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Illugi Gunnarsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Árni Johnsen, Árni M. Mathiesen, Ásta Möller, Birgir Ármannsson, Birkir J. Jónsson, Bjarni Benediktsson, Björk Guðjónsdóttir, Björn Bjarnason, Einar K. Guðfinnsson, Eygló Harðardóttir, Geir H. Haarde, Grétar Mar Jónsson, Guðjón A. Kristjánsson, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Helga Sigrún Harðardóttir, Herdís Þórðardóttir, Höskuldur Þórhallsson, Jón Gunnarsson, Jón Magnússon, Kjartan Ólafsson, Kristinn H. Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Magnús Stefánsson, Ólöf Nordal, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Sturla Böðvarsson, Valgerður Sverrisdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gæta ýtrustu hagsmuna Íslands í samningaviðræðum sem nú fara fram á vegum rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og stefnt er að því að ljúki á 15. aðildarríkjaþingi samningsins í Kaupmannahöfn í desember á þessu ári. Sérstaklega skal ríkisstjórnin tryggja að efni og tilgangur ákvörðunar 7. aðildarríkjaþings rammasamningsins nr. 14/CP.7 um áhrif einstakra verkefna á útstreymi á skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar („íslenska ákvæðið“) haldi gildi sínu við samningsgerðina.

Greinargerð.

Á aðildarríkjaþingi rammasamnings um loftslagsbreytingar sem haldið var á Balí í Indónesíu 2007 var samþykktur svokallaður Balí-vegvísir en samkvæmt honum er ætlunin að ljúka gerð nýs alþjóðlegs samkomulags um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum á þingi samningsaðila í Kaupmannahöfn í desember 2009. Samkomulaginu er meðal annars ætlað að fjalla um frekari skuldbindingar ríkja sem tóku á sig tölusett markmið um útstreymi gróðurhúsalofttegunda á árunum 2008–12. Skuldbindingar þessar fólust í Kyoto-bókuninni sem sam-

þykkt var árið 1997 en öðlaðist gildi árið 2005. Skuldbindingar Íslands samkvæmt bókuninni felast í því að útstreymi gróðurhúsalofttegunda hér á landi skuli ekki aukast meira en að hámarki um 10% á árunum 2008–12 að meðaltali miðað við árið 1990. Einnig er í gildi íslenska ákvæðið svonefnda sem heimilar útstreymi allt 1,6 milljón tonna af gróðurhúsalofttegundinni CO_2 að meðaltali á ári á skuldbindingartímabilinu.

Ástæður þess að Íslandi er heimilt að auka útstreymið 2008–12 og hefur að auki aðgang að útstreymisheimildum samkvæmt íslenska ákvæðinu eru nokkrar. Í fyrsta lagi var þegar árið 1990 lokið stórum áföngum við hitaveituvæðingu landsins. Landsmenn lögðu á sig verulegar byrðar í því skyni að losna við upphitun með jarðefnaeldsneyti áratugina á undan. Því hafði að verulegum hluta átt sér stað hér á landi umbreyting þar sem endurnýjanlegir orkugjafar komu í stað jarðefnaeldsneytis. Meginmarkmið með væntanlegu nýju alþjóðlegu samkomulagi um loftslagsmál er að önnur ríki grípi til sambærilegra aðgerða. Í öðru lagi er einnig ljóst að lítil hagkerfi hafa mun minni sveigjanleika en þau sem stærri eru til að bregðast við auknum kröfum um samdrátt útstreymis. Evrópusambandið (ESB), sem fer með heildarkvóta fyrir aðildarríkin, hefur brugðist við þessu með því að úthluta útstreymismarkmiðum til einstakra aðildarríkja eftir getu þeirra og aðstæðum og má nefna að t.d. mun útstreymi á Spáni, Portúgal og Grikklandi aukast mun meira en á Íslandi á árunum 2008–12 frá 1990. Sama mun gerast á næsta tímabili þar sem ESB hefur þegar ákveðið að einstök ríki geti aukið útstreymi til 2020 um allt að 20% frá árinu 2005. Einstök ríki hafa engan slíkan sveigjanleika. Í þriðja lagi geta einstök verkefni haft veruleg áhrif á útstreymi smárra ríkja og getur þannig eitt nýtt fyrirtæki aukið útstreymi landsins um tugi prósenta. Þannig geta skuldbindingar á vegum rammasamnings um loftslagsbreytingar haft veruleg áhrif á hagþróun í smáum ríkjum og komið í veg fyrir að þau geti byggt upp sitt hagkerfi eins og best samræmist getu þeirra og sérstöðu. Í raun hefðu slíkar skuldbindingar hlutfallslega meiri áhrif í smáum hagkerfum en annars staðar og gætu þýtt að byrðum væri skipt á óréttlátan hátt. Í fjórða lagi er alveg skýrt samkvæmt rammasamningnum um loftslagsbreytingar að ríkin hafa óskoraðan rétt yfir auðlindum sínum. Engar takmarkanir eru lagðar á heimildir ríkja þar sem er að finna jarðefnaeldsneyti til að nýta þær auðlindir. Eins og kunnugt er dæla Norðmenn upp olíu og jarðgasi sem aldrei fyrr og sama á við um önnur olíuríki sem tóku á sig skuldbindingar samkvæmt Kyoto-bókuninni. Í fimmta lagi býr Ísland við þá sérstöðu að hér er að finna gnótt endurnýjanlegra orkulinda og það liggur fyrir að það er beinlínis hagfellt fyrir loftslagskerfi heimsins að auka nýtingu slíkra endurnýjanlegra orkulinda. Má auðveldlega sýna fram á að ef sú iðnframleiðsla sem hér fer fram og nýtir raforku úr vatnsafli og jarðvarma flyttist annað mundi útstreymi gróðurhúsalofttegunda í heiminum aukast og um leið neikvæð áhrif á loftslagið. Það hefði skotið algerlega skökku við ef Kyoto-bókunin hefði leitt til þess að leggja óraunhæfar kröfur á nýtingu endurnýjanlegra orkulinda á þeim stað í heiminum þar sem til er þekking, aðstaða og tæknileg geta til nýtingu þeirra og að auki stundaðar rannsóknir á þessu sviði og unnið að alþjóðlegri miðlun þekkingar og rannsóknaniðurstaðna. Rétt er að hafa í huga að framleiðsla áls þar sem jarðefnaeldsneyti er notað til orkugjafar veldur sex til átta sinnum meiri mengun en hlýst af framleiðslu áls þar sem hreinir endurnýjanlegir orkugjafar eru notaðir, eins og gert er hér á landi.

Öll þau rök sem hér hafa verið talin upp eru enn í fullu gildi og því er brýn nauðsyn til þess að ríkisstjórnin haldi þeim á lofti og fallist ekki á neina þá niðurstöðu í samningsferli á vegum rammasamnings um loftslagsbreytingar sem rýra möguleika þjóðarinnar til nýtingar auðlinda sinna. Þær má svo nýta eins og talið er samrýmast öðrum markmiðum á hverjum tíma hvort sem um er að ræða markmið í náttúruvernd eða efnahagsmálum. Einnig er rétt að

minna á að það er nánast óhugsandi að ákvörðun aðildarríkjaþings rammasamningsins nr. 14/CP.7 hafi einungis verið hugsuð til tímabilsins 2008–12 og að heimildir sem í henni felast eigi síðan að falla niður. Ákvæðið mun hafa verið nýtt að stórum hluta í lok tímabilsins og það er hlutverk ríkisstjórnarinnar að tryggja að það verði til áfram svo að íslenskt atvinnulíf búi við sambærileg samkeppnisskilyrði og fyrirtæki í nálægum löndum. Það er líka hlutverk ríkisstjórnarinnar að tryggja að íslenska þjóðin geti á hverjum tíma notað auðlindirnar til að tryggja kröftuga uppbyggingu atvinnulífs og búa í haginn fyrir sig og afkomendur sína. Ekki mun af veita.

626. Frumvarp til laga [371. mál]

um breytingu á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 19. gr. skal eftirlitsgjald ekki innheimt fyrir árið 2009. Kostnaður við starf eftirlitsnefndar Félags fasteignasala á árinu 2009 skal greiðast úr sjóði nefndarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa skulu fasteignasalar greiða árlegt eftirlitsgjald fyrir 1. júlí ár hvert. Fjárhæð gjaldsins nemur 100.000 kr. og skal standa straum af kostnaði við störf eftirlitsnefndar Félags fasteignasala. Frá því að innheimta eftirlitsgjaldsins hófst hefur safnast digur sjóður. Í frumvarpi til nýrra heildarlaga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa sem lagt var fram í apríl 2008 var gert ráð fyrir að gjaldið yrði lækkað í 80.000 kr., en gjaldið yrði þó ekki innheimt fyrr en 1. júlí 2010. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu.

Með hliðsjón af því ástandi sem nú ríkir, þar sem sala fasteigna hefur m.a. stórlega minnkað, er með frumvarpi þessu lagt til að gjaldið verði ekki innheimt á árinu 2009. Nú stendur yfir heildarendurskoðun á lögunum og er gert ráð fyrir að frumvarp í þeim efnum verði lagt fram á Alþingi næsta vetur.

627. Breytingartillögur [313. mál]

við frv. til l. um afnám laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, með síðari breytingum, og breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. 4. gr. orðist svo:
   Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherrum, alþingismönnum og forseta Íslands er heimilt að greiða í lífeyrissjóð að eigin vali enda fari starfsemin eftir lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
2. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Séu verðmæti réttinda ráðherra og alþingismanna í þeim sjóði sem valinn hefur verið á grundvelli 4. gr. þessara laga minni en verðmæti réttinda samkvæmt lögum nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, sbr. lög nr. 169/2008, skal kjararáð ákveða sérstakt álag á laun viðkomandi sem nemur mismuni á verðmæti réttinda að teknu tilliti til iðgjalds.

628. Frumvarp til laga [372. mál]

um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, með síðari breytingum.

Flm.: Ármann Kr. Ólafsson, Ellert B. Schram, Herdís Þórðardóttir, Jón Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Ólöf Nordal, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

1. gr.

33. gr. laganna orðast svo:

Valdi ófyrirséð atvik eða ný löggjöf því að brýn nauðsyn sé til greiðslu úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum skal hlutaðeigandi ráðherra senda beiðni um slíka greiðslu til fjármálaráðherra sem fjáraukalagabeiðni. Ráðherra skal taka afstöðu til beiðninnar og senda hana áfram til fjárlaganefndar Alþingis. Fjárlaganefnd skal hittast að jafnaði einu sinni í viku og taka fyrir fyrirliggjandi beiðnir til samþykkis eða höfnunar.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins, m.a. um form beiðna til nefndarinnar og afgreiðslufrest.

Leita skal heimilda til greiðslna samkvæmt fjáraukalagabeiðnum með frumvarpi til fjáraukalaga í samræmi við V. kafla.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Vilji ríkisaðili í A-hluta flytja fjárheimildir milli einstakra rekstrarverkefna sem tilgreind eru í fjárlögum skal hlutaðeigandi ráðherra sækja um slíka yfirfærslu með beiðni

til fjárlaganefndar Alþingis. Slíkar beiðnir skulu lúta reglum um fjáraukalagabeiðnir, sbr. 33. gr.

b. Í stað orðanna „og fjármálaráðherra“ í 2. mgr. kemur: fjármálaráðherra og fjárlaganefnd Alþingis.

3. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Þurfi ríkisaðilar í B- og C-hluta að stofna til frekari fjárskuldbindinga en fjárlög gera ráð fyrir skal hlutaðeigandi ráðherra sækja um heimild til slíks með beiðni til fjárlaganefndar Alþingis, enda sé brýn nauðsyn að stofna til fjárskuldbindingarinnar til að tryggja eðlilegan rekstur fyrirtækisins. Slíkar beiðnir skulu lúta reglum um fjáraukalagabeiðnir, sbr. 33. gr.

4. gr.

Við 1. mgr. 44. gr. laganna bætist nýr málsliður, 2. málsl., svohljóðandi:

Óheimilt er að leita heimilda til fjárráðstöfunar vegna ófyrirséðra atvika eða nýrrar löggjafar hafi fjárlaganefnd Alþingis ekki þegar samþykkt fjáraukalagabeiðni vegna ráðstöfunarinnar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpinu er ætlað að tryggja það að greiðslur úr ríkissjóði sem ekki er lögfest heimild fyrir verði einungis heimilaðar ef brýna nauðsyn krefur og að samþykki löggjafans komi til. Lagt er til að fjárlaganefnd Alþingis fái virkara hlutverk við framkvæmd laga um fjárreiður ríkisins. Þá er breytingunni ætlað að tryggja að Alþingi og fjárlaganefnd geti með skýrari hætti rækt eftirlitshlutverk sitt þar sem upplýsingar um greiðslur sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum berast til nefndarinnar sem tekur afstöðu til þeirra. Frumvarpið ætti einnig að skerpa skilin milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds þar sem tryggt er að löggjafinn hafi ákvörðunarvald um greiðslur úr ríkissjóði en sé ekki settur í þá aðstöðu að þurfa að samþykkja greiðslur sem þegar hafa verið inntar af hendi.

Lögin voru upphaflega sett með það að markmiði að auka festu og aga í fjárreiðum ríkisins og voru þar lögfestar undantekningar til útgjalda án undangenginnar heimildar í fjárlögum eða fjáraukalögum. Þessum undantekningum var einungis ætlað að mæta sérstökum atvikum og þá m.a. þeim tilvikum sem ekki væri hægt að sjá fyrir, sbr. 33. gr. Frá setningu laganna hafa þessar undantekningar þó verið nýttar ansi rúmt og sjá má af samanburði á fjárlögum og ríkisreikningi fyrir árin 1999–2002 að heildarfrávik frá upphaflegum markmiðum eru 10,8% sem samsvarar 89,8 milljörðum. Eru þetta fimmfalt meiri frávik en nemur breytingum á frumvarpi til fjárlaga og fjárlögum fyrir sama árabil.

Ákvæði frumvarpsins miða að því að þrengja heimildir til veitingar undanþágu frá greiðslu úr ríkissjóði sem ekki er heimild fyrir í fjárlögum og kveða jafnframt á um að beiðnir um undanþágu sæti samþykkis fjárlaganefndar Alþingis en ekki fjármálaráðherra líkt og gildandi ákvæði kveða á um. Með þessu er tryggt að ekki komi til greiðslu úr ríkissjóði án þess að löggjafinn hafi tekið afstöðu til greiðslunnar enda er það löggjafinn sem setur fjárlög og fjáraukalög.

Leiða má að því líkur að fækkun á undantekningum til greiðslu úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum verði til þess að ráðuneyti vandi betur til fjárlagavinnu síns hluta frumvarps til fjárlaga og að sama skapi fækki þeim tilvikum þar sem þörf er á því að leita undanþágu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert ráð fyrir því í 1. gr. frumvarpsins að í stað þess að fjármálaráðherra geti heimilað ófyrirséða greiðslu í samráði við hlutaðeigandi ráðherra skuli hlutaðeigandi ráðherra senda fjáraukalagabeiðni um greiðsluna til fjármálaráðherra sem taki afstöðu til hennar og senda svo áfram til fjárlaganefndar Alþingis til samþykkis eða höfnunar. Gerð er krafa um að brýn nauðsyn sé til greiðslunnar enda ætlunin að heimildin sé eingöngu nýtt í undantekningartilvikum. Þá er jafnframt gert ráð fyrir því að greiðslur úr ríkissjóði vegna nýrrar löggjafar eða lagabreytinga falli undir ákvæðið og því þurfi jafnframt samþykki fjárlaganefndar á fjáraukalagabeiðnum fyrir slíkum greiðslum.

Ekki verður séð að þetta fyrirkomulag tefji afgreiðslu frá því sem nú er þar sem kveðið er á um að fjárlaganefnd skuli að jafnaði hittast vikulega og taka fyrir þær beiðnir sem hafa borist innan þess frests sem ráðherra ákveður með reglugerð. Fresturinn skal þó ætlaður stuttur og eingöngu nægilegur til að nefndarmenn geti kynnt sér efni beiðnanna fyrir fund. Í reglugerðinni skal jafnframt kveða á um form beiðnanna en eðlilega skal þar tiltekin fjárhæðin sem um ræðir ásamt ástæðu þess að ekki var hægt að sjá greiðsluna fyrir sem og rökstuðning fyrir nauðsyn þess að greiða hana. Þær beiðnir sem berast skal nefndin annaðhvort samþykkja eða hafna og ræður meiri hluti nefndarmanna. Ekki er gert ráð fyrir því að nefndin geti gert breytingar á beiðnunum en ef hún kýs að hafna þeim getur hlutaðeigandi ráðherra sent beiðni inn aftur.

Um 2. gr.

Breytingunni er ætlað að þrengja þá heimild sem ríkisaðilar í A-hluta fjárlaga hafa til yfirfærslu fjárheimilda með því að kveða á um að samþykki fjárlaganefndar þurfi fyrir slíkri yfirfærslu. Beiðnir um yfirfærslu skulu sendar nefndinni og gilda um þær sömu reglur og um fjáraukalagabeiðnir, sjá 1. gr. frumvarpsins og skýringar með henni. Þá er jafnframt kveðið á um að heimild til að geyma ónýttar fjárveitingar í lok reikningsárs séu nú háðar samþykki fjárlaganefndar ásamt samþykkis hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra.

Um 3. gr.

Breytingin felur í sér að auk samþykkis hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra þurfi samþykki fjárlaganefndar til að ríkisaðilar í B- og C-hluta geti stofnað til fjárskuldbindinga sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum. Þá er sú breyting gerð frá núgildandi ákvæði að til að hægt sé að veita heimildina þurfi að vera brýn nauðsyn á fjárskuldbindingunni til að tryggja eðlilegan rekstur fyrirtækisins.

Um 4. gr.

Breytingin kemur til vegna annarra ákvæða frumvarpsins. Er henni ætlað að tryggja að ávallt sé leitað samþykkis fjárlaganefndar á fjárráðstöfunum sem ekki var heimild fyrir í fjárlögum. Því er einungis leyfilegt að veita í fjáraukalögum heimild fyrir þegar samþykktum fjáraukalagabeiðnum eða ráðstöfun sem er tilkomin vegna kjarasamninga.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki nánari skýringa.

629. Svar [288. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um fjölþáttameðferð utan höfuðborgarsvæðisins.

1. *Hvernig hyggst ráðherra tryggja að komið sé til móts við þarfir stórra þéttbýliskjarna utan höfuðborgarsvæðisins, svo sem á Norðurlandi, þannig að tryggt sé að íbúum þar verði boðið upp á fjölþáttameðferð (MST)?*

Það meðferðarúrræði sem vísað er til í fyrirspurninni hefur ýmist verið nefnt „fjölþáttameðferð“ eða „fjölkerfameðferð“ og hefur fagfólk á þessu sviði kosið að nota frekar síðarnefnda heitið í ljósi þeirrar áherslu sem lögð er á samvinnu ólíkra þjónustukerfa við framkvæmd meðferðarinnar. Verður því hugtakið fjölkerfameðferð (MST) notað í svari þessu.

Fjölkerfameðferð hefur verið í boði fyrir ákveðinn hóp Barnaverndarstofu frá því í nóvember 2008. Svokölluð meðferðarteymi eru grunneiningar í framkvæmd meðferðarinnar þar sem starfa þrír til fjórir sérfræðingar á sviði heilbrigðis- og félagsgreina. Eitt slíkt teymi er starfandi á Suðvesturlandi en staðsetningin var einkum valin með hliðsjón af hvaðan flestar umsóknir um dvöl barna á meðferðarheimilum hafa borist til Barnaverndarstofu undanfarin ár. Um sólarhringsvöktun er að ræða og er gert ráð fyrir að eitt teymi sinni 35–40 fjölskyldum á ári. Markmið meðferðarinnar er að koma börnum á aldrinum 12–18 ára sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda til aðstoðar án stofnanavistunar.

Verkefnið er enn á reynslustigi en viðtökur barnaverndarnefnda þar sem meðferðin er í boði hafa reynst mjög góðar. Þegar meiri reynsla hefur fengist á verkefnið er gert ráð fyrir að farið verði yfir hvernig unnt verði að þróa það áfram og standa vonir til að sú vinna geti hafist þegar á þessu ári. Þá verður meðal annars metið hvernig haganlegast er að bjóða þetta meðferðarúrræði óháð búsetu enda ljóst að börn sem kunna að tilheyra þeim markhópi sem fjölkerfameðferð er ætluð búi í öðrum þéttbýliskjörnum landsins en á Suðvesturlandi, svo sem á Norðurlandi.

2. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að Barnaverndarstofa geri þjónustusamning, t.d. við barnaverndarnefnd Eyjafjarðar, um að koma upp fjölþáttameðferðarteymi fyrir íbúa á Norðurlandi?*

Eins og fram kemur í svari við fyrsta lið fyrirspurnarinnar er talið ráðlegt að bíða frekari reynslu fjölkerfameðferðarinnar enda einungis tæpir fjórir mánuðir frá því meðferðin var fyrst í boði hér á landi. Barnaverndarstofa leggur áherslu á að eiga gott samstarf við barnaverndarnefndir á landsbyggðinni þar sem ávallt er leitast við að fara leiðir við hæfi þeirra sem þurfa á þjónustu stofunnar að halda. Sem dæmi hefur Barnaverndarstofa átt í ágætu samstarfi við fulltrúa barnaverndarnefndar Eyjafjarðar og skóla- og heilbrigðisþjónustunnar á Akureyri á síðastliðnum vikum um að kanna hvaða aðrir kostir komi þar til greina meðan ekki er unnt að bjóða fjölkerfameðferðina þar. Hefur meðal annars verið rætt að æskilegt þyki að styrkja og útfæra það áhugaverða starf sem nú þegar er komið til framkvæmda í samvinnu fyrrnefndra aðila á svæðinu og lýtur að eflingu foreldrafærni, svonefnds PMT-kerfis (*Parent*

Management Training). Var við það miðað að Barnaverndarstofa annars vegar og barnaverndarnefnd Eyjarfjarðar hins vegar gerðu með sér þjónustusamning um útfærslu þessarar þjónustu og skyldi hún einkum miða að þörfum barna á unglingsaldri. Við gerð rekstraráætlunar fyrir yfirstandandi ár lagði Barnaverndarstofa það til við félags- og tryggingamálaráðuneytið að varið yrði allt að 10 millj. kr. af fjárveitingu til stofunnar til gerðar slíks samnings og féllst ráðuneytið á áætlunina með bréfi sem barst stofunni hinn 3. febrúar sl. Viðræður vegna þessa samnings munu hefjast síðar í þessum mánuði.

3. *Hefur farið fram mat á meðferðarheimilum, faglegu starfi þeirra og árangri, og því hvaða áhrif breytingar á meðferðarúrræðum hafa haft á þjónustu við íbúa á landsbyggðinni?*

Varðandi það atriði er lýtur að mati á faglegu starfi og árangri meðferðarheimila er því til að svara að Barnaverndarstofa hefur á liðnum árum látið fara fram mat á einstökum meðferðarheimilum og faglegu starfi þeirra. Má í þeim efnum nefna meðferðarheimilin í Skagafirði, Meðferðarstöð ríkisins, Stuðlum, og heimili sem nú hafa hætt starfsemi, svo sem að Torfastöðum. Þá liggja fyrir matsskýrslur óháðs eftirlitsmanns með öllum meðferðarheimilum á vegum stofunnar sem gerðar eru reglulega samkvæmt samningi við Barnaverndarstofu þar að lútandi. Jafnframt liggja fyrir skýrslur starfsmanna stofunnar um eftirlitsheimsóknir, þ.m.t. viðtöl við börn í meðferð. Auk þess er unnið að rannsókn um starfsmenn og starfsmannaumhverfi á meðferðarheimilum, en um er að ræða meistaraverkefni sem starfsmaður stofunnar í námsleyfi vinnur nú að. Jafnframt er ástæða til að geta þess að verið er að ganga frá samningi við Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands um framkvæmd rannsóknar á afdrifum þeirra barna sem voru vistuð á langtímameðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu á árunum 2000–2007 svo og mat á árangri meðferðar barna á árunum 2006–2008 með svonefndu ASEBA-mælitæki, en hafist var handa um skráningu upplýsinga um vanda barna samkvæmt þessu mælitæki í þessu skyni í byrjun árs 2006.

Með vísun til svara við 1. og 2. lið fyrirspurnarinnar er ljóst að fjölkerfameðferðin hefur eingöngu náð til barna sem eiga lögheimili á Suðvesturlandi en í kjölfar meðferðarinnar hefur aðgengi barna sem búa annars staðar á landinu að meðferðarheimilum sem rekin eru á vegum Barnaverndarstofu orðið greiðara þar sem dregið hefur úr eftirspurn eftir meðferðarrýmum frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt upplýsingum Barnaverndarstofu höfðu áður 90% allra umsókna um dvöl barna á meðferðarheimilum á vegum stofunnar komið frá þeim sveitarfélögum þar sem fjölkerfameðferðin er í boði.

630. Tillaga til þingsályktunar [373. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) og bókun 37 við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007, frá 26. október 2007, um breytingu á VII. viðauka

(Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) og bókun 37 við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007, frá 26. október 2007, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) og bókun 37 við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB.

Tilskipunin fjallar um viðurkenningu á menntun til starfa sem eru lögvernduð og krefjast þess að aðilar hafi aflað sér faglegrar menntunar og hæfis áður en þeim er heimilt að hefja störf á viðkomandi sviði.

Með tilskipuninni verða ekki grundvallarbreytingar á tilhögun viðurkenningar á faglegri menntun og hæfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Réttur manna til viðurkenningar er hinn sami og áður, en vonast er til að framkvæmdin verði einfaldari og skilvirkari, m.a. með nýjum ákvæðum um veitingu þjónustu og um samskiptakerfi stjórnvalda er annast viðurkenninguna.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Vegna þess hve langt er um liðið síðan ákvörðunin var tekin og efnisleg innleiðing með lagabreytingum mun dragast nokkuð, þykir rétt að leggja málið fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu til staðfestingar ákvörðuninni.

3. Efni gerðarinnar.

Með tilskipun 2005/36/EB eru 15 fyrri tilskipanir um viðurkenningu faglegrar menntunar og hæfis sameinaðar í eina, bæði tilskipanir almenna kerfisins (89/48/EBE, 92/51/EBE og 1999/42/EB) og hinar svokölluðu geiratilskipanir (um lækna, hjúkrunarfræðinga o.fl. stéttir). Eina háskólastéttin sem stendur utan þessa kerfis nú eru lögmenn. Af þessu leiðir að endurskoða þarf lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, en þau hafa að geyma ákvæði um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi hér á landi, og færa til sam-

ræmis við ákvæði hinnar nýju tilskipunar. ESB beinir því til aðildarríkjanna að þau skoði um leið hvort tök séu á að einfalda lagarammann um viðurkenningu starfsréttinda.

Í meginatriðum er ekki verið að breyta tilhögun viðurkenningar prófskírteina sem neinu nemur frá því sem verið hefur samkvæmt eldra fyrirkomulagi. Öll meginskilyrði viðurkenningar og málsmeðferð er hin sama og áður og áfram liggur kerfinu til grundvallar sérstök skilgreining á menntunarstigum eða -þrepum. Menntunarstigin eru fimm og prófskírteini skilgreind samkvæmt því sem hér segir: skírteini vegna styttri námskeiða eða hæfniprófa (attestation of competence), framhaldsskólapróf (certificate) og þrjú þrep háskólaprófa (diploma), þar sem munurinn milli prófa felst í lengd náms í árum. Um þessi fimm stig segir framkvæmdastjórnin að þau verði að vera til í lögum hvers lands, jafnvel þótt það sé aðeins gert með vísun til tilskipunarinnar. Unnt er að líta svo á að þessi skipting menntunar endurspeglist í menntakerfinu á Íslandi.

Með tilskipuninni er einnig verið að taka upp reglur sem orðið hafa til með dómum Evrópudómstólsins í málum gegn aðildarríkjum ESB sem varðað hafa viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, svo sem um tungumálakunnáttu.

Meðal nýmæla í tilskipuninni eru ákvæði um frelsi í veitingu þjónustu. Þar segir í 5. gr. að aðildarríkjum sé óheimilt að hefta frjálsa veitingu þjónustu með vísan til prófskírteina þegar aðili uppfyllir viss skilyrði. Hér er átt við það þegar sá sem veitir þjónustuna fer milli aðildarríkja og staldrar við í stuttan tíma (temporary and occasional basis). Þessi tímabundna veiting þjónustu er ekki skilgreind nánar, hana skal meta í hverju tilviki fyrir sig á grundvelli lengdar (duration), tíðni (frequency), reglu (regularity) og samfellu (continuity). Þegar aðili kemur inn í aðildarríki á grundvelli þessa ákvæðis fer ekki fram sama skoðun á gögnum hans og þegar um búsetu er að ræða, ekki eiginleg viðurkenning. Afgreiðslan má taka einn mánuð og hafi aðili ekki fengið nein svör frá viðkomandi stjórnvaldi að þeim tíma liðnum hefur hann fulla heimild til þess að veita þá þjónustu sem hann hefur skráð sig til. Á móti kemur að ríki getur krafist þess að þjónustuaðilar leggi fram ákveðin gögn, en til þess að það geti gerst þarf að vera sérstaklega kveðið á um það í lögum. Hér má nefna að langflest aðildarríki munu fara fram á yfirlýsingu af þessu tagi af hálfu þjónustuveitenda og munu einnig biðja um öll skjöl sem heimilt er samkvæmt tilskipuninni að fara fram á. Framkvæmdastjórn ESB mun beita sér fyrir ákveðinni samræmingu í þessu tilliti og er verið að vinna að einsleitu yfirlýsingarformi er öll lönd notist við.

Samkvæmt 15. gr. tilskipunarinnar geta fagsamtök innan Evrópu komið sér saman um svokölluð sameiginleg grunnskilyrði (common platforms), þar sem skilgreindar eru kröfur sem þarf að uppfylla til þess að aðilar geti öðlast viðurkenningu. Þar sem slíku samstarfi yrði komið á yrði ekki heimilt að beita uppbótarráðstöfunum (compensation mesasures), hér yrði um gagnkvæma viðurkenningu að ræða líka þeirri sem þegar tíðkast fyrir sumar heilbrigðisgreinar.

Lögbær yfirvöld munu koma sér upp nánara samstarfi um viðurkenningu prófskírteina en verið hefur til þessa. Framkvæmdastjórn ESB vinnur að því að koma á laggirnar sérstöku upplýsingakerfi sem kallast IMI – Internal Market Information System. Innan þessa kerfis geta stjórnvöld átt bein samskipti og þannig flýtt fyrir því að þegnarnir geti átt greiða leið milli landa og öðlast viðurkenningu á menntun sinni. Hugsanlega þarf að kveða á um samskipti íslenskra stjórnvalda við stjórnvöld annarra landa í lögum hér á landi í tengslum við IMI vegna verndar persónuupplýsinga. Utanríkisráðuneytið er tengiliður Íslands við IMI-verkefnið.

Aðildarríkin þurfa að skipa samráðsaðila (coordinator) fyrir tilskipunina, sem hefur svipað hlutverk og fyrri samráðsaðilar, en til þessa hefur menntamálaráðuneytið gegnt þessu hlutverki. Hlutverk samráðsaðila er að stuðla að samræmdri framkvæmd tilskipunarinnar og að safna upplýsingum um framkvæmdina, svo sem um skilyrði fyrir aðgengi að tilteknum störfum.

Þá þurfa aðildarríkin að koma á laggirnar tengilið í viðkomandi landi sem gegnir upplýsingaskyldu gagnvart þegnunum um viðurkenningu prófskírteina og aðstoðar þá við að nýta sér þann rétt sem þeir eiga samkvæmt tilskipuninni.

Loks mun starfa sérstök nefnd um viðurkenningu prófskírteina skipuð fulltrúum aðildarríkjanna sem mun aðstoða framkvæmdastjórnina við ýmis mál er upp kunna að koma og tengjast þessum málaflokki.

Um framkvæmd viðurkenningar prófskírteina hérlendis.

Samkvæmt gildandi lögum um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, nr. 83/1993, hefur hvert fagráðuneyti um sig með höndum viðurkenningu á menntun til starfsréttinda hér á landi. Í lögunum segir: „Þau stjórnvöld, sem fara með málefni er varða hlutaðeigandi starf, skulu sjá til þess að skilyrði þau sem greinir í 2. gr. til að gegna starfinu hafi verið uppfyllt.“

Þannig annast landlæknisembættið viðurkenningu á menntun heilbrigðisstétta og útgáfu leyfisbréfa fyrir hönd heilbrigðisráðuneytis. Sýslumenn annast útgáfu leyfa til starfa í löggiltum iðngreinum fyrir hönd iðnaðarráðuneytis.

Eftirtalin ráðuneyti koma að málum er varða viðurkenningu starfsréttinda einstakra starfsgreina: menntamálaráðuneyti, heilbrigðismálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, viðskiptaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, umhverfisráðuneyti og utanríkisráðuneyti (vegna IMI).

Um langa hríð hefur menntamálaráðuneyti haft með höndum afgreiðslu umsókna í löggiltum iðngreinum um viðurkenningu menntunar. Bæði er það vegna hefðar og vegna þess að eitt meginskilyrðið fyrir iðkun löggiltrar iðnar á Íslandi er að umsækjandi um viðurkenningu uppfylli skilyrði um menntun til að mega starfa í tiltekinni iðn. Menntamálaráðuneyti gefur út námskrár í löggiltum iðngreinum og getur því talist faglega bært um að veita umsögn um gögn er umsækjendur leggja fram með umsóknum sínum. Slík afgreiðsla nær þó eingöngu til þess hvort aðili uppfylli skilyrði um menntun til að starfa á tilteknu sviði, en lýkur ekki með útgáfu leyfisbréfs. Sýslumenn, fyrir hönd iðnaðarráðuneytis, gefa út leyfisbréf til handa iðnaðarmönnum er koma frá Evrópska efnahagssvæðinu og sækja um að fá að starfa í iðngrein á Íslandi. Byggist sú afgreiðsla á reglugerð um viðurkenningu á starfi og starfsþjálfun í iðnaði í öðru EES-ríki, nr. 495/2001. Komi menn frá landi utan EES eiga þeir þess ekki kost að fá réttindi sín formlega staðfest nema þeir gangist undir sveinspróf hér á landi og standist það. Þá fá þeir útgefið íslenskt sveinsbréf líkt og allir sem standast sveinspróf.

Við afgreiðslu menntamálaráðuneytis á umsóknum um viðurkenningu iðnmenntunar erlendis frá er farið fram á að umsækjandi leggi fram afrit af prófskírteini sínu með upptalningu námsgreina og staðfestar upplýsingar um starfsreynslu á viðkomandi sviði er nái að lágmarki þremur árum. Er hér höfð hliðsjón af samsvarandi skilyrðum í tilskipun Evrópusambandsins. Leitast er við að haga afgreiðslunni þannig að umsækjandi fái skjót svör og að þau liggi fyrir innan fjögurra til sex vikna frá því að umsókn var lögð fram. Samkvæmt fyrrnefndri tilskipun hafa aðildarríki ESB allt að fjórum mánuðum til þess að afgreiða hliðstæðar umsóknir. Umsóknir fara ávallt til umsagnar fagaðila sem hafa sérþekkingu á viðkomandi sviði.

Stjórnvöld bera þó ein ábyrgð á niðurstöðu í hverju máli og umsækjendur fá ráðrúm til þess að koma við andmælum sé niðurstaðan þeim ekki hagfelld.

Fjöldi umsókna.

Nokkuð er misjafnt milli ára hversu margir útlendingar sækja um viðurkenningu á menntun sinni til starfa hér á landi. Flestar viðurkenningar eru veittar á sviði heilbrigðisgreina og löggiltra iðngreina. Í miðlægum gagnagrunni ESB um lögbundnar starfsgreinar er að finna tölfræðiupplýsingar um viðurkenningu erlendrar menntunar sem veitt hefur verið hér á landi og koma eftirfarandi starfsstéttir fram þar:

Bakarar, bifvélavirkjar, byggingafræðingar, flugvirkjar, framhaldsskólakennarar, framreiðslufólk, félagsráðgjafar, fótaaðgerðafræðingar, grunnskólakennarar, hljóðfærasmiðir, hnykkjar, hársnyrtifólk, húsameistarar, húsasmiðir, húsgagnabólstrarar, innanhússhönnuðir, iðjuþjálfar, iðnfræðingar, kjötiðnaðarfólk, matartæknar, matreiðslufólk, matvælafræðingar, málmsuðufólk, múrarar, næringarfræðingar, næringarráðgjafar, pípulagningafólk, rafeindavirkjar, rafveituvirkjar, rafvélavirkjar, rafvirkjar, rennismiðir, sjóntækjafræðingar, sjúkraliðar, sjúkranuddarar, sjúkraþjálfarar, skipulagsfræðingar, skrúðgarðyrkjufólk, snyrtifræðingar, stálvirkjasmiðir, sálfræðingar, talmeinafræðingar, tannfræðingar, tanntæknar, tæknifræðingar, tölvunarfræðingar, veggfóðrarar, verkfræðingar, vélvirkjar, úrsmiðir og þroskaþjálfar.

Hér geta bæði verið á ferðinni erlendir einstaklingar, sem óska eftir að taka upp iðkun starfa sem þeir hafa aflað sér menntunar til, en einnig er um að ræða Íslendinga sem hafa menntað sig erlendis þar eð umrætt nám er ekki í boði hér á landi.

Á þeim uppgangstímum er ríktu á Íslandi þegar Kárahnjúkastífla var reist og álver Alcoa í Reyðarfirði var í byggingu, jókst mjög fjöldi umsókna sem menntamálaráðuneytinu bárust um viðurkenningu iðnmenntunar erlendis frá. Þannig var fjöldi slíkra umsókna árið 2000 um 20 talsins, en árið 2006 voru þær 672.

4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Gert er ráð fyrir því að menntamálaráðuneytið innleiði tilskipun 2005/36/EB með setningu nýrra laga um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, m.a. til þess að taka inn ákvæði um frjálsa veitingu þjónustu, sameiginleg grunnskilyrði og um persónuverndarmál tengd samvinnu stjórnvalda og framkvæmdarvalda, sbr. V. bálk tilskipunarinnar. Frumvarp þar að lútandi er komið á rekspöl í ráðuneytinu og má ætla að það verði lagt fram haustið 2009. Þá mun ráðuneytið birta reglugerð um sama efni þar sem tilskipunin er birt sem viðauki. Samhliða þurfa einstök ráðuneyti, sem kveða á um rétt manna til starfa á ákveðnum sviðum í lögum, að breyta tilvísunum í tilskipanir þegar það á við þannig að umrædd lög vísi hér eftir til tilskipunar 2005/36/EB í stað eldri tilskipana. Ekki er gert ráð fyrir að þörf sé á frekari lagabreytingum.

Með tilskipuninni verða þannig ekki grundvallarbreytingar á tilhögun viðurkenningar á faglegri menntun og hæfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Réttur manna til viðurkenningar er hinn sami og áður, en vonast er til að framkvæmdin verði einfaldari og skilvirkari, m.a. með nýjum ákvæðum um veitingu þjónustu og um samskiptakerfi stjórnvalda er annast viðurkenninguna.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 142/2007

frá 26. október 2007

um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) og bókun 37 við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. og 101. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) VII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ([1]).

2) Bókun 37 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2007 frá 28. september 2007 ([2]).

3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi ([3]).

4) Tilskipun ráðsins 2006/100/EB frá 20. nóvember 2006 um aðlögun tiltekinna tilskipana á sviði frjálsrar farar fólks vegna aðildar Búlgaríu og Rúmeníu ([4]) var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007 frá 26. október 2007 og þarf því að bæta henni við sem undirlið við tilskipun 2005/36/EB.

5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/172/EB frá 19. mars 2007 um að skipa hóp samræmingaraðila til að fjalla um viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi ([5]).

6) Til þess að tryggja góða framkvæmd samningsins er rétt að víkka gildissvið bókunar 37 við samninginn þannig að hún taki til hóps samræmingaraðila til að fjalla um viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi sem skipaður er samkvæmt ákvörðun 2007/172/EB, og að

([1]) Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45, og EES-viðbætir nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.
([2]) Stjtíð. ESB L 47, 21.2.2008, bls. 36, og EES-viðbætir nr. 9, 21.2.2008, bls. 29.
([3]) Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22.
([4]) Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 141.
([5]) Stjtíð. ESB L 79, 20.3.2007, bls. 38.

breyta VII. viðauka þannig að fram komi hvaða málsmeðferð ræður samskiptum við þann hóp.

7) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2005/36/EB falla úr gildi, frá 20. október 2007 að telja, tilskipanir ráðsins 77/452/EBE ([1]), 77/453/EBE ([2]), 78/686/EBE ([3]), 78/687/EBE ([4]), 78/1026/EBE ([5]), 78/1027/EBE ([6]), 80/154/EBE ([7]), 80/155/EBE ([8]), 85/384/EBE ([9]), 85/432/EBE ([10]), 85/433/EBE ([11]), 89/48/EBE ([12]), 92/51/EBE ([13]) og 93/16/EBE ([14]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/42/EB ([15]), en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum frá 20. október 2007 að telja.

8) Tilskipun ráðsins 81/1057/EBE ([16]), sem hefur verið felld inn í samninginn, missir tilgang sinn og ber því að fella hana úr samningnum frá 20. október 2007 að telja.

9) Ákvörðun ráðsins 85/368/EBE ([17]) og flestar gerðir sem standa undir fyrirsögninni „Gerðir sem samningsaðilar skulu taka mið af“ eru úreltar og ber því að fella þær úr samningnum frá 20. október 2007 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

VII. viðauki við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Bókun 37 við samninginn (með skrá sem kveðið er á um í 101. gr.) breytist sem hér segir:

1. Brott falli texti 9. liðar (Samræmingarhópur um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum á æðra skólastigi (tilskipun ráðsins 89/48/EBE)).

([1]) Stjtíð. EB L 176, 15.7.1977, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 176, 15.7.1977, bls. 8.
([3]) Stjtíð. EB L 233, 24.8.1978, bls. 1.
([4]) Stjtíð. EB L 233, 24.8.1978, bls. 10.
([5]) Stjtíð. EB L 362, 23.12.1978, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB L 362, 23.12.1978, bls. 7.
([7]) Stjtíð. EB L 33, 11.2.1980, bls. 1.
([8]) Stjtíð. EB L 33, 11.2.1980, bls. 8.
([9]) Stjtíð. EB L 223, 21.8.1985, bls. 15.
([10]) Stjtíð. EB L 253, 24.9.1985, bls. 34.
([11]) Stjtíð. EB L 253, 24.9.1985, bls. 37.
([12]) Stjtíð. EB L 19, 24.1.1989, bls. 16.
([13]) Stjtíð. EB L 209, 24.7.1992, bls. 25.
([14]) Stjtíð. EB L 165, 7.7.1993, bls. 1.
([15]) Stjtíð. EB L 201, 31.7.1999, bls. 77.
([16]) Stjtíð. EB L 385, 31.12.1981, bls. 25.
([17]) Stjtíð. EB L 199, 31.7.1985, bls. 56.

2. Eftirfarandi liður bætist við:

„20. Hópur samræmingaraðila til að fjalla um viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/172/EB).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/36/EB og ákvörðunar 2007/172/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. október 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007

VII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Í stað fyrirsagnarinnar „Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi“ komi fyrirsögnin „Viðurkenning á starfsmenntun og hæfi“.

2. Í stað fyrirsagnarinnar „A. Almennt kerfi“ komi fyrirsögnin „A. Almennt kerfi, viðurkenning á starfsreynslu og sjálfkrafa viðurkenning“.

3. Liðirnir, sem nú eru tölusettir sem 1. liður, liður 1a og liður 1b verði endurtölusettir sem liður 1a, liður 1b og liður 1c.

4. Eftirfarandi liður bætist við á undan hinum nýja lið 1a (tilskipun ráðsins 89/48/EBE):

„1. **32005 L 0036:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi (Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22), eins og henni var breytt með:

– **32006 L 0100:** Tilskipun ráðsins 2006/100/EB frá 20. nóvember 2006 (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 141).

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

A) Ákvæði e-liðar 9. gr. skulu ekki taka til EFTA-ríkjanna.

B) Eftirfarandi bætist við í 2. mgr. 49. gr.:

„d) 1. janúar 1994 að því er varðar Ísland og Noreg,

e) 1. maí 1995 að því er varðar Liechtenstein.“

C) Eftirfarandi bætist við í II. viðauka „Skrá yfir nám sem er byggt upp á sérstakan hátt eins og um getur í ii-lið c-liðar 11. gr.“:

a) Undir fyrirsögninni „2. Meistaranám (Mester/Meister/Maître) á sviði iðnnáms sem fellur ekki undir II. kafla III. bálks þessarar tilskipunar“:

„í Noregi:

– verknámskennara (yrkesfaglærer),

sem felur í sér átján til tuttugu ára nám alls, þ.m.t. níu til tíu ára grunnskólanám, a.m.k. þriggja til fjögurra ára starfsnám – eða í sumum tilvikum tveggja ára nám í verkmenntaskóla og tveggja ára starfsnám – sem leiðir til sveinsprófs, a.m.k. fjögurra ára starfsreynslu sem iðnaðarmaður, frekara fræðilegt verknám í a.m.k. eitt ár og eins árs nám í kennslufræðum.“

b) Undir fyrirsögninni „3. Sjómennska“:

i) Undir undirfyrirsögninni „a) Sjóflutningar“:

„í Noregi:

– Sjókokka („skipskokk“),

sem felur í sér níu ára grunnskólanám og í framhaldi af því grunnnámskeið og a.m.k. þriggja ára sérhæft starfsnám, þ.m.t. a.m.k. þriggja mánaða siglingatíma.“

ii) Undir undirfyrirsögninni „b) Veiðar á sjó“:

„á Íslandi:

– skipstjóra,

– stýrimenn,

– undirstýrimenn,

sem felur í sér níu eða tíu ára grunnskólanám og í framhaldi af því tvö ár á sjó, auk tveggja ára sérhæfðs starfsnáms sem lýkur með prófi og er viðurkennt samkvæmt Torremolinos-samþykktinni (Alþjóðasamþykkt um öryggi fiskiskipa frá 1977).“

iii) Undir nýrri undirfyrirsögn „c) Starfsmenn á færanlegum borpöllum“:

„í Noregi:

– pallstjóra („plattformsjef“),

– stöðugleikastjóra („stabilitetssjef“),

– starfsmenn í stjórnklefa („kontrollromoperatør“),

– tæknistjóra („teknisk sjef“),

– tæknimenn („teknisk assistent“),

sem felur í sér níu ára grunnskólanám og í framhaldi af því tveggja ára grunnnám, en við það bætist a.m.k. eitt ári á landi og

– eins árs sérhæft starfsnám fyrir starfsmenn í stjórnklefa,

– tveggja og hálfs árs sérhæft starfsnám fyrir aðra.“

c) Undir fyrirsögninni „4. Tæknistörf“:

„í Liechtenstein:

– fjármálaráðgjafa („Treuhänder“)

Námstími, skólastig og námskröfur

Námið felur í sér níu ára skyldunám, en við það bætist – nema stúdentspróf sé lokið – þriggja ára starfsþjálfun í fyrirtæki til að öðlast hagnýta starfsreynslu, en nauðsynlegt fræðilegt nám fer fram í starfsmenntaskóla, ásamt almennu námi, og að hvorutveggju loknu er tekið samræmt próf (hæfisskírteini verslunarmanns).

Að lokinni þriggja ára starfsþjálfun í fyrirtæki og frekara fræðilegu námi um fjögurra ára skeið, sem farið getur fram samtímis, getur nemandi tekið próf til þess að öðlast rétt til að nota ofangreint starfsheiti.

Námið í heild tekur yfirleitt 16 til 19 ár.

Lög og reglur

Starfsgreinin lýtur ákvæðum í landslögum. Próftökum er í sjálfsvald sett hvernig þeir búa sig undir prófið (í starfsmenntastofnunum, einkaskólum eða með fjarnámi).

– löggilta endurskoðendur („Wirtschaftsprüfer“)

Námstími, skólastig og námskröfur

Námið felur í sér níu ára skyldunám, en við það bætist þriggja ára starfsþjálfun í fyrirtæki til að öðlast hagnýta starfsreynslu, en nauðsynlegt fræðilegt nám fer fram í starfsmenntaskóla, ásamt almennu námi.

Að lokinni þriggja ára starfsþjálfun í fyrirtæki og frekara fræðilegu námi um fimm ára skeið, sem farið getur fram samtímis í fjarnámi, getur nemandi tekið próf til þess að öðlast rétt til að nota ofangreint starfsheiti.

Námið í heild tekur 17 til 18 ár. Próftakar, sem hafa öðlast starfsþjálfun erlendis, þurfa eingöngu að sýna fram á eins árs starfsreynslu umfram það í Liechtenstein.

Lög og reglur

Starfsgreinin lýtur ákvæðum í landslögum.“

D) Eftirfarandi bætist við í V. viðauka „Viðurkenning á grundvelli samræmingar lágmarkskrafna um menntun“:

a) Undir fyrirsögninni „V.1. LÆKNIR“:

i) Undir undirfyrirsögninni „5.1.1. Vitnisburður um formlega menntun og hæfi í undirstöðunámi í læknisfræði“:

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir prófskírteinið	Vottorð sem fylgir vitnisburði	Viðmiðunar-dagsetning
Ísland	Embættispróf í læknisfræði, candidatus medicinae (cand. med.)	Háskóli Íslands	Vottorð um viðbótarnám (kandidatsár) útgefið af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu	1. janúar 1994

Liechtenstein	Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður frá öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og talið er upp í þessum viðauka	Lögbær yfirvöld	Vottorð lögbærra yirvalda um að starfsþjálfun sé lokið	1. maí 1995
Norge	Vitnemål for fullført grad *candidata/candidatus medicinae*, skammstafað *cand.med.*	Medisinsk universitetsfakultet	Bekreftelse på praktisk tjeneste som lege utstedt av kompetent offentlig myndighet	1. janúar 1994

ii) Undir undirfyrirsögninni „5.1.2. Vitnisburður um formlega menntun og hæfi sérmenntaðra lækna“:

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir prófskírteinið	Viðmiðunardagsetning
Ísland	Sérfræðileyfi	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1. janúar 1994
Liechtenstein	Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður frá öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og talið er upp í þessum viðauka	Lögbær yfirvöld	1. maí 1995
Norge	Spesialistgodkjenning	Den norske lægeforening	1. janúar 1994

iii) Undir undirfyrirsögninni „5.1.3. Heiti náms í sérgreinum læknisfræði“:

Land	Svæfinga- og gjörgæslulæknisfræði Lágmarkslengd náms: 3 ár	Skurðlækningar Lágmarkslengd náms: 5 ár
	Heiti	Heiti
Ísland	Svæfinga- og gjörgæslulæknisfræði	Skurðlækningar
Liechtenstein	Anästhesiologie	Chirurgie
Norge	Anestesiologi	Generell kirurgi

Land	Taugaskurðlækningar Lágmarkslengd náms: 5 ár	Fæðingar- og kvenlækningar Lágmarkslengd náms: 4 ár
	Heiti	Heiti
Ísland	Taugaskurðlækningar	Fæðingar- og kvenlækningar
Liechtenstein	Neurochirurgie	Gynäkologie und Geburtshilfe
Norge	Nevrokirurgi	Fødselshjelp og kvinnesykdommer

Land	Lyflækningar Lágmarkslengd náms: 5 ár	Augnlækningar Lágmarkslengd náms: 3 ár
	Heiti	Heiti
Ísland	Lyflækningar	Augnlækningar
Liechtenstein	Innere Medizin	Augenheilkunde
Norge	Indremedisin	Øyesykdommer

Land	Háls-, nef- og eyrnalækningar Lágmarkslengd náms: 3 ár	Barnalækningar Lágmarkslengd náms: 4 ár
	Heiti	Heiti
Ísland	Háls-, nef- og eyrnalækningar	Barnalækningar
Liechtenstein	Hals-, Nasen- und Ohren-krankheiten	Kinderheilkunde
Norge	Øre-nese-halssykdommer	Barnesykdommer

Land	Lungnalækningar Lágmarkslengd náms: 4 ár	Þvagfæraskurðlækningar Lágmarkslengd náms: 5 ár
	Heiti	Heiti
Ísland	Lungnalækningar	Þvagfæraskurðlækningar
Liechtenstein	Pneumologie	Urologie
Norge	Lungesykdommer	Urologi

Land	Bæklunarskurðlækningar Lágmarkslengd náms: 5 ár	Vefjameinafræði Lágmarkslengd náms: 4 ár
	Heiti	Heiti
Ísland	Bæklunarskurðlækningar	Vefjameinafræði
Liechtenstein	Orthopädische Chirurgie	Pathologie
Norge	Ortopedisk kirurgi	Patologi

Land	Taugalækningar Lágmarkslengd náms: 4 ár	Geðlækningar Lágmarkslengd náms: 4 ár
	Heiti	Heiti
Ísland	Taugalækningar	Geðlækningar
Liechtenstein	Neurologie	Psychiatrie und Psycho-therapie
Norge	Nevrologi	Psykiatri

Land	Geislagreining Lágmarkslengd náms: 4 ár	Geislameðferð Lágmarkslengd náms: 4 ár
	Heiti	Heiti
Ísland	Geislagreining	
Liechtenstein	Medizinische Radiologie/ Radiodiagnostik	Medizinische Radiologie/ Radio-Onkologie
Norge	Radiologi	

Land	Lýtalækningar Lágmarkslengd náms: 5 ár	Klínísk líffræði Lágmarkslengd náms: 4 ár
	Heiti	Heiti
Ísland	Lýtalækningar	
Liechtenstein	Plastische- und Wieder-herstellungschirurgie	
Norge	Plastikkirurgi	

Land	Sýklafræði Lágmarkslengd náms: 4 ár	Klínísk lífefnafræði Lágmarkslengd náms: 4 ár
	Heiti	Heiti
Ísland	Sýklafræði	Klínísk lífefnafræði
Liechtenstein		
Norge	Medisinsk mikrobiologi	Klinisk kjemi
Land	Ónæmisfræði Lágmarkslengd náms: 4 ár	Brjóstholsskurðlækningar Lágmarkslengd náms: 5 ár
	Heiti	Heiti
Ísland	Ónæmisfræði	Brjóstholsskurðlækningar
Liechtenstein	Allergologie und klinische Immunologie	Herz- und thorakale Gefäss-chirurgie
Norge	Immunologi og transfusjons-medisin	Thoraxkirurgi

Land	Barnaskurðlækningar Lágmarkslengd náms: 5 ár	Æðaskurðlækningar Lágmarkslengd náms: 5 ár
	Heiti	Heiti
Ísland	Barnaskurðlækningar	Æðaskurðlækningar
Liechtenstein	Kinderchirurgie	
Norge	Barnekirurgi	Karkirurgi

Land	Hjartalækningar Lágmarkslengd náms: 4 ár	Meltingarlækningar Lágmarkslengd náms: 4 ár
	Heiti	Heiti
Ísland	Hjartalækningar	Meltingarlækningar
Liechtenstein	Kardiologie	Gastroenterologie
Norge	Hjertesykdommer	Fordøyelsessykdommer

Land	Gigtarlækningar Lágmarkslengd náms: 4 ár	Blóðmeinafræði Lágmarkslengd náms: 3 ár
	Heiti	Heiti
Ísland	Gigtarlækningar	Blóðmeinafræði
Liechtenstein	Rheumatologie	Hämatologie
Norge	Revmatologi	Blodsykdommer

Land	Efnaskipta- og innkirtlalækningar Lágmarkslengd náms: 3 ár	Orku- og endurhæfingarlækningar Lágmarkslengd náms: 3 ár
	Heiti	Heiti
Ísland	Efnaskipta- og innkirtlalækningar	Orku- og endurhæfingarlækningar
Liechtenstein	Endokrinologie-Diabetologie	Physikalische Medizin und Rehabilitation
Norge	Endokrinologi	Fysikalsk medisin og rehabilitering
Land	Taugageðlækningar Lágmarkslengd náms: 5 ár	Húð- og kynsjúkdómalækningar Lágmarkslengd náms: 3 ár
	Heiti	Heiti
Ísland		Húð- og kynsjúkdómalækningar
Liechtenstein		Dermatologie und Venereologie
Norge		Hud- og veneriske sykdommer

Land	Geislalækningar Lágmarkslengd náms: 4 ár	Barna- og unglingageðlækningar Lágmarkslengd náms: 4 ár
	Heiti	Heiti
Ísland	Geislalækningar	Barna- og unglingageðlækningar
Liechtenstein		Kinder- und Jugendpsychiatrie und Psychotherapie
Norge		Barne- og ungdomspsykiatri

Land	Öldrunarlækningar Lágmarkslengd náms: 4 ár	Nýrnalækningar Lágmarkslengd náms: 4 ár
	Heiti	Heiti
Ísland	Öldrunarlækningar	Nýrnalækningar
Liechtenstein	Geriatrie	Nephrologie
Norge	Geriatri	Nyresykdommer
Land	Smitsjúkdómar Lágmarkslengd náms: 4 ár	Félagslækningar Lágmarkslengd náms: 4 ár
	Heiti	Heiti
Ísland	Smitsjúkdómar	Félagslækningar
Liechtenstein	Infektiologie	Prävention und Gesundheitswesen
Norge	Infeksjonssykdommer	Samfunnsmedisin

Land	Lyfjafræði Lágmarkslengd náms: 4 ár	Atvinnulækningar Lágmarkslengd náms: 4 ár
	Heiti	Heiti
Ísland	Lyfjafræði	Atvinnulækningar
Liechtenstein	Klinische Pharmakologie und	Arbeitsmedizin

	Toxikologie	
Norge	Klinisk farmakologi	Arbeidsmedisin

Land	Ofnæmislækningar Lágmarkslengd náms: 3 ár	Ísótópagreining Lágmarkslengd náms: 4 ár
	Heiti	Heiti
Ísland	Ofnæmislækningar	Ísótópagreining
Liechtenstein	Allergologie und klinische Immunologie	Nuklearmedizin
Norge		Nukleærmedisin

Land	Kynsjúkdómafræði Lágmarkslengd náms: 4 ár	Hitabeltissjúkdómafræði Lágmarkslengd náms: 4 ár
	Heiti	Heiti
Ísland		
Liechtenstein		Tropenmedizin
Norge		

Land	Meltingarfæraskurðlækningar Lágmarkslengd náms: 5 ár	Slysa- og bráðalækningar Lágmarkslengd náms: 5 ár
	Heiti	Heiti
Ísland		
Liechtenstein		
Norge	Gastroenterologisk kirurgi	

Land	Klínísk taugalíffeðlisfræði Lágmarkslengd náms: 4 ár	Tann-, munn- og kjálkaskurðlækningar (undirstöðunám í læknisfræði og tannlækningum) Lágmarkslengd náms: 4 ár
	Heiti	Heiti
Ísland	Klínísk taugalíffeðlisfræði	
Liechtenstein		Kiefer- und Gesichtschirurgie
Norge	Klinisk nevrofysiologi	Kjevekirurgi og munnhule-sykdommer

iv) Undir undirfyrirsögninni „5.1.4. Vitnisburður um formlega menntun og hæfi heimilislækna“:

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Starfsheiti	Viðmiðunardagsetning
Ísland	Almennt heimilis-lækningaleyfi (Evrópulækningaleyfi)	Almennur heimilis-læknir (Evrópulæknir)	31. desember 1994
Liechtenstein			
Norge	Bevis for kompetanse som allmennpraktiserende lege	Allmennpraktiserende lege	31. desember 1994

b) Undir fyrirsögninni „V.2. HJÚKRUNARFRÆÐINGUR Í ALMENNRI HJÚKRUN“:

i) Undir undirfyrirsögninni „5.2.2. Vitnisburður um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun“:

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Starfsheiti	Viðmiðunar-dagsetning
Ísland	1. B.Sc. í hjúkrunar-fræði 2. B.Sc. í hjúkrunar-fræði 3. Hjúkrunarpróf	1. Háskóli Íslands 2. Háskólinn á Akureyri 3. Hjúkrunarskóli Íslands	Hjúkrunar-fræðingur	1. janúar 1994
Liechtenstein	Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður frá öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og talið er upp í þessum viðauka	Lögbær yfirvöld	Kranken-schwester – Kranken-pfleger	1. maí 1995
Norge	Vitnemål for bestått sykepleierutdanning	Høgskole	Sykepleier	1. janúar 1994

c) Undir fyrirsögninni „V.3. TANNLÆKNAR“:

i) Undir undirfyrirsögninni „5.3.2. Vitnisburður um formlega grunn-menntun og hæfi tannlækna“:

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Vottorð sem fylgir vitnisburði	Starfsheiti	Viðmiðunar-dagsetning
Ísland	Próf frá tann-læknadeild Háskóla Íslands	Tannlæknadeild Háskóla Íslands		Tannlæknir	1. janúar 1994
Liechtenstein	Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður frá öðru ríki sem til-skipun þessi tekur til og talið er upp í þessum viðauka	Lögbær yfirvöld	Vottorð lögbærra yfirvalda um að starfsþjálf-un sé lokið	Zahnarzt	1. maí 1995
Norge	Vitnemål for fullført grad *candidata/ candidatus odontologiae*, skammstafað: *cand.odont.*	Odontologisk universitets-fakultet		Tannlege	1. janúar 1994

ii) Undir undirfyrirsögninni „5.3.3. Vitnisburður um menntun og hæfi sérmenntaðra tannlækna“:

Tannréttingar			
Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Viðmiðunardagsetning
Ísland			
Liechtenstein			
Norge	Bevis for gjennomgått spesialistutdanning i kjeveortopedi	Odontologisk universitetsfakultet	1. janúar 1994

Tannskurðlækningar			
Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Viðmiðunardagsetning
Ísland			
Liechtenstein			
Norge	Bevis for gjennomgått spesialistutdanning i oralkirurgi	Odontologisk universitetsfakultet	1. janúar 1994

d) Undir fyrirsögninni „V.4. DÝRALÆKNAR“:

i) Undir undirfyrirsögninni „5.4.2. Vitnisburður um menntun og hæfi dýralækna“:

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Vottorð sem fylgir vitnisburði	Viðmiðunar-dagsetning
Ísland	Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður frá öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og talið er upp í þessum viðauka	Lögbær yfirvöld	Vottorð lögbærra yfirvalda um að starfsþjálfun sé lokið	1. janúar 1994
Liechtenstein	Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður frá öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og talið er upp í þessum viðauka	Lögbær yfirvöld	Vottorð lögbærra yfirvalda um að starfsþjálfun sé lokið	1. maí 1995
Norge	Vitnemål for fullført grad *candidata/candidatus medicinae veterinariae*, skammstafað: *cand.med.vet.*	Norges veterinærhøgskole		1. janúar 1994

e) Undir fyrirsögninni „V.5. LJÓSMÆÐUR“:

i) Undir undirfyrirsögninni „5.5.2. Vitnisburður um formlega menntun og hæfi ljósmæðra“:

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Starfsheiti	Viðmiðunar-dagsetning
Ísland	1. Embættispróf í ljósmóðurfræði 2. Próf í ljós-mæðrafræðum	1. Háskóli Íslands 2. Ljósmæðra-skóli Íslands	Ljósmóðir	1. janúar 1994
Liechtenstein	Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður frá öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og talið er upp í þessum viðauka	Lögbær yfirvöld	Hebamme	1. maí 1995
Norge	Vitnemål for bestått jordmor-utdanning	Høgskole	Jordmor	1. janúar 1994

f) Undir fyrirsögninni „V.6. LYFJAFRÆÐINGAR“:

i) Undir undirfyrirsögninni „5.6.2. Vitnisburður um formlega menntun og hæfi lyfjafræðinga“:

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Vottorð sem fylgir prófskírteininu	Viðmiðunar-dagsetning
Ísland	Próf í lyfjafræði	Háskóli Íslands		1. janúar 1994
Liechtenstein	Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður frá öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og talið er upp í þessum viðauka	Lögbær yfirvöld	Vottorð lögbærra yfirvalda um að starfsþjálfun sé lokið	1. maí 1995
Norge	Vitnemål for full-ført grad candi-data/*candidatus pharmaciae*, skammstafað: *cand.pharm.*	Universitets-fakultet		1. janúar 1994

g) Undir fyrirsögninni „V.7. ARKITEKTAR“:

i) Undir undirfyrirsögninni „5.7.1. Vitnisburður um formlega menntun og hæfi arkitekta sem viðurkenndur er skv. 46. gr.“:

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Stofnunin sem veitir vitnisburð um menntun og hæfi	Vottorð sem fylgir vitnisburði	Viðmiðunarskólaár
Ísland	Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður frá öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og talið er upp í þessum viðauka	Lögbær yfirvöld	Vottorð lögbærra yfirvalda um að starfsþjálfun sé lokið	
Liechtenstein	– Dipl.-Arch. FH Für Architekturstudienkurse, die im akademischen Jahr 1999/2000 aufgenommen wurden, einschliesslich für Studenten, die das Studienprogramm Model B bis zum akademischen Jahr 2000/2001 belegten, vorausgesetzt dass sie sich im akademischen Jahr 2001/2002 einer zusätzlichen und kompensatorischen Ausbildung unterzogen.	Fachhochschule Liechtenstein		1999/2000
Norge	– Sivilarkitekt	1. Norges teknisk-naturvitenskaplige universitet (NTNU) 2. Arkitektur- og designhøgskolen i Oslo (AHO) (fyrir 29. október 2004 Arkitekthøgskolen i Oslo) 3. Bergen Arkitekt Skole (BAS)		1997/1998
	– Master i arkitektur	1. Norges teknisk-naturvitenskaplige universitet (NTNU) 2. Arkitektur- og designhøgskolen i Oslo (AHO) (fyrir 29. október 2004 Arkitekthøgskolen i Oslo) 3. Bergen Arkitekt Skole (BAS)		1999/2000 1998/1999 2001/2002

E) Eftirfarandi bætist við í VI. viðauka „Áunnin réttindi sem gilda um starfsgreinarnar sem eru háðar viðurkenningu á grundvelli samræmingar á lágmarkskröfum um menntun“:

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Viðmiðunarskólaár
Ísland	Prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður frá öðru ríki sem tilskipun þessi tekur til og talið er upp í þessum viðauka, ásamt vottorði lögbærra yfirvalda um að starfsþjálfun sé lokið	

Liechtenstein	Prófskírteini frá „Fachhochschule“ (Dipl.-Arch. (FH))	1997/1998
Norge	– Prófskírteini (sivilarkitekt) frá „Norges tekniske høgskole (NTH)“, frá 1. janúar 1996 „Norges teknisk-naturvitenskaplige universitet (NTNU)“, „Arkitekt-høgskolen i Oslo“ og „Bergen Arkitekt Skole (BAS)“ – Aðildarskírteini „Norske Arkitekters Landsforbund“ (NAL) ef hlutaðeigandi hefur stundað námið í ríki sem tilskipun þessi tekur til	1996/1997

5. Eftirfarandi liður bætist við á eftir hinum nýja lið 1c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/42/EB):

„1d. **32007 D 0172:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/172/EB frá 19. mars 2007 um að skipa hóp samræmingaraðila til að fjalla um viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi (Stjtíð. ESB L 79, 20.3.2007, bls. 38).

Tilhögun samstarfs við sérfræðinga frá Liechtenstein, Íslandi og Noregi í samræmi við 101. gr. samningsins:

Hverju EFTA-ríki er heimilt, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 4. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2007/172/EB, að tilnefna áheyrnarfulltrúa til að sitja fundi hóps samræmingaraðila til að fjalla um viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal senda þátttakendum fundarboð og viðeigandi gögn með tilhlýðilegum fyrirvara.“

6. Brott falli texti liðar 1a (tilskipun ráðsins 89/48/EBE), liðar 1b (tilskipun ráðsins 92/51/EBE), liðar 1c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/42/EB), 3. liðar (tilskipun ráðsins 81/1057/EBE), 18. liðar (tilskipun ráðsins 85/384/EBE), 58. liðar (ákvörðun ráðsins 85/368/EBE), 62. liðar (tilmæli ráðsins 75/366/EBE), 63. liðar (tilmæli ráðsins 75/367/EBE), 64. liðar (375 Y 0701(01): greinargerðir ráðsins) og 65. liðar (tilmæli ráðsins 86/458/EBE).

7. Brott falli texti 4. liðar (tilskipun ráðsins 93/16/EBE), 8. liðar (tilskipun ráðsins 77/452/EBE), 9. liðar (tilskipun ráðsins 77/453/EBE), 10. liðar (tilskipun ráðsins 78/686/EBE), 11. liðar (tilskipun ráðsins 78/687/EBE), 12. liðar (tilskipun ráðsins 78/1026/EBE), 13. liðar (tilskipun ráðsins 78/1027/EBE), 14. liðar (tilskipun ráðsins 80/154/EBE), 15. liðar (tilskipun ráðsins 80/155/EBE), 16. liðar (tilskipun ráðsins 85/432/EBE), 17. liðar (tilskipun ráðsins 85/433/EBE), 59. liðar (C/81/74/bls. 1: orðsending frá framkvæmdastjórninni), 60. liðar (374 Y 0820(01): ályktun ráðsins), 61. liðar (389 L 0048: greinargerð ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar), 67. liðar (378 Y 0824(01): greinargerð ráðsins), 68. liðar (tilmæli ráðsins 78/1029/EBE), 69. liðar (378 Y 1223(01): greinargerðir ráðsins), 70. liðar (tilmæli ráðsins 85/435/EBE) og 71. liðar (tilmæli ráðsins 85/386/EBE), ásamt tilheyrandi fyrirsögnum.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2005/36/EB

frá 7. september 2005

um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 40. gr., 47. gr. (1. mgr. og fyrsti og þriðji málsliður 2. mgr.) og 55 gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt c-lið 1. mgr. 3. gr. sáttmálans er eitt af markmiðum Bandalagsins að afnema höft á frjálsri för fólks og frjálsri þjónustustarfsemi milli aðildarríkjanna. Þetta felur einkum í sér að ríkisborgarar aðildarríkjanna hafa heimild til að leggja stund á starfsgrein sína, annaðhvort sem sjálfstætt starfandi einstaklingar eða sem launþegar, í öðru aðildarríki en því þar sem þeir öfluðu sér faglegrar menntunar og hæfis. Enn fremur er í 1. mgr. 47. gr. sáttmálans mælt fyrir um að gefa skuli út tilskipanir um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi.

2) Í kjölfar fundar leiðtogaráðsins í Lissabon 23. og 24. mars 2000 samþykkti framkvæmdastjórnin orðsendingu um „Áætlun varðandi þjónustustarfsemi á innri markaðnum“ sem miðar einkum að því að gera frjálsa þjónustustarfsemi jafn einfalda innan Bandalagsins og innan einstakra aðildarríkja. Í tilefni af orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar sem kallast „Nýir evrópskir vinnumarkaðir, opnir öllum, með aðgangi fyrir alla“ fól leiðtogaráðið framkvæmdastjórninni, í Stokkhólmi 23. og 24. mars 2001, að leggja fram sérstaka tillögu á vorfundi leiðtogaráðsins 2002 um samræmdara, gagnsærra og sveigjanlegra kerfi varðandi viðurkenningu á menntun og hæfi.

3) Tryggingin, sem þessi tilskipun veitir einstaklingum, sem hafa öðlast faglega menntun og hæfi í aðildarríki, þ.e. að fá aðgang að sömu starfsgrein og leggja stund á hana í öðru aðildarríki með sömu réttindum og ríkisborgarar, hefur ekki áhrif á þá skyldu fagmenntaðs innflytjanda að uppfylla skilyrði um iðkun starfa, sem eru án mismununar og seinna aðildarríkið kann að mæla fyrir um, að því tilskildu að þau séu rökstudd á hlutlægan hátt og að meðalhófs sé gætt.

4) Til að auðvelda frjálsa þjónustustarfsemi gilda sértækar reglur sem miða að því að auka möguleika á því að leggja stund á atvinnustarfsemi undir upprunalegu starfsheiti. Ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum ([4]) gilda að því er varðar þjónustu í upplýsingasamfélaginu sem er veitt sem fjarþjónusta.

5) Með hliðsjón af hinum ólíku kerfum, sem komið var á annars vegar vegna þjónustustarfsemi sem er veitt yfir landamæri tímabundið og óreglubundið og hins vegar vegna staðfestu, þarf að skýra hvaða viðmiðanir liggja til grundvallar við að greina á milli þessara tveggja hugtaka þegar þjónustuveitandi flytur á yfirráðasvæði gistiaðildarríkisins.

([1]) Stjtíð. EB C 181 E, 30.7.2002, bls. 183.
([2]) Stjtíð. ESB C 61, 14.3.2003, bls. 67.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 11. febrúar 2004 (Stjtíð. ESB C 97 E, 22.4.2004, bls. 230), sameiginleg afstaða ráðsins frá 21. desember 2004 (Stjtíð. ESB C 58 E, 8.3.2005, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 11. maí 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Ákvörðun ráðsins frá 6. júní 2005.
([4]) Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1.

6) Þegar þjónusta er veitt skal taka ríkt tillit til lýðheilsu, almannaöryggis og neytendaverndar. Því skal setja sértæk ákvæði um lögverndaðar starfsgreinar sem veita þjónustu yfir landamæri tímabundið eða óreglubundið og hafa áhrif á lýðheilsu og almannaöryggi.

7) Gistiaðildarríki getur, þegar nauðsyn krefur og í samræmi við lög Bandalagsins, sett fram kröfur varðandi yfirlýsingar. Þessar kröfur eiga ekki að vera óhófleg byrði á þjónustuveitandann eða hindra hann í því að nýta sér frelsi til að veita þjónustu eða gera það síður fýsilegt. Þörf fyrir slíkar kröfur skal endurskoðuð reglulega í ljósi framfara við gerð Bandalagsramma um samvinnu stjórnvalda aðildarríkjanna.

8) Þjónustuveitandanum ber að hlíta agareglum gistiaðildarríkisins sem tengjast faglega menntun og hæfi með beinum og ákveðnum hætti, t.d. skilgreiningu á starfsgreininni, umfangi þeirrar starfsemi sem fellur undir tiltekna starfsgrein eða er bundin við hana, notkun starfsheita og alvarlegri vanrækslu í starfi sem tengist öryggi og vernd neytenda með beinum og ákveðnum hætti.

9) Á sama tíma og meginreglum og verndarráðstöfunum varðandi staðfesturéttinn, sem eru undirliggjandi í hinum mismunandi gildandi kerfum til viðurkenningar, er viðhaldið skulu reglur slíkra kerfa endurbættar í ljósi fenginnar reynslu. Auk þess hefur viðkomandi tilskipunum ítrekað verið breytt og því er nauðsynlegt að endurskipuleggja og einfalda ákvæði þeirra með því að staðla gildandi meginreglur. Þess vegna er nauðsynlegt að skipta út tilskipunum ráðsins 89/48/EEC ([1]) og 92/51/EBE ([2]), sem og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/42/EB ([3]) um almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og hæfi og tilskipunum ráðsins 77/452/EBE ([4]), 77/453/EBE ([5]), 78/686/EBE ([6]), 78/687/EBE ([7]), 78/1026/EBE ([8]), 78/1027/EBE ([9]), 80/154/EBE ([10]), 80/155/EBE ([11]), 85/384/EBE ([12]), 85/432/EBE ([13]), 85/433/EBE ([14]) og 93/16/EBE ([15]) varðandi starfsgreinar hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, arkitekta, lyfjafræðinga og lækna með því að sameina þær í einn texta.

10) Þessi tilskipun hindrar ekki möguleika aðildarríkjanna á að viðurkenna, í samræmi við eigin reglur, faglega menntun og hæfi sem ríkisborgarar þriðja lands hafa öðlast utan yfirráðasvæðis Evrópusambandsins. Ávallt skal virða lágmarkskröfur um menntun í tilteknum starfsgreinum þegar viðurkenning er veitt.

11) Þegar um ræðir starfsgreinar, sem falla undir almennt kerfi til viðurkenningar á faglegri menntun og hæfi, hér á eftir nefnt „almennt kerfi“, skulu aðildarríkin hafa áfram rétt til að mæla fyrir um kröfur um lágmarksmenntun og -hæfi til að tryggja gæði þeirrar þjónustu sem er veitt á yfirráðasvæði þeirra. Þau skulu þó ekki, skv. 10. gr., 39. gr. og 43. gr. sáttmálans, krefjast þess að ríkisborgari aðildarríkis verði sér úti um þá menntun og hæfi, sem þau mæla almennt fyrir um með tilliti til prófskírteina sem veitt eru í menntunarkerfum þeirra, hafi hlutaðeigandi einstaklingur þegar öðlast þessa menntun og hæfi, í heild eða að hluta, í öðru aðildarríki. Gistiaðildarríki, þar sem starfsgreinar eru lögverndaðar, verða af þessum sök-

([1]) Stjtíð. EB L 19, 24.1.1989, bls. 16. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/19/EB (Stjtíð. EB L 206, 31.7.2001, bls. 1).
([2]) Stjtíð. EB L 209, 24.7.1992, bls. 25. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/108/EB (Stjtíð. ESB L 32, 5.2.2004, bls. 15).
([3]) Stjtíð. EB L 201, 31.7.1999, bls. 77.
([4]) Stjtíð. EB L 176, 15.7.1977, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.
([5]) Stjtíð. EB L 176, 15.7.1977, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2001/19/EB.
([6]) Stjtíð. EB L 233, 24.8.1978, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.
([7]) Stjtíð. EB L 233, 24.8.1978, bls. 10. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.
([8]) Stjtíð. EB L 362, 23.12.1978, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2001/19/EB.
([9]) Stjtíð. EB L 362, 23.12.1978, bls. 7. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2001/19/EB.
([10]) Stjtíð. EB L 33, 11.2.1980, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.
([11]) Stjtíð. EB L 33, 11.2.1980, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2001/19/EB.
([12]) Stjtíð. EB L 223, 21.8.1985, bls. 15. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.
([13]) Stjtíð. EB L 253, 24.9.1985, bls. 34. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2001/19/EB.
([14]) Stjtíð. EB L 253, 24.9.1985, bls. 37. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.
([15]) Stjtíð. EB L 165, 7.7.1993, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

um að taka tillit til menntunar og hæfis sem viðkomandi hefur öðlast í öðru aðildarríki og meta hvort sú menntun og hæfi samsvari því sem það gerir kröfu um. Almenna kerfið til viðurkenningar kemur þó ekki í veg fyrir að aðildarríki geti sett fram sértækar kröfur gagnvart hverjum þeim sem leggur stund á starfsgrein á yfirráðasvæði þess enda helgist þær af starfsreglum sem eru réttlætanlegar á grundvelli almannahagsmuna. Reglur af þessu tagi varða t.d. skipulag starfsgreinarinnar, faglega staðla, þ.m.t. staðlar sem snerta siðareglur og umsjón og bótaábyrgð. Að lokum er tilgangur þessarar tilskipunar ekki sá að hafa áhrif á lögmæta hagsmuni aðildarríkjanna af því að koma í veg fyrir að borgarar þeirra víki sér undan því að framfylgja landslögum sem tengjast starfsgreinum.

12) Þessi tilskipun varðar viðurkenningu aðildarríkjanna á faglegri menntun og hæfi sem viðkomandi hefur öðlast í öðru aðildarríki. Hún varðar hins vegar ekki viðurkenningu aðildarríkjanna á ákvörðunum varðandi viðurkenningar sem önnur aðildarríki hafa samþykkt samkvæmt þessari tilskipun. Þar af leiðandi mega einstaklingar, sem hafa öðlast faglega menntun og hæfi sem eru viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun, ekki vísa í viðurkenninguna til að öðlast réttindi í upprunaaðildarríkinu, sem eru frábrugðin þeim réttindum sem fást með þeirri faglegu menntun og hæfi sem þeir hafa öðlast í því aðildarríki, nema þeir geti sýnt fram á að þeir hafi öðlast frekari faglega menntun og hæfi í gistiaðildarríkinu.

13) Nauðsynlegt er að skipta menntunar- og starfsmenntunarkerfum hvers lands upp í mismunandi þrep til þess að unnt sé að skilgreina tilhögun viðurkenningar samkvæmt almenna kerfinu. Þessi menntunar- og námsþrep, sem komið er á vegna reksturs almenna kerfisins, hafa engin áhrif á uppbyggingu menntunar- og starfsmenntunarkerfa hvers lands né heldur á valdheimildir aðildarríkjanna á þessu sviði.

14) Tilhögun viðurkenningar, sem komið var á fót með tilskipunum 89/48/EBE og 92/51/EBE, helst óbreytt. Þar af leiðandi skal handhafi prófskírteinis, sem hefur lokið minnst eins árs námi eftir framhaldsskólastigið, hafa heimild til að fá aðgang að lögverndaðri starfsgrein í aðildarríki þar sem aðgangur að greininni er bundinn því að fyrir liggi prófskírteini sem sýnir fram á minnst fjögurra ára nám á æðra skólastigi eða á háskólastigi, án tillits til þess til hvaða menntunarþreps prófskírteinið heyrir í gistiaðildarríkinu. Á hinn bóginn skal aðeins veita aðgang að lögverndaðri starfsgrein, sem krefst a.m.k. fjögurra ára náms á æðra skólastigi eða háskólastigi, þeim handhöfum prófskírteina sem hafa lokið a.m.k. þriggja ára námi á æðra skólastigi eða háskólastigi.

15) Þar sem ekki er búið að samræma lágmarkskröfur um menntun til að fá aðgang að þeim starfsgreinum, sem falla undir almenna kerfið, getur gistiaðildarríkið gripið til uppbótarráðstöfunar. Í þessari ráðstöfun skal gæta meðalhófs og einkum taka tillit til starfsreynslu umsækjanda. Reynslan sýnir að það að krefjast þess að innflytjandi velji á milli hæfnisprófs og aðlögunartíma feli í sér fullnægjandi verndarráðstafanir að því er varðar menntun og hæfi innflytjanda þannig að undanþágu frá þessum valmöguleika skal í hverju tilviki réttlætt með því að slíkt sé óhjákvæmilegt vegna almannahagsmuna.

16) Til þess að stuðla að frjálsri för fagmanna og tryggja á sama tíma fullnægjandi menntun og hæfi gætu hin ýmsu fagfélög og -samtök eða aðildarríki lagt fram sameiginleg grunnskilyrði á evrópskum vettvangi. Í þessari tilskipun skal, með vissum skilyrðum, taka tillit til þessa frumkvæðis í samræmi við valdheimildir aðildarríkjanna til að ákveða þá menntun og hæfi sem krafist er til að mega leggja stund á starfsgrein á yfirráðasvæði þeirra, sem og inntak og skipulag á eigin kerfum menntunar og faglegrar menntunar og í samræmi við lög Bandalagsins, einkum samkeppnislög Bandalagsins, og stuðla í meira mæli, á sama tíma, í þessu samhengi, að sjálfkrafa viðurkenningu samkvæmt almenna kerfinu. Fagfélög, sem eru í aðstöðu til að leggja fram sameiginleg grunnskilyrði, skulu vera fulltrúar á innlendum og evrópskum vettvangi. Sameiginleg grunnskilyrði fela í sér viðmiðanir sem gera kleift að bæta upp muninn milli mjög ólíkra krafna um menntun sem er að finna í a.m.k. tveimur þriðju aðildarríkjanna, þ.m.t. öll þau aðildarríki sem lögvernda viðkomandi starfsgrein. Þessar viðmiðanir gætu t.d. falið í sér kröfur eins og viðbótarmenntun, aðlögunartíma undir umsjón fagaðila, hæfnispróf eða lágmarksstarfsreynslu eða einhverja samsetningu af þessu.

17) Almenna kerfið skal, til að taka tillit til allra þeirra aðstæðna þar sem ákvæði um viðurkenn-

ingu á faglegri menntun og hæfi er ekki enn til staðar, ná yfir þau tilvik sem falla ekki undir tiltekið kerfi, annaðhvort þar sem starfsgreinin fellur ekki undir eitthvert þessara kerfa eða þegar hún fellur undir slíkt kerfi en umsækjandinn uppfyllir ekki skilyrðin til að njóta góðs af því af einhverri sérstakri og óvenjulegri ástæðu.

18) Nauðsynlegt er að einfalda þær reglur sem veita aðgang að margs konar iðn-, viðskipta- og handverksgreinum í aðildarríkjum þar sem þessar starfsgreinar eru lögverndaðar, að svo miklu leyti sem þessi starfsemi hefur verið stunduð hæfilega lengi og nógu nýlega í öðru aðildarríki, en á sama tíma skal viðhalda kerfi til sjálfkrafa viðurkenningar þessarar starfsemi sem byggist á starfsreynslu.

19) Frjáls för og gagnkvæm viðurkenning á vitnisburði um formlega menntun og hæfi lækna, hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra, lyfjafræðinga og arkitekta skulu byggjast á meginreglunni um sjálfkrafa viðurkenningu á vitnisburði um formlega menntun og hæfi á grundvelli samræmdra lágmarkskrafna um menntun. Að auki skal aðgangur að starfsgreinum lækna, hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra og lyfjafræðinga í aðildarríkjunum vera háður því skilyrði að viðkomandi hafi undir höndum tiltekið prófskírteini sem uppfyllir þær lágmarkskröfur um menntun sem mælt er fyrir um. Bæta skal við þetta kerfi áunnum réttindum sem fagmenn njóta góðs af með vissum skilyrðum.

20) Til að hægt sé að taka tillit til sérákvæða í hæfismatskerfi fyrir lækna og tannlækna og réttarreglna Bandalagsins á sviði gagnkvæmrar viðurkenningar gildir meginreglan um sjálfkrafa viðurkenningu sérgreina læknis- og tannlæknisfræðinnar, sem eru sameiginlegar minnst tveimur aðildarríkjum, áfram um allar sérgreinar sem eru viðurkenndar við samþykkt þessarar tilskipunar. Til að einfalda kerfið gildir sjálfkrafa viðurkenning eftir gildistökudag þessarar tilskipunar einungis að því er varðar nýjar sérgreinar læknisfræðinnar sem eru sameiginlegar minnst tveimur fimmtu hlutum aðildarríkjanna. Þessi tilskipun kemur enn fremur ekki í veg fyrir að aðildarríkin geti komist að samkomulagi sín á milli varðandi sjálfkrafa viðurkenningu tiltekinna sérgreina læknis- og tannlæknisfræðinnar, sem eru sameiginlegar ríkjunum en fá ekki sjálfkrafa viðurkenningu í skilningi þessarar tilskipunar samkvæmt þeirra eigin reglum.

21) Sjálfkrafa viðurkenning á formlegri menntun og hæfi læknis með grunnmenntun í læknisfræði skal ekki hafa áhrif á valdheimildir aðildarríkjanna til að hvort heldur er tengja þá menntun og hæfi við atvinnustarfsemi eða ekki.

22) Öll aðildarríkin skulu viðurkenna starfsgrein tannlækna sem tiltekna starfsstétt sem er skýrt aðgreind frá starfsgrein læknа, hvort sem hann hefur sérmenntun í munnfræði (odontostomatology) eða ekki. Aðildarríkin skulu tryggja að nám tannlækna veiti þeim nauðsynlega færni til að inna af hendi öll störf er lúta að forvörnum, greiningu og meðferð galla og sjúkdóma í tönnum, munni, kjálkum og aðliggjandi vefjum. Starfsemi tannlækna, eins og henni er lýst í þessari tilskipun, skal stunduð af aðilum sem hafa undir höndum vitnisburð um formlega menntun og hæfi tannlæknis.

23) Ekki virtist æskilegt að mæla fyrir um staðlaða menntun fyrir ljósmæður í öllum aðildarríkjunum. Aðildarríkin skulu aftur á móti hafa eins víðtækt frelsi og unnt er til að skipuleggja menntun þeirra.

24) Með einföldun þessarar tilskipunar í huga skal vísa til hugtaksins „lyfjafræðingur“ til að afmarka gildissvið ákvæða er tengjast sjálfkrafa viðurkenningu, sbr. þó sérákvæði reglna hvers aðildarríkis um þessa starfsemi.

25) Handhafar vitnisburðar um formlega menntun og hæfi lyfjafræðings teljast sérfræðingar á lyfjasviði og skulu, að jafnaði, hafa aðgang að lágmarksstarfsemi á þessu sviði í öllum aðildarríkjunum. Við skilgreiningu á slíkri lágmarksstarfsemi skal þessi tilskipun hvorki takmarka starfsemi sem lyfjafræðingar hafa aðgang að í aðildarríkjunum, einkum er varðar líffræðilega greiningu né heldur heimila þessum fagmönnum neins konar einkasölu þar sem skipan einkasölu heldur áfram að veramál aðildarríkjanna. Ákvæði þessarar tilskipunar hafa ekki áhrif á möguleika aðildarríkjanna til að krefjast viðbótarskilyrða varðandi menntun vegna aðgangs að starfsemi sem fellur utan þeirrar lágmarksstarfsemi á þessu sviði sem samræmingin tekur til. Þetta þýðir að gistiaðildarríkið ætti að geta sett þessi skilyrði gagnvart þeim ríkisborgurum sem hafa öðlast

menntun og hæfi sem sjálfkrafa viðurkenning í skilningi þessarar tilskipunar tekur til.

26) Þessi tilskipun samræmir ekki öll skilyrði varðandi aðgang að og iðkun starfa á sviði lyfsölu. Einkum skal landfræðileg dreifing lyfjaverslana og einokun á lyfjaafgreiðslu halda áfram að vera mál aðildarríkjanna. Þessi tilskipun breytir ekki laga- og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna sem banna félögum að stunda tiltekna starfsemi lyfjafræðinga eða setur tiltekin skilyrði fyrir því að leggja stund á slíka starfsemi.

27) Byggingarlistarhönnun, gæði bygginga, hvernig þær falla að umhverfinu, virðing fyrir náttúrulegu umhverfi og borgarumhverfi, ásamt sameiginlegum menningararfi og menningararfi einkaaðila varðar almannahagsmuni. Af þeim sökum verður gagnkvæm viðurkenning á menntun og hæfi að byggjast á viðmiðunum er varða bæði magn og gæði þannig að unnt sé að tryggja að handhafar viðurkenndrar menntunar og hæfis geti skilið og túlkað þarfir einstaklinga, samfélagshópa og yfirvalda að því er varðar landnotkun, hönnun, skipulag og gerð bygginga, varðveislu og nýtingu byggingararfsins og viðhald á eðlilegu jafnvægi.

28) Reglur aðildarríkjanna á sviði byggingarlistar og varðandi aðgang að og stundun starfsemi arkitekts hafa mjög mismunandi gildissvið. Í flestum aðildarríkjum stunda, í reynd eða að lögum, einvörðungu aðilar sem hafa rétt til að kalla sig arkitekta, hvort sem þeir bera það starfsheiti eitt sér eða ásamt öðrum, þessa starfsemi, án þess þó að þeir hafi einkarétt á að stunda hana, nema þar sem kveðið er á um annað í lögum. Þessa starfsemi, eða hluta af henni, mega einnig aðrir fagmenn stunda, einkum verkfræðingar sem hafa hlotið sérstaka menntun í mannvirkjagerð eða byggingarlist. Með einföldun þessarar tilskipunar í huga er rétt að vísa til hugtaksins „arkitekt“ til að afmarka gildissvið þeirra ákvæða sem varða sjálfkrafa viðurkenningu á menntun og hæfi á sviði byggingarlistar, sbr. þó sérákvæði reglna hvers ríkis um þessa starfsemi.

29) Þegar landsbundin eða evrópsk fagsamtök eða -félag fyrir lögverndaða starfsgrein leggja fram rökstudda beiðni um sértæk ákvæði til viðurkenningar á menntun og hæfi, á grundvelli samræmingar lágmarkskrafna um menntun, skal framkvæmdastjórnin meta hvort við hæfi sé að samþykkja tillögu til breytingar á þessari tilskipun.

30) Til að tryggja skilvirkni kerfisins til viðurkenningar á faglegri menntun og hæfi ætti að skilgreina samræmd formsatriði og starfsreglur til að koma henni í framkvæmd, sem og tiltekin smáatriði varðandi það að leggja stund á starfsgreinina.

31) Þar sem samvinna meðal aðildarríkjanna og milli þeirra og framkvæmdastjórnarinnar auðveldar framkvæmd þessarar tilskipunar og uppfyllingu þeirra skuldbindinga sem af henni leiðir ætti að skipuleggja tilhögun slíkrar samvinnu.

32) Innleiðing fagskírteina frá fagfélögum eða -samtökum á evrópskum vettvangi gæti auðveldað hreyfanleika fagmanna, einkum með því að hraða upplýsingaskiptum milli gistiaðildarríkis og upprunaaðildarríkis. Fagskírteinið ætti að gera það mögulegt að fylgjast með starfsferli fagmanna sem öðlast staðfestu í hinum ýmsu aðildarríkjum. Á slíkum skírteinum geta komið fram upplýsingar, sem eru í fullu samræmi við ákvæði um gagnavernd, um faglega menntun og hæfi fagmannsins (nám við háskóla eða aðra menntastofnun, menntun og hæfi, starfsreynsla), lagalega staðfestu hans, viðurlög sem hann hefur sætt í tengslum við starfsgrein sína og upplýsingar um lögbært yfirvald.

33) Net upplýsinga- og þjónustumiðstöðva með það verkefni að veita ríkisborgurum aðildarríkjanna upplýsingar og aðstoð mun tryggja gagnsæi kerfis til viðurkenningar. Upplýsinga- og þjónustumiðstöðvarnar munu veita ríkisborgurum, sem þess óska, og framkvæmdastjórninni allar upplýsingar og heimilisföng sem tengjast viðurkenningarferlinu. Tilnefning hvers aðildarríkis á einni upplýsinga- og þjónustumiðstöð innan netsins hefur ekki áhrif á skiptingu valdheimilda á landsvísu. Einkum kemur það ekki í veg fyrir að nokkrar skrifstofur verði tilnefndar í hverju ríki þar sem sú upplýsinga- og þjónustumiðstöð, sem er tilnefnd innan fyrrnefnda netsins, sér um samræmingu við hinar skrifstofurnar og um að upplýsa ríkisborgarana um þar til bærar skrifstofur ef þörf krefur.

34) Stjórnun hinna ýmsu viðurkenningarkerfa, sem komið var á laggirnar með starfsgreinatilskipununum og almenna kerfinu, hefur reynst

þunglamaleg og flókin. Því er nauðsynlegt að einfalda stjórnunina og uppfærslu á þessari tilskipun til að taka tillit til framfara á sviði vísinda og tækni, einkum þegar lágmarksskilyrði um menntun eru samræmd með sjálfkrafa viðurkenningu á menntun og hæfi í huga. Koma skal á fót einni nefnd vegna viðurkenningar á faglegri menntun og hæfi í þessu skyni og tryggja viðeigandi þátttöku fulltrúa fagsamtakanna, einnig á evrópskum vettvangi.

35) Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

36) Skýrslur, sem aðildarríkin semja með reglulegu millibili um framkvæmd þessarar tilskipunar og inniheldur tölfræðileg gögn, gera kleift að ákvarða áhrif kerfisins til viðurkenningar á faglegri menntun og hæfi.

37) Viðeigandi málsmeðferð skal vera fyrir hendi vegna samþykktar bráðabirgðaráðstafana komi upp veruleg vandkvæði í aðildarríki við beitingu ákvæða þessarar tilskipunar.

38) Ákvæði þessarar tilskipunar hafa ekki áhrif á valdheimildir aðildarríkjanna að því er varðar skipulag á almannatryggingakerfum þeirra og til að ákvarða hvaða starfsemi verður að stunda samkvæmt kerfinu.

39) Í ljósi örra tæknibreytinga og framfara á sviði vísinda er símenntun sérlega mikilvæg fyrir mikinn fjölda starfsgreina. Í þessu samhengi skulu aðildarríkin samþykkja ítarleg ákvæði um það hvernig fagmenn geta, á grundvelli símenntunar, fylgst með framförum á sviði vísinda og tækni.

40) Þar sem aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. hagræðingu, einföldun og endurbótum á reglunum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi þessum markmiðum.

41) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á beitingu 4. mgr. 39. gr. og 45. gr. sáttmálans varðandi lögbókendur.

42) Að því er varðar staðfesturétt og þjónustustarfsemi þá hefur þessi tilskipun ekki áhrif á önnur sértæk lagaákvæði varðandi viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, t.d. á sviði flutninga, vátryggingamiðlara og löggiltra endurskoðenda. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á beitingu tilskipunar ráðsins 77/249/EBE frá 22. mars 1977 um að auðvelda lögmönnum að neyta réttar til að veita þjónustu ([2]) eða beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/5/EB frá 16. febrúar 1998 um að auðvelda lögmönnum að starfa til frambúðar í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu faglega menntun sína og hæfi ([3]). Þessi tilskipun skal taka til viðurkenningar á faglegri menntun og hæfi lögfræðinga þannig að þeir geti tafarlaust öðlast staðfestu undir því starfsheiti sem notað er í gistiaðildarríkinu.

43) Þessi tilskipun nær einnig til menntastétta, að svo miklu leyti sem þær eru lögverndaðar, sem starfa, samkvæmt þessari tilskipun, á grundvelli viðeigandi menntunar og hæfis í eigin nafni, á eigin ábyrgð og á eigin vegum við hugmynda- og hugverkaþjónustu í þágu skjólstæðings og almennings. Í aðildarríkjunum kann starfsgreinin, í samræmi við sáttmálann, að vera háð lagalegum takmörkunum sem byggjast á landslögum og ákvæðum sem viðkomandi fagsamtök mæla einhliða fyrir um, innan þess ramma, til að tryggja og þróa fagmennsku og gæði í þjónustu og trúnað í samskiptum við viðskiptavininn.

44) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að tryggja öfluga heilsu- og neytendavernd.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

([2]) Stjtíð. EB L 78, 26.3.1977, bls. 17. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

([3]) Stjtíð. EB L 77, 14.3.1998, bls. 36. Tilskipuninni var breytt með aðildarlögunum frá 2003.

I. BÁLKUR

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Markmið

Samkvæmt þeim reglum sem eru settar í þessari tilskipun skal aðildarríki, sem setur skilyrði um tiltekna faglega menntun og hæfi fyrir því að fá aðgang að eða stunda lögverndaða starfsgrein á yfirráðasvæði þess (hér á eftir kallað gistiaðildarríkið), viðurkenna faglega menntun og hæfi sem viðkomandi hefur öðlast í einu aðildarríki eða fleirum (hér á eftir kallað heimaaðildarríkið) og heimila þeim sem býr yfir slíkri menntun og hæfi að stunda þá starfsgrein í aðildarríkinu.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um alla ríkisborgara aðildarríkis sem æskja þess að leggja stund á lögverndaða starfsgrein, þ.m.t. starfsgreinar menntastétta, annaðhvort á eigin vegum eða annarra, í aðildarríki öðru en því þar sem hann hlaut faglega menntun sína og hæfi.

2. Hvert aðildarríki getur heimilað ríkisborgurum aðildarríkis, sem hafa undir höndum vitnisburð um faglega menntun og hæfi sem þeir öðluðust utan aðildarríkis, að stunda lögverndaða starfsgrein í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. á yfirráðasvæði sínu í samræmi við reglur þess. Þegar um er að ræða starfsgreinar, sem falla undir III. kafla III. bálks, skal í upphaflegri viðurkenningu virða lágmarkskröfur um menntun sem mælt er fyrir um í þeim kafla.

3. Ef sértækar ráðstafanir, sem varða með beinum hætti viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi fyrir tiltekna lögverndaða starfsgrein, eru fastsettar í sérstökum lagagerningi Bandalagsins gilda samsvarandi ákvæði þessarar tilskipunar ekki.

3. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „Lögvernduð starfsgrein“: atvinnustarfsemi eða flokkur atvinnustarfsemi þar sem aðgangur að, stundun eða leið til stundunar starfsemi er beint eða óbeint bundin, á grundvelli laga eða stjórnsýslufyrirmæla, skilyrði um sérstaka faglega menntun og hæfi; einkum telst notkun starfsheitis, sem er takmarkað með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum við þá sem hafa hlotið faglega menntun og hæfi, leið til að leggja stund á starfsemi. Ef fyrsti málsliður þessarar skilgreiningar á ekki við skal litið á starfsgrein, sem um getur í 2. mgr., sem lögverndaða starfsgrein.

b) „Fagleg menntun og hæfi“: menntun og hæfi staðfest með vitnisburði um formlega menntun og hæfi, hæfnisvottorð, sem um getur í i-lið a-liðar í 11. gr., og/eða starfsreynsla.

c) „Vitnisburður um formlega menntun og hæfi“: prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður sem yfirvöld, sem aðildarríki tilnefnir samkvæmt lögum eða stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkisins, gefa út og sýna fram á að faglegt nám, sem viðkomandi hefur lokið að mestu í Bandalaginu, hafi verið lokið á fullnægjandi hátt. Ef fyrsti málsliður þessarar skilgreiningar á ekki við skal litið á vitnisburð um formlega menntun og hæfi, sem um getur í 3. mgr., sem vitnisburð um formlega menntun og hæfi.

d) „Lögbært yfirvald“: hvert það yfirvald eða stofnun sem aðildarríki hefur veitt sérstakt umboð til að gefa út eða taka á móti prófskírteinum og öðrum skjölum eða upplýsingum og taka á móti umsóknum og til að taka þær ákvarðanir sem um getur í þessari tilskipun.

e) „Lögvernduð menntun“: hver sú menntun sem er sérstaklega sniðin að því að leggja stund á tiltekna starfsgrein og tekur til náms eða námskeiða sem fela jafnframt í sér, eftir því sem við á, faglegt nám, starfa á reynslutíma eða starfsreynslu.

   Uppbygging og kröfur í slíku faglegu námi, starfi á reynslutíma eða starfsreynslu ákvarðast af lögum eða stjórnsýslufyrirmælum viðkomandi aðildarríkis eða eru undir eftirliti eða viðurkennd af yfirvaldi sem er tilnefnt í því skyni.

f) „Starfsreynsla“: raunveruleg og lögmæt stundun viðkomandi starfsgreinar í aðildarríki.

g) „Aðlögunartími“: að leggja stund á lögverndaða starfsgrein í gistiaðildarríki á ábyrgð aðila sem viðurkenndur er hæfur í þeirri starfsgrein, auk hugsanlega frekari þjálfunar. Sá tími sem unninn er undir eftirliti skal metinn. Nánari reglur um aðlögunartíma og mat á honum, svo og á stöðu innflytjanda sem vinnur undir eftirliti, skulu ákveðnar af lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu.

   Sú staða sem viðkomandi nýtur í gistiaðildarríkinu á þeim tíma sem hann vinnur undir eftirliti,

einkum að því er varðar búseturétt og skuldbindingar, félagsleg réttindi og bætur, greiðslur og endurgjald, skal ákveðin af lögbærum yfirvöldum í því aðildarríki í samræmi við gildandi lög Bandalagsins.

h) „Hæfnispróf“: prófun á fagþekkingu umsækjanda, lagt fyrir af lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu með það fyrir augum að meta hæfni umsækjanda til að leggja stund á lögverndaða starfsgrein í því aðildarríki. Til þess að hægt sé að leggja prófið fyrir skulu lögbær yfirvöld taka saman skrá yfir þær námsgreinar sem, samkvæmt samanburði á menntun umsækjanda og þeirri menntun sem krafist er í aðildarríkinu, prófskírteini eða annar vitnisburður umsækjanda um formlega menntun og hæfi tekur ekki til.

   Miða verður hæfnisprófið við þá staðreynd að umsækjandinn er fullgildur fagmaður í heimaaðildarríkinu eða aðildarríkinu sem hann kemur frá. Það verður að ná yfir námsgreinar sem verða valdar úr skránni og nauðsynlegt er að kunna skil á til þess að geta lagt stund á þá starfsgrein í gistiaðildarríkinu. Enn fremur má prófið reyna á þekkingu á reglum sem gilda um viðkomandi starfsemi í gistiaðildarríkinu.

   Lögbær yfirvöld í aðildarríkinu skulu ákvarða nánari skilyrði varðandi hæfnisprófið og stöðu umsækjanda í gistiaðildarríkinu, sem æskir þess að búa sig undir hæfnispróf í því aðildarríki.

i) „Stjórnandi fyrirtækis“: einstaklingur í fyrirtæki innan viðkomandi atvinnugreinar sem hefur starfað sem:

   i. stjórnandi fyrirtækis eða útibús fyrirtækis eða

   ii. staðgengill eiganda eða stjórnanda fyrirtækis þegar stöðunni fylgir ábyrgð sem samsvarar ábyrgð eigandans eða stjórnandans sem hann er staðgengill fyrir eða

   iii. í stjórnunarstöðu sem felur í sér skyldustörf á sviði viðskipta og/eða tækni og ábyrgð á einni eða fleiri deildum fyrirtækisins.

2. Litið skal á hverja þá starfsgrein, sem félagsmaður í félögum eða samtökum sem vísað er til í I. viðauka leggur stund á, sem lögverndaða starfsgrein.

Markmið samtakanna eða félaganna, sem um getur í fyrstu undirgrein, er einkum að stuðla að og viðhalda gæðakröfum í viðkomandi starfsstétt. Í þessu skyni eru þau viðurkennd í sérstöku formi af aðildarríki og veita félagsmönnum sínum vitnisburð um formlega menntun og hæfi, tryggja að félagsmenn virði siðareglur starfsgreinarinnar sem þau mæla fyrir um og veita þeim rétt til að bera starfsheiti eða nafnbót eða njóta góðs af þeirri stöðu sem slíkri formlegri menntun og hæfi fylgir.

Ætíð þegar aðildarríki veitir samtökum eða félögum viðurkenningu þá sem um getur í fyrstu undirgrein skal það tilkynnt framkvæmdastjórninni sem birtir viðeigandi tilkynningu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

3. Litið skal á vitnisburð um formlega menntun og hæfi, sem þriðja land gefur út, sem vitnisburð um formlega menntun og hæfi ef handhafi þess hefur þriggja ára starfsreynslu í viðkomandi starfsgrein á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem viðurkennir og vottar þennan vitnisburð um formlega menntun og hæfi í samræmi við 2. mgr. 2. gr.

4. gr.

Áhrif viðurkenningar

1. Viðurkenning gistiaðildarríkis á faglegri menntun og hæfi gerir rétthafa kleift að fá aðgang að sömu starfsgrein í því aðildarríki og hann hefur menntun og hæfi til í heimaaðildarríkinu og að leggja stund á hana í gistiaðildarríkinu með sömu skilyrðum og ríkisborgarar þess.

2. Í þessari tilskipun er starfsgreinin, sem umsækjandi óskar eftir að leggja stund á í gistiaðildarríkinu, sú sama og hann hefur menntun og hæfi til í heimaaðildarríki sínu, ef starfsemin sem um ræðir er sambærileg.

II. BÁLKUR

FRJÁLS ÞJÓNUSTUSTARFSEMI

5. gr.

Meginregla frjálsrar þjónustustarfsemi

1. Með fyrirvara um sértæk ákvæði í lögum Bandalagsins, sem og 6. og 7. gr. þessarar tilskipunar, skulu aðildarríkin ekki takmarka frjálsa þjónustustarfsemi í öðru aðildarríki af ástæðu er tengist faglegri menntun og hæfi:

a) ef þjónustuveitandinn hefur lagalega staðfestu í aðildarríki í þeim tilgangi að leggja stund á sömu starfsgrein þar (hér á eftir kallað staðfestuaðildarríkið) og

b) ef þjónustuveitandi flytur og hefur lagt stund á starfsgreinina í staðfestuaðildarríkinu í a.m.k. tvö ár á næstliðnum tíu árum áður en þjónustan er

veitt, ef starfsgreinin er ekki lögvernduð í því aðildarríki. Skilyrði um tveggja ára starfsreynslu gildir ekki þegar annaðhvort starfsgreinin eða menntun til starfsins eru lögvernduð.

2. Ákvæði þessa bálks gilda aðeins þegar þjónustuveitandinn flytur á yfirráðasvæði gistiaðildarríkis til að leggja stund á, tímabundið og óreglubundið, starfsgreinina sem um getur í 1. mgr.

Eðli þjónustu, sem er veitt tímabundið og óreglubundið, skal metið í hverju tilviki fyrir sig, sérstaklega í tengslum við tímalengd, tíðni, reglufestu og samfelldni þjónustunnar.

3. Þegar þjónustuveitandi flytur skal hann fylgja faglegum, lögboðnum eða stjórnsýslulegum reglum fyrir starfsgreinina sem tengjast faglegri menntun og hæfi með beinum hætti, t.d. skilgreiningu á starfsgreininni, notkun á starfsheitum og alvarlegri vanrækslu í starfi, sem tengist öryggi og vernd neytenda með beinum og sérstökum hætti, sem og ákvæðum um viðurlög sem gilda gagnvart fagmönnum í gistiaðildarríkinu sem leggja stund á sömu starfsgrein í því aðildarríki.

6. gr.

Undanþágur

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. skal gistiaðildarríkið veita þjónustuveitendum með staðfestu í öðru aðildarríki undanþágu frá þeim kröfum sem það gerir gagnvart fagmönnum með staðfestu á yfirráðasvæði þess og varða:

a) starfsleyfi frá, skráningu hjá eða aðild að fagsamtökum eða sérfræðistofnun. Til að auðvelda beitingu gildandi ákvæða um viðurlög á yfirráðasvæði sínu geta aðildarríkin, í samræmi við 3. mgr. 5. gr., kveðið á um sjálfvirka tímabundna skráningu eða bráðabirgðaaðild að slíkum fagsamtökum eða sérfræðistofnun, að því tilskildu að slík skráning eða aðild tefji ekki eða flæki á nokkurn hátt veitingu þjónustu og hafi ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir þjónustuveitandann. Þar til bært yfirvald skal senda afrit af yfirlýsingunni og, ef við á, endurnýjuninni sem um getur í 1. mgr. 7. gr. vegna starfsgreina sem hafa áhrif á lýðheilsu og almannaöryggi sem um getur í 4. mgr. 7. gr. eða njóta sjálfkrafa viðurkenningar skv. III. kafla III. bálks, ásamt afriti af skjölunum, sem um getur í 2. mgr. 7. gr., til viðeigandi fagsamtaka eða sérfræðistofnunar og þetta skal teljast sjálfvirk tímabundin skráning eða bráðabirgðaaðild,

b) skráningu hjá opinberri almannatryggingastofnun í þeim tilgangi að gera upp reikninga hjá vátryggjanda vegna starfsemi tryggðra aðila.

Þjónustuveitandi skal þó gera stofnuninni, sem um getur í b-lið, fyrir fram grein fyrir þeirri þjónustu sem hann veitir eða eftir á sé um neyðartilfelli að ræða.

7. gr.

Yfirlýsing gefin fyrir fram ef þjónustuveitandi flytur

1. Aðildarríkin geta krafist þess, þegar þjónustuveitandi flytur í fyrsta sinn frá einu aðildarríki til annars til að veita þjónustu, að hann geri lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkisins fyrir fram grein fyrir því með skriflegri yfirlýsingu sem inniheldur lýsingu á vátryggingavernd eða annarri persónulegri eða sameiginlegri vernd fyrir starfsmenn með tilliti til starfsábyrgðar. Slík yfirlýsing skal endurnýjuð árlega ætli þjónustuveitandinn sér að veita þjónustu tímabundið og óreglubundið í því aðildarríki það árið. Þjónustuveitandinn getur lagt yfirlýsinguna fram með hvaða hætti sem er.

2. Enn fremur geta aðildarríkin krafist þess að yfirlýsingunni fylgi eftirfarandi skjöl þegar þjónustan er veitt í fyrsta sinn eða þegar um er að ræða mikilvægar breytingar á aðstæðum sem sönnur eru færðar á í skjölunum:

a) sönnun ríkisfangs þjónustuveitanda,

b) vottorð sem staðfestir að handhafi sé með lagalega staðfestu í aðildarríki í þeim tilgangi að stunda umrædda starfsemi og að honum sé ekki bannað að leggja stund á starfsemina, ekki heldur tímabundið, á þeim tíma þegar hann afhendir vottorðið,

c) vitnisburður um faglega menntun og hæfi,

d) í þeim tilvikum sem um getur í b-lið 1. mgr. 5. gr., hvers kyns sannanir á því að þjónustuveitandinn hafi stundað umrædda starfsemi í a.m.k. tvö ár á næstliðnum tíu árum,

e) fyrir starfsgreinar í öryggisgeiranum, hreint sakavottorð ef aðildarríkin krefjast þess af eigin ríkisborgurum.

3. Nota skal starfsheiti staðfestuaðildarríkisins við veitingu þjónustunnar, svo fremi slíkt starfsheiti sé til í því aðildarríki fyrir umrædda atvinnustarfsemi. Starfsheitið skal tilgreint á opinberu tungumáli eða einu af opinberu tungumálum staðfestuaðildarríkis-

ins þannig að komist verði hjá ruglingi við starfsheitið í gistiaðildarríkinu. Þegar slíkt starfsheiti er ekki til í staðfestuaðildarríkinu skal þjónustuveitandinn tilgreina formlega menntun sína og hæfi á opinberu tungumáli eða einu af opinberu tungumálum þess aðildarríkis. Í undantekningartilvikum, sem kveðið er á um í III. kafla III. bálks, skal þjónustan veitt undir því starfsheiti sem notað er í gistiaðildarríkinu.

4. Í fyrsta sinn sem þjónusta er veitt innan lögverndaðrar starfsgreinar, sem hefur áhrif á lýðheilsu og almannaöryggi og nýtur ekki sjálfkrafa viðurkenningar skv. III. kafla III. bálks, má lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins kanna faglega menntun og hæfi þjónustuveitandans áður en hann veitir þjónustu í fyrsta sinn. Slík forathugun er aðeins leyfileg þegar tilgangur athugunarinnar er að koma í veg fyrir að heilsa eða öryggi þjónustuþega bíði alvarlega hnekki vegna ófullnægjandi starfsmenntunar og hæfis þjónustuveitandans og hún gengur ekki lengra en nauðsynlegt er í því skyni.

Lögbært yfirvald skal leitast við að láta þjónustuveitanda í té upplýsingar, annaðhvort um ákvörðun sína að kanna ekki menntun hans og hæfi eða niðurstöðu úr slíkri athugun, eigi síðar en mánuði eftir viðtöku yfirlýsingarinnar og meðfylgjandi skjala. Komi upp vandkvæði sem gætu leitt til tafar skal lögbæra yfirvaldið tilkynna þjónustuveitanda um ástæður tafarinnar innan fyrsta mánaðar og jafnframt hvenær ákvörðunar er að vænta en hún skal lögð fram fyrir lok annars mánaðar eftir viðtöku allra skjala.

Þegar mikill munur er á faglegri menntun og hæfi þjónustuveitandans og þeirri menntun sem krafist er í gistiaðildarríkinu, að því marki að hann geti verið skaðlegur lýðheilsu og almannaöryggi, skal gistiaðildarríki gefa þjónustuveitandanum tækifæri til að sýna, einkum með hæfnisprófi, að hann hafi aflað sér þeirrar þekkingar eða hæfni sem á skortir. Undir öllum kringumstæðum verður að vera mögulegt að veita þjónustuna innan mánaðar frá því að ákvörðun er tekin í samræmi við fyrri undirgrein.

Komi engin viðbrögð frá lögbæra yfirvaldinu innan þess frests sem vísað er til í fyrri undirgreinum er heimilt að veita þjónustuna.

Í þeim tilvikum þegar búið er að staðfesta menntun og hæfi samkvæmt þessari málsgrein skal þjónustan veitt undir því starfsheiti sem er notað í gistiaðildarríkinu.

8. gr.

Samvinna stjórnvalda

1. Lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins mega, í hvert sinn sem þjónusta er boðin, biðja lögbær yfirvöld staðfestuaðildarríkisins um að láta í té hvers kyns upplýsingar varðandi lögmæti staðfestu þjónustuveitandans og góða starfshætti hans, sem og upplýsingar um að hann hafi ekki sætt agaviðurlögum eða refsiréttarlegum viðurlögum. Lögbær yfirvöld staðfestuaðildarríkisins skulu veita þessar upplýsingar í samræmi við ákvæði 56. gr.

2. Lögbærum yfirvöldum ber að tryggja að skipst sé á öllum upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að fylgja kvörtunum þjónustuþega vegna þjónustuveitanda eftir með réttum hætti. Greina skal þjónustuþega frá niðurstöðum kvörtunarinnar.

9. gr.

Upplýsingar sem ber að veita þjónustuþegum

Ef þjónustan er veitt undir því starfsheiti sem notað er í staðfestuaðildarríkinu eða á grundvelli formlegrar menntunar og hæfis þjónustuveitandans geta lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins krafist þess, auk annarra upplýsinga sem kveðið er á um í lögum Bandalagsins, að þjónustuveitandinn láti þjónustuþega í té upplýsingar, að hluta eða í heild, varðandi eftirfarandi:

a) ef þjónustuveitandi er skráður í viðskiptaskrá eða aðra opinbera skrá, hvaða skrá hann er skráður í, skráningarnúmer hans eða samsvarandi auðkenni hans í þeirri skrá,

b) ef starfsemin er háð starfsleyfi staðfestuaðildarríkisins, nafn og heimilisfang lögbærs eftirlitsyfirvalds,

c) þau fagfélög eða sambærilega aðila sem þjónustuveitandinn er skráður hjá,

d) starfsheiti eða, ef starfsheiti er ekki fyrir hendi, vitnisburð um formlega menntun og hæfi þjónustuveitanda og aðildarríkið sem gaf hann út,

e) ef þjónustuveitandi stundar starfsemi sem er virðisaukaskattsskyld, virðisaukanúmerið sem um getur í 1. mgr. 22. gr. sjöttu tilskipunar ráðsins 77/388/EBE frá 17. maí 1977 um samræm-

ingu laga aðildarríkjanna um veltuskatt – sameiginlegt virðisaukaskattskerfi: samræmdur matsgrunnur ([1]),

f) upplýsingar um vátryggingavernd eða aðra persónulega eða sameiginlega vernd fyrir starfsmenn með tilliti til starfsábyrgðar.

III. BÁLKUR

STAÐFESTURÉTTUR

I. KAFLI

Almennt kerfi til viðurkenningar á vitnisburði um nám

10. gr.

Gildissvið

Þessi kafli á við um allar starfsgreinar sem falla utan II. og III. kafla þessa bálks og í eftirfarandi tilvikum þegar umsækjandi, af sérstakri og óvenjulegri ástæðu, uppfyllir ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í þeim köflum:

a) varðandi starfsemi sem er skráð í IV. viðauka, þegar innflytjandi uppfyllir ekki skilyrðin sem fram koma í 17., 18. og 19. gr.,

b) fyrir lækna með grunnmenntun, sérmenntaða lækna, hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, sérmenntaða tannlækna, dýralækna, ljósmæður, lyfjafræðinga og arkitekta, þegar innflytjandi uppfyllir ekki skilyrði um raunverulega og lögmæta starfsreynslu sem um getur í 23., 27., 33., 37., 39., 43. og 49. gr.,

c) fyrir arkitekta, þegar innflytjandi hefur undir höndum vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem eru ekki skráð í lið 5.7 í V. viðauka,

d) með fyrirvara um 21.gr. (1. mgr.), 23. og 27. gr., varðandi lækna, hjúkrunarfræðinga, tannlækna, dýralækna, ljósmæður, lyfjafræðinga og arkitekta, sem hafa undir höndum vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem sérfræðingar og verða að hafa stundað nám sem gefur rétt til starfsheitis sem talin eru upp í liðum 5.1.1, 5.2.2, 5.3.2, 5.4.2, 5.5.2, 5.6.2 og 5.7.1 í V. viðauka, einungis til viðurkenningar á viðkomandi sérgrein,

e) varðandi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun og sérmenntaða hjúkrunarfræðinga sem hafa undir höndum vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem sérfræðingar og verða að hafa stundað nám sem gefur rétt til starfsheitis sem er skráð í lið 5.2.2 í V. viðauka, ef innflytjandi sækist eftir viðurkenningu í öðru aðildarríki þar sem sérmenntaðir hjúkrunarfræðingar sinna viðkomandi atvinnustarfsemi án þess að hafa menntun í almennri hjúkrun,

f) varðandi sérmenntaða hjúkrunarfræðinga, sem hafa ekki menntun í almennri hjúkrun, ef innflytjandi sækist eftir viðurkenningu í öðru aðildarríki þar sem viðkomandi atvinnustarfsemi er stunduð af hjúkrunarfræðingum í almennri hjúkrun, sérmenntuðum hjúkrunarfræðingum án menntunar í almennri hjúkrun eða sérmenntuðum hjúkrunarfræðingum sem hafa undir höndum vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem sérfræðingar og verða að hafa stundað nám sem gefur rétt til starfsheita sem skráð eru í lið 5.2.2 í V. viðauka,

g) varðandi innflytjendur sem uppfylla skilyrði í 3. mgr. 3. gr.

11. gr.

Þrepaskipting menntunar og hæfis

Við beitingu á 13. gr. er fagleg menntun og hæfi flokkuð í mismunandi stig, eins og lýst er hér á eftir:

a) hæfnisvottorð sem lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu, tilnefnt samkvæmt lögum og stjórnsýslufyrirmælum þess aðildarríkis, gefur út á grundvelli:

   i. annaðhvort náms sem fellur ekki undir vottorð eða prófskírteini í skilningi b-, c-, d-, eða e-liðar eða sérstaks prófs án undangengins náms eða að umsækjandi hafi verið í fullu starfi í aðildarríki í þrjú ár eða í samsvarandi tíma í hlutastarfi á næstliðnum tíu árum eða

   ii. almenns grunnskóla- eða framhaldsskólanáms, sem staðfestir að handhafi hafi öðlast almenna þekkingu,

b) vottorð sem staðfestir að lokið hafi verið á fullnægjandi hátt námi á framhaldsskólastigi,

   i. annaðhvort almennu námi, þar sem við bætist nám eða faglegt nám annað en það sem um getur í c-lið, og/eða starfi á reynslutíma eða starfsreynslu sem krafist er til viðbótar því námi eða

([1]) Stjtíð. EB L 145, 13.6.1977, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/66/EB (Stjtíð. ESB L 168, 1.5.2004, bls. 35).

ii. tæknilegu eða faglegu námi, þar sem bætist við, ef við á, nám eða faglegt nám sem um getur í i-lið og/eða starfi á reynslutíma eða starfsreynslu sem krafist er til viðbótar því námi,

c) prófskírteini sem vottar að lokið hafi verið á fullnægjandi hátt

i. annaðhvort eins árs námi eftir framhaldsskólastigið, öðru en því sem um getur í d- og e-lið, eða samsvarandi tíma í hlutanámi, þar sem eitt inntökuskilyrðið er, sem almenn regla, að lokið hafi verið á fullnægjandi hátt því námi á framhaldsskólastigi sem krafist er við inntöku í háskóla eða æðri menntastofnun eða að lokið hafi verið samsvarandi námi á öðru stigi í framhaldsskóla, auk faglega námsins sem hugsanlega er krafist til viðbótar námi eftir framhaldsskólastigið eða

ii. þegar um lögverndaða starfsgrein er að ræða, námi sem er byggt upp á sérstakan hátt og er skráð í II. viðauka, á samsvarandi námsstigi og kveðið er á um í i-lið sem tryggir sambærileg fagleg gæði og undirbýr nemann undir sambærilega ábyrgð og verkefni. Heimilt er að breyta skránni í II. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 58. gr. til að taka tillit til náms sem uppfyllir skilyrðin sem kveðið er á um í næsta málslið hér að framan,

d) prófskírteini sem vottar að handhafi hafi á fullnægjandi hátt lokið a.m.k. þriggja en mest fjögurra ára námi eftir framhaldsskólastigið eða samsvarandi tíma í hlutanámi við háskóla eða æðri menntastofnun eða aðra stofnun á sama skólastigi og hafi, eftir atvikum, lokið því faglega námi sem krafist er til viðbótar námi eftir framhaldsskólastigið,

e) prófskírteini sem vottar að handhafi hafi á fullnægjandi hátt lokið a.m.k. fjögurra ára námi eftir framhaldsskólastigið eða samsvarandi hlutanámi við háskóla eða æðri menntastofnun eða aðra stofnun á sama stigi og hafi, eftir atvikum, lokið því faglega námi sem krafist er til viðbótar námi á framhaldsskólastigi.

12. gr.

Jöfn staða prófskírteina

Litið skal á hvern vitnisburð um formlega menntun og hæfi eða safn slíkra vitnisburða, sem gefnir eru út af lögbæru yfirvaldi í aðildarríki og votta að handhafi hafi á fullnægjandi hátt lokið námi í Bandalaginu sem aðildarríkið metur á samsvarandi stigi og veiti rétt til aðgangs að eða stundunar starfsgreinar eða búa sig undir að stunda þá starfsgrein, sem vitnisburð um formlega menntun og hæfi af því tagi sem um getur í 11. gr., þ.m.t. sama þrep.

Litið skal á faglega menntun og hæfi sem veitir handhafa áunnin réttindi á grundvelli þessara ákvæða, þótt hann uppfylli ekki þær kröfur sem settar eru í gildandi lögum eða stjórnsýslufyrirmælum heimaaðildarríkisins fyrir því að fá aðild að eða stunda starfsgrein, sem vitnisburð um formlega menntun og hæfi samkvæmt sömu skilyrðum og segir í fyrstu undirgrein. Þetta á einkum við ef heimaaðildarríkið eykur kröfur um menntun vegna aðgangs að og iðkunar starfs og ef einstaklingur, sem hefur áður lokið námi sem uppfyllir ekki nýju skilyrðin um menntun og hæfi, getur nýtt sér áunnin réttindi á grundvelli laga eða stjórnsýslufyrirmæla í aðildarríkinu; í því tilviki metur gistiaðildarríkið fyrra nám sambærilegt nýja námsþrepinu vegna beitingar 13. gr.

13. gr.

Skilyrði fyrir viðurkenningu

1. Ef aðgangur að eða stundun lögverndaðrar starfsgreinar í gistiaðildarríki er háð skilyrðum um sérstaka faglega menntun og hæfi skal lögbært yfirvald aðildarríkisins heimila umsækjendum að fá aðgang að og stunda starfsemi sem hafa undir höndum hæfnisvottorð eða vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem er krafist í öðru aðildarríki til að hefja og stunda þá starfsemi á yfirráðasvæði þess.

Hæfnisvottorð eða vitnisburður um formlega menntun og hæfi skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) þau skulu hafa verið gefin út af lögbæru yfirvaldi í aðildarríki sem er tilnefnt í samræmi við lög eða stjórnsýslufyrirmæli þess aðildarríkis,

b) þau skulu staðfesta að fagleg menntun og hæfi samsvari a.m.k. næsta þrepi á undan því sem krafist er í gistiaðildarríkinu, eins og lýst er í 11. gr.

2. Einnig skal veita umsækjendum, sem hafa stundað þá starfsemi sem um getur í 1. mgr. í fullu starfi í tvö ár á næstliðnum 10 árum í öðru aðildarríki sem lögverndar ekki þá starfsgrein, heimild til að fá aðgang að og stunda þá starfsemi sem lýst er í þeirri málsgrein, að því tilskildu að þeir hafi undir höndum eitt eða fleiri hæfnisvottorð eða vitnisburði um formlega menntun og hæfi.

Hæfnisvottorð og vitnisburður um formlega menntun og hæfi skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) þau skulu hafa verið gefin út af lögbæru yfirvaldi í aðildarríki sem er tilnefnt í samræmi við lög eða stjórnsýslufyrirmæli þess aðildarríkis,

b) þau skulu votta að fagleg menntun og hæfi samsvari a.m.k. næsta þrepi á undan því sem krafist er í gistiaðildarríkinu, eins og lýst er í 11. gr.,

c) þau skulu votta að handhafi hafi fengið undirbúning til að stunda þá starfsgrein sem um ræðir.

Ekki er þó heimilt að krefjast þeirrar tveggja ára starfsreynslu, sem um getur í fyrstu undirgrein, þegar vitnisburður umsækjanda um formlega menntun og hæfi vottar lögverndaða menntun í skilningi e-liðar 1. mgr. 3. gr., á því stigi starfsmenntunar og hæfis sem lýst er í b-, c-, d-, eða e-lið 11. gr. Litið skal á lögverndaða menntun, sem skráð er í III. viðauka, sem lögverndaða menntun á því stigi starfsmenntunar og hæfis sem lýst er í c-lið 11. gr. Heimilt er að breyta skránni í III. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 58. gr. til að taka tillit til lögverndaðrar menntunar sem tryggir sambærileg fagleg gæði og undirbýr nemann undir sambærilega ábyrgð og verkefni.

3. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. og b-lið 2. mgr. skal gistiaðildarríkið heimila aðgang að og stundun lögverndaðrar starfsemi þar sem aðgangur að starfsgreininni er, á yfirráðasvæði þess, bundinn skilyrði um menntun og hæfi sem sýnir fram á að fjögurra ára námi á æðra skólastigi eða háskólastigi hafi verið lokið með fullnægjandi hætti og að umsækjandinn búi yfir þeirri menntun og hæfi sem um getur í c-lið 11. gr.

14. gr.

Uppbótarráðstafanir

1. Ákvæði 13. gr. koma ekki í veg fyrir að gistiaðildarríkið geti krafist þess að umsækjandi ljúki allt að þriggja ára aðlögunartíma eða taki hæfnispróf ef:

a) sá námstími, sem hann leggur fram vitnisburð um að hafa lokið, samkvæmt skilyrðum 1. eða 2. mgr. 13. gr., er a.m.k. einu ári styttri en krafist er í gistiaðildarríkinu,

b) námið sem hann hefur stundað er að inntaki verulega frábrugðið inntaki þess sem sá vitnisburður um formlega menntun og hæfi, sem krafist er í gistiaðildarríkinu, tekur til,

c) sú starfsgrein, sem er lögvernduð í gistiaðildarríkinu, nær til einnar eða fleiri tegunda lögverndaðrar atvinnustarfsemi sem er ekki að finna í samsvarandi starfsgrein í heimaaðildarríki umsækjanda í skilningi 2. mgr. 4. gr. og sá munur finnur sér stað í sérstöku námi sem krafist er í gistiaðildarríkinu og er að inntaki verulega frábrugðið því sem liggur að baki hæfnisvottorði umsækjanda eða vitnisburði hans um formlega menntun og hæfi.

2. Notfæri gistiaðildarríkið sér möguleikann, sem um getur í 1. mgr., skal það veita umsækjandanum rétt til að velja milli aðlögunartíma og hæfnisprófs.

Ef aðildarríki álítur að nauðsynlegt sé, með tilliti til tiltekinnar starfsgreinar, að víkja frá kröfunni, sem er sett fram í undirgreininni hér að framan, sem veitir umsækjanda rétt til að velja milli aðlögunartíma og hæfnisprófs skal það tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um það fyrir fram og færa fullnægjandi rök fyrir frávikinu.

Ef framkvæmdastjórnin álítur, eftir að hafa fengið allar nauðsynlegar upplýsingar, að undantekningin, sem um getur í annarri undirgrein, sé ekki við hæfi eða ekki í samræmi við lög Bandalagsins skal hún, innan þriggja mánaða, fara fram á það við hlutaðeigandi aðildarríki að það falli frá fyrirhugaðri ráðstöfun. Heimilt er að beita frávikinu ef svar hefur ekki borist frá framkvæmdastjórninni innan framangreinds frests.

3. Þrátt fyrir meginregluna um rétt umsækjanda til að velja, eins og mælt er fyrir um í 2. mgr., getur gistiaðildarríkið kveðið á um annaðhvort aðlögunartíma eða hæfnispróf ef um er að ræða starfsgreinar þar sem nákvæm þekking á landslögum er nauðsynleg og þar sem ráðgjöf eða aðstoð í tengslum við landslög er mikilvægur og stöðugur þáttur atvinnustarfseminnar.

Þetta á einnig við í tilvikum sem um getur í b- og c-lið 10. gr., d-lið 10. gr. að því er varðar lækna og tannlækna, f-lið 10. gr. ef innflytjandi sækist eftir viðurkenningu í öðru aðildarríki þar sem viðkomandi atvinnustarfsemi er stunduð af hjúkrunarfræðingum í almennri hjúkrun eða sérmenntuðum hjúkrunarfræðingum sem hafa undir höndum vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem sérfræðingar sem er veittur að loknu því námi sem gefur rétt til starfsheitis sem skráð er í lið 5.2.2 í V. viðauka og í g-lið 10. gr.

Í þeim tilvikum, sem um getur í a-lið 10. gr., getur gistiaðildarríkið krafist þess að innflytjandi ljúki aðlögunartíma eða gangist undir hæfnispróf ef hann hyggst stunda slíka atvinnustarfsemi á eigin vegum

eða sem stjórnandi fyrirtækis þar sem krafist er þekkingar og beitingar á sértækum landsbundnum, gildandi reglum, að því tilskildu að þegar lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins veita eigin ríkisborgurum aðgang að slíkri starfsemi sé krafist þekkingar á og beitingar þessara reglna.

4. Að því er varðar beitingu b- og c-liðar 1. mgr. er með „verulega frábrugðnu námsefni“ vísað til þess námsefnis sem hefur grundvallarþýðingu í starfsgrein og að verulegur munur er á inntaki og lengd náms innflytjanda og því námi sem krafist er í gistiaðildarríkinu með tilliti til þessa.

5. Beita skal 1. mgr. með tilhlýðilegu tilliti til meðalhófsreglunnar. Ef gistiaðildarríkið hyggst krefjast þess að umsækjandi ljúki aðlögunartíma eða taki hæfnispróf verður það fyrst að staðfesta hvort þekking sú sem umsækjandi hefur aflað sér með starfsreynslu sinni í aðildarríki eða í þriðja landi sé þess eðlis að það nái fyllilega eða að hluta til yfir þann verulega mismun sem um getur í 4. mgr.

15. gr.

Niðurfelling á uppbótarráðstöfunum á grundvelli sameiginlegra grunnskilyrða

1. Að því er þessa grein varðar eru „sameiginleg grunnskilyrði“ skilgreind sem viðmiðanir fyrir faglega menntun og hæfi sem henta til að brúa bilið milli þess verulega munar sem búið er að skilgreina milli þeirra menntunarkrafna sem gilda í hinum ýmsu aðildarríkjum fyrir tiltekna starfsgrein. Þessi verulegi munur skal skilgreindur með því að bera saman lengd og inntak námsins í a.m.k. tveimur þriðju aðildarríkjanna, þ.m.t. öll aðildarríkin sem lögvernda þessa starfsgrein. Munurinn á inntaki námsins getur stafað af verulegum muni á umfangi atvinnustarfseminnar.

2. Aðildarríki eða fagfélög eða -samtök, sem eru fulltrúar á innlendum og evrópskum vettvangi, geta lagt fyrir framkvæmdastjórnina sameiginleg grunnskilyrði eins og þau eru skilgreind í 1. mgr. Ef framkvæmdastjórnin er þeirrar skoðunar, eftir samráð við aðildarríkin, að drög að sameiginlegum grunnskilyrðum einfaldi gagnkvæma viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi getur hún lagt fram drög að ráðstöfunum til samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 58. gr.

3. Ef umsækjandi uppfyllir þær viðmiðanir um faglega menntun og hæfi, sem eru fastsettar í þeirri ráðstöfun sem er samþykkt í samræmi við 2. mgr., skal gistiaðildarríkið falla frá uppbótarráðstöfunum skv. 14. gr.

4. Ákvæði 1. og 3. mgr. skulu ekki hafa áhrif á valdheimildir aðildarríkjanna til að ákveða hvers konar starfsmenntunar og hæfis er krafist til að mega leggja stund á starfsgreinar á yfirráðasvæði þeirra, sem og inntak og skipulag kerfa menntunar og faglegrar menntunar í þeim aðildarríkjum.

5. Telji aðildarríki að þær viðmiðanir, sem eru fastsettar í ráðstöfun sem er samþykkt í samræmi við 2. mgr., veiti ekki lengur næga tryggingu að því er varðar faglega menntun og hæfi skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um það og skal hún, ef við á, leggja fram drög að ráðstöfun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 58. gr.

6. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 20. október 2010, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd þessarar greinar og, ef nauðsyn krefur, viðeigandi tillögur um breytingu á henni.

II. KAFLI

Viðurkenning á starfsreynslu

16. gr.

Kröfur varðandi starfsreynslu

Ef aðildarríki gerir þekkingu og hæfni almenns eðlis, á sviði viðskipta eða fagsins að skilyrði fyrir aðgangi að eða stundun starfsemi sem talin er upp í IV. viðauka skal viðkomandi aðildarríki viðurkenna sem fullnægjandi sönnun fyrir slíkri þekkingu og hæfni að starfsemin hafi verið stunduð í öðru aðildarríki. Starfsemin skal hafa verið stunduð í samræmi við 17., 18. og 19. gr.

17. gr.

Starfsemi sem um getur í skrá I í IV. viðauka

1. Að því er varðar starfsemi í skrá I í IV. viðauka þarf rétthafi að hafa stundað viðkomandi starfsemi áður:

a) í sex ár samfellt sem sjálfstætt starfandi einstaklingur eða stjórnandi fyrirtækis eða

b) í þrjú ár samfellt sem sjálfstætt starfandi einstaklingur eða stjórnandi fyrirtækis ef hann getur sýnt fram á að hann hafi áður lokið a.m.k. þriggja ára námi á því sviði og því til staðfestingar fengið vottorð sem aðildarríkið viðurkennir eða þar til bær sérfræðistofnun metið námið að fullu gilt eða

c) í fjögur ár samfellt sem sjálfstætt starfandi einstaklingur eða stjórnandi fyrirtækis ef hann getur sýnt fram á að hann hafi áður lokið a.m.k.

tveggja ára námi á því sviði og því til staðfestingar fengið vottorð sem aðildarríkið viðurkennir eða þar til bær sérfræðistofnun metið námið að fullu gilt eða

d) í þrjú ár samfellt sem sjálfstætt starfandi einstaklingur ef hann getur sýnt fram á að hann hafi stundað viðkomandi starfsemi sem launþegi í a.m.k. fimm ár eða

e) í fimm ár samfellt í stjórnunarstöðu, þar af a.m.k. þrjú ár við skyldustörf á tæknisviði og ábyrgð á a.m.k. einni deild í fyrirtækinu ef hann getur sýnt fram á að hann hafi áður lokið a.m.k. þriggja ára námi á því sviði og því til staðfestingar fengið vottorð sem aðildarríkið viðurkennir eða þar til bær sérfræðistofnun metið námið að fullu gilt.

2. Í þeim tilvikum, sem getið er í a- og d-lið, skulu, á þeim degi sem viðkomandi einstaklingur sendi fullbúna umsókn til lögbærs yfirvalds sem um getur í 56. gr., ekki hafa liðið meira en tíu ár frá því að hann stundaði viðkomandi starfsemi.

3. Ákvæði e-liðar 1. mgr. á ekki við um starfsemi hárgreiðslustofa í flokki 855 í ISIC-flokkunarkerfinu.

18. gr.

Starfsemi sem um getur í skrá II í IV. viðauka

1. Að því er varðar starfsemi í skrá II í IV. viðauka þarf rétthafi að hafa stundað viðkomandi starfsemi:

a) í fimm ár samfellt sem sjálfstætt starfandi einstaklingur eða stjórnandi fyrirtækis eða

b) í þrjú ár samfellt sem sjálfstætt starfandi einstaklingur eða stjórnandi fyrirtækis ef hann getur sýnt fram á að hann hafi áður lokið a.m.k. þriggja ára námi á því sviði og því til staðfestingar fengið vottorð sem aðildarríkið viðurkennir eða þar til bær sérfræðistofnun metið námið að fullu gilt eða

c) í fjögur ár samfellt sem sjálfstætt starfandi einstaklingur eða stjórnandi fyrirtækis ef hann getur sýnt fram á að hann hafi áður lokið a.m.k. tveggja ára námi á því sviði og því til staðfestingar fengið vottorð sem aðildarríkið viðurkennir eða þar til bær sérfræðistofnun metið námið að fullu gilt eða

d) í þrjú ár samfellt sem sjálfstætt starfandi einstaklingur eða stjórnandi fyrirtækis ef hann getur sýnt fram á að hann hafi stundað viðkomandi starfsemi sem launþegi í a.m.k. fimm ár eða

e) í fimm ár samfellt sem launþegi ef hann getur sýnt fram á að hann hafi áður lokið a.m.k. þriggja ára námi á því sviði og því til staðfestingar fengið vottorð sem aðildarríkið viðurkennir eða þar til bær sérfræðistofnun metið námið að fullu gilt eða

f) í sex ár samfellt sem launþegi ef hann getur sýnt fram á að hann hafi áður lokið a.m.k. tveggja ára námi á því sviði og því til staðfestingar fengið vottorð sem aðildarríkið viðurkennir eða þar til bær sérfræðistofnun metið námið að fullu gilt.

2. Í þeim tilvikum, sem getið er í a- og d-lið, skulu, á þeim degi sem viðkomandi einstaklingur sendi fullbúna umsókn til lögbærs yfirvalds sem um getur í 56. gr., ekki hafa liðið meira en tíu ár frá því að hann stundaði viðkomandi starfsemi.

19. gr.

Starfsemi sem um getur í skrá III í IV. viðauka

1. Að því er varðar starfsemi í skrá III í IV. viðauka þarf rétthafi að hafa stundað viðkomandi starfsemi áður:

a) í þrjú ár samfellt annaðhvort sem sjálfstætt starfandi einstaklingur eða stjórnandi fyrirtækis eða

b) í tvö ár samfellt sem sjálfstætt starfandi einstaklingur eða stjórnandi fyrirtækis ef hann getur sýnt fram á að hann hafi áður lokið námi á því sviði og því til staðfestingar fengið vottorð sem aðildarríkið viðurkennir eða þar til bær sérfræðistofnun metið námið að fullu gilt eða

c) í tvö ár samfellt sem sjálfstætt starfandi einstaklingur eða stjórnandi fyrirtækis ef hann getur sýnt fram á að hann hafi stundað viðkomandi starfsemi sem launþegi í a.m.k. þrjú ár eða

d) í þrjú ár samfellt sem launþegi ef hann getur sýnt fram á að hann hafi áður lokið námi á því sviði og því til staðfestingar fengið vottorð sem aðildarríkið viðurkennir eða þar til bær stofnun metið námið að fullu gilt.

2. Í þeim tilvikum, sem getið er í a- og c-lið, skulu, á þeim degi sem viðkomandi einstaklingur sendi fullbúna umsókn til lögbærs yfirvalds sem um getur í 56. gr., ekki hafa liðið meira en tíu ár frá því að hann stundaði viðkomandi starfsemi.

20. gr.

Breytingar á skrám yfir starfsemi í IV. viðauka

Heimilt er að breyta skrám yfir starfsemi í IV. viðauka, þar sem starfsreynsla er til viðurkenningar skv. 16. gr., í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 58. gr., með það í huga að uppfæra og skýra flokkunarkerfið, að því tilskildu að það hafi ekki í för með sér breytingu á þeirri starfsemi sem tengist einstökum flokkum.

III. KAFLI

Viðurkenning á grundvelli samræmingar lágmarkskrafna um menntun

1. þáttur

Almenn ákvæði

21. gr.

Meginreglan um sjálfkrafa viðurkenningu

1. Sérhvert aðildarríki skal viðurkenna vitnisburð um formlega menntun og hæfi læknis, sem veitir aðgang að atvinnustarfsemi læknis með grunnmenntun og sérmenntaðs læknis, hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun, tannlæknis, sérmenntaðs tannlæknis, dýralæknis, lyfjafræðings og arkitekts, eins og tilgreint er í liðum 5.1.1, 5.1.2, 5.2.2, 5.3.2, 5.3.3, 5.4.2, 5.6.2 og 5.7.1 V. viðauka, eftir því sem við á, sem uppfylla lágmarkskröfur um þá menntun sem um getur í 24., 25., 31., 34., 35., 38., 44. og 46. gr., eftir því sem við á, og skal, að því er varðar aðgang að og stundun þessarar atvinnustarfsemi, láta slíkan vitnisburð hafa sama gildi á yfirráðasvæði sínu og vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem aðildarríkið sjálft gefur út.

Slíkan vitnisburð um formlega menntun og hæfi verða lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum að gefa út og skulu vottorðin, sem um getur í liðum 5.1.1, 5.1.2, 5.2.2, 5.3.3, 5.4.2, 5.6.2 og 5.7.1, fylgja með þar sem við á.

Ákvæði fyrstu og annarrar undirgreinar hafa ekki áhrif á áunnu réttindin sem um getur í 23., 27., 33., 39. og 49. gr.

2. Sérhvert aðildarríki skal viðurkenna, til stundunar almennra heimilislækninga innan ramma almannatryggingakerfis þess, vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem skráður er í lið 5.1.4 í V. viðauka og önnur aðildarríki veita ríkisborgurum aðildarríkjanna í samræmi við lágmarkskröfur um menntun í 28. gr.

Ákvæði fyrri undirgreinar hafa ekki áhrif á áunnu réttindin sem um getur í 30. gr.

3. Sérhvert aðildarríki skal viðurkenna vitnisburð um formlega menntun og hæfi ljósmóður, sem önnur aðildarríki veita ríkisborgurum aðildarríkjanna og um getur í lið 5.5.2 í V. viðauka, sem uppfylla lágmarkskröfur um menntun sem um getur í 40. gr. og þau skilyrði sem um getur í 41. gr,. og skal, að því er varðar aðgang að og stundun atvinnustarfsemi, láta slíkan vitnisburð hafa sama gildi á yfirráðasvæði sínu og vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem aðildarríkið sjálft gefur út. Þetta ákvæði hefur ekki áhrif á áunnu réttindin sem um getur í 23. og 43. gr.

4. Aðildarríkin eru ekki skuldbundin til að gefa vitnisburði um formlega menntun og hæfi, sem um getur í lið 5.6.2 í V. viðauka, gildi í þeim tilgangi að koma á fót nýjum lyfjaverslunum fyrir almenning. Að því er varðar ákvæði þessarar málsgreinar skal einnig litið á lyfjaverslanir, sem hafa verið opnar skemur en í þrjú ár, sem nýjar lyfjaverslanir.

5. Vitnisburður um formlega menntun og hæfi arkitekts, sem um getur í lið 5.7.1 í V. viðauka og fellur undir sjálfkrafa viðurkenningu skv. 1. mgr., sannar að lokið hafi verið námi sem hófst í fyrsta lagi viðmiðunarskólaárið sem um getur í viðaukanum.

6. Sérhvert aðildarríki skal setja það skilyrði fyrir aðgangi að og stundun atvinnustarfsemi læknа, hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna, dýralækna, ljósmæðra og lyfjafræðinga að viðkomandi hafi undir höndum vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem um getur í liðum 5.1.1, 5.1.2, 5.1.4, 5.2.2, 5.3.2, 5.3.3, 5.4.2, 5.5.2 og 5.6.2 í V. viðauka, eftir því sem við á, og vottar að viðkomandi einstaklingur hafi á námstímanum öðlast þá þekkingu og færni sem um getur í 24. gr. (3. mgr.), 31. gr. (6. mgr.), 34. gr. (3. mgr.), 38. gr. (3. mgr.), 40. gr. (3. mgr.) og 44. gr. (3. mgr.).

Heimilt er að gera breytingu varðandi þá þekkingu og færni sem um getur í 24. gr. (3. mgr.), 31. gr. (6. mgr.), 34. gr. (3. mgr.), 38. gr. (3. mgr.), 40. gr. (3. mgr.) og 44. gr. (3. mgr.) í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 58. gr. með það í huga að laga hana að framförum á sviði vísinda og tækni.

Slíkar uppfærslur skulu ekki, í neinu aðildarríki, hafa í för með sér breytingu á gildandi meginreglum löggjafar í tengslum við uppbyggingu á starfsgreinum að því er varðar nám og skilyrði fyrir aðgangi einstaklinga.

7. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um þau lög og stjórnsýslufyrirmæli sem það samþykkir um útgáfu vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á því sviði sem þessi kafli nær til. Tilkynningunni skal að auki beint til hinna aðildarríkjanna að því er varðar vitnisburð um formlega menntun og hæfi á því sviði sem um getur í 8. þætti.

Framkvæmdastjórnin skal birta viðeigandi orðsendingu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* þar sem tilgreindir eru þeir titlar sem aðildarríkin samþykkja sem vitnisburð um formlega menntun og hæfi og, ef við á, þá stofnun sem gefur út vitnisburðinn um formlega menntun og hæfi, vottorðið sem honum fylgir og samsvarandi starfsheiti sem um getur í liðum 5.1.1, 5.1.2, 5.1.4, 5.2.2, 5.3.2, 5.3.3, 5.4.2, 5.5.2, 5.6.2 og 5.7.1 í V. viðauka, eftir því sem við á.

22. gr.

Sameiginleg ákvæði um nám

Með tilliti til þess náms sem um getur í 24., 25., 28., 31., 34., 35., 38., 40., 44. og 46. gr.:

a) Aðildarríkin geta heimilað hlutanám með þeim skilyrðum sem lögbær yfirvöld mæla fyrir um; þessi yfirvöld skulu tryggja að lengd náms, námskröfur og námsgæði séu ekki síðri en í fullu námi.

b) Í samræmi við málsmeðferð hvers aðildarríkis skal símenntun tryggja að einstaklingar, sem hafa lokið námi, geti fylgst með þróun í faginu að því marki sem nauðsynlegt er til að viðhalda öryggi og skilvirkni í starfi.

23. gr.

Áunnin réttindi

1. Án þess að hafa áhrif á áunnin réttindi, sem eiga sérstaklega við þær starfsgreinar sem um ræðir, skal hvert aðildarríki, í þeim tilvikum þegar vitnisburður um formlega menntun og hæfi læknis sem veitir aðgang að atvinnustarfsemi læknis með grunnmenntun og sérmenntaðs læknis, hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun, tannlæknis, sérmenntaðs tannlæknis, dýralæknis, ljósmóður og lyfjafræðings, sem ríkisborgarar aðildarríkja hafa undir höndum en fullnægir ekki öllum námskröfum sem um getur í 24., 25., 31., 34., 35., 38., 40. og 44. gr., viðurkenna vitnisburð um formlega menntun og hæfi, sem þau aðildarríki gefa út, sem fullnægjandi sönnun, að svo miklu leyti sem slíkur vitnisburður vottar að lokið hafi verið á fullnægjandi hátt námi sem hófst fyrir viðmiðunardagsetningarnar sem mælt er fyrir um í liðum 5.1.1, 5.1.2, 5.2.2, 5.3.2, 5.3.3, 5.4.2, 5.5.2 og 5.6.2 í V. viðauka og honum fylgir vottorð þar sem fram kemur að handhafar hafi í reynd og með lögmætum hætti stundað umrædda starfsemi í a.m.k. þrjú ár samfellt á næstliðnum fimm árum fyrir útgáfu vottorðsins.

2. Sömu ákvæði gilda um vitnisburð um formlega menntun og hæfi læknis, sem veitir aðgang að atvinnustarfsemi læknis með grunnmenntun, og sérmenntaðs læknis, hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun, tannlæknis, sérmenntaðs tannlæknis, dýralæknis, ljósmóður og lyfjafræðings, sem fenginn er á yfirráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins en fullnægir ekki öllum lágmarkskröfum um menntun sem mælt er fyrir um í 24., 25., 31., 34., 35., 38., 40. og 44. gr., ef slíkur vitnisburður vottar að lokið hafi verið námi sem hófst fyrir:

a) 3. október 1990 að því er varðar lækna með grunnmenntun, hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, tannlækna með grunnmenntun, sérmenntaða tannlækna, dýralækna, ljósmæður og lyfjafræðinga og

b) 3. apríl 1992 að því er varðar sérmenntaða lækna.

Vitnisburðurinn um formlega menntun og hæfi, sem um getur í fyrstu undirgreininni, veitir handhafa rétt til að stunda atvinnustarfsemi á öllu yfirráðasvæði Þýskalands með sömu skilyrðum og á við um vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem er gefinn út af lögbærum yfirvöldum í Þýskalandi og um getur í liðum 5.1.1, 5.1.2, 5.2.2, 5.3.2, 5.3.3, 5.4.2, 5.5.2 og 5.6.2 í V. viðauka.

3. Með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. 37. gr. skal sérhvert aðildarríki viðurkenna vitnisburð um formlega menntun og hæfi læknis, sem veitir aðgang að atvinnustarfsemi læknis með grunnmenntun og sérmenntaðs læknis, hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun, dýralæknis, ljósmóður, lyfjafræðings og arkitekts, sem ríkisborgarar aðildarríkjanna hafa undir höndum og gefinn er út í fyrrum Tékkóslóvakíu eða ef námið hófst, að því er varðar Tékkland og Slóvakíu, fyrir 1. janúar 1993, þar sem yfirvöld annars hvors fyrrnefnds aðildarríkis votta að slíkur vitnisburður um formlega menntun og hæfi hafi sama lagalega gildi á yfirráðasvæði þeirra og sá vitnisburður um formlega menntun og hæfi sem þau gefa út sjálf og, að því er varðar arkitekta, sá vitnisburður um formlega menntun og hæfi sem er tilgreindur í 6. lið VI. viðauka fyrir þessi aðildarríki, með tilliti til aðgangs að atvinnustarfsemi læknis með grunnmenntun, sérmenntaðs læknis, hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun, dýralæknis, ljósmóður,

lyfjafræðings að því er varðar þá starfsemi sem um getur í 2. mgr. 45. gr. og arkitekts að því er varðar þá starfsemi sem um getur í 48. gr. og stundun slíkrar starfsemi.Slíkri staðfestingu skal fylgja vottorð, gefið út af sömu yfirvöldum, þar sem fram kemur að þessir einstaklingar hafi í reynd og með lögmætum hætti stundað umrædda starfsemi á yfirráðasvæði þeirra í a.m.k. þrjú ár samfellt á næstliðnum fimm árum fyrir útgáfudag vottorðsins.

4. Sérhvert aðildarríki skal viðurkenna vitnisburð um formlega menntun og hæfi læknis, sem veitir aðgang að atvinnustarfsemi læknis með grunnmenntun og sérmenntaðs læknis, hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun, tannlæknis, sérmenntaðs tannlæknis, dýralæknis, ljósmóður, lyfjafræðings og arkitekts, sem ríkisborgarar aðildarríkjanna hafa undir höndum og er gefið út af fyrrum Sovétríkjunum, eða ef námið hófst

a) að því er varðar Eistland, fyrir 20. ágúst 1991,

b) að því er varðar Lettland, fyrir 21. ágúst 1991,

c) að því er varðar Litháen, fyrir 11. mars 1990,

þar sem yfirvöld einhvers þessara þriggja aðildarríkja staðfesta að slíkur vitnisburður hafi sama lögmæti innan yfirráðasvæðis þeirra og sá vitnisburður sem þau gefa út og, að því er varðar arkitekta, sá vitnisburður um formlega menntun og hæfi sem er tilgreindur í 6. lið VI. viðauka fyrir þessi aðildarríki, að því er varðar aðgang að atvinnustarfsemi læknis með grunnmenntun, sérmenntaðs læknis, hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun, dýralæknis, ljósmóður, lyfjafræðings, að því er varðar þá starfsemi sem um getur í 2. mgr. 45. gr., og arkitekts að því er varðar þá starfsemi sem um getur í 48. gr. og stundun þeirrar starfsemi.

Slíkri staðfestingu skal fylgja vottorð, gefið út af sömu yfirvöldum, þar sem fram kemur að þessir einstaklingar hafi í reynd og með lögmætum hætti stundað umrædda starfsemi á yfirráðasvæði þeirra í a.m.k. þrjú ár samfellt á næstliðnum fimm árum fyrir útgáfudag vottorðsins.

Að því er varðar vitnisburð um formlega menntun og hæfi dýralækna, sem gefinn er út í fyrrum Sovétríkjunum, eða ef námið hófst í Eistlandi fyrir 20. ágúst 1991, skal vottorð fylgja staðfestingunni, sem um getur í undirgreininni hér að framan, sem staðfestir að þessir einstaklingar hafi í reynd og með lögmætum hætti stundað umrædda starfsemi á yfirráðasvæði þeirra í a.m.k. fimm ár samfellt á næstliðnum sjö árum fyrir útgáfudag vottorðsins.

5. Sérhvert aðildarríki skal viðurkenna vitnisburð um formlega menntun og hæfi læknis, sem veitir aðgang að atvinnustarfsemi læknis með grunnmenntun og sérmenntaðs læknis, hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun, tannlæknis, sérhæfðs tannlæknis, dýralæknis, ljósmóður, lyfjafræðings og arkitekts, sem ríkisborgarar aðildarríkjanna hafa undir höndum og gefinn er út í fyrrum Júgóslavíu eða ef námið hófst, að því er varðar Slóveníu, fyrir 25. júní 1991, þar sem yfirvöld fyrrnefnds aðildarríkis votta að slíkur vitnisburður hafi sama lagalega gildi á yfirráðasvæði þeirra og sá vitnisburður um formlega menntun og hæfi sem þau gefa út sjálf og, að því er varðar arkitekta, sá vitnisburður um formlega menntun og hæfi sem er tilgreindur í 6. lið VI. viðauka fyrir þessi aðildarríki, með tilliti til aðgangs að atvinnustarfsemi læknis með grunnmenntun, sérmenntaðs læknis, hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun, tannlæknis, sérmenntaðs tannlæknis, dýralæknis, ljósmóður, lyfjafræðings að því er varðar þá starfsemi sem um getur í 2. mgr. 45. gr. og arkitekts að því er varðar þá starfsemi sem um getur í 48. gr. og stundun slíkrar starfsemi.

Slíkri staðfestingu skal fylgja vottorð, gefið út af sömu yfirvöldum, þar sem fram kemur að þessir einstaklingar hafi í reynd og með lögmætum hætti stundað umrædda starfsemi á yfirráðasvæði þeirra í a.m.k. þrjú ár samfellt á næstliðnum fimm árum fyrir útgáfudag vottorðsins.

6. Svari vitnisburður um formlega menntun og hæfi læknis, hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun, tannlæknis, dýralæknis, ljósmóður og lyfjafræðings ekki til þeirra starfsheita sem skráð eru fyrir það aðildarríki í liðum 5.1.1, 5.1.2, 5.1.3, 5.1.4, 5.2.2, 5.3.2, 5.3.3, 5.4.2, 5.5.2 og 5.6.2 í V. viðauka skal sérhvert aðildarríki viðurkenna, sem fullnægjandi sönnun fyrir ríkisborgara aðildarríkis, vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem þessi aðildarríki gefa út og með fylgir vottorð gefið út af lögbærum yfirvöldum eða stofnunum.

Vottorðið, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal staðfesta að viðkomandi vitnisburður um formlega menntun og hæfi votti að lokið hafi verið námi í samræmi við 24., 25., 28., 31., 34., 35., 38., 40. og 44. gr., eftir því sem við á, og að aðildarríkið, sem gaf það út, meti það til jafns við þá menntun og hæfi sem skráð er í liðum 5.1.1, 5.1.2, 5.1.3, 5.1.4, 5.2.2, 5.3.2, 5.3.3, 5.4.2, 5.5.2 og 5.6.2 í V. viðauka.

2. þáttur

Læknar

24. gr.

Grunnnám í læknisfræði

1. Til að fá aðgang að grunnnámi í læknisfræði verður hlutaðeigandi að hafa undir höndum prófskírteini eða vottorð sem veitir aðgang að viðkomandi námi við háskóla.

2. Grunnnám í læknisfræði skal fela í sér a.m.k. sex ára nám eða 5500 klukkustunda fræðilegt og verklegt nám við háskóla eða undir umsjón háskóla.

Fyrir einstaklinga, sem hófu nám fyrir 1. janúar 1972, getur námið, sem um getur í fyrstu undirgrein, falið í sér sex mánaða fullt, verklegt nám á háskólastigi undir umsjón lögbærra yfirvalda.

3. Grunnnám í læknisfræði skal veita tryggingu fyrir því að hlutaðeigandi einstaklingur hafi öðlast eftirfarandi þekkingu og færni:

a) fullnægjandi þekkingu á þeim vísindagreinum sem læknisfræðin byggir á og góðan skilning á vísindaaðferðum, þ.m.t. aðferðir sem eru notaðar við mælingar á líffræðilegri starfsemi, mati á vísindalega viðurkenndum staðreyndum og greiningu gagna,

b) fullnægjandi skilning á líkamsbyggingu, starfsemi og hegðun heilbrigðra og sjúkra einstaklinga, svo og á sambandinu milli heilsufars, aðbúnaðar og félagslegs umhverfis,

c) fullnægjandi þekkingu á klínískum fræðigreinum og lækningum, sem gefur viðkomandi heillega mynd af geðrænum og líkamlegum sjúkdómum, forvörnum, sjúkdómsgreiningu og meðferð og á æxlun manna,

d) tilhlýðilega verklega þjálfun á sjúkrahúsum undir viðeigandi umsjón.

25. gr.

Sérnám í læknisfræði

1. Til að fá aðgang að sérnámi í læknisfræði verður hlutaðeigandi að hafa lokið og fengið viðurkennt sex ára nám sem hluta af þeirri námsáætlun sem um getur í 24. gr. og á þeim tíma öðlast viðeigandi grundvallarþekkingu í læknisfræði.

2. Sérnám í læknisfræði skal fela í sér fræðilegt og verklegt nám við háskóla eða kennslusjúkrahús eða þar sem við á, við sjúkrastofnun sem lögbær yfirvöld eða stofnanir hafa viðurkennt í þessum tilgangi.

Aðildarríkin skulu tryggja að lágmarkslengd sérnáms í læknisfræði, sem um getur í lið 5.1.3 í V. viðauka, sé ekki styttri en sú lengd sem kveðið er á um í þeim lið. Námið skal fara fram undir umsjón lögbærra yfirvalda eða stofnana. Í því felst að læknir í sérnámi verður sjálfur að taka þátt í þeirri starfsemi og axla þá ábyrgð sem fylgir þeirri þjónustu sem um ræðir.

3. Námið skal vera fullt nám og fara fram við sérstakar stofnanir sem eru viðurkenndar af lögbærum yfirvöldum. Það felur í sér þátttöku í allri læknisfræðilegri starfsemi deildarinnar þar sem námið fer fram, þ.m.t. vaktir, þannig að læknir í sérnámi helgi fræðilega og verklega náminu alla starfskrafta sína starfsvikuna á enda og allan ársins hring í samræmi við þau skilyrði sem lögbær yfirvöld ákveða. Því skal greiða hæfileg laun fyrir þessi störf.

4. Aðildarríkin skulu setja það skilyrði fyrir útgáfu vitnisburðar um sérnám í læknisfræði að viðkomandi hafi undir höndum vitnisburð um grunnmenntun í læknisfræði sem um getur í lið 5.1.1 í V. viðauka.

5. Heimilt er að breyta lágmarkslengd náms, sem um getur í lið 5.1.3 í V. viðauka, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 58. gr. með það í huga að laga hana að framförum á sviði vísinda og tækni.

26. gr.

Heiti sérnáms í læknisfræði

Vitnisburður um formlega menntun og hæfi sérmenntaðs læknis, sem um getur í 21. gr., er sá vitnisburður sem gefinn er út af lögbærum yfirvöldum eða stofnunum, sem um getur í lið 5.1.2 í V. viðauka, og samsvarar, að því er varðar það sérnám sem um ræðir, þeim starfsheitum sem eru notaðir í hinum ýmsu aðildarríkjum og um getur í lið 5.1.3 í V. viðauka.

Heimilt er, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 58. gr., að bæta nýjum sérgreinum við í lið 5.1.3 í V. viðauka sem eru sameiginlegar í a.m.k. tveimur fimmtu aðildarríkjanna með það í huga að uppfæra þessa tilskipun í ljósi breytinga á landslögum.

27. gr.

Áunnin réttindi sérmenntaðra lækna

1. Gistiaðildarríki getur krafist þess af sérmenntuðum læknum, sem stunduðu sérfræðinám í hlutanámi sem féll undir lög og stjórnsýslufyrirmæli sem voru

í gildi frá og með 20. júní 1975 og hófu sérnám sitt eigi síðar en 31. desember 1983, að vitnisburði þeirra um formlega menntun og hæfi fylgi vottorð þar sem fram kemur að þeir hafi í reynd og með lögmætum hætti stundað umrædda starfsemi í a.m.k. þrjú ár samfellt á næstliðnum fimm árum fyrir veitingu vottorðsins.

2. Sérhvert aðildarríki skal viðurkenna vitnisburð um formlega menntun og hæfi sérmenntaðra lækna, gefinn út á Spáni til handa læknum sem luku sérnámi sínu fyrir 1. janúar 1995, jafnvel þótt ekki séu uppfylltar þær lágmarkskröfur um menntun sem kveðið er á um í 25. gr., svo fremi að þeim vitnisburði um formlega menntun og hæfi fylgi vottorð sem veitt er af lögbærum, spænskum yfirvöldum um að viðkomandi einstaklingur hafi staðist próf sem sýnir fram á sérstaka hæfni í faginu og haldið er á grundvelli óvenjulegra ráðstafana varðandi viðurkenningu, sem mælt er fyrir um í konunglegri tilskipun 1497/99, með það fyrir augum að sannreyna að viðkomandi einstaklingur búi yfir sambærilegri þekkingu og færni og læknar sem hafa undir höndum vitnisburð um formlega menntun og hæfi sérmenntaðs læknis samkvæmt skilgreiningu, að því er varðar Spán, í liðum 5.1.2 og 5.1.3 í V. viðauka.

3. Sérhvert aðildarríki, sem hefur fellt úr gildi lög eða stjórnsýslufyrirmæli er tengjast veitingu vitnisburðar um formlega menntun og hæfi sérmenntaðs læknis sem um getur í liðum 5.1.2 og 5.1.3 í V. viðauka og hefur samþykkt ráðstafanir er tengjast áunnum réttindum í þágu ríkisborgara sinna, skal gera ríkisborgurum annarra aðildarríkja kleift að njóta slíkra ráðstafana, svo fremi að slíkur vitnisburður um formlega menntun og hæfi hafi verið gefinn út fyrir þann dag sem gistiaðildarríkið hætti að veita slíkan vitnisburð fyrir umrædda sérgrein.

Í lið 5.1.3 í V. viðauka er að finna hvaða dag ákvæðin voru felld úr gildi.

28. gr.

Sérstakt nám í almennum heimilislækningum

1. Til að fá aðgang að sérstöku námi í almennum heimilislækningum verður hlutaðeigandi að hafa lokið og fengið viðurkennt sex ára nám sem hluta af þeirri námsáætlun sem um getur í 24. gr.

2. Sérstakt nám í almennum heimilislækningum, sem veitir vitnisburð um formlega menntun og hæfi, gefinn út fyrir 1. janúar 2006, skal vera a.m.k. tveggja ára fullt nám. Ef um ræðir vitnisburð um formlega menntun og hæfi, sem gefinn er út eftir þennan dag, skal námið vera a.m.k. þriggja ára fullt nám.

Feli námsáætlunin, sem um getur í 24. gr., í sér verklegt nám á viðurkenndu sjúkrahúsi, sem hefur yfir að ráða viðeigandi búnaði og býður þjónustu, eða á vegum viðurkennds almenns heimilislæknis eða á viðurkenndri stöð þar sem læknar sinna almennri heilsugæslu, má verklega námið vera hluti af því tímabili sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein og ljúka þarf til að fá námsvottorð gefið út 1. janúar 2006 eða síðar enda sé það ekki lengra en eitt ár.

Kosturinn, sem kveðið er á um í annarri undirgrein, skal aðeins standa til boða þeim aðildarríkjum þar sem lengd sérstaks náms í almennum heimilislækningum nær tveimur árum frá og með 1. janúar 2001.

3. Sérstakt nám í almennum heimilislækningum skal vera fullt nám undir umsjón lögbærra yfirvalda eða stofnana. Leggja skal meiri áherslu á verklega en fræðilega þætti í náminu.

Verklega námið skal annars vegar vara í a.m.k. sex mánuði á viðurkenndu sjúkrahúsi þar sem fyrir hendi eru viðeigandi tæki og þjónusta og hins vegar í a.m.k. sex mánuði á vegum viðurkennds almenns heimilislæknis eða á viðurkenndri stöð þar sem læknar sinna almennri heilsugæslu.

Verklega námið skal fara fram í samvinnu við aðrar heilbrigðisstofnanir eða starfsemi sem tengjast almennum heimilislækningum. Með fyrirvara um þau lágmarkstímabil, sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein, getur verklega námið farið fram á sex mánaða tímabili að hámarki á öðrum viðurkenndum heilbrigðisstofnunum eða við starfsemi sem tengist almennum heimilislækningum.

Í náminu skal þess krafist að neminn taki sjálfur þátt í þeirri starfsemi og axli sömu ábyrgð og þeir einstaklingar sem hann starfar með.

4. Aðildarríkin skulu setja það skilyrði fyrir útgáfu vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í almennum heimilislækningum að viðkomandi hafi undir höndum vitnisburð um formlega grunnmenntun og -hæfi í læknisfræði sem um getur í lið 5.1.1 í V. viðauka.

5. Aðildarríkjunum er heimilt að gefa út vitnisburð um formlega menntun og hæfi, sem um getur í lið 5.1.4 í V. viðauka, lækni til handa sem hefur ekki lokið því námi sem kveðið er á um í þessari grein en hefur lokið öðru viðbótarnámi, eins og vitnisburður um formlega menntun og hæfi, gefinn út af lögbærum yfirvöldum aðildarríkis, staðfestir. Hins vegar

mega þau ekki veita vitnisburð um formlega menntun og hæfi nema vitnisburðurinn staðfesti þekkingu sem er að gæðum samsvarandi þeirri þekkingu sem fæst með námi sem kveðið er á um í þessari grein.

Aðildarríkin skulu m.a. ákvarða að hve miklu leyti viðbótarnám og starfsreynsla umsækjanda geti komið í stað þess náms sem kveðið er á um í þessari grein.

Aðildarríkin mega því aðeins gefa út vitnisburð um formlega menntun og hæfi, sem um getur í lið 5.1.4 í V. viðauka, að umsækjandi hafi öðlast a.m.k. sex mánaða reynslu í almennum heimilislækningum á vegum almenns heimilislæknis eða á stöð þar sem læknar sinna almennri heilsugæslu af því tagi sem um getur í 3. mgr.

29. gr.

Að starfa sem almennur heimilislæknir

Sérhvert aðildarríki skal, með fyrirvara um ákvæðin sem tengjast áunnum réttindum, setja það skilyrði fyrir því að starfa sem almennur heimilislæknir innan ramma almannatryggingakerfis aðildarríkisins að hlutaðeigandi hafi undir höndum vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem um getur í lið 5.1.4 í V. viðauka. Aðildarríkin geta veitt þeim einstaklingum, sem eru í sérstöku námi í almennum heimilislækningum, undanþágu frá þessu skilyrði.

30. gr.

Áunnin réttindi almennra heimilislækna

1. Hvert aðildarríki skal ákvarða áunnin réttindi. Hins vegar skal aðildarríkið veita lækni rétt til að starfa sem almennur heimilislæknir, innan ramma almannatryggingakerfis þess, án þess að hafa vitnisburð um formlega menntun og hæfi, sem um getur í lið 5.1.4 í V. viðauka, ef hann hefur öðlast réttinn á þeim viðmiðunardegi sem fram kemur í þeim lið, á grundvelli ákvæða sem gilda um læknastéttina og veita aðgang að starfi læknis með grunnmenntun í læknisfræði, og hafi hann öðlast staðfestu á þeim degi á yfirráðasvæði þess aðildarríkis í krafti 21. eða 23. gr.

Lögbær yfirvöld hvers aðildarríkis skulu gefa út vottorð, komi fram krafa þar um, sem staðfestir rétt handhafa til að starfa sem almennur heimilislæknir innan ramma almannatryggingakerfis þeirra án þess að fyrir liggi vitnisburður um formlega menntun og hæfi, sem um getur í lið 5.1.4 í V. viðauka, til handa þeim læknum sem njóta áunninna réttinda samkvæmt fyrstu undirgrein.

2. Sérhvert aðildarríki skal viðurkenna þau vottorð, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. og hin aðildarríkin gefa út til handa ríkisborgurum aðildarríkjanna, og gefa slíkum vottorðum sama gildi á yfirráðasvæði sínu og gefinn er vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem það sjálft gefur út og heimilar almennum heimilislækni að starfa innan ramma almannatryggingakerfis þess.

3. þáttur

Hjúkrunarfræðingar í almennri hjúkrun

31. gr.

Nám hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun

1. Til að fá aðgang að námi fyrir hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun verður hlutaðeigandi að hafa lokið almennri 10 ára menntun, staðfest með prófskírteini, vottorði eða öðrum vitnisburði sem lögbær yfirvöld eða stofnanir í aðildarríki gefa út eða með vottorði sem staðfestir árangur í inntökuprófi á samsvarandi stigi inn í hjúkrunarfræði.

2. Nám hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun skal vera fullt nám og fela a.m.k. í sér þá námsáætlun sem lýst er í lið 5.2.1 í V. viðauka.

Heimilt er að breyta listanum yfir námsefni, sem skráð er í lið 5.2.1 í V. viðauka, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 58. gr. með það í huga að laga það að framförum á sviði vísinda og tækni.

Slíkar uppfærslur mega ekki, í neinu aðildarríki, hafa í för með sér breytingu á gildandi meginreglum í tengslum við uppbyggingu á starfsgreinum að því er varðar nám og skilyrði fyrir aðgangi einstaklinga.

3. Nám hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun skal fela í sér a.m.k. þriggja ára nám eða 4600 klukkustunda fræðilegt og klínískt nám, þar sem bóklegi hlutinn er a.m.k. einn þriðji hluti námsins og klínískri hlutinn er a.m.k. helmingur af lágmarkslengd námsins. Aðildarríkin mega veita þeim einstaklingum undanþágu að hluta til sem hafa lokið við hluta af þessu námi í tengslum við annað nám sem er á a.m.k. samsvarandi stigi.

Aðildarríkin skulu tryggja að stofnanirnar, sem bjóða upp á nám í hjúkrunarfræði, beri ábyrgð á að samræma fræðilega og klíníska námið í öllu náminu.

4. Fræðilegt nám er sá hluti náms í hjúkrunarfræði þar sem hjúkrunarnemar tileinka sér nauðsynlega fagþekkingu, innsýn og færni til að skipuleggja og veita hjúkrun og meta alla þætti hennar. Kennarar í

hjúkrunarfræði og aðrir þar til bærir aðilar í hjúkrunarskólum og öðrum skólum, sem kennslustofnunin velur, skulu annast kennsluna.

5. Klíníska námið er sá hluti náms í hjúkrun þar sem hjúkrunarnemar, í hópvinnu og í beinni snertingu við heilbrigðan eða sjúkan einstakling og/eða samfélagshóp, læra að skipuleggja, veita og meta, á grundvelli þekkingar sinnar og færni, alla þætti þeirrar hjúkrunar sem þörf er á.

Hjúkrunarneminn skal ekki aðeins læra að vinna í hóp, heldur einnig að leiða hópa og skipuleggja alla þætti hjúkrunar, þ.m.t. heilbrigðisfræðsla fyrir einstaklinga og litla hópa, á heilbrigðisstofnun eða úti í samfélaginu. Þetta nám fer fram á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum og úti í samfélaginu á ábyrgð hjúkrunarmenntaðra kennara og í samvinnu við og með aðstoð annarra fullmenntaðra hjúkrunarfræðinga. Annað fullmenntað starfslið getur átt þátt í þessu kennsluferli.

Hjúkrunarnemar skulu taka þátt í starfsemi deildarinnar sem um ræðir, að svo miklu leyti sem slíkt stuðlar að námi þeirra, og þannig læra að axla þá ábyrgð sem fylgir hjúkrun.

6. Nám fyrir hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun skal veita tryggingu fyrir því að hlutaðeigandi einstaklingur hafi öðlast eftirfarandi þekkingu og færni:

a) fullnægjandi þekkingu á þeim vísindagreinum, sem almenn hjúkrun byggist á, þ.m.t. fullnægjandi skilningur á líkamsbyggingu, lífeðlisfræðilegri starfsemi og hegðun heilbrigðra og sjúkra einstaklinga svo og á sambandinu milli heilsufars, aðbúnaðar og félagslegs umhverfis,

b) fullnægjandi þekkingu á eðli og siðfræði starfsgreinarinnar og meginreglum um heilbrigði og hjúkrun,

c) fullnægjandi klíníska starfsreynslu; velja ber slíka starfsreynslu með hliðsjón af því hvernig hún styður við námið, og hún á að vera undir umsjón menntaðra hjúkrunarfræðinga á stöðum þar sem fyrir hendi er viðeigandi fjöldi hæfs starfsfólks og viðeigandi búnaður til umönnunar sjúklinga,

d) hæfni til að taka þátt í verklegri þjálfun heilbrigðisstarfsfólks og reynslu af því að starfa með slíku starfsfólki,

e) reynslu í að vinna með aðilum annarra starfsstétta innan heilbrigðiskerfisins.

32. gr.

Að starfa sem hjúkrunarfræðingur í almennri hjúkrun

Í þessari tilskipun eru störf hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun þau störf sem eru stunduð undir starfsheitum sem um getur í lið 5.2.2 í V. viðauka.

33. gr.

Áunnin réttindi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun

1. Í þeim tilvikum þar sem almennar reglur um áunnin réttindi eiga við um hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun skulu störfin, sem um getur í 23. gr., hafa falið í sér fulla ábyrgð á áætlanagerð, skipulagningu og stjórnun hjúkrunar sjúklinga.

2. Að því er varðar vitnisburð um menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun frá Póllandi gilda einungis eftirfarandi ákvæði um áunnin réttindi: Aðildarríkin skulu, að því er varðar ríkisborgara aðildarríkjanna, sem hafa undir höndum vitnisburð um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun sem var gefinn út í Póllandi eða ef námið hófst þar fyrir 1. maí 2004 og viðkomandi fullnægir ekki lágmarkskröfum um menntun sem mælt er fyrir um í 31. gr., viðurkenna eftirfarandi vitnisburð um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun sem fullnægjandi sönnun ef honum fylgir vottorð þar sem fram kemur að þessir ríkisborgarar aðildarríkis hafi í reynd og með lögmætum hætti gegnt starfi sem hjúkrunarfræðingar í almennri hjúkrun í Póllandi í þann tíma sem er tilgreindur hér á eftir:

a) vitnisburður um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðings á háskólastigi (dyplom licencjata pielęgniarstwa), a.m.k. þrjú ár samfellt á næstliðnum fimm árum fyrir útgáfudag vottorðsins,

b) vitnisburður um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðings sem vottar að námi eftir framhaldsskólastigið hafi verið lokið frá fagskóla á sviði læknavísinda (*dyplom pielęgniarki albo pielęgniarki dyplomowanej*), a.m.k. fimm ár samfellt á næstliðnum sjö árum fyrir útgáfudag vottorðsins.

Í fyrrgreindum störfum skal borin full ábyrgð á áætlanagerð, skipulagningu og stjórnun hjúkrunar sjúklinga.

3. Aðildarríkin skulu viðurkenna vitnisburð um formlega menntun og hæfi í hjúkrunarfræði, gefinn

út í Póllandi til handa hjúkrunarfræðingum sem hafa lokið námi fyrir 1. maí 2004 sem uppfylla ekki lágmarkskröfur um menntun sem mælt er fyrir um í 31. gr., að því tilskildu að viðkomandi leggi fram prófskírteini fyrir nám sem samsvarar B.S.-prófi og að það hafi verið gefið út eftir að viðkomandi lauk sérstakri endurmenntun sem er að finna í 11. gr. laga frá 20. apríl 2004 um breytingu á lögum um starfsgreinar hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra og öðrum lagagerningum (Stjórnartíðindi Lýðveldisins Póllands frá 30. apríl 2004 nr. 92, liður 885) og reglugerð heilbrigðisráðherra frá 11. maí 2004 um nákvæm skilyrði varðandi menntun hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra sem hafa lokið prófi á framhaldsskólastigi (lokapróf – „matura“) og námi við læknaskóla og fagskóla á sviði hjúkrunarfræða og ljósmóðurfræða (Stjórnartíðindi Lýðveldisins Póllands frá 13. maí 2004 nr. 110, liður 1170), með það markmið að staðfesta að hlutaðeigandi einstaklingur búi yfir sambærilegri þekkingu og hæfni og hjúkrunarfræðingar sem hafa öðlast þá menntun og hæfi sem eru, að því er Pólland varðar, skilgreind í lið 5.2.2 í V. viðauka.

4. þáttur

Tannlæknar

34. gr.

Grunnnám í tannlækningum

1. Til að fá aðgang að grunnnámi í tannlækningum verður hlutaðeigandi að hafa undir höndum prófskírteini eða vottorð sem veitir aðgang að viðkomandi námi við háskóla eða æðri menntastofnanir sem hafa hlotið viðurkenningu á samsvarandi stigi í aðildarríki.

2. Grunnnám í tannlækningum skal fela í sér a.m.k. fimm ára fullt fræðilegt og verklegt nám við háskóla, æðri menntastofnun sem býður nám sem er metið á samsvarandi stigi eða undir umsjón háskóla og felur a.m.k. í sér námsáætlunina sem lýst er í lið 5.3.1 í V. viðauka.

Heimilt er að breyta listanum yfir námsefni, sem er skráð í lið 5.3.1 í V. viðauka, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 58. gr. með það í huga að laga það að framförum á sviði vísinda og tækni.

Slíkar uppfærslur mega ekki, í neinu aðildarríki, hafa í för með sér breytingu á gildandi meginreglum í tengslum við uppbyggingu á starfsgreinum að því er varðar nám og skilyrði fyrir aðgangi einstaklinga.

3. Grunnnám í tannlækningum skal veita tryggingu fyrir því að hlutaðeigandi einstaklingur hafi öðlast eftirfarandi þekkingu og færni:

a) fullnægjandi þekkingu á þeim vísindagreinum sem tannlækningar byggja á og góðan skilning á vísindaaðferðum, þ.m.t. aðferðir sem eru notaðar við mælingar á líffræðilegri starfsemi, mati á vísindalega viðurkenndum staðreyndum og greiningu gagna,

b) fullnægjandi þekkingu á líkamsbyggingu, starfsemi og hegðun heilbrigðra og sjúkra einstaklinga, sem og á sambandinu milli heilsufars, aðbúnaðar og félagslegs umhverfis, að svo miklu leyti sem þessir þættir hafa áhrif á tannlækningar,

c) fullnægjandi þekkingu á byggingu og hlutverki tanna, munns, kjálka og aðliggjandi vefja, bæði heilbrigðra og sýktra, og hvernig þessir þættir tengjast almennu heilsufari og líkamlegri og félagslegri velferð sjúklings,

d) fullnægjandi þekkingu á klínískum fræðigreinum og aðferðum, sem gefur tannlækninum heillega mynd af göllum, sárum og sjúkdómum í tönnum, munni, kjálkum og aðliggjandi vefjum og forvörnum, greiningu og meðferð í tannlækningum,

e) hæfilega klíníska starfsreynslu undir viðeigandi umsjón.

Með náminu skal hann öðlast nauðsynlega færni til að inna af hendi öll störf er lúta að forvörnum, greiningu og meðferð galla og sjúkdóma í tönnum, munni, kjálkum og aðliggjandi vefjum.

35. gr.

Sérnám í tannlækningum

1. Til að fá aðgang að sérnámi í tannlækningum verður hlutaðeigandi að hafa lokið og fengið viðurkennt fimm ára nám í fræðilegum og verklegum greinum innan ramma þess náms sem um getur í 34. gr. og hafa undir höndum þau skjöl sem um getur í 23. og 37. gr.

2. Sérnám í tannlækningum skal fela í sér fræðilegt og verklegt nám við háskóla eða á meðferðar-, kennslu- og rannsóknarstofnun eða, eftir því sem við á, við heilbrigðisstofnun, sem lögbær yfirvöld eða stofnanir hafa viðurkennt í þessu skyni.

Fullt sérnám í tannlækningum skal vera a.m.k. þrjú ár undir umsjón lögbærra yfirvalda eða stofnana. Í því felst að tannlæknanemi í sérnámi verður sjálfur

að taka þátt í þeirri starfsemi og axla þá ábyrgð sem fylgir starfinu á viðkomandi stofnun.

Heimilt er að breyta lágmarkslengd náms, sem um getur í annarri undirgrein, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 58. gr. með það í huga að laga það að framförum á sviði vísinda og tækni.

3. Aðildarríkin skulu setja það skilyrði fyrir útgáfu vitnisburðar um sérmenntun í tannlækningum að viðkomandi hafi undir höndum vitnisburð um grunnnám í tannlækningum sem um getur í lið 5.3.2 í V. viðauka.

36. gr.

Að starfa sem tannlæknir

1. Í þessari tilskipun er starf tannlækna það starf sem skilgreint er í 3. mgr. og er iðkað undir starfsheitum sem skráð eru í lið 5.3.2 í V. viðauka.

2. Starfsgrein tannlæknis skal byggð á námi tannlæknis sem um getur í 34. gr. og felur í sér tiltekna starfsgrein sem er frábrugðin öðrum almennum eða sérhæfðum læknastörfum. Þeir sem stunda starfsemi tannlæknis þurfa að hafa undir höndum vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem um getur í lið 5.3.2 í V. viðauka. Handhafar slíks vitnisburðar um formlega menntun og hæfi skulu njóta sömu meðferðar og þeir sem falla undir 23. og 37. gr.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að tannlæknar geti almennt fengið aðgang að og stundað störf sem fela í sér forvarnir, greiningu og meðferð galla og sjúkdóma í tönnum, munni, kjálkum og aðliggjandi vefjum, að teknu tilhlýðilegu tilliti til ákvæða reglna og siðareglа starfsgreinarinnar að því er varðar viðmiðunardagsetningarnar sem um getur í lið 5.3.2 í V. viðauka.

37. gr.

Áunnin réttindi tannlækna

1. Sérhvert aðildarríki skal viðurkenna, vegna starfa tannlæknis undir því starfsheiti sem um getur í lið 5.3.2 í V. viðauka, vitnisburð um formlega menntun og hæfi læknis, sem gefinn er út á Ítalíu, Spáni, Austurríki, Tékklandi og Slóvakíu til handa einstaklingum sem hófu læknanám á viðmiðunardegi sem gefin er upp í þeim viðauka fyrir viðkomandi aðildarríki, eða fyrr, ásamt vottorði sem lögbær yfirvöld aðildarríkisins gefa út.

Vottorðið verður að sýna fram á að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

a) að hlutaðeigandi einstaklingar hafi í reynd gegnt, í því aðildarríki, með lögmætum hætti og að aðalstarfi, því starfi sem um getur í 36. gr. í a.m.k. þrjú ár samfleytt á næstliðnum fimm árum fyrir útgáfu vottorðsins,

b) að þessum einstaklingum sé heimilt að gegna fyrrgreindum störfum við sömu skilyrði og handhöfum vitnisburðar um formlega menntun og hæfi sem skráður er fyrir viðkomandi aðildarríki í lið 5.3.2. í V. viðauka.

Veita skal þeim einstaklingum, sem hafa á fullnægjandi hátt lokið a.m.k. þriggja ára námi, sem lögbær yfirvöld viðkomandi aðildarríkis viðurkenna sem samsvarandi því námi sem um getur í 34. gr., undanþágu frá þriggja ára starfsreynslunni sem um getur í a-lið annarrar undirgreinar.

Að því er varðar Tékkland og Slóvakíu skal veita vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem fenginn er í fyrrum Tékkóslóvakíu sömu viðurkenningu og vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem fenginn er í Tékklandi og Slóvakíu með sömu skilyrðum og segir í undirgreinunum hér að framan.

2. Sérhvert aðildarríki skal viðurkenna vitnisburð um formlega menntun og hæfi læknis sem gefinn er út á Ítalíu til handa einstaklingum sem hófu háskólanám í læknisfræði eftir 28. janúar 1980 og eigi síðar en 31. desember 1984, og skal honum fylgja vottorð sem gefið er út af lögbærum yfirvöldum á Ítalíu.

Vottorðið verður að sýna fram á að þremur eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

a) að hlutaðeigandi einstaklingar hafi staðist hæfnispróf sem lögbær yfirvöld á Ítalíu halda til að komast að raun um hvort þeir búi yfir sambærilegri þekkingu og færni og þeir sem hafa undir höndum vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem skráður er fyrir Ítalíu í lið 5.3.2 í V. viðauka,

b) að þeir hafi í reynd gegnt á Ítalíu, með lögmætum hætti og að aðalstarfi, því starfi sem um getur í 36. gr. í a.m.k. þrjú ár samfleytt á næstliðnum fimm árum fyrir útgáfu vottorðsins,

c) að þeir hafi leyfi til að gegna eða gegni í reynd, með lögmætum hætti og að aðalstarfi, því starfi sem um getur í 36. gr. með sömu skilyrðum og handhafar vitnisburðar um formlega menntun og hæfi sem skráður er fyrir Ítalíu í lið 5.3.2 í V. viðauka.

Veita skal þeim einstaklingum, sem hafa lokið á fullnægjandi hátt a.m.k. þriggja ára námi sem lögbær yfirvöld viðurkenna sem samsvarandi því námi sem um getur í 34. gr., undanþágu frá hæfnisprófinu sem um getur í a-lið annarrar undirgreinar.

Einstaklingar, sem hófu háskólanám í læknisfræði eftir 31. desember 1984, skulu fá sömu meðferð og þeir sem um getur hér að framan, að því tilskildu að framangreint þriggja ára nám hafi hafist fyrir 31. desember 1994.

5. þáttur

Dýralæknar

38. gr.

Nám dýralækna

1. Nám dýralækna skal fela í sér a.m.k. fimm ára fullt fræðilegt og verklegt nám við háskóla eða æðri menntastofnun sem býður nám sem viðurkennt er á samsvarandi stigi eða undir umsjón háskóla og felur a.m.k. í sér þá námsáætlun sem um getur í lið 5.4.1 í V. viðauka.

Heimilt er að breyta listanum yfir námsefni, sem er skráð í lið 5.4.1 í V. viðauka, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 58. gr. með það í huga að laga það að framförum á sviði vísinda og tækni.

Slíkar uppfærslur mega ekki, í neinu aðildarríki, hafa í för með sér breytingu á gildandi meginreglum í tengslum við uppbyggingu á starfsgreinum að því er varðar nám og skilyrði fyrir aðgangi einstaklinga.

2. Til að fá aðgang að dýralæknisfræði verður hlutaðeigandi að hafa undir höndum prófskírteini eða vottorð sem veitir aðgang að viðkomandi námi í háskóla eða æðri menntastofnunum sem aðildarríki viðurkennir að eru á samsvarandi stigi til þessa náms.

3. Nám dýralæknis skal veita tryggingu fyrir því að hlutaðeigandi einstaklingur hafi öðlast eftirfarandi þekkingu og færni:

a) fullnægjandi þekkingu á þeim vísindagreinum sem dýralæknisfræðin byggir á,

b) fullnægjandi þekkingu á líkamsbyggingu og starfsemi heilbrigðra dýra, búskap með þau, æxlun og almennum hollustuháttum, svo og fóðrun, þ.m.t. þekking á tækni við framleiðslu og geymslu á fóðri sem hentar þeim,

c) fullnægjandi þekkingu á atferli og verndun dýra,

d) fullnægjandi þekkingu á orsökum, eðli, þróun, áhrifum, greiningu og meðferð dýrasjúkdóma, hvort heldur átt er við einstakt dýr eða hópa, auk sérþekkingar á sjúkdómum er borist gætu í menn,

e) fullnægjandi þekkingu á fyrirbyggjandi lyfjameðferð,

f) fullnægjandi þekkingu á hollustu og tækni er lúta að frumvinnslu, fullvinnslu og markaðssetningu matvæla úr dýraríkinu eða matvæla upprunnum í dýraríkinu sem ætluð eru til manneldis,

g) fullnægjandi þekkingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem lúta að framangreindum atriðum,

h) fullnægjandi klíníska og aðra verklega reynslu undir viðeigandi umsjón.

39. gr.

Áunnin réttindi dýralækna

Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um 4. mgr. 23. gr. að því er varðar ríkisborgara aðildarríkjanna, sem hafa vitnisburð um formlega menntun og hæfi dýralæknis sem var gefinn út í Eistlandi eða ef námið hófst þar fyrir 1. maí 2004, viðurkenna slíkan vitnisburð um formlega menntun og hæfi dýralæknis sem fullnægjandi sönnun ef honum fylgir vottorð þar sem fram kemur að þessir einstaklingar hafi í reynd og með lögmætum hætti gegnt viðkomandi störfum í Eistlandi í a.m.k. fimm ár samfellt á næstliðnum sjö árum fyrir útgáfudag vottorðsins.

6. þáttur

Ljósmæður

40. gr.

Nám ljósmæðra

1. Nám ljósmæðra skal fela í sér a.m.k.:

a) sérstakt fullt ljósmóðurnám sem felur í sér a.m.k. þriggja ára fræðilegt og verklegt nám (námsleið I) og a.m.k. námsáætlunina sem um getur í lið 5.5.1 í V. viðauka eða

b) sérstakt fullt ljósmóðurnám sem er 18 mánuðir (námsleið II) og felur í sér a.m.k. þá námsáætlun, sem um getur í lið 5.5.1 í V. viðauka, sem er ekki hluti af samsvarandi námi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun.

Aðildarríkin skulu tryggja að þær stofnanir sem sjá um menntun ljósmæðra séu ábyrgar fyrir samræm-

ingu bóklegra og verklegra þátta í allri námsáætluninni.

Heimilt er að breyta listanum yfir námsefni, sem er skráð í lið 5.5.1 í V. viðauka, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 58. gr. með það í huga að laga það að framförum á sviði vísinda og tækni.

Slíkar uppfærslur skulu ekki, í neinu aðildarríki, hafa í för með sér breytingu á gildandi meginreglum í tengslum við uppbyggingu á starfsgreinum að því er varðar nám og skilyrði fyrir aðgangi einstaklinga.

2. Til að fá aðgang að ljósmóðurnámi verður hlutaðeigandi að uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum:

a) hafa lokið a.m.k. fyrstu tíu árum almenns náms fyrir námsleið I eða

b) hafa undir höndum vitnisburð um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun, sem getið er í lið 5.2.2 í V. viðauka, fyrir námsleið II.

3. Nám ljósmóður skal veita tryggingu fyrir því að hlutaðeigandi einstaklingur hafi öðlast eftirfarandi þekkingu og færni:

a) fullnægjandi þekkingu á þeim vísindagreinum sem starfsemi ljósmæðra byggir á, einkum fæðingarfræði og kvensjúkdómafræði,

b) fullnægjandi þekkingu á siðfræði starfsgreinarinnar og löggjöf er hana varðar,

c) ítarlega þekkingu á líffræðilegri starfsemi, líffærafræði og lífeðlisfræði á sviði fæðingafræða og nýbura, auk þekkingar á sambandinu milli heilsufars, aðbúnaðar og félagslegs umhverfis manna og hegðunar þeirra,

d) fullnægjandi klíníska reynslu sem fengist hefur á viðurkenndum stofnunum undir umsjón starfsfólks sem er menntað á sviði ljósmóðurfræða og fæðingarfræði,

e) fullnægjandi skilning á menntun heilbrigðisstarfsfólks og reynslu af því að vinna með slíku starfsfólki.

41. gr.

Verklagsreglur varðandi viðurkenningu á vitnisburði um formlega menntun og hæfi ljósmæðra

1. Vitnisburður um formlega menntun og hæfi ljósmæðra, sem um getur í lið 5.5.2 í V. viðauka, fær sjálfkrafa viðurkenningu skv. 21. gr., svo fremi sem viðkomandi fullnægir einni af eftirfarandi viðmiðunum:

a) fullt nám í ljósmóðurfræðum í a.m.k. þrjú ár:

   i. hefur annaðhvort undir höndum prófskírteini, vottorð eða annan vitnisburð um menntun og hæfi sem veitir aðgang að háskóla eða æðri menntastofnun eða staðfestir á annan hátt samsvarandi þekkingu eða

   ii. lýkur til viðbótar tveggja ára starfsreynsla sem er staðfest með vottorði í samræmi við 2. mgr.,

b) fullt nám í ljósmóðurfræðum sem stendur í tvö ár eða a.m.k. 3600 klukkustundir, að því tilskildu að viðkomandi hafi undir höndum annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun sem um getur í lið 5.2.2 í V. viðauka,

c) fullt nám í ljósmóðurfræðum sem stendur í 18 mánuði eða a.m.k. 3000 klukkustundir, að því tilskildu að viðkomandi hafi undir höndum annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðings í almennri hjúkrun, sem um getur í lið 5.2.2 í V. viðauka, og á eftir komi starfsreynsla sem er staðfest með vottorði sem er gefið út í samræmi við 2. mgr.

2. Vottorðið, sem um getur í 1. mgr., skal gefið út af lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu. Það skal staðfesta að handhafi þess hafi, eftir að hafa fengið vitnisburð um formlega menntun og hæfi ljósmóður, starfað með fullnægjandi hætti sem ljósmóðir á sjúkrahúsi eða á heilsugæslustofnun sem er viðurkennd í þessu skyni.

42. gr

Að starfa sem ljósmóðir

1. Ákvæði þessa þáttar gilda um störf ljósmæðra eins og þau eru skilgreind í hverju aðildarríki, sbr. þó 2. mgr., sem eru stunduð undir þeim starfsheitum sem um getur í lið 5.5.2 í V. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að ljósmæður eigi a.m.k. rétt á að fá aðgang að og stunda eftirtalin störf:

a) veita haldgóðar upplýsingar og ráðgjöf um fjölskylduáætlanir,

b) greina þungun og hafa eftirlit með eðlilegri meðgöngu; gera nauðsynlegar prófanir vegna eftirlits með framvindu eðlilegrar meðgöngu,

c) mæla fyrir um eða ráðleggja rannsóknir sem nauðsynlegar eru til þess að greina eins fljótt og unnt er fyrstu merki um áhættumeðgöngu,

d) halda námskeið með fræðslu um foreldrahlutverkið, fæðingu og ráðgjöf um hreinlæti og næringu,

e) annast og aðstoða móður meðan á fæðingu stendur og fylgjast með ástandi fósturs í leginu með viðeigandi klínískum og tæknilegum aðferðum,

f) sjá um eðlilegar fæðingar, þ.m.t. spangarskurður þegar hans er þörf og, í bráðatilvikum, sitjandi fæðingu,

g) þekkja hættumerki hjá móður eða ungbarni sem krefst umsagnar læknis og aðstoða hann eftir þörfum; gera nauðsynlegar neyðarráðstafanir í fjarveru læknis, einkum til að ná fylgju út, auk hugsanlegrar þreifingar legsins,

h) skoða og annast nýbura; taka frumkvæði þegar nauðsyn ber til og gera bráða endurlífgun þegar þörf krefur,

i) annast og fylgjast með líðan móður eftir fæðingu og gefa móður öll nauðsynleg ráð varðandi umönnun ungbarna til að gera móður kleift að tryggja hámarksframfarir hjá nýburanum,

j) annast meðferð sem læknir hefur mælt fyrir um,

k) annast nauðsynlega skýrslugerð.

43. gr.

Áunnin réttindi ljósmæðra

1. Sérhvert aðildarríki skal, að því er varðar ríkisborgara aðildarríkjanna sem hafa undir höndum vitnisburð um formlega menntun og hæfi ljósmóður sem fullnægir öllum lágmarkskröfum um menntun sem mælt er fyrir um í 40. gr. en ekki fengið hann viðurkenndan skv. 41. gr. nema honum fylgi vottorð um starfsreynslu sem um getur í 2. mgr. 41. gr., viðurkenna vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem gefinn er út í þessum aðildarríkjum fyrir viðmiðunardagsetninguna, sem um getur í lið 5.5.2 í V. viðauka, sem fullnægjandi sönnun enda fylgi honum vottorð sem staðfestir að þessir ríkisborgarar hafi í reynd og með lögmætum hætti gegnt umræddum störfum í a.m.k. tvö ár samfellt á næstliðnum fimm árum fyrir veitingu vottorðsins.

2. Skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., gilda fyrir þá ríkisborgara aðildarríkjanna sem hafa undir höndum vitnisburð um formlega menntun og hæfi ljósmóður sem staðfestir að viðkomandi hafi lokið námi á yfirráðasvæði fyrrum Þýska alþýðulýðveldisins og fullnægir öllum þeim lágmarkskröfum um menntun sem mælt er fyrir um í 40. gr. en fær hann ekki viðurkenndan skv. 41. gr. nema honum fylgi vottorð um starfsreynslu sem um getur í 2. mgr. 41. gr. þar sem staðfest er að nám hafi hafist fyrir 3. október 1990.

3. Að því er varðar vitnisburð um formlega menntun og hæfi ljósmóður frá Póllandi gilda einungis eftirfarandi ákvæði um áunnin réttindi:

Aðildarríkin skulu, að því er varðar ríkisborgara aðildarríkjanna sem hafa undir höndum vitnisburð um formlega menntun og hæfi ljósmóður sem var gefinn út í Póllandi eða ef námið hófst þar fyrir 1. maí 2004 og viðkomandi fullnægir ekki lágmarkskröfum um menntun sem mælt er fyrir um í 40. gr., viðurkenna eftirfarandi vitnisburð um formlega menntun og hæfi ljósmóður sem fullnægjandi sönnun ef honum fylgir vottorð þar sem fram kemur að þessir einstaklingar hafi í reynd og með lögmætum hætti starfað sem ljósmóðir í þann tíma sem er tilgreindur hér á eftir:

a) vitnisburður um formlega menntun og hæfi ljósmóður á háskólastigi (dyplom licencjata położnictwa), a.m.k. þrjú ár samfellt á næstliðnum fimm árum fyrir útgáfudag vottorðsins,

b) vitnisburður um formlega menntun og hæfi ljósmóður sem vottar að námi eftir framhaldsskólastigið hafi verið lokið frá fagskóla á sviði læknavísinda (dyplom położnej), a.m.k. fimm ár samfellt á næstliðnum sjö árum fyrir útgáfudag vottorðsins.

4. Aðildarríkin skulu viðurkenna vitnisburð um formlega menntun og hæfi í ljósmóðurfræði, gefinn út í Póllandi til handa ljósmæðrum sem hafa lokið námi fyrir 1. maí 2004 sem uppfyllir ekki lágmarkskröfur um menntun sem mælt er fyrir um í 40. gr., að því tilskildu að viðkomandi leggi fram prófskírteini fyrir nám sem samsvarar B.S.-prófi og að það hafi verið gefið út eftir að viðkomandi lauk sérstakri endurmenntun sem er að finna í 11. gr. laga frá 20. apríl 2004 um breytingu á lögum um starfsgreinar hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra og öðrum lagagerningum (Stjórnartíðindi Lýðveldisins Póllands frá 30. apríl 2004 nr. 92, liður 885) og reglugerð heilbrigðisráðherra frá 11. maí 2004 um nákvæm skilyrði varðandi menntun hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra sem hafa lokið prófi á framhaldsskólastigi (lokapróf – „matura“) og námi við læknaskóla og fagskóla á sviði hjúkrunarfræða og ljósmóðurfræða (Stjórnartíðindi Lýðveldisins Póllands frá 13. maí 2004 nr. 110, liður 1170), með það markmið að stað-

festa að hlutaðeigandi einstaklingur búi yfir sambærilegri þekkingu og hæfni og ljósmæður sem hafa öðlast þá menntun og hæfi sem eru, að því er Pólland varðar, skilgreind í lið 5.5.2 í V. viðauka.

7. þáttur

Lyfjafræðingar

44. gr.

Nám lyfjafræðinga

1. Til að fá aðgang að námi í lyfjafræði verður hlutaðeigandi að hafa undir höndum prófskírteini eða vottorð sem veitir aðgang í aðildarríki að viðkomandi námi við háskóla eða æðri menntastofnanir sem eru viðurkenndar á samsvarandi stigi.

2. Vitnisburður um formlega menntun og hæfi lyfjafræðings skal staðfesta a.m.k. fimm ára nám sem felur í sér a.m.k.:

a) fjögurra ára fullt fræðilegt og verklegt nám við háskóla eða æðri menntastofnanir sem hafa hlotið viðurkenningu á samsvarandi stigi eða undir umsjón háskóla,

b) sex mánaða starfsþjálfun í lyfjaverslun sem er opin almenningi eða á sjúkrahúsi undir umsjón lyfjadeildar á því sjúkrahúsi.

Starfsþjálfunin skal a.m.k. fela í sér námsáætlunina sem lýst er í lið 5.6.1 í V. viðauka. Heimilt er að breyta listanum yfir námsefni, sem er skráð í lið 5.6.1 í V. viðauka, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 58. gr. með það í huga að laga hann að framförum á sviði vísinda og tækni.

Slíkar uppfærslur mega ekki, í neinu aðildarríki, hafa í för með sér breytingu á gildandi meginreglum í tengslum við uppbyggingu á starfsgreinum að því er varðar nám og skilyrði fyrir aðgangi einstaklinga.

3. Nám í lyfjafræði skal veita tryggingu fyrir því að hlutaðeigandi einstaklingur hafi öðlast eftirfarandi þekkingu og færni:

a) fullnægjandi þekkingu á lyfjum og þeim efnum sem notuð eru við framleiðslu lyfja,

b) fullnægjandi þekkingu á lyfjagerðarfræði og eðlisfræðilegri, efnafræðilegri, líffræðilegri og örverufræðilegri prófun á lyfjum,

c) fullnægjandi þekkingu á umbroti og verkun lyfja og eiturefna og á notkun lyfja,

d) fullnægjandi þekkingu til að meta vísindaleg gögn er varða lyf svo að viðkomandi sé fær um að veita viðeigandi upplýsingar á grundvelli þessarar þekkingar,

e) fullnægjandi þekkingu á lagalegum jafnt sem öðrum kröfum sem gerðar eru til þeirra sem stunda lyfsölu.

45. gr.

Að starfa sem lyfjafræðingur

1. Í þessari tilskipun er aðgangur að og iðkun starfs lyfjafræðings, að því er þessa tilskipun varðar, bundin, í einu eða fleiri aðildarríkjum, skilyrði um faglega menntun og hæfi og handhöfum vitnisburðar um formlega menntun og hæfi til þeirra starfstitla sem eru skráðir í lið 5.6.2 í V. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að handhafar vitnisburðar um formlega menntun og hæfi í lyfsölufræðum á háskólastigi eða á samsvarandi menntunarstigi, sem fullnægja ákvæðum 44. gr., eigi rétt á að fá aðgang að og stunda a.m.k. eftirtalin störf, með fyrirvara um kröfur, eftir því sem við á, um viðbótarstarfsreynslu:

a) gerð lyfjaforma lyfja,

b) framleiðsla og prófun lyfja,

c) prófun lyfja á lyfjarannsóknarstofu,

d) geymsla, varðveisla og dreifing lyfja á heildsölustigi,

e) gerð, prófun, geymsla og öflun lyfja fyrir lyfjaverslanir sem eru opnar almenningi,

f) gerð, prófun, geymsla og afgreiðsla lyfja innan sjúkrahúsa,

g) miðlun upplýsinga og ráðgjöf um lyf.

3. Ef aðildarríki setur það skilyrði fyrir því að fá aðgang að og iðka starf lyfjafræðings að hann hafi viðbótarstarfsreynslu, auk vitnisburðar um formlega menntun og hæfi, sem um getur í lið 5.6.2 í V. viðauka, skal það viðurkenna sem fullnægjandi sönnun vottorð gefið út af lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins sem staðfestir að hlutaðeigandi einstaklingur hafi stundað þessi störf í heimaaðildarríkinu í sambærilegan tíma.

4. Viðurkenningin, sem um getur í 3. mgr., gildir ekki hvað varðar tveggja ára starfsreynslutímabilið sem krafist er í Stórhertogadæminu Lúxemborg áður en ríkið veitir opinbert starfsleyfi lyfjafræðings.

5. Ef samkeppnispróf var fyrir hendi í aðildarríki 16. september 1985, sem miðar að því að velja úr

hópi handhafa sem um getur í 2. mgr. þá sem fá heimild til að gerast eigendur nýrra lyfjaverslana, sem komið er á fót samkvæmt landsbundnu kerfi um landfræðilega staðsetningu lyfjaverslana, getur aðildarríkið, þrátt fyrir 1. mgr., haldið þessu samkeppnisprófi og krafist þess að ríkisborgarar aðildarríkjanna, sem hafa undir höndum vitnisburð um formlega menntun og hæfi lyfjafræðings sem um getur í lið 5.6.2 í V. viðauka eða njóta hags af ákvæðum 23. gr., þreyti slíkt próf.

8. þáttur

Arkitektar

46. gr.

Nám arkitekta

1. Nám arkitekts skal fela í sér a.m.k. fjögurra ára fullt nám eða sex ára nám, þar af a.m.k. þriggja ára fullt nám við háskóla eða sambærilega menntastofnun.Náminu skal ljúka með fullnægjandi prófi á háskólastigi.

Námið, sem verður að vera á háskólastigi og með byggingarlist sem meginviðfangsefni, verður að hafa jafnvægi milli fræðilegra og verklegra þátta byggingarlistarnámsins og tryggja að viðkomandi öðlist eftirfarandi þekkingu og færni:

a) hæfni til að gera teikningar á sviði byggingarlistar sem fullnægja bæði fagurfræðilegum og tæknilegum kröfum,

b) fullnægjandi þekkingu á sögu og stefnum í byggingarlist og skyldum greinum á sviði lista, tækni og mannvísinda,

c) þekkingu á áhrifum fagurra lista á gæði hönnunar í byggingarlist,

d) fullnægjandi þekkingu á borgarskipulagi, áætlanagerð og þeirri færni sem nauðsynleg er við áætlanagerð,

e) skilning á sambandinu á milli fólks og bygginga og milli bygginga og umhverfis þeirra, svo og á mikilvægi þess að laga byggingar og rými á milli þeirra að þörfum og aðstæðum manna,

f) skilning á byggingarlist sem starfsgrein og hlutverki arkitektsins í samfélaginu, einkum við undirbúning verkefna þar sem taka þarf mið af félagslegum þáttum,

g) skilning á þeim rannsóknaraðferðum og undirbúningi sem fara verður fram við undirbúning hönnunarverkefnis,

h) skilning á vandamálum er tengjast burðarþoli, byggingarfræðilegum og verkfræðilegum þáttum í húsateikningum,

i) fullnægjandi þekkingu á vandamálum er tengjast efnislegri útfærslu og tækni og því hlutverki að byggingar verði að hanna með það í huga að þær veiti bæði vernd gegn veðráttu og þægindi hvað innra skipulag varðar,

j) nauðsynlega færni í hönnun til að þeir geti fullnægt kröfum þeirra sem nota byggingar, innan þeirra marka sem kostnaðaráætlanir og byggingareglur setja,

k) fullnægjandi þekkingu á þeim atvinnugreinum, stofnunum, reglum og málsmeðferð sem tengjast hönnun bygginga og því að fella skipulag inn í heildarskipulag.

2. Heimilt er að breyta listanum yfir þekkingu og færni sem er skráð í 1. mgr., í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 58. gr., með það í huga að laga þær að framförum á sviði vísinda og tækni.

Slíkar uppfærslur mega ekki, í neinu aðildarríki, hafa í för með sér breytingu á gildandi meginreglum í tengslum við uppbyggingu á starfsgreinum að því er varðar nám og skilyrði fyrir aðgangi einstaklinga.

47. gr.

Undanþágur frá skilyrðum varðandi nám arkitekta

1. Þrátt fyrir 46. gr. skal eftirfarandi einnig teljast fullnægja 21. gr.: þriggja ára nám við „Fachhochschulen“ í Sambandslýðveldinu Þýskalandi, sem var komið á 5. ágúst 1985 og fullnægir kröfunum sem um getur í 46. gr. og veitir aðgang að því starfi sem um getur í 48. gr. í því aðildarríki undir starfsheitinu „arkitekt“, svo fremi að náminu fylgi fjögurra ára starfsreynsla í Sambandslýðveldinu Þýskalandi, staðfest með vottorði útgefnu af því fagfélagi sem arkitektinn, sem óskar eftir að njóta góðs af ákvæðum þessarar tilskipunar, er skráður hjá.

Fagfélagið verður fyrst að ganga úr skugga um að verk viðkomandi arkitekts á sviði byggingarlistar sýni fram á sannfærandi beitingu á allri þeirri þekkingu og færni sem skráð er í 1. mgr. 46. gr. Þetta vottorð er gefið út á grundvelli sömu málsmeðferðar og notuð er við skráningu hjá fagfélaginu.

2. Þrátt fyrir 46. gr. skal eftirfarandi teljast fullnægja 21. gr.: nám sem er hluti af félagslegri umbótaáætlun eða hlutanámi á háskólastigi og fullnægir

skilyrðum sem um getur í 46. gr., vottað með prófi í byggingarlist sem einstaklingur, sem hefur unnið í sjö ár eða lengur á sviði byggingarlistar undir umsjón arkitekts eða arkitektastofu, hefur staðist.

Prófið verður að vera á háskólastigi og samsvara lokaprófinu sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 46. gr.

48. gr.

Að starfa sem arkitekt

1. Í þessari tilskipun er starf arkitekts það starf sem er almennt iðkað undir starfsheitinu „arkitekt“.

2. Litið skal svo á að ríkisborgarar aðildarríkis, sem hafa leyfi til að nota þetta starfsheiti samkvæmt lögum sem veita lögbærum yfirvöldum í aðildarríki heimild til að úthluta ríkisborgurum aðildarríkjanna, sem hafa borið af í starfi sínu á sviði byggingarlistar í krafti gæða, þessu starfsheiti, fullnægi þeim skilyrðum sem krafist er til að mega starfa sem arkitekt og undir starfsheitinu „arkitekt“. Heimaaðildarríki hlutaðeigandi einstaklinga skal gefa út vottorð sem staðfestir að starfsemin falli undir svið byggingarlistar.

49. gr.

Áunnin réttindi arkitekta

1. Sérhvert aðildarríki skal viðurkenna vitnisburð um formlega menntun og hæfi arkitekts, sem skráð er í VI. viðauka og er gefinn út í hinum aðildarríkjunum til staðfestingar á námi sem hófst eigi síðar en viðmiðunarskólaárið sem tilgreint er í þeim viðauka, jafnvel þótt hann uppfylli ekki lágmarkskröfurnar sem mælt er fyrir um í 46. gr., og skal, að því er varðar aðgang að og stundun starfs arkitekts, láta slíkan vitnisburð hafa sama gildi á yfirráðasvæði sínu og vitnisburð um formlega menntun og hæfi arkitekts sem aðildarríkið sjálft gefur út.

Undir þessum kringumstæðum skal viðurkenna vottorð sem eru gefin út af lögbærum yfirvöldum Sambandslýðveldisins Þýskalands og staðfesta að vitnisburður um formlega menntun og hæfi, sem Þýska alþýðulýðveldið gefur út 8. maí 1945 eða síðar samsvari þeim vitnisburði sem skráður er í þeim viðauka.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. skal sérhvert aðildarríki viðurkenna eftirfarandi vitnisburð um formlega menntun og hæfi og láta hann, að því er varðar aðgang að og stundun starfs arkitekts, hafa sama gildi á sínu yfirráðasvæði og þann vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem það sjálft gefur út: vottorð sem gefin eru út til handa ríkisborgurum aðildarríkjanna af aðildarríkjum sem hafa samþykkt reglur um aðgang að og stundun starfs arkitekts frá og með eftirtöldum dögum:

a) 1. janúar 1995 að því er varðar Austurríki, Finnland og Svíþjóð,

b) 1. maí 2004 að því er varðar Tékkland, Eistland, Kýpur, Lettland, Litháen, Ungverjaland, Möltu, Pólland, Slóveníu og Slóvakíu,

c) 5. ágúst 1987 að því er varðar önnur aðildarríki.

Vottorðin, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu staðfesta að handhafinn hafi fengið leyfi, eigi síðar en á viðkomandi degi, til að nota starfsheiti arkitekts og að hann hafi í reynd gegnt, í tengslum við reglurnar, umræddu starfi í þrjú ár samfellt á næstliðnum fimm árum fyrir útgáfudag vottorðsins.

IV. KAFLI

Sameiginleg ákvæði varðandi staðfestu

50. gr.

Skjalahald og formsatriði

1. Þegar lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins taka ákvörðun um umsókn um starfsleyfi til að stunda umrædda lögverndaða starfsgrein, skv. þessum bálki, geta þessi yfirvöld krafist þeirra skjala og vottorða sem skráð eru í VII. viðauka.

Skjöl, sem um getur í d-, e-, og f-lið 1. liðar í VII. viðauka, skulu ekki vera eldri en þriggja mánaða á þeim degi sem þau eru lögð fram.

Aðildarríkin, stofnanir og aðrir lögaðilar skulu tryggja að trúnaðar sé gætt um þær upplýsingar sem þeim berast.

2. Ef fyrir hendi er réttmætur vafi getur gistiaðildarríkið krafist þess að lögbær yfirvöld í öðru aðildarríki staðfesti áreiðanleika staðfestingarinnar og vitnisburðar um formlega menntun og hæfi sem hefur verið gefinn út í því aðildarríki og staðfesti jafnframt, þar sem við á, að rétthafinn fullnægi, að því er varðar starfsgreinarnar sem um getur í III. kafla þessa bálks, þeim lágmarkskröfum um menntun sem um getur í 24., 24., 28., 31., 34., 35., 38., 40., 44. og 46. gr.

3. Ef fyrir hendi er réttmætur vafi þegar vitnisburður um formlega menntun og hæfi, eins og hann er skilgreindur í c-lið 1. mgr. 3. gr., hefur verið gefinn út af lögbæru yfirvaldi aðildarríkis og felur í sér nám sem fór fram, að öllu leyti eða að hluta til, í mennta-

stofnun sem hefur lagalega staðfestu á yfirráðasvæði í öðru aðildarríki, skal gistiaðildarríkið eiga rétt á að fá staðfestingu á eftirfarandi atriðum hjá lögbæru yfirvaldi upprunaaðildarríkisins sem gaf út vitnisburðinn:

a) hvort námið við stofnunina hafi fengið formlega staðfestingu frá þeirri menntastofnun sem staðsett er í upprunaaðildarríkinu þar sem hann er gefinn út,

b) hvort vitnisburðurinn um formlega menntun og hæfi sé hinn sami og hefði verið gefinn út ef námið hefði alfarið verið stundað í upprunaaðildarríkinu þar sem hann er gefinn út og

c) hvort vitnisburðurinn um formlega menntun og hæfi veiti sömu starfsréttindi á yfirráðasvæði upprunaaðildarríkisins þar sem hann var gefinn út.

4. Ef gistiaðildarríki krefst þess að ríkisborgarar þess sverji eið eða gefi eiðsvarna yfirlýsingu til að fá aðgang að lögverndaðri starfsgrein og geti ríkisborgarar annarra aðildarríkja ekki notað orðalag eiðsins eða yfirlýsingarinnar skal gistiaðildarríkið tryggja að umræddir einstaklingar geti notað viðeigandi og sambærilegt orðalag.

51. gr.

Málsmeðferð fyrir gagnkvæma viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi

1. Lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins skal staðfesta viðtöku umsóknar innan eins mánaðar frá því að hún berst og láta umsækjanda vita ef skjöl vantar.

2. Málsmeðferð fyrir umfjöllun umsóknar um starfsleyfi til að stunda lögverndaða starfsgrein skal lokið svo skjótt sem auðið er og leiða til rökstuddrar niðurstöðu lögbærs yfirvalds gistiaðildarríkisins eigi síðar en þremur mánuðum eftir þann dag sem fullgert skjal umsækjanda var lagt fram. Hins vegar er heimilt að framlengja þennan frest um einn mánuð í þeim tilvikum sem falla undir I. og II. kafla þessa bálks.

3. Ákvörðuninni, eða hafi ákvörðun ekki verið tekin innan frestsins, skal vera hægt að áfrýja samkvæmt landslögum.

52. gr.

Notkun starfsheita

1. Ef notkun starfsheitis, sem tengist einhverju því starfi sem heyrir undir starfsgreinina, er lögverndað í gistiaðildarríki skulu ríkisborgarar annarra aðildarríkja, sem hafa heimild til að leggja stund á lögverndaða starfsgrein á grundvelli III. bálks, nota starfsheiti gistiaðildarríkisins sem samsvarar þeirri starfsgrein í því aðildarríki og nota mögulega skammstöfun.

2. Ef samtök eða félag í gistiaðildarríki lögverndar starfsgrein í skilningi 2. mgr. 3. gr. skal ríkisborgurum aðildarríkja ekki heimilt að nota starfsheitið eða skammstöfun þess sem téð félag eða samtök gefa út nema þeir láti í té sönnunargögn um að þeir eigi aðild að því félagi eða séu félagar í þeim samtökum.

Ef félagið eða samtökin setja fram skilyrði fyrir aðild ríkisborgara annarra aðildarríkja, sem hafa öðlast faglega menntun og hæfi, er þeim það heimilt en aðeins samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

IV. BÁLKUR

ÍTARLEG SKILYRÐI FYRIR ÞVÍ AÐ LEGGJA STUND Á STARFSGREIN

53. gr.

Tungumálakunnátta

Einstaklingar, sem fá viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, skulu búa yfir þeirri tungumálakunnáttu sem nauðsynleg er til að geta lagt stund á starfsgreinina í gistiaðildarríkinu.

54. gr.

Notkun námstitla

Með fyrirvara um 7. og 52. gr. skal gistiaðildarríkið tryggja að viðkomandi einstaklingar eigi rétt á að nota þá námstitla, sem þeir hafa öðlast í heimaaðildarríkinu og mögulega skammstöfun þeirra, á tungumáli heimaaðildarríkisins.

Gistiaðildarríkið getur krafist þess að titlinum fylgi upplýsingar um heiti og heimilisfang stofnunarinnar eða prófanefndarinnar sem veitti hann. Ef líklegt má telja að námstitli heimaaðildarríkisins verði ruglað saman við titil í gistiaðildarríkinu, sem krefst viðbótarnáms í því ríki en viðkomandi einstaklingur hefur ekki lokið, er gistiaðildarríkinu heimilt að krefjast þess að hann noti námstitil heimaaðildarríkisins á viðeigandi formi sem gistiaðildarríkið setur fram.

55. gr.

Samþykki sjúkratryggingasjóða

Með fyrirvara um 1. mgr. 5. gr. og b-lið fyrstu undirgreinar 6. gr. skulu aðildarríki, sem krefjast þess að

einstaklingar, sem hafa öðlast faglega menntun og hæfi á yfirráðasvæði þeirra, ljúki undirbúningstímabili starfsþjálfunar og/eða starfsreynslutímabili til að fá samþykki sjúkratryggingasjóða falla frá slíkri kröfu gagnvart handhöfum vitnisburðar um faglega menntun og hæfi læknis og tannlæknis sem viðkomandi hefur öðlast í öðru aðildarríki.

V. BÁLKUR

SAMVINNA STJÓRNVALDA OG FRAMKVÆMDARVALD

56. gr.

Lögbær yfirvöld

1. Lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins og heimaaðildarríkisins skulu hafa náið samráð og veita gagnkvæma aðstoð til að auðvelda beitingu þessarar tilskipunar. Þau skulu tryggja að farið verði með upplýsingarnar sem þau skiptast á sem trúnaðarmál.

2. Lögbær yfirvöld gisti- og heimaaðildarríkjanna skulu skiptast á upplýsingum að því er varðar viðurlög eða refsiaðgerðir eða aðrar alvarlegar, sérstakar aðstæður sem eru líklegar til að hafa áhrif á starfrækslu samkvæmt þessari tilskipun en virða löggjöf um vernd persónuupplýsinga, sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) ([2]).

Heimaaðildarríkið skal sannprófa áreiðanleika aðstæðnanna og yfirvöld þess skulu taka ákvörðun um eðli og umfang þeirra rannsókna sem þarf að framkvæma og skulu tilkynna gistiaðildarríkinu um niðurstöður þær sem fengnar eru út frá þeim upplýsingum sem það hefur aðgang að.

3. Hvert aðildarríki skal, eigi síðar en 20. október 2007, tilnefna þau yfirvöld og stofnanir sem eru til þess bær að veita eða taka á móti vitnisburði um formlega menntun og hæfi ásamt öðrum skjölum eða upplýsingum sem og þau sem eru til þess bær að taka á móti umsóknum og taka þær ákvarðanir sem um getur í þessari tilskipun og skulu þegar í stað tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um það.

4. Aðildarríkin skulu tilnefna samræmingaraðila fyrir starfsemi þeirra yfirvalda sem um getur í 1. mgr. og tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni.

Verkefni samræmingaraðila skulu vera:

a) að stuðla að samræmdri beitingu ákvæða tilskipunar þessarar,

b) að safna saman öllum upplýsingum sem skipta máli við beitingu þessarar tilskipunar, t.d. varðandi skilyrðin fyrir aðgangi að lögverndaðri starfsgrein í aðildarríkjunum.

Í þeim tilgangi að leysa það verkefni, sem skráð er í b-lið, mega samræmingaraðilar leita aðstoðar hjá þeim upplýsinga- og þjónustumiðstöðvum sem um getur í 57. gr.

57. gr.

Upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar

Eigi síðar en 20. október 2007 skal sérhvert aðildarríki tilnefna upplýsinga- og þjónustumiðstöð fyrir eftirfarandi verkefni:

a) að sjá ríkisborgurum og upplýsinga- og þjónustumiðstöðvum hinna aðildarríkjanna fyrir nauðsynlegum upplýsingum varðandi viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi sem kveðið er á um í þessari tilskipun, t.d. upplýsingum varðandi landslög um starfsgreinarnar og iðkun þeirra, þ.m.t. félagsmálalöggjöf og, þar sem við á, siðareglur,

b) að aðstoða ríkisborgara við að nýta sér þau réttindi sem þessi tilskipun veitir þeim, ef við á í samstarfi við aðrar upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar og lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins.

Upplýsinga- og þjónustumiðstöðvarnar skulu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, greina framkvæmdastjórninni frá niðurstöðum þeirra mála sem þær hafa til meðferðar samkvæmt ákvæðum b-liðar innan tveggja mánaða frá því að þær tóku við þeim.

58. gr.

Nefnd um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, hér á eftir kölluð „nefndin“, sem er skipuð fulltrúum að-

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.
([2]) Stjtíð. EB L 201, 31.07.2002, bls. 37.

ildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

59. gr.

Samráð

Framkvæmdastjórninni ber að tryggja að haft sé samráð á viðeigandi hátt við sérfræðinga úr umræddum starfsstéttum, einkum í tengslum við starf nefndarinnar, sem um getur í 58. gr., og skal leggja fyrir nefndina rökstudda skýrslu varðandi samráðið.

VI. BÁLKUR

ÖNNUR ÁKVÆÐI

60. gr.

Skýrslur

1. Frá og með 20. október 2007 skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslu á tveggja ára fresti um beitingu kerfisins. Jafnframt því sem skýrslan fjallar almennt um málið skal skýrslan einnig veita tölfræðilegt yfirlit yfir ákvarðanir sem teknar hafa verið og lýsa helsta vanda sem upp hefur komið við beitingu tilskipunarinnar.

2. Frá og með 20. október 2007 skal framkvæmdastjórnin taka saman skýrslu á fimm ára fresti um framkvæmd þessarar tilskipunar.

61. gr.

Undanþáguákvæði

Komi upp meiri háttar vandkvæði við beitingu einhvers ákvæðis þessarar tilskipunar á tilteknu sviði í aðildarríki skal framkvæmdastjórnin rannsaka þessi vandkvæði í samvinnu við þetta aðildarríki.

Þar sem við á skal framkvæmdastjórnin ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 58. gr., að heimila hlutaðeigandi aðildarríki að víkja frá viðkomandi ákvæðum í takmarkaðan tíma.

62. gr.

Niðurfelling

Tilskipanir 77/452/EBE, 77/453/EBE, 78/686/EBE, 78/687/EBE, 78/1026/EBE, 78/1027/EBE, 80/154/EBE, 80/155/EBE, 85/384/EBE, 85/432/EBE, 85/433/EBE, 89/48/EBE, 92/51/EBE, 93/16/EBE og 1999/42/EB eru felldar úr gildi frá og með 20. október 2007. Litið skal á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun og skal niðurfellingin ekki hafa áhrif á þær gerðir sem voru samþykktar á grundvelli þessara tilskipana.

63. gr.

Lögleiðing

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli eigi síðar en 20. október 2007 til að fara að tilskipun þessari.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

64. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

65. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 7. september 2005.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BORRELL FONTELLES	C. CLARKE
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

Skrá yfir fagfélög eða -samtök sem fullnægja skilyrðum 2. mgr. 3. gr.

ÍRLAND ([1])

1. The Institute of Chartered Accountants in Ireland ([2])
2. The Institute of Certified Public Accountants in Ireland ([2])
3. The Association of Certified Accountants ([2])
4. Institution of Engineers of Ireland
5. Irish Planning Institute

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

1. Institute of Chartered Accountants in England and Wales
2. Institute of Chartered Accountants of Scotland
3. Institute of Chartered Accountants in Ireland
4. Chartered Association of Certified Accountants
5. Chartered Institute of Loss Adjusters
6. Chartered Institute of Management Accountants
7. Institute of Chartered Secretaries and Administrators
8. Chartered Insurance Institute
9. Institute of Actuaries
10. Faculty of Actuaries
11. Chartered Institute of Bankers
12. Institute of Bankers in Scotland
13. Royal Institution of Chartered Surveyors
14. Royal Town Planning Institute
15. Chartered Society of Physiotherapy
16. Royal Society of Chemistry
17. British Psychological Society
18. Library Association
19. Institute of Chartered Foresters
20. Chartered Institute of Building
21. Engineering Council
22. Institute of Energy
23. Institution of Structural Engineers

([1]) Írskir ríkisborgarar heyra einnig til eftirtalinna félaga eða samtaka í Breska konungsríkinu:
Institute of Chartered Accountants in England and Wales
Institute of Chartered Accountants of Scotland
Institute of Actuaries Faculty of Actuaries
The Chartered Institute of Management Accountants
Institute of Chartered Secretaries and Administrators
Royal Town Planning Institute
Royal Institution of Chartered Surveyors
Chartered Institute of Building.

([2]) Eingöngu að því er varðar endurskoðun.

24. Institution of Civil Engineers
25. Institution of Mining Engineers
26. Institution of Mining and Metallurgy
27. Institution of Electrical Engineers
28. Institution of Gas Engineers
29. Institution of Mechanical Engineers
30. Institution of Chemical Engineers
31. Institution of Production Engineers
32. Institution of Marine Engineers
33. Royal Institution of Naval Architects
34. Royal Aeronautical Society
35. Institute of Metals
36. Chartered Institution of Building Services Engineers
37. Institute of Measurement and Control
38. British Computer Society

II. VIÐAUKI

Skrá yfir nám sem er byggt upp á sérstakan hátt eins og um getur í ii-lið c-liðar 11. gr.

1. *Nám í heilbrigðisgreinum, öðrum en læknisfræði, og umönnun barna*

Nám fyrir:

í Þýskalandi:

– barnahjúkrunarfræðinga („Kinderkrankenschwester/Kinderkrankenpfleger“),
– sjúkraþjálfara („Krankengymnast(in)/Physiotherapeut(in)“) ([1]),
– iðjuþjálfa (Beschäftigungs- und Arbeitstherapeut/Ergotherapeut),
– talmeinafræðinga („Logopäde/Logopädin“),
– augnþjálfa („Orthoptist(in)“),
– kennslu- og uppeldisfræðinga viðurkennda af ríkinu („Staatlich anerkannte(r) Erzieher(in)“),
– sérkennara viðurkennda af ríkinu („Staatlich anerkannte(r) Heilpädagoge(-in)“),
– lífeindafræðinga („medizinisch-technische(r) Laboratoriums- Assistent(in)“),
– geislafræðinga („medizinisch-technische(r) Laboratoriums- Assistent(in)“),
– lífeindafræðinga á sviði lífeðlisfræði („medizinisch-technische(r) Assistent(in) für Funktionsdiagnostik“),
– aðstoðarmenn á sviði dýralækninga („veterinärmedizinisch-technische(r) Assistent(in)“),
– næringarfræðinga („Diätassistent(in)“),
– lyfjatækna („Pharmazieingenieur“), lokið fyrir 31. mars 1994 í fyrrum Þýska alþýðulýðveldinu eða á yfirráðasvæði hinna nýju sambandsríkja,
– geðhjúkrunarfræðinga („Psychiatrische(r) Krankenschwester/Krankenpfleger“),
– talmeinafræðinga („Sprachtherapeut(in)“),

([1]) Frá og með 1. júní 1994 kom starfsheitið „Physiotherapeut(in)“ í stað „Krankengymnast(in)“. Hins vegar er starfsmönnum í greininni, sem fengu prófskírteini fyrir þann dag, heimilt að nota fyrra heitið, „Krankengymnast(in)", óski þeir þess.

í Tékklandi:

– aðstoðarmenn í heilbrigðisþjónustu (zdravotnický asistent), sem felur í sér a.m.k. 13 ára nám alls og samanstendur af a.m.k. átta ára grunnskólanámi og fjögurra ára starfsnámi í fagskóla á sviði læknavísinda á framhaldsskólastigi og lýkur með „maturitní zkouška“-prófi,
– aðstoðarmenn næringarfræðinga (nutriční asistent), sem felur í sér a.m.k. 13 ára nám alls og samanstendur af a.m.k. átta ára grunnskólanámi og fjögurra ára starfsnámi í fagskóla á sviði læknavísinda á framhaldsskólastigi og lýkur með „maturitní zkouška“-prófi,

á Ítalíu:

– tannsmiði („odontotecnico“),
– sjóntækjafræðinga („ottico“),

á Kýpur:

– tannsmiði („οδοντοτεχνίτης“),

sem felur í sér a.m.k. 14 ára nám alls og samanstendur af a.m.k. sex ára grunnskólanámi, sex ára framhaldsskólanámi og tveggja ára starfsnámi eftir framhaldsskólastig og í framhaldi af því eins árs starfsreynslu,

– sjóntækjafræðinga („τεχνικός οπτικός“),

sem felur í sér a.m.k. 14 ára nám alls og samanstendur af a.m.k. sex ára grunnskólanámi, sex ára framhaldsskólanámi og tveggja ára námi eftir framhaldsskólastig og í framhaldi af því eins árs starfsreynslu,

í Lettlandi:

– aðstoðarmenn tannlæknis, tanntækna („zobârstniecîbas mâsa“),

sem felur í sér a.m.k. 13 ára nám alls og samanstendur af a.m.k. tíu ára almennu námi og tveggja ára starfsnámi í fagskóla á sviði læknavísinda og í framhaldi af því þriggja ára starfsreynslu sem lýkur með prófi sem viðkomandi verður að standast til að öðlast starfsréttindi í sérgreininni,

– aðstoðarmenn á rannsóknastofum í líflæknisfræði (biomedicīnas laborants),

sem felur í sér a.m.k. 12 ára nám alls og samanstendur af a.m.k. tíu ára almennu námi og tveggja ára starfsnámi í fagskóla á sviði læknavísinda og í framhaldi af því tveggja ára starfsreynslu sem lýkur með prófi sem viðkomandi verður að standast til að öðlast starfsréttindi í sérgreininni,

– tannsmiði („zobu tehniķis“),

sem felur í sér a.m.k. 12 ára nám alls og samanstendur af a.m.k. tíu ára almennu námi og tveggja ára starfsnámi í fagskóla á sviði læknavísinda og í framhaldi af því tveggja ára starfsreynslu sem lýkur með prófi sem viðkomandi verður að standast til að öðlast starfsréttindi í sérgreininni,

– aðstoðarmenn sjúkraþjálfara („fizioterapeita asistents“),

sem felur í sér a.m.k. 13 ára nám alls og samanstendur af a.m.k. tíu ára almennu námi og þriggja ára starfsnámi í fagskóla á sviði læknavísinda og í framhaldi af því tveggja ára starfsreynslu sem lýkur með prófi sem viðkomandi verður að standast til að öðlast starfsréttindi í sérgreininni,

í Lúxemborg:

– geislafræðinga („assistant(e) technique médical(e) en radiologie“),
– lífeindafræðinga („assistant(e) technique médical(e) de laboratoire“),
– geðhjúkrunarfræðinga („infirmier/ière psychiatrique“),
– aðstoðarmenn á sviði skurðlækninga („assistant(e) technique médical(e) en chirurgie“),
– barnahjúkrunarfræðinga („infirmier/ière puériculteur/trice“),
– svæfingahjúkrunarfræðinga („infirmier/ière anesthésiste“),
– viðurkennda nuddara („masseur/euse diplômé(e)“),
– kennslu- og uppeldisfræðinga („éducateur/trice“),

í Hollandi:

– aðstoðarmenn dýralækna („dierenartsassistent“),

sem felur í sér a.m.k. 13 ára nám alls, þ.a.:

i. a.m.k. þriggja ára starfsnám í sérskóla sem lýkur með prófi þar sem í sumum tilvikum bætist við eins eða tveggja ára sérnám sem lýkur með prófi eða

ii. a.m.k. tveggja og hálfs árs starfsnám í sérskóla sem lýkur með prófi þar sem við bætist starfsreynsla í a.m.k. sex mánuði eða a.m.k. sex mánaða starfsþjálfun í viðurkenndri starfsstöð eða

iii. a.m.k. tveggja ára starfsnám í sérskóla sem lýkur með prófi þar sem við bætist starfsreynsla í a.m.k. eitt ár eða a.m.k. eins árs starfsþjálfun í viðurkenndri starfsstöð eða

iv. ef um ræðir aðstoðarmann dýralæknis („dierenartassistent“), annaðhvort þriggja ára starfsnám í sérskóla („MBOkerfið) eða þriggja ára samþættingarnám á námssamningi („LLW“) sem hvoru tveggja lýkur með prófi,

í Austurríki:

– sérstakt grunnnám fyrir hjúkrunarfræðinga sem sérhæfa sig í umönnun barna og ungs fólks („spezielle Grundausbildung in der Kinder- und Jugendlichenpflege“),

– sérstakt grunnnám fyrir geðhjúkrunarfræðinga („spezielle Grundausbildung in der psychiatrischen Gesundheits-und Krankenpflege“),

– augnlinsufræðinga („Kontaktlinsenoptiker“),

– fótaaðgerðafræðinga („Fuβpfleger“),

– heyrnartækna („Hörgeräteakustiker“),

– lyfsala („Drogist“),

sem felur í sér a.m.k. 14 ára nám alls, þ.m.t. a.m.k. fimm ára starfsnám sem er liður í skipulögðu námi og skiptist í a.m.k. þriggja ára nám á námssamningi sem felur í sér þjálfun að hluta til á vinnustað og að hluta til á starfsmenntastofnun og starfsreynslu og -þjálfun sem lýkur með prófi í viðkomandi grein sem veitir rétt til að starfa í greininni og þjálfa lærlinga,

– nuddara („Masseur“),

sem felur í sér 14 ára nám alls, þ.m.t. fimm ára starfsnám sem er liður í skipulögðu námi og felur í sér tveggja ára nám á námssamningi, tveggja ára tímabil starfsreynslu og -þjálfunar og eins árs starfsnám sem lýkur með prófi sem veitir rétt til að starfa í greininni og þjálfa lærlinga,

– leikskólakennara („Kindergaertner/in“),

– kennslu- og uppeldisfræðinga („Erzieher“),

sem felur í sér 13 ára nám alls, þ.m.t. fimm ára faglegt nám í sérskóla sem lýkur með prófi,

í Slóvakíu:

– danskennara í listaskólum á grunnstigi („učiteľ v tanečnom odbore na základných umeleckých školách“),

sem felur í sér a.m.k. 14,5 ára nám alls og samanstendur af a.m.k. átta ára grunnskólanámi, fjögurra ára námi í sérskóla á framhaldsskólastigi og fimm anna námi í kennslufræði dansmennta,

– kennara við sérkennslu- og félagsþjónustustofnanir („vychovávatel’ v špeciálnych výchovných zariadeniach a v zariadeniach sociálnych služieb“)**,**

sem felur í sér a.m.k. 14 ára nám alls og samanstendur af a.m.k. átta til níu ára grunnskólanámi, fjögurra ára námi í kennaraskóla á framhaldsskólastigi eða öðrum framhaldsskóla og tveggja ára viðbótarnámi í kennslufræði í hlutanámi.“

2. *Meistaranám (Mester/Meister/Maître) á sviði iðnnáms sem fellur ekki undir II. kafla III. bálks þessarar tilskipunar.*

Nám fyrir:

í Danmörku:

– sjóntækjafræðinga („optometrist“),

hér er um að ræða 14 ára nám alls, þ.m.t. fimm ára starfsnám sem skiptist í tveggja og hálfs árs fræðilegt nám í starfsmenntastofnun og tveggja og hálfs árs starfsþjálfun á vinnustað og lýkur með viðurkenndu prófi í greininni sem veitir rétt til að nota titilinn „meistari“,

– stoðtækjasmiði („ortopædimekaniker“),

hér er um að ræða 12,5 ára nám alls, þ.m.t. þriggja og hálfs árs starfsnám sem skiptist í sex mánaða fræðilegt nám í starfsmenntastofnun og þriggja ára starfsþjálfun á vinnustað og lýkur með viðurkenndu prófi í greininni sem veitir rétt til að nota titilinn „meistari“,

– bæklunarskósmiði („ortopædiskomager“),

hér er um að ræða 13,5 ára nám alls, þ.m.t. fjögurra og hálfs árs starfsnám sem skiptist í tveggja ára fræðilegt nám í starfsmenntastofnun og tveggja og hálfs árs starfsþjálfun á vinnustað og lýkur með viðurkenndu prófi í greininni sem veitir rétt til að nota titilinn „meistari“,

í Þýskalandi:

– sjóntækjafræðinga („Augenoptiker“),
– tannsmiði („Zahntechniker“),
– framleiðendur gervilima og umbúða („Bandagist“),
– heyrnartækjasmiði („Hörgeräte-Akustiker“),
– stoðtækjasmiði („Orthopädiemechaniker“),
– bæklunarskósmiði („Orthopädieschuhmacher“),

í Lúxemborg:

– sjóntækjafræðinga („opticien“),
– tannsmiði („mécanicien dentaire“),
– heyrnartækjasmiði (audioprothésiste),
– stoðtækjasmiði/framleiðendur gervilima og umbúða („mécanicien orthopédiste/bandagiste“),
– bæklunarskósmiði („orthopédiste-cordonnier“),

hér er um að ræða 14 ára nám alls, þ.m.t. a.m.k. fimm ára starfsnám sem er liður í skipulögðu námi, og fer að hluta til fram á vinnustað og að hluta til í starfsmenntastofnun og lýkur með prófi sem viðkomandi verður að standast til að geta stundað starfsemi í þeirri iðn, annaðhvort á eigin vegum eða annarra með sambærilegri ábyrgð,

í Austurríki:

– framleiðendur gervilima og umbúða („Bandagist“),
– lífstykkjaframleiðendur („Miederwarenerzeuger“),
– sjóntækjafræðinga („Optiker“),
– bæklunarskósmiði („Orthopädieschuhmacher“),
– stoðtækjasmiði („Orthopädietechniker“),
– tannsmiði („Zahntechniker“),
– garðyrkjumenn („Gärtner“),

sem felur í sér a.m.k. 14 ára nám alls, þ.m.t. minnst fimm ára starfsnám sem er liður í skipulögðu námi og skiptist í a.m.k. þriggja ára nám á námssamningi sem felur í sér þjálfun að hluta til á vinnustað og að hluta í starfsmenntastofnun og a.m.k. tveggja ára starfsreynslu og -þjálfun sem lýkur með meistaraprófi sem veitir rétt til að starfa í greininni, þjálfa lærlinga og nota titilinn „meistari“,

nám fyrir meistara á sviði landbúnaðar og skógræktar, nánar tiltekið:

– meistara á sviði landbúnaðar („Meister in der Landwirtschaft“),
– meistara á sviði búhagfræði („Meister in der ländlichen Hauswirtschaft“),
– meistara á sviði garðyrkju („Meister im Gartenbau“),
– meistara á sviði grænmetisræktunar („Meister im Feldgemüsebau“),
– meistara á sviði ávaxtaræktunar og ávaxtavinnslu („Meister im Obstbau und in der Obstverwertung“),
– meistara á sviði vínræktar og vínframleiðslu („Meister im Weinbau und in der Kellerwirtschaft“),
– meistara á sviði mjólkurvinnslu („Meister in der Molkerei- und Käsereiwirtschaft“),
– meistara á sviði hrossaræktar („Meister in der Pferdewirtschaft“),
– meistara á sviði fiskvinnslu („Meister in der Fischereiwirtschaft“),
– meistara á sviði alifuglaræktar („Meister in der Geflügelwirtschaft“),
– meistara á sviði býflugnaræktar („Meister in der Bienenwirtschaft“),
– meistara á sviði skógræktar („Meister in der Forstwirtschaft“),
– meistara á sviði skógræktar og skógvörslu („Meister in der Forstgarten- und Forstpflegewirtschaft“),
– meistara á sviði landbúnaðarbirgðavörslu („Meister in der landwirtschaftlichen Lagerhaltung“),

sem felur í sér a.m.k. 15 ára nám alls, þ.m.t. minnst sex ára starfsnám sem er liður í skipulögðu námi og skiptist í a.m.k. þriggja ára nám á námssamningi sem felur í sér þjálfun að hluta til í fyrirtæki og að hluta til á starfsmenntastofnun og a.m.k. þriggja ára starfsreynslu sem lýkur með meistaraprófi í greininni og veitir rétt til að þjálfa lærlinga og nota titilinn „meistari“,

í Póllandi:

– kennara í verklegri starfsþjálfun („Nauczyciel praktycznej nauki zawodu“),

sem felur í sér nám sem samanstendur af:

i. átta ára grunnskólanámi og fimm ára starfsnámi á framhaldsskólastigi eða samsvarandi framhaldsskólamenntun á viðeigandi sviði og í framhaldi af því a.m.k. 150 klukkustunda kennslufræðinámskeiði, námskeiði um öryggi og hreinlæti við vinnu og tveggja ára starfsreynslu í þeirri starfsgrein sem viðkomandi hyggst kenna eða
ii. átta ára grunnskólanámi og fimm ára starfsnámi á framhaldsskólastigi og prófskírteini frá kennslufræðilegum tækniskóla eftir framhaldsskólastigið eða
iii. átta ára grunnskólanámi og tveggja til þriggja ára grunnstarfsmenntun á framhaldsskólastigi og a.m.k. þriggja ára starfsreynslu sem lýkur með viðurkenndu meistaraprófi í greininni og í framhaldi af því a.m.k. 150 klukkustunda kennslufræðinámskeiði,

í Slóvakíu:

– meistara í starfsnámi („majster odbornej výchovy“),

sem felur í sér a.m.k. 12 ára nám alls og samanstendur af átta ára grunnnámi, fjögurra ára starfsnámi (starfsnámi á framhaldsskólastigi lokið og/eða námi á viðeigandi (svipuðum) starfsþjálfunar- eða námssamningi), a.m.k. þriggja ára starfsreynslu á því sviði sem viðkomandi hefur lokið starfsþjálfun eða námssamningi í og viðbótarnámi í kennslufræði við háskóladeild í kennslufræðum eða við tækniháskóla, eða að námi á framhaldsskólastigi og námi á viðeigandi (svipuðum) starfsþjálfunar- eða námssamningi sé lokið, þriggja ára starfsreynslu á því sviði sem viðkomandi hefur lokið námi eða námssamningi í og viðbótarnám í kennslufræði við háskóladeild í kennslufræðum, eða, eigi síðar en 1. september 2005, sérhæft nám á sviði sérkennslu sem boðið er upp á í miðstöðvum í aðferðafræði fyrir meistara í starfsnámi við sérskólana án viðbótarnáms í kennslufræðum.

3. *Sjómennska*

a) Sjóflutningar

Nám fyrir:

í Tékklandi:

– aðstoðarmenn á þilfari („palubní asistent“),
– vakthafandi stýrimenn („námořní poručík“),
– yfirstýrimenn („první palubní důstojník“),
– skipstjóra („kapitán“),
– aðstoðarmenn í vélarrúmi („strojní asistent“),
– yfirmenn sem bera ábyrgð á vakt í vélarrúmi („strojní důstojník“),
– annan vélstjóra („druhý strojní důstojník“),
– yfirvélstjóra („první strojní důstojník“),
– rafvirkja („elektrotechnik“),
– yfirrafvirkja („elektrodůstojník“),

í Danmörku:

– skipstjóra („skibsfører“),
– yfirstýrimenn („overstyrmand“),
– stýrimenn sem eru einir, vaktstýrimenn („enestyrmand, vagthavende styrmand“),
– vaktstýrimenn („vagthavende styrmand“),
– yfirvélstjóra („maskinchef“),
– fyrstu vélstjóra („1. maskinmester“),
– fyrstu vélstjóra/vaktvélstjóra („1. maskinmester/vagthavende maskinmester“),

í Þýskalandi:

– skipstjóra, stór strandferðaskip („Kapitän AM“),
– skipstjóra, strandferðaskip („Kapitän AK“),
– vaktstýrimenn, stór strandferðaskip („Nautischer Schiffsoffizier AMW“),
– vaktstýrimenn, strandferðaskip („Nautischer Schiffsoffizier AKW“),
– yfirvélstjóra, þrep C („Schiffsbetriebstechniker CT - Leiter von Maschinenanlagen“),
– vélstjóra, þrep C („Schiffsmaschinist CMa - Leiter von Maschinenanlagen“),
– yfirvélstjóra, þrep C („Schiffsbetriebstechniker CTW“),
– vélstjóra, þrep C -vélstjóra sem eru einir („Schiffsmaschinist CMaW -Technischer Alleinoffizier“),

á Ítalíu:

– vaktstýrimenn („ufficiale di coperta“),
– yfirvélstjóra („ufficiale di macchina“),

í Lettlandi:

– rafvirkja á skipum („kuģu elektromehāniķis“),
– stjórnendur k¿livéla („kuìa saldçðanas iekârtu maðînists“),

í Hollandi:

– yfirstýrimenn (strandferðaskip) (með viðbótarnám) („stuurman kleine handelsvaart (met aanvulling)“),
– vélstjóra (með prófskírteini) („diploma motordrijver“),
– skipaumferðarstjóra („VTS-functionaris“), þetta nám er sem hér segir:

í Tékklandi:

i. fyrir aðstoðarmenn á þilfari („palubní asistent“),

1. lágmarksaldur er 20 ár,

2. a) akademía eða sérskóli á sviði siglinga – stýrimannadeild, báðum námskeiðum skal lokið með „maturitní zkouška“-prófi og a.m.k. sex mánaða viðurkenndum siglingatíma á skipum á námstímanum eða

b) a.m.k. tveggja ára viðurkenndur siglingatími sem undirmaður á siglingavakt á aðstoðarmannsstigi og ljúka skal viðurkenndu námskeiði, sem uppfyllir hæfnisstaðlana sem tilgreindir eru í A-II/1. þætti STCW-reglnanna (Alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna), sem akademía eða sérskóli á sviði siglinga, sem aðili að STCW-samþykktinni rekur, býður upp á og standast próf prófanefndarinnar sem sjóflutninganefnd Tékklands (MTC) viðurkennir,

ii. fyrir vakthafandi stýrimenn („námořní poručík“),

1. viðurkenndur siglingatími sem aðstoðarmaður á þilfari á skipum, sem eru 500 brúttótonn eða stærri, í a.m.k. sex mánuði ef viðkomandi er með próf frá sérskóla eða akademíu á sviði siglinga, eða eitt ár ef viðkomandi hefur lokið viðurkenndu námskeiði, þ.m.t. ekki minna en sex mánuðir sem undirmaður á siglingavakt,

2. rétt útfyllt og árituð skráningarbók um þjálfun um borð fyrir vélstjóra- og stýrimannsefni,

iii. fyrir yfirstýrimenn („první palubní důstojník“),

hæfnisskírteini fyrir yfirmann siglingavaktar á skipum sem eru 500 brúttótonn eða stærri og a.m.k. tólf mánaða viðurkenndur siglingatími sem yfirmaður siglingavaktar,

iv. fyrir skipstjóra („kapitán“),

= skírteini til að starfa sem skipstjóri á skipum sem eru 500 til 3000 brúttótonn,

= hæfnisskírteini fyrir yfirstýrimann á skipum sem eru 3000 brúttótonn eða stærri og a.m.k. sex mánaða viðurkenndur siglingatími sem yfirstýrimaður á skipum sem eru 3000 brúttótonn eða stærri,

v. fyrir aðstoðarmenn í vélarrúmi („strojní asistent“),

1. lágmarksaldur er 20 ár,

2. akademía eða sérskóli á sviði siglinga – vélfræðideild, og a.m.k. sex mánaða viðurkenndur siglingatími á skipum á námstímanum,

vi. fyrir yfirmenn sem bera ábyrgð á vakt í vélarrúmi („strojní důstojník“),

a.m.k. sex mánaða viðurkenndur siglingatími í stöðu aðstoðarmanns í vélarrúmi að loknu prófi frá akademíu eða sérskóla á sviði siglinga,

vii. fyrir annan vélstjóra („druhý strojní důstojník“),

a.m.k. tólf mánaða viðurkenndur siglingatími í stöðu þriðja vélstjóra á skipum með aðalaflvél með 750 kW knúningsafl og meira,

viii. fyrir yfirvélstjóra („první strojní důstojník“),

viðurkennt skírteini til að starfa sem annar vélstjóri á skipum með aðalaflvél með 3000 kW knúningsafl eða meira og a.m.k. sex mánaða viðurkenndur siglingatími í þeirri stöðu,

ix. fyrir rafvirkja („elektrotechnik“),

1. lágmarksaldur er 18 ár,

2. akademía á sviði siglinga eða öðru sviði, rafmagnsverkfræðideild, eða tækniskóli eða sérskóli á sviði rafmagnstæknifræði og skal öllum námskeiðum lokið með „maturitní zkouška“-prófi, og a.m.k. 12 mánaða viðurkennd starfsþjálfun á sviði rafmagnsverkfræði,

x. fyrir yfirrafvirkja („elektrodůstojník“),

1. akademía eða sérskóli á sviði siglinga, rafmagnsverkfræðideild eða akademía eða framhalds-

skóli á sviði rafmagnsverkfræði og skal öllum námskeiðum lokið með „maturitní zkouška“-prófi eða opinberu prófi,

2. a.m.k. 12 mánaða viðurkenndur siglingatími í stöðu rafvirkja að loknu prófi úr akademíu eða sérskóla eða a.m.k. 24 mánaða viðurkenndur siglingatími að loknu prófi úr framhaldsskóla,

– í Danmörku, níu ára grunnskólanám ásamt grunnnámi og/eða þjónustu á sjó sem varir í 17 til 36 mánuði, en við það bætist:
  i. eins árs sérhæft starfsnám fyrir vaktstýrimenn,
  ii. þriggja ára sérhæft starfsnám fyrir aðra,
– í Þýskalandi, 14 til 18 ára nám alls, þ.m.t. þriggja ára grunnstarfsnám ásamt einu ári á sjó, auk eins eða tveggja ára sérhæfðs starfsnáms en við það bætist, eftir því sem við á, tveggja ára starfsreynsla við stjórn siglinga,
– í Lettlandi:
  i. fyrir rafvirkja á skipum („kuģu elektromehāniķis“),
    1. lágmarksaldur er 18 ár,
    2. felur í sér a.m.k. 12,5 ára nám alls og samanstendur af a.m.k. níu ára grunnskólanámi og þriggja ára starfsnámi; þar að auki er krafist a.m.k. sex mánaða siglingatíma í stöðu skipsrafvirkja eða aðstoðarmanns rafmagnsverkfræðings á skipi með rafalsafl yfir 750 kW; starfsnámi lýkur með sérstöku prófi á vegum lögbærs yfirvalds í samræmi við námsáætlun sem samgönguráðuneyti viðurkennir,
  ii. stjórnendur kælivéla („kuģa saldēšanas iekārtu mašīnists“),
    1. lágmarksaldur er 18 ár,
    2. felur í sér a.m.k. 13 ára nám alls, sem samanstendur af a.m.k. níu ára grunnskólanámi og þriggja ára starfsnámi; þar að auki er krafist a.m.k. tólf mánaða siglingatíma í stöðu aðstoðarmanns kælivélavélfræðings; starfsnámi lýkur með sérstöku prófi á vegum lögbærs yfirvalds í samræmi við námsáætlun sem samgönguráðuneyti viðurkennir,
	– vottorð um menntun og hæfi sem byggingaverkfræðingur eða verkfræðiráðgjafi á sviði byggingartækni („Hochbau“, „Bauwesen“, „Wirtschaftsingenieurwesen-Bauwesen“, „Kulturtechnik und Wasserwirtschaft“) samkvæmt lögum um byggingatæknifræði (Ziviltechnikergesetz, BGB1. nr. 156/1994)	
Polska	Prófskírteini frá byggingarlistardeildum í: – tækniháskólanum í Varsjá, byggingarlistardeildinni í Varsjá (Politechnika Warszawska, Wydział Architektury); starfsheitið arkitekt: inżynier architekt, magister nauk technicznych, inżynier architekt, inżyniera magistra architektury, magistra inżyniera architektury, magistra inżyniera architekta, magister inżynier architekt (frá 1945 til 1948, titillinn: inżynier architekt, magister nauk technicznych, frá 1951 til 1956, titillinn: inżynier architekt, frá 1954 til 1957, annað stig, titillinn: inżyniera magistra architektury, frá 1957 til 1959, titillinn: inżyniera magistra architektury, frá 1959 til 1964, titillinn: magistra inżyniera architektury, frá 1964 til 1982, titillinn: magistra inżyniera architekta, frá 1983 til 1990, titillinn: magister inżynier architekt, frá 1991 titillinn: magistra inżyniera architekta), – tækniháskólanum í Kraká, byggingarlistardeildinni í Kraká (Politechnika Krakowska, Wydział Architektury), starfsheitið arkitekt: magister inżynier architect (frá 1945 til 1953, námu- og málmvinnsluháskólinn, tæknideild byggingarlista – Akademia Górniczo-Hutnicza, Politechniczny Wydział Architektury) – tækniháskólanum í Wrocław, byggingarlistardeildinni í Varsjá (Politechnika Wrocławska, Wydział Architektury); starfsheitið arkitekt: inżynier architekt, magister nauk technicznych; magister inżynier architektury; magister inżynier architekt (frá 1949 til 1964, titillinn: inżynier architekt, magister nauk technicznych; frá 1956 til 1964, titillinn: magister inżynier architektury; frá 1964, titillinn: magister inżynier architekt) – tækniháskólanum í Silesíu, byggingarlistardeildinni í Gliwice (Politechnika Śląska, Wydział Architektury); starfsheitið arkitekt: inżynier architect, magister inżynier architekt (frá 1945 til 1955, verkfræði- og mannvirkjadeild – Wydział Inżynieryjno-Budowlany, titillinn: inżynier architekt; frá 1961 til 1969, deild iðnaðarmannvirkja og almennrar verkfræði – Wydział Budownictwa Przemysłowego i Ogólnego, titillinn: magister inżynier architekt; frá 1969 til 1976, deild byggingarverkfræði og byggingarlistar – Wydział Budownictwa i Architektury, titillinn: magister inżynier architekt; frá 1977, byggingarlistardeild – Wydział Architektury, titillinn: magister inżynier architekt og frá 1995, titillinn: inżynier architekt) – tækniháskólanum í Poznan, byggingarlistardeildinni í Poznań (Politechnika Poznańska, Wydział Architektury); starfsheitið arkitekt: inżynier architekt, inżynier architekt, magister inżynier architekt (frá 1945 til 1955, verkfræðiskóli, byggingarlistardeild – Szkoła Inżynierska, Wydział Architektury titillinn: inżynier architektury; frá 1978 titillinn: magister inżynier architekt og frá 1999 titillinn: inżynier architekt) – tækniháskólanum í Gdańsk, byggingarlistardeildinni í Gdańsk (Politechnika Gdańska, Wydział Architektury); starfsheitið arkitekt: magister inżynier architekt (frá 1945 til 1969 byggingarlistadeild – Wydział Architektury, frá	2006/2007

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Viðmiðunarskólaár
	1969 til 1971 byggingarverkfræði- og byggingarlistardeild – Wydział Budownictwa i Architektury, frá 1971 til 1981 stofnun byggingarlistar og borgarskipulags – Instytut Architektury i Urbanistyki, frá 1981 byggingarlistardeild – Wydział Architektury) – tækniháskólanum í Białystok, byggingarlistardeildinni í Białystok (Politechnika Białystok, Wydział Architektury); starfsheitið arkitekt: magister inżynier architect (frá 1975 til 1989, stofnun byggingarlistar – Instytut Architektury) – tækniháskólanum í Łódź, deild byggingarverkfræði, byggingarlistar og umhverfisverkfræði í Łódź (Politechnika Łódzka, Wydział Budownictwa, Architektury i Inżynierii Środowiska), starfsheitið arkitekt: inżynier architekt, magister inżynier architekt (frá 1973 til 1993 deild byggingarverkfræði og byggingarlistar – Wydział Budownictwa i Architektury og frá 1992 deild byggingarverkfræði, byggingarlistar og umhverfisverkfræði – Wydział Budownictwa, Architektury i Inżynierii Środowiska, titillinn: frá 1973 til 1978 titillinn: inżynier architekt, frá 1978 titillinn: magister inżynier architekt) – tækniháskólanum í Szczecin, deild byggingarverkfræði og byggingarlistar í Szczecin (Politechnika Szczeciñska, Wydział Budownictwa i Architektury), starfsheitið arkitekt: inżynier architekt, magister inżynier architekt (frá 1948 til 1954, æðri verkfræðiskóli, byggingarlistardeild – Wyższa Szkoła Inżynierska, Wydział Architektury, titillinn: inżynier architect, frá 1970 titillinn: magister inżynier architekt og frá 1998 titillinn: inżynier architect) Öllum þessum prófskírteinum skal fylgja félagsskírteini, gefið út af viðeigandi svæðissamtökum arkitekta í Póllandi, sem veitir réttindi til að starfa á sviði byggingarlistar í Póllandi.	
Portugal	– prófskírteinið „diploma do curso especial de arquitectura“ sem veitt er af listaskólum í Lissabon og Porto – prófskírteini arkitekts „diploma de arquitecto“ sem er veitt af listaskólum í Lissabon og Porto – prófskírteinið „diploma do curso de arquitectura“ sem veitt er af æðri listaskólum í Lissabon og Porto – prófskírteinið „diploma de licenciatura em arquitectura“ sem veitt er af æðri listaskólanum í Lissabon – prófskírteinið „carta de curso de licenciatura em arquitectura“ sem veitt er af tækniháskólanum í Lissabon og í Porto – háskólaprófskírteini í byggingarverkfræði („licenciatura em engenharia civil“) sem veitt er af æðri tæknistofnun tækniháskólans í Lissabon – háskólaprófskírteini í byggingarverkfræði („licenciatura em engenharia civil“) sem veitt er af verkfræðideild (de Engenharia) háskólans í Porto – háskólaprófskírteini í byggingarverkfræði („licenciatura em engenharia civil“) sem veitt er af tækni- og vísindadeild háskólans í Coimbra – háskólaprófskírteini í byggingarverkfræði, framleiðslusvið („licenciatura em engenharia civil, produção“) sem veitt er af háskólanum í Minho	1987/1988
Slovenija	– „univerzitetni diplomirani inženir arhitekture/univerzitetna diplomirana inženirka arhitekture“ (háskólaprófskírteini í byggingarlist) frá byggingarlistardeild, ásamt vottorði frá lögbæru yfirvaldi á sviði byggingarlistar sem er viðurkennt að lögum og veitir réttindi til að starfa á sviði byggingarlistar – háskólaprófskírteini frá tæknideildum sem veitir titilinn „univerzitetni diplomirani inženir (univ.dipl.inž.)/univerzitetna diplomirana inženirka“ sem fylgir vottorð frá lögbæru yfirvaldi á sviði byggingarlistar sem er viðurkennt að lögum og veitir réttindi til að starfa á sviði byggingarlistar	2006/2007
Slovensko	– prófskírteini á fræðasviðinu „byggingarlist og mannvirkjagerð“ („architektúra a pozemné staviteľstvo“) frá tækniháskóla Slóvakíu (Slovenská vysoká škola technická) í Bratislava á árunum 1950–1952 (titillinn: Ing),	2006/2007

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Viðmiðunarskólaár
	– prófskírteini á fræðasviðinu „byggingarlist“ („architektúra“) frá deild byggingarlistar og mannvirkjagerðar tæknihäskóla Slóvakíu (Slovenská vysoká škola technická) í Bratislava á árunum 1952–1960 (titillinn: Ing. arch), – prófskírteini á fræðasviðinu „mannvirkjagerð“ („pozemné staviteľstvo“) frá deild byggingarlistar og mannvirkjagerðar tæknihäskóla Slóvakíu (Fakulta architektúry a pozemného staviteľstva, Slovenská vysoká škola technická) í Bratislava á árunum 1952–1960 (titillinn: Ing.), – prófskírteini á fræðasviðinu „byggingarlist“ („architektúra“) frá byggingarverkfræðideild tæknihäskóla Slóvakíu (Stavebná fakulta, Slovenská vysoká škola technická) í Bratislava á árunum 1961–1976 (titillinn: Ing. arch), – prófskírteini á fræðasviðinu „mannvirkjagerð“ („pozemné stavby“) frá byggingarverkfræðideild tæknihäskóla Slóvakíu (Stavebná fakulta, Slovenská vysoká škola technická) í Bratislava á árunum 1961–1976 (titillinn: Ing.), – prófskírteini á fræðasviðinu „byggingarlist“ („architektúra“) frá byggingarlistardeild tæknihäskóla Slóvakíu (Fakulta architektúry, Slovenská vysoká škola technická) í Bratislava frá 1977 (titillinn: Ing. arch), – prófskírteini á fræðasviðinu „þéttbýlisskipulag“ („urbanizmus“) frá byggingarlistardeild tæknihäskóla Slóvakíu (Fakulta architektúry, Slovenská vysoká škola technická) í Bratislava frá 1977 (titillinn: Ing. arch), – prófskírteini á fræðasviðinu „mannvirkjagerð“ („pozemné stavby“) frá byggingarverkfræðideild tæknihäskóla Slóvakíu (Stavebná fakulta, Slovenská technická univerzita) í Bratislava á árunum 1977–1997 (titillinn: Ing.), – prófskírteini á fræðasviðinu „byggingarlist og mannvirkjagerð“ („architektúra a pozemné stavby“) frá byggingarverkfræðideild tæknihäskóla Slóvakíu (Stavebná fakulta, Slovenská technická univerzita) í Bratislava frá 1998 (titillinn: Ing.), – prófskírteini á fræðasviðinu „mannvirkjagerð – sérgrein: byggingarlist“ („pozemné stavby – špecializácia: architektúra“) frá byggingarverkfræðideild tæknihäskóla Slóvakíu (Stavebná fakulta, Slovenská technická univerzita) í Bratislava á árunum 2000–2001 (titillinn: Ing.), – prófskírteini á fræðasviðinu „byggingarlist og mannvirkjagerð“ („architektúra a pozemné stavby“) frá byggingarverkfræðideild tæknihäskóla Slóvakíu (Stavebná fakulta, Slovenská technická univerzita) í Bratislava frá 2001 (titillinn: Ing.), – prófskírteini á fræðasviðinu „byggingarlist“ („architektúra“) frá lista- og hönnunarakademíunni (Vysoká škola výtvarných umení) í Bratislava frá 1969 (titillinn: Akad. arch. til 1990, Mgr. frá 1990–1992, Mgr. arch. frá 1992–1996, Mgr. art. frá 1997), – prófskírteini á fræðasviðinu „mannvirkjagerð“ („pozemné taviteľstvo“) frá byggingarverkfræðideild tæknihäskólans (Stavebná fakulta, Technická univerzita) í Košice á árunum 1981–1991 (titillinn: Ing.), Öllum prófskírteinunum skal fylgja: – staðfesting um starfsleyfi, gefið út af slóvakíska arkitektafélaginu (Slovenská komora architektov) í Bratislava án þess að fræðasvið sé tilgreint eða á fræðasviðinu „mannvirkjagerð“ („pozemné stavby“) eða „skipulag landnotkunar“ („územné plánovanie“), – staðfesting um starfsleyfi, gefið út af slóvakíska byggingarverkfræðinga-félaginu (Slovenská komora stavebných inžinierov) í Bratislava án þess að fræðasvið sé tilgreint eða á fræðasviðinu mannvirkjagerð („pozemné stavby“)	
Suomi/Finland	– prófskírteini sem veitt eru af byggingarlistardeildum tæknihäskólans og häskólans í Oulu (arkkitehti/arkitekt) – prófskírteini frá tæknistofnunum (rakennusarkkitehti/byggnadsarkitekt)	1997/1998

Land	Vitnisburður um formlega menntun og hæfi	Viðmiðunarskólaár
Sverige	– prófskírteini sem veitt eru af arkitektaskólanum við konunglega tækniháskólann, Chalmerstækniháskólanum og tækniháskólanum í Lundi (arkitekt, háskólaprófskírteini í byggingarlist) – félagsskírteini „Svenska Arkitekters Riksförbund“ (SAR), hafi viðkomandi einstaklingar öðlast menntun í ríki sem fellur undir þessa tilskipun	1997/1998
United Kingdom	– sú menntun og hæfi sem fæst eftir að hafa staðist próf frá: – „Royal Institute of British Architects“ – deildum í byggingarlist við háskóla, tækniskóla, sérskóla, akademíur, tækni- og listaskóla sem voru, frá og með 10. júní 1985, viðurkennd af arkitektaráði Breska konungsríkisins sem fullnægjandi skilyrði fyrir skráningu í félagatal (Architect) – vottorð þar sem fram kemur að handhafi hafi öðlast rétt til að kalla sig arkitekt í krafti a- og b-lið 1. liðar 6. þáttar eða 1. liðar 6. þáttar í lögum um skráningu arkitekta („Architects Registration Act“) frá 1931 (Architect) – vottorð þar sem fram kemur að handhafi hafi öðlast rétt til að kalla sig arkitekt í krafti 2. þáttar í lögum um skráningu arkitekta („Architects Registration Act“) frá 1938 (Architect)	1987/1988

VII. VIÐAUKI

Skjöl og vottorð sem kann að vera krafist í samræmi við 1. mgr. 50. gr.

1. *Skjöl*

a) Sönnun ríkisfangs viðkomandi einstaklings.

b) Afrit af hæfnisvottorði eða vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem veitir aðgang að viðkomandi starfsgrein og staðfesting á starfsreynslu viðkomandi einstaklings, ef við á.

Lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins geta mælst til þess við umsækjanda að hann veiti upplýsingar um menntun sína að því marki sem nauðsynlegt er til að hægt sé að ákvarða hvort hugsanlega sé verulegur mismunur á henni og þeirri menntun sem krafist er í aðildarríkinu eins og mælt er fyrir um í 14. gr. Ef ómögulegt reynist fyrir umsækjanda að veita þessar upplýsingar skulu lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins hafa samband við upplýsinga- og þjónustumiðstöð, lögbært yfirvald eða aðrar viðkomandi stofnanir í heimaaðildarríkinu.

c) Að því er varðar þau tilvik sem um getur í 16. gr. skal fylgja vottorð um eðli starfseminnar og hversu lengi hún var stunduð, gefið út af lögbæru yfirvaldi eða stofnun í heimaaðildarríkinu eða því aðildarríki sem erlendi ríkisborgarinn kemur frá.

d) Krefji lögbært yfirvald í gistiaðildarríki þann sem æskir að hefja störf í lögverndaðri starfsgrein um vottorð um óflekkað mannorð eða yfirlýsingu um að hann hafi ekki orðið gjaldþrota, eða frestar eða bannar iðkun þeirrar starfsemi vegna alvarlegra ávirðinga í starfi eða vegna afbrots, skal það aðildarríki taka sem fullgilda sönnun, að því er varðar ríkisborgara aðildarríkja sem æskja þess að leggja stund á þá starfsgrein á yfirráðasvæði þess, framvísun skjala sem lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu eða aðildarríkinu sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá gefa út og votta að þessi skilyrði hafi verið uppfyllt. Þessi yfirvöld verða að láta í té þau skjöl sem krafist er innan tveggja mánaða.

Gefi lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu eða aðildarríkinu, sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá, ekki út þau skjöl sem um getur í fyrstu undirgrein skal eiðsvarin yfirlýsing koma í stað þeirra eða, í ríkjum þar sem engin ákvæði eru til um eiðsvarnar yfirlýsingar, drengskaparheit sem viðkomandi gefur frammi fyrir þar til bæru dóms-eða stjórnsýsluyfirvaldi eða, eftir atvikum, lögbókanda eða fullgildum fagaðila í heimaaðildarríkinu eða aðildarríkinu sem viðkomandi kemur frá; umrætt yfirvald eða lögbókandi skal gefa út vottorð sem staðfestir áreiðanleika yfirlýsingarinnar eða drengskaparheitsins.

e) Ef gistiaðildarríki krefst þess af eigin ríkisborgurum, sem æskja þess að hefja störf í lögverndaðri starfsgrein, að þeir leggi fram skjal um líkamlegt og andlegt heilbrigði umsækjanda ber því aðildarríki að taka sem fullgilda sönnun framvísun á skjalinu sem krafist er í heimaaðildarríkinu. Ef heimaaðildarríki gefur ekki út slíkt skjal ber gistiaðildarríkinu að taka við vottorði sem lögbær yfirvöld í því ríki gefa út. Í þessu tilviki verða lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins að láta í té skjalið sem krafist er innan tveggja mánaða.

f) Fari gistiaðildarríki fram á það við eigin ríkisborgara, sem æskja þess að hefja störf í lögverndaðri starfsgrein, að þeir láti í té:

– sönnun um fjárhagsstöðu umsækjanda,

– sönnun þess efnis að umsækjandi sé tryggður gagnvart þeirri fjárhagslegri áhættu sem fylgir ábyrgð á atvinnustarfsemi í samræmi við þau lög og reglur sem í gildi eru í gistiaðildarríkinu að því er varðar þá skilmála og umfang vátryggingarinnar, ber því aðildarríki að taka sem fullgilda sönnun staðfestingu þess efnis sem gefin er út af bönkum og vátryggingafélögum í öðru aðildarríki.

2. *Vottorð*

Til að auðvelda beitingu III. kafla III. bálks þessarar tilskipunar geta aðildarríkin mælt fyrir um að þeir sem uppfylla skilyrði þessarar tilskipunar um menntun leggi fram, til viðbótar vitnisburði um formlega menntun og hæfi, vottorð frá lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki þeirra um að vitnisburður um formlega menntun og hæfi sé í samræmi við það sem um getur í tilskipuninni.

631. Lög [317. mál]

um breytingu á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 549.

632. Lög [328. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 3. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 564.

633. Fyrirspurn [374. mál]

til dóms- og kirkjumálaráðherra um sjálfkrafa skráningu barna í trúfélag.

Frá Árna Þór Sigurðssyni.

Telur ráðherra ástæðu til að breyta ákvæðum laga þannig að forsjáraðilar taki sameiginlega ákvörðun um skráningu barns í trúfélag þegar og ef þeir kjósa svo, í samræmi við það álit lögfræðings Jafnréttisstofu að sjálfkrafa skráning barna í trúfélag móður standist tæpast jafnréttislög?

634. Tillaga til þingsályktunar [375. mál]

um samningu lagafrumvarps um nýja tegund hlutafélaga sem eru með gagnsætt eignarhald og bann við lánveitingum og krosseignarhaldi slíkra hlutafélaga.

Flm.: Pétur H. Blöndal.

Alþingi ályktar að fela viðskiptanefnd að semja lagafrumvarp um gagnsæ hlutafélög. Markmið lagasetningarinnar er búa til tegund hlutafélaga sem eru með gagnsætt eignarhald, bæði gagnvart eigendum beint og óbeint og einnig gagnvart dótturfyrirtækjum beint og óbeint. Slíkum félögum verði bannað að lána til eða eiga í hlutafélögum sem eiga þau beint eða óbeint. Við samningu lagafrumvarps skal nefndin leita fulltingis sérfræðinga á sviðinu, endurskoðenda, lögfræðinga og hagfræðinga. Viðskiptanefnd skal stefna að því að leggja fram tilbúið frumvarp fyrir 1. október nk. sem gæti tekið gildi um næstu áramót.

Greinargerð.

Ástæður fyrir hruni bankanna eru fjölmargar og eflaust enn ekki allar komnar í ljós. Seinni tíma rannsóknir munu leiða það í ljós. Þó er greinilegt að gagnkvæmt eignarhald, raðeignarhald og óljós dulin eign var ein af þeim ástæðum sem ollu því að efnahagur fyrirtækja bólgnaði út og sýndi miklu meira eigið fé en raunverulega var til staðar. Lánveitendur virðast hafa lánað út á þetta eigið fé sem ekki var til staðar og þetta sýnda eigið fé gerði fyrirtækjum kleift að taka meiri áhættu en ella. Gagnkvæmt eignarhald og raðeignarhald jók einnig völd stjórna hlutafélaganna á kostnað hluthafa með minni hlut. Gagnkvæmt eignarhald sýndi einnig meiri hagnað en raunverulega var til staðar. Dulin eign hlutafélaga villir um fyrir minni hluthöfum og hefur skaðað þá mikið.

Gagnkvæmt eignarhald og raðeignarhald var mjög algengt hér á landi fyrir hrun. Þannig áttu Kaupþing og Exista á tímabili um 20% hvort í öðru og var markaðsvirði hvors hlutar um 40 milljarðar kr. Ef félögin hefðu keypt eigin bréf hvort af öðru hefðu þau hlutabréf verið verðlaus því eigin hlutabréf eru eðli máls samkvæmt verðlaus. Þá hefðu tugir milljarða gufað upp, enda voru þeir aldrei til staðar. Sala Kaupþings á hlutabréfum til starfsmanna sinna gegn láni með veði í hlutabréfunum án frekari ábyrgða er angi af sama meiði. Eignarhald erlendra félaga á Jómfrúreyjum og öðrum fjarlægum stöðum á bönkunum hér á landi villti um fyrir

almennum hluthöfum, eftirlitsaðilum og fjölmiðlum. Mikil þörf virðist vera á að koma í veg fyrir slíkt eignarhald.

Gagnkvæmt eignarhald er ekki takmarkað við Ísland. Það finnst víða um heim en er þó mismunandi útbreitt. Það virðist vera mjög útbreitt í Þýskalandi og Japan en tíðkast í miklu minna mæli í Bandaríkjunum og virðist sem skattlagning arðs á milli hlutafélaga hamli myndun gagnkvæms eignarhalds þar.

Dulið eignarhald kemur í veg fyrir eðlilega skattlagningu og býður heim skattundanskotum. Allt eftirlit verður mjög torvelt og stundum er eftirlit ómögulegt vegna skorts á upplýsingum. Þá skekkir dulið eignarhald samkeppni þar sem það liggur ekki fyrir þegar aðilar ná markaðsráðandi stöðu. Allt eftirlit með fjármálafyrirtækjum er nánast ómögulegt þegar eignarhaldið er dulið og falið í erlendum félögum sem ekki veita neinar upplýsingar.

Til þess að ráða bót á þessum vanda er í þingsályktunartillögu þessari gert ráð fyrir að skilgreind verði ný tegund af hlutafélögum, gagnsæ hlutafélög. Gagnsætt hlutafélag (GH) gæti t.d. þurft að uppfylla fimm eftirfarandi skilyrði:

1. GH má ekki eiga eignarhlut í fyrirtæki nema það sé líka GH.
2. GH skal birta á netinu lista yfir öll GH sem það á í og öll GH sem eiga í því, ásamt eignarhluta.
3. Eigandi hlutafjár í GH nýtur hvorki arðs né atkvæðisréttar nema hann sé einstaklingur eða GH.
4. GH má ekki eiga hlutabréf í hlutafélagi sem á það beint eða óbeint.
5. GH má ekki lána verðmæti til aðila sem á það beint eða óbeint.

Vegna 2. tölul. mun eigendaröðin liggja fyrir hverju sinni. 3. tölul. kemur í veg fyrir að einhver annar en gagnsætt hlutafélag eða einstaklingur fjárfesti í slíku félagi. 4. tölul. bannar GH að eiga hlutabréf í hlutafélagi sem á það beint eða óbeint og kemur því í veg fyrir hringstreymi fjár og eignaslaufur, sem búa til eigið fé og völd og hafa gert efnahagslífið svo viðkvæmt fyrir áföllum. 5. tölul. kemur í veg fyrir hringstreymi fjár sem getur magnað upp eignarhald og óeðlileg völd.

Félög af þessu tagi ættu að njóta hylli almennra hluthafa og lánveitenda þar sem tryggt er að ekki myndist eigið fé sem ekki er til staðar og óeðlileg völd. Eignarhaldið liggur alltaf fyrir en þetta eru þeir anmarkar á regluverkinu sem komið hafa í ljós nú í hruninu. Ljóst er að slík félög gætu ekki átt í erlendum hlutafélögum nema hliðstæðar reglur væru teknar upp annars staðar. Þar sem vandamálið er alþjóðlegt og á sinn þátt í þeirri kreppu sem glímt er við um allan heim er þess að vænta að sambærilegar eða betri lausnir verði fundnar alþjóðlega.

Venjuleg framleiðslufyrirtæki, sem ekki eiga í öðrum fyrirtækjum og eru í eigu einstaklinga geta strax orðið gagnsæ. Önnur hlutafélög geta orðið gagnsæ með því að selja frá sér hlutafélög sem ekki eru gagnsæ og samþykkja með nægum meiri hluta að eigendur þeirra sem ekki eru gagnsæir njóti hvorki arðs né atkvæðisréttar. Sá meiri hluti þyrfti reyndar að vera nokkuð stór og félagið þyrfti hugsanlega að kaupa upp þann hlut á matsverði til að gæta að eignarrétti. Vegna betri lánskjara og vinsælda sem fjárfestingarkostur mundi gagnsæjum hlutafélögum fjölga á þennan hátt. En vitaskuld þyrfti á endanum að leysa upp hringeignarhald og lánveitingar sem hafa farið í hring. En hlutafélög sem vilja vera heiðarleg og starfa í samræmi við góða siði gætu valið þessa leið.

Það er svo spurning hvort ekki eigi að víkka þetta hugtak yfir á önnur fyrirtækjaform, eins og sameignarfélög, samvinnufélög og samlög, svo dæmi séu nefnd. Enn fremur mætti skoða

aðra þætti, eins og skarpari verkaskiptingu stjórnar (starfandi stjórnarformenn), lán til starfsmanna og kaup- og sölurétti á hlutabréfum.

635. Frumvarp til laga [376. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

B- og c-liður 3. gr. laganna orðast svo:

b. *Sjálfstætt starfandi einstaklingur:* Hver sá sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í því umfangi að honum sjálfum er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt reglum fjármálaráðherra, skil á staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjaldi vegna starfs síns.
c. *Nám:* Samfellt nám, verklegt eða bóklegt, í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi sem stendur yfir í a.m.k. sex mánuði. Enn fremur er átt við nám á háskólastigi og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.

2. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

3. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 2. og 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ þrívegis í 2. mgr. kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.
c. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ tvívegis í 3. mgr. kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.
d. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 5. mgr. kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.

5. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

b. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ þrívegis í 2. mgr. kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.
c. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ tvívegis í 3. mgr. kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.
d. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 5. mgr. kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:
Sá er fær greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli umsóknar skv. 1. mgr. skal upplýsa Vinnumálastofnun um allar þær breytingar sem kunna að verða á högum hans á því tímabili sem hann fær greiddar atvinnuleysisbætur eða annað það sem kann að hafa áhrif á rétt hans samkvæmt lögum þessum, svo sem um námsþátttöku, tekjur sem hann fær fyrir tilfallandi vinnu og hversu lengi vinnan stendur yfir.
b. 3. mgr., sem verður 4. mgr., orðast svo:
Skattyfirvöld, Tryggingastofnun ríkisins, sjúkratryggingastofnunin, Innheimtustofnun sveitarfélaga, hlutaðeigandi lífeyrissjóðir, viðurkenndar menntastofnanir innan hins almenna menntakerfis og skólar á háskólastigi skulu láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ tvívegis í 1. mgr. kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 5. mgr. kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.

9. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 5. mgr. 14. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 5. mgr. orðast svo:
Verkfall eða verkbann sem tekur til starfa launamanns á ávinnslutímabilinu telst til starfstíma á því tímabili. Við mat á starfshlutfalli launamanns í verkfalli eða verkbanni skal miða við starfshlutfall hans í almanaksmánuðinum áður en verkfall eða verkbann hófst.
b. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 10. mgr. kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. Í stað 1. og 2. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar sem orðast svo:
Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. b-lið 3. gr., telst að fullu tryggður samkvæmt lögum þessum eftir að hafa greitt mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi er nemur að lágmarki viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein og tryggingagjald samfellt á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysis-

bætur til Vinnumálastofnunar að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum, sbr. þó einnig 4. og 6. mgr.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sem greitt hefur mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi er nemur að lágmarki viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein og tryggingagjald skemur en tólf mánuði en þó lengur en þrjá mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar, telst tryggður hlutfallslega í samræmi við fjölda þeirra mánaða sem hann hefur greitt staðgreiðsluskatt að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum, sbr. þó einnig 4. og 6. mgr. Hið sama gildir um sjálfstætt starfandi einstakling sem hefur greitt mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi sem er lægra en viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein og tryggingagjald á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar en þá ákvarðast tryggingahlutfall hans af hlutfalli fjárhæðar reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið af og viðmiðunarfjárhæðar, sbr. þó einnig 4. og 6. mgr.

Til að reikna út tryggingahlutfall sjálfstætt starfandi einstaklings sem greiðir staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjald einu sinni á ári skal finna mánaðarlegar meðaltekjur hins tryggða í formi reiknaðs endurgjalds yfir síðasta tekjuár áður en að hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar. Telst hann að fullu tryggður samkvæmt lögum þessum hafi hann greitt staðgreiðsluskatt af mánaðarlegum meðaltekjum á síðasta tekjuári sem nemur að lágmarki viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra fyrir viðkomandi starfsgrein í hverjum mánuði og tryggingagjald. Hafi hann greitt staðgreiðsluskatt af mánaðarlegum meðaltekjum á sama tímabili sem eru lægri en viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein í hverjum mánuði skal tryggingahlutfall hans ákvarðast af hlutfalli fjárhæðar reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið af og viðmiðunarfjárhæðar, sbr. þó einnig 4. og 6. mgr.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur sem greiðir mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi sem er lægra en 25% af viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum. Hið sama gildir um sjálfstætt starfandi einstakling sem greiðir staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi einu sinni á ári sem er að meðaltali lægra en 25% af viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein í hverjum mánuði á síðasta tekjuári áður en hann sótti um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar.

b. 4. og 5. málsl. 3. mgr., sem verður 5. mgr., falla brott.

c. 4. mgr., sem verður 6. mgr., orðast svo:

Tryggingahlutfall sjálfstætt starfandi einstaklings getur þó aldrei orðið hærra en sem nemur því starfshlutfalli sem hann er reiðubúinn að ráða sig til, sbr. 4. mgr. 14. gr.

d. 5. mgr. fellur brott.

e. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 9. mgr., sem verður 10. mgr., kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

12. gr.

Við 1. mgr. 23. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hið sama á við þegar sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum tekur ólaunað leyfi frá störfum samkvæmt lögum, kjarasamningi eða ráðningarsamningi.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Sama á við um sjálfstætt starfandi einstakling, sbr. b-lið 3. gr., sem greiðir staðgreiðsluskatt af lægra reiknuðu endurgjaldi en áður sem jafnframt er lægra en viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein, sbr. 2. mgr. 19. gr., eða ræður sig til starfa sem launamaður í hlutastarf, sbr. 22. gr.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama á við um þann tíma er sjálfstætt starfandi einstaklingur greiðir staðgreiðsluskatt af hærra reiknuðu endurgjaldi þannig að hann greiði af sömu eða hærri fjárhæð en áður.
c. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Á sama hátt fyrir sjálfstætt starfandi einstakling skal líta til þeirra tólf mánaða sem hinn tryggði greiddi staðgreiðsluskatt af hæsta reiknaða endurgjaldi á síðustu 36 mánuðum fyrir móttöku umsóknar.

14. gr.

Á eftir 24. gr. laganna kemur ný grein, 24. gr. a, sem orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Fæðingarorlof.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og tekur fæðingarorlof samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu í allt að 24 mánuði frá þeim degi er hann sannanlega hóf töku fæðingarorlofs.

Sá tími sem hinn tryggði starfar á innlendum vinnumarkaði á tímabilinu skv. 1. mgr. telst til ávinnslutímabils skv. 15. eða 19. gr. eftir því sem við á.

Við útreikninga á ávinnslutímabili skv. 15. eða 19. gr. þegar kemur til geymdrar atvinnuleysistryggingar skal líta til síðustu tólf mánaða sem hinn tryggði hefur starfað á innlendum vinnumarkaði á síðustu 36 mánuðum fyrir móttöku umsóknar enda leiði ekki annað af lögum þessum.

Sæki hinn tryggði ekki um atvinnuleysisbætur innan 24 mánaða frá þeim degi er hann sannanlega hvarf af vinnumarkaði fellur réttur hans til að geyma atvinnuleysistrygginguna niður.

Ákvæði þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum eða samkvæmt ákvæðum VIII. kafla fyrir sama tímabil.

15. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ tvívegis í 3. mgr. 33. gr. laganna kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.

16. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ tvívegis í 2. mgr. 36. gr. laganna kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.

17. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 4. mgr. 39. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

18. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 6. mgr. 42. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „telst ekki tryggður“ í 1. mgr. kemur: samkvæmt lögum þessum.
b. 3. mgr. orðast svo:

Vinnumálastofnun skal meta sérstaklega hvort sá er stundar nám í framhaldsskóla eða háskóla uppfylli skilyrði laganna þrátt fyrir námið enda um svo lágt námshlutfall að ræða að námið telst ekki lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Umsækjandi um atvinnuleysisbætur skal leggja fram staðfestingu frá viðkomandi menntastofnun um námshlutfallið.

20. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 2. mgr. 62. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

21. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 63. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

22. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 64. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða V í lögunum:

a. 2. mgr. orðast svo:

Þegar atvinnuleysisbætur eru greiddar samhliða minnkuðu starfshlutfalli skv. 17. og 22. gr. skulu föst laun frá vinnuveitanda fyrir hið minnkaða starfshlutfall ekki koma til skerðingar á fjárhæð atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. enda hafi fyrra starfshlutfall verið lækkað um 10% hið minnsta og hinn tryggði haldið að lágmarki 50% starfshlutfalli. Á þetta við hvort sem hinn tryggði fær greiddar tekjutengdar atvinnuleysisbætur eða grunnatvinnuleysisbætur skv. 33. gr. Aðrar greiðslur sem hinn tryggði kann að fá fyrir sama tímabil frá vinnuveitanda skulu koma til frádráttar greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði án tillits til frítekjumarks skv. 2. mgr. 36. gr. Hið sama gildir um greiðslur frá öðrum aðilum en vinnuveitanda.

b. 4. mgr. orðast svo:

Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir upplýsingum og gögnum frá viðkomandi vinnuveitanda hafi hinn tryggði misst starf sitt að hluta vegna samdráttar í starfsemi vinnuveitanda sem hann starfar hjá vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði þar sem fram komi nánari rökstuðningur fyrir samdrætti í starfseminni, svo sem fækkun verkefna eða samdráttur í þjónustu. Skal þá trúnaðarmaður stéttarfélags eða fulltrúi starfsmanna þar sem trúnaðarmaður er ekki til staðar staðfesta upplýsingarnar og gögnin.

c. Í stað orðanna „1. maí“ í 5. mgr. kemur: 31. desember.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða VI í lögunum:

a. Við 2. mgr. bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Þegar tilfallandi verkefni stendur

yfir í lengri tíma en einn mánuð en endurgjaldið fyrir verkefnið er greitt einu sinni eða óreglulega skal dreifa tekjunum jafnt yfir tímabilið sem verkefnið stóð yfir og koma þær þannig til frádráttar atvinnuleysisbótum hins tryggða á því tímabili að teknu tilliti til frítekjumarks skv. 2. málsl. í hverjum mánuði. Vinnumálastofnun skal meta hvort verkefni geti talist tilfallandi og hvort um verulegan samdrátt er að ræða í rekstri sjálfstætt starfandi einstaklings. Við matið skal stofnunin þá meðal annars líta til viðmiðunarfjárhæða fjármálaráðherra fyrir reiknað endurgjald í viðkomandi starfsgrein sem og reksturs hlutaðeigandi á allt að þremur síðustu tekjuárum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til stofnunarinnar.

b. Í stað orðanna „1. maí“ í 4. mgr. kemur: 31. desember.

25. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þær breytingar sem mælt er fyrir um í lögum þessum skulu ekki gilda um þá sem þegar fá greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði við gildistöku laga þessara, nema breytingarnar leiði til betri réttar fyrir hinn tryggða og skal hann þá óska leiðréttingar á greiðslum úr sjóðnum hjá Vinnumálastofnun fyrir 1. júní 2009.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta byggist á tillögum samráðshóps félags- og tryggingamálaráðuneytis, Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Samtaka atvinnulífsins en hlutverk hans var meðal annars að fara yfir reynsluna af framkvæmd laga nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, síðustu mánuði og þá sérstaklega bráðabirgðaákvæði laganna sem samþykkt voru á Alþingi í nóvember sl., sbr. lög nr. 131/2008. Lítið reyndi á atvinnuleysistryggingakerfið frá þeim tíma er því var breytt sumarið 2006 fram til haustsins 2008 enda var skráð atvinnuleysi mjög lítið hér á landi á því tímabili. Hins vegar hefur reynt afar mikið á kerfið síðan í nóvember 2008 þegar atvinnuleysi fór að aukast hröðum skrefum. Skráð atvinnuleysi mældist 1,3% í september 2008 en var komið í 6,6% í janúar 2009. Í lok janúarmánaðar voru 12.407 einstaklingar á atvinnuleysisskrá og voru þar af ríflega 2.100 einstaklingar í hlutastörfum eða rúm 17% þeirra sem voru á skrá.

Í frumvarpinu er lagt til að gildistími bráðabirgðaákvæðis laganna um heimildir til að greiða hlutfallslegar atvinnuleysisbætur á móti skertu starfshlutfalli launamanna verði framlengdur til 31. desember 2009. Þykir þessi heimild hafa sýnt ágæti sitt sem vinnumarkaðsúrræði þar sem að starfsmenn eru áfram virkir á vinnumarkaði í að minnsta kosti 50% starfshlutfalli í stað þess ef til vill að missa vinnu sína að fullu. Í lok janúar voru 1.279 einstaklingar sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli þessarar heimildar en af þeim voru um 38% í hálfu starfi. Fleiri konur en karlar voru í hálfu starf eða 46% kvenna á móti 32% karla. Fleiri karlar voru í 75–80% starfshlutfall eða 35% karlanna og 22% kvenna. Meðalstarfshlutfall þeirra sem fengu greiddar hlutfallslegar atvinnuleysisbætur samhliða skertu starfshlutfalli var 66%. Ekki eru lagðar til breytingar á skilyrðum fyrir rétti til hlutabóta frá því sem nú er að öðru leyti en því að lagt er til að starf hlutaðeigandi þurfi að skerðast að lágmarki um 10%. Þá er Vinnumálastofnun fengin heimild til að leita eftir nánari rökstuðningi hjá vinnuveitanda fyrir samdrætti í rekstri hans sem leiðir til þess að minnka þarf starfshlutfall starfsmanna í

þeim tilvikum sem stofnunin telur ástæðu til. Er þá jafnframt miðað við að trúnaðarmaður eða fulltrúi starfsmanna þegar trúnaðarmaður er ekki fyrir hendi staðfesti þær upplýsingar eða gögn sem vinnuveitandi lætur Vinnumálastofnun í té.

Í ljósi reynslunnar þótti ástæða til að skoða réttindi sjálfstætt starfandi einstaklinga heildstætt innan kerfisins. Er því lagt til að sjálfstætt starfandi einstaklingar í skilningi laga um atvinnuleysistryggingar verði einungis þeir sem starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi en að litið verði á aðra þá sem starfa hjá eigin einkahlutafélögum, sameignarfélögum eða hlutafélögum sem launafólk. Er þetta einkum gert til einföldunar á kerfinu og til betra samræmis við þær upplýsingar sem liggja fyrir um skattskil þessara aðila hjá skattyfirvöldum.

Sjálfstætt starfandi einstaklingar hafa ávallt talist að fullu tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins hafi þeir greitt staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjald mánaðarlega samfellt í tólf mánuði áður en þeir sækja um atvinnuleysisbætur. Það hefur sætt nokkurri gagnrýni að slíkt hafi verið raunin án tillits til þeirra fjárhæða sem þeir hafa greitt til skattyfirvalda og þar með inn í Atvinnuleysistryggingasjóð á þeim tíma. Jafnframt hefur verið gagnrýnt að sjálfstætt starfandi einstaklingar sem greiða staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjald einu sinni á ári til skattyfirvalda hafa ekki talist tryggðir innan kerfisins. Þá hafa komið fram athugasemdir um að sjálfstætt starfandi einstaklingar hafa ekki átt kost á að geyma áunninn rétt sinn til atvinnuleysistrygginga. Hefur slíkt leitt til þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar geta átt mjög skertan rétt til atvinnuleysisbóta og jafnvel ekki talist tryggðir innan kerfisins þar sem þeir hafi ekki haft tekjur í einhvern tíma áður en þeir sækja um atvinnuleysisbætur enda þótt að þeir hafi haft tekjur af rekstrinum í mörg ár þar á undan.

Með hliðsjón af framangreindu er því lagt til að réttur sjálfstætt starfandi einstaklinga verði færður til betra samræmis við rétt launafólks innan kerfisins enda þótt taka verði áfram tillit til þess að nokkur eðlismunur er talinn vera á starfstengdum aðstæðum þessara hópa. Á sama tíma er gætt betra samræmis í inn- og útstreymi sjóðsins. Þannig er gert ráð fyrir að sjálfstætt starfandi einstaklingar kunni, á sama hátt og launamenn, að vera hlutfallslega tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins og er þá miðað við viðmiðunarfjárhæðir fyrir reiknað endurgjald sem fjármálaráðherra gefur út fyrir hverja starfsgrein við upphaf hvers tekjuárs á grundvelli laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að fengnum tillögum ríkisskattstjóra. Þannig telst sá að fullu tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins er greitt hefur mánaðarlega staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi sem nemur að lágmarki viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein samfellt á síðustu tólf mánuðum áður en hann sótti um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar. Þeir sem greiða staðgreiðsluskatt í skemmri tíma en samt sem áður í lengri tíma en þrjá mánuði eða staðgreiðslu af lægra endurgjaldi teljast þá hlutfallslega tryggðir. Jafnframt er gert ráð fyrir að þeir sem greiða staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjald einu sinni á ári til skattyfirvalda kunni að teljast tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum. Þá er einnig gert ráð fyrir að áunninn réttur sjálfstætt starfandi einstaklinga geti geymst í allt að 24 mánuði í tilvikum er þeir greiða staðgreiðsluskatt af lægra endurgjaldi en þeir höfðu gert áður en reksturinn fór að dragast saman en samdráttur í rekstri er oft undanfari atvinnumissis sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Lagt er til að gildistími bráðabirgðaákvæðis er gildir um réttindi sjálfstætt starfandi einstaklinga verði framlengdur til 31. desember 2009 enda þykir mikilvægt að þeir eigi þess kost að halda áfram að vera virkir á vinnumarkaði í einhverjum mæli þrátt fyrir verulegan sam-

drátt í starfsemi þeirra. Þó er lagt til að skýrar verði kveðið á um hvernig endurgjaldið fyrir tilfallandi verkefni kemur til frádráttar atvinnuleysisbótunum í ljósi þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar kunna að fá mjög óreglulega greitt fyrir störf sín. Enn fremur er lagt til að komið verði meiri festu á framkvæmdina þannig að tekin verði af öll tvímæli um hlutverk Vinnumálastofnunar við mat á því hvað geti talist til tilfallandi verkefna í skilningi ákvæðisins sem og hvort raunverulega sé um verulegan samdrátt að ræða í starfsemi hlutaðeigandi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagðar eru til breytingar á því hverjir teljast sjálfstætt starfandi einstaklingar innan atvinnuleysistryggingakerfisins þannig að einungis þeir sem starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi teljist til sjálfstætt starfandi einstaklinga í skilningi laganna. Þessi breyting leiðir til þess að þeir sem starfa hjá eigin einkahlutafélögum, sameignarfélögum eða hlutafélögum teljast launamenn og ákvarðast réttur þeirra til atvinnuleysistrygginga á þeim ákvæðum laganna er lúta að réttindum launafólks innan kerfisins. Breytingar þessar leiða til ákveðinnar einföldunar við framkvæmd laganna og eru í betra samræmi við þær upplýsingar sem liggja fyrir um skattskil þessara einstaklinga hjá skattyfirvöldum samkvæmt gildandi lögum og reglum um tekjuskatt. Jafnframt er lögð til sú breyting að þeir sem greiða staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjald einu sinni á ári teljist sjálfstætt starfandi einstaklingar í skilningi laganna og kunni því að vera tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum.

Enn fremur eru lagðar til breytingar á því hvað telst vera nám í skilningi laganna þannig að eingöngu verði litið til hvers konar nám sé um að ræða óháð námshlutfalli.

Um 2.–6. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Lagt er til að skýrar verði kveðið á um skyldu atvinnuleitenda sem fá greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar til að upplýsa Vinnumálastofnun um breytingar sem kunna að verða á högum þeirra eða annað það sem kann að hafa áhrif á rétt þeirra samkvæmt lögunum frá því að umsókn um atvinnuleysisbætur var skilað inn til Vinnumálastofnunar. Á þetta meðal annars við þegar atvinnuleitandi hættir virkri atvinnuleit og hefur nám eða tekur að sér tilfallandi verkefni. Láti atvinnuleitandi hjá líða að veita Vinnumálastofnun þessar upplýsingar sem og í þeim tilvikum þegar rangar upplýsingar eru gefnar kemur til álita að beita viðurlögum skv. 59. gr. laganna.

Í ljósi þess að einstaklingar sem stunda nám, sbr. c-lið 3. gr. laganna, teljast ekki tryggðir samkvæmt lögunum á sama tímabili og þeir stunda nám sitt enda sé námið ekki hluti vinnumarkaðsaðgerða samkvæmt ákvörðun Vinnumálastofnunar, sbr. 1. mgr. 52. gr. laganna, er lagt til að skólum innan hins almenna menntakerfis á Íslandi og skólum á háskólastigi verði gert skylt að láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við eftirlit með framkvæmd laganna með sama hætti og öðrum þeim aðilum sem þegar eru taldir upp í lögunum. Er þetta einkum lagt til í því skyni að undirstrika tilgang Atvinnuleysistryggingasjóðs sem og mikilvægi þess að jafnræði ríki meðal nemenda í skólum landsins að þessu leyti. Megintilgangur Atvinnuleysistryggingasjóðs er einkum að tryggja einstaklingum, sem hafa tímabundið misst starf sitt, framfærslu þann tíma sem það tekur að finna nýtt starf enda

áhersla lögð á að hinn tryggði sé í virkri atvinnuleit meðan hann nýtur greiðslna úr sjóðnum. Það hefur hins vegar ekki verið talið hlutverk sjóðsins að tryggja framfærslu þeirra sem stunda hefðbundið nám á framhaldsskólastigi eða í háskóla enda öðrum kerfum ætlað það hlutverk, svo sem Lánasjóði íslenskra námsmanna, með hliðsjón af því að þeir sem leggja stund á nám teljast ekki vera í virkri atvinnuleit á sama tíma.

Um 8. og 9. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Lagt er til að fæðingarorlof teljist ekki til starfstíma launafólks á ávinnslutímabili skv. 15. gr. laganna eins og verið hefur heldur teljist það til þeirra tilvika sem launafólki og sjálfstætt starfandi einstaklingum er heimilt að geyma áunninn rétt til atvinnuleysistrygginga, sbr. einnig 14. gr. frumvarps þessa. Þessi tilhögun þykir í betra samræmi við önnur sambærileg tilvik þar sem réttur til atvinnuleysistrygginga geymist, sbr. V. kafla laganna. Engu síður er lagt til að verkfall og verkbann teljist áfram til starfstíma launamanna þegar verkfall eða verkbann stendur yfir á ávinnslutímabili enda tengist verkfall og verkbann mjög aðstæðum í starfi hlutaðeigandi. Mun sá tími því áfram teljast með við útreikninga á tekjutengdum atvinnuleysisbótum skv. 32. gr. laganna.

Um 11. gr.

Lagðar eru til tilteknar breytingar á því hvernig tryggingahlutfall sjálfstætt starfandi einstaklinga er ákvarðað. Þessar breytingar eru lagðar til í ljósi reynslunnar af atvinnuleysistryggingakerfinu sem tók gildi um mitt ár 2006 en við framkvæmd laganna hefur komið fram að aðstæður sjálfstætt starfandi einstaklinga sem sækja um atvinnuleysisbætur geta verið mjög mismunandi. Í því sambandi hefur til dæmis sú tilhögun sætt gagnrýni að svokallaðir ársmenn, þ.e. þeir sem greiða staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjald einu sinni á ári til skattyfirvalda, hafi ekki talist tryggðir innan kerfisins enda þótt aðrir sem standa reglulega í skilum við skattyfirvöld hafi öðlast fullan rétt óháð þeim fjárhæðum sem þeir greiða í lögboðna skatta og gjöld til skattyfirvalda. Þá þykir eðlilegt að færa rétt sjálfstætt starfandi einstaklinga til betra samræmis við rétt launafólks enda þótt taka verði áfram tillit til þess að nokkur eðlismunur er talinn vera á starfstengdum aðstæðum þessara hópa auk þess sem breytingunum er ætlað að tryggja betra samræmi milli inn- og útstreymis úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Er því lagt til að fallið verði frá þeirri reglu að sjálfstætt starfandi einstaklingar teljist ávallt vera að fullu tryggðir hafi þeir greitt staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjald á síðustu tólf mánuðum áður en þeir sóttu um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar, óháð þeim fjárhæðum sem þeir hafa greitt til skattyfirvalda. Í stað þess verði miðað við að þeir kunni að vera hlutfallslega tryggðir á sambærilegan hátt og launafólk. Sem dæmi má nefna að við mat á réttindum launafólks er meðal annars litið til kjara launafólks þegar starfshlutfall þess samkvæmt vinnuveitandavottorði er skoðað í tilvikum er endurgjaldið þykir óeðlilega lágt miðað við ætlað starfshlutfall. Er þá miðað við lágmarksákvæði gildandi kjarasamnings í viðkomandi starfsgrein á því svæði sem hlutaðeigandi starfaði á. Í tilvikum sjálfstætt starfandi einstaklinga er hins vegar gert ráð fyrir að litið verði til viðmiðunarfjárhæða sem fjármálaráðherra gefur út fyrir hverja starfsgrein við upphaf hvers tekjuárs á grundvelli laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að fengnum tillögum ríkisskattstjóra. Við ákvörðun þessa

lágmarksendurgjalds er höfð hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf. Þannig er lagt til að sá sem hefur greitt mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi er nemur að lágmarki viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í þeirri starfsgrein er hann starfar við, sem og tryggingagjald, samfellt á síðustu tólf mánuðum áður en hann sótti um atvinnuleysisbætur hjá Vinnumálastofnun teljist að fullu tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Hafi hann greitt af þessari fjárhæð í skemmri tíma en þó lengur en þrjá mánuði á sama tímabili telst hann tryggður hlutfallslega í samræmi við lengd þess tíma sem hlutaðeigandi greiddi staðgreiðsluskatt og tryggingagjald að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum.

Í tilvikum er sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur greitt mánaðarlega staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi sem er lægra en viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein og tryggingagjald á síðustu tólf mánuðum áður en hann sótti um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar ákvarðast tryggingahlutfall hans af hlutfalli fjárhæðar reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið af og viðmiðunarfjárhæðar fjármálaráðherra, sbr. þó aðrar takmarkanir sem vísað er til.

Hinar almennu reglur 1. og 2. mgr. gilda um alla sjálfstæða einstaklinga nema þá sem hafa uppfyllt skilyrði skattyfirvalda til að standa einungis einu sinni á ári skil á staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjaldi. Í 3. mgr. er lögð til sérregla vegna þessara svokölluðu ársmanna, þ.e. einstaklinga sem standa einungis einu sinni á ári skil á staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingargjaldi til skattyfirvalda. Þar er gert ráð fyrir að tekjum þeirra í formi reiknaðs endurgjalds sem greitt er af skuli dreift á allt tekjuárið sem tekjurnar eru ætlaðar fyrir í því skyni að finna út mánaðarlegar meðaltekjur viðkomandi. Í tilvikum ársmanna er ávinnslutímabilið því í raun síðasta tekjuárið áður en viðkomandi verður atvinnulaus enda ekki önnur viðmið fyrir hendi um atvinnuþátttöku þessara einstaklinga. Þá er lagt til að sams konar reglur gildi um ársmenn og lagt er til að gildi um aðra sjálfstætt starfandi einstaklinga hvað varðar útreikning á tryggingahlutfalli þeirra.

Enn fremur er lagt til að sjálfstætt starfandi einstaklingur sem greiðir mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi sem er lægra en 25% af viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein teljist ekki tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins en það er í samræmi við skilyrði er gildir um vinnuframlag launafólks. Hið sama er lagt til að gildi um sjálfstætt starfandi einstakling sem greiðir staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi einu sinni á ári sem er að meðaltali fyrir hvern mánuð lægra en 25% af framangreindri viðmiðunarfjárhæð á síðasta tekjuári áður en hann sótti um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar. Er þá átt við að þær tekjur sem ársmaður hafði í formi reiknaðs endurgjalds skiptist jafnt yfir alla tólf mánuði tekjuársins sem um er að ræða og reynist meðaltekjurnar í hverjum mánuði vera lægri en 25% af viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra fyrir viðkomandi starfsgrein telst sá hinn sami ekki tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins.

Í samræmi við framangreindar breytingar og jafnframt til að gæta enn frekar samræmis við aðstæður launafólks er lagt til í 13. gr. frumvarps þessa að áunninn réttur sjálfstætt starfandi einstaklings innan atvinnuleysistryggingakerfisins geti geymst í allt að 24 mánuði í tilvikum er sjálfstætt starfandi einstaklingur tekur að greiða staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi sem er lægra en viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra eða lægra en hann hefur áður greitt enda hafði hann áður reiknað sér endurgjald sem var lægra en viðmiðunarfjárhæðin. Er með þessu komið til móts við þá staðreynd að rekstur sjálfstætt starfandi einstaklinga gengur oft illa í einhvern tíma áður en kemur til atvinnumissis hlutaðeigandi. Það getur haft þau áhrif að sjálfstætt starfandi einstaklingur greiði af lægri fjárhæðum en áður til skattyfirvalda síðustu mánuðina áður en sótt er um atvinnuleysisbætur og jafnvel eru þekkt dæmi þess

að hlutaðeigandi hafi ekki reiknað sér endurgjald fyrir vinnu sína á því tímabili þar sem rekstrarkostnaður hafi verið umfram tekjur. Í slíkum tilvikum hafa sjálfstætt starfandi einstaklingar átt skertan rétt innan atvinnuleysistryggingakerfisins og sumir með öllu ótryggðir þrátt fyrir að hafa greitt staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi í mörg ár þar á undan. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við 13. gr. frumvarps þessa.

Um 12. gr.

Lagt er til að sama gildi hvort sem þeir sem teljast tryggðir samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar hverfa tímabundið af vinnumarkaði eða taka ólaunað leyfi frá störfum samkvæmt lögum, kjarasamningi eða ráðningarsamningi. Þannig er lagt til að tímabil, svo sem þegar foreldrar taka foreldraorlof samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof eða fara í launalaust leyfi í kjölfar fæðingarorlofs samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof, teljist ekki ávinnslutímabil skv. 15. eða 19. gr. laga um atvinnuleysistryggingar enda þótt viðkomandi hafi gildan ráðningarsamning við vinnuveitanda sinn. Fer þá um það tímabil eins og önnur tilvik sem leiða til þess að þegar áunninn réttur til atvinnuleysistrygginga geymist skv. 23. gr. laganna.

Um 13. gr.

Í ljósi þess að lagðar eru til breytingar á því hvernig tryggingahlutfall sjálfstætt starfandi einstaklaklinga er ákveðið skv. 11. gr. frumvarps þessa er gert ráð fyrir að sjálfstætt starfandi einstaklingar geti geymt þegar áunninn rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins í allt að 24 mánuði. Sem dæmi má nefna sjálfstætt starfandi einstakling sem hefur ávallt greitt staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi sem nemur að lágmarki viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra en síðan dregst reksturinn saman sem leiðir til þess að tekjur hans minnka og þar með staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi. Ári síðar sér hann ekki aðrar leiðir færar en að hætta rekstri og sækja um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar. Hann telst þá engu síður að fullu tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Er því gert ráð fyrir að sama gildi um sjálfstætt starfandi einstaklinga og launafólk þannig að við umsókn um atvinnuleysisbætur sé litið til þeirra tólf mánaða sem sjálfstætt starfandi einstaklingur reiknaði sér hæsta endurgjaldið og greiddi af því staðgreiðslu ásamt tryggingagjaldi á síðustu 36 mánuðum miðað við móttöku umsóknar um atvinnuleysisbætur.

Er með þessu verið að koma til móts við þá staðreynd að sjálfstætt starfandi einstaklingar byrja oft á því að reikna sér lægra endurgjald til að geta staðið skil á öðrum rekstrarkostnaði þegar verulega dregst saman í rekstri þeirra sem oft er undanfari þess að þeir hætta rekstri og sækja um atvinnuleysisbætur. Hefur þá sætt gagnrýni að þeir hafi ekki átt rétt til atvinnuleysistrygginga enda þótt þeir hafi greitt staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi sem nemur viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra sem og tryggingagjald í mörg ár þar á undan.

Í þessu sambandi ber jafnframt að líta til þess að þegar fólk skiptir um starfsvettvang á þessu tímabili með því að verða sjálfstætt starfandi einstaklingar frá því að vera launafólk eða öfugt þá ber að líta til þeirra mánaða sem umsækjandi var í hæsta starfshlutfalli eða greiddi staðgreiðsluskatt af hæsta reiknaða endurgjaldinu á síðustu 36 mánuðum fyrir móttöku umsóknar.

Um 14. gr.

Ákvæði þetta fjallar um tilvik þegar sá sem telst tryggður samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar tekur fæðingarorlof samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof en hann

getur þá geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu í allt að 24 mánuði. Þessi tilhögun þykir í betra samræmi við önnur sambærileg tilvik sem fjallað er um í ákvæðum V. kafla laganna þannig að réttur til atvinnuleysistrygginga geymist. Við mat á tryggingahlutfalli umsækjanda er þá litið til þess tíma er hlutaðeigandi var á vinnumarkaði fyrir töku fæðingarorlofsins og þá einnig miðað við tekjur hans á því tímabili, skv. 32. gr. laganna.

Um 15.–18. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Meginregla laganna um atvinnuleysistryggingar er að sá sem stundar nám í skilningi laga um atvinnuleysistryggingar telst ekki tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins á sama tímabili enda teljist námið ekki hluti vinnumarkaðsaðgerða samkvæmt ákvörðun Vinnumálastofnunar, sbr. 1. mgr. 52. gr. laganna. Tvenns konar undanþágur hafa verið veittar frá þessari meginreglu, sbr. 2. og 3. mgr. 52. gr. laganna, sem hafa þótt leiða til ákveðinnar misnotkunar á atvinnuleysistryggingakerfinu. Eitt aðalhlutverk Atvinnuleysistryggingasjóðs er að tryggja einstaklingum, sem hafa áður verið virkir á vinnumarkaði en missa starf sitt tímabundið, framfærslu þann tíma sem það tekur að finna nýtt starf enda áhersla lögð á að viðkomandi sé í virkri atvinnuleit. Hefur verið litið svo á að þegar fólk stundar nám sé það ekki á sama tímabili í virkri atvinnuleit líkt og lögin gera ráð fyrir enda megi gera ráð fyrir að viðkomandi sé á námstímanum ekki jafnvakandi fyrir þeim tækifærum sem kunna að bjóðast hvað varðar atvinnu. Þykir því mikilvægt að skýrt sé kveðið á um í lögunum að almenna reglan sé sú að einstaklingar sem stunda nám eigi ekki rétt til atvinnuleysisbóta á sama tímabili, ekki síst þegar námið telst lánshæft samkvæmt reglum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Hins vegar þykir jafnframt eðlilegt að veita Vinnumálastofnun áfram ákveðið svigrúm til mats á því hvort einstaklingur teljist í virkri atvinnuleit í skilningi laganna og uppfylli skilyrði laganna að öðru leyti kjósi hann að halda áfram námi sínu eftir atvinnumissi hafi hann stundað námið áður samhliða atvinnu sinni. Er jafnframt lagt til að sama gildi um þá sem vilja leggja stund á einstök námskeið á framhaldsskóla- eða háskólastigi enda viðurkennt að það geti verið atvinnuleitanda til góðs að vera virkur í samfélaginu með einum eða öðrum hætti. Í báðum þessum tilvikum á þetta ekki við sé það nám sem viðkomandi stundar lánshæft samkvæmt reglum um Lánasjóð íslenskra námsmanna enda sá sjóður ætlaður til framfærslu námsfólks. Í slíkum tilvikum metur Vinnumálastofnun aðstæður umsækjanda og þá eftir atvikum hvort hlutaðeigandi geti þá talist í leit að hlutastarfi sem hann getur stundað samhliða náminu og þar með hlutfallslega tryggður. Þarf þá meðal annars að líta til þess hvernig tímasókn í skóla er háttað, í því skyni að meta líkur á því að hlutaðeigandi geti tekið almennu starfi samhliða náminu. Enn fremur ber að líta til umfangs námsins en miðað er við að um mjög lágt námshlutfall sé að ræða.

Um 20.–22. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Lagt er til að áfram verði unnt að greiða hlutfallslegar atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli og þá án þess að föst laun fyrir hlutastarfið komi til frádráttar atvinnuleysisbótum skv. 36. gr. laganna. Áfram er gert að skilyrði að launamaður haldi þá a.m.k 50%

starfshlutfalli hjá vinnuveitanda þannig að stuðlað verði að því að vinnuveitendur haldi ráðningarsambandi við starfsmenn sína eins og frekast er unnt enda þótt nauðsynlegt kunni að vera að skerða starfshlutfall þeirra að einhverju leyti. Í ljósi reynslunnar þykir jafnframt eðlilegt að miðað verði við að fyrra starfshlutfall launafólks hafi lækkað um 10% hið minnsta. Þannig á launamaður ekki rétt á hlutfallslegum atvinnuleysisbótum samkvæmt ákvæði þessu skerðist starfshlutfall hans um minna en 10% og getur þá launamaður að hámarki verið í 90% starfshlutfalli hafi hann áður verið í fullu starfi til að eiga rétt á atvinnuleysisbótum samkvæmt ákvæði þessu. Tilgangur þessa er einkum sá að gæta meira jafnræðis milli þeirra sem annars vegar verða að taka á sig launalækkun án skerðingar starfshlutfalls vegna samdráttar í rekstri vinnuveitanda í kjölfar sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði og hins vegar þeirra sem verða fyrir tiltölulega lítilli skerðingu á starfshlutfalli af sömu ástæðum og þar með launaskerðingu. Eins og verið hefur er áfram gert ráð fyrir að aðrar greiðslur komi til frádráttar atvinnuleysisbótum skv. 36. gr. laganna og þá án tillits til frítekjumarks 2. mgr. 36. gr. enda hefur ótilgreint frítekjumark þegar verið nýtt vegna teknanna fyrir hlutastarfið. Með öðrum greiðslum er meðal annars átt við yfirvinnugreiðslur og hvers konar árangurstengdar greiðslur. Þetta felur hvorki í sér breytingu frá efni ákvæðisins eða framkvæmd þess en mikilvægt þykir að skýrar sé tekið á þessu í lögunum en verið hefur.

Enn fremur eru ekki lagðar til breytingar á því skilyrði að hinn tryggði hafi misst starf sitt að hluta vegna samdráttar í rekstri hlutaðeigandi fyrirtækis sem hann starfar hjá svo unnt sé að beita þessari undanþágu. Hið sama á við hafi hann misst starf sitt að öllu leyti og ráðið sig í hlutastarf hjá öðrum vinnuveitanda í lægra starfshlutfalli enda eigi viðkomandi að mati Vinnumálastofnunar ekki kost á að ráða sig til starfa í sama starfshlutfalli og hann var í áður vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði. Hins vegar er lögð til sérstök heimild til handa Vinnumálastofnun til að óska eftir upplýsingum og gögnum frá viðkomandi vinnuveitanda þegar stofnunin telur ástæðu vera til þar sem fram komi nánari rökstuðningur fyrir samdrætti í starfseminni. Sem dæmi kæmi þá þar fram nánari greining á því í hverju fækkun verkefna felst eða hvernig fyrirhugað er að mæta samdrætti á þjónustu fyrirtækis eða stofnunar sem meðal annars leiði þá til þess að minnka þarf starfshlutfall starfsfólksins. Lagt er til að gildistími bráðabirgðaákvæðis V í lögunum verði framlengdur tímabundið til 31. desember 2009.

Um 24. gr.

Í ljósi reynslunnar er lagt til að taka skuli tillit til þess að verkefni sjálfstætt starfandi einstaklinga kunna að standa yfir fleiri mánuði en einn enda þótt þau geti talist tilfallandi sem og að greiðslur komi einungis í lok verkefnis eða með óreglulegum hætti. Þykir því eðlilegra að tekjurnar komi til frádráttar atvinnuleysisbótum fyrir alla þá mánuði sem verkefnið stendur yfir en ekki einungis atvinnuleysisbóta í þeim mánuði þegar greiðslurnar koma til. Til skýringa á þessu er dæmi um sjálfstætt starfandi einstakling sem hefur tekið að sér lítið verkefni sem þó þarf að inna af hendi yfir fjögurra mánaða tímabil. Greitt er fyrir verkefnið í lok þess og eru tekjur hlutaðeigandi fyrir verkefnið 600.000 kr. Þá hefur hlutaðeigandi fengið að jafnaði 150.000 kr. á mánuði og getur nýtt sér frítekjumark að 100.000 kr. í hverjum mánuði. Hann er á grunnatvinnuleysisbótum og samanlagðar bætur og tekjur eru því 299.523 kr. á mánuði. Helmingur þeirrar fjárhæðar sem fer yfir 249.523 kr. (149.523 + 100.000 kr.) kemur til frádráttar atvinnuleysisbótum. Mismunurinn nemur 50.000 kr. (299.523 - 249.523 kr.) þannig að 25.000 kr. koma til frádráttar atvinnuleysisbótum hans og á hann þá rétt á sem nemur 124.523 kr. í stað 149.523 kr. í atvinnuleysisbætur á mánuði fyrir þetta fjögurra

mánaða tímabil sem verkefnið stóð yfir. Hinn tryggði ber að upplýsa Vinnumálastofnun um þessi verkefni og þá einnig yfir hvaða tíma þau standa, sbr. 7. gr. frumvarps þessa.

Vert er að ítreka að með verulegum samdrætti í rekstri er átt við að fram komi veruleg lækkun á reiknuðu endurgjaldi frá því sem var á fyrri tekjuárum, sem og að reksturinn hafi nánast stöðvast fyrir utan einstaka tilfallandi verkefni. Þannig fá skattyfirvöld og Vinnumálastofnun séð að um raunverulegt atvinnuleysi sé að ræða hjá viðkomandi og geta fylgst með þróuninni í atvinnurekstri hans. Er því lagt til að það komi ávallt í hlut Vinnumálastofnunar að meta hvort verkefni sjálfstætt starfandi einstaklinga teljist tilfallandi í skilningi ákvæðis þessa og þá einnig hvort um verulegan samdrátt sé að ræða í rekstri umsækjanda um atvinnuleysisbætur. Lagt er til að kveðið verði á um það að við matið hafi Vinnumálastofnun meðal annars hliðsjón af viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra fyrir reiknað endurgjald í viðkomandi starfsgrein, sem og rekstri hlutaðeigandi allt að síðustu þrjú tekjuárin áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur. Þykir það gefa góða mynd af rekstri hlutaðeigandi.

Þá er lagt til að gildistími bráðabirgðaákvæðis VI verði framlengdur tímabundið til samræmis við gildistíma bráðabirgðaákvæðis V eða til 31. desember 2009.

Um 25. gr.

Ástæða þykir að leggja til að þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu hafi ekki áhrif á rétt þeirra sem þegar fá greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði verði frumvarp þetta að lögum, nema breytingarnar leiði til betri réttar fyrir hinn tryggða og skal hann þá óska leiðréttingar á greiðslum úr sjóðnum hjá Vinnumálastofnun fyrir 1. júní 2009.

Um 26. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

Helstu breytingarnar með frumvarpinu á núgildandi lögum eru að í fyrsta lagi er lagt til að gildistími bráðabirgðaákvæðis núgildandi laga til að greiða hlutfallslegar atvinnuleysisbætur á móti skertu starfshlutfalli verði framlengdur til 31. desember 2009. Upphaflega var gert ráð fyrir að heimildin mundi gilda út apríl 2009. Í öðru lagi eru lagðar til nokkrar breytingar er varða sjálfstætt starfandi einstaklinga þannig að þeir geti talist hlutfallslega tryggðir en ekki ávallt að fullu tryggðir óháð þeim fjárhæðum sem þeir greiða til skattyfirvalda, þá m.a. tryggingargjald. Einnig er lagt til að skilgreining á sjálfstætt starfandi einstaklingum verði þrengd þannig að hún eigi einungis við um þá sem starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Þeir sem starfa hjá eigin einkahlutafélögum, sameignarfélögum og hlutafélögum verða launamenn innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Auk þess er lagt til að sjálfstætt starfandi einstaklingar geti geymt þegar áunninn rétt til atvinnuleysistrygginga í allt að 24 mánuði þegar hefur dregist saman í rekstri þeirra. Í þriðja lagi er lagt til að fæðingarorlof teljist ekki til starfstíma launafólks á ávinnuslutímabili en það hefur áhrif á tekjuteng-

ingu atvinnuleysisbóta. Jafnframt er lagt til að sá sem tekur fæðingarorlof geti geymt áunna atvinnuleysistryggingu í allt að 24 mánuði. Í fjórða lagi er lagt til að Vinnumálastofnun fái heimildir til að afla ýmissa upplýsinga fyrir sitt eftirlit. Lögð er til sérstök heimild til handa Vinnumálastofnun til að óska eftir upplýsingum og gögnum frá viðkomandi vinnuveitanda þegar stofnunin telur ástæðu vera til þar sem fram komi nánari rökstuðningur fyrir samdrætti í starfseminni. Þá er lagt til að nánar verði kveðið á um skyldur atvinnuleitenda sem fá greiddar atvinnuleysisbætur til að upplýsa Vinnumálastofnun um breytingar sem kunna verða á högum þeirra. Á þetta m.a. við þegar atvinnuleitandi hættir virkri atvinnuleit og hefur nám eða tekur að sér tímabundið verkefni.

Að mati fjármálaráðuneytisins bera breytingarnar í frumvarpinu með sér talsverðar líkur á auknum útgjöldum. Mikil óvissa er þó um hver stærðargráðan á þeirri aukningu gæti orðið. Reiknað er með að framlenging um átta mánuði á gildistíma bráðabirgðaákvæðis um hlutaatvinnuleysisbætur gæti aukið útgjöld ríkissjóðs. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun voru í janúar 1.367 launþegar sem fengu greiddar hlutaatvinnuleysisbætur samkvæmt bráðabirgðaheimildinni. Einnig fengu 676 sjálfstætt starfandi einstaklingar greiddar atvinnuleysisbætur vegna verulegs samdráttar í rekstri. Í nýjustu spá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að atvinnuleysi í ár verði að meðalatali um 7,8%. Framreiknað út frá þessum tölum gætu útgjöld ríkissjóðs í maí og út desember á þessu ári aukist um 1.630 m.kr. vegna framlengingar á bráðabirgðaákvæði um hlutaatvinnuleysisbætur. Sú útkoma miðast við að ákvæðið um hlutaatvinnuleysisbætur hafi ekki áhrif á ákvarðanir um uppsagnir, þ.e. að starfsmönnum sé ýmist sagt upp að hluta eða að fullu án tillits til bótaréttarins. Á hinn bóginn, ef atvinnurekendur taka mið af rétti til hlutaatvinnuleysisbóta og lækka starfshlutföll í stað þess að segja starfsfólki alveg upp þá gæti það vegið á móti útgjaldaaukningu vegna hlutaatvinnuleysisbóta og jafnvel gott betur þannig að nettósparnaður hljótist af því. Á móti er einhver hætta á misnotkun með þeim hætti að hlutaatvinnuleysisbætur verði í raun notaðar til að greiða niður launakostnað atvinnurekenda. Einnig er hætt við því að sjálfstætt starfandi einstaklingar noti hlutaatvinnuleysisbætur til að greiða niður sinn rekstur. Mjög erfitt er að hafa eftirlit með slíku, sérstaklega í ljósi þess að hlutatvinnuleysisbætur geta verið alveg niður í 10% af starfshlutfalli. Talið er að aðrar breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu hafi minni háttar áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

636. Frumvarp til laga [207. mál]

um breytingu á lögum nr. 116 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 4. mars.)

1. gr.

Í stað ártalanna „2009/2010“ í ákvæði til bráðabirgða I í lögunum kemur: 2014/2015.

2. gr.

Í stað orðanna „1. september 2009“ í ákvæði til bráðabirgða V í lögunum kemur: 1. september 2010.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

637. Nefndarálit [289. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti, Jón Guðmundsson frá ríkisskattstjóra, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Árna Jóhannsson frá Samtökum iðnaðarins, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Magnús Stefánsson frá Meistarafélagi húsasmiða, Sigríði Magnúsdóttur frá Arkitektafélagi Íslands, Magnús Baldursson frá Félagi ráðgjafarverkfræðinga og Félagi sjálfstætt starfandi arkitekta, Árna B. Björnsson frá félögum verkfræðinga og tæknifræðinga og Geir Þorsteinsson og Þóri Hákonarson frá Knattspyrnusambandi Íslands. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá ríkisskattstjóra, Seðlabanka Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum fjármálafyrirtækja, Viðskiptaráði Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Starfsgreinasambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Neytendasamtökunum, Húseigendafélaginu, Félagi löggiltra endurskoðenda, Knattspyrnusambandi Íslands, Eyþingi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Íbúðalánasjóði og Ríkisendurskoðun. Þá barst nefndinni sameiginleg umsögn frá Arkitektafélagi Íslands, Félagi ráðgjafarverkfræðinga, Félagi sjálfstætt starfandi arkitekta, Verkfræðingafélagi Íslands, Stéttarfélagi verkfræðinga og Tæknifræðingafélagi Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að hlutfall endurgreiðslu á virðisaukaskatti skv. 1. mgr. 42. gr. laganna hækki tímabundið í 100% með það að markmiði að hvetja til aukinnar starfsemi á byggingarmarkaði og draga úr atvinnuleysi. Þá er einnig lagt til að reglugerðarheimild í 6. málsl. umræddrar lagagreinar verði látin taka til verksmiðjuframleiddra húseininga og er hún rökstudd með vísan til breyttra byggingarhátta og jafnræðis í skattalegu tilliti.

Nefndin ræddi hvort aðrar leiðir en sú sem lögð er til í frumvarpinu varðandi tímabundna hækkun á hlutfalli endurgreiðslu væru betur til þess fallnar að ná fram markmiði þess, þ.e. að þeirri tekjuskerðingu sem ríkið kann að verða fyrir vegna endurgreiðslunnar sé betur ráðstafað með öðrum hætti. Telur nefndin að sú leið sem frumvarpið gerir ráð fyrir sé vel til þess fallin að auka atvinnu og draga úr svartri atvinnustarfsemi.

Nefndin ræddi einnig gildistöku frumvarpsins og hvort endurgreiðsla samkvæmt frumvarpinu yrði miðuð við tímasetningu framkvæmda eða útgáfu reiknings. Kom fram sá skilningur að útgáfa reiknings væri ákvarðandi í því efni.

Þá ræddi nefndin hvort ástæða væri til að láta hagræðið taka til fleiri sviða atvinnulífsins og möguleg áhrif þess á samkeppni. Nefndin tók í því sambandi sérstaklega til skoðunar hvort tilefni væri til að láta heimild til endurgreiðslu taka til fleiri starfsstétta en 2. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir og inna ekki þjónustu sína af hendi á vettvangi framkvæmda undir öllum kringumstæðum. Má þar nefna arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga sem að mati gesta sem nefndin ræddi við búa við sérstaklega slæma verkefnastöðu um þessar mundir.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að tímabundin hækkun á hlutfalli endurgreiðslu væri í samræmi við tillögur Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins. Margir umsagnar-

aðilar óskuðu eftir að láta skatthagræði frumvarpsins taka til frístundahúsnæðis í ljósi þess að víða um land stæðu frístundahús ókláruð. Enn fremur komu fram kröfur um að sama regla yrði látin gilda um mannvirki í eigu sveitarfélaga önnur en íbúðarhús, þ.m.t. íþróttamannvirki. Fulltrúi fjármálaráðuneytisins tók fram af því tilefni að erfitt væri að meta kostnaðaráhrif slíkrar breytingar og að hún kynni að valda erfiðleikum í framkvæmd.

Endurgreiðsla virðisaukaskatts rýrir tekjur ríkissjóðs og telur Seðlabanki Íslands að ríkið þurfi í ljósi efnahagsáætlunar stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að skera niður útgjöld til að mæta umræddu tekjutapi. Á móti hefur verið á það bent á fundum nefndarinnar að tilgangur frumvarpsins er að fjölga störfum sem færi getur fært ríkinu auknar tekjur í formi skatta og dregið úr kostnaði þess vegna atvinnuleysistrygginga. Þá megi búast við að verði frumvarpið samþykkt muni skattskil ýmissa atvinnugreina batna.

Með hliðsjón af framangreindu leggur nefndin til nokkrar breytingar. Nefndin leggur til að tímabil endurgreiðslunnar verði lengt til 1. janúar 2011 og er sú breyting m.a. lögð til með hliðsjón af efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Í annan stað er lagt til að endurgreiðsla skv. 2. gr. frumvarpsins verði ekki einskorðuð við byggingu íbúðarhúsnæðis og endurbætur og viðhald á þess háttar húsnæði heldur verði hún jafnframt látin taka til frístundahúsnæðis eins og það er skilgreint í lögum nr. 75/2008, um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús. Einnig er lögð til sú breyting að heimildin taki til virðisaukaskatts af þjónustu arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga vegna hönnunar, verkumsjónar og eftirlits með umræddum framkvæmdum. Loks er lagt til að 2. gr. frumvarpsins verði látin gilda um annað húsnæði en íbúðarhúsnæði og frístundahús og sé það húsnæði alfarið í eigu sveitarfélaga eða, eftir atvikum, stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu þeirra. Framangreindar breytingar gera ráð fyrir að ráðherra verði veitt heimild til að setja nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslunnar í reglugerð.

Af ástæðum sem þegar hafa verið raktar telur nefndin að erfitt sé að geta sér til um áhrif þessara breytinga á tekjur ríkissjóðs en að fengnum upplýsingum frá fjármálaráðuneyti má ætla að sú breyting sem mestu veldur sé sú sem varðar sveitarfélögin.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 3. mars 2009.

Björgvin G. Sigurðsson, form., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Ellert B. Schram.
Gunnar Svavarsson.	Bjarni Benediktsson.	Árni Þór Sigurðsson.
Ragnheiður E. Árnadóttir.	Jón Bjarnason.	Birkir J. Jónsson.

638. Breytingartillaga [289. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Eftirfarandi breytingar verði á 2. gr.:

a. Í stað orðanna „1. júlí 2010“ í 1. málsl. komi: 1. janúar 2011.
b. Á eftir orðinu „íbúðarhúsnæðis“ í 1. og 2. málsl. komi: og frístundahúsnæðis.
c. Við bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. janúar 2011 skal endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af þjónustu arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga vegna hönnunar eða eftirlits með byggingu þess háttar húsnæðis. Jafnframt skal á sama tímabili endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af þjónustu arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga vegna hönnunar eða eftirlits við endurbætur eða viðhald þess háttar húsnæðis. Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd þessarar endurgreiðslu.

Ákvæði 1. mgr. nær á viðkomandi tímabili jafnframt til annars húsnæðis sem er alfarið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga.

639. Fyrirspurn [377. mál]

til umhverfisráðherra um fjölda starfsmanna í umhverfisráðuneyti, Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hver var fjöldi starfsmanna hjá umhverfisráðuneyti og Skipulagsstofnun árin 2000, 2005 og 2009?
2. Hver var fjöldi starfsmanna hjá Umhverfisstofnun árin 2003, 2005 og 2009?

640. Fyrirspurn [378. mál]

til iðnaðarráðherra um ferðaþjónustu á Melrakkasléttu.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

Hver eru áform ráðherra um stuðning við ferðaþjónustu á Melrakkasléttu?

641. Fyrirspurn [379. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stuðning við íslenskan landbúnað.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

Hver er stefna ráðherra um stuðning við íslenskan landbúnað?

642. Fyrirspurn [380. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um eflingu kræklingaræktar.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hver er staða umhverfisvöktunar vegna kræklingaræktar?
2. Hefur ráðherra áform um að stuðla að eflingu kræklingaræktar?

643. Fyrirspurn [381. mál]

til samgönguráðherra um sjónvarpsútsendingar í dreifbýli.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hefur ráðherra áform um að knýja á um viðgerð á sjónvarpssendinum á Gagnheiði?
2. Hefur Póst- og fjarskiptastofnun beitt sér gagnvart rekstraraðila Gagnheiðarstöðvarinnar í samræmi við heimildir í 5. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun?
3. Hefur ráðherra áform um að bæta sjónvarpsútsendingar í dreifbýli?

Skriflegt svar óskast.

644. Fyrirspurn [382. mál]

til samgönguráðherra um framkvæmd samgönguáætlunar.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hvaða sjónarmið búa að baki þeirri ákvörðun ráðherra að veita einungis tæplega helmingi ráðstöfunarfjár til nýrra samgönguframkvæmda á þessu ári til verkefna í landsbyggðarkjördæmum?

2. Hvernig hyggst ráðherra tryggja það að markmið gildandi samgönguáætlunar komi til framkvæmda í ljósi fyrrgreindrar ákvörðunar?

645. Fyrirspurn [383. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um notendastýrða persónulega aðstoð.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hverjar eru tillögur nefndar um notendastýrða persónulega aðstoð?
2. Er unnið að bættu lagaumhverfi fyrir þessa þjónustu?
3. Er á einhvern hátt verið að kanna þörf fyrir slíka aðstoð?

Skriflegt svar óskast.

646. Fyrirspurn [384. mál]

til forsætisráðherra um tillögur Norðausturnefndar.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin nýta til atvinnusköpunar þær tillögur svokallaðrar Norðausturnefndar, um atvinnu og samfélag á Norðurlandi eystra og Austurlandi, sem birtust í skýrslu nefndarinnar í maí á síðasta ári?

647. Breytingartillaga [196. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

Frá Steinunni Valdísi Óskarsdóttur.

Á eftir orðunum „Rekstraraðili flugvallar“ í 1. efnismgr. 13. gr. komi: eða flugvallarkerfis.

648. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [385. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Steingrímur J. Sigfússon,
Birkir J. Jónsson, Guðjón A. Kristjánsson.

1. gr.

Við lögin bætist ný grein, 79. gr., svohljóðandi:

Náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti eru þjóðareign. Ríkið fer með forsjá þeirra, vörslu og ráðstöfunarrétt og hefur eftirlit með nýtingu þeirra í umboði þjóðarinnar eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.

Allar náttúruauðlindir ber að nýta á sem hagkvæmastan hátt á grundvelli sjálfbærrar þróunar til hagsældar fyrir þjóðina og komandi kynslóðir. Náttúruauðlindir í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi.

Allir eiga rétt til umhverfis sem stuðlar að heilbrigði og þar sem líffræðilegri fjölbreytni er viðhaldið eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Réttur almennings til upplýsinga um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda á það, svo og kostur á þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið, skal tryggður með lögum.

2. gr.

79. gr. laganna verður 81. gr. og orðast svo:

Frumvarp til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari má bera upp á Alþingi. Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarpið skal það borið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu í leynilegri atkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi. Sé meiri hluti gildra atkvæða fylgjandi frumvarpinu, þó minnst 25 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá, skal það staðfest af forseta Íslands og öðlast þá gildi sem stjórnarskipunarlög.

Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins skv. 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

Nánari tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. og 2. mgr. skal ákveðin með lögum.

3. gr.

80. gr. laganna orðast svo:

Alþingi skal láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög eða málefni sem varðar almannahag ef 15 af hundraði kjósenda krefjast þess. Atkvæðagreiðslan skal fara fram innan þriggja mánaða frá því að staðfest krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu liggur fyrir.

Niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar er bindandi þegar hún fjallar um gildi tiltekinna laga og meiri hluti gildra atkvæða er fylgjandi tillögu sem borin er upp, þó minnst 25 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá. Þó er ekki hægt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáraukalög, lög um skattamálefni og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum.

Nánari reglur um málsmeðferð varðandi kröfu kjósenda og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar skulu settar með lögum.

4. gr.

Við stjórnarskrána bætist nýtt ákvæði um stundarsakir, svohljóðandi:

Forseti Íslands skal boða til stjórnlagaþings til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, þar sem byggt verði áfram á lýðræðisskipan, réttarríki og vernd mannréttinda. Stjórnlagaþing skal skipað 41 þjóðkjörnum fulltrúa og jafnmörgum til vara. Um kjörgengi og kosningu fulltrúa á þingið og skipulag þingsins skal mælt fyrir í sérstökum lögum sem sett verði að loknum alþingiskosningum vorið 2009. Stjórnlagaþing setur sér sjálft starfsreglur.

Stjórnlagaþing skal koma saman eigi síðar en 1. desember 2009. Þingið skal ljúka störfum eigi síðar en 17. júní 2011 en getur sjálft ákveðið að ljúka störfum fyrr. Einnig er Alþingi heimilt með ályktun að verða við beiðni stjórnlagaþings um að framlengja starfstíma þess um allt að sex mánuði.

Áður en stjórnlagaþing samþykkir frumvarp að nýrri stjórnarskrá skal það sent Alþingi til umsagnar. Alþingi skal veita stjórnlagaþingi umsögn sína innan tveggja mánaða.

Þegar stjórnlagaþing hefur samþykkt frumvarp að nýrri stjórnarskrá skal það á ný sent Alþingi sem getur innan eins mánaðar ákveðið með rökstuddri tillögu að vísa frumvarpi aftur til stjórnlagaþings. Skal þá taka frumvarpið aftur til meðferðar þar með hliðsjón af rökstuddri tillögu Alþingis. Þarf þá 2/3 hluta fulltrúa á stjórnlagaþingi til að samþykkja frumvarpið nema fallist sé á rökstudda tillögu Alþingis um breytingar á frumvarpinu og þarf þá aðeins einfaldan meiri hluta. Náist slíkt samþykki skal frumvarpið lagt í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 6. mgr. en ella telst það fellt.

Berist stjórnlagaþingi ekki rökstudd tillaga frá Alþingi eftir samþykkt frumvarpsins skv. 4. mgr. skal frumvarp að nýrri stjórnarskrá lagt í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 6. mgr.

Frumvarp að nýrri stjórnarskrá skal lagt undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu í leynilegri atkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar. Sé meiri hluti gildra atkvæða fylgjandi frumvarpinu, þó að minnsta kosti 25 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá, skal það staðfest af forseta Íslands og er það þá gild stjórnarskipunarlög.

Stjórnlagaþing skal setja nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um langt skeið hefur verið stefnt að því að heildarendurskoðun fari fram á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sem Alþingi samþykkti á Þingvöllum 17. júní 1944 að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Ekki hefur orðið af slíkri endurskoðun þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, en ákveðnum hlutum stjórnarskrárinnar hefur þó verið breytt í ýmsum veigamiklum atriðum.

Í kjölfar bankahruns haustið 2008 og efnahagskreppu sem síðan tók við hefur orðið talsverð umræða í þjóðfélaginu um þörf á að endurskoða ýmsar grundvallarreglur í íslensku stjórnskipulagi, þar á meðal þær sem lúta að skipulagi löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og aðskilnaði milli þessara tveggja valdþátta, hvernig er háttað reglum um ábyrgð handhafa framkvæmdarvaldsins og eftirliti með starfi stjórnvalda og um möguleika þjóðarinnar á því að taka beinan þátt í ákvörðunum með þjóðaratkvæðagreiðslu. Í þeirri umræðu hefur sjónum verið beint að stjórnarskrá lýðveldisins, setningarhætti hennar og þeirri staðreynd að stór hluti ákvæða hennar, sérstaklega þau sem standa í II. kafla um framkvæmdarvaldið, stendur

enn lítt breyttur allt frá því Ísland fékk sína fyrstu stjórnarskrá frá Danakonungi árið 1874. Þessi ákvæði endurspegla því hvorki þann veruleika sem er varðandi meðferð framkvæmdarvaldsins né tryggja nægilega aðskilnað framkvæmdarvalds og löggjafarvalds og nauðsynlegt aðhald þings með framkvæmdarvaldi. Hugmyndum um nauðsyn þess að Íslendingar setji sér nýja stjórnarskrá frá grunni hefur nú aukist fylgi. Í ljósi þess að stjórnmálaflokkunum hefur ekki tekist að ná samstöðu um nauðsynlegar breytingar á nokkrum meginþáttum í núgildandi stjórnarskrá hefur komið fram krafa um að stofnað verði til sérstaks stjórnlagaþings með þjóðkjörnum fulltrúum sem yrði falið þetta mikilvæga verkefni.

Í verkefnaskrá nýrrar ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs frá 1. febrúar 2008 voru sett fram nokkur markmið um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Þar kom fram að unnið skyldi að breytingum á eftirtöldum atriðum í stjórnarskrá lýðveldisins; a) kveðið skyldi á um auðlindir í þjóðareign, b) sett yrði ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur og c) ákveðin yrði aðferð við að breyta stjórnarskrá. Auk þess yrðu sett lög um skipan og verkefni stjórnlagaþings. Í kjölfar þessa skipaði forsætisráðherra ráðgjafarhóp ríkisstjórnarinnar um tillögur um breytingar á stjórnarskránni. Í ráðgjafarhópnum voru Björg Thorarensen, lagaprófessor og forseti lagadeildar Háskóla Íslands, sem jafnframt var formaður hópsins, Bryndís Hlöðversdóttir, dósent og forseti lagadeildar Háskólans á Bifröst, og Gísli Tryggvason, hdl. og talsmaður neytenda. Þá starfaði Páll Þórhallsson, settur skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, með hópnum.

Samkvæmt erindisbréfi ráðgjafarhópsins skyldi hann gera tillögur um framangreind atriði. Jafnframt var honum falið að meta í ljósi starfs stjórnarskrárnefndar á árunum 2005–2007 og þess víðtæka samráðs sem þá átti sér stað hvort rétt væri að gera tillögur um fleiri breytingar á stjórnarskrá, einkum varðandi umhverfisvernd. Þá var hópnum falið að gera tillögur um fyrirkomulag stjórnlagaþings sem haldið yrði eftir komandi alþingiskosningar, þ.m.t. varðandi nauðsynlega lagasetningu og eftir atvikum setningu bráðabirgðaákvæðis í stjórnarskrá.

I. Saga íslensku stjórnarskrárinnar.[1]

Uppbygging og kaflaskipan lýðveldisstjórnarskrárinnar frá 1944 eru í meginatriðum sambærileg fyrstu stjórnarskrá íslenska ríkisins um hin sérstaklegu málefni Íslands frá 5. janúar 1874 sem var sett einhliða af Kristjáni níunda Danakonungi. Ástæður þess að fyrsta íslenska stjórnarskráin var sett með einhliða ákvörðun konungs án samþykkis Alþingis má rekja til togstreitu á milli Íslendinga og dönsku ríkisstjórnarinnar um stjórnskipulega stöðu íslenska ríkisins gagnvart Danmörku sem þá hafði staðið í áratugi. Barátta Íslendinga fyrir sjálfstæði fór vaxandi upp úr 1830 samhliða því sem kröfur um afnám einveldis í Danmörku og öðrum Evrópuríkjum jukust. Hugmyndir um þjóðfrelsi og lýðræði og stofnun stéttaþinga í Danmörku kyntu undir kröfum um endurreisn Alþingis og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar og var Alþingi endurreist sem ráðgefandi þing árið 1843 en kom fyrst saman árið 1845.

Eftir að einveldi var afnumið í Danmörku árið 1848 efndi Friðrik 7. Danakonungur til sérstaks stjórnarlagaþings sem var falið að semja stjórnlög fyrir danska ríkið. Helstu fyrirmyndir sem stuðst var við í þeim efnum voru norsku grundvallarlögin sem samþykkt höfðu verið á Eiðsvöllum 1814 og stjórnarskrá Belgíu frá 1830. Afrakstur danska stjórnlagaþingsins varð

---

[1] Í I. til III. kafla hér á eftir er einkum stuðst við samantekt sérfræðinganefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar frá desember 2005 um ágrip af þróun stjórnarskrárinnar sem unnin var af Gunnari Helga Kristinssyni og birtist í áfangaskýrslu nefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar frá febrúar 2007.

ný grundvallarlög fyrir danska ríkið (d. *Danmarks Riges Grundlove*) sem samþykkt voru 5. júní 1849.

Óvissa var hins vegar uppi um stöðu Íslands innan danska konungsríkisins og höfnuðu Íslendingar því að dönsku grundvallarlögin væru gild stjórnlög fyrir Ísland, enda væri Ísland ekki hluti danska ríkisins. Á Þjóðfundinum sem efnt var til í Reykjavík 5. júlí 1851 lagði danska stjórnin fram frumvarp til laga um stöðu Íslands í danska ríkinu og ríkisþingkosningar sem mætti harðri mótstöðu, enda stefndi það að algerri innlimun Íslands í danska ríkið. Í 1. gr. frumvarpsins var vísað til þess að dönsku grundvallarlögin frá 1849 skyldu vera gild á Íslandi, nema í þeim atriðum sem sérreglur væru um í frumvarpinu. Var frumvarpið sent til nefndar sem kjörin var af þinginu undir forustu Jóns Sigurðssonar og skilaði meiri hluti hennar ítarlegu áliti og tillögum um víðtækar breytingar á því varðandi sambandið milli Íslands og Danmerkur sem gengu þvert á þær tillögur sem komu fram í stjórnarfrumvarpinu.

Ný stjórnarfrumvörp voru lögð fyrir Alþingi 1867, 1869 og 1871 en ekki gekk enn saman með Íslendingum og dönsku stjórninni. Var meginásteytingarsteinninn sem fyrr sambandið milli ríkjanna tveggja. Voru frumvörpin nær samhljóða þágildandi ákvæðum nýrra grundvallarlaga Danmerkur frá 1866 sem höfðu breyst lítillega frá samþykkt grundvallarlaganna frá 1849.

Á þinginu 1873 freistaði Alþingi þess í kjölfar Þingvallafundar að samþykkja nýtt stjórnarskrárfrumvarp og óskaði þess að konungur veitti því lagagildi ekki síðar enn á árinu 1874, en á því ári var stefnt að því að halda þjóðhátíð í tilefni af 1000 ára afmæli Íslandsbyggðar. Til vara var þó sú krafa gerð að féllist konungur ekki á þessar tillögur skyldi hann setja Íslendingum stjórnarskrá. Viðbrögð konungs við þessu voru að setja Íslendingum stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, án þess að hún hefði verið samþykkt af Alþingi. Var þar ekki farið að tillögum Íslendinga hvað varðaði sambandið milli ríkjanna. Byggðist stjórnarskráin á skilgreiningu laga um hina stjórnskipulegu stöðu Íslands í danska ríkinu, svokallaðra stöðulaga, sem sett höfðu verið árið 1871 þvert á vilja Íslendinga, enda mæltu þau fyrir um að Ísland væri óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sérstökum landsréttindum. Var stjórnarskráin í öllum meginatriðum samhljóða dönsku grundvallarlögunum sem þá giltu, frá 1866, þótt ýmislegt í athugasemdum og tillögum Alþingis frá 1867, 1869 og 1871 virðist hafa haft áhrif á útfærslu hennar í endanlegri gerð.

Sá mikilvægi áfangi náðist með stjórnarskránni 1874 að Alþingi Íslendinga fékk löggjafarvald þótt takmarkað væri við íslensk sérmál. Þá skyldi framkvæmdarvaldið vera hjá konungi en hann láta ráðherra Íslandsmála framkvæma það vald en sá ráðherra sat jafnframt í ríkisstjórn Dana. Æðsta framkvæmdarvald innan lands skyldi hins vegar vera í höndum landshöfðingja, sem skipaður væri af konungi, en starfaði á ábyrgð ráðherrans. Frá árinu 1881 urðu stjórnarskrármálefni margsinnis borin upp á Alþingi sem í meginatriðum endurspeglaði viðleitni íslenskra stjórnmálamanna til að knýja á um aukin réttindi Íslendinga gagnvart danska ríkinu og breytta skilgreiningu á stöðu Íslands en þó einkum að framkvæmdarvaldið flyttist inn í landið og ráðherra bæri ábyrgð gagnvart þinginu.

Breytingar á stjórnarskránni náðust þó aðeins fram tvisvar. Árið 1903 voru gerðar nauðsynlegar breytingar vegna heimastjórnar á Íslandi og inn komu ákvæði um ráðherra. Árið 1915 var breytt ýmsum ákvæðum um ráðherra, m.a. að fjölga mætti ráðherrum. Konur fengu kosningarrétt og kosningarréttur karla og kvenna var gerður almennur.

Árið 1919 voru gerðar þær breytingar á stjórnarskránni sem leiddi af fullveldi Íslands og árið 1920 var samþykkt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9/1920. Þessar breytingar vörðuðu meðal annars stjórnskipun ríkisins, konungsvaldið, ráðherra og ríkisstjórn. Íslenska

ríkið fékk utanríkismál í sínar hendur. Ákvæði um eftirlaun embættismanna var innleitt á ný. Alþingi skyldi koma saman hvert ár. Fallið var frá tímaáætlun um rýmkun kosningarréttar og kosningaaldur festur við 25 ár. Heimilað var að innleiða hlutfallskosningar í Reykjavík og að fjölga þingmönnum með lögum. Innleitt var sérstakt ákvæði um að útlendingar gætu ekki fengið ríkisborgararétt á Íslandi nema með lögum og að heimildum útlendinga til að eiga fasteignarréttindi hér á landi skyldi skipað með lögum. Ýmsar smávægilegri breytingar voru einnig gerðar þetta ár.

Umræður um breytingar á stjórnarskrá á þriðja áratug tuttugustu aldarinnar snerust einkum um fækkun ráðherra og þinghald annað hvert ár. Í upphafi fjórða áratugarins var hins vegar kosningakerfið komið á dagskrá og það átti eftir að móta mjög allar umræður um breytingar á stjórnarskrá það sem eftir lifði aldarinnar.

Tvisvar voru gerðar breytingar á stjórnarskránni frá 1920 áður en lýðveldisstjórnarskráin 1944 tók við. Meiri hluti fékkst fyrir stjórnarskrárbreytingu einnig árið 1927 en sú breyting hlaut ekki staðfestingu hjá nýju þingi eftir kosningar. Árið 1934 voru m.a. gerðar þær breytingar að kjördæmaskipunin var fest í stjórnarskrá, þingmönnum var fjölgað, jöfnunarsæti voru tekin upp en landskjör afnumið, kosningarréttur lækkaður í 21 ár, ákvæði um að sveitarstyrkþegar skyldu ekki njóta kosningarréttar var afnumið og fjárlög skyldu lögð fyrir sameinað þing.

Árið 1942 var kosningafyrirkomulagi breytt og síðar á árinu var samþykkt frávik frá ákvæðum stjórnarskrárinnar um stjórnarskrárbreytingu sem gerði landsmönnum kleift að samþykkja breytingar á stjórnarskránni vegna sambandsslitanna við Dani í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Samkvæmt dansk-íslensku sambandslögunum frá 1918 gátu hvort heldur sem er danska þingið eða Alþingi krafist endurskoðunar sambands ríkjanna eftir árslok 1940. Væri nýr samningur ekki gerður innan þriggja ára gæti hvor aðili um sig krafist þess að hann skyldi úr gildi felldur. Slík ákvörðun krafðist 2/3 hluta atkvæða í hvorri deild danska þingsins eða í sameinuðu Alþingi og 3/4 hluta kjósenda staðfestu síðan þá ákvörðun í atkvæðagreiðslu þar sem að minnsta kosti 3/4 hlutar kjósenda tækju þátt. Ljóst var að eftir því sem nær dró þessu tímamarki jókst stuðningur við að slíta sambandinu við Dani. Í upphafi árs 1940 skipaði forsætisráðherra nefnd til að semja frumvarp að nýrri stjórnarskrá og hafði hún lokið verki sínu um mitt ár. Ekki varð þó af því að frumvarpið væri lagt fram á Alþingi. Í millitíðinni hafði Danmörk verið hertekin af Þjóðverjum og í kjölfar þess ályktaði Alþingi um yfirtöku Íslendinga á meðferð konungsvalds, utanríkismála og landhelgisgæslu, 10. apríl 1940. Mánuði síðar var Ísland hernumið af Bretum.

Árið 1941 lagði ríkisstjórnin fram á Alþingi þrjár þingsályktunartillögur þar sem lýst var yfir í fyrsta lagi að Ísland hefði öðlast rétt til sambandsslita og jafnframt vilja Alþingis til sambandsslita við Danmörku, í öðru lagi að Alþingi mundi kjósa ríkisstjóra til eins árs í senn til að fara með æðsta vald í málefnum ríkisins og loks í þriðja lagi að Alþingi stefndi á lýðveldisstofnun jafnskjótt og sambandinu við Danmörku yrði formlega slitið.

Í maí 1942 samþykkti Alþingi eftirfarandi þingsályktun:

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til þess að gera tillögur um breytingar á stjórnskipunarlögum ríkisins í samræmi við yfirlýstan vilja Alþingis um, að lýðveldi verði stofnað á Íslandi, og skili nefndin áliti nógu snemma til þess að málið geti fengið afgreiðslu á næsta Alþingi. Nefndin kýs sér sjálf formann. Nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Í nefndina voru kosnir tveir fulltrúar frá bæði Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki en einn frá Alþýðuflokki. Enginn fulltrúi Sósíalistaflokksins var kosinn í nefndina. Virðist ætlun

þingsins hafa verið að hraða viðskilnaðinum við Dani og ekki nauðsynlega bíða þess að sá frestur sem tilskilinn var í sambandslögunum væri útrunninn. Upp úr miðjum júlí hafði nefndin gengið frá uppkasti að nýrri stjórnarskrá. Þessi áform mættu nokkurri andstöðu innan lands en meiru skipti þó að Bretar og Bandaríkjamenn voru þeim andsnúnir. Voru þau því lögð á hilluna í bili.

Í september 1942 var samþykkt frumvarp til stjórnskipunarlaga sem heimilaði að breyta stjórnarskránni með afbrigðilegum hætti, þ.e. með samþykkt eins þings og meiri hluta kosningarbærra manna í þjóðaratkvæðagreiðslu. „Þó er óheimilt“ eins og segir í stjórnskipunarlögunum „að gera með þessum hætti nokkrar aðrar breytingar á stjórnarskránni en þær, sem beinlínis leiðir af sambandsslitum við Danmörku og því, að Íslendingar taka með stofnun lýðveldis til fullnustu í sínar hendur æðsta vald í málefnum ríkisins.“

Jafnframt var samþykkt þingsályktunartillaga um fjölgun í stjórnarskrárnefndinni í átta og höfðu þá allir stjórnmálaflokkar tvo fulltrúa í henni. Nefndin skilaði áliti sínu og frumvarpi að stjórnarskrá til forsætisráðherra í apríl 1943 en lagði til að gildistaka yrði miðuð við 17. júní 1944 enda væri þá fullnægt þeim tímafresti sem gefinn var í sambandslögunum frá 1918. Samstaða var í nefndinni um önnur atriði en heiti forseta (ríkisforseti eða forseti lýðveldisins) og val á forseta (þingkjörinn eða þjóðkjörinn). Meiri hluti nefndarinnar hallaðist að heitinu forseti lýðveldisins og að hann skyldi þingkjörinn. Vilji nefndarmeirihlutans varð þó ekki ofan á hvað þessi atriði varðar. Heiti embættis forseta er forseti Íslands (þótt forseti lýðveldisins komi einnig fyrir í stjórnarskrá) og á endanum varð ofan á að hafa forsetann þjóðkjörinn eftir að sú hugmynd hafði fengið frekar dræmar undirtektir hjá almenningi að forsetinn yrði þingkjörinn. Í þinginu var deilt um ýmis fleiri atriði málsins, meðal annars hvort forseti ætti að hafa frestandi synjunarvald við lagasetningu (eins og forsætisráðherra utanþingstjórnarinnar, Björn Þórðarson, lagði til) eða málskotsrétt til þjóðarinnar eins og varð niðurstaðan.

Mikilvæg forsenda þeirrar samstöðu sem ríkti við afgreiðslu stjórnarskrárinnar 1944 var að hún náði einungis til mjög afmarkaðra þátta stjórnskipunarinnar. Um þetta segir í áliti milliþinganefndarinnar sem undirbjó frumvarpið.

Samkvæmt endursamþykkt þingsályktunartillögunnar um skipun milliþinganefndarinnar í stjórnarskrármálinu, er gerð var hinn 8. sept. 1942, skilar nefndin með þessu stjórnarskrárfrumvarpi og greinargerð fyrri hluta þess verkefnis, er henni var falið, en mun áfram vinna að seinni hluta verkefnisins, sem sé að „undirbúa aðrar breytingar á stjórnskipulaginu, er þurfa þykir og gera verður á venjulegan hátt“. Má ætla að það starf verði öllu víðtækara og þurfi þar til að afla ýmissa gagna, er nú liggja eigi fyrir, svo og að gaumgæfa reynslu þá, er lýðræðisþjóðir heimsins óefað öðlast í þessum efnum á þeim tímum, sem nú líða yfir mannkynið. Þangað til því verki yrði lokið, ætti sú stjórnarskrá sem hér er lögð fram, að nægja, enda eru ákvæði hennar mestmegnis þau, er nú gilda í stjórnskipunarlögum hins íslenska ríkis, að breyttu hinu æðsta stjórnarformi, frá konungdæmi til lýðveldis o.s.frv.

Þær breytingar sem gerðar voru á stjórnskipuninni 1944 voru í samræmi við þetta fyrst og fremst að felld voru út ákvæði um konung og innleidd ákvæði um forseta. Hlutverk forseta í stjórnskipun landsins var að flestu leyti mjög sambærilegt við hlutverk konungs áður. Þó voru gerðar vissar breytingar á þessum ákvæðum hér og þar – t.d. voru meiri takmarkanir á synjunarvaldi forseta en áður höfðu verið á neitunarvaldi konungs og eins voru sérstök ákvæði um frávikningu forseta. Að öðru leyti stóð stjórnarskráin óbreytt.

II. Vinna við endurskoðun lýðveldisstjórnarskrárinnar.

Stjórnarskrárnefndin starfaði, eins og fram kemur í áliti hennar, áfram að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Árið 1945 ákvað Alþingi að skipa 12 manna nefnd til ráðgjafar eldri nefndinni og tveimur árum síðar var samþykkt þingsályktunartillaga um skipan nýrrar sjö manna nefndar til að endurskoða stjórnarskrá þar sem starfsemi hinnar fyrri hafði lognast út af.

Framan af virðist það einkum hafa háð starfi nefndarinnar að stjórnmálaflokkarnir höfðu ekki mótað sér afstöðu í þeim málum sem nefndin átti að fjalla um. Þannig sagði Steingrímur Steinþórsson forsætisráðherra í svari við fyrirspurn um störf nefndarinnar á þingi 1952 að fljótlega hafi það komið í ljós að „fulltrúar hinna pólitísku flokka, sem sæti áttu í nefndinni, höfðu ekki neinar till. fram að bera, vegna þess að þeir, sem sendu þá í nefndina, höfðu ekki gert sér ljóst, hvernig þeir stæðu í málinu. ... Það hefur verið í samráði við ríkisstjórn, að störf þessarar nefndar hafa legið niðri nú alllangan tíma.“

Önnur fyrirspurn kom fram á Alþingi árið 1955 um hvað liði störfum stjórnarskrárnefndarinnar. Í svari sínu sagði Ólafur Thors forsætisráðherra meðal annars:

Um störf stjórnarskrárnefndarinnar, er skipuð var 14. nóv. 1947 samkv. þáltill. frá 14. maí 1947 , er það að segja, að í henni var lengi leitað samkomulags um málið. Hinn 18. nóv. 1952 var svo enn haldinn fundur í þessari stjórnarskrárnefnd. Bjarni Benediktsson, formaður nefndarinnar, afhenti þá nm. þar ákveðnar tillögur um efni nýrrar stjórnarskrár frá þeim Bjarna Benediktssyni, Gunnari Thoroddsen og Jóhanni Hafstein. Skýrði Bjarni Benediktsson síðan opinberlega frá þessum tillögum, og er sú frásögn birt í Morgunblaðinu 22.–24. jan. 1953. Tillögurnar voru nokkuð ræddar á nefndum fundi 18. nóv., og lýkur fundargerðinni þannig: „Að lokum var ákveðið að nefndarmenn létu formann vita, þegar þeir væru búnir að kynna sér tillögur þremenninganna og taka afstöðu til þeirra, og skyldi þá kallaður saman fundur að nýju.“

Tillögur þær sem Bjarni Benediktsson lagði fram í nóvember 1952 gerði hann síðar að umræðuefni á Varðarfundi í ræðu sem birtist í Morgunblaðinu 22.–24. janúar 1953. Tillögurnar voru í tuttugu liðum og vörðuðu völd forseta, varaforseta, afnám landsdóms, reglur um stjórnarmyndun, aukafjárveitingar, kosningaaðferð, hæstarétt, ákæruvaldið, mannréttindi, sveitarfélög, aðferðir við að breyta stjórnarskrá og ýmislegt fleira. Ekki verður vart mikilla ummerkja um störf nefndarinnar eftir 1953. Framsóknarmenn héldu því fram í deilum um stjórnarskrárbreytingar 1959 að þótt nefndin hefði ekki starfað héldi hún samt umboði sínu. Í Ríkishandbók Íslands árið 1965 er einnig litið svo á að nefndin sé enn þá til. Gögn hafa hins vegar ekki fundist um störf hennar á þessum tíma.

Þótt stjórnarskrárnefndin frá 1947 næði ekki að skila áliti hefur þó hugmyndin um þá heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar sem fyrirheit voru gefin um 1944 reglulega komið til tals á Alþingi. Stór hluti þingsályktunartillagna sem snerta stjórnarskrármálefni hefur snúist um þetta.

Árið 1972 var samþykkt þingsályktunartillaga á Alþingi um myndun stjórnarskrárnefndar til að vinna að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar og var sjö manna nefnd kosin af Alþingi til að sinna því verki. Þessi nefnd skilaði miklu starfi fram til 1983 og hún skilaði af sér skýrslum um málið en ekki náðist í henni full samstaða um endanlegar tillögur. Gunnar Thoroddsen forsætisráðherra lagði hins vegar fram stjórnarskrárfrumvarp 1983 í sínu nafni sem byggði á störfum nefndarinnar. Í frumvarpinu var tekið á mörgum þeirra atriða sem fjallað hafði verið um áratuginn á undan.

Sum þeirra atriða sem var að finna í stjórnarskrárfrumvarpinu 1983 hafa komist í framkvæmd, fyrir tilstilli almennra laga eða í þeim stjórnarskrárbreytingum sem gerðar voru 1984, 1991 og 1995. Alþingi afgreiddi hins vegar ekki stjórnarskrárfrumvarpið í heild sinni og mörg þeirra atriða sem þar var að finna eru utan við stjórnarskrá.

Stjórnarskrárnefndir störfuðu áfram eftir kosningarnar 1983, 1987 og 1991 eftir því sem næst verður komist. Engin gögn eru þó á Þjóðskjalasafni um störf þeirra eftir 1987. Í athugasemdum og framsöguræðum sem voru undanfari stjórnarskrárbreytingarinnar 1991 kemur fram að frumvarpið var samið af nefnd formanna þingflokkanna að beiðni forseta Alþingis og ekkert kemur fram um að stjórnarskrárnefnd hafi komið þar við sögu. Hins vegar segir í greinargerð með frumvarpinu um mannréttindakaflann 1994–95:

Í apríl 1994 sendi stjórnarskrárnefnd formönnum þingflokka tillögur um breytingar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Með ályktun Alþingis 17. júní 1994 í tilefni 50 ára lýðveldis á Íslandi var samþykkt að stefnt skyldi að því að ljúka endurskoðun alls VII. kafla stjórnarskrárinnar fyrir næstu reglulegar alþingiskosningar. Við endurskoðunina skyldi höfð hliðsjón af áðurgreindum tillögum stjórnarskrárnefndar frá 5. apríl 1994 en einnig skyldi fjalla um önnur ákvæði kaflans, svo sem um skipan skattamála, ríkisborgararétt og stöðu sveitarfélaga. Á síðara stigi var enn fremur ákveðið að taka til endurskoðunar ákvæðin um trúfrelsi í VI. kafla.

Frumvarpið sem hér liggur fyrir, er í mörgum atriðum sambærilegt við tillögur stjórnarskrárnefndar að því er varðar mannréttindaákvæðin. Þó hafa þær sætt nokkrum breytingum frá upprunalegri mynd því að formenn þingflokka ákváðu síðla sl. sumar að taka þær til frekari athugunar og fengu til liðs við sig virta lögfræðinga og sérfræðinga á sviði mannréttinda og stjórnskipunar. Tillögurnar hafa enn tekið nokkrum breytingum eftir viðræður formanna þingflokka um málið og umræður í þingflokkum að undanförnu.

Um undirbúning að stjórnarskrárbreytingu 1999 segir í frumvarpi:

Hinn 8. september 1997 skipaði forsætisráðherra nefnd til að endurskoða kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis. Nefndin var skipuð samkvæmt tilnefningum þingflokka að undangengnu samráði við formenn allra stjórnmálaflokka sem þá áttu fulltrúa á Alþingi. ... Nefndin skilaði forsætisráðherra skýrslu 6. október 1998 sem hann hefur lagt fyrir Alþingi á yfirstandandi þingi.

Nefndin lagði til að formenn stjórnmálaflokkanna leggðu sameiginlega fram frumvarp um breytingu á ákvæðum stjórnarskrár um alþingiskosningar og gekk það eftir.

Í ársbyrjun 2005 skipaði þáverandi forsætisráðherra nefnd um endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands. Fulltrúar allra flokka áttu sæti í nefndinni og var Jón Kristjánsson þáverandi heilbrigðisráðherra formaður nefndarinnar. Með nefndinni starfaði hópur sérfræðinga undir forustu Eiríks Tómassonar prófessors. Samkvæmt skipunarbréfi skyldi endurskoðunin „einkum bundin við I., II. og V. kafla stjórnarskrárinnar og þau ákvæði í öðrum köflum hennar sem tengjast sérstaklega ákvæðum þessara þriggja kafla“. Í upphafi nefndarstarfsins lýsti formaður nefndarinnar því yfir að engir hlutar stjórnarskrárinnar væru fyrir fram undanskildir. Nefndin skilaði af sér áfangaskýrslu í febrúar 2007 og frumvarpi til breytinga á 79. gr. stjskr. Var markmiðið meðal annars að nefndin gæti unnið áfram í kjölfar þingkosninga vorið 2007 og hægt yrði að bera nýja stjórnarskrá upp á Alþingi og í þjóðaratkvæðagreiðslu um mitt næsta kjörtímabil. Frumvarp stjórnarskrárnefndar var hins vegar aldrei lagt fram og nefndin kom ekki saman eftir kosningarnar vorið 2007.

Þeirri heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar sem fara átti fram eftir að lýðveldisstjórnarskráin var sett 1944 hefur því aldrei lokið. Einstakar breytingar hafa hins vegar verið gerðar.

Sumar þeirra hafa verið mjög afmarkaðar, eins og breyting á kosningaaldri árið 1968 en aðrar víðtækari, eins og breytingar á starfsháttum Alþingis og fleira 1991 og endurskoðaður mannréttindakafli 1995.

Þeir kaflar stjórnarskrárinnar sem hafa verið endurskoðaðir rækilega eru III. kafli um þingkosningar, IV. kafli um störf Alþingis og VII. kafli um mannréttindi. Öðrum köflum hefur minna verið breytt. Þannig hefur I. kafla aldrei verið breytt, II. kafla breytt í nokkrum atriðum árið 1991, mest til að taka mið af afnámi deildaskiptingar Alþingis, V. kafla um dómsvaldið hefur nær ekkert verið breytt (orðinu hæstaréttardómarar bætt við 1991) en ein af þremur greinum VI. kafla um kirkju og trúfrelsi var endurskoðuð 1995.

III. Helstu efnisatriði frumvarpsins.

Í frumvarpinu eru fjórar greinar sem fjalla um aðgreind atriði og eru án innbyrðis tengsla. Í 1. og 3. gr. er lagt til að bætt verði við nýjum efnisákvæðum í stjórnarskrána, í 2. gr. er lögð til breyting á þeirri aðferð sem er viðhöfð til þess að breyta stjórnarskránni og í 4. gr. er síðan gerð tillaga um stjórnlagaþing.

Þótt stefnt sé að því að stjórnlagaþing semji nýja stjórnarskrá er ráðgert að því verði veittur nokkuð rúmur tími, eða allt til 17. júní 2011, til að ljúka verkinu sem er bæði margbrotið og vandasamt. Er því ekki óeðlilegt að samhliða tillögu um setningu stjórnlagaþings séu gerðar tillögur um nokkrar breytingar á stjórnarskránni í mjög afmörkuðum atriðum sem geta þó haft mikið gildi á komandi missirum á meðan stjórnlagaþing er að störfum.

Tvö þessara atriða, þ.e. ákvæði um auðlindamál og ákvæði um aðferð til að breyta stjórnarskránni, voru ítarlega rædd í störfum stjórnarskrárnefndarinnar á árunum 2005 til 2007, og voru m.a. mótaðar tillögur um stjórnarskrárákvæði um efnið þótt ekki kæmi til þess að frumvarp yrði lagt fram. Þá voru ýmsir kostir um hvernig mætti koma við þjóðaratkvæðagreiðslum einnig ræddir nokkuð ítarlega í nefndinni þótt tillaga lægi ekki fyrir.

1. Stjórnarskrárákvæði um auðlindir og umhverfismál.

Forsaga ákvæðisins.

Hugmyndir um að setja ákvæði í stjórnarskrá um náttúruauðlindir hafa ítrekað komið til skoðunar á undanförnum árum og þá oftast í tengslum við umræðu um hvort og þá hvernig eigi að mæla fyrir um eignarhald náttúruauðlinda og nýtingu þeirra. Sú stefna var m.a. mörkuð í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2003 að binda skyldi ákvæði í stjórnarskrá um að auðlindir sjávar væru sameign íslensku þjóðarinnar.

Stjórnarskrárnefndin sem hóf störf 2005 fjallaði um málefnið sem áður segir og þá einkum á grundvelli tillögu auðlindanefndar sem Alþingi skipaði árið 1998. Auðlindanefndin skilaði tillögu um stjórnarskrárákvæði í lokaskýrslu sinni haustið 2000. Verður starfi auðlindanefndarinnar og tillögum hennar nánar lýst hér á eftir. Stjórnarskrárnefnd ræddi ýmsa kosti varðandi efni stjórnarskrárákvæðis um auðlindamál. Í vinnuhópi nefndarinnar um málið varð samstaða um að gera tillögu um stjórnarskrárákvæði sem tæki bæði til eignarhalds á auðlindum og nýtingu þeirra í ljósi tillagna auðlindanefndar, en einnig til umhverfismála í stærra samhengi, þar sem réttarreglur á báðum þessum sviðum eru náskyldar og samtvinnaðar. Ekki varð þó af því að stjórnarskrárnefnd skilaði formlegum tillögum um málið.

Vorið 2007 lögðu formenn þáverandi ríkisstjórnarflokka, Geir H. Haarde forsætisráðherra og Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, fram frumvarp um nýja grein í stjórnarskrána sem fjallaði um eignarhald á náttúruauðlindum og nýtingu þeirra. Þar var ekki byggt á þeim tillögum sem ræddar höfðu verið í stjórnarskrárnefndinni og takmarkaðist gildissvið

frumvarpsákvæðisins við að lýsa yfir því að náttúruauðlindir Íslands skyldu vera þjóðareign, þó þannig að gætt yrði eignarréttinda einstaklinga og lögaðila skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Þá lögðu þingmenn Framsóknarflokksins fram samhljóða frumvörp haustin 2007 og 2008 þar sem tillaga auðlindanefndar frá árinu 2000 var svo til orðrétt tekin upp. Gildissvið þeirrar tillögu laut þannig að lýsingu á eignarhaldi náttúruauðlinda, nýtingu þeirra og heimild til gjaldtöku ríkisins fyrir afnot þeirra.

Sem áður segir kom m.a. fram í verkefnaskrá núverandi ríkisstjórnar að bætt skyldi ákvæði í stjórnarskrá um auðlindir í þjóðareign. Í erindisbréfi ráðgjafarhóps sem undirbjó frumvarp þetta var honum falið að meta í ljósi starfs stjórnarskrárnefndar á árunum 2005–2007 og þess víðtæka samráðs sem þá átti sér stað hvort rétt væri að gera tillögur um fleiri breytingar á stjórnarskrá, einkum varðandi umhverfisvernd. Því hefur sú leið verið farin í frumvarpi þessu að byggja á þeirri vinnu sem fram fór í stjórnarskrárnefndinni um efnið þannig að ákvæðið taki í senn til eignarhalds og nýtingar á náttúruauðlindum og ýmissa meginreglna sem leiðir bæði af alþjóðlegri samvinnu og löggjöf af sviði umhverfisréttar.

Helstu meginreglur í alþjóðasamvinnu og löggjöf á sviði auðlinda- og umhverfisréttar.

Engin almenn skilgreining liggur fyrir á náttúruauðlindum eða öðrum umhverfisgæðum en í víðtækasta skilningi falla allir þættir náttúrunnar, jörðin, lífríkið, vatn, loft og sólarljós undir hugtakið náttúruauðlindir.

Á síðastliðinni öld hefur mikil mannfjölgun í heiminum og aukin framleiðsla orðið til þess að mjög hefur gengið á náttúruauðlindir jarðarinnar. Því hafa þjóðir heims lagt áherslu á nauðsyn þess að vinna að sameiginlegum hagsmunum alls mannkyns af því að setja reglur um skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda og annarra umhverfisgæða. Margþætt löggjöf hefur verið sett sem hefur það markmið að vernda umhverfi og mæla einnig fyrir um nýtingu náttúruauðlinda. Sjónarmið um nýtingu auðlinda hafa fengið aukið vægi samhliða almennri viðurkenningu á nauðsyn þess að vernda beri umhverfi og náttúruauðlindir og að þær beri að nýta á sem hagkvæmastan hátt með hagsmuni komandi kynslóða í huga. Áhrif alþjóðlegrar samvinnu á mótun umhverfisréttar í landsrétti eru umfangsmikil. Alþjóðleg stefnumörkun og þjóðréttarskuldbindingar hafa þannig lagt grunninn að landslöggjöf ríkja en jafnframt stuðlað að samræmdri löggjöf á þessum sviði, meðal annars á vettvangi Evrópusambandsins. Eitt helsta lykilhugtakið sem mótast hefur um efnið og lýsir markmiðum umhverfisréttarins í hnotskurn er *sjálfbær þróun* (e. *sustainable development*). Í skýrslunni *Sameiginleg framtíð okkar* (e. *Our Common Future*), sem gerð var árið 1987 undir forustu Gro Harlem Brundtland, fyrrum forsætisráðherra Noregs, var hugtakið fyrst skilgreint en með því er átt við þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum.

Íslenska ríkið hefur gengist undir ýmsar alþjóðaskuldbindingar á sviði umhverfisréttar sem fjalla m.a. um nýtingu sameiginlegra náttúruauðlinda og annarra umhverfisgæða. Ekki eru tök á því að lýsa þeirri samvinnu hér, en hafa ber í huga að vegna EES-samningsins er íslenska ríkið skuldbundið til að innleiða ýmsar gerðir Evrópusambandsins á þessu sviði. Meðal mikilvægustu áfanga í alþjóðasamvinnu um umhverfisrétt var ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Ríó í Brasilíu í júní 1992, en hún markaði tímamót í alþjóðlegu samstarfi um umhverfismál og afrakstur hennar var alþjóðasamningar og yfirlýsingar sem lögðu grunninn að frekara starfi. Þar má einkum nefna rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftlagsbreytingar frá 9. maí 1992 og svokallaða Kyoto-bókun við hann sem tók gildi 16. febrúar 2005, en meginmarkmið þeirra er að halda styrk gróðurhúsa-

lofttegunda í andrúmsloftinu innan þeirra marka að komið verði í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af manna völdum. Þá var á ráðstefnunni í Ríó samþykkt framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun í heiminum, Dagskrá 21 (e. *Agenda 21*). Þar var einnig lögð rík áhersla á mikilvægi þess að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika (e. *biological diversity*) sem þætti í sjálfbærri þróun og er Ísland aðili að ýmsum alþjóðasáttmálum sem stefna að því markmiði, sbr. einkum samning um líffræðilega fjölbreytni sem samþykktur var 5. júní 1992 og fullgiltur af Íslands hálfu árið 1994.

Í alþjóðasamþykktum er almennt ekki fjallað um hvernig ríkjum beri að skilgreina eignarhald á auðlindum, enda telst slíkt eignarhald og auðlindastjórnun almennt falla undir fullveldisrétt ríkja og mikilvægur þáttur í efnahagslífi að ákveða hvaða tilhögun ríkir í þeim efnum. Þó ber að hafa í huga að nýting auðlinda getur verið háð ýmsum alþjóðlegum reglum, einkum þegar um er að tefla sameiginlegar auðlindir mannkyns. Sem dæmi má nefna að samkvæmt ákvæðum hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 16. desember 1982 hefur íslenska ríkið skuldbundið sig að þjóðarétti til að tryggja skynsamlega nýtingu fiskstofna og annarra lífrænna auðlinda innan efnahagslögsögu sinnar auk þess sem ýmsar skyldur hvíla á aðildarríkjum til að taka þátt í verndun og stjórnun lífrænna auðlinda úthafsins.

Á vettvangi alþjóðlegrar samvinnu um umhverfismál hefur einnig verið lögð áhersla á að auka möguleika almennings á að taka þátt í ákvarðanatöku sem hefur áhrif á umhverfið, t.d. tryggja aðgang að upplýsingum um umhverfismálefni sem eru til meðferðar hjá stjórnvöldum og rýmka um aðild almennings að slíkum málum í stjórnsýslunni og fyrir dómstólum. Einn helsti alþjóðasamningurinn á þessu sviði er samningur um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum sem gerður var í Árósum 25. júní 1998, og er hann jafnan kallaður Árósasamningurinn. Ísland hefur undirritað samninginn en fullgilding hans er í undirbúningi. Árósasamningurinn markaði upphaf nýrra áherslna í alþjóðasamvinnu um umhverfismál. Hann tengir saman umhverfisrétt og mannréttindi, en samhliða því sem hann viðurkennir að réttur til umhverfis af tilteknum gæðum teljist til mannréttinda mælir hann fyrir um að menn hafi skyldum að gegna gagnvart komandi kynslóðum. Samningurinn staðfestir að sjálfbærri þróun verður ekki náð án aðildar allra hagsmunaaðila og tengir saman ábyrgð stjórnvalda og umhverfisvernd.

Ákvæði í stjórnarskrám nokkurra ríkja um auðlindir og umhverfismál.

Á síðustu tveimur áratugum hefur aukin áhersla á umhverfisrétt og reglusetning um eignarhald og nýtingu auðlinda endurspeglast í því að algengt er að sérstök ákvæði séu sett um efnið í stjórnarskrár. Í flestum stjórnarskrám sem samþykktar hafa verið eftir 1990, svo sem í ríkjum Austur-Evrópu, má finna ákvæði af þessum toga og í sumum þeirra eru yfirlýsingar um að náttúruauðlindir séu eign þjóðarinnar. Afar misjafnt er hversu ítarleg þessi ákvæði eru, svo og hvort skýrt er greint á milli ákvæða um eignarhald á náttúruauðlindum og nýtingu þeirra og ákvæða um rétt til þess að njóta umhverfis af tilteknum gæðum. Tilhneiging er til að setja meðal mannréttindaákvæða í stjórnarskrá tiltekin réttindi almennings eða þjóðarinnar og umhverfismál með sérstöku tilliti til komandi kynslóða og á það einkum við um ákvæði um rétt almennings til ákveðinna gæða umhverfis og náttúruauðlinda og að nýting þeirra sé í þágu þjóðarhagsmuna.

Sjá má ýmis dæmi þess að ákvæði um umhverfismál standi í kafla með mannréttindaákvæðum, en yfirlýsing um að náttúruauðlindir séu eign þjóðarinnar standi í kafla með almennum ákvæðum um nokkur grunnatriði tengd þjóð, yfirráðasvæði ríkis og fullveldisrétti þess. Um þetta má t.d. vísa til ákvæða 5. og 53. gr. stjórnarskrár Eistlands frá 1992. Þá eru

dæmi um að ítarleg ákvæði um bæði eignarhald þjóðarinnar á náttúruauðlindum og umhverfismál standi saman í þeim hlutum stjórnarskráa sem fjalla um ýmis efnahagsleg og félagsleg málefni, t.d. 70.–72. gr. stjórnarskrár Slóveníu frá 1991 og 134. og 135. gr. stjórnarskrár Rúmeníu frá sama ári. Í síðastnefnda ákvæðinu er fjallað um eignarhald þjóðarinnar á náttúruauðlindum í almennu ákvæði um vernd eignarréttar þar sem greint er á milli einstaklingseignarréttar og þjóðareignar og jafnframt að ríkið megi ekki láta þjóðareignir varanlega af hendi.

Ekki er algilt að nýrri stjórnarskrár hafi bæði ákvæði um eignarhald eða nýtingu náttúruauðlinda og umhverfismál. Í mannréttindakafla finnsku stjórnarskrárinnar frá 1999 er fjallað um ábyrgð allra á því að vernda umhverfið og skyldur stjórnvalda til að stefna að því að tryggja rétt manna til heilsusamlegs umhverfis í 20. og 21. gr. en ekki er vikið sérstaklega að eignarhaldi eða nýtingu auðlinda í þeirri stjórnarskrá. Árið 2002 var bætt ákvæði í 3. mgr. 2. gr. 1. kafla þess hluta sænsku stjórnarskrárinnar frá 1974 sem fjallar um stofnanir ríkisvaldsins (*regeringsformen*). Þar er nú mælt fyrir um skyldu stjórnvalda til að stuðla að sjálfbærri þróun sem miði að því að tryggja gott umhverfi fyrir núverandi og komandi kynslóðir. Eins var nýrri málsgrein bætt í eignarréttarrákvæði 18. gr. 2. kafla sænsku stjórnarskrárinnar árið 1994, þar sem lýst er yfir rétti almennings til aðgangs að náttúrunni samkvæmt nánari reglum sem settar verði í lögum.

Loks má nefna nýtt ákvæði, grein 110 b, sem bætt var inn í norsku stjórnarskrána árið 1992, þar sem fram koma meginreglur um nýtingu auðlinda í ljósi markmiða umhverfisréttarins. Í ákvæðinu er lýst yfir rétti manna til umhverfis sem tryggi þeim heilbrigði og þar sem líffræðilegri fjölbreytni er viðhaldið. Mælt er fyrir um að náttúruauðlindir skuli nýttar með langtímahagsmuni að leiðarljósi og með tilliti til hagsmuna komandi kynslóða, en með því er vísað til meginreglunnar um sjálfbæra þróun. Þá er fjallað um þátttökuréttindi almennings, þ.e. um rétt almennings til upplýsinga um ástand umhverfis og náttúru og rétt til upplýsinga um áhrif framkvæmda á umhverfið. Loks er stjórnvöldum falið að setja nánari reglur um það hvernig þessum markmiðum verði náð. Í nýlegum rannsóknum sem hafa farið fram á því hver hafa orðið áhrif hins nýja norska stjórnarskrárákvæðis frá setningu þess, kemur í ljós að bein réttarleg áhrif þess hafa ekki verið mjög víðtæk. Ákvæðið hefur þó komið til umfjöllunar og haft áhrif við lagasetningu, við meðferð mála í stjórnsýslunni og í dómsmálum. Þótt það hafi ekki ráðið úrslitum um iðurstöður í dómsmálum hefur löggjöf verið túlkuð í ljósi markmiða þess og þannig hefur ákvæðið haft talsverð áhrif. Í norskum rétti hefur verið bent á að mögulegt sé að byggja rétt beint á ákvæðinu, einkum við tvenns konar aðstæður. Annars vegar eigi það við þegar ekki er í gildi almenn löggjöf sem varðar viðkomandi þátt umhverfis og náttúruverndar og hins vegar ef stjórnvöld beita ekki settum reglum við meðferð tiltekinna mála sem hafa áhrif á umhverfið.

Af skoðun ýmissa stjórnarskrárákvæða um auðlindir og umhverfismál sést að framsetning þeirra og efni er afar margbreytilegt og ekki er hægt að tala um eina ráðandi stefnu í þeim efnum. Slík ákvæði taka þá gjarnan í senn mið af viðurkenndum meginreglum í umhverfisrétti og ekki síst aðstæðum í hverju ríki og helstu álitaefnum sem þar hafa risið um auðlindanýtingu, t.d. út frá sjónarmiðum eignarréttar, hvar draga eigi mörk einstaklingseignarréttar og þjóðareignar, skilyrðum eignarnáms eða þjóðnýtingar auðlinda og heimildum ríkisins til að leggja takmarkanir við nýtingu þeirra.

Tillögur auðlindanefndar.

Lagaleg álitaefni tengd eignarhaldi á íslenskum náttúruauðlindum hafa hlotið talsverða umfjöllun undanfarna tvo áratugi, ekki síst vegna löggjafar um fiskveiðistjórnun og deilna sem orðið hafa um eignarhald á nytjastofnum í íslenskri fiskveiðilögsögu.

Í júnímánuði 1998 samþykkti Alþingi ályktun um að kjósa níu manna nefnd sem hefði það hlutverk að fjalla um auðlindir sem eru eða kunna að verða þjóðareign, m.a. öll verðmæti í sjó og á hafsbotni, innan efnahagslögsögu, svo og í almenningum, afréttum og öðrum óbyggðum löndum utan heimalanda, námur í jörð, orku í rennandi vatni og jarðhita. Skyldi starf nefndarinnar einkum beinast að tveimur viðfangsefnum, annars vegar að fjalla um nýtingu auðlinda sem eru eða kunna að verða þjóðareign, skilgreiningu þessara auðlinda og hvernig með þær skyldi farið. Hins vegar skyldi hún fjalla um gjaldtöku af nýtingum þessara auðlinda til þess að standa undir rannsóknum á þeim og stuðla að vernd og sjálfbærri nýtingu þeirra, svo og til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta. Var afrakstur af starfi nefndarinnar birtur í áfangaskýrslu hennar frá 1999 og í álitsgerð frá september 2000 þar sem tillögur hennar um auðlindaákvæði í stjórnarskrá komu fram.

Á vegum nefndarinnar fór fram umfangsmikið starf en meðal annars var aflað álitsgerða sérfræðinga á sviði eignarréttar og auðlindaréttar um þær réttarreglur sem gilda um eignarrétt að mismunandi tegundum náttúruauðlinda. Þá var gerð viðamikil úttekt á þeim lagaákvæðum sem gilda um efnið, svo sem reglum um nytjastofna á Íslandsmiðum, vatnsafl, jarðhita og námur, auðlindir á eða undir sjávarbotni, rafsegulbylgjur til fjarskipta og ýmis umhverfisgæði. Af henni sést að sú skipan sem nú ríkir varðandi eignarhald og reglur um nýtingu auðlinda er afleiðing langrar sögulegrar þróunar. Þar hefur farið saman að þeim náttúruauðlindum sem eru undirorpnar eignarrétti hefur farið fjölgandi, en löggjafinn hefur jafnframt haft margvísleg og vaxandi afskipti af hvers kyns auðlindanýtingu. Samkvæmt greiningu nefndarinnar á réttarreglum um eignarhald náttúruauðlinda er form á eiginlegum eignarráðum að náttúruauðlindum í meginatriðum tvenns konar.

Annars vegar er um að ræða einkaeignarrétt einstaklinga eða lögaðila. Sem dæmi um það má nefna að skv. 3. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, fylgir landi í einkaeign eignarréttur að auðlindum í jörðu, t.d. jarðefnum og jarðhita. Undir það falla einnig auðlindir í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga. Um þessar auðlindir hafa þó verið settar margvíslegar reglur sem takmarka nýtingarrétt landeiganda. Hér ber að hafa í huga að ríkið getur eins og hver annar lögaðili verið eigandi að landi og þar með framangreindum náttúruauðlindum sem því fylgja.

Hins vegar eru reglur um eignarrétt ríkisins sem byggjast á sérstökum lagafyrirmælum þar sem gert er ráð fyrir sérstöku formi á eignarráðum. Það sem skilur að þennan eignarrétt ríkisins og einkaeignarrétt, sem ríkið getur átt eins og hver annar lögaðili, er að í fyrrgreinda tilvikinu er ríkinu fenginn hinn sérstaki eignarréttur í skjóli þess að enginn annar lögaðili eða einstaklingur hefur getað sannað eignarrétt sinn að þeim eignum sem um er að ræða. Dæmi um eignarhald af þessum toga má sjá í lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, svo og í lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990. Í þjóðlendulögunum var mörkuð stefna um skilgreiningar á eignarlandi annars vegar og þjóðlendum hins vegar. Samkvæmt 1. gr. laganna er þjóðlenda þannig landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi á borð við afnotarétt. Jafnframt er íslenska ríkið lýst eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti, en auk þess eru

ráðstöfunarrétti ríkisins settar ákveðnar skorður. Þannig er gengið út frá því að ekki verði afsalað með varanlegum hætti til einstaklinga eða lögaðila eignarrétti að landi sem er innan marka þjóðlendna þótt veita megi slíkum aðilum heimild til hagnýtingar landsins og auðlinda þess, sbr. 3. og 4. gr. laganna. Á hinn bóginn er slegið föstu að þeir geti ekki öðlast eignarréttindi á þjóðlendu fyrir nám eða hefð, sbr. 8. mgr. 3. gr. Í lögunum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, er ekki að finna sambærilegar takmarkanir á ráðstöfunarrétti ríkisins. Þriðja form eignarráða á auðlindum hefur verið nefnt svokallaður almannaréttur þar sem allir landsmenn hafa rétt til hagnýtingar á tiltekinni eign innan þess ramma sem löggjafinn setur án þess að um ræði hefðbundinn einkaeignarrétt. Sem dæmi um þetta má nefna yfirlýsingu 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar

Loks eru til náttúruauðlindir sem ekki eru háðar eiginlegum eignarrétti. Yfir sumum gæðum, svo og svæðum utan yfirráðasvæðis ríkja, er ekki hægt að viðurkenna neinn eignarrétt í hefðbundnum skilningi. Hefur latneska hugtakið *res communes,* þ.e. það sem öllum er sameiginlegt, verið notað um gæði af þessum toga og eftir atvikum svæði sem eru utan yfirráðasvæða einstaka ríkja og öllum eru frjáls til umferðar og nota. Hér undir falla meðal annars úthafið og geimurinn, en ýmsir alþjóðlegir samningar hafa verið gerðir til að lýsa nánar réttarstöðu þessara svæða og sameiginlegum skyldum þjóða heims varðandi þau. Þá eru sum gæði þannig að jöfn afnot þeirra eru óhjákvæmileg til eðlilegra lágmarkslífsskilyrða og frjálsrar þróunar og afkomu einstaklinga og alls mannkyns. Sem dæmi um það má nefna andrúmsloftið, sólarljósið, vindorku og fleiri sambærileg náttúruöfl. Ljóst er að ríki geta í krafti fullveldisréttar síns sett reglur um nýtingu þessara auðlinda en jafnframt gilda um þessi efni ýmsir alþjóðlegir sáttmálar sem lýst var að framan, þar sem ríki hafa gengist undir þjóðréttarlegar skyldur til að vernda þessi gæði með meginreglur sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi.

Í niðurstöðum sínum benti auðlindanefnd á að það væri í senn eðlilegt og æskilegt að samræma reglur um eignarhald á þeim náttúruauðlindum sem ekki eru háðar einkaeignarrétti, en ekkert réttlætti í sjálfu sér að gerður væri greinarmunur í lögum á aðkomu ríkisins að þjóðlendum, auðlindum í jörðu, hafsbotninum og nytjastofnum í sjó. Þá þyrfti að eyða réttaróvissu sem ríkt hefði um rétt þeirra sem hafa leyfi til veiða á grundvalli laganna um stjórn fiskveiða. Kjarninn í tillögum auðlindanefndar var því að lýst yrði yfir í stjórnarskrá nýju formi á eignarrétti til hliðar við hefðbundinn einkaeignarrétt einstaklinga og lögaðila. Það heiti sem hentaði best þessu nýja formi eignarréttar væri orðið þjóðareign, en fyrirmynd að þessu heiti og hugsunin að baki því er fengin frá 4. gr. laga nr. 59/1928, um friðun Þingvalla þar sem því er lýst að hið friðlýsta svæði skuli vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslensku þjóðarinnar. Bent var á að þessu nýja eignarformi fylgi sömu heimildir og talið hefur verið að felist í fullveldisrétti ríkisins. Sá veigamikli munur yrði þó á að með því að lýsa yfir eign þjóðarinnar á slíkum auðlindum yrði jafnframt slegið föstu að þeim mætti ekki afsala varanlega til einstaklinga eða lögaðila og jafnframt yrði girt fyrir að einstaklingar og aðrir aðilar gætu eignast beinan eignarrétt að þeim t.d. fyrir hefð. Í þessu sambandi var byggt á sömu tilhögun um eignarhald og á við um þjóðlendur samkvæmt fyrrgreindum lögum um það efni.

Auðlindanefndin kannaði einnig ítarlega og gerði tillögur um heimildir ríkisins til að heimila afnot auðlinda í þjóðareign og gjaldtöku vegna nýtingar einstakra auðlinda. Í því sambandi var einkum litið til nytjastofna á Íslandsmiðum, vatnsafls, jarðhita og náma, auðlinda á eða undir sjávarbotni, rafsegulbylgja til fjarskipta og ýmissa umhverfisgæða. Lagði

nefndin m.a. til að arði af slíkri gjaldtöku yrði varið til þess að vernda auðlindirnar, rannsaka þær og viðhalda þeim, svo og til hagsældar fyrir þjóðina að öðru leyti.[2]

Meginefni nýs ákvæðis.

Í frumvarpi þessu er sú leið valin að láta ákvæði um auðlindir og umhverfismál fléttast saman sem þætti í stærri heildarmynd. Er markmið ákvæðisins í meginatriðum þríþætt. Í fyrsta lagi felst í því yfirlýsing um að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti séu þjóðareign. Með því er stefnt að því að festa í sessi skilgreinda tegund eignarhalds ríkisins sem hefur ákveðna sérstöðu miðað við aðrar ríkiseignir og er m.a. tryggt að slíkum náttúruauðlindum verði aldrei afsalað varanlega. Hér er einkum tekið mið af tillögu auðlindanefndar frá árinu 2000 sem gerð var að undangenginni ítarlegri rannsókn á náttúruauðlindum á Íslandi sem áður er lýst.

Í öðru lagi er með hinu nýja ákvæði stefnt að því að mæla fyrir um skyldur stjórnvalda til að tryggja að nýting auðlindanna byggist á meginreglum umhverfisréttarins um sjálfbæra þróun og jafnframt er því slegið föstu að þær verði ekki varanlega látnar af hendi.

Í þriðja lagi stefnir ákvæðið að því að vernda rétt manna til umhverfis sem stuðli að heilbrigði og vernda tiltekin þátttökuréttindi almennings á vettvangi umhverfismála. Að þessu leyti styðst ákvæðið m.a. við fyrirmynd úr norska stjórnarskrárákvæðinu frá 1992 sem áður var lýst.

2. Þjóðaratkvæðagreiðsla að frumkvæði þjóðarinnar.

Þjóðaratkvæðagreiðsla er oft í pólitískri og stjórnskipulegri umræðu leið sem nýtur almenns fylgis til þess að efla beint lýðræði. Með henni skapast möguleiki fyrir hinn almenna borgara til þess að taka milliliðalaust þátt í ákvörðunartöku í stað þess að ákvörðun sé tekin af þjóðkjörnum fulltrúum eins og almennt á við þar sem fulltrúalýðræði ríkir. Í frumvarpinu er stefnt að því að auka möguleika borgaranna á því að taka þátt í ákvarðanatöku um mikilvæg málefni sem varða almannahag og um lög sem Alþingi hefur sett, og jafnframt að frumkvæði að slíkri atkvæðagreiðslu geti komið frá borgurunum sjálfum.

Í sumum ríkjum eru þjóðaratkvæðagreiðslur ekki viðhafðar og í öðrum einungis við ákveðin tilefni, sem varnagli við fulltrúalýðræðið. Tilurð og tilhögun slíkra atkvæðagreiðslna er mjög margvísleg. Stundum er ákveðið í stjórnarskrá að almenn atkvæðagreiðsla skuli fara fram við tilteknar aðstæður, en annars er eingöngu um heimild að ræða, t.d. þannig að ákveðnum aðilum, ákveðnum fjölda þingmanna eða kjósenda, er áskilinn réttur til þess að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um nánar tilgreind lög eða lagafrumvörp. Það er síðan breyti-

---

[2] Tillaga auðlindanefndar frá 2000 um nýtt ákvæði í stjórnarskrá var svohljóðandi:

„Náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki eru háð einkaeignarrétti eru þjóðareign eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Handhafar löggjafar og framkvæmdarvalds fara með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt þessara auðlinda og réttinda í umboði þjóðarinnar.

Náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi til einstaklinga eða lögaðila. Þó má veita þeim heimild til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum og réttindum gegn gjaldi, að því tilskildu að hún sé tímabundin eða henni megi breyta með hæfilegum fyrirvara eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Slík heimild nýtur verndar sem óbein eignarréttindi.

Náttúruauðlindir og landsréttindi í þjóðareign ber að nýta á sem hagkvæmastan hátt og á grundvelli sjálfbærrar þróunar og skal arði af þeim varið til þess að vernda auðlindirnar, rannsaka þær og viðhalda þeim, svo og til hagsældar fyrir þjóðina að öðru leyti.“

legt hvaða kröfur eru gerðar til afls atkvæða og kosningaþátttöku. Stundum þannig að nái lagafrumvarp ekki tilskildu atkvæðamagni, hvort sem það er einfaldur eða aukinn meiri hluti og hvort sem hann er miðaður við heildartölu atkvæðisbærra manna eða greidd atkvæði, þá er viðkomandi frumvarp úr leik. Ef um staðfest lög er að ræða, sem borin eru undir þjóðaratkvæði, er gildistöku þeirra oftast frestað þangað til þjóðaratkvæðagreiðsla hefur farið fram en stundum taka þau þó gildi en falla svo niður ef kjósendur fella þau eða þau ná ekki tilskildum meiri hluta. Í þessum tilvikum byggist þátttakan á beinum fyrirmælum í stjórnarskrá. Þá hagar svo til í öðrum tilvikum að einstök lög koma ekki til framkvæmda eða öðlast ekki gildi fyrr en þau hafa verið samþykkt við þjóðaratkvæðagreiðslu.

Á lýðveldistíma hefur aldrei farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla á Íslandi. Þó gerir stjórnarskráin ráð fyrir slíkum atkvæðagreiðslum í nokkrum tilvikum. Það er í fyrsta lagi þegar frávikning forseta lýðveldisins er ákveðin skv. 3. mgr. 11. gr. stjskr., í öðru lagi skv. 2. mgr. 79. gr. þegar Alþingi hefur ákveðið að breyta kirkjuskipan ríkisins skv. 62. gr. stjskr. og loks í þriðja lagi þegar forseti synjar lagafrumvarpi staðfestingar skv. 26. gr. stjskr.

Í stjórnarskránni fyrirfinnst ekki heimild til þess að ákveðinn hluti kjósenda geti kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu en í ýmsum erlendum stjórnarskrám má finna ýmis dæmi þess að slík atkvæðagreiðsla fari fram að frumkvæði tilskilins fjölda kjósenda (e. *national initiative*).

Þjóðarfrumkvæði var til staðar í Grikklandi hinu forna og í Bandaríkjunum er það heimilað í einstökum fylkjum. Á vettvangi Evrópuráðsins hefur þjóðarfrumkvæði verið til umræðu sem liður í því að efla þátttöku almennings í þróun lýðræðis. Í grænbók Evrópuráðsins um framtíð lýðræðis í Evrópu, sem unnin var af sérfræðingahópi ráðsins árið 2005, er fjallað um þjóðarfrumkvæði og þjóðaratkvæðagreiðslur sem leiðir til eflingar lýðræðis og beinni þátttöku almennings í þróun þess og eru ríki Evrópu hvött til þess að nýta sér úrræðið í auknum mæli. Þá var gert ráð fyrir tiltekinni útfærslu þjóðarfrumkvæðis í stjórnarskrá Evrópusambandsins sem hafnað var á sínum tíma.

Þjóðaratkvæðagreiðsla að frumkvæði kjósenda hefur verið tíðkuð í Sviss frá því árið 1891 þegar slíkt ákvæði var fyrst tekið upp í stjórnarskrá. Samkvæmt núgildandi reglum geta 100 þúsund kjósendur þar í landi kallað fram þjóðaratkvæðagreiðslu um endurskoðun á stjórnarskrá, en um slíkar atkvæðagreiðslur er fjallað í 138.–142. gr., sbr. 192.–195. gr., svissnesku stjórnarskrárinnar. Þá getur sami fjöldi kjósenda krafist breytinga á einstökum ákvæðum stjórnarskrárinnar. Í báðum tilvikum skal þjóðaratkvæðagreiðslan fara fram innan 18 mánaða frá því að krafa kjósendanna var birt opinberlega. Í einstökum kantónum geta kjósendur einnig haft frumkvæði að þjóðaratkvæðagreiðslum um löggjöf.

Þá er þjóðarfrumkvæði þekkt á Ítalíu en í 75. gr. ítölsku stjórnarskrárinnar er kveðið á um að 500 þúsund kjósendur geti kallað fram þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi löggjafar eða annarra ákvarðana löggjafarvaldsins. Ekki er unnt að krefjast atkvæðagreiðslu um skattalög, fjárlög, náðun og sakaruppgjöf eða fullgildingu þjóðréttarsamninga. Atkvæðagreiðslan er gild ef meiri hluti kjósenda tekur þátt í henni og ef krafan hefur verið samþykkt af meiri hluta greiddra atkvæða. Þá er í 138. gr. stjórnarskrárinnar einnig fjallað um að stjórnarskrárbreytingar skuli bera undir þjóðaratkvæði ef einn fimmti hluti þingdeildarmanna krefst þess, 500 þúsund kjósendur eða fimm héraðsráð. Nánari útfærsla um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar er ákveðin í almennum lögum.

Í 9. gr. stjórnarskrár Litháen er kveðið á um að mikilvægustu ákvarðanir um hag ríkisins og almennings skuli bera undir landsmenn í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þingið getur kallað fram

slíka atkvæðagreiðslu en einnig skal hún framkvæmd ef 300 þúsund kjósendur krefjast þess. Nánari útfærsla atkvæðagreiðslunnar skal ákveðin í lögum.

Í stjórnarskrá Lettlands er í 78. gr. kveðið á um að 10% kjósenda geti lagt útfærða breytingu á stjórnarskránni fyrir forseta landsins, sem skal leggja hana fyrir þingið. Fallist þingið ekki á breytinguna, skal hún lögð fyrir þjóðaratkvæði.

Í 73. gr. stjórnarskrár Makedóníu er að finna ákvæði sem kveður á um að ef 150 þúsund kjósendur krefjist þess, skuli þingið bera tiltekin málefni undir kjósendur í þjóðaratkvæðagreiðslu og eru niðurstöður hennar bindandi.

Markmið 3. gr. frumvarpsins er að veita borgurum sambærilegar heimildir og þær sem finna má í framangreindum stjórnarskrám en um nánari lýsingu er vísað til skýringa við ákvæðið.

3. Breyting á stjórnarskrá.

Forveri núgildandi 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar er 61. gr. stjórnarskrár um hin sérstaklegu málefni Íslands frá 1874, en hún var svohljóðandi:

„Uppástungur, hvort heldur eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái uppástungan um breytingu á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal leysa Alþingi upp þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna Alþingi ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnarlög.“

Fyrirmynd þessa stjórnarskrárákvæðis er 95. gr. þágildandi stjórnarskrár í Danmörku (frá 1866). Sú aðferð við að breyta stjórnarskrám að krefjast samþykkis þinga með þingkosningum í millitíðinni var vel þekkt á nítjándu öld þótt hún væri ekki eina aðferðin við að takmarka einfalt meirihlutavald í þinginu við breytingar á stjórnarskrá. Algengt var að krefjast aukins þingmeirihluta fyrir stjórnarskrárbreytingum en einnig má líta á þjóðaratkvæðagreiðslur sem takmörkun á valdi þingmeirihlutans til að breyta stjórnarskrá. Fyrsta þjóðaratkvæðagreiðslan í Evrópu árið 1793 snerist einmitt um frönsku stjórnarskrána.

Efnislega hefur ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar sem fjallar um breytingar á stjórnarskrá staðið lítið breytt frá upphafi. Árið 1915 voru gerðar orðalagsbreytingar á greininni og orðalagi hennar að miklu leyti breytt í núverandi horf, að því undanskildu að þá voru enn inni ákvæði um þingdeildir og konung (í stað forseta nú). Við bættist hins vegar 2. mgr., svohljóðandi:

„Nú samþykkir Alþingi breytingu á sambandinu milli Íslands og Danmerkur, og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.“

Báðar málsgreinar stjórnarskrárgreinarinnar héldust óbreyttar í stjórnarskránni 1920 (en greinin varð þá 76. gr.) en við bættist þriðja málsgreinin:

„Sama skal og gilda, ef lagabreyting verður gerð á kirkjuskipuninni skv. 58. gr.“

Í 58. gr. stjórnarskrárinnar frá 1920 var að finna ákvæði um þjóðkirkjuna.

Árið 1941 ályktaði Alþingi að Ísland stefndi að sambandsslitum við Danmörku og stofnun lýðveldis. Jafnframt ákvað það stofnun milliþinganefndar til að undirbúa breytingar á stjórnskipunarlögum í samræmi við þetta. Árið eftir bættist síðan fjórða málsgreinin við umrædda stjórnarskrárgrein, en hún hljóðaði svo:

„Þegar Alþingi samþykkir þá breytingu á stjórnskipulagi Íslands, sem greinir í ályktunum þess frá 17. maí 1941, hefur sú samþykkt eins þings gildi sem stjórnskipunarlög, er meiri hluti allra kosningabærra manna í landinu hefur með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt

hana. Þó er óheimilt að gera með þessum hætti nokkrar aðrar breytingar á stjórnarskránni en þær, sem beinlínis leiðir af sambandsslitum við Danmörku og því, að Íslendingar taka með stofnun lýðveldis til fullnustu í sínar hendur æðsta vald í málefnum þingsins.“

Sú breyting sem með þessu varð á stjórnarskránni var nokkuð sérstaks eðlis, því ekki var farið að fyrirmælum stjórnarskrárinnar sjálfrar um breytingar á stjórnarskrá. Í athugasemdum með stjórnarfrumvarpinu sagði m.a.: „Hefur þótt nauðsynlegt á þeim erfiðu viðsjártímum, er nú ganga yfir, að eigi þurfi þingrof og nýjar kosningar til löglegrar heimildar þjóðarinnar um lokaákvarðanir í sjálfstæðismálunum, heldur sé auðið að bregðast snöggt við og ganga frá málinu með þingssamþykkt og þjóðaratkvæði, og er með þessu mjög greitt fyrir fullnaðarafgreiðslu málsins. … Ástæða þykir til að taka það fram, að enda þótt stjórnarskrárbreyting sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, taki gildi með nokkuð óvenjulegum hætti, vegna hinna sérstöku aðstæðna, getur það að sjálfsögðu ekki gefið neitt fordæmi um breytingar á stjórnarskránni.“

Í stjórnarskránni 1944 féllu út þau ákvæði greinarinnar (sem nú var orðin að 79. gr.) sem lutu að sambandinu við Dani (2. og 4. mgr.) en eftir stóðu tvær málsgreinar, sú fyrri um breytingar á stjórnarskrá en sú síðari um breytingu á kirkjuskipun (með breyttu orðalagi). Málsgreinin um breytingar á stjórnarskrá var óbreytt frá því sem verið hafði í stjórnarskránni frá 1920 að öðru leyti en því að í stað þess að ályktun um stjórnarskrárbreytingu skyldi taka gildi „nái hún staðfestingu konungs“ kom orðalagið „skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög“.

Ekki hafa verið gerðar breytingar á greininni eftir þetta önnur en sú sem leiddi af afnámi deildaskiptingar Alþingis 1991 (þ.e. að samþykkt Alþingis kom í stað samþykkis beggja þingdeilda). Hins vegar hafa nokkrum sinum komið fram tillögur um sérstök afbrigði eða breytingar á því fyrirkomulagi sem greinin lýsir, þar á meðal um sérstakt stjórnlagaþing og að samþykki í þjóðaratkvæðagreiðslu þurfi til stjórnarskrárbreytinga. Í stjórnarskrárfrumvarpi Gunnars Thoroddsen, sem lagt var fyrir Alþingi 1982–1983, var gert ráð fyrir að til þess að stjórnarskrárbreyting tæki gildi þyrfti Alþingi að samþykkja hana tvisvar, með þingkosningum í millitíðinni, en auk þess þyrfti að samþykkja hana í þjóðaratkvæðagreiðslu sem skyldi fara fram eftir fyrri samþykkt Alþingis.

Ákvarðanir Alþingis um stjórnarskrárbreytingar á lýðveldistímanum.

Alþingi hefur sjö sinnum ákveðið stjórnarskrárbreytingar á grundvelli 79. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands frá 1944. Árið 1959 var gerð uppstokkun á kosningakerfinu og þingsætum fjölgað. Árið 1968 var skilyrðum kosningarréttar breytt að því leyti að kosningaaldur var lækkaður í 20 ár og lögheimili á Íslandi kom í staðinn fyrir skilyrði um búsetu á Íslandi undangengin fimm ár. Árið 1984 var kosningakerfinu aftur breytt, þingsætum fjölgað og kosningaaldur lækkaður í 18 ár auk þess sem fallið var frá kröfu um óflekkað mannorð sem skilyrði fyrir kosningarrétti (hins vegar var slík krafa gerð varðandi kjörgengi). Árið 1991 var gerð sú breyting á stjórnarskránni að deildaskipting Alþingis var afnumin, auk fleiri breytinga. Árið 1995 tóku tvenn stjórnskipunarlög gildi, annars vegar um endurskoðun á fjárreiðum ríkisins og hins vegar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Árið 1999 var kosningafyrirkomulaginu enn breytt og núverandi kerfi fest í stjórnarskrá.

Allar þær stjórnarskrárbreytingar sem náð hafa fram að ganga á þessum tíma eiga það sammerkt, að kjördæmabreytingunni 1959 undanskilinni, að samstaða var um þær meðal flokka þingsins þegar tillögur um þær voru lagðar fram. Framsóknarflokkurinn var hins vegar andsnúinn kjördæmabreytingunni 1959 og einstakir þingmenn úr mismunandi flokkum voru einnig andsnúnir þeim stjórnarskrárbreytingum sem lutu að kosningakerfinu 1984 og 1999.

Þá voru örfáir þingmenn einnig andsnúnir afnámi deildaskiptingar Alþingis árið 1991. Í heildina má þó segja að víðtæk samstaða hafi ríkt um aðrar breytingar en þær sem lotið hafa að kosningakerfinu.

Meiri hluta með stjórnarskrárbreytingum má skoða annars vegar sem hlutfall gildra atkvæða og hins vegar sem hlutfall allra alþingismanna. Þetta má sjá í töflunni hér á eftir fyrir allar stjórnarskrárbreytingar eftir 1944. Sýnt er hvernig atkvæði féllu bæði í fyrra skiptið sem kosið var um viðkomandi breytingu á Alþingi og í síðara skiptið.

Úrslit atkvæðagreiðslna við samþykkt stjórnarskrárbreytinga 1959–1999.

Mál	Úrslit atkvæða-greiðslu	Samþykkt sem hlutfall atkvæða	Samþykkt sem hlutfall alþingismanna
Kosningakerfið 1959 – fyrra skipti	33–16	67,3%	63,5%
Kosningakerfið 1959 – síðara skipti	31–18	63,3%	59,6%
Kosningarréttur 1968 – fyrra skipti	53–0	100,0%	88,3%
Kosningarréttur 1968 – síðara skipti	37–0	100,0%	61,7%
Kosningakerfi 1984 – fyrra skipti	44–9	83,0%	73,3%
Kosningakerfi 1984 – síðara skipti	35–9	79,5%	58,3%
Þingdeildir o.fl. 1991 – fyrra skipti	43–3	93,5%	68,3%
Þingdeildir o.fl. 1991 – síðara skipti	53–1	98,1%	84,1%
Mannréttindi 1995 – fyrra skipti	58–0	100,0%	92,1%
Mannréttindi 1995 – síðara skipti	45–0	100,0%	71,4%
Fjárreiður 1995 – fyrra skipti	57–0	100,0%	90,5%
Fjárreiður 1995 – síðara skipti	45–0	100,0%	71,4%
Kosningakerfi 1999 – fyrra skipti	47–7	87,0%	74,6%
Kosningakerfi 1999 – síðara skipti	35–7	83,3%	55,5%

Þingmenn voru 52 árið 1959, 60 árin 1968 og 1984 og 63 eftir það.

Aðferðir við stjórnarskrárbreytingar í öðrum ríkjum.

Þar sem stjórnarskráin er æðst laga og felur í sér grundvallarleikreglur samfélagsins er eðlilegt að breytingar á henni lúti öðrum reglum en lagabreytingar yfirleitt. Er þetta líka raunin í flestum ef ekki öllum ríkjum sem búa við ritaða stjórnarskrá. Þrjár meginleiðir eru tíðkaðar við stjórnarskrárbreytingar. Ýmist er krafist aukins meiri hluta á þingi fyrir stjórnarskrárbreytingum, þjóðaratkvæðagreiðslu eða þá að þing sé rofið og efnt til kosninga áður en breytingar eru endanlega samþykktar. Þessum leiðum er stundum blandað saman. Til viðbótar má nefna að stundum er áskilið að viss tími líði á milli umræðna á þingi til þess að afstýra því að svo mikilvægar breytingar séu afgreiddar í flýti.

Reglur sem þessar hafa það að markmiði að tryggja vissan stjórnskipulegan stöðugleika og jafnframt að sem breiðust sátt sé um grundvallarreglur samfélagsins. Hins vegar má segja að ekki sé heldur æskilegt að of erfitt sé að breyta stjórnarskrá. Hætt er við að stjórnarskráin verði þá ekki lengur í takt við raunveruleikann. Til hliðar við hana kunna að þróast óskráðar venjur sem erfitt er að henda reiður á.

Í sumum stjórnarskrám eru hlutar hennar undanþegnir endurskoðun. Þetta á við um norsku stjórnarskrána að því er varðar „anda“ og „meginreglur“ hennar (112. gr.) án þess þó að nákvæmlega sé afmarkað hvaða ákvæði falli þar undir né hverjar séu réttarlegar afleiðingar slíks ákvæðis. Í þýsku stjórnarskránni er gengið skrefi lengra og kveðið á um (í 3. mgr. 79. gr.) að ekki megi breyta skiptingu sambandsríkisins í sambandslönd, þátttöku þeirra í löggjafarferlinu né ákvæðum 1.–20. gr. stjórnarskrárinnar um grundvallarréttindi. Í ítölsku stjórnar-

skránni og þeirri frönsku eru ákvæði um að ekki megi afnema þar lýðveldi. Þá eru bæði í frönsku og spænsku stjórnarskránni ákvæði um að þeim verði ekki breytt á ófriðartímum.

Í flestum Evrópuríkjum er frumkvæðisrétturinn til að hrinda af stað stjórnarskrárbreytingum sá sami og gildir um almenn lagafrumvörp. Þó er til í dæminu að tiltekinn lágmarksfjöldi þingmanna þurfi að standa að slíku frumvarpi til þess að það sé tekið á dagskrá (t.d. 1/20 þingmanna í Lettlandi, 1/5 í Eistlandi og 1/4 í Litháen). Sums staðar þekkist það einnig að þjóðin geti knúið fram meðferð stjórnarskrárbreytinga með því að hluti kjósenda skrifi undir slíka tillögu (t.d. í Ítalíu, Lettlandi og Litháen).

Ákvæði í norrænum stjórnarskrám.

Samkvæmt dönsku stjórnarskránni (88. gr.) öðlast breytingar á henni ekki gildi nema þær séu samþykktar af tveimur þingum með kosningum á milli auk þjóðaratkvæðagreiðslu. Er áskilið að meiri hluti þátttakenda í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu, þó aldrei færri en 40% kosningarbærra manna, greiði atkvæði með breytingum. Síðasta stjórnarskrárbreyting var gerð árið 1953.

Ný finnsk stjórnarskrá var samþykkt árið 1999 og gekk í gildi 1. mars 2000. Höfðu breytingarnar verið í undirbúningi frá árinu 1995 þegar dómsmálaráðherra setti á fót vinnuhóp sem hafði það verkefni að gera stjórnskipun landsins nútímalegri. Hvað stjórnarskrárbreytingar áhrærir (73. gr.) gildir að ef frumvarp til breytinga á stjórnarskránni hefur verið samþykkt í tveimur umræðum á þingi ber að bíða með þriðju umræðu uns nýtt þing kemur saman í kjölfar þingkosninga. Þurfa 2/3 hlutar þingmanna að samþykkja frumvarpið óbreytt við þá umræðu til þess að breytingarnar taki gildi. Ef 5/6 hlutar þingmanna sem taka þátt í atkvæðagreiðslu samþykkja að um brýnar breytingar sé að ræða má fara beint í lokaumræðu frumvarps án þess að bíða þingkosninga. Þá geymir finnska stjórnarskráin einnig sérstæða heimild til að samþykkja lítils háttar undanþágur frá stjórnarskránni í formi almennra laga, enda sé fylgt sömu málsmeðferð og við stjórnarskrárbreytingar.

Samkvæmt sænsku stjórnlögunum (gr. 8.15.) taka breytingar á þeim ekki gildi nema frumvarp hafi verið samþykkt óbreytt af tveimur þingum með þingkosningum á milli. Þjóðaratkvæðagreiðsla um frumvarpið skal fara fram samhliða þingkosningum ef tillaga um slíkt kemur fram og hún fær samþykki a.m.k. þriðjungs þingmanna. Tillagan fellur ef meiri hluti þeirra sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni greiðir atkvæði gegn henni og um er að ræða meira en 50% af þeim sem greiða gild atkvæði við þingkosningarnar. Annars tekur þingið tillöguna til lokaafgreiðslu.

Samkvæmt norsku stjórnarskránni (112. gr.) ber að leggja tillögur að stjórnarskrárbreytingum fram á þingi í síðasta lagi á þriðja ári eftir kosningar og ekki má samþykkja þær fyrr en að loknum næstu kosningum þar á eftir. Við afgreiðslu tillagnanna verða að minnsta kosti tveir þriðju þingmanna að sitja þingfund og taka breytingar á stjórnarskránni ekki gildi nema frumvarp hafi verið samþykkt með 2/3 meiri hluta. Ekki má gera breytingar sem varða meginreglur stjórnarskrárinnar og anda hennar.

Ákvæði í stjórnarskrám nokkurra annarra ríkja.

Stjórnarskrá Austurríkis (42.–44. gr.) mælir svo fyrir að til stjórnarskrárbreytinga þurfi samþykki 2/3 hluta þingmanna. Auk þess ber að leggja heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu, en slíkt er ekki áskilið varðandi aðrar breytingar sem ganga skemmra nema þriðjungur þingmanna í annarri hvorri þingdeildinni krefjist þess.

Í Belgíu, Hollandi og Lúxemborg verður stjórnarskránni breytt með svipuðum hætti og samkvæmt íslensku stjórnarskránni. Ef fram kemur yfirlýsing studd af meiri hluta þingmanna um að til standi að breyta stjórnarskránni er þing rofið. Breytingarnar eru svo teknar fyrir á nýkjörnu þingi. Til þess að breytingarnar öðlist gildi þarf samþykki 2/3 hluta þingmanna.

Samkvæmt frönsku stjórnarskránni (89. gr.) eru tvær leiðir færar við stjórnarskrárbreytingar. Ef báðar þingdeildir samþykkja frumvarp er það borið undir þjóðaratkvæði og öðlast gildi ef einfaldur meiri hluti þeirra sem kjósa eru því fylgjandi. Ekki þarf hins vegar að bera frumvarp undir þjóðaratkvæði ef forsetinn hefur kallað saman báðar þingdeildir og 3/5 hlutar greiddra atkvæða eru með frumvarpinu. Hefur þessi síðari leið verið notuð mun oftar.

Í 46.–47. gr. írsku stjórnarskrárinnar er áskilið að til þess að stjórnarskrárbreytingar öðlist gildi þurfi samþykki beggja þingdeilda auk þjóðaratkvæðagreiðslu. Nægir að einfaldur meiri hluti þeirra sem greiða atkvæði sé fylgjandi breytingunni. Í lögum um þjóðaratkvæðagreiðslur eru ákvæði um að óháð nefnd skuli koma á framfæri upplýsingum við kjósendur um það málefni sem til úrlausnar er í atkvæðagreiðslunni.

Samkvæmt ítölsku stjórnarskránni (138. gr.) þarf stjórnarskrárbreyting að hljóta samþykki í báðum þingdeildum, fram þurfa að fara tvær umræður í hvorri deild og minnst þrír mánuðir að líða á milli þeirra. Innan þriggja mánaða frá birtingu hins samþykkta frumvarps getur minni hluti þingmanna, 500.000 kjósendur eða fimm héraðsráð krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögurnar. Í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu dugir einfaldur meiri hluti gildra atkvæða. Ekki er unnt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu ef frumvarp hefur hlotið samþykki 2/3 hluta þingmanna í hvorri deild.

Samkvæmt svissnesku stjórnarskránni (192.–195. gr.) þarf samþykki sambandsþingsins, meiri hluta þátttakenda í þjóðaratkvæðagreiðslu og meiri hluta kantóna sambandsríkisins til þess að stjórnarskrárbreytingar öðlist gildi. Frumkvæðið að slíkum breytingum getur komið frá kjósendum (minnst 100.000) eða sambandsþinginu.

Mismunandi reglur gilda að nokkru leyti eftir því hvort um heildarendurskoðun er að ræða eða breytingar sem ganga skemmra. Svissneska stjórnarskráin sætti heildarendurskoðun nýverið og tók hin nýja stjórnarskrá gildi 1. janúar 2000. Þá höfðu breytingarnar verið í undirbúningi í rúma tvo áratugi. Var hin nýja stjórnarskrá samþykkt með 59,2% greiddra atkvæða en þátttaka var 36%.

Þýska stjórnarskráin (79. gr.) mælir einfaldlega svo fyrir að til þess að stjórnarskrárbreytingar öðlist gildi þurfi samþykki beggja þingdeilda með 2/3 hluta atkvæða. Eins og áður segir eru vissir þættir hennar óbreytanlegir og gætir stjórnlagadómstóllinn í Karlsruhe að því að eftir því sé farið.

Samkvæmt 5. gr. bandarísku stjórnarskrárinnar eru tvær meginleiðir við að breyta stjórnarskránni. Í fyrsta lagi getur frumkvæði komið frá þinginu og það samþykkt með 2/3 hluta atkvæða (bæði öldungadeildar og fulltrúadeildar) að leggja til breytingar. Í öðru lagi geta 2/3 hlutar sambandsríkjanna farið fram á það við þingið í Washington að haldið verði stjórnlagaþing fyrir allt ríkjasambandið sem fjalli um breytingar á stjórnarskránni.

Þegar tillaga er komin fram, hvort sem frumkvæðið kemur frá þinginu eða stjórnlagaþingi, verða 3/4 hlutar sambandsríkjanna að fullgilda hana til þess að hún taki gildi.

Meginefni nýs ákvæðis.

Meginbreytingin sem fólgin er í frumvarpinu er sú að framvegis er gert ráð fyrir því að breytingar á þeim ákvæðum stjórnarskrárinnar sem njóta hinnar sérstöku stjórnarskrárverndar, svo og viðaukar við stjórnarskrána, skuli áður en tillögur þess efnis öðlast gildi bornar

undir atkvæði þjóðarinnar til samþykktar eða synjunar, eins og nánar er kveðið á um í 2. gr. frumvarpsins.

Helstu rökin sem mæla með því að bera stjórnarskrárbreytingar undir þjóðaratkvæði eru þessi:

1. Handhafar ríkisvalds í lýðræðisríki eins og Íslandi leiða vald sitt frá þjóðinni. Þess vegna er það í senn eðlilegt og í samræmi við nútímahugmyndir um lýðræði að það sé þjóðin, sem setji valdhöfunum í stjórnarskrá, með milliliðalausri aðkomu að breytingum á henni, þær meginreglur sem þeim ber að virða, jafnt í störfum sínum sem í samskiptum sínum við borgarana. Með þessu móti yrði greint á enn gleggri hátt en nú er gert milli stjórnarskrárgjafans, sem yrði ótvírætt þjóðin, og hins almenna löggjafa sem yrði eftir sem áður Alþingi með fulltingi forseta Íslands.
2. Með því að bera breytingar á stjórnarskránni undir þjóðina í sérstakri atkvæðagreiðslu, hvort sem slík atkvæðagreiðsla færi fram sjálfstætt eða í tengslum við almennar kosningar, yrði kjósendum gefinn kostur á því að taka afstöðu til tillagna þess efnis, óháð þeim málefnum sem tekist væri á um hverju sinni í alþingiskosningum. Reynslan af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á lýðveldisstjórnarskránni sýnir svo að varla verður um deilt að þeirra hefur lítið sem ekkert gætt í aðdraganda þingkosninga, ef frá er talin breyting sú sem gerð var á kjördæmaskipuninni árið 1959, enda var þar á ferðinni djúpstæður pólitískur ágreiningur. Ef kosið yrði um stjórnarskrárbreytingar sérstaklega, eins og hér er lagt til, mundi það eflaust auka áhuga almennings á stjórnarskránni og stjórnskipun landsins almennt og stuðla að meiri umfjöllun um hana.
3. Sú skipan að bera skuli breytingar á stjórnarskránni undir atkvæði þjóðarinnar girðir fyrir það að gerðar verði meiri háttar breytingar á íslenskri stjórnskipun nema þjóðinni verði gefinn kostur á að taka afstöðu til þeirra í þjóðaratkvæðagreiðslu. Má sem dæmi nefna stjórnskipulega stöðu forseta Íslands og ráðherra sem og aðild Íslands að Evrópusambandinu, en hún mundi óhjákvæmilega kalla á breytingar á stjórnarskránni vegna þess framsals ríkisvalds sem henni fylgdi.
4. Sú aðferð við breytingar á stjórnarskránni sem gerð er tillaga um í 2. gr. frumvarpsins gerir það kleift að frumvarp til stjórnskipunarlaga, sem víðtæk samstaða hefur náðst um á Alþingi, verði borið undir atkvæði þjóðarinnar til samþykktar eða synjunar, án þess að efnt sé til slíkrar atkvæðagreiðslu í tengslum við almennar þingkosningar. Þetta hefur þann kost í för með sér að unnt er að vinna að tillögu til breytinga á stjórnarskránni, ekki síst á ákvæðum sem pólitískur styr hefur staðið um, án þess að kosningar séu á næsta leiti með tilheyrandi pólitískum átökum. Með þessu móti ætti því frekar að gefast færi á að ná víðtækri samstöðu um aðkallandi stjórnarskrárbreytingar, jafnt meðal þingmanna sem kjósenda, en samkvæmt núgildandi skipan.

Samkvæmt frumvarpinu þarf bæði samþykki Alþingis og þjóðarinnar við stjórnarskrárbreytingum. Þegar frumvarp til stjórnskipunarlaga er borið undir þjóðaratkvæði er lagt til að tiltekinn hundraðshluti kosningarbærra manna verði að lágmarki að greiða atkvæði með slíku frumvarpi til þess að það öðlist lagagildi. Þetta er gert til þess að tryggja að breytingar á stjórnarskránni njóti lágmarksstuðnings meðal kjósenda. Á hinn bóginn er hlutfallinu stillt í hóf, ekki síst í ljósi þess að nái frumvarp þetta fram að ganga yrði mögulegt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar á stjórnarskránni án þess að hún færi fram í tengslum við almennar kosningar. Reynslan sýnir, bæði hér á landi og erlendis, að þátttaka í þjóðaratkvæðagreiðslu við slíkar aðstæður er yfirleitt minni en hún er ef atkvæði eru greidd samfara almennum kosningum. Þannig verður að telja það viðunandi kosningaþátttöku ef helmingur

kjósenda á kjörskrá greiðir atkvæði og er 25% lágmarkið miðað við að minnst helmingur þeirra samþykki fyrirliggjandi frumvarp.

4. Stjórnlagaþing.

Um hugtakið stjórnlagaþing og hlutverk þess.

Eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins eru tillögur um að efnt verði til stjórnlagaþings sem falið verði það verkefni semja nýja stjórnarskrá lýðveldisins. Hugtakið stjórnlagaþing er ekki fastmótað en eins og nafnið gefur til kynna hefur slíkt þing það hlutverk að semja ný stjórnlög eða reglur um stjórnskipun ríkis eða breyta þeim sem fyrir eru og þar sitja venjulega þjóðkjörnir fulltrúar, oftast af þjóðþingum. Slík þing hafa verið haldin víða um heim á ýmsum tímum sögunnar og marka gjarnan upphaf að stofnun nýrra ríkja eða nýjum stjórnarháttum í ríki í kjölfar stríðsátaka, byltinga eða niðurbrots í þjóðfélagsskipan og stjórnlagakreppu sem myndast hefur í kjölfarið.

Markmið stjórnlagaþings er að undirstrika þær stoðir hvers lýðræðisþjóðfélags að allt vald spretti frá þjóðinni og því skuli stjórnlög sett af fulltrúum fólksins. Þessum þjóðkjörnu fulltrúum er falið að setja þær grundvallarreglur sem gilda um æðstu stjórn og skipulag ríkisins, uppsprettu ríkisvalds, verkefni handhafa ríkisvaldsins, verkaskiptingu þeirra og valdmörk. Hugmyndir þessar birtust m.a. í ritum heimspekinganna John Locke (1632–1704) um uppsprettu ríkisvaldsins og Jean-Jacques Rousseau (1712–1778) um samfélagssáttmála (Du Contrat social), svo og kenningum fleiri stjórnmálaheimspekinga 17. og 18. aldar sem byggjast á því að ríkisvald réttlætist af samkomulagi borgaranna um að fela yfirvöldum tiltekin afmörkuð verkefni en jafnframt að ríkisvaldinu skuli sett ákveðin mörk sem þau megi ekki fara út fyrir. Ákvörðun um gerð slíks sáttmála er þannig í höndum þjóðarinnar því þjóðin sjálf er stjórnarskrárgjafinn.

Nokkur dæmi um stjórnlagaþing og afrakstur þeirra.

Þegar einveldi konunga var aflagt í Evrópuríkjum á 18. og 19. öld og ríki tóku upp lýðræðislega stjórnarhætti voru ýmis dæmi þess að stjórnlagaþing væru sett á fót til að semja stjórnarskrár ríkisins. Eitt frægasta þingið af þeim toga var sett í Fíladelfíu í Bandaríkjunum sumarið 1787 með 55 fulltrúum allra fylkja Bandaríkjanna sem lýst höfðu yfir sjálfstæði sínu árið 1776. Varð afrakstur þingsins stjórnarskrá Bandaríkjanna sem var samþykkt sama ár og er enn í gildi en margir viðaukar hafa síðar verið gerðir við hana. Eins má nefna samþykkt norsku stjórnarskrárinnar sem fram fór á þjóðfundi sem haldinn var á Eiðsvöllum í Noregi 17. maí 1814. Loks má árétta að fyrstu dönsku grundvallarlögin frá 5. júní 1849 voru samþykkt af sérstöku stjórnlagaþingi sem sett var á fót árið áður.

Segja má að Þjóðfundurinn sem fram fór í Reykjavík 5. júlí 1851 hafi verið ígildi stjórnlagaþings hér á landi. Markmið hans var að samþykkja ný stjórnskipunarlög fyrir Ísland en Íslendingar höfðu hafnað því að dönsku grundvallarlögin frá 1849 væru bindandi fyrir Ísland. Á Þjóðfundinum lagði danska stjórnin fram frumvarp til laga um stöðu Íslands í danska ríkinu og ríkisþingkosningar, sem mætti algerri mótstöðu fundarmanna, enda stefndi það að beinni innlimun Íslands í danska ríkið. Sem kunnugt er lauk fundinum með orðum Jóns Sigurðssonar sem þjóðkjörnir fulltrúar fundarins tóku undir: „Vér mótmælum allir“ en þá var fundi slitið af fulltrúa konungs á þinginu. Meira en tveir áratugir liðu frá þessu þar til Íslendingum var sett stjórnarskrá, en þá var hún einhliða sett af Danakonungi árið 1874 eins og áður er getið og án samþykkis þjóðkjörinna fulltrúa á Alþingi.

Frá 20. öldinni má finna allmörg dæmi um stjórnlagaþing sem samþykktu nýjar stjórnarskrár, t.d. í Þýskalandi eftir lok síðari heimstyrjaldarinnar og varð afrakstur þess þýska stjórnarskráin frá 1949 sem er enn í gildi. Þá má nefna stjórnlagaþing Nýfundnalands frá 1946. Í síðarnefnda tilvikinu var kosið beint til þingsins en slík tilhögun virðist vera sjaldgæfari. Nýjasta dæmið sem finna má frá Evrópuríki var stjórnlagaþing sem sett var á fót í Austurríki árið 2003. Það starfaði í tvö ár en tillögur þess um breytingar á austurrísku stjórnarskránni, sem er að stofni til frá 1920, hafa ekki náð fram að ganga. Algengt virðist að stjórnlagaþing séu sett á fót í sambandsríkjum þar sem lögð er áhersla á að öll ríki eða fylki eigi fulltrúa og markmið nýrra stjórnlaga er m.a. að skilgreina valdmörk á milli valds fylkjanna og sambandsvaldsins. Í öllum fyrrgreindum tilvikum var um sambandsríki að ræða.

Í kjölfar afnáms kynþáttaaðskilnaðar í Suður-Afríku og falls stjórnar hvíta minni hlutans var sett á fót stjórnlagaþing sem skyldi semja og afgreiða nýja stjórnarskrá og ljúka því starfi á 18 mánuðum, fram til vors 1996. Stjórnlagaþingið samanstóð af báðum deildum suðurafríska þingsins en hafði sér til ráðgjafar nefnd sjö óháðra sérfræðinga.

Í Sviss er komin rík hefð á að stjórnlagaþing endurskoði stjórnarskrár kantónanna. Þannig hafa níu kantónur af 22 sett á fót stjórnlagaþing frá árinu 1980 til þess að endurskoða stjórnarskrá sína. Sú síðasta er Genf, þar sem kosið var til slíks þings haustið 2008. Hinar kantónurnar hafa flestar endurskoðað sínar stjórnarskrár á sama tímabili en þá með hefðbundnari hætti. Endurskoðun með þessum hætti er gjarnan hleypt af stað með samþykkt stjórnskipunarlaga í þjóðaratkvæðagreiðslu. Tilgangurinn er yfirleitt sá að færa texta sem á uppruna á 19. öld nær nútímanum og taka í slíku grundvallarskjali á vandamálum samtímans. Fjöldi þingmanna á stjórnlagaþingi kantónanna hefur verið á bilinu 60–200. Sá tími sem stjórnlagaþingin hafa fengið til umráða er 3,5–9,5 ár. Í flestum tilvikum er niðurstaðan borin beint undir þjóðaratkvæði en þó er gert ráð fyrir því varðandi stjórnlagaþing Genfar að niðurstaðan fari til löggjafarþingsins til afgreiðslu. Oftast hefur verið kosið til þinganna með listakosningu og hefðbundnir stjórnmálaflokkar hafi yfirleitt átt flesta fulltrúa.

Um skipulag og starfshætti stjórnlagaþinga og niðurstöður þeirra hafa gilt mjög fjölbreyttar reglur eftir því hvaða ríki á í hlut. Þannig eru ólíkar reglur um hvernig er háttað vali fulltrúa á stjórnlagaþing. Aðalreglan er að fulltrúar á stjórnlagaþingi séu þjóðkjörnir, t.d. sem þingmenn á þjóðþingum, en ekki er endilega kjörið beint á stjórnlagaþingið. Auk þess veljast þangað fulltrúar ríkja eða fylkja þegar um sambandsríki er að ræða. Þá er ekki einhlítt hver eru bindandi áhrif samþykkta stjórnlagaþings og jafnframt er misjafnt hvort niðurstaða stjórnlagaþinga um nýja stjórnarskrá er borin undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu. Eitt eiga flest stjórnlagaþing þó sameiginlegt. Þau eru ekki varanlegar stofnanir en hlutverk þeirra takmarkast við að setja stjórnlög eða stjórnarskrá í eitt skipti og er oft markaður til þess ákveðinn tími. Þaðan í frá er venjulegt gert ráð fyrir því í stjórnarskránni að unnt sé að breyta ákvæðum hennar eftir sérstökum reglum um samþykkt þjóðþings og eftir atvikum einnig með þjóðaratkvæðagreiðslu.

Tillögur um stjórnlagaþing á Íslandi.

Hugmyndin um stjórnlagaþing hér á landi er ekki ný af nálinni. Við undirbúning lýðveldisstofnunarinnar kom til umræðu á Alþingi að kalla saman stjórnlagaþing. Var því hreyft snemma árið 1941 af Jónasi Jónassyni alþingismanni að eðlilegt væri að saman yrði kvaddur sérstakur Þjóðfundur til ákvörðunar um lýðveldisstofnun hér á landi en með þessu var einnig skírskotað til Þjóðfundarins árið 1851. Þjóðfundarhugmyndin var mjög rækilega rædd, einkum sumarið 1942 þegar þingmenn og ríkisstjórn ræddu ýmsa kosti um hvernig stofnun lýð-

veldisins yrði best tryggð. Ekki varð þó af þessu, m.a. vegna ótta um að málið gæti valdið töfum. Þá voru aðstæður með þeim hætti að rétt þótt að bíða með heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, eins og áður var rakið. Þess í stað var ákveðið að leggja frumvarp til nýrrar stjórnarskrár í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Frá lýðveldisstofnun hefur frumvarp um stjórnlagaþing þrisvar sinnum verið lagt fram. Fyrst af Páli Zóphóníassyni, þingmanni Framsóknarflokksins, árið 1948 og svo aftur af Jóhönnu Sigurðardóttur, núverandi forsætisráðherra, árið 1995. Á yfirstandandi þingi hefur Siv Friðleifsdóttir ásamt öðrum þingmönnum Framsóknarflokksins lagt fram frumvarp um stjórnlagaþing. Þá liggur fyrir frumvarp Helga Hjörvar, þingmanns Samfylkingarinnar, um stjórnlagaþing sem ekki hefur þó verið lagt fram. Í tillögum sem settar eru fram í frumvarpi þessu er höfð hliðsjón af framangreindum lagafrumvörpum.

Ástæður þess að hugmyndir um stjórnlagaþing hafa nú verið endurvaktar má einkum rekja til víðtækrar þjóðfélagsumræðu um nauðsyn þess að endurskoða grundvöll íslenska stjórnkerfisins í kjölfar bankahrunsins sl. haust og þeirra áfalla sem íslenska efnahagskerfið hefur orðið fyrir. Kröfur hafa komið fram um að endurskoðaðar verði ýmsar grundvallarreglur í íslensku stjórnskipulagi, þar á meðal þær sem lúta að skipulagi löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og aðskilnaði milli þessara tveggja valdþátta, hvernig er háttað reglum um ábyrgð handhafa framkvæmdarvaldsins og eftirliti með starfi stjórnvalda og um möguleika þjóðarinnar á því að taka beinan þátt í ákvörðunum með þjóðaratkvæðagreiðslu. Í þeirri umræðu hefur sjónum verið beint að stjórnarskrá lýðveldisins, setningarhætti hennar og þeirri staðreynd að raunveruleg lýðræðislega umræða hefur aldrei farið fram hér á landi um það hvernig beri að haga þessum málum á Alþingi Íslendinga. Enn er byggt á því skipulagi sem var við lýði í konungsríkinu Íslandi árið 1874 sem Danakonungur ákvað, skipulagi sem endurspeglar engan veginn þann raunveruleika sem nú er í íslenskum stjórnmálum.

Í ljósi þess að stjórnmálaflokkunum hefur ekki tekist að ná samstöðu um nauðsynlegar breytingar á núgildandi stjórnarskrá, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, er lagt til að stofnað verði til sérstaks stjórnlagaþings með þjóðkjörnum fulltrúum sem verði falið þetta mikilvæga verkefni.

Meginefni nýs ákvæðis.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að forseti Íslands boði til stjórnlagaþings, en að þaðan í frá taki þingið sjálft við stjórn sinna mála og setji sér starfsreglur. Einu mörkin sem þinginu eru sett er að því ber að byggja tillögur sínar á lýðræðisskipan, réttarríki og vernd mannréttinda en aldrei verður fallist á að vikið verði frá þessum grunngildum. Gert er ráð fyrir því að stjórnlagaþingið sé skipað 41 þjóðkjörnum fulltrúa og jafnmörgum til vara. Um kjörgengi og kosningu fulltrúa á þingið og skipulag þess skal mælt fyrir í sérstökum lögum sem sett verði að loknum almennum þingkosningum vorið 2009.

Gert er ráð fyrir ákveðnu samráðsferli í milli stjórnlagaþingsins og Alþings um gerð frumvarps til nýrrar stjórnarskrár ekki síst til að tryggja enn frekar vandaða meðferð málsins. Alþingi hefur þó ekki neitunarvald gagnvart stjórnlagaþinginu og komi upp ágreiningur þar á milli verður þjóðin endanlega að skera úr um hvort hún kýs að samþykkja nýja stjórnarskrá.

Ljóst er að tillaga frumvarpsins um fyrirkomulag stjórnlagaþings er nýmæli sem á sér enga beina fyrirmynd í sögu stjórnlagaþinga eða þjóðfunda í lýðræðisríkjum frá síðustu öldum. Sérstaða þess felst einkum í því að allir fulltrúar þingsins verða kjörnir beint af þjóðinni auk þess sem niðurstaða þess verður lögð beint undir þjóðina með bindandi niðurstöðu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að ný grein bætist í stjórnarskrána, 79. gr., sem fjallar um náttúruauðlindir, eignarhald þeirra og nýtingu, svo og um ýmis réttindi almennings á sviði umhverfisréttar. Það fer vel á því að greinin standi sem lokaákvæði í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar, enda er hér fjallað um efni þar sem fléttast saman ríkir hagsmunir sem almenningur hefur af því að nýting auðlinda til lands og sjávar fari fram með skynsamlegum hætti auk þess sem fram kemur regla um tiltekin réttindi almennings til þess að fá upplýsingar um ástand umhverfis og kost á því að taka þátt í töku ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfið.

Í 1. mgr. er því lýst að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti séu þjóðareign. Er hér byggt á skilgreiningu auðlindanefndar á hugtakinu þjóðareign sem fjallað var um í almennum athugasemdum að framan, en með því er átt við sérstaka tegund eignarhalds til hliðar við hefðbundinn einkaeignarrétt einstaklinga og lögaðila. Í þessu felst að ríkinu er samkvæmt lögum fenginn hinn sérstaki eignarréttur á náttúruauðlindum í skjóli þess að enginn annar lögaðili eða einstaklingur hefur getað sannað eignarrétt sinn að þeim. Fyrirmyndin að eignarhaldi af þessum toga er einkum sótt í ákvæði laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, en samkvæmt þeim er íslenska ríkið lýst eigandi lands sem ekki er háð einkaeignarrétti og þar með þeirra náttúruauðlinda sem þar finnast. Er talningu á því hvaða auðlindir falla þar undir nánar lýst í lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laganna taka þau til auðlinda í jörðu í landi, botni vatnsfalla og stöðuvatna og sjávarbotni innan netlaga. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laganna er með auðlindum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við. Lögin taka einnig til rannsókna á vatnsafli til raforkuframleiðslu. Þá er því slegið föstu í 3. gr. laganna um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu að í þjóðlendum séu allar auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn yfir þeim. Auk þess kemur fram í 3. gr. a laganna að ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum, sem alfarið eru í eigu þeirra, sé óheimilt að framselja beint eða óbeint og með varanlegum hætti eignarrétt að jarðhita og grunnvatni umfram heimilis- og búsþarfir. Með þessu er stefnt að því að banna varanlegt framsal opinberra aðila á vatns- og jarðhitaréttindum, ekki aðeins í þjóðlendum heldur einnig á hefðbundnu eignarlandi ríkisins og sveitarfélaga.

Vegna þess að aðstæður og viðhorf geta breyst í tímans rás er ekki gert ráð fyrir að náttúruauðlindir í þjóðareign verði skilgreindar í sjálfri stjórnarskránni, heldur verði það gert í almennum lögum. Þegar liggur fyrir, sem áður segir, að land, landsréttindi, auðlindir og hlunnindi í þjóðlendum, sem ekki hafa verið háð einkaeignarrétti, eru þjóðareignir í skilningi þessa ákvæðis, sbr. lög nr. 58/1998, um þjóðlendur, og lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Ekkert því til fyrirstöðu að löggjafinn felli fleiri eignir af þeim toga en þær sem að framan greinir undir þjóðareignarhugtakið. Með því að bæta ákvæði í stjórnarskrá sem lýsir yfir þjóðareign allra auðlinda sem ekki eru háðar einkaeignarrétti yrði hægt að fella undir hugtakið nytjastofna á Íslandsmiðum, sbr. lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, og auðlindir sem eru á, í eða undir hafsbotninum, utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær, sbr. lög nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Væri þannig rétt að laga ákvæði þeirra laga að hinu nýja stjórnarskrárákvæði. Þá gæti löggjafinn hugsanlega þurft að taka afstöðu til þess hvort skilgreina beri nýjar auðlindir sem ekki hafa verið nýttar áður sem þjóðareign.

Mikilvægt framlag hins nýja stjórnarskrárákvæðis er að þegar auðlindir falla á annað borð undir hugtakið þjóðareign verður tryggt að þeim verði ekki afsalað varanlega til einstaklinga eða lögaðila, sbr. regluna sem fram kemur í 2. mgr. ákvæðisins. Eins mundi það koma í veg fyrir að einkaeignarréttur stofnist á auðlindum í þjóðareign fyrir hefð. Loks getur þessi yfirlýsing haft gildi í tengslum við mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu að því leyti sem þar kynni að reyna á eignarhald náttúruauðlinda á borð við nytjastofna á Íslandsmiðum. Þótt íslenska ríkið mundi gangast undir framsal fullveldisréttar til stofnana Evrópusambandsins hvað varðar stjórnun fiskveiða og ráðstöfunarrétt nytjastofna í tengslum við úthlutun veiðiheimilda mundi stjórnarskrárákvæðið hindra að eignarréttur þjóðarinnar að fiskveiðiauðlindunum færðist yfir til Evrópusambandsins eða annarra ríkja.

Í síðari málslið 1. mgr. 1. gr. er mælt fyrir um að ríkið fari með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt og hafi eftirlit með nýtingu náttúruauðlinda í þjóðareign í umboði þjóðarinnar eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Er hér um að ræða sambærilegar heimildir og almennt leiðir af fullveldisrétti ríkja og fara handhafar löggjafarvalds og framkvæmdarvalds með þessar heimildir. Hefur margvísleg löggjöf verið sett um nýtingu náttúruauðlinda, bæði þeirra sem teljast til þjóðareigna og þeirra sem falla undir einkaeignarrétt. Hvað náttúruauðlindir í þjóðareign varðar geta stjórnvöld metið hvernig sé þjóðhagslega hagkvæmast að nýta þær. Þannig getur löggjafinn valið að veita einkaaðilum heimild til afnota eða hagnýtingar á slíkum auðlindum með tilteknum skilyrðum og að teknu tilliti til þeirra markmiða sem talin eru í 2. mgr. Til þess að arður af nýtingu auðlinda kæmi þjóðinni allri til góða gæti löggjafinn t.d. ákveðið að veita heimild til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum gegn gjaldi og jafnframt að arðinum af því gjaldi yrði varið til að vernda auðlindirnar, rannsaka þær og viðhalda þeim.

Dæmi um gjald sem lagt hefur verið á heimild til afnota eða hagnýtingar á auðlindum má sjá í ákvæðum V. kafla laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, þar sem mælt er fyrir um að leggja skuli á sérstakt veiðigjald fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laganna. Þá má benda á ákvæði í 5. mgr. 3. gr. a í lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Samkvæmt því skal forsætisráðherra semja um endurgjald (leigu) fyrir afnot réttinda í þjóðlendum. Ljóst er að slík heimild til afnota eða hagnýtingar getur notið verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar sem óbein eignarréttindi á borð við hefðbundin leigu-, afnota- og ítaksréttindi. Stjórnarskrárákvæðinu er ekki ætlað að hrófla við slíkum óbeinum eignarréttindum sem þegar hafa stofnast. Á hinn bóginn er ljóst að einstaklingar eða lögaðilar eignast ekki beinan eignarrétt að auðlindunum, t.d. fyrir hefð, en það leiðir sem áður segir af 2. mgr. ákvæðisins sem slær því föstu að náttúruauðlindir í þjóðareign megi ekki selja eða láta varanlega af hendi til annarra aðila.

Hvernig sem ríkið ákveður að haga reglum um nýtingu auðlinda í þjóðareign er það ávallt bundið af þeirri grundvallarreglu sem fram kemur í 2. mgr. ákvæðisins að þær beri að nýta á sem hagkvæmastan hátt á grundvelli sjálfbærrar þróunar til hagsældar fyrir þjóðina og komandi kynslóðir. Eins og lýst var í almennum athugasemdum að framan er sjálfbær þróun eitt af mikilvægustu hugtökum auðlindastjórnunar. Grundvöllur þessarar skilgreiningar er að stjórnun nýtingar og þróunar endurnýjanlegra náttúruauðlinda sé með þeim hætti að hún skerði ekki afnotamöguleika komandi kynslóða af auðlindinni eða skaði hana óbætanlega. Þannig mega t.d. veiðar úr fiskstofnum ekki verða meiri en vöxtur og viðkoma stofnanna stendur undir. Þáttur í skipulegri auðlindastjórnun sem byggist á sjálfbærri þróun er hin svokallaða *varúðarregla* sem felur í sér að nýting auðlinda verði að víkja þegar óvissa er um vistfræðilegar afleiðingar hennar.

Nátengd markmiði 2. mgr. um nýtingu náttúruauðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar er sú regla sem kemur fram í fyrri málslið 3. mgr. þar sem mælt er fyrir um að allir eigi rétt til umhverfis sem stuðli að heilbrigði og þar sem líffræðilegri fjölbreytni er viðhaldið eftir því sem nánar er mælt fyrir í lögum.

Gildi þess að festa ákvæði í stjórnarskrá um markmið auðlindanýtingar þar sem byggt sé á sjálfbærri þróun og þar sem líffræðilegri fjölbreytni sé viðhaldið er þríþætt. Í fyrsta lagi verður að telja bæði þessi atriði veigamiklar forsendur fyrir því að hægt sé að búa þjóðinni og komandi kynslóðum umhverfi sem stuðli að heilbrigði þjóðarinnar og þar með velfarnaði hennar og hagsæld. Í öðru lagi getur stjórnarskrárákvæðið verið mikilvæg markmiðssetning fyrir löggjafann að vinna eftir við setningu laga sem varða umhverfismál. Aðeins á síðustu árum gætir þess í löggjöfinni að vísað sé til markmiðsins um sjálfbæra þróun eða einhverra þátta þess í tengslum við nýtingu auðlinda, en dæmi þess má sjá í 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, varðandi sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og í 1. gr. vatnalaga, nr. 20/2006, um sjálfbæra nýtingu vatns. Einnig má finna tilvísun til markmiðs um að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni í nokkrum lögum sem lúta að meðferð og veiði á dýrum og öðrum lífverum, t.d. í 2. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, 3. mgr. 2. gr. laga um innflutning dýra, nr. 54/1990, og 2. mgr. 1. gr. laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, nr. 97/2004. Í þriðja lagi getur stjórnarskrárákvæðið haft þau áhrif að í framkvæmd bæði stjórnvalda og dómstóla verði löggjöf um auðlindanýtingu og umhverfismál, svo og eignarréttarákvæðið í 72. gr. stjskr., skýrð í ljósi þessara markmiða þótt þau komi ekki fram í löggjöfinni sjálfri.

Ráðgert er að löggjafinn mæli nánar fyrir um það í lögum hvernig unnið skuli að þeim markmiðum að umhverfi stuðli að heilbrigði þar sem byggt er á meginreglunum um sjálfbæra þróun og líffræðilega fjölbreytni. Eftir sem áður hefur því löggjafinn svigrúm til þess að ákveða hvaða leiðir skuli fara til að ná þeim. Þannig mundi stjórnarskrárákvæðið ekki búa til sjálfstæðar efnisreglur, en þó getur það væntanlega gegnt veigamiklu hlutverki þegar dómstólar fá til úrlausnar álitamál um hvort stjórnvaldsákvarðanir eða löggjöf fer bersýnilega gegn þessum grundvallarmarkmiðum eins og þau verða skýrð í ljósi alþjóðlegra skuldbindinga á þessu sviði.

Í lokamálslið 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um tvíþættan rétt almennings, annars vegar varðandi upplýsingarétt um umhverfismál og hins vegar varðandi svokölluð þátttökuréttindi þegar undirbúnar eru ákvarðanir sem hafa áhrif á umhverfið. Með þessu eru fest í sessi lykilatriði af vettvangi umhverfisréttarins, en um þau hefur verið sett almenn löggjöf, meðal annars vegna þeirra skuldbindinga sem leiðir af EES-samningnum. Eru það annars vegar lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og hins vegar lög nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál. Eitt af markmiðum fyrrgreindu laganna er að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda á umhverfið. Þá er lögunum ætlað að tryggja aðkomu almennings að mati á hinni fyrirhuguðu framkvæmd með því að umhverfisáhrif hennar verði kynnt og stuðlað að því að koma megi að athugasemdum og upplýsingum áður en úrskurðað er um matið. Markmið síðargreindu laganna er tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál, sem stjórnvöld hafa yfir að ráða eða geymdar eru fyrir þeirra hönd, til að stuðla að sterkari vitund um málefni á umhverfissviði, frjálsum skoðanaskiptum og aukinni þátttöku almennings í töku ákvarðana um umhverfismál.

Í niðurlagi 3. mgr. er miðað við að löggjafinn skuli tryggja fyrrgreind réttindi almennings með lögum, en jafnframt er honum ætlað að segja nánari reglur um efnislegt inntak þeirra og

hvernig þeim verði fylgt eftir. Í þeim efnum þarf m.a. að taka tillit til alþjóðlegra skuldbindinga sem íslenska ríkið er bundið af á þessu sviði. Ljóst er þó að þessi réttindi ber að tryggja eins og fram kemur í orðum 3. mgr. og því mundi það ekki samrýmast ákvæðinu ef slík réttindi yrðu með öllu afnumin.

Um 2. gr.

Í greininni er gengið út frá því að frumkvæði að breytingu eða viðauka á stjórnarskránni verði að meginstefnu áfram hjá Alþingi. Samkvæmt 55. gr. stjskr. verður einhver alþingismanna eða ráðherra að flytja frumvarp til breytinga eða viðauka á stjórnarskránni sem lagt er til að verði framvegis nefnt frumvarp til stjórnskipunarlaga, en það er þjálla heiti en það sem notað hefur verið. Þá verður slíkt frumvarp einnig flutt sem stjórnarfrumvarp skv. 25. gr. stjskr. Gert er ráð fyrir að það verði eftir sem áður skilyrði fyrir framgangi frumvarps til stjórnskipunarlaga að það verði samþykkt á Alþingi eftir því sem nánar er kveðið á um í 1. mgr.

Fyrsti málsliður 1. mgr. er sama efnis og 1. málsl. 1. mgr. 79. gr. stjskr., þar á meðal er vísað til „breytinga eða viðauka“ á stjórnarskránni. Þótt þannig sé til orða tekið er ekki eingöngu átt við breytingar á núgildandi stjórnarskrárákvæðum eða setningu nýrra ákvæða sem njóta stjórnarskrárverndar, heldur einnig afnám einstakra stjórnarskrárákvæða og jafnvel stjórnarskrárinnar í heild sinni og setningu nýrrar stjórnarskrár frá grunni. Orðalaginu hefur að öðru leyti lítillega verið breytt. Í stað orðsins „Tillögur“ kemur „Frumvarp“ og jafnframt er ekki gerður greinarmunur á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi, svo sem nú er gert, enda stendur reglulegt Alþingi að jafnaði allt árið, frá októberbyrjun til jafnlengdar næsta árs, sbr. 1. mgr. 35. gr. stjskr. Yrði þingið kallað saman til aukafunda, t.d. að loknum þingkosningum, væri að sjálfsögðu heimilt að leggja fram frumvarp til stjórnskipunarlaga meðan slíkt þing stæði.

Samkvæmt 1. mgr. eiga allir kosningarbærir menn rétt á að taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu um frumvarp til stjórnskipunarlaga. Hér er átt við alla þá sem hafa öðlast kosningarrétt til Alþingis þegar atkvæðagreiðslan fer fram, sbr. 1. mgr. 33. gr. stjskr. Atkvæðagreiðslan skal vera leynileg, og fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir að Alþingi hefur endanlega samþykkt frumvarpið. Eins og áður er fram komið er ekkert því til fyrirstöðu að atkvæðagreiðslan færi fram samhliða almennum kosningum til Alþingis, til sveitarstjórna eða um forseta Íslands, og er fyrrgreint svigrúm ekki síst við það miðað að unnt yrði að koma þessu við. Alþingi gæti sjálft tekið ákvörðun um kjördag, en einnig væri unnt að fela forsætisráðherra að ákveða hann innan umræddra tímamarka.

Gengið út frá því að frumvarp til stjórnskipunarlaga öðlist lagagildi ef einfaldur meiri hluti gildra atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu greiðir atkvæði með frumvarpinu. Þó er sá áskilnaður gerður að a.m.k. 25 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá sé fylgjandi því. Með skírskotun til rótgróinnar venju hér á landi ber meðal annars að meta auða kjörseðla sem ógild atkvæði, sbr. a-lið 100. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis. Ef svo ólíklega færi að gild atkvæði væru jöfn með og á móti teldist frumvarpið ekki samþykkt og heldur ekki ef þeir sem samþykktu það næðu ekki því hlutfalli kjósenda sem fyrir er mælt í 1. mgr.

Hafi frumvarp verið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt framansögðu segir í niðurlagi 1. mgr. að það skuli staðfest af forseta Íslands og öðlist það þá gildi sem stjórnskipunarlög. Hér er gengið út frá því að forseta beri stjórnskipuleg skylda til að staðfesta frumvarpið sem lög með undirskrift sinni, enda standa engin efnisrök til þess að hann synji slíku frumvarpi staðfestingar eftir að það hefur verið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu með þeim

hætti sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. Jafnframt væri eðlilegt, með hliðsjón af 26. gr. stjskr., að frumvarpið yrði lagt fyrir forseta til staðfestingar eigi síðar en tveimur vikum eftir að þau úrslit lægju fyrir að það hefði verið samþykkt af tilskildum meiri hluta kjósenda.

2. mgr. 2. gr. er samhljóða gildandi 2. mgr. 79. gr. stjskr. varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingu á kirkjuskipan ríkisins og þarfnast því ekki skýringa.

Rétt þykir að nánari tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. og 2. mgr. verði ákveðin með almennum lögum sem sett verði strax í kjölfar gildistöku frumvarps þessa verði það að stjórnskipunarlögum. Er kveðið á um þetta í 3. mgr. 3. gr.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að tekið verði upp í stjórnarskrána ákvæði um svokallað þjóðarfrumkvæði sem felst í því að tiltekinn hluti kjósenda getur kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um lög sem samþykkt hafa verið eða um tiltekin málefni sem varða almannahag. Gerir ákvæðið ráð fyrir að 15% kosningarbærra manna geti knúið fram slíka atkvæðagreiðslu sem skuli fara fram innan þriggja mánaða frá því að staðfest krafa um hana liggur fyrir. Miðað við núverandi fjölda kjósenda á kjörskrá má ætla að ríflega 30 þúsund kjósenda þurfi að setja fram slíka kröfu.

Með þjóðarfrumkvæði er kjósendum gefinn kostur á að koma tilteknum málum á dagskrá stjórnmálanna og taka þátt með beinum hætti í stefnumótun og löggjöf. Með þeirri aðferð sem hér er lögð til er kjósendum gefinn kostur á að taka upp tiltekin mál að eigin frumkvæði en einnig að kalla eftir því að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um löggjöf sem samþykkt hefur verið. Í báðum tilvikum þurfa 15 af hundraði kosningarbærra manna að staðfesta kröfu þar um með undirskrift sinni.

Þau málefni sem krefjast má þjóðaratkvæðis um þurfa annars vegar að varða almannahag en með þeirri takmörkun er notkun úrræðisins þrengd nokkuð með það að markmiði að undanskilja einkamálefni einstaklinga eða þrönga eiginhagsmuni einstakra hópa. Hins vegar getur krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu varðað gildi einstaka laga, t.d. að umdeild lög sem Alþingi hefur samþykkt verði felld úr gildi. Í 2. mgr. ákvæðisins eru þó taldir ákveðnir málaflokkar sem eru undanskildir slíkri atkvæðagreiðslu. Þar segir að ekki sé unnt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáraukalög, lög um skattamálefni og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum. Er slík undantekning gerð til að standa vörð um fjárstjórnarvald þjóðþingsins, auk þess sem ekki þykir eðlilegt að unnt sé með slíkri atkvæðagreiðslu að hindra lagasetningu sem hefur það markmið að uppfylla þjóðréttarlegar skuldbindingar ríkisins.

Í 2. mgr. er ráðgert að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar verði bindandi þegar hún fjallar um að fella úr gildi tiltekin lög og meiri hluti gildra atkvæða er fylgjandi tillögu sem borin er upp, þó minnst 25 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá. Hér er lagt til að sambærilegan lágmarksfjölda kjósenda þurfi og þegar breytingar á stjórnarskrá eru lagðar í þjóðaratkvæði. Þegar önnur málefni eru borin upp í þjóðaratkvæðagreiðslunni telst tillagan samþykkt ef meiri hluti greiddra atkvæða er fylgjandi henni. Í þeim tilvikum verður Alþingi og eftir atvikum ríkisstjórn látið eftir að meta hvort taka skuli tillit til niðurstöðunnar. Ljóst er að sé fylgi þjóðarinnar við málefnið afgerandi felst í því mikilvæg pólitísk krafa á þingið að fylgja eftir niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar um tiltekið málefni og þar með vilja þjóðarinnar.

Um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar og málsmeðferð um kröfu kjósenda skulu sett almenn lög. Þar þarf meðal annars að útfæra nánar hvernig staðið er að söfnun undirskrifta og hvernig spurning er sett fram í atkvæðagreiðslunni.

Um 4. gr.

Lagt er til að sett verði ákvæði um stundarsakir í gildandi stjórnarskrá frá 1944. Markmið þess er að veita stjórnskipulega heimild fyrir því að vald til að setja nýja stjórnarskrá verði fært til sérstaks stjórnlagaþings sem kosið verði í sérstakri kosningu. Ekkert er því þó til fyrirstöðu að slík kosning færi saman við aðra kosningu eða atkvæðagreiðslu ef henta þætti.

Ekki er ráðgert að stjórnlagaþing verði framvegis hin venjulega aðferð til þess að endurskoða stjórnarskrá – hvort sem er með viðbótum, úrfellingum eða breytingum. Þvert á móti er gert ráð fyrir að stjórnlagaþing sé sérstök stofnun með afmarkað og tímabundið verkefni. Jafnframt er gert ráð fyrir samráði stjórnlagaþings við Alþingi eins og nánar verður lýst hér á eftir með skyldubundinni álitsumleitan til Alþingis á tveimur stigum. Slík álitsumleitan er til þess fallin að tempra vald stjórnlagaþings eins og eðlilegt er í ljósi þess að tilgangur frumvarps þessa er að auka lýðræði, svo og aðhald valdþátta ríkisins hvers með öðrum, og ekki síst að styrkja stöðu Alþingi sem æðstu stofnunarinnar í lýðræðisþjóðfélagi.

Í 1. mgr. kemur fram að forseta Íslands verði falið að boða til stjórnlagaþings enda þykir hann til þess bær sem þjóðkjörinn æðsti embættismaður þjóðarinnar sem ekki er háður neinum hinna þriggja handhafa ríkisvalds. Ekki er gert ráð fyrir öðru hlutverki forseta Íslands en að setja stjórnlagaþing og stýra kjöri forseta þingsins. Þaðan í frá tekur forseti stjórnlagaþingsins við stjórn þess.

Um hlutverk stjórnlagaþings er gagnorð lýsing í 1. málsl. 1. mgr. en það er að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Þar er sömuleiðis fólgin eina efnislega takmörkunin á valdsviði stjórnlagaþings, þ.e. að áfram verði byggt á lýðræðisskipan, réttarríki og vernd mannréttinda, en ekki verður fallist á frávik frá þessum grunngildum sem íslenska stjórnskipulagið hvílir á. Þá er gengið út frá því að áfram verði byggt á lýðveldisskipulagi þar sem þjóðhöfðingi er kjörinn til ákveðins tíma og áfram verður þannig rætt um stjórnarskrá lýðveldisins. Annars er í ákvæðinu hvorki mælt fyrir um skyldur stjórnlagaþings né takmarkanir á því hvað skuli eða megi endurskoða enda er í því efni treyst á mat þingsins sjálfs. Augljóslega felur álitsumleitan til Alþingis og staðfesting í þjóðaratkvæðagreiðslu í sér nokkrar hömlur á því hverju verður breytt í íslenskri stjórnskipan.

Í 2. málsl. 1. mgr. er kveðið á um fjölda þjóðkjörinna og atkvæðisbærra fulltrúa á stjórnlagaþingi en ýmsar skoðanir eru uppi um hvaða fjöldi telst eðlilegur. Eftir því sem fulltrúar eru fleiri er líklegra að breiðari eða fjölbreyttari hópur manna sitji á þinginu en jafnframt geta störf þess þó orðið þyngri í vöfum. Á Þjóðfundinum 1851 sátu 37 þjóðkjörnir fulltrúar og sex konungskjörnir. Hér er lagt til að 41 fulltrúi verði á þinginu, enda er almennt ekki miðað við að fjöldi fulltrúa á stjórnlagaþingi taki mið af fjölda landsmanna. Í nýlegum svissneskum fyrirmyndum hafa fulltrúar verið á bilinu 60–200 talsins og á austurríska stjórnlagaþinginu sem efnt var til árið 2003 voru fulltrúar 71.

Frumvarpsákvæði þetta kveður á um nokkur grundvallaratriði sem nauðsynlegt er að setja í stjórnarskrá til að skjóta stjórnskipulegum stoðum undir hina nýju stofnun sem falið verður afar mikilvægt verkefni. Nauðsynlegt er að setja nánari reglur um kosningu til þingsins, kjörgengi fulltrúanna og skipulag þingsins og kemur fram í 1. mgr. að sett skuli sérstök lög um efnið að loknum alþingiskosningum 2009. Fylgja drög að frumvarpi til laga um stjórnlagaþing með frumvarpi þessu. Í þeim drögum hefur verið gengið út frá því að fulltrúar á stjórnlagaþingi séu kosnir persónukosningu og gerðar eru tillögur um ítarlegar reglur varðandi framkvæmd persónukjörsins. Þá er þar lýst kjörgengi fulltrúa á þingið, en ráðgert er að sömu skilyrði gildi um það og varðandi kjörgengi til Alþingis, með þeirri undantekningu þó að forseti Íslands, alþingismenn, varamenn þeirra og ráðherrar séu ekki kjörgengir. Með þessu er

stefnt að því tryggja betur sjálfstæði stjórnlagaþingsins gagnvart Alþingi og öðrum handhöfum ríkisvalds. Í lögum um stjórnlagaþing mun einnig verða mælt fyrir um nokkur meginatriði í skipulagi þess og starfsháttum þótt miðað sé við að stjórnlagaþing sé sjálfstætt um tilhögun starfs síns. Í þeim anda er tekið fram í niðurlagi 1. mgr. að stjórnlagaþing setji sér sjálft starfsreglur þar sem m.a. skal ákveða þingsköp þar sem nýtur við fyrirmynda frá Alþingi og víðar.

Í 2. mgr. frumvarpsákvæðisins þykir eðlilegt að setja ytri tímaramma þannig að nokkurt svigrúm sé fyrir þá sem undirbúa munu kosningar til stjórnlagaþings og skipuleggja aðstöðu fyrir það og þjóðkjörna fulltrúa þess án þess þó að unnt sé að draga samkomudag stjórnlagaþings um of. Sé gert ráð fyrir því að myndun ríkisstjórnar í kjölfar alþingiskosninga 25. apríl nk. taki allt að nokkrum vikum er líklegt að unnt sé að afgreiða frumvarp til laga um stjórnlagaþing, hefja undirbúning að kosningu stjórnlagaþings í sumarbyrjun og kjósa til stjórnlagaþings síðsumars eða í haust svo að nægilegur tími gefist í kjölfar undirbúnings kosninga fyrir frambjóðendur til að koma fram og kynna sig og fyrir kjósendur að kynna sér málin og taka afstöðu. Í fyrrgreindum drögum að frumvarpi til laga um stjórnlagaþing er gert ráð fyrir kosningum eigi síðar en 1. október í ár en vitaskuld má halda þær fyrr ef henta þykir. Þá þykir við hæfi að leggja til fullveldisdaginn, 1. desember, sem síðasta mögulegan setningardag stjórnlagaþings. Eftir það hefur stjórnlagaþing upp á eigið eindæmi allt að rúmum 18 mánuðum til að ljúka starfa sínum og þá með hliðsjón af öðrum frestum sem hér er að finna. Sjálft getur það stytt starfstíma sinn ef þörf er á. Þá getur starfstíminn orðið lengri komi þingið fyrr saman og reynir þar á samspil forseta Íslands, sem boðar til þingsins, og forsætisráðherra sem leggur því til starfsaðstöðu. Þá getur Alþingi samþykkt með þingsályktun að lengja starfstímann um allt að hálft ár, óski stjórnlagaþingið þess, í því skyni að ljúka ætlunarverkinu.

Í 3. mgr. er sett sérstök skylda til álitsumleitunar hjá Alþingi, æðstu og elstu lýðræðisstofnun Íslands, áður en endurskoðun stjórnskipunar landsins er ráðið til lykta með frumvarpi að nýrri stjórnarskrá. Settur er tveggja mánaða rammi fyrir þetta skyldubundna samráð við Alþingi í því skyni að ekki komi upp hætta á óþarfa töfum eða grunur um slíkt. Tekur stjórnlagaþing umsögn Alþingis svo til skoðunar og metur hvort drögum skuli breytt í ljósi hennar og með tilliti til næsta stigs álitsumleitunar, sbr. 4. mgr.

Hafi stjórnlagaþing ekki tekið nægilegt tillit til athugasemda Alþingis í framangreindri umsögn getur Alþingi skv. 4. mgr. beitt sterkara úrræði að fengnu fullbúnu frumvarpi stjórnlagaþings að nýrri stjórnarskrá. Er það gert með því að senda stjórnlagaþingi innan mánaðar frá samþykkt þess frumvarps svonefnda rökstudda tillögu um breytingar. Rökstudd tillaga Alþingis felur í sér að stjórnlagaþing stendur frammi fyrir tveimur kostum. Annaðhvort fellst það á tillögur Alþingis, sem vafalaust hafa áður verið reifaðar í umsögn þeirri sem áður er rakin, eða stjórnlagaþing þarf að samþykkja frumvarp að nýrri stjórnarskrá með auknum meiri hluta, þ.e. 2/3 kjörinna fulltrúa (28 þingmenn af 41) í stað hreins meiri hluta áður. Verði af öðru af þessu tvennu fer frumvarp í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 6. mgr. en takist hvorugt í tæka tíð er endurskoðun stjórnarskrár af hálfu stjórnlagaþings úr sögunni. Þótt samþykkt frumvarps að nýrri stjórnarskrá verði strax gerð með 2/3 hluta atkvæða á stjórnlagaþingi áður en til síðari álitsumleitunar Alþingis kemur breytir það ekki skyldu þess til að leita aftur álits Alþingis. Þannig getur Alþingi engu síður sent rökstudda tillögu sem leiða skal til endurtekinnar meðferðar á stjórnlagaþingi. Markmið þessa samráðs er að ná sem mestu jafnvægi í afstöðu þessara þjóðkjörnu þinga eða íhuga vel róttækar breytingar áður en þær eru lagðar fyrir þjóðina til samþykktar eða synjunar.

Rétt þykir að taka fram berum orðum í 5. mgr. að berist stjórnlagaþingi ekki rökstudd tillaga frá Alþingi eftir samþykkt frumvarpsins er nægileg sátt um það milli þessara þjóðkjörnu þinga til þess að unnt sé að leggja það óbreytt í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 6. mgr.

Loks er í 6. mgr. gert ráð fyrir þeirri eðlilegu lokamálsmeðferð að lokinni málsmeðferð innan og í tengslum við stjórnlagaþing að kjósendur sjálfir staðfesti frumvarp að nýrri stjórnarskrá eða hafni henni í þjóðaratkvæðagreiðslu. Skal atkvæðagreiðslan vera leynileg eins og venja stendur til og svo sem jafnan er með persónukosningar. Gildandi stjórnarskrá hefur ekki verið endurskoðuð í heild í þau 65 ár frá því að hún var sett árið 1944 og samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þykir sá langi tími og sú reynsla sem þó er komin á meginatriði í stjórnskipan Íslands fela í sér rök fyrir því að lágmarksfylgi, eða fjórðung kosningarbærra manna, þurfi til þess að staðfesta breytingar enda getur hér verið um grundvallarbreytingar að ræða. Er þetta sama lágmark til samþykkis og lagt er til í 2. og 3. gr. frumvarps þessa. Þess er vænst að hver sem niðurstaðan verði þyki málið nægilega mikilvægt til þess að líkur séu á góðri kosningaþátttöku þar sem tekin er afstaða til framtíðarstjórnarskrár landsins.

Verði frumvarp til nýrrar stjórnarskrár mjög umdeilt og komi t.d. upp togstreita við Alþingi í því samráðsferli sem lýst er í 3. og 4. mgr. er eins líklegt að kosningaþátttaka verði góð. Til þess að stuðla enn frekar að víðtækri kosningaþátttöku er eðlilegt að líta til möguleika á að tengja þjóðaratkvæðagreiðslu annarri atkvæðagreiðslu eða kosningu sem þarf að fara fram eða ákveðið er að halda. Verði niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu jákvæð og nái hún tilsettu lágmarki skal frumvarp að nýrri stjórnarskrá staðfest af forseta Íslands og er ný stjórnarskrá þá gild stjórnskipunarlög og kemur í stað hinnar fyrri. Taka ber fram að eitt af því sem stjórnlagaþing þarf að ákveða í frumvarpi til nýrrar stjórnarskrár er hvenær sú stjórnarskrá tekur gildi verði hún samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Að lokum má taka fram að skýra ber 26. gr. stjskr. svo að málskotsréttur forseta til þjóðarinnar eigi ekki við um staðfestingu í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá enda á hann aðeins við þegar lögum frá Alþingi er synjað staðfestingar.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Frumvarp til laga um stjórnlagaþing (drög).

I. KAFLI
Hlutverk og skipan.

1. gr.
Hlutverk.

Forseti Íslands skal boða til stjórnlagaþings til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, þar sem byggt verði áfram á lýðræðisskipan, réttarríki og vernd mannréttinda.

2. gr.
Skipan og starfstími.

Stjórnlagaþing skal skipað 41 þjóðkjörnum fulltrúa og jafnmörgum til vara. Þeir skulu kosnir persónukosningu.

Stjórnlagaþing skal koma saman eigi síðar en 1. desember 2009. Þingið skal ljúka störfum eigi síðar en 17. júní 2011. Þingið getur ákveðið sjálft að ljúka störfum fyrr. Einnig er Alþingi heimilt með ályktun að verða við beiðni þingsins um að framlengja starfstíma þess um allt að sex mánuði.

3. gr.
Valdsvið.

Stjórnlagaþing getur ákveðið að afmarka verksvið sitt. Sérstaklega skulu teknir til athugunar eftirtaldir þættir:

a. Undirstöður íslenskrar stjórnskipunar og helstu grunnhugtök hennar.
b. Skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og valdmörk þeirra.
c. Hlutverk og staða forseta lýðveldisins.
d. Framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana og meðferð utanríkismála.
e. Ákvæði um kosningar og kjördæmaskipan.
f. Sjálfstæði dómstóla og eftirlit þeirra með öðrum handhöfum ríkisvalds.
g. Þátttaka almennings í lýðræði.

II. KAFLI
Kosningar til stjórnlagaþings.

4. gr.
Kjördagur.

Kosningar til stjórnlagaþings skulu fara fram fyrir 1. október 2009. Skulu kosningarnar vera leynilegar.

5. gr.
Kosningarréttur.

Kosningarrétt til stjórnlagaþings eiga allir sem eiga kosningarrétt við kosningar til Alþingis

6. gr.

Kjörgengi.

Kjörgengir til stjórnlagaþings eru þeir menn sem eru kjörgengir við kosningar til Alþingis. Forseti Íslands, alþingismenn, varamenn þeirra og ráðherrar eru þó ekki kjörgengir.

7. gr.

Auglýsing um kosninguna.

Landskjörstjórn skal auglýsa kosningu til stjórnlagaþings í helstu fjölmiðlum og Lögbirtingablaði eigi síðar en 8 vikum fyrir kjördag.

8. gr.

Framboð.

Framboðum til kosningar á stjórnlagaþing skal skila í hendur landskjörstjórnar ekki síðar en 4 vikum fyrir kjördag

Með framboði skal fylgja samþykki frambjóðanda og nöfn 50 meðmælenda sem skulu fullnægja skilyrðum kosningarréttar til Alþingis. Þá skal vera meðfylgjandi skrifleg yfirlýsing frá hverjum meðmælanda sem staðfest hefur verið af tveimur vottum. Landskjörstjórn skal útbúa sérstakt eyðublað í þessu skyni. Nöfn meðmælenda skulu birt ásamt nöfnum frambjóðenda í helstu fjölmiðlum og Lögbirtingablaði.

Hverjum kosningarbærum manni er einungis heimilt að mæla með einum frambjóðanda.

Landskjörstjórn skal innan viku frá því framboði er skilað tilkynna frambjóðanda hvort ágallar eru á framboðinu eða lista yfir meðmælendur. Skal frambjóðanda veittur þriggja daga frestur til að bæta úr ágöllum.

9. gr.

Kynning á frambjóðendum og kosningu.

Landskjörstjórn skal útbúa kynningarefni um frambjóðendur þar sem einnig komi fram hverjir eru meðmælendur þeirra. Skal kynningarefni dreift til allra kjósenda. Einnig skal kynningarefni birt á heimasíðu landskjörstjórnar.

Dreifa skal afriti af kjörseðli til allra kjósenda auðkenndum sem kynningarseðli ásamt skýringum um hvernig kosning fari fram. Hann skal jafnframt birtur á heimasíðu landskjörstjórnar ásamt skýringum. Kynningarseðilinn má kjósandi hafa með sér í kjörklefa.

10. gr.

Gerð og prentun kjörseðla.

Dómsmálaráðuneytið sér um gerð og prentun kjörseðla og sendingu þeirra til yfirkjörstjórna sem síðan annast framsendingu þeirra til undirkjörstjórna með sama hætti og kjörseðla til alþingiskosninga. Á kjörseðla skal prenta skýru letri nafn, stöðu og sveitarfélag frambjóðenda til stjórnlagaþings í stafrófsröð en fyrsta nafn á kjörseðli skal valið af handahófi.

11. gr.

Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

Kjósandi sem greiðir atkvæði á kjörfundi markar með ritblýi kross á kjörseðilinn framan við nöfn þeirra frambjóðanda er hann vill kjósa af þeim sem í kjöri eru.

Kjósandi skal merkja við sjö frambjóðendur. Séu merkingarnar færri skulu þær engu síður gilda 1/7 hluta atkvæðis. Séu þær fleiri, en þó aldrei fleiri en 41, skal vægi hverrar merkingar vera í réttu hlutfalli við fjölda þeirra. Merki kjósandi við fleiri en 41 frambjóðanda ógildist kjörseðillinn.

12. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

Kjósandi sem greiðir atkvæði utan kjörfundar ritar á kjörseðilinn fullt nafn þeirra frambjóðenda er hann vill kjósa af þeim sem í kjöri eru. Ekki skal þó meta atkvæði ógilt, þótt sleppt sé kenninafni eða ættarnafni ef greinilegt er eftir sem áður við hvern er átt.

Kjósandi skal rita nöfn sjö frambjóðenda. Séu nöfnin færri skulu þau engu síður gilda 1/7 hluta atkvæðis. Séu þau fleiri, en þó aldrei fleiri en 41, skal vægi hvers nafns vera í réttu hlutfalli við fjölda þeirra. Riti kjósandi nöfn fleiri en 41 frambjóðanda ógildist kjörseðillinn.

13. gr.

Framkvæmd kosningar og talning atkvæða.

Um kosningaathöfnina sjálfa, sem og undirbúning hennar, og atkvæðagreiðslu utan kjörstaða og á kjörstað, meðferð og talningu atkvæða fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

Þó skal við úthlutun sæta á stjórnlagaþingi og að því marki sem fjöldi frambjóðenda af hvoru kyni leyfir séð til þess að jöfnuð verði hlutföll á milli kynjanna í hópi þingfulltrúa þannig að a.m.k. 40% fulltrúa verði af hvoru kyni.

Landskjörstjórn ákveður verkaskiptingu milli sín og annarra kjörstjórna, svo og milli kjörstjórna innbyrðis.

14. gr.

Úrskurðir í ágreiningsmálum, úrslit, útgáfa kjörbréfa og varamenn.

Þegar landskjörstjórn hefur fengið í hendur eftirrit gerðabóka allra yfirkjörstjórna og ágreiningsseðla boðar hún frambjóðendur til stjórnlagaþings eða umboðsmenn þeirra til fundar þar sem hún úrskurðar um gildi ágreiningsseðlanna, lýsir úrslitum kosninganna til stjórnlagaþingsins og gefur út kjörbréf handa þeim þjóðkjörnu fulltrúum á stjórnlagaþingi sem hæstum atkvæðatölum hafa náð á landinu öllu.

Varamenn til stjórnlagaþings eru þeir sem næstir koma að atkvæðatölu á landinu öllu. Fyrsti varamaður er sá sem flest atkvæði eða atkvæðabrot hefur á landinu öllu úr hópi varamanna.

Nú er ágreiningur um kjörgengi frambjóðanda til stjórnlagaþings og sker þá landskjörstjórn úr með meiri hluta atkvæða landskjörstjórnarmanna.

15. gr.

Staðfest eftirrit af úrslitum.

Staðfest eftirrit af úrslitum kosninga til stjórnlagaþings sendir landskjörstjórn forseta Alþingis, forsætisráðherra og forseta Hæstaréttar.

III. KAFLI
Skipulag og starfshættir stjórnlagaþings.

16. gr.
Forseti og forsætisnefnd.

Forseti Íslands setur stjórnlagaþing og stýrir kjöri forseta þingsins úr hópi þingfulltrúa í sérstöku kjöri og víkur forseti Íslands svo af stjórnlagaþingi. Forseti stjórnlagaþings stýrir kjöri varaforseta, stjórnlagaþingritara og formanna starfsnefnda úr hópi þingfulltrúa.

Forseti, varaforseti, stjórnlagaþingritari og formenn nefnda skipa forsætisnefnd stjórnlagaþings.

17. gr.
Þingfundir og nefndir þingsins.

Stjórnlagaþing starfar í einni málstofu. Skulu þingfundir haldnir í heyranda hljóði.

Stjórnlagaþing setur sér starfsreglur. Þar skal m.a. kveðið á um fjölda og hlutverk starfsnefnda og hámarksfjölda í hverri nefnd. Þá skal í starfsreglunum kveðið á um fundarsköp stjórnlagaþingsins.

18. gr.
Skipun áheyrnarfulltrúa.

Forsætisnefnd stjórnlagaþings skipar allt að 20 fulltrúa samkvæmt tilnefningum almannasamtaka, hagsmunasamtaka og stjórnmálasamtaka til setu í hlutaðeigandi starfsnefndum stjórnlagaþings með tillögurétti og málfrelsi eftir nánari reglum í fundarsköpum þingsins.

19. gr.
Réttindi og skyldur fulltrúa þingsins.

Stjórnlagaþingfulltrúar eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og ekki við nein fyrirmæli frá kjósendum sínum eða öðrum.

Fulltrúar á stjórnlagaþingi og varafulltrúar meðan þeir sitja skulu á starfstíma þingsins njóta sama þingfararkaups og alþingismenn og skulu laun þeirra greidd úr ríkissjóði. Forseti stjórnlagaþings nýtur sömu launa og forseti Alþingis og stjórnlagaþingritari nýtur sömu launa og alþingismenn sem eru formenn stjórnmálaflokks. Fulltrúar á stjórnlagaþingi eiga rétt á launalausu leyfi frá starfi sínu á meðan stjórnlagaþingið starfar.

Formenn starfsnefnda þingsins njóta sömu launa og formenn fastanefnda Alþingis. Eftirlaun samkvæmt lögum um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara stofnast ekki vegna setu á stjórnlagaþingi en um lífeyrisréttindi fer eftir almennum reglum A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Reglur um biðlaun þingmanna gilda ekki um fulltrúa stjórnlagaþings og aðra embættismenn þingsins.

Þingfulltrúar skulu njóta sömu verndar, friðhelgi og réttinda, annarra en starfskjara, og alþingismenn samkvæmt stjórnarskrá frá og með kjöri og þar til starfstíma stjórnlagaþings lýkur.

Stjórnlagaþing skal njóta sömu verndar og Alþingi skv. 36. gr. stjórnarskrárinnar og XI. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

20. gr.

Skrifstofa og sérfræðiaðstoð.

Forsætisnefnd stjórnlagaþings hefur heimild til þess, í samráði við forsætisráðuneytið, að stofna til útgjalda ríkissjóðs vegna þingsins sjálfs, svo sem vegna aðstöðu, starfsfólks eða sérfræðiráðgjafar.

Forsætisnefnd skal ráða starfsmenn þingsins og fer um verksvið og ráðningarkjör þeirra eftir nánari ákvörðun hennar. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda um réttindi og skyldur starfsmanna þingsins og greiðast laun þeirra úr ríkissjóði.

Forsætisnefnd getur leitað sérfræðilegrar aðstoðar við störf sín.

Forsætisnefnd staðfestir kostnaðarreikninga frá þingfulltrúum eða hópum þeirra vegna sérfræðiaðstoðar og annars sem forsætisnefnd telur nauðsynlegt. Kostnaður við stjórnlagaþing skal greiddur úr ríkissjóði, þ.m.t. þóknun samkvæmt ákvörðun forsætisnefndar til ólaunaðra fulltrúa almannasamtaka, hagsmunasamtaka og stjórnmálasamtaka vegna setu þeirra í starfsnefndum þingsins.

21. gr.

Starfsaðstaða.

Forsætisráðuneytið skal útvega stjórnlagaþingi starfsaðstöðu.

IV. KAFLI
Samþykkt frumvarps til stjórnarskipunarlaga.

22. gr.

Umsögn Alþingis.

Áður en stjórnlagaþing hefur samþykkt frumvarp til nýrrar stjórnarskrár skal það sent Alþingi til umsagnar. Alþingi skal veita stjórnlagaþingi umsögn sína innan tveggja mánaða.

23. gr.

Frumvarpi vísað aftur til meðferðar.

Þegar stjórnlagaþingið hefur samþykkt frumvarp til stjórnarskipunarlaga skal það á ný sent Alþingi og getur það innan eins mánaðar ákveðið með rökstuddri tillögu að vísa frumvarpi aftur til meðferðar stjórnlagaþings. Skal þá taka frumvarpið aftur til meðferðar þar með hliðsjón af rökstuddri tillögu Alþingis. Þarf þá 2/3 hluta fulltrúa á stjórnlagaþingi að samþykkja frumvarpið, nema fallist sé á rökstudda tillögu Alþingis um breytingar á frumvarpinu og þarf þá aðeins einfaldan meiri hluta. Náist slíkt samþykki skal frumvarpið lagt í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 24. gr. en ella telst það fellt.

Berist stjórnlagaþingi engin umsögn frá Alþingi eftir samþykkt frumvarpsins, skv. 1. mgr. skal frumvarpið lagt í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 24. gr.

24. gr.

Framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu.

Frumvarp til nýrrar stjórnarskrár skal lagt undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu í leynilegri atkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar. Sé meiri hluti gildra atkvæða fylgjandi frumvarpinu, þó að minnsta kosti 25 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá, skal það staðfest af forseta Íslands og er það þá gild stjórnskipunarlög.

Um þjóðaratkvæðagreiðsluna gilda reglur sem stjórnlagaþing setur með ályktun sem birt skal með sama hætti og lög frá Alþingi.

649. Framhaldsnefndarálit [313. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, með síðari breytingum, og breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur að eigin frumkvæði fjallað um málið á ný milli 2. og 3. umræðu og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti.

Nefndin leggur til þá breytingu að gildistaka laganna miðist við komandi kjördag til Alþingis, hinn 25. apríl nk. Með því er komið í veg fyrir að þingmenn sem ljúka þingsetu og ráðherrar sem láta af störfum í kjölfar þingkosninganna í vor myndi á tímabilinu 1. apríl til 25. apríl 2009 lífeyrisréttindi hjá A-deild LSR. Eðlilegra þykir að viðkomandi aðilar búi við eftirlaunakerfið, sbr. lög nr. 141/2003, þar til kjörtímabili þeirra lýkur 25. apríl nk. Verður á þann hátt ekki skörun á milli lífeyriskerfa.

Að sama skapi er lagt til að biðlaun viðkomandi aðila myndi réttindi samkvæmt lögum nr. 141/2003 í stað þess að þau myndi lífeyrisréttindi hjá A-deild LSR þann tíma sem biðlaun eru greidd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Þingfararkaup og biðlaunagreiðslur alþingismanna sem ljúka þingsetu og ráðherra sem láta af störfum í kjölfar kjördags 25. apríl 2009 mynda eftirlaunaréttindi samkvæmt lögum nr. 141/2003.
2. Við 5. gr. Í stað dagsetningarinnar „1. apríl 2009“ kemur: 25. apríl 2009.

Björgvin G. Sigurðsson, Bjarni Benediktsson og Ragnheiður E. Árnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 2009.

Árni Þór Sigurðsson, varaform., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Ellert B. Schram.
Gunnar Svavarsson.	Jón Bjarnason.	Birkir J. Jónsson.

650. Frumvarp til laga [386. mál]

um breyting á lögum nr. 47/2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum, með síðari breytingum.

Flm.: Björn Bjarnason, Össur Skarphéðinsson, Kolbrún Halldórsdóttir,
Kjartan Ólafsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Höskuldur Þórhallsson,
Lúðvík Bergvinsson.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þjóðgarðurinn er að öllu leyti undanþeginn lögum um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús.

Gildistaka.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um þjóðgarðinn á Þingvöllum gilda sérstök lög. Markmið þeirra er að varðveita ásýnd þjóðgarðsins sem friðlýsts helgistaðar þjóðarinnar. Lögin fela Þingvallanefnd að annast málefni þjóðgarðsins.

Frá stofnun þjóðgarðsins hefur land innan hans verið leigt undir sumarhús. Allir leigusamningar eru gerðir til skamms tíma, enda mikilvægt að unnt sé með tiltölulega skömmum fyrirvara að grípa til ráðstafana í því skyni að tryggja að markmið þjóðgarðslaganna náist.

Hinn 1. júlí 2008 tóku gildi lög nr. 75/2008, um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, þar sem meðal annars er mælt fyrir um að leigusamningar vegna frístundahúsa skuli vera til 20 ára hið skemmsta. Samningar Þingvallanefndar eru gerðir til skemmri tíma, eða 10 ára, eins og nú er. Til að taka af allan vafa um að það sé á valdi Þingvallanefndar að semja um lengd leigutíma vegna frístundahúsa innan þjóðgarðsins er þetta frumvarp flutt.

651. Fyrirspurn [387. mál]

til samgönguráðherra um endurnýjun samnings um siglingar yfir Breiðafjörð.

Frá Herdísi Þórðardóttur.

Telur ráðherra koma til greina að endurnýja samning Vegagerðarinnar og Sæferða ehf. um siglingar yfir Breiðafjörð þegar núgildandi samningur rennur út um næstu áramót?

652. Svar [323. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um „Eystrasaltsrússa“ á Íslandi.

1. *Hver er réttarstaða „Eystrasaltsrússa“ á Íslandi, þ.e. þeirra íbúa Eystrasaltsríkjanna, einkum Eistlands og Lettlands, sem eru af slavnesku bergi brotnir og hafa ekki ríkisborgararétt í heimalandi sínu?*

Réttarstaða einstaklinga af rússneskum uppruna, sem eru með varanlegan búseturétt í Eistlandi eða Lettlandi, er sambærileg stöðu annarra útlendinga sem ekki hafa ríkisfang í EES- eða EFTA-ríki en hafa varanlegan búseturétt í EES- eða EFTA-ríki. Um heimild til komu og dvalar hér á landi gilda lög nr. 96/2002, um útlendinga, og reglugerð nr. 53/2003, ásamt áorðnum breytingum. Réttarstaða þeirra fer eftir tilgangi komu og fyrirhugaðri lengd dvalar.

Sé tilgangur komu sá að veita þjónustu hér á landi á vegum þjónustuveitanda á Evrópska efnahagssvæðinu eða í EFTA-ríki gildir sú almenna regla skv. 2. mgr. 35. gr. laga um útlendinga, nr. 96/2002, að útlendingur, sem hvorki er ríkisborgari EES- eða EFTA-ríkis né aðstandandi slíks borgara, má koma til landsins án sérstaks leyfis til að veita þjónustu í allt að 90 starfsdaga á almanaksári sé hann sannanlega starfsmaður þjónustuveitandans.

Sé tilgangur komu heimsókn eða skemmri dvöl í allt að þrjá mánuði þarf viðkomandi einstaklingur ekki vegabréfsáritun þar sem útlendingur, sem er handhafi dvalarleyfis útgefins í ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu, er undanþeginn áritunarskyldu skv. 6. gr. laga nr. 96/2002, um útlendinga. Þá eru þeir sem eru ríkisfangslausir, en búsettir í Evrópusambandsríki og hafa ferðaskilríki útgefið af því ríki, einnig undanþegnir vegabréfsáritun við komu til landsins, sbr. 10. tölul. II. kafla viðauka 3 við reglugerð um útlendinga, nr. 53/2003, sbr. reglugerð nr. 291/2007 um breytingu á fyrrnefndu reglugerðinni.

Að öðru leyti er staða framangreindra einstaklinga sambærileg og staða annarra útlendinga eins og fyrr segir, þ.e. um dvöl þeirra hér á landi gilda almennar reglur laga nr. 96/2002, um útlendinga, og er þeim því skylt að hafa dvalarleyfi sé ætlunin að dvelja lengur en þrjá mánuði hér á landi. Staða þeirra er slík þar sem umrædd Evrópusambandsríki, þ.e. Lettland og Eistland, hafa ekki veitt þessum hópi sjálfkrafa ríkisfang í þeim ríkjum og þar af leiðandi hafa þeir ekki sömu stöðu og EES- eða EFTA-útlendingar.

Réttarstaða þessa hóps, eins og annarra útlendinga, breytist ef um er að ræða aðstandanda EES- eða EFTA-útlendings sem dvelur löglega hér á landi. Skv. 1. mgr. 37. gr. útlendingalaga á aðstandandi slíks útlendings rétt til dvalar hér á landi en skv. 4. mgr. 37. gr. laganna ber þá viðkomandi, sem er ekki sjálfur ríkisborgari í EES- eða EFTA-ríki, að sækja um dvalarskírteini hér á landi.

2. *Hversu oft hafa málefni manna úr þessum hópi komið til kasta Útlendingastofnunar frá því að Eystrasaltsríkin urðu hluti af EES-svæðinu? Hver hafa verið tildrög þeirra mála og úrslit?*

Ekki hefur verið haldið sérstaklega utan um fjölda þeirra mála hjá Útlendingastofnun sem varða íbúa Eystrasaltsríkjanna af slavneskum uppruna. Þeir eru almennt skráðir sem ríkisfangslausir hjá stofnuninni en gróflega áætlað má gera ráð fyrir að alls dvelji um 40 manns hér á landi úr þessum hópi á gildum dvalarleyfum.

Síðastliðið ár hefur Útlendingastofnun orðið þess vör að menn með eistnesk eða lettnesk útlendingavegabréf hafi starfað hér á landi án tilskilinna leyfa. Um 5–10 tilvik er að ræða.

Við því hefur verið brugðist með því að hafa samband við viðkomandi atvinnurekendur og leiðbeina þeim um að nauðsynlegt sé að afla dvalar- og atvinnuleyfa ef halda eigi vinnusambandinu áfram. Hvorki atvinnurekendurnir né launþegarnir hafa verið kærðir til lögreglu vegna þessara brota og styðst sú framkvæmd við það að eistnesku og lettnesku útlendingavegabréfin eru svo áþekk vegabréfum eistneskra og lettneskra borgara að litið hefur verið svo á að vanþekkingu og afsakanlegu gáleysi sé um að kenna fremur en saknæmri afstöðu.

3. *Hver er réttarstaða þessa fólks í ríkjum Evrópusambandsins?*

Ráðuneytið telur að um réttarstöðu þessa hóps almennt gildi tilskipun 2003/109/EB frá 25. nóvember 2003 „concerning the status of third-country nationals who are long-term residents“. Í tilskipuninni er kveðið á um stöðu einstaklinga með ríkisfang í ríki utan EES sem vilja eða hafa öðlast rétt til varanlegrar búsetu í Evrópusambandsríki. Tilskipunin nær einnig yfir þá sem eru ríkisfangslausir en uppfylla skilyrði tilskipunarinnar fyrir varanlegri dvöl. Til að öðlast rétt til varanlegrar búsetu þarf viðkomandi að hafa dvalið löglega samfleytt í fimm ár í viðkomandi ríki. Réttarstöðu þeirra er nánar lýst í tilskipuninni sem er aðgengileg á eftirfarandi vefsíðu: http://eur-lex.europa.eu.

Vakin er athygli á því að einhverjir einstaklingar úr þessum hópi kunna að njóta annarrar réttarstöðu á grundvelli hjúskapar við ríkisborgara sem hefur ríkisfang í EES- eða EFTA-ríki samkvæmt tilskipun 2004/38/EB um rétt ríkisborgara ríkja Evrópusambandsins, og fjölskyldna, þeirra til frjálsrar farar og dvalar.

653. Fyrirspurn [388. mál]

til menntamálaráðherra um fjölda háskólanema.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

1. Hver var fjöldi háskólanema hér á landi hvert áranna 2005–2008 og 2009?
2. Hver var fjöldi meistaranema hér á landi og Íslendinga í meistaranámi í útlöndum sömu ár?
3. Hver var á sama tíma fjöldi doktorsnema hér á landi og Íslendinga í doktorsnámi í útlöndum?
4. Hversu margir störfuðu við kennslu og rannsóknir á háskólastigi hér á landi sömu ár?

Skriflegt svar óskast.

654. Fyrirspurn [389. mál]

til menntamálaráðherra um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

1. Hversu há voru útlán Lánasjóðs íslenskra námsmanna skólaárið 2007–2008 og hversu há verða þau fyrir skólaárið 2008–2009?
2. Hver voru og eru heildarframlög til Lánasjóðsins á árunum 2007, 2008 og 2009?

Skriflegt svar óskast.

655. Svar [311. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Sigurðar Pétussonar um störf nefndar um eflingu háskólastarfs á Vestfjörðum.

1. *Hefur nefnd sem fyrrverandi menntamálaráðherra skipaði í september árið 2007 og fjalla átti um eflingu háskóla- og fræðastarfs á Vestfjörðum lokið störfum?*

Fyrrverandi menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, skipaði í september 2007 nefnd sem ætlað var að gera tillögur um leiðir til eflingar háskóla- og fræðastarfs á Vestfjörðum. Skipun nefndarinnar var liður í mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar árið 2007, sem beindust að því að styrkja atvinnulíf í landinu, auka menntun og bæta úrræði þeirra einstaklinga sem misstu atvinnu vegna samdráttar í aflaheimildum.

Í nefndina voru skipuð Guðfinna S. Bjarnadóttir alþingismaður, sem var formaður nefndarinnar, Einar Jörundsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti, og Soffía Vagnsdóttir skólastjóri.

Nefndin hélt 16 fundi og varði m.a. tveimur dögum í Ísafirði þar sem hún tók þátt í málþingi um atvinnulíf í Ísafjarðarbæ sem var haldið 20. október 2007. Nefndin fundaði síðan með heimamönnum bæði formlega og óformlega og safnaði efnivið í skýrsluna. Fyrstu hugmyndir að tillögum voru kynntar ráðherra í desember 2007 og fyrstu drög að skýrslu voru kynnt í lok febrúar 2008. Nefndin lauk störfum í maí 2008 og kynnti formaður nefndarinnar ráðherra skýrsluna með þeim orðum að líklega væri skynsamlegt að bíða með að kynna tillögur skýrslunnar þar til línur skýrðust í efnahagsmálum.

2. *Mun ráðherra birta opinberlega niðurstöður eða tillögur nefndarinnar og þá hvenær?*

Ráðherra hefur kynnt sér tillögur nefndarinnar og verður að segja að þær séu vissulega metnaðarfullar, bæði hvað varðar eflingu háskóla- og fræðastarfs á Vestfjörðum og ekki síður hvað varðar útgjöld ríkissjóðs. Rétt er að ítreka að aðeins er um að ræða drög að skýrslu sem kynnt voru fyrrverandi ráðherra með þeim fyrirvara að nefndin teldi forsendur tillagnanna vera í uppnámi vegna þeirrar óvissu sem þá var í efnahagsmálum. Eins og kunnugt er hefur efnahagsástandið breyst mjög til hins verra síðan þá.

Eigi að síður má telja rétt að birta opinberlega niðurstöður nefndarinnar, en með þeim fyrirvara sem að framan greinir. Það er mikilvægt, ekki síst vegna þeirra væntinga sem Vestfirðingar höfðu til þessarar nefndar og í ljósi hinnar öflugu umræðu sem þar fór fram um mikilvægi háskólamenntunar og háskóla- og fræðastarfs á Vestfjörðum. Tillögur nefndarinnar voru m.a. byggðar á þeirri umræðu og upplýsingum sem söfnuðust í tengslum við þátttöku nefndarinnar á málþinginu á Ísafirði og fundi með heimamönnum. Stefnt er að því að birta skýrsludrögin fljótlega opinberlega á heimasíðu ráðuneytisins þar sem fram koma forsendur, markmið og megintillögur.

656. Frumvarp til laga [390. mál]

um breytingu á lögum nr. 90/2008, um leikskóla, og lögum nr. 91/2008, um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

Breyting á lögum nr. 90/2008, um leikskóla.

1. gr.

Við 1. mgr. 9. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Um rétt foreldris sem ekki fer með forsjá barns til upplýsinga um barn sitt samkvæmt þessum lögum fer samkvæmt fyrirmælum 52. gr. barnalaga, nr. 76/2003.

Breyting á lögum nr. 91/2008, um grunnskóla.

2. gr.

Við 2. mgr. 18. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Um rétt foreldris sem ekki fer með forsjá barns til upplýsinga um barn sitt samkvæmt þessum lögum fer samkvæmt fyrirmælum 52. gr. barnalaga, nr. 76/2003.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilefni þessa frumvarps eru ábendingar sem fram hafa komið um mögulegt misræmi milli ákvæða 18. og 27. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla, og 9. gr. laga nr. 90/2008, um leikskóla, annars vegar og ákvæða 2. mgr. 52. gr. barnalaga, nr. 76/2003, hins vegar. Í tilvitnuðum ákvæðum laga um grunnskóla og laga um leikskóla er fjallað um aðgang foreldra að upplýsingum um börn sín, þar á meðal upplýsingum um námsmat. Foreldrar samkvæmt lögunum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga. Í tilvitnuðu ákvæði barnalaga er á hinn bóginn fjallað um rétt forsjárlausra foreldra til upplýsinga um börn sín frá m.a. leikskólum og grunnskólum. Ákvæði 52. gr. barnalaga hafa verið skýrð svo að með upplýsingum sé átt við munnlegar upplýsingar en ekki bréfleg gögn eða ljósrit af þeim. Í fyrirspurnarbréfi umboðsmanns Alþingis til menntamálaráðuneytisins 3. febrúar sl. eru framangreind ákvæði rakin og bent á að þau kunni að vera efnislega ósamþýðanleg og að eftir setningu laga um grunnskóla og laga um leikskóla kunni að ríkja ákveðin réttaróvissa í ljósi samspils þeirra ákvæða við 2. mgr. 52. gr. barnalaga hvað varði inntak og afmörkun réttar

forsjárlausra foreldra til upplýsinga um skólagöngu barna sinna. Í þeim tilgangi að bregðast við framansögðu er lagt til að tekinn verði af allur vafi um að um rétt forsjárlausra foreldra til upplýsinga um börn sín samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla fari skv. 52. gr. barnalaga. Breytingin sem lögð er til í frumvarpi þessu er í samræmi við þann vilja menntamálanefndar sem fram kom við afgreiðslu á lögunum um leikskóla og grunnskóla sem samþykkt voru á 135. löggjafarþingi.

657. Lög [207. mál]

um breytingu á lögum nr. 116 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 636.

658. Lög [313. mál]

um afnám laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, með síðari breytingum, og breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 543 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Nú hefur maður öðlast eftirlaunarétt samkvæmt lögum nr. 141/2003 og heldur hann þá þegar áunnum réttindum.

Nú gegnir sá sem fær greidd eftirlaun samkvæmt lögum nr. 141/2003, eða samkvæmt eldri lögum er giltu um eftirlaun alþingismanna og ráðherra fyrir 30. desember 2003, starfi á vegum ríkisins, stofnana þess eða félaga í meirihlutaeigu þess, og koma þá launagreiðslur fyrir það starf að fullu til frádráttar eftirlaunum.

Þingfararkaup og biðlaunagreiðslur alþingismanna sem ljúka þingsetu og ráðherra sem láta af störfum í kjölfar kjördags 25. apríl 2009 mynda eftirlaunaréttindi samkvæmt lögum nr. 141/2003.

5. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 25. apríl 2009.

659. Lög [196. mál]

um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 5. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 243 með þessari breytingu:

13. gr. hljóðar svo:
71. gr. b laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Gagnsæi gjalda.

Rekstraraðili flugvallar eða flugvallakerfis skal eigi sjaldnar en árlega leggja fram sundurliðun kostnaðar sem lagður er til grundvallar gjaldtöku. Við sundurliðunina skal a.m.k. leggja til grundvallar:

a. þá þjónustu og innviði sem gjald er tekið fyrir;
b. aðferðina við útreikning gjalds;
c. heildarsamsetningu kostnaðar á flugvelli eða innan flugvallakerfis;
d. tekjur af mismunandi gjöldum og heildarkostnað að baki gjaldtöku;
e. fjármögnun ríkis, sveitarfélaga eða annarra opinberra aðila til þeirrar þjónustu sem gjald er tekið fyrir;
f. spá um þróun á viðkomandi flugvelli/flugvöllum varðandi gjaldtöku og flugumferð. Séu fjárfestingar í innviðum hluti af kostnaðargrunni gjalda skulu áætlanir þar um einnig sundurliðaðar;
g. nýtingu stofninnviða og búnaðar yfir tiltekið tímabil; og
h. áætlun um framlegð einstakra fyrirhugaðra fjárfestinga og áhrif þeirra á afkastagetu flugvallarins og gæði þjónustu.

Aðgreina skal í bókhaldi einstaka kostnaðarliði sem lagðir eru til grundvallar gjaldi.

Flugrekendum, sem nýta aðstöðu flugvalla hér á landi, ber að upplýsa rekstraraðila flugvallar reglulega um áætlanir sínar m.a. varðandi tíðni flugs á hverri flugleið, fjölda farþega, samsetningu flugvélaflotans, fyrirhuguð verkefni á flugvelli og þarfir fyrir aðstöðu á honum. Rekstraraðili flugvallar skal meðhöndla upplýsingar, sem veittar eru samkvæmt þessari grein, sem trúnaðarupplýsingar.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði m.a. um sundurliðun gjalda, hvaða gjöld beri að sundurliða, birtingu upplýsinga um gjöld og aðferð við framsetningu.

660. Frumvarp til laga [289. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 5. mars.)

1. gr.

Við 6. málsl. 1. mgr. 42. gr. laganna bætist: og húseiningum.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 42. gr. skal á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. janúar 2011 endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað. Jafnframt skal á sama tímabili endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess. Að öðru leyti gilda ákvæði 1. mgr. 42. gr. á umræddu tímabili.

Á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. janúar 2011 skal endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af þjónustu arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga vegna hönnunar eða eftirlits með byggingu þess háttar húsnæðis. Jafnframt skal á sama tímabili endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af þjónustu arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga vegna hönnunar eða eftirlits við endurbætur eða viðhald þess háttar húsnæðis. Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd þessarar endurgreiðslu.

Ákvæði 1. mgr. nær á viðkomandi tímabili jafnframt til annars húsnæðis sem er alfarið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 2009.

661. Fyrirspurn [391. mál]

til samgönguráðherra um tilskipanir Evrópusambandsins um losun koltvísýrings (CO_2).

Frá Karli V. Matthíassyni.

1. Hvað hefur ráðuneytið gert til undirbúnings vegna væntanlegrar tilskipunar Evrópusambandsins um losunarheimildir koltvísýrings í flugi?
2. Er í undirbúningi að slík tilskipun taki einnig gildi um siglingar?

Skriflegt svar óskast.

662. Fyrirspurn [392. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um fiskmarkaði og hvalveiðar.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvernig metur ráðherra þau viðbrögð sem fram hafa komið eftir ákvörðun um endurupptöku hvalveiða, annars vegar frá fulltrúum fiskseljenda á mörkuðum erlendis og hins vegar af opinberri hálfu?
2. Hvern telur ráðherra ásættanlegan skaða við afurðasölu á erlendum markaði áður en breytt verði ákvörðun um endurupptöku hvalveiða?
3. Hyggst ráðherra hafa uppi áróðursviðbúnað til að slá á neikvæð viðbrögð vegna hvalveiðanna á mörkuðum – og ef svo er, hvað telur ráðherra hæfilegt að verja miklu fé til slíks áróðurs?

Skriflegt svar óskast.

663. Frumvarp til laga [393. mál]

um breyting á lögum nr. 135 11. desember 2008, um embætti sérstaks saksóknara.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað 3. málsl. 2. mgr. koma fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sé þess óskað skulu þessar stofnanir, svo og skilanefndir og aðrir sem vinna að greiðslustöðvun, nauðasamningi eða gjaldþrotaskiptum fjármálafyrirtækja, láta hinum sérstaka saksóknara í té upplýsingar um stöðu annarra mála en greinir í 1. málsl. og gögn sem þessir aðilar hafa undir höndum og hinn sérstaki saksóknari telur að hafi þýðingu við rannsókn sakamáls eða ákvarðanatöku um hvort rétt sé að hefja slíka rannsókn. Sama skylda hvílir á þeim fjármálafyrirtækjum sem stofnuð voru um hluta af rekstri framangreindra fjármálafyrirtækja á grundvelli 5. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Með gögnum er meðal annars átt við skýrslur, minnisblöð, bókanir og samninga. Skylt er að verða við kröfu hins sérstaka saksóknara um að láta í té upplýsingar eða gögn þótt þau séu háð þagnarskyldu, t.d. samkvæmt reglum um starfsemi fjármálafyrirtækja, og er slík afhending óháð því hvort meint brot hafi verið kærð til lögreglu.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ef skilanefnd, aðstoðarmaður við greiðslustöðvun, umsjónarmaður með nauðasamningi eða skiptastjóri fjármálafyrirtækis fær vitneskju í starfi sínu um atvik sem talið er að geti gefið tilefni til rökstudds gruns

um að fjármálafyrirtæki eða aðrir kunni að hafa gerst sekir um refsivert athæfi skal tilkynningu um slíkt beint til embættisins í samræmi við ákvæði þetta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Embætti sérstaks saksóknara tók til starfa í byrjun febrúarmánaðar og þegar hefur nokkur reynsla fengist af störfum þess. Með frumvarpinu er lagt til að heimildir embættisins til þess að kalla eftir upplýsingum og gögnum verði gerðar skýrar og ótvíræðar. Er breytingunum ætlað að efla og styrkja embættið og gera því enn frekar kleift að upplýsa, rannsaka og eftir atvikum gefa út ákærur í málum sem falla undir lög nr. 135/2008, um embætti sérstaks saksóknara.

Er í fyrsta lagi lagt til að afmarkaðar verði með skýrum hætti í lögum þær heimildir sem hinn sérstaki saksóknari hefur til öflunar upplýsinga og gagna gagnvart þeim stofnunum og aðilum sem vísað er til í ákvæðinu, þ.e. Fjármálaeftirlitinu, Samkeppniseftirlitinu, skattrannsóknarstjóra ríkisins og öðrum eftirlits- og réttarvörslustofnunum, skilanefndum og öðrum sem vinna að greiðslustöðvun, nauðasamningi eða gjaldþrotaskiptum fjármálafyrirtækja. Um rökstuðning er vísað til athugasemda við a-lið 1. gr. frumvarpsins.

Í öðru lagi eru lagðar til rýmri heimildir embættisins til upplýsinga- og gagnaöflunar og að þar undir falli skilanefndir gömlu bankanna og aðrir sem vinna að gjaldþrotaskiptum, greiðslustöðvun eða nauðasamningi fjármálafyrirtækja. Með ákvæðinu eru tekin af tvímæli um skyldu nýju bankanna þriggja sem stofnaðir voru um hluta af rekstri Glitnis hf., Kaupþings hf. og Landsbankans hf. til þess að afhenda hinum sérstaka saksóknara gögn. Er þetta nauðsynlegt í ljósi þess að gera má ráð fyrir því að umræddir aðilar kunni að hafa undir höndum mikilvægar upplýsingar eða gögn sem hinn sérstaki saksóknari telur að geti nýst embættinu í starfi sínu.

Þá er í þriðja lagi lagt til að skylt sé að verða við kröfu hins sérstaka saksóknara um að láta í té upplýsingar eða gögn þótt þau séu háð þagnarskyldu, t.d. samkvæmt reglum um starfsemi fjármálafyrirtækja. Um röksemdir er vísað til athugasemda við a-lið 1. gr. frumvarpsins.

Loks er í fjórða lagi mælt fyrir um tilkynningarskyldu til hins sérstaka saksóknara. Byggist skyldan á sambærilegu ákvæði og er í 84. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a-lið.

Ástæða þykir til þess að víkka út gildissvið ákvæðisins þannig að það nái ekki einungis yfir upplýsingar um stöðu annarra mála en greinir í 1. málsl. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 135/2008 heldur einnig til gagna sem Fjármálaeftirlitið, Samkeppniseftirlitið, skattrannsóknarstjóri ríkisins, aðrar réttarvörslu- og eftirlitsstofnanir, skilanefndir og aðrir sem vinna að greiðslustöðvun, nauðasamningi eða gjaldþrotaskiptum fjármálafyrirtækja kunna að hafa undir höndum. Í ljósi þeirra miklu hagsmuna sem í húfi eru og þeirrar staðreyndar að afar mikilvægt er að brugðist verði eins skjótt og hægt er við rannsókn þessara mál er talið nauðsynlegt að afmarka með óyggjandi hætti í lögum þær heimildir sem hinn sérstaki saksóknari hefur gagnvart þeim stofnunum og aðilum sem vísað er til í ákvæðinu. Með gögnum er t.d. átt við

skýrslur, skrár, minnisblöð, bókanir og samninga, og gæti því fleira fallið þar undir en það sem beinlínis er talið upp í ákvæðinu.

Þá eru lagðar til þær breytingar að skilanefndir gömlu bankanna, þ.e. Glitnis hf., Kaupþings hf. og Landsbankans hf., og aðrir þeir sem vinna að gjaldþrotaskiptum, greiðslustöðvun eða nauðasamningi fjármálafyrirtækja, skuli veita hinum sérstaka saksóknara upplýsingar um einstök mál og gögn sem þessir aðilar kunna að hafa undir höndum og saksóknarinn telur að hafi þýðingu við rannsókn sakamáls eða ákvörðunartöku um hvort rétt sé að hefja slíka rannsókn. Ástæða þykir til þess að láta ákvæðið ná einnig til skilanefndanna enda má gera ráð fyrir að þær kunni að hafa undir höndum gögn sem hinn sérstaki saksóknari telur að geti nýst embættinu í starfi sínu. Í ljósi aðstæðna þykir rétt að leggja enn fremur slíkar skyldur á þau fjármálafyrirtæki sem stofnuð hafa verið eða kunna að verða stofnuð um rekstur eða hluta af rekstri þeirra fjármálafyrirtækja þar sem Fjármálaeftirlitið hefur gripið til sérstakra ráðstafana á grundvelli 5. gr. laga nr. 125/2008, sbr. 100. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Loks er lagt til að skylt sé að verða við kröfu hins sérstaka saksóknara um að láta í té upplýsingar eða gögn þótt þau séu háð þagnarskyldu, t.d. samkvæmt reglum um starfsemi fjármálafyrirtækja. Verður að telja að lög um embætti sérstaks saksóknara nái ekki þeim tilgangi sínum að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í tengslum við hið svokallaða bankahrun, ef reglur um þagnarskyldu standa því í vegi að hann fái aðgang að upplýsingum eða gögnum sem hann telur að geti gagnast embættinu við störf sín. Heimild til afhendingar gagna er óháð því að meint brot hafi verið kærð til lögreglu, svo sem eftir reglum laga nr. 161/2002, með síðari breytingum, og er vikið frá þeirri reglu vegna þeirra sérstöku aðstæðna á íslenskum fjármálamarkaði á haustmánuðum 2008 sem leiddu til setningar laga nr. 125/2008.

Um b-lið.

Með fyrirhugaðri breytingu er lagt til að samsvarandi tilkynningarskylda og hvílir á umsjónarmanni með nauðasamningi og skiptastjóra fjármálafyrirtækis verði lögð á skilanefndir fjármálafyrirtækja og aðstoðarmann við greiðslustöðvun og að slíkum tilkynningum um atvik sem talið er að geti gefið tilefni til rökstudds gruns um að fjármálafyrirtæki eða aðilar því tengdir kunni að hafa gerst sekir um refsivert athæfi verði beint til embættis sérstaks saksóknara. Með ákvæðinu eru tekin af öll tvímæli um tilkynningarskyldu fyrrgreindra aðila. Eins og ráð er gert fyrir í a-lið 1. gr. frumvarpsins er létt af þeim aðilum þagnarskyldu í samskiptum þeirra við embætti sérstaks saksóknara. Í 84. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., er að finna sambærilega heimild og þykir rétt að taka af öll tvímæli um hvert beina eigi tilkynningum þeirra aðila sem taldir eru upp í ákvæðinu og að fella undir slíka tilkynningarskyldu skilanefndir og aðstoðarmenn við greiðslustöðvun fjármálafyrirtækis.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 135/2008, um embætti sérstaks saksóknara.

Með frumvarpi þessu er verið að afmarka með skýrari hætti í lögum og rýmka þær heimildir sem sérstakur saksóknari hefur til öflunar upplýsinga og gagna vegna rannsóknar einstakra mála. Þetta á við um upplýsingar frá Fjármálaeftirlitinu, Samkeppniseftirlitinu, skattrannsóknarstjóra ríkisins og öðrum eftirlits- og réttarvörslustofnunum, skilanefndum og öðrum sem vinna að greiðslustöðvun, nauðasamningi eða gjaldþrotaskiptum fjármálafyrirtækja. Auk þess er lagt til að skylt sé að verða við kröfu embættisins um að láta í té upplýsingar og gögn þótt þær séu háðar þagnarskyldu samkvæmt reglum um starfsemi fjármálafyrirtækja. Í frumvarpinu er áréttuð sú skylda sem hvílir á starfsmönnum skilanefnda fjármálafyrirtækja, aðstoðarmanna í greiðslustöðvun, umsjónarmanna við nauðasamninga eða skiptastjóra að beina tilkynningum um atvik sem talið er að geti gefið tilefni til rökstudds gruns um refsivert athæfi til embættis sérstaks saksóknara.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð.

664. Frumvarp til laga [394. mál]

um heimild til samninga um álver í Helguvík.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.
Heimild.

Iðnaðarráðherra er veitt heimild til að gera samning fyrir hönd ríkisstjórnarinnar innan ramma þessara laga við Century Aluminum Company (eigandinn) og Norðurál Helguvík ehf. (félagið) en félagið mun reisa og reka álver á Íslandi (verkefnið).

Samningurinn skal kveða á um þær skuldbindingar af hálfu ríkisins, eigandans og félagsins sem kunna að þykja nauðsynlegar og viðeigandi fyrir félagið og starfsemina, þar með talin framkvæmd á ákvæðum laga þessara. Í slíkum samningi skal ákveðið hversu lengi ákvæði hans skuli gilda og skulu þau eigi gilda skemur en í 20 ár frá því að framleiðsla hefst í álverinu.

Samningur sá sem iðnaðarráðherra undirritar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar samkvæmt lögum þessum (fjárfestingarsamningurinn) um meginatriði verkefnisins skal birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

Starfsemi félagsins skal vera í samræmi við íslensk lög og stjórnvaldsfyrirmæli eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

2. gr.
Verkefnið.

Verkefnið sem lög þessi taka til felur í sér að félagið byggir álver í Helguvík á Reykjanesi til framleiðslu á áli og aðstöðu sem tengist slíkri framleiðslu og skyldri starfsemi eins og nánar verður kveðið á um í fjárfestingarsamningi sem gerður verður innan ramma laga þessara á milli iðnaðarráðherra, félagsins og eigandans. Álverið er hannað til framleiðslu á allt að 360.000 tonnum af áli á ári.

3. gr.
Undanþágur frá lögum.

Félagið skal undanþegið ákvæðum 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, sem setur það skilyrði að ⅘ hlutar hlutafjár hlutafélags sé eign íslenskra ríkisborgara og að meiri hluti atkvæða á hluthafafundum sé í höndum íslenskra ríkisborgara og að allir stjórnendur séu íslenskir ríkisborgarar.

Félagið skal undanþegið ákvæðum laga nr. 48/1994, um brunatryggingar, eða ákvæðum síðari laga um sameiginlega skyldutryggingu húseigna, enda verði með öðrum hætti tryggilega séð fyrir brunatryggingum. Ákvæði laga nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, skulu ekki eiga við um félagið. Félagið skal viðhalda fullnægjandi viðlagatryggingu.

4. gr.
Skattlagning.

Félagið skal greiða skatta og önnur opinber gjöld sem almennt eru lögð á hér á landi, eftir þeim reglum sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti sem á annan veg er mælt í lögum þessum:

1. Þrátt fyrir breytingar sem síðar kunna að verða á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal félagið greiða 15% tekjuskatt með eftirfarandi sérákvæðum:

a. Ef tekjuskattshlutfall á félög með takmarkaðri ábyrgð, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er lægra en 15% skal hið lægra tekjuskattshlutfall gilda um félagið á upphaflegum gildistíma fjárfestingarsamningsins og á framlengingartíma hans. Verði tekjuskattshlutfallið hækkað að nýju skal það gilda um félagið en skal þó aldrei vera hærra en 15%.
b. Félaginu skal heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu tíu almanaksárum eins og nánar er kveðið á um í 8. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Ef íslenskum fyrirtækjum verður heimilað að draga eftirstöðvar rekstrartapa frá skattskyldum tekjum vegna fleiri ára, sbr. þessa málsgrein, skal sama gilda um félagið. Verði árunum fækkað síðar skal það sama gilda um félagið, þó þannig að því skal ávallt heimilt að draga frá skattskyldum tekjum eftirstöðvar rekstrartapa síðustu tíu almanaksára.
c. Varanlegir rekstrarfjármunir vegna byggingar álversins skulu teljast byggingar, vélar og tæki í ákveðnum hlutföllum sem samið verður um. Fastafjármunir, sem að öðru leyti er aflað vegna viðhalds eða endurbóta á álverinu, skulu flokkaðir í samræmi við 37. og 38. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Fyrningu skal hagað í samræmi við 3. tölul. þessarar greinar.

2. Félagið skal undanþegið iðnaðarmálagjaldi samkvæmt lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, með síðari breytingum, og markaðsgjaldi samkvæmt lögum nr. 160/2002, um útflutningsaðstoð, með síðari breytingum, sem og sköttum eða gjöldum sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar sem síðar kunna að verða lögð á til viðbótar eða í staðinn fyrir iðnaðarmálagjald eða markaðsgjald.
3. Á því ári þegar nýjar eignir eru teknar í notkun getur félagið valið að fyrna þær í hlutfalli við notkun á árinu í stað fullrar árlegrar fyrningar skv. 34. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal félaginu heimilt að fyrna eignir sínar að fullu.
4. Stimpilgjöld sem greiða bæri samkvæmt lögum nr. 36/1978, um stimpilgjöld, skulu vera 0,15% af öllum stimpilskyldum skjölum sem félagið gefur út eða stofnað er til í tengslum við byggingu og rekstur álversins. Öll skjöl sem lúta að endurfjármögnun, svo og hlutabréf í félaginu, skulu undanþegin stimpilgjöldum og hvers kyns sams konar eða efnislega svipuðum sköttum eða gjöldum er kunna síðar að vera lögð á til viðbótar við eða í staðinn fyrir slík gjöld.
5. Félagið skal undanþegið ákvæðum 1., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.
6. Félagið skal þrátt fyrir 35. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, greiða skipulagsgjald, sem nemur 180.000 bandaríkjadölum, vegna byggingar álvers með allt að 360.000 tonna ársframleiðslugetu. Greiðslur skulu standa í hlutfalli við framvindu byggingar álversins.
7. Eftir undirritun fjárfestingarsamningsins skal félagið undanþegið breytingum, sem kunna að verða á ákvæðum laga um tekjuskatt, varðandi frádrátt vaxtakostnaðar, að teknu tilliti til meginreglna OECD um viðskipti tengdra aðila og milliverðlagningu.
8. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, er Reykjanesbæ og Sveitarfélaginu Garði heimilt að semja um fyrirkomulag við álagningu fasteignaskatts, þar með talið um stofn til álagningar í stað fasteignamats.

9. Með samningum, sem gerðir verða innan ramma laga þessara, má ákveða að félagið skuli greiða umsamda fjárhæð til Reykjanesbæjar og Sveitarfélagsins Garðs í stað byggingarleyfisgjalds samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997.

Í fjárfestingarsamningi er heimilt að kveða á um að:

a. ekki skuli leggja á félagið umhverfisgjöld eða umhverfisskatta, sem tengjast losun lofttegundanna CO_2 og SO_2 eða annarri losun eða öðrum mengunarvöldum, nema slík gjöld eða skattar séu almennt lagðir á önnur fyrirtæki á Íslandi, þar með talin öll önnur álver, og mismuni ekki félaginu að öðru leyti,
b. ekki skuli leggja skatta eða gjöld á raforkunotkun félagsins eða útblástur lofttegunda eða aðra losun úrgangsefna nema slík gjöld eða skattar séu jafnframt lögð með almennum hætti á öll önnur íslensk fyrirtæki, þar með talin álver, og mismuni ekki félaginu að öðru leyti,
c. ekki skuli leggja á gjöld eða skatta í tengslum við raforkukaup og/eða raforkunotkun félagsins nema slík gjöld eða skattar séu almennt lagðir á önnur fyrirtæki á Íslandi, þar með talin öll önnur álver, og mismuni ekki félaginu að öðru leyti.

Almenn ákvæði íslenskra laga um tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á og í gildi eru á hverjum tíma og varða skattframtal, framtalsfrest, álagningu, endurskoðun, endurálagningu, innheimtu, gjalddaga og greiðslu, sem og aðrar uppgjörsreglur varðandi tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á, auk andmæla og ágreinings í tengslum við þau, skulu gilda um félagið.

Á upphaflegum gildistíma fjárfestingarsamningsins getur félagið valið að almenn ákvæði íslenskra skattalaga, eins og þau eru á hverjum tíma, gildi um það. Beiðni um slíka breytingu skal gerð með skriflegri tilkynningu sem lögð skal fram eigi síðar en 1. júní almanaksárið áður en breytingin á að taka gildi. Berist slík beiðni skulu ríkisstjórnin, eigandinn og félagið þegar ganga til samninga um breytinguna yfir í hið almenna skattakerfi. Ríkisstjórnin, eigandinn og félagið skulu koma sér saman um aðferðir við framkvæmd slíkrar breytingar. Eftir það skal félagið lúta almennum íslenskum skattalögum það sem eftir er af gildistíma fjárfestingarsamningsins.

5. gr.

Reikningsskilareglur.

Með samningi, sem gerður er samkvæmt lögum þessum, má ákveða sérstakar reikningsskilareglur fyrir félagið sem grundvallaðar eru á íslenskum lögum með þeim skýringum og breytingum sem taldar eru viðeigandi. Í þessum reikningsskilareglum er heimilt að hafa ákvæði þar sem félaginu er heimilað að skrá allar færslur og gefa út fjárhagsyfirlit í bandaríkjadölum, í samræmi við almennt viðurkenndar reikningsskilareglur sem gefnar eru út af Alþjóðlega reikningsskilaráðinu. Slíkt fyrirkomulag má fela í sér undanþágur frá ákvæðum laga um tekjuskatt.

6. gr.

Innflutningur.

Innflutningur og kaup félagsins eða einhvers fyrir þess hönd hérlendis á byggingarefnum, vélum og tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum fyrir álverið og tengd mannvirki, svo og til reksturs þeirra, skulu vera undanþegin tollum og vörugjöldum samkvæmt lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, sem og sams konar skattar eða gjöld er kunna síðar að verða lögð á til viðbótar eða í staðinn fyrir framangreind gjöld. Með

samningum, sem gerðir eru innan ramma laga þessara, er heimilt að fella niður eða endurgreiða tolla og vörugjöld á vöru og þjónustu sem keypt er innan lands vegna byggingar álversins.

7. gr.

Framsal.

Heimilt er að semja um framsal félagsins og eigandans á fjárfestingarsamningnum með tilteknum skilyrðum sem fram skulu koma í fjárfestingarsamningnum.

8. gr.

Lögsaga og lausn deilumála.

Uppbygging, túlkun og framkvæmd samninga, sem gerðir eru innan ramma þessara laga, skal lúta lögsögu íslenskra laga. Heimilt er þó að vísa ágreiningi til gerðardóms.

9. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ríkisstjórn Íslands og iðnaðarráðherra fyrir hennar hönd verði veitt heimild til að semja við Norðurál Helguvík ehf. og eiganda þess, Century Aluminum Company, um álver í Helguvík á Reykjanesi í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Meginefni frumvarpsins er eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er veitt heimild til að semja við Century Aluminum Company og Norðurál Helguvík ehf. um að hið síðarnefnda reisi og reki álver til framleiðslu á allt að 360.000 tonnum af áli á ári. Kveðið er á um að Norðurál Helguvík ehf. starfi samkvæmt ákvæðum íslenskra laga.

Í öðru lagi er kveðið á um skattlagningu vegna reksturs álversins en hún verður í meginatriðum í samræmi við íslensk skattalög en með nokkrum sérákvæðum.

Í þriðja lagi er kveðið á um lögsögu íslenskra dómstóla og stöðu gerðardóms, auk þess sem íslensk lög ráði um túlkun og skýringu fjárfestingarsamningsins.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir aðdraganda fjárfestingarsamnings við Norðurál Helguvík ehf. Einnig er að finna í frumvarpinu lýsingu á fyrirhuguðu álveri og eignarhaldi þess, frávikum frá reglum um skatta og gjöld,umhverfismálum tengdum hinu fyrirhugaða álveri og spá um áhrif þess á þjóðarhag.

Í fylgiskjölum með frumvarpinu er að finna lýsingu á fyrirhuguðu verkefni (fskj. I), helstu efnisatriðum fyrirhugaðs fjárfestingarsamnings (fskj. II), helstu ákvæðum samnings um leyfisveitingar og gjaldtöku við sveitarfélög (fskj. III), helstu ákvæðum hafnarsamnings (fskj. IV), helstu ákvæðum lóðarsamnings (fskj. V), helstu ákvæðum raforkusamnings við Orkuveitu Reykjavíkur (fskj. VI), helstu ákvæðum raforkusamnings við HS Orku hf. (fskj. VII) og á helstu ákvæðum flutningssamnings við Landsnet (fskj. VIII). Einnig eru birt sem fylgiskjöl starfsleyfi frá Umhverfisstofnun (fskj. IX) og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum (fskj. X).

1. Aðdragandi fjárfestingarsamningsins.

Í maímánuði árið 2005 hittu forsvarsmenn Century Aluminum Company fulltrúa frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu í því skyni að kynna fyrir þeim áform sín um byggingu og rekstur álvers í Helguvík á Reykjanesi. Í framhaldinu ritaði félagið ráðuneytinu bréf þar sem staða málsins var rakin og óskað eftir samstarfi af hálfu ráðuneytisins.

Hinn 3. nóvember 2005 undirrituðu fulltrúi Fjárfestingastofu, Norðuráls ehf. og Reykjanesbæjar aðgerðaáætlun um verkefnið (e. Joint Action Plan). Í aðgerðaáætluninni komu aðilar sér saman um framkvæmd nauðsynlegrar undirbúningsvinnu vegna byggingar álvers með allt að 250 þúsund tonna framleiðslugetu á ári sem gæti hafið starfsemi á árinu 2010 eða a.m.k. ekki síðar en 2015. Í áætluninni var sett á laggirnar samstarfsnefnd sem hafði það verkefni að hrinda undirbúningsverkefnum í framkvæmd.

Hinn 27. apríl 2006 var undirritaður lóðarsamningur (e. The Smelter Site Agreement) milli Norðuráls ehf. og Reykjaneshafnar vegna lóðar undir álverið. Samningurinn gildir til fimmtíu ára og felur m.a. í sér ákvæði um leigugjald, notkunarheimildir og skyldur félagsins þegar samningi lýkur. Með bréfi dagsettu 11. október 2007 var tilkynnt að Norðurál Helguvík sf. hefði yfirtekið réttindi og skyldur Norðuráls ehf. samkvæmt lóðarsamningnum. Fyrsti viðauki við lóðarsamninginn var undirritaður 29. apríl 2008. Í viðaukanum var lóð undir væntanlega verksmiðju stækkuð og náði þar með inn fyrir lögsagnarmörk sveitarfélagsins Garðs. Félagið Norðurál Helguvík ehf. yfirtók réttindi og skyldur Norðuráls Helguvíkur sf. samkvæmt lóðarsamningnum frá og með 1. janúar 2009.

Hinn 27. apríl 2006 var einnig undirritaður hafnarsamningur milli Norðuráls ehf. og Reykjaneshafnar um þjónustu hafnarinnar í tengslum við byggingu og rekstur álversins (e. Harbour Agreement). Með bréfi dagsettu 11. október 2007 var tilkynnt að Norðurál Helguvík sf. hefði yfirtekið réttindi og skyldur Norðuráls ehf. samkvæmt hafnarsamningnum. Félagið Norðurál Helguvík ehf. yfirtók réttindi og skyldur Norðuráls Helguvíkur sf. samkvæmt hafnarsamningnum frá og með 1. janúar 2009.

Hinn 27. apríl 2006 var einnig undirritaður samningur milli Norðuráls ehf. og Reykjanesbæjar um leyfisveitingar og gjaldtöku vegna fyrirhugaðs álvers með 120.000–180.000 tonna framleiðslugetu. Í samningnum var að finna ákvæði um gatnagerðagjöld, sérreglur um mat á fasteignum og greiðslu fasteignagjalda, byggingarleyfi og byggingarleyfissgjald. Samkomulagið var fellt úr gildi við undirritun nýs samnings hinn 4. janúar 2007 milli Norðuráls ehf., Reykjanesbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Reykjaneshafnar um leyfisveitingar og gjaldtöku. Í samningnum er að finna ákvæði um skipulagsmál og gatnagerðargjöld, fasteignaskatt og byggingarleyfi. Gildistaka samningsins er háð því að áform Norðuráls ehf. um byggingu 250.000 tonna álvers í Helguvík gangi eftir en allar samningsskuldbindingar falla niður ef lóðar- og hafnarsamningar verða ekki virkir.

Norðurál upplýsti iðnaðarráðuneytið um stöðu verkefnisins með bréfi dagsettu 17. apríl 2007. Í bréfinu er jafnframt vikið að byggðakorti fyrir Ísland sem eftirlitsstofnun EFTA hafði þá nýverið samþykkt. Byggðakortið, sem tók gildi 1. janúar 2008 og gildir til ársins 2013, afmarkar það svæði þar sem ríkisstyrkir eru heimilir samkvæmt þeim reglum sem gilda á evrópska efnahagssvæðinu. Á byggðakortinu er allt suðurkjördæmi Íslands. Í bréfinu lýsti Norðurál þeirri skoðun sinni að þar með væru fyrir hendi forsendur fyrir því að ríkið gerði fjárfestingarsamning við félagið, sambærilega þeim sem gilda vegna álversins á Grundartanga og álversins á Reyðarfirði. Í framhaldinu áttu fulltrúar iðnaðarráðuneytis og fjármálaráðuneytis nokkra fundi með fulltrúum Norðuráls um málið en ekki var vilji til þess af hálfu hins opinbera að ráðast í samningsgerð sambærilega fyrri samningum enda var það álit

stjórnvalda að starfsskilyrði fyrirtækja á Íslandi væru almennt orðin það góð með tilliti til skattareglna að ekki væri þörf á undanþágum.

Með bréfi dagsettu hinn 8. október 2008 gerði Norðurál iðnaðarráðuneytinu grein fyrir stöðu verkefnisins og var beiðni um fjárfestingarsamning við fyrirtækið ítrekuð. Í framhaldi þess hófust viðræður fulltrúa iðnaðarráðuneytis og fjármálaráðuneytis við fyrirtækið. Í þeim viðræðum kom fram af hálfu fyrirtækisins að með hliðsjón af breyttum aðstæðum á fjármálamörkuðum væri fjárfestingarsamningur við íslenska ríkið talinn mjög mikilvægur og ein af forsendum þess að fjármögnun verkefnisins tækist. Á næstu vikum funduðu samningsaðilar um málið og lauk þeim viðræðum með samkomulagi um drög að fjárfestingarsamningi í desember 2008. Drög þessi að fjárfestingarsamningi eru í öllum aðalatriðum sambærileg þeim samningum sem gilda fyrir álverin á Grundartanga og á Reyðarfirði. Samningsdrögin lagði iðnaðarráðherra fyrir ríkisstjórn hinn 23. desember 2008. Fulltrúar iðnaðarráðuneytis og Norðuráls árituðu drögin á gamlársdag 2008. Í ársbyrjun 2009 var svo hafist handa við ritun frumvarps til heimildarlaga vegna fjárfestingarsamningsins og tilkynningar til eftirlitsstofnunar EFTA.

2. Lýsing á fyrirhuguðu álveri í Helguvík.

Álverið mun standa á nýrri iðnaðarlóð við Berghóla í sveitarfélaginu Garði og á iðnaðarsvæðinu við Helguvík í Reykjanesbæ. Álverið mun rísa stutt frá Helguvíkurhöfn og samkvæmt samningi sem Norðurál Helguvík ehf. og Reykjanesbær hafa gert sín á milli mun Reykjaneshöfn sjá Norðuráli fyrir nauðsynlegri hafnaraðstöðu í Helguvík. Áætlað er að flutningur á byggingarefni á framkvæmdatíma muni fara um Helguvíkurhöfn, sem og rekstrarvörur og ál til útflutnings þegar álverið hefur hafið starfsemi.

Áformað er að byggja álverið í fjórum 90.000 tonna áföngum og að ársframleiðsla þess verði allt að 360.000 tonn. Undirbúningsframkvæmdir við fyrsta áfanga álversins hófust árið 2008. Áætlanir miða að því að gangsetja 1. áfanga 2011 en áfangaskipting og byggingartími munu taka mið af orkuöflun fyrir álverið og öðrum aðstæðum. Öll tækni og tæki álversins verða ný, byggð á nýjustu tækni og af bestu fáanlegu gerð.

Sú framleiðslutækni sem notast verður við í álverinu er svokölluð AP3X-tækni. Einkennandi fyrir þá tækni eru stór þverstæð ker sem komið er fyrir í tveimur samsíða kerskálum, ein röð í hvorum skála sem saman mynda eina kerlínu. Rafstraumur, um 360.000 amper, verður svo leiddur frá einu keri til annars. Tölvubúnaður sér um að mata hæfilegt magn af súráli og álflúoríði í kerið auk þess að stýra spennu kersins. Þessi tækni er almennt talin vera sú fremsta í heiminum bæði með tilliti til umhverfisáhrifa og rekstrarhagkvæmni.

Áætlað er að álverið taki til starfa á seinni hluta árs 2011 og að fjöldi starfsmanna í fullu starfi verði þá um 210 talsins. Tólf til fimmtán mánuðum síðar er áætlað að framleiðslan aukist í 180.000 tonn og að starfsmenn verði um 290. Við gangsetningu þriðja áfanga er áætlaður starfsmannafjöldi 400 og þegar álverið verður fullbyggt verði þar 540 starfsmenn í fullu starfi. Nánar er fjallað um fyrirhugað álver í fylgiskjali I.

3. Eignarhald álversins í Helguvík.

Félagið Norðurál Helguvík ehf. mun byggja og reka álverið í Helguvík. Norðurál Helguvík ehf. tók við öllum réttindum og skyldum sameignarfélagsins Norðurál Helguvík sf. sem nú hefur verið slitið. Norðurál Helguvík ehf. er að fullu í eigu Norðuráls ehf. sem er félag stofnað samkvæmt íslenskum lögum.

Norðurál ehf. er að fullu í eigu Century Aluminum Company sem rekur, auk starfsemi sinnar á Íslandi, álver og súrálsvinnslu í Bandaríkjunum og báxítvinnslu á Jamaíka. Framleiðslugeta fyrirtækisins er tæplega 800 þúsund tonn af áli og 1,2 milljónir tonna af súráli á ári. Árið 2007 framleiddi fyrirtækið 767 þúsund tonn af áli og tekjur þess voru um 1.800 milljónir bandaríkjadala.

Century Aluminum Company var stofnað árið 1995 af Svissneska fyrirtækinu Glencore og skráð á hlutabréfamarkað árið 1996. Árið 1999 seldi félagið alla starfsemi sína aðra en rekstur álvera til franska fyritækisins Pechiney. Árið 2004 keypti Century Aluminum Company Norðurál af Kenneth Peterson stofnanda þess. Century Aluminum Company er með starfsemi á Íslandi, í V-Virginíu, Kentucky og Louisiana í Bandaríkjunum og á Jamaíka, auk þess sem það á um helmingshlut í álveri í S-Karólínufylki í Bandaríkjunum.

Century Aluminum Company hefur höfuðstöðvar í Monterey í Kaliforníu. Það er skráð á Nasdaq-hlutabréfamarkaðinn í Bandaríkjunum og var auk þess skráð á íslenskan hlutabréfamarkað í júní 2007 en þá varð allt að 10% hlutafjár í eigu íslenskra aðila. Forstjóri Century Aluminum Company er Logan W. Kruger.

4. Frávik frá reglum um skatta og gjöld.

Í lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, og í lögum nr. 12/2003, um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði, er kveðið á um að þar tilgreind félög, sem stofnuð eru í þeim tilgangi að reisa og reka viðkomandi álver, skuli greiða skatta og önnur opinber gjöld, sem almennt eru lögð á hér á landi, eftir þeim reglum sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti sem á annan veg er mælt í þeim lögum. Er síðan með tæmandi hætti talið upp í lögunum hvaða skattalegu frávik gilda fyrir viðkomandi félög, með sams konar hætti og talið er upp í fjárfestingarsamningum sem gerðir voru vegna vegna álveranna.

Með frumvarpi því sem hér er lagt fram er með sams konar hætti og í framangreindum lögum og fjárfestingarsamningum gert ráð fyrir því að almennar skattareglur gildi um Norðurál Helguvík ehf. (félagið) vegna álvers í Helguvík (verkefnið), með tilteknum frávikum sem með tæmandi hætti eru tilgreind í frumvarpinu. Eru þau frávik að mestu leyti sambærileg þeim sem kveðið er á um í lögum nr. 62/1997 og nr. 12/2003. Á þeim er þó sá munur að frávik samkvæmt frumvarpi þessu eru nokkuð minni en þau sem lögfest voru í framangreindum lögum. Þannig er t.d. ekki að finna í frumvarpi þessu, ólíkt því sem er í fyrrgreindum lögum, frávik frá greiðslum tekjuskatts á arð eða gatnagerðargjalda. Eðli máls samkvæmt er heldur ekki í frumvarpinu að finna frávik frá greiðslu eignarskatts, ólíkt því sem er í áðurgreindum lögum, þar sem hann hefur nú verið afnuminn. Nánar er vísað til umfjöllunar um 4. gr. frumvarpsins varðandi upptalningu á þeim frávikum á sköttum og gjöldum sem lögð eru til með frumvarpinu, en í stuttu máli koma fram eftirfarandi þættir:

1. Tryggt er að tekjuskattshlutfall verði ekki hærra en 15%.
2. Sérreglur varðandi fyrningu eigna.
3. Undanþága frá iðnaðarmálagjaldi og markaðsgjaldi.
4. Sérreglur varðandi stimpilgjöld.
5. Sérreglur varðandi útreikning fasteignaskatts.
6. Sérreglur varðandi byggingarleyfisgjald og skipulagsgjald.
7. Undanþága frá rafmagnsöryggisgjaldi.
8. Ýmis öryggisákvæði varðandi upptöku nýrra skatta.

Öll eru frávikin afmörkuð við félagið Norðurál Helguvík ehf. Í heild eru þessi frávik sem áður segir sambærileg en þó minni en þau sem lögfest voru með lögum nr. 62/1997 og nr. 12/2003, í tengslum við álverksmiðjur á Grundartanga og í Reyðarfirði.

Í samræmi við 61. gr. EES-samningsins hefur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) verið tilkynnt um þá ríkisaðstoð (byggðaaðstoð) sem í þessu fyrirkomulag felst, með sama hætti og gert var vegna áðurgreindra laga nr. 62/1997 og nr. 12/2003. Eins og fram kemur í drögum að fjárfestingarsamningi við Norðurál Helguvík ehf. verður hann gerður með fyrirvara um samþykki ESA.

5. Umhverfismál.

5.1. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.

Hinn 4. október 2007 sendi Skipulagsstofnun frá sér álit um mat á umhverfisáhrifum vegna álvers í Helguvík, skv. 11. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Álitið miðast við álver með ársframleiðslugetu á allt að 250 þúsund tonnum af áli. Álitið tekur einungis til áhrifa álversins á umhverfið en ekki er fjallað um áhrif þeirra virkjunarkosta sem áformað er að ráðast í vegna álversins. Í álitinu er einnig vísað til þess að óvissa gildi um flutningsleiðir raforku til álversins og að fyrirhugaður rekstur þurfi losunarheimildir skv. 7. gr. laga nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda.

Helsta niðurstaða Skipulagsstofnunar er sú að fyrirhugað álver í Helguvík muni ekki valda verulega neikvæðum og óafturkræfum áhrifum á umhverfi eða samfélag. Niðurstaðan er þó sett fram með þeim fyrirvara að umhverfisáhrif tengdra framkvæmda liggi ekki fyrir. Álit Skipulagsstofnunar er birt í heild sinni sem fylgiskjal X með frumvarpi þessu.

5.2. Starfsleyfi.

Hinn 10. september 2008 gaf Umhverfisstofnun út starfsleyfi til handa Norðuráli Helguvík sf. vegna reksturs álvers í Helguvík með allt að 250 þúsund tonna ársframleiðslugetu á áli. Starfsleyfið sem gildir til 31. desember 2024 er veitt í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Umhverfisstofnun féllst á tilfærslu á framangreindu starfsleyfi til Norðuráls Helguvíkur ehf. með bréfi dagsettu 2. janúar 2009. Starfsleyfið er birt sem fylgiskjal IX með frumvarpi þessu.

5.3. Byggingarleyfi.

Byggingarleyfi vegna framkvæmda við álverið var gefið út af Reykjanesbæ og Sveitarfélaginu Garði 4. júlí 2008. Byggingarleyfið tekur til byggingar fyrsta áfanga kerskála, jarðvegsframkvæmda fyrir bráðabirgðaaðstöðu og athafnasvæðis verktaka og verkkaupa, girðingar á lóðarmörkum og mótunar jarðvegsmana að Stakksbraut 1, 230 Reykjanesbæ/Stakksbraut 1, 250 Garði.

5.4. Losun gróðurhúsalofttegunda.

Úthlutunarnefnd losunarheimilda starfar á grundvelli laga nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laganna er atvinnurekstri sem felur í sér staðbundna iðnaðarframleiðslu, sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega, og atvinnurekstri sem felur í sér staðbundna orkuframleiðslu með brennslu jarðefnaeldsneytis, sem losar meira en 30.000 tonn koldíoxíðs árlega, óheimilt að starfa á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31.

desember 2012 nema hann hafi aflað sér losunarheimilda eða lagt fram áætlun um hvernig slíkra heimilda verði aflað.

Við fyrstu úthlutun nefndarinnar, 27. september 2007, var einungis úthlutað heimildum til starfandi atvinnurekstrar. Við aðra úthlutun nefnarinnar, 30. september 2008, var Norðurál úthlutað 539.000 losunarheimildum vegna álvers í Helguvík. Úthlutunin tekur til áfanga með ársframleiðslugetu á allt að 150 þúsund tonnum af áli.

6. Samningar vegna kaupa á raforku og flutningi á raforku til álversins í Helguvík.

Gerðir hafa verið tveir raforkusamningar vegna fyrirhugaðs álvers í Helguvík annars vegar við HS Orku ehf. og hins vegar við Orkuveitu Reykjavíkur. Þá hefur Norðurál Helguvík ehf. gert samning um flutning raforku fyrir rekstur álversins við Landsnet hf. Lýsingar á öllum þessum samningum er að finna í fylgiskjölum.

7. Áhrif á þjóðarhag.

Efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins vann svokallaða stóriðjufrávikssþá fyrir iðnaðarráðuneytið í ársbyrjun 2009 vegna fyrirhugaðra framkvæmda við álver í Helguvík og mögulegrar stækkunar álversins í Straumsvík. Niðurstöður þeirrar spár eru eftirfarandi:

Fyrirhugaðar álversframkvæmdir við Helguvík og Straumsvík og tengdar orkuöflunarframkvæmdir er áætlað að nemi um 400 milljörðum kr. á nafnvirði á tímabilinu 2008–2015 og er þá miðað við að meðalgengi bandaríkjadals á tímabilinu verði 105 kr. Þetta er um 2,9% af áætlaðri landsframleiðslu tímabilsins. Ef gert er ráð fyrir að meðalgengi bandaríkjadals á tímabilinu verði 120 kr. gætu framkvæmdirnar numið um 450 milljörðum kr. og um 350 milljörðum kr. ef meðalgengi dalsins verður 90 kr. Krafturinn í framkvæmdunum verður mestur árin 2010–2012 en einnig verða miklar framkvæmdir árin 2013 og 2014. Ef gert er ráð fyrir að ekkert verði úr fyrirhugaðri stækkun álversins í Straumsvík má gera ráð fyrir að framkvæmdirnar gætu numið um 340–345 milljörðum kr. miðað við að meðalgengi bandaríkjadals verði 105 kr. á tímabilinu.


Stofnkostnaður orku- og stóriðjuframkvæmda á verðlagi hvers árs, meðalgengi 105 kr./bandaríkjadalur.

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	Samtals
Norðurál v/Helguvíkur	9.450	6.018	26.265	41.017	35.967	32.152	28.419	15.743	195.031
HS og OR v/Helguvíkur	5.000	14.271	18.644	23.465	18.955	18.955	23.762	9.441	132.493
Straumsvík, stækkun			10.000	10.000	10.000				30.000
Landsvirkjun v/Straumsvíkur			7.500	10.000	7.500				25.000
Landsnet			5.000	5.000	5.000	2.500			17.500
Samtals	**14.450**	**20.288**	**67.410**	**89.482**	**77.421**	**53.607**	**52.181**	**25.184**	**400.024**
VLF	**1.414.005**	**1.518.064**	**1.532.605**	**1.634.627**	**1.735.682**	**1.824.200**	**1.955.117**	**2.109.846**	**13.724.146**
Hlutfall af VLF	1,0%	1,3%	4,4%	5,5%	4,5%	2,9%	2,7%	1,2%	2,9%


Áætlað er að á tímabilinu 2009–2016 muni landsframleiðslan aukast um 750 milljarða kr. á nafnvirði komi til framkvæmdanna beggja sem er um 3,2% aukning á landsframleiðslu á

föstu verðlagi. Á fyrri hluta tímabilsins er aukin landsframleiðsla að mestu tilkomin vegna aukinnar atvinnuvegafjárfestingar til stóriðju en á seinni hluta tímabilsins er aukin landsframleiðsla að mestu tilkomin vegna aukins útflutnings. Framkvæmdirnar hafa í för með sér að vaxtastigið verður hærra en ella sem gerir það að verkum að einkaneyslan verður minni, sérstaklega á seinni hluta tímabilsins, ef af framkvæmdunum verður. Hærra vaxtastig mun einnig hafa áhrif á aðra atvinnuvegafjárfestingu en til stóriðju þegar á framkvæmdatímann líður og hún mun dragast lítið eitt saman. Innflutningur vöru og þjónustu mun þar af leiðandi verða minni en ella ef af framkvæmdunum verður á seinni hluta tímabilsins vegna minni innflutnings neyslu- og fjárfestingarvara. Innflutningur mun aftur á móti aukast á fyrri hluta tímabilsins vegna aukins innflutnings fjárfestingarvara og á heildina litið aukast lítið eitt á tímabilinu. Útflutningur vöru- og þjónustu mun aftur á móti aukast jafnt og þétt á tímabilinu og er helsti drifkraftur aukinnar landsframleiðslu á tímabilinu, auk stóriðjufjárfestingarinnar. Á heildina litið auka framkvæmdirnar landsframleiðslu yfir allt tímabilið en síðan dregur lítillega úr áhrifunum í lok tímabilsins þegar framkvæmdum er lokið.

Á skýringarmyndum 1–9 eru fyrirhugaðar framkvæmdir í Helguvík og Straumsvík ásamt tilheyrandi framkvæmdum við orkuöflun taldar með í grunnspám. Frávíksspár eru aftur á móti gerðar án þessara framkvæmda.




Mynd 1 Verg landsframleiðsla.




Mynd 2 Hagvöxtur.

Afgangur á vöru- og þjónustuskiptajöfnuði af landsframleiðslu er minni en ella á fyrri hluta tímabilsins ef af framkvæmdunum verður vegna aukins innflutnings fjárfestingarvara, en síðan eykst afgangurinn á seinni hluta tímabilsins vegna stóraukins útflutnings áls, auk þess sem innflutningurinn dregst saman á seinni hluta tímabilsins. Afgangur á viðskiptajöfnuði mun sömuleiðis verða minni á fyrri hluta tímabilsins vegna aukins innflutnings ef af framkvæmdunum verður, en á seinni hluta tímabilsins mun halli á viðskiptajöfnuði breytast í afgang.




Mynd 3. Vöru- og þjónustujöfnuður, % af VLF.




Mynd 4. Viðskiptajöfnuður, % af VLF.

Atvinnuleysi minnkar nokkuð á tímabilinu ef af framkvæmdum verður. Minna atvinnuleysi er mest áberandi þegar framkvæmdir standa sem hæst árin 2010–2012 en síðan dregur úr áhrifunum jafnt og þétt þegar líður á tímabilið og almennt atvinnuleysi fer minnkandi. Samkvæmt mati fjármálaráðuneytisins á lögmáli Okuns, sem sýnir tölfræðilegt samband atvinnuleysis og hagvaxtar, má gera ráð fyrir því við skilyrði sem ríkja hér á landi að fyrir hvert stig aukins hagvaxtar dragi úr atvinnuleysi sem hlutfalli af vinnuafli um u.þ.b. 0,2 prósentustig. Þar sem um vinnuaflsfrekar aðgerðir er að ræða, auk þess sem almennt atvinnuleysi verður mikið í upphafi framkvæmda, má gera ráð fyrir að áhrifin verði lítið eitt meiri. Ef við skoðum einstök ár í spánni má sjá t.d. á mynd 2, að árið 2010 er áætlað að framkvæmdirnar muni auka hagvöxt um rúm 2 prósentustig. Á mynd 5 sést svo að sama ár mun draga úr atvinnuleysi um rúmt 0,5 prósentustig sem jafngildir því að um 850 viðbótarársverk muni skapast.




Mynd 5. Atvinnuleysi í % af heildarvinnuafli.


Gera má ráð fyrir að einkaneysla minnki þegar líður á framkvæmdatímann vegna hækkandi vaxta (mynd 6). Fjárfesting í atvinnuvegum eykst umtalsvert við framkvæmdirnar á árunum 2009–2015 eins og fram kemur á mynd 7. Innflutningur á vöru og þjónustu mun aukast á fyrri hluta framkvæmdanna vegna innkaupa á vélum og búnaði og uppsetningar þeirra með erlendu vinnuafli, en eftir árið 2013 þegar útflutningur á framleiðsluvörum álveranna eykst snýst dæmið við og innflutningur minnkar í samanburði við frávikspána (mynd 8). Ef eingöngu er skoðaður útflutningur á vöru og þjónustu á föstu verðlagi sést á mynd 9 að útflutningstekjur aukast jafnt og þétt frá þeim tíma að álverin hefja eða auka framleiðslu og nær hámarki þegar fullum afköstum er náð eftir 2015.




Mynd 6. Einkaneysla.



Mynd 7. Atvinnuvegafjárfesting.



Mynd 8. Innflutningur á vöru og þjónustu.



Mynd 9. Útflutningur á vöru og þjónustu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er iðnaðarráðherra heimilað að ganga til samninga á grundvelli frumvarps þessa við Century Aluminum Company (eigandinn) og Norðurál Helguvík ehf. (félagið) um byggingu og rekstur álvers í Helguvík. Í fjárfestingarsamningi við félagið skal kveðið á um skuldbindingar ríkisins og félagsins og eigenda þess sem hin fyrirhugaða starfsemi gefur til kynna. Þar skal einnig fjallað um framkvæmd ákvæða laganna, eftir því sem nauðsynlegt er talið. Í samningnum skal kveðið á um gildistíma ákvæða hans sem ekki skal vera skemmri en 20 ár frá því að framleiðsla hefst í álverinu.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingarsamningurinn um verkefnið verði birtur í B-deild Stjórnartíðinda að undirritun lokinni. Þá skal félagið starfa samkvæmt íslenskum lögum og reglum með þeim frávikum sem í frumvarpi þessu greinir.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um verkefnið sem lögin fjalla um. Verkefninu er lýst í 2. kafla almennra athugasemda og í fylgiskjali I. Verkefnið er skilgreint sem bygging álvers í Helguvík á Reykjanesi til framleiðslu á allt að 360 þúsund tonnum af áli á ári og aðstöðu sem tengist slíkri framleiðslu og skyldri starfsemi.

Um 3. gr.

Þar sem erlendur aðili er eigandi að Norðuráli ehf., sem er eigandi Norðuráls Helguvík ehf., er talið nauðsynlegt að heimila frávik frá því skilyrði laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna að ⅕ hlutar hlutafjár hlutafélags sé eign íslenskra ríkisborgara og að meiri hluti atkvæða á hluthafafundum sé í höndum íslenskra ríkisborgara og að allir stjórnendur séu íslenskir ríkisborgarar. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, er það á færi ráðherra að veita undanþágur frá ákvæðinu en með tilliti til stærðar verkefnisins þykir eðlilegt að fjalla um undanþáguna í frumvarpi þessu.

Félagið verður samkvæmt frumvarpi þessu undanþegið ákvæðum laga um skyldutryggingar brunatjóns og viðlaga. Vegna stærðar verkefnisins fellur það illa að ákvæðum laga um þessar skyldutryggingar. Þess í stað skulu eignirnar vera tryggðar á þann hátt sem tíðkast í álframleiðslu.

Um 4. gr.

Fjárfestingarsamningurinn sem vísað er til í frumvarpinu (og ráðgert er að gera á grundvelli laganna verði frumvarpið að lögum) byggist á því að íslensk skattalög gildi nema kveðið sé á um annað í fjárfestingarsamningnum og frumvarpi þessu. Í upphafi greinarinnar er sett fram sú aðalregla að félagið greiði alla almenna skatta og opinber gjöld hér á landi vegna álversins samkvæmt lögum sem gilda á hverjum tíma með þeim sérákvæðum sem í greininni eru tilgreind. Önnur ákvæði greinarinnar eru því tæmandi upptalning frávika frá aðalreglunni. Gert er ráð fyrir því að félagið verði sjálfstæður skattaðili.

Í 1. tölul. 1. mgr. er að finna ákvæði um tekjuskatt félagsins. Félagið mun greiða 15% tekjuskatt í samræmi við almennar reglur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir þremur frávikum frá almennum skattlagningarreglum lögaðila að því er snýr að tekjuskatti.

Í a-lið 1. tölul. er kveðið á um að ef tekjuskattshlutfall á hlutafélög er lækkað niður fyrir það sem nú er þá gildi hin nýja almenna skattprósenta einnig fyrir félagið. Ástæða þessarar

undanþágu er að samið er um starfsemi sem ekki hefur framleiðslu fyrr en árið 2011 ef allar áætlanir standast. Þykir eðlilegt að félagið njóti þeirra breytinga í sama mæli og önnur fyrirtæki fram að þeim tíma er rekstur hefst. Í ákvæðinu er einnig kveðið á um að verði síðari hækkanir á skatthlutfallinu þá skuli hærra skatthlutfall gilda fyrir félagið, þó þannig að skatthlutfallið verði aldrei hærra en 15%. Efnislega sams konar ákvæði, með því tekjuskattshlutfalli sem gilti á þeim tíma, er að finna í lögum nr. 62/1997 og nr. 12/2003.

Í b-lið 1. tölul. er heimild til að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu tíu almanaksárum með þeim skilyrðum sem fram koma í 8. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Í ákvæðinu er jafnframt kveðið á um að ef íslenskum fyrirtækjum verður heimilað að draga eftirstöðvar rekstrartaps fleiri ára frá skattskyldum tekjum skuli hið sama gilda um félagið. Þá er gert ráð fyrir því að ef árunum verði síðar fækkað skuli hið sama gilda um félagið, þó þannig að því sé ávallt heimilt að draga frá skattskyldum tekjum eftirstöðvar rekstrartapa vegna síðustu tíu almanaksára. Er ákvæðið í samræmi við 8. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 90/2003 þar sem umrædd heimild er tíu ár.

Í c-lið 1. tölul. er ákvæði um fyrningargrunn eigna en um skiptingu hans vegna byggingar álvers er samið fyrir fram í tilteknum hlutföllum, sem nánar er kveðið á um í viðauka við fjárfestingarsamninginn. Fyrningu skal hagað skv. 3. tölul. 1. mgr. en að öðru leyti gilda ákvæði laga um tekjuskatt.

Í 2. tölul. 1. mgr. er félagið undanþegið iðnaðarmálagjaldi samkvæmt lögum um iðnaðarmálagjald, nr. 134/1993, og markaðsgjaldi samkvæmt lögum um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002. Þetta þykir eðlilegt þar sem um er að ræða markaðar tekjur til verkefna sem félagið hefur ekki not af. Sams konar ákvæði er að finna í lögum nr. 62/1997 og nr. 12/2003.

Í 3. tölul. 1. mgr. er vikið að fyrningarreglum varðandi eignir félagsins. Annars vegar getur það valið að afskrifa eign í hlutfalli við notkunartíma á fyrsta ári hennar í stað þess að nota fulla ársafskrift. Í öðru lagi er félaginu heimilað að afskrifa eignir að fullu í stað þess að bókfæra hrakvirði eins og lög nr. 90/2003 kveða á um.

Í 4. tölul. 1. mgr. er stimpilgjald af ákveðnum tegundum stimpilskyldra skjala ákveðið 0,15%. Lán sem tekin eru til endurfjármögnunar fjárfestingarlána, sem og hlutabréf í félaginu, skulu undanþegin stimpilgjaldi. Sams konar ákvæði er að finna í lögum nr. 62/1997 og nr. 12/2003.

Í 5. tölul. 1. mgr. er félagið undanþegið tilteknum gjaldaákvæðum laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996. Efnislega sams konar ákvæði er að finna í lögum nr. 62/1997 og 12/2003 en þó er hér bætt við undanþágu frá 5. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 136/1996. Samkvæmt því ákvæði skulu innflytjendur og innlendir framleiðendur á rafföngum greiða gjald vegna yfireftirlits og eftirlits með rafföngum á markaði sem Neytendastofa lætur framkvæma. Gjaldið má vera allt að 0,15% af tollverði innfluttrar vöru. Þau rafföng sem félagið flytur inn og kunna að falla undir þetta ákvæði munu ekki fara á almennan markað og Neytendastofa mun ekki hafa eftirlit með þeim. Af þeim sökum þykir ekki óeðlilegt að félagið verði undanþegið gjaldtökunni.

Í 6. tölul. 1. mgr. er veitt heimild til að ákveða að greiða skuli umsamda fjárhæð, 180.000 bandaríkjadali, sem skipulagsgjald samkvæmt lögum nr. 73/1997. Efnislega sams konar ákvæði er að finna í lögum nr. 62/1997 og nr. 12/2003.

Í 7. tölul. 1. mgr. er kveðið á um að félagið skuli, eftir undirritun fjárfestingarsamningsins, undanþegið breytingum sem kunna að verða á ákvæðum laga um tekjuskatt varðandi frádrátt vaxtakostnaðar, að teknu tilliti til reglna OECD um viðskipti tengdra aðila og milliverðlagningu. Efnislega sams konar ákvæði er að finna í lögum nr. 62/1997 og nr. 12/2003.

Í 8. tölul. 1. mgr. er kveðið á um heimild til handa Reykjanesbæ og Sveitarfélaginu Garði til að semja um fyrirkomulag við álagningu fasteignaskatts. Um er að ræða frávik frá 2. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, sem kveður á um að stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skuli vera fasteignamat þeirra. Heimildir til sérreglna um ákvörðun fasteignagjalda er einnig að finna í lögum nr. 62/1997 og nr. 12/2003

Í 9. tölul. 1. mgr. er kveðið á um heimild til fráviks frá 53. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, sem kveður á um að greiða skuli byggingarleyfisgjald í samræmi við gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Vegna sérstöðu mannvirkjanna þykir eðlilegt að heimila frávik hvað þessa gjaldtöku varðar.

Í 2. mgr. greinarinnar er lagt til að í fjárfestingarsamningi verði heimilt að kveða á um eftirtalin atriði:

a. Ekki skuli lögð umhverfisgjöld eða umhverfisskattar, sem tengjast losun lofttegundanna CO2 og SO2 eða annarri losun eða öðrum mengunarvöldum, á félagið nema slík gjöld eða skattar séu almennt lagðir á önnur fyrirtæki á Íslandi, þar með talin öll önnur álver, og mismuni ekki félaginu að öðru leyti. Á síðasta ári samþykkti ríkisstjórnin samningsmarkmið Íslands fyrir næsta tímabil loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna 2013–2020. Þau lúta að því að sú viðurkenning sem Ísland hlaut með Kyotó-bókuninni á fyrsta losunartímabilinu 2008–2012 haldist áfram við upphaf annars tímabils en minnki síðan ár frá ári. Ljóst má vera að stefnt er að því að hvers konar losun gróðurhúsalofttegunda minnki og að Ísland muni þurfa að bera hlutfallslega álíka byrgðar og önnur Evrópuríki. Í þessu felst að íslensk iðnfyrirtæki munu þurfa að vera undirbúin því að taka á sig samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda eða afla losunarheimilda í gegnum viðurkennd viðskiptakerfi eða með öðrum hætti. Í ákvæðinu felst að íslensk stjórnvöld munu ekki leggja umhverfisgjöld eða umhverfisskatta vegna losunar gróðurhúsalofttegunda á félagið umfram það sem önnur sambærileg fyrirtæki á Íslandi kunna að þurfa að bera í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.
b. Ekki skuli leggja skatta eða gjöld á orkunotkun félagsins eða útblástur lofttegunda eða aðra losun úrgangsefna nema slíkir skattar og gjöld séu jafnframt lögð með almennum hætti á öll önnur íslensk fyrirtæki, þar með talin álver, og mismuni ekki félaginu að öðru leyti.
c. Ekki skuli leggja á gjöld eða skatta í tengslum við raforkukaup og/eða raforkunotkun félagsins nema slík gjöld eða skattar séu almennt lagðir á önnur fyrirtæki á Íslandi, þar með talin öll önnur álver, og mismuni ekki félaginu að öðru leyti.

Efnislega sams konar ákvæði er að finna í lögum nr. 62/1997 og nr. 12/2003.

Í 3. mgr. er tekið fram með ótvíræðum hætti að félagið verði háð almennum reglum íslenskra laga varðandi skattframtal, álagningu, viðurlög og málskot. Ágreiningi um túlkun samningsákvæða má þó skjóta til gerðardóms samkvæmt ákvæðum fjárfestingarsamningsins. Efnislega sams konar ákvæði er að finna í lögum nr. 62/1997 og nr. 12/2003.

Í 4. mgr. er kveðið á um að á upphaflegum gildistíma fjárfestingarsamningsins sé félaginu heimilt að velja þann kost að lúta almennum íslenskum skattalögum sem í gildi eru hverju sinni. Beiðni um slíka breytingu skal lögð fram skriflega eigi síðar en 1. júní þess almanaksárs sem fer á undan því almanaksári sem breytingin á að taka gildi. Berist slík beiðni, skulu ríkisstjórnin, eigandinn og félagið þegar ganga til samninga um breytinguna yfir í hið almenna skattakerfi. Efnislega sams konar ákvæði er að finna í lögum nr. 62/1997 og nr. 12/2003.

Um 5. gr.

Í greininni er ákveðið að aðilar geti samið um sérstakar reikningsskilareglur fyrir félagið sem grundvallaðar eru á íslenskum lögum með þeim skýringum og undanþágum sem taldar eru viðeigandi. Heimila má félaginu að skrá allar færslur og gefa út fjárhagsyfirlit í bandaríkjadölum, í samræmi við reglur Alþjóðlega reikningsskilaráðsins. Efnislega sams konar ákvæði er að finna í lögum nr. 62/1997 og 12/2003.

Um 6. gr.

Samkvæmt tollalögum er heimilt að fella niður tolla og vörugjöld af hráefnum og efnivörum til iðnaðarframleiðslu, svo og af vélum og tækjum til framleiðslunnar. Engin gjöld eru nú á hráefnum og efnivörum. Eins er um fjárfestingarvörur sem fluttar eru inn frá EES-ríkjum og öðrum löndum sem fríverslunarsamningar eru við. Í fyrri málslið greinarinnar er við það miðað að felldir verði niður tollar og vörugjöld af innflutningi og kaupum félagsins á byggingarefnum, vélum og tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum fyrir álver félagsins og tengd mannvirki, sem kunna að verða flutt inn frá öðrum löndum og bera tolla eða vörugjöld. Í síðari málslið greinarinnar er veitt heimild til að fella niður eða endurgreiða tolla og vörugjöld á vöru og þjónustu sem keypt er innan lands vegna byggingar álversins. Efnislega sams konar ákvæði er að finna í lögum nr. 62/1997 og 12/2003.

Um 7. gr.

Í greininni kemur fram að semja megi um að félaginu og eiganda þess sé heimilt að framselja fjárfestingarsamninginn við tilteknar afmarkaðar aðstæður.

Um 8. gr.

Við uppbyggingu, túlkun og framkvæmd samninga sem gerðir verða innan ramma laga þessara skal farið að íslenskum lögum. Heimild skal þó vera til þess að vísa ágreiningi til gerðardóms.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Lýsing á fyrirhuguðu álveri í Helguvík.

Norðurál og móðurfyrirtæki þess, Century Aluminum Company í Bandaríkjunum hafa í hyggju að reisa og reka álver á iðnaðar- og hafnarsvæði við Helguvík með allt að 360.000 tonna grunn framleiðslugetu á ári.

Century Aluminum var stofnað árið 1995 og rekur, auk starfsemi sinnar á Íslandi, álver og súrálsvinnslu í Bandaríkjunum, og báxítvinnslu á Jamaica. Century Aluminum hefur höfuðstöðvar í Monterey í Kaliforníu og er skráð á Nasdaq hlutabréfamarkaðinn í Bandaríkjunum og á First North Iceland markaðinn í Kauphöll Íslands. Stofnað hefur verið sérstakt félag um uppbyggingu álvers í Helguvík, Norðurál Helguvík ehf.

Markmið Norðuráls með byggingu álvers í Helguvík er að auka álframleiðslu sína á Íslandi og að styrkja markaðshlutdeild sína í viðskiptum með ál og álafurðir. Helstu rök fyrir staðsetningu þess við Helguvík eru góðar hafnaraðstæður, nálægð við öflug þjónustu-, byggingar- og þekkingarfyrirtæki, hagkvæmni í flutningi á raforku og stór vinnumarkaður.

Gert er ráð fyrir að byggja álverið upp í fjórum 90.000 tonna áföngum og að ársframleiðsla þess verði allt að 360.000 t. Undirbúningsframkvæmdir við fyrsta áfanga álversins hófust árið 2008. Samkvæmt áætlunum er gert ráð fyrir að gangsetja 1. áfanga árið 2011 en áfangaskipting og byggingartími munu taka mið af orkuöflun til álversins auk annarra aðstæðna.

Helstu mannvirki fyrirhugaðs álvers eru kerskálar, steypuskáli, skautsmiðja, hreinsivirki, súrálssíló og aðrar hráefnageymslur. Öll tækni og tæki álversins verða ný, byggð á nýjustu tækni og af bestu fáanlegu gerð (BAT)

1 Staðsetning


Álverið mun standa á nýrri iðnaðarlóð við Berghóla í sveitarfélaginu Garði og á iðnaðarsvæðinu við Helguvík, Reykjanesbæ. Þessi staðsetning býður upp á nálægð við góða höfn og stutt er í öflug þjónustu- byggingar- og þekkingarfyrirtæki. Um er að ræða stórt vinnumarkaðssvæði og flutningur á raforku til svæðisins er hagkvæmur.

2 Helguvíkurhöfn

Þann 27. apríl 2006 undirrituðu Norðurál og Reykjaneshöfn, sem er í eigu Reykjanesbæjar, hafnarsamning vegna fyrirhugaðs álvers. Samningurinn kveður á um að Reykjaneshöfn sjái Norðuráli fyrir nauðsynlegri hafnaraðstöðu í Helguvík. Í því skyni er ráðgerður nýr viðlegukantur, 360 m langur, sem notaður yrði ásamt núverandi viðlegukanti, sem er 150 m langur.

Samkvæmt hafnarsamningnum verður Norðuráli heimilt að koma fyrir og starfrækja byggingar og tækjabúnað á hafnarbakkanum og á hafnarsvæðinu til að þjónusta álverið. Um 30.000 m^2 athafna- og geymslusvæði verður útbúið á hafnarsvæðinu fyrir aðföng og framleiðsluvörur álversins auk þess sem gengið verður frá reit undir súrálssíló.

Fyrirkomulag verður skv. mynd 1. Samkvæmt því geta allt að 60.000 brúttólesta skip lagst þar að. Einnig er gert ráð fyrir að útbúin verði viðbót við núverandi brimvarnargarð. Hér er um að ræða um 150 m langan grjótgarð með legu til austsuðausturs. Efni í hann kemur til með að koma úr dýpkun innan hafnar og frá sprengingum á landi.



Mynd 1. Fyrirkomulag hafnarmannvirkja vegna álvers í Helguvík.

3 Flutningar

Flutningar á byggingarefni á framkvæmdatíma og hráefni, rekstrarvörum og áli til útflutnings munu fara um Helguvíkurhöfn. Á framkvæmdatíma er gert ráð fyrir að um 200.000 tonn af byggingarefni verði flutt inn. Þegar álverið verður komið í fullan rekstur (360.000 tonn af áli framleidd á ári) er áætlað að flutningsmagn verði eftirfarandi:

Vörur	Innflutningur	Útflutningur
Ál til útflutnings		360.000 tonn
Súrál	690.000 tonn	
Rafskaut	185.000 tonn	
Rafskautaleifar		35.000 tonn
Aðrar rekstrarvörur	30.000 tonn	

4 Orkuöflun

Norðurál hefur samið við Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur um öflun orku fyrir álverið í Helguvík og Landsnet um flutning orkunnar. Heildar orkuþörf 360.000 tonna álvers er um 625 MW.

Þessi fyrirtæki hafa öll hafið undirbúning framkvæmda sinna, með mati á umhverfisáhrifum, fjármögnun og hönnun framkvæmda.

5 Framleiðsluferlið

Ál er framleitt með rafgreiningu þar sem súrál er leyst upp í raflausn sem haldið er bráðinni í þar til gerðum kerjum. Botn kersins myndar bakskaut og safnast rafgreint ál þar fyrir. Kolarafskautum er komið fyrir í bráðinni raflausninni nokkru fyrir ofan álið sem safnast fyrir. Þessi kolarafskaut mynda forskautin þar sem súrefni í súrálinu afoxast. Jafnóðum hvarfast súrefnið við kolaatóm í forskautum og koldíoxíð myndast. Með rafgreiningu er súrál klofið í frumefni sín, ál (Al) og súrefni (O), með rafstraumi. Við ferlið safnast afoxaða álið

við bakskautin en súrefnið hvarfast við kolefni forskautanna og myndar koldíoxíð sem rýkur í burtu sem lofttegund. Ferlið verður samkvæmt eftirfarandi efnajöfnu:

$$2Al_2O_3 + 3C \rightarrow 4Al + 3CO_2$$

Að jafnaði er ekki er hægt að framleiða ál beint úr bráðnu súráli vegna þess hve bræðslumarkið er hátt eða 2.053°C. Þess í stað er súrálið leyst upp í bráðnu krýolíti sem hefur bræðslumark um 850°C. Krýólít er natríum álflúoríð (Na_3AlF_6) og blanda þess með súráli er að jafnaði kölluð raflausn.

5.1 Framleiðslutækni

Norðurál og Century Aluminum Co. hafa samið við franska tækniframleiðandann Pechiney um kaup á svokallaðri AP3X tækni fyrir álverið í Helguvík. Einkennandi fyrir þessa tækni eru stór þverstæð ker sem komið er fyrir í tveimur samsíða kerskálum, ein röð í hvorum skála sem saman mynda eina kerlínu. Rafstraumur um 360.000 amper er síðan leiddur frá einu keri til annars. Tölvubúnaður sér um að mata hæfilegt magn af súráli og álflúoríði í kerið auk þess að stýra spennu kersins. Megnið af vinnu starfsfólks í kerskálum er unnin úr þjónustukrönum þar sem starfsmaður situr í húsi sambyggðu krananum við stjórnun hans. Þar hefur starfsmaður góða yfirsýn yfir kerið þegar unnið er t.d. við skautskiptingu.

Þessi tækni er almennt talin vera sú fremsta í heiminum í dag bæði með tilliti til umhverfisáhrifa og rekstrarhagkvæmni.

Í hefðbundnu álveri skiptast framleiðslueiningar í:


- Kerskála þar sem álið er framleitt með rafgreiningu.
- Skautsmiðju þar sem vinnsla og viðhald rafskauta fer fram.
- Steypuskála þar sem álið er unnið og mótað í söluhæfa afurð.
- Kersmiðju þar sem ker eru fóðruð og viðhaldið.
- Spenni- og afriðlastöð þar sem raforka frá flutningskerfi er spennt niður frá og breytt í jafnstraum.
- Hreinsivirki þar sem afsogsloft frá rafgreiningarkerum er hreinsað.

5.2 Rafgreining á áli í kerskálum

Rafgreining súráls fer fram í stálkerum, fóðruðum með einangrandi steinum og eldföstum múrsteinum. Kolefnisblokkir með járnleiðara sem standa út úr kerskelinni mynda bakskaut í botni ásamt fljótandi áli. Bráðið álið flýtur ofan á bakskautinu og á milli þess og forskautanna er bráðna raflausnin. Skýringarmynd af keri er sýnd á **mynd 2**. Yfirbyggingin samanstendur af skautbrú sem forskautin eru fest á og geymslutönkum fyrir súrál og álflúoríð. Tölvustýrður búnaður sér um að skammta súráli og álflúoríði eftir þörfum í kerin, sem eru raðtengd þannig að þau mynda framleiðslulínur. Heildarspenna yfir eitt ker er um 4 V og samtals 1200–1.650 V frá fyrsta keri til hins síðasta vegna raðtengingarinnar.

Til að hindra að lofttegundir sem myndast við rafgreiningarferlið sleppi út í kerskála eru léttar álþekjur á yfirbyggingunni. Lofttegundir sem myndast í kerjunum eru sogaðar burtu með afsogskerfi og leiddar til þurrhreinsistöðva þar sem megnið af vetnisflúoríði er hreinsað frá með hreinu súráli. Þannig er flúoríð í útblæstri endurnýtt. Álflúoríð er svo notað til að bæta inn flúoríði í stað þess flúoríðs sem tapast. Með reglubundnu millibili er nauðsynlegt að opna þekjurnar til að skipta um forskaut sem eyðast upp við rafgreiningarferlið, aftöppunar á fljótandi áli og vegna viðhalds. Þegar ker eru opnuð er afsog aukið á viðkomandi kerj-

um til að draga úr líkum á að kergas sleppi úr kerinu og fari óhreinsað upp um rjáfur kerskálans.



Mynd 2. Skýringarmynd af keri.

5.3 Skautsmiðja

Í skautsmiðju eru aðflutt forbökuð kolefnirafskaut fest á skautgaffla. Til að forðast ónauðsynlegan loftbruna á skautunum og til að halda hitajafnvægi í kerinu er efsti hluti skautanna hulinn með blöndu af frosinni raflausn og súráli, svonefndu þekjuefni. Forskautin brenna smám saman upp við rafgreininguna, eins og fyrr segir, þegar kolefni í forskautunum gengur í samband við súrefni úr súrálinu og rýkur burt sem CO_2. Þegar forskaut hefur brunnið upp að ákveðnum mörkum er skautgaffall með skautleif tekinn upp úr kerinu og keyrt inn í kælibyggingu þar sem skautið er látið kólna, eins og áður segir. Að kólnun lokinni eru skautgafflar með skautleifum fluttir yfir í skautsmiðju þar sem þekjuefni er hreinsað af skautleifunum, það endurunnið og sent til notkunar í kerskála að nýju. Skautleifar eru því næst losaðar frá tindum með skautbrjóti. Skautgafflar eru hreinsaðir, gert við þá ef þörf krefur og sett á þá ný skaut. Skautleifar og kolaryk sem myndast í skautsmiðju er endurunnið af skautframleiðanda.

5.4 Steypuskáli

Í steypuskála er fljótandi áli frá kerskálum umbreytt í framleiðsluvörur. Ferlið er þannig að fljótandi áli er dælt upp úr kerunum í þar til gerðar deiglur og síðan flutt yfir í steypuskála

þar sem það er steypt í hleifa eða aðra vöru að óskum viðskiptavina. Framleiðslan er síðan flutt á markað.

Vegna hitans og tilvistar andrúmslofts myndast álgjall á yfirborði fljótandi áls. Álgjall á yfirborði áls í deiglum og biðofnum er fjarlægt, það kælt og komið til endurvinnslu.

Í álverinu í Helguvík er gert ráð fyrir að framleiða hleifa og þegar síðari áfangar álversins eru komnir í gang verði farið í frekari úrvinnslu, s.s. framleiðslu bolta til völsunar o.fl.

5.5 Hreinsivirki

Afsogsloft frá kerum er leitt til hreinsivirkis. Þar er loftið leitt í gegnum hvarfahólf þar sem súrál bindur vetnisflúoríð úr afsogsloftinu og síðan eru pokasíur notaðar til að fjarlægja rykagnir. Við ferlið er um 99,5% af heildarflúoríði fjarlægt úr afsogsloftinu. Súrál, sem hefur bundist flúoríði úr afsogslofti er kallað hlaðið súrál og er það leitt aftur í kerin. Þannig er flúoríð sem annars tapaðist úr ferlinu endurnýtt til að viðhalda krýólíti raflausnarinnar. Hreinsað afsogsloft er leitt um reykháf út í andrúmsloftið. Auk þess að hreinsa megnið af vetnisflúoríðinu og ryki úr afsogslofti, fer megnið af PAH efnum aftur inn í kerin í þessu ferli.

Í mati á umhverfisáhrifum var skoðað hvort notkun vothreinsunar til viðbótar væri nauðsynleg en niðurstaðan var sú að ekki verður beitt vothreinsun í Helguvík. Um þetta segir í áliti Skipulagsstofnunar um Mat á umhverfisáhrifum álvers í Helguvík: *„Skipulagsstofnun telur að með þeim samanburði sem framkvæmdaraðili hefur gert á umhverfisáhrifum álvers með þurrhreinsibúnaði og þurrhreinsibúnaði að viðbættri vothreinsun fáist skýrari mynd af hugsanlegum umhverfisáhrifum álvers í Helguvík. Skipulagsstofnun telur að umræddur samanburður styðji þá niðurstöðu framkvæmdaraðila að notast eingöngu við þurrhreinsun og telur hana ásættanlega.“*

6 Aðföng

Súrál er meginhráefnið við vinnslu áls. Það er unnið úr báxíti með svokallaðri Bayer aðferð og flutt sjóleiðina til Íslands. Þar er því skipað upp með sogkrana og flutt frá hafnarsvæði í súrálsgeyma í lokuðu flutningskerfi.

Forskaut, sem notuð eru við rafgreininguna, eru forbökuð kolefnisskaut. Hráefnið í þeim er olíukoks (65–70%) sem fellur til sem aukaafurð við olíuhreinsun, steinkolabik (15%) sem notað er sem bindiefni er tengir koksagnirnar saman og skautleifar (15–20%). Steinkolabikið er unnið úr steinkolum og fellur til sem aukaafurð við koksframleiðslu fyrir stáliðnaðinn. Skautleifarnar koma frá álframleiðendum. Koksið og skautleifarnar eru möluð, hituð og hnoðuð saman ásamt heitu biki.

Forskautin er aðaluppspretta koldíoxíðs (CO_2) og brennisteinsdíoxíðs (SO_2) í útblæstri álvera. Sett eru ákveðin mörk af yfirvöldum á magn brennisteinsdíoxíðs í útblæstri. Þess vegna er leitast við að halda magni brennisteins í skautunum undir ákveðnum mörkum. Við álframleiðsluna eru notuð ýmis íblöndunarefni. Í kerunum er, auk súráls, bráðið krýólít (Na_3AlF_6). Krýólítið er í dag myndað með því að hvarfa saman natríum karbónat og álflúoríð. Þetta er þó nær eingöngu gert þegar mörg ker eru gangsett. Kerin framleiða í nokkru magni raflausn vegna hvarfs natríums úr súrálinu við óbundið flúoríð í raflausninni, sem endurheimt er frá útblástursshreinsuninni.

Ofnar í steypuskála verða hitaðir með rafmagni en almennt eru steypuskálar álvera utan Íslands annað hvort kynntir með olíu eða gasi. Hér á Íslandi hefur verið unnið markvisst að því að nota rafmagn til hitunar í stað olíu eða gass.


Hráefni, afurðir og úrgangsefni eru geymd í sérhönnuðum geymslum á iðnaðarlóð.

Í **töflu 1** má sjá áætlaðar tölur yfir megin hráefnis- og orkuþörf álvers með 250.000 tonna ársframleiðslu.

Tafla 1. Áætluð hráefnis- og orkunotkun álvers með 250.000 t ársframleiðslu.

Hráefni	Eining	Magn
Súrál	Tonn á ári	690.000
Álflúoríð	"	5.800
Rafskaut	"	190.000
Gas	Tonn á ári	650
Neysluvatn	l/s	1
Iðnaðarvatn	l/s	12
Orka	GWh á ári	5.300

Á **mynd 3** má sjá skýringarmynd af framleiðsluferli álvers, þar sem sýndar eru uppsprettur útblásturs, frárennslis og annars úrgangs.



Mynd 3 Skýringarmynd af framleiðsluferli álvers.

7 Umhverfismál

Öll tækni og tæki álversins verða ný, byggð á nýjustu tækni og af bestu fáanlegu gerð (BAT). Hreinsun á útblæstri fer fram í þurrhreinsivirki eins og lýst hefur verið hér að framan. Gert er ráð fyrir að farga kerbrotum í flæðigryfju, en góð reynsla er af slíkri förgun hér á landi.

Mat á umhverfisáhrifum fyrir 250.000 tonna álver í Helguvík hefur þegar farið fram og skilaði Skipulagsstofnun jákvæðu áliti 4. október 2007. Í helstu niðurstöðum Skipulagsstofnunar segir meðal annars:

> „Skipulagsstofnun telur að áhrif álverksmiðju í Helguvík á vinnumarkað komi að miklu leyti til með að ráðast af stöðu atvinnumála á Suðurnesjum, á höfuðborgarsvæðinu og landinu í heild bæði á byggingartíma og þegar rekstur hefst.
>
> Skipulagsstofnun telur að sú ráðstöfun að farga kerbrotum í flæðigryfju í Selvík sé ásættanleg lausn.
>
> Skipulagsstofnun telur þá niðurstöðu framkvæmdaraðila að notast eingöngu við þurrhreinsun ásættanlega.
>
> Skipulagsstofnun telur að fyrirhugað álver Norðuráls Helguvík sf., með fyrirvara um umhverfisáhrif tengdra framkvæmda, muni ekki valda verulega neikvæðum og óafturkræfum áhrifum á umhverfi eða samfélag.“

Í september 2008 gaf Umhverfisstofnun út starfsleyfi fyrir 250.000 tonna álver í Helguvík og úthlutunarnefnd losunarheimilda úthlutaði álverinu losunarheimildum fyrir tímabilið 2008 til 2012. Í starfsleyfinu er þynningarsvæði afmarkað þar sem leyfilegt er að loftmengun fari yfir almennar loftgæðakröfur.

Þar sem nú er áformað að reisa álver með 360.000 tonna grunn framleiðslugetu þarf að uppfæra mat á umhverfisáhrifum með tilliti til þess. Norðurál hefur gert frummat á helstu umhverfisþáttum og samkvæmt því er ekki þörf á breytingum á skipulagi eða þynningarsvæði álversins þrátt fyrir aukna framleiðslu.

8 Starfsmannafjöldi

Áætlað er að álverið taki til starfa seinni hluta árs 2011 og að starfsmannafjöldi verði þá um 210 starfsmenn í fullu starfi. Tólf til fimmtán mánuðum síðar er áætlað að framleiðslan aukist í 180 þúsund tonn og að starfsmenn verði um 290. Við gangsetningu þriðja áfanga er áætlaður starfsmannafjöldi 400 og þegar álverkið verður fullbyggt verða um 540 starfsmenn í fullu starfi. Að auki er Norðurál að meta valkosti til aukinnar fullvinnslu í steypuskála í Helguvík sem mundi auka framleiðsluverðmæti og starfsmannafjölda nokkuð. Að teknu tilliti til þessa má áætla að heildar starfsmannafjöldi verði 600–700 manns.

Fyrir liggur eftirfarandi áætlun um menntunarkröfur starfsmanna:

> Háskólamenntun, tæknimenntun eða sambærilegt 15 %
> Iðnmenntun, stúdentspróf eða sambærilegt 30 %
> Ófaglærðir en sérþjálfaðir framleiðslustarfsmenn 55 %

Í megin starfsstöðvum framleiðslunnar verður unnin vaktavinna, 8 tíma eða 12 tíma vaktir. Á ákveðnum svæðum er gert ráð fyrir að starfsmenn geti að stýrt sínum vöktum sjálfir. Tæpur helmingur starfa verða unnin í dagvinnu. Yfirmenn og leiðtogar verða ráðnir snemma

á undirbúningstímanum og hafa þannig tækifæri á að taka þátt í uppsetningu og innleiðingu búnaðar. Framleiðslustarfsmenn verða ráðnir 3–8 mánuðum áður en rekstur hefst. Stefnt er að því að hlutfall kynja og aldursdreifing starfsmanna verði sem jöfnust.

9 Áætlaðar framkvæmdir

Áformað er að reisa álverið í fjórum áföngum sem hver hefur um 90.000 tonna framleiðslugetu á ári. Samið hefur verið við Íslenska Aðalverktaka um byggingu kerskála og hófust framkvæmdir í júní 2007 og hafa undirstöður vegna fyrsta áfanga þegar verið steyptar. Unnið er áfram að byggingu kerskálans en eftir fall íslensku bankanna í október 2008 var hægt á framkvæmdum á meðan unnið er að frágangi lánsfjármögnunar. Samið hafði verið við Landsbankann og Kaupþing auk eins erlends banka um lánsfjármögnun vegna verkefnisins en sá samningur komst aldrei til framkvæmda. Eiginfjármögnun verkefnisins lauk árið 2007 og hafa allar framkvæmdir hingað til verið fjármagnaðar af eigin fé Norðuráls Helguvíkur.


Auk þess að vinna að lánsfjármögnun hefur verið unnið að endurskoðun verkefnisins til lækkunar kostnaðar, enda hefur niðursveifla í efnahagslífi heimsins minnkað mjög eftirspurn eftir hráefni og tækjabúnaði og því líklegt að lækka megi kostnað. Að auki er reynt að flytja öll möguleg störf vegna hönnunar, smíði, samsetningar og annars til Íslands. Með þessu hefur áætluðum ársverkum við byggingu álversins fjölgað verulega.

Áætlað er að ársverk við bygginu álversins verði um 4000 og að á verktímanum, frá 2010–2015 verði 800–1200 manns að störfum við byggingu álversins. Fjöldi starfa nær hámarki á árinu 2011 og verða þá 1200–1500 manns við störf þegar mest er. Ætla má að fjöldi starfa við tengd orkuverkefni sé svipaður eða aðeins meiri en við byggingu álversins. Því er áætlað að á árinu 2011 verði allt að 2500–3000 manns við störf í verkefnum tengdum byggingu álvers í Helguvík. Áformað er að innlent vinnuafl verði mikill meirihluti starfsmanna við bygginguna eða allt að 90%.

Enn fremur er áformað að hönnun og stjórnun framkvæmda verði í höndum innlendra verkfræðifyrirtækja. Samningum við erlend verkfræðifyrirtæki, sem unnu að verkefninu í upphafi þess hefur verið sagt upp, og unnið er að samningum við íslensk fyrirtæki. Það mun verða í fyrsta skipti sem íslenskar verkfræðistofur taka að sér utanumhald um svo stórt verkefni. Áætlað er að vinnumagn við þennan þátt verði um 600–700 mannár.


Áætlaður kostnaður við byggingu álversins er um 1,8 milljarðar bandaríkjadala.

Áformað er að framleiðsla áls hefjist síðari hluta árs 2011. Verkáætlun fyrir byggingu álversins er sýnd á mynd 4.



Fyrirkomulag mannvirkja er áformað eins og sést á mynd 5. Súrálstankar og losunarbúnaður súráls eru á athafnasvæði við Helguvíkurhöfn. Súrál verður flutt með lokuðu flutningskerfi frá höfninni upp á álverslóðina þar sem öll meginstarfsemi álversins fer fram.

Álverslóðin er um 120 hektarar að stærð og leigir Norðurál hana af Reykjaneshöfn. Breytingum á aðal- og deiliskipulagi Reykjanesbæjar og sveitarfélagsins Garðs er lokið.



Mynd 5. Fyrirkomulag bygginga.

Fylgiskjal II.

Lýsing á meginatriðum í drögum að fjárfestingarsamningi milli ríkisstjórnar Íslands, Century Aluminum og Norðuráls Helguvíkur ehf. (drög dagsett 31. desember 2008).

1. Inngangur

Í fjárfestingarsamningi ríkisstjórnar Íslands, Century Aluminum Company (hér eftir nefnt „Century“) og Norðuráls Helguvíkur ehf. er kveðið á um grundvöll verkefnisins, breytingar á eignaraðild, rekstur, tryggingar, skatta og gjöld til ríkis, ábyrgðir, undanþágur frá lögum og lagaákvæðum og fleira. Hér eftir fer stutt lýsing á einstökum greinum fjárfestingarsamningsins til útskýringa á efni hans, en lýsingunni er ekki ætlað að vera tæmandi skýringargagn á efni hans.

2. Lýsing á einstökum ákvæðum fjárfestingarsamningsins.

Inngangur.

Í inngangi samningsins er fjallað um aðdraganda samningsins, aðila hans og undirbúning verkefnisins.

Grein 1.

Í 1. gr. samningsins eru skýrð ýmis hugtök, með tilliti til þess hvaða merkingu beri að leggja í þau í samningnum. Einnig er að finna umfjöllun um hvernig skýra beri hin ýmsu atriði samningsins.

Grein 2.

Í 2. gr. er fjallað um uppbyggingu verkefnisins, markmið og undanþágur frá lögum. Í greininni kemur fram að Century hafi stofnað Norðurál ehf. hér á landi í samræmi við íslensk lög og sé eini hluthafi þess. Norðurál Helguvík ehf. (hér eftir nefnt „félagið“) hafi svo verið stofnað hér á landi af Norðuráli ehf. um rekstur og eignarhald álversins.

Í greininni er enn fremur kveðið á um tilgang félagsins en það er framleiðsla á áli auk annarra tengdra verkefna.

Félagið er undanþegið ákvæðum 4 tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna. Félaginu er einnig veitt undanþága frá ákvæðum laga nr. 48/1994, um brunatryggingar, og lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, en það skilyrði jafnframt sett að félagið sjái um að eignirnar séu tryggðar á þann hátt sem teljist venjulegur í álframleiðslu.

Í greininni er þá kveðið á um að ríkisstjórnin ábyrgist útgáfu tilskilinna leyfa og undanþága.

Loks er í greininni mælt fyrir um að félagið hafi heimild til framleiðslu á álafurðum eftir frumframleiðslu þess sem og hverri annarri starfsemi, ótengdri framleiðslu áls, sem heimil er á Íslandi. Slík ótengd starfsemi skal þó, sé ekki um annað samið við ríkisstjórn Íslands, fara fram með sérstökum lögaðila, stofnuðum undir íslenskum lögum og fellur undir íslenska skattalöggjöf.

Grein 3.

Í 3. gr. er fjallað um framsal hluta í félaginu. Þar er kveðið á um að þar til álverið hefur framleiðslu geti yfirfærsla hluta Century í félaginu ekki átt sér stað nema með samþykki ríkisstjórnar Íslands. Ekki skal synja eða fresta slíku samþykki með ósanngjörnum hætti þegar um er að ræða (a) framsal til samstarfsaðila Century sem hefur aðsetur í OECD-landi eða (b) ef hlutabréf hafa verið sett að veði til tryggingar láni sem Century, dótturfélög þess eða/og félagið hefur tekið til fjármögnunar á verkefninu.

Í greininni er einnig kveðið á um að framselja megi minni hluta hlutabréfa ef framsalshafi hefur aðsetur í OECD-ríki.

Í greininni kemur loks fram að ef ekki er á annan hátt um samið milli aðila geti Century, eftir bygging álversins er lokið, frjálst selt hluti sína í félaginu til annars félags sem hefur aðsetur í öðru OECD-ríki. Einnig er kveðið á um að félag, sem eignast hluti í félaginu með þeim hætti sem nánar er um rætt í greinum 3.1. og 3.2. skuli talið aðili samningsins og skuli staðfesta það með því að afhenda ríkisstjórninni tilkynningu þar um.

Grein 4.

Í 4. gr. samningsins er fjallað um verkframkvæmdir og leyfisveitingar vegna þeirra. Í greininni er kveðið á um að félagið skuli hefja framkvæmdir í samræmi við orkusamninga, lóðaleigusamning og hafnarsamning með það að markmiði að vinnsla geti hafist á árinu 2011. Í greininni er kveðið á um útgáfu iðnaðarleyfis. Þá er kveðið á um aðrar skyldur aðila til að tryggja framgang verkefnisins.

Grein 5.

Í 5. gr. samningsins er fjallað um umhverfismál. Í henni kemur annars vegar fram að álverið og starfsemi félagsins við höfnina skuli rekin í samræmi við starfsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út til félagsins.

Hins vegar segir að ríkisstjórnin skuli ekki leggja neina umhverfisskatta eða -gjöld tengd losun CO_2 og SO_2 eða annarrar losunar á félagið nema slík gjöld eða skattar hafi almennt verið lagðir á önnur iðnfyrirtæki á Íslandi, þ.m.t. álver og gangi ekki með óréttlátum hætti á hlut félagsins.

Loks kemur fram að ríkisstjórnin muni upplýsa félagið um þróun varðandi þennan málaflokk, leitast við að tryggja alþjóðleg skilyrði sem gera sjálfbæran fjárhagslegan vöxt kleifan og tryggja að samkeppnishæfi Íslands sé sambærilegt að þessu leyti við skilyrði annarra þjóða innan og utan Evrópu.

Grein 6.

Í 6. gr. er fjallað um meginreglur skattlagningar. Þar segir að félagið skuli greiða þá skatta og gjöld sem lögð eru á samkvæmt íslenskum lögum á hverjum tíma, nema öðruvísi sé um samið í samningnum.

Grein 7.

Í 7. gr. er fjallað um skatta sem ríkið leggur á. Í greininni kemur fram að þrátt fyrir hugsanlegar breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, skuli félagið greiða 15% tekjuskatt samkvæmt ákveðnum sérákvæðum sem talin eru upp í samningnum. Helstu atriði sérákvæðanna eru:

a. Ef tekjuskattshlutfall á félög með takmarkaðri ábyrgð verður lægra en 15% skal það hlutfall gilda um félagið á gildistíma samningsins (20 ár frá fyrsta framleiðsludegi) og sérhverja framlengingu hans. Verði tekjuskattshlutfallið hækkað á framangreindu tímabili skal það gilda um félagið en þó aldrei hærra en 15%.
b. Fastafjármunir vegna byggingar álversins skulu teljast byggingar, vélar og tæki í ákveðnum umsömdum hlutföllum líkt og lýst er í Viðauka A við samninginn. Fastafjármunir, sem að öðru leyti er aflað vegna viðhalds eða endurbóta á álverinu, skulu flokkaðir í samræmi við 37. og 38. gr. laga nr. 90/2003. Fyrning skal ákveðin líkt og mælt er fyrir um í grein 7.3. samningsins.
c. Félaginu skal heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu tíu almanaksárum eins og nánar er kveðið á um í 8. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 90/2003. Ef íslenskum fyrirtækjum verður heimilað að draga eftirstöðvar rekstrartapa fleiri ára frá skattskyldum tekjum þá skal það sama gilda um félagið. Verði árunum fækkað síðar á gildistíma samningsins og sérhverri framlengingu hans skal það sama gilda um félagið, þó þannig að því skal ávallt heimilt að draga frá skattskyldum tekjum eftirstöðvar rekstrartapa síðustu tíu almanaksára.

Í greininni kemur einnig fram að félagið skuli vera undanþegið iðnaðarmálagjaldi og markaðsgjaldi.

Einnig er félaginu heimiluð sérregla varðandi fyrningar nýrra eigna og þá skal félaginu heimilt að fyrna eignir sínar þannig að ekki standi eftir niðurlagsverð.

Þá er kveðið á um að félagið megi skrá viðskipti sín í bandaríkjadölum. Einnig er kveðið á um að til útreiknings á skattskyldum hagnaði félagsins skuli umbreyta fjárhæðum á fjárhagsyfirlitum úr bandaríkjadölum í íslenskar krónur í samræmi við tilteknar reglur.

Í greininni er svo mælt fyrir um að skatta, tolla eða önnur gjöld megi ekki leggja á orkunotkun félagsins eða losun lofttegunda eða losun úrgangs nema slík gjöld eða skattar hafi almennt verið lögð á önnur fyrirtæki á Íslandi, þ.m.t. álver og gangi ekki með óréttlátum hætti á hlut félagsins

Þá er loks kveðið á um að heimildir til frádráttar vaxtagjalda svo sem þær eru við undirritun samningsins, skuli haldast óbreyttar á gildistíma hans að teknu tilliti til leiðbeiningarreglna OECD um meginreglur viðskiptaskilmála og verðlagningu í viðskiptum tengdra aðila.

Grein 8.

Í 8. gr. samningsins er fjallað um gjöld á innflutning. Þar segir að innflutningur eða kaup félagsins innanlands á hráefni, byggingarefnum, vélum, búnaði, öðrum fastafjármunum og varahlutum í verksmiðjuna og á tilheyrandi mannvirkjum og rekstri þeirra sé undanþeginn inn- og útflutningsgjöldum og vörugjöldum samkvæmt lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með áorðnum breytingum.

Í greininni kemur einnig fram að félaginu verði veittur frestur til greiðslu á virðisaukaskatti (tollkrít), samkvæmt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, fram að gjalddaga fyrir endurgreiðslu, vegna viðkomandi uppgjörstímabils. Með sama hætti skal veittur greiðslufrestur á virðisaukaskatti vegna kaupa á rafmagni.

Grein 9.

Í 9. gr. samningsins er fjallað um aðra skatta og gjöld. Í greininni er kveðið á um að stimpilgjöld af kaup- eða leigusamningum sem útgefnir eru eða gerðir af hálfu félagsins og af fjárfestingarlánum sem félagið kann að taka í sambandi við byggingu og rekstur álverk-

smiðjunnar skuli vera 0,15%. Einnig er kveðið á um að öll skjöl í sambandi við endurfjármögnun félagsins sem og hlutabréf í félaginu skuli undanþegin stimpilgjöldum.

Þá er kveðið á um að félagið skuli greiða umsamda fjárhæð vegna skipulagsgjalds samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, fyrir álver með framleiðslugetu u.þ.b. 360.000 tonn á ári. Greiðsla þess skal vera í hlutfalli við framvindu uppbyggingar álversins.

Einnig er kveðið á um að félagið skuli ekki greiða sérstaka rafmagnsskatta og gjöld vegna kaupa eða notkunar félagsins nema slík gjöld eða skattar hafi almennt verið lögð á önnur fyrirtæki á Íslandi, þ.m.t. álver og gangi ekki með óréttlátum hætti á hlut félagsins.

Loks er félagið undanþegið ákvæðum 1., 4. og 5. tölul. 14. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Grein 10.

Í 10. gr. samningsins er fjallað um framlag til íslensks vísinda- og tæknisamfélags. Samkvæmt greininni munu félagið og ríkisstjórnin stuðla að menntun óþjálfaðs starfsfólks og iðnaðarmanna, og leggja áherslu á að skapa sérstaka alþjóðlega samkeppnishæfni með íslensku vísinda og tæknisamfélagi.

Félagið viðurkennir samfélagslega ábyrgð sína og skuldbindur sig til þess að starfa með ríkisstjórn, menntastofnunum, fyrirtækjum eða/og einstaklingum vegna rannsókna og þróunar á sviðum, s.s. (1) rafgreiningu (2) framleiðslu orku með vatnsafli og jarðvarma (3) sjálfbæra þróun, þ.m.t. nýsköpunaraðferðir hvað varðar takmörkun á útblæstri (4) menntun handverksmanna og á háskólastigi og (5) öðrum sviðum sem gildi hafa fyrir álframleiðslu.

Grein 11.

Í 11. gr. er fjallað um reikningsskilareglur. Þar kemur fram að við gerð fjárhagsyfirlita í bandaríkjadölum skuli beita þeim reikningsskilareglum sem gefnar eru út af Alþjóðlega reikningsskilaráðinu (e. International Accounting Standards Board), enda séu þær ekki í andstöðu við þær reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Enn fremur segir að félaginu sé heimilt að skrá allar færslur og gefa út fjárhagsyfirlit í bandaríkjadölum. Í greininni er einnig kveðið á um að almenn ákvæði íslenskrar löggjafar um tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld til sveitarfélaga skuli gilda um skattframtal, framtalsreglur, álagningu, endurskoðun, endurálagningu, innheimtu, gjalddaga og greiðslu og aðrar uppgjörsreglur vegna tekjuskatts, virðisaukaskatts og gjalda sem sveitarfélög leggja á, nema um annað sé samið í samningnum.

Grein 12.

Í 12. gr. er fjallað um endurskoðun skattfyrirkomulags. Í greininni er kveðið á um að á samningstímabilinu geti félagið valið að íslensk skattalög skuli gilda um það. Slík beiðni þarf að vera skrifleg og verður að vera komin fram fyrir 1. júní, ári áður en slík breyting skal koma til framkvæmda.

Grein 13.

Í 13. gr. er fjallað um lagalega stöðu samninganna. Þar er kveðið á um að samningurinn skuli birtur í heild sinni á ensku og í íslenskri þýðingu í B-deild Stjórnartíðinda. Tekið fram að samningurinn öðlist gildi samkvæmt ákvæðum sínum óháð birtingunni. Fyrrnefnt gildir einnig um síðari breytingar á samningnum.

Grein 14.

Í 14. gr. er fjallað um ábyrgðir ríkisstjórnarinnar. Þar segir að ríkisstjórnin skuli gera allt sem nauðsynlegt er til að tryggja að Century og félagið njóti allra þeirra réttinda og hlunninda sem þeim eru veitt samkvæmt samningnum og að ekkert verði gert sem takmarki eða á annan hátt hafi óhagstæð áhrif á framkvæmd verkefnisins, og starfsemi/rekstur félagsins og/eða Century.

Grein 15.

Í 15. gr. er fjallað um lög þau sem farið skal eftir og lausn deilumála. Þar segir að með samninginn skuli farið að íslenskum lögum, nema kveðið sé á um annað í samningnum.

Í greininni segir að sérhvern ágreining skuli aðeins bera undir íslenska dómstóla, nema annar hvor aðilanna kjósi að vísa máli til gerðardóms.

Þrátt fyrir ofangreint getur hvor aðilinn sem er vísað máli til gerðardóms sem leysir úr því á grundvelli gerðardómsreglna Gerðardómsstofnunar Verslunarráðsins í Stokkhólmi (e. Arbitration Institute of the Stockholm Chamber of Commerce) eins og þær eru þegar samningur þessi er undirritaður.

Enn fremur segir að aðilarnir skuldbindi sig til að hlíta niðurstöðum gerðardóms án tafar og afsali sér rétti til hvers konar áfrýjunar að svo miklu leyti sem slíkt afsal getur átt sér stað með gildum hætti. Aðilarnir eru sammála um að niðurstöður gerðardóms skuli vera endanlegar og bindandi frá þeim degi sem þær eru gerðar. Aðilar samningsins skulu halda áfram að sinna skyldum sínum samkvæmt samningnum þrátt fyrir útistandandi ágreining þeirra í milli.

Grein 16.

Í 16. gr. er fjallað um óviðráðanleg atvik og áhrif þeirra á ábyrgð aðila vegna vanefnda af völdum slíkra atvika. Er þar kveðið á um hvers konar atvik teljist til óviðráðanlegra atvika. Enn fremur er kveðið á um að sá sem heldur því fram að brest á efndum megi rekja til slíkra atvika hafi sönnunarbyrðina fyrir þeirri staðhæfingu. Greinin mælir loks fyrir um tilkynningarskyldu aðila, til annarra samningsaðila, vegna óviðráðanlegra atvika sem leiða til brests á efndum. Sá aðili sem heldur fram óviðráðanlegum atvikum skal einnig gera sanngjarnar ráðstafanir til þess að takmarka áhrif vanefndar sem af því leiðir.

Grein 17.

Í 17. gr. er fjallað um samningstíma og framlengingu samningsins. Þar segir að samningurinn skuli teljast hafa gildi frá undirritun aðila. Enn fremur segir að samningurinn skuli gilda til 20 ára frá upphafi framleiðslu og falli þá úr gildi eða verði framlengdur samkvæmt grein 17.3.

Þá segir í greininni að hvenær sem er þar til einu ári fyrir lok gildistímans geti félagið geti Century eða félagið framlengt samninginn um 20 ár með sömu skilmálum, nema aðilar verði sammála um breytingar. Ákveði Century og félagið að framlengja ekki samninginn, skulu þeir tilkynna ríkinu a.m.k. einu ári fyrir lok gildistíma.

Loks segir í greininni að gildistími samningsins skuli lengjast um þann tíma sem samsvarar töf vegna óviðráðanlegra atvika.

Grein 18.

Í 18. gr. er fjallað um viðurkennda texta samningsins. Viðurkennt tungumál samningsins skal vera enska.

Grein 19.

Í 19. gr. er fjallað um framsal réttinda. Þar kemur fram að hvers konar framsal réttinda og skyldna allra aðila samkvæmt samningnum sé háð samþykki aðilanna. Samþykkja skal framsal án ástæðulauss dráttar.

Í greininni er og kveðið á um að þrátt fyrir ofangreint skuli félaginu heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningnum án samþykkis ríkisstjórnarinnar til fjármögnunaraðila sem tryggingu vegna fjármögnunar á verkinu. Með fyrirvara um samning milli ríkisstjórnar og viðeigandi fjármögnunaraðila, sé gengið að tryggingunni, er ríkisstjórninni skylt að samþykkja framsal réttinda félagsins samkvæmt samningi þessum til hvaða aðila sem er.

Grein 20.

Í 20. gr. er fjallað um breytingar og endurskoðun samningsins. Þar kemur fram að aðeins sé heimilt að breyta samningnum með skriflegum viðaukasamningi.

Einnig er þar að finna ákvæði um gagnkvæma sanngirni samningsaðila við framkvæmd samningsins og breytingar sem kunna að vera nauðsynlegar á honum vegna breyttra aðstæðna.

Hvorugur samningsaðila getur þó beitt þessu ákvæði fyrir 31. desember 2018 og ekki oftar en einu sinni á samningstímabilinu.

Í greininni er loks kveðið á um að greinin skuli gilda í stað ákvæðis 36. gr. laga nr. 7/1936.

Grein 21.

Í 21. gr. er fjallað um tilkynningar vegna samningsins. Í greininni er að finna ákvæði um með hvaða hætti tilkynningar skuli sendar og hvert beri að senda tilkynningar til einstakra aðila samningsins.

Grein 22.

Í 25. gr. er fjallað um fjölda samningseintaka og tilkynningu ríkisstjórnarinnar til Eftirlitsstofnunar EFTA. Í greininni er mælt fyrir um að gildistaka samningsins sé skilyrt við samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA.

Viðaukar.

Samningnum fylgir einn viðauki, þ.e. Viðauki A um sundurliðun á varanlegum rekstrarfjármunum og fyrningartafla.

Fylgiskjal III.

Lýsing á samningi um leyfisveitingar og gjaldtöku vegna fyrirhugaðs álvers Norðuráls ehf. á iðnaðarsvæði við Helguvíkurhöfn milli Reykjaneshafnar (hér eftir „RNH"), Reykjanesbæjar, sveitarfélagsins Garðs og Norðuráls Helguvíkur ehf. dags. 4. janúar 2007.

1. Inngangur.

Einn þeirra samninga sem gerður var vegna verkefnisins var samningur um leyfisveitingar og gjaldtöku. Slíkur samningur var milli Reykjaneshafnar (hér eftir „RNH"), Reykjanesbæjar, sveitarfélagsins Garðs og Norðuráls Helguvíkur ehf. (hér eftir nefnt „félagið"). Kom samningurinn í stað fyrri samnings Norðuráls ehf. og Reykjanesbæjar, dags. 2.7 apríl 2006. Samningurinn er 4 greinar og fer hér á eftir lýsing á helstu atriðum samningsins til útskýringa, en lýsingunni er ekki ætlað að vera tæmandi skýringargagn á efni samningsins.

2. Lýsing á einstökum atriðum samning um leyfisveitingar og gjaldtöku.

Í inngangi er fjallað stuttlega um aðdraganda og aðila samningsins.

Grein 1.

Í 1. gr. samningsins er fjallað um skipulagsmál og gatnagerðargjöld. Fyrst er kveðið á um að sveitarfélögin munu í sameiningu vinna að því að aðalskipulagi sveitarfélaganna og Keflavíkurflugvallar verði þannig að landsspilda innan núverandi varnarsvæðis og lögsagnarmarka Sveitarfélagsins Garðs, samtals 1.156.193,46 fermetrar að flatarmáli sbr. fylgiskjal 1 við samninginn verði sameinað iðnaðarsvæðinu umhverfis Helguvíkurhöfn. Þá er kveðið á um að félagið skuli hvorki greiða gatnagerðargjöld samkvæmt lögum nr. 17/1996 til sveitarfélagsins né aðra skatta, gjöld eða þóknun sem kunna að verða lögð á í stað þeirra enda mun félagið á eigin kostnað sjá um gatnagerð innan lóðar sinnar á iðnaðarsvæðinu og þá verkþætti sem almennt eru látnir í té sem endurgjald fyrir álögð gatnagerðargjöld sveitarfélaga. Einnig er mælt fyrir um skyldu sveitarfélaganna til vegtenginga að lóðamörkum. Í greininni er loks vísað til skyldna Reykjanesshafnar og verkaskiptingar aðila samkvæmt lóðaleigusamningi.

Grein 2.

Í 2. gr. samningsins er fjallað um fasteignaskatt. Í greininni kemur fram að sveitarfélögin muni leita eftir því við ráðherra að mannvirki þau sem reist kunna að verða af hálfu félagsins, verði undanþegin fasteignamati, samanber heimild í lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Félagið mun greiða fasteignaskatt sem verður sambærilegur þeim sem greitt hefur verið vegna mannvirkja á Grundartanga, að teknu tilliti til stærðar mannvirkja og framleiðslugetu.

Í greininni er mælt fyrir um að við ákvörðun og áætlun stofnverðs skuli fylgt sömu viðmiðunum og gert var við sambærilega ákvörðun skattstofns við álver Norðuráls á Grundartanga. Aðilar skuli í sameiningu ljúka þeirri áætlun, sem skal lokið eigi síðar en 1. október 2007 og miðast við verðlag á þeim tíma. Verði ágreiningur um niðurstöðu skal heimilt að vísa honum til meðferðar í samræmi við lóðar- og hafnarsamninga aðila.

Í greininni kemur fram að framangreindur fasteignaskattur skuli lagður á og innheimtur á sama hátt og almennur fasteignaskattur, skv. lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Fasteignaskatturinn skal fyrst lagður á 1. janúar árið eftir að starfsræksla álversins hefst. Skatturinn skal verðtryggður með vísitölu byggingarkostnaðar.

Í greininni kemur einnig fram að stofnverðið skuli tekið til endurskoðunar, verði verulegar breytingar á fyrirhuguðum byggingum sem leiða til þess að byggingarkostnaður hækkar eða lækkar um 5%. Við stækkun álversins skuli fara fram nýtt mat á stofnvirði, og verði skattur álagður og greiddur samkvæmt sömu viðmiðunum og mælt er fyrir um í greininni frá og með 1. janúar árið eftir að viðbótin er tekin í notkun.

Í greininni er loks tekið fram að sveitarfélögin skipti tekjum af fasteignagjöldum á milli sín að jöfnu, miðað við álver með allt að 250 þúsund tonna ársframleiðslugetu. Komi til frekari stækkunar ráða lögsögumörk sveitarfélaganna að því er varðar fasteignagjöld af þeim viðbótarmannvirkjum sem reistu kunna að verða. Hvor aðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á skiptingu fasteignagjalda að liðnum 20 árum frá því að framleiðslugeta hefur náð um 250 þúsund tonnum á ári.

Grein 3.

Í 3. gr. samningsins er fjallað um skipulagsmál og byggingarleyfi. Í greininni kemur fram að sveitarfélögin muni koma á sjálfstæðri byggingarnefnd sem fjalla mun um öll byggingarmál álversins svo og byggingareftirlit meðan á framkvæmdum stendur.

Þá kemur fram að byggingarnefndin muni gefa út byggingarleyfi til byggingar álversins og tilheyrandi aðstöðu, í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, byggingarreglugerðar og skilyrði sem sett kunna að vera við mat á umhverfisáhrifum. Komi til þess að lagaheimild þurfi til stofnunar slíkrar sjálfstæðrar sameiginlegrar byggingarnefndar munu byggingarnefndir sveitarfélaganna hvors fyrir sig gefa út nauðsynleg framkvæmda- og byggingaleyfi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997.

Þá er kveðið á um að félagið greiði sveitarfélögunum byggingarleyfisgjald vegna útgáfu byggingarleyfis fyrir álverksmiðju með framleiðslugetu er nemur allt að 180.000 tonna álframleiðslu. Verði stækkun, endurnýjun og þess háttar skuli samið sérstaklega um greiðslu byggingarleyfisgjalda.

Grein 4.

Í 4. gr. samningsins er fjallað um önnur ákvæði. Í greininni kemur fram að álagning gjalda miðist við álver með tiltekna framleiðslugetu. Í greininni er mælt fyrir um endurskoðun samningsins verði breytingar á gildistíma hans á lögum um tekjur sveitarfélaga þannig að heimilisfesti viðkomandi fyrirækis hafi áhrif á tekjuskiptingu á milli þeirra.

Í greininni er mælt fyrir um að Reykjaneshöfn muni leita eftir því við Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. (og eftir atvikum Varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins) að fá leigt land innan núverandi varnarsvæðis og innan lögsagnarmarka Sveitarfélagsins Garðs, eins og nánar er lýst í fylgiskjali við samninginn, samtals 1.156.193,46 fermetrar að flatarmáli. Á umræddri lóð er gert ráð fyrir að lóðin vestanverð, þ.e. frá álverinu að núverandi Garðsvegi, verði ekki tekin undir aðra starfsemi. Að liðnum 20 árum frá því að framleiðsla álversins er komin í 250 þúsund tonn á ári, getur farið fram endurskoðun á nýtingu þessa hluta lóðarinnar, enda sé fyrirsjáanlegt að félagið hyggist ekki nýta lóðina undir eigin starfsemi.

Í greininni kemur fram að gildistaka samningsins sé háð því að áform félagsins um byggingu álvers í Helguvík gangi eftir og með fyrirvara um að lóðar- og hafnarsamningar verði virkir. Samningurinn gildir svo lengi sem lóðarsamningur við Reykjaneshöfn er í gildi.

Í greininni er þá mælt fyrir um að verði ágreiningu um túlkun samningsins skulu aðilar leitast við að leysa ágreining sinn. Takist það ekki skuli mál borið undir Héraðsdóm Reykjaness.

Í greininni kemur loks fram að samningurinn sé framseljanlegur af hálfu félagsins til hlutafélags eða sameignarfélags í eigu sömu aðila.

Samningi um leyfisveitingar og gjaldtöku fylgir eitt fylgiskjal, (lóðakort) (1)

Fylgiskjal IV.

Lýsing á hafnarsamningi milli Reykjaneshafnar og Norðuráls Helguvíkur ehf., dags. 27. Apríl 2006, með síðari breytingum (13. maí 2008).

1. Inngangur.

Einn þeirra samninga sem gerður var vegna verkefnisins var hafnarsamningur um stækkun og breytingu á aðstöðu við höfnina í Helguvík. Slíkur hafnarsamningur var milli Reykjaneshafnar (hér eftir „RNH“) og Norðuráls Helguvíkur ehf. (hér eftir nefnt „félagið“). Samningurinn er 15 greinar og fer hér á eftir lýsing á helstu atriðum samningsins til útskýringa, en lýsingunni er ekki ætlað að vera tæmandi skýringargagn á efni samningsins. Til hægðarauka er látið nægja að vísa í lýsingu á lóðarsamningi þegar um sameiginleg ákvæði er að ræða.

2. Lýsing á einstökum atriðum hafnarsamnings.

Í inngangi er fjallað stuttlega um aðdraganda og aðila samningsins.

Grein 1.

Í 1. gr. samningsins eru skýrð ýmis aðilaheiti, önnur heiti og hugtök, með tilliti til þess hvaða merkingu beri að leggja í þau í samningnum. Einnig er að finna útlistun á því hvernig skýra beri hin ýmsu atriði samningsins.

Grein 2.

Í 2. gr. er fjallað um rekstur hafnarinnar. Í greininni kemur fram að RNH skuli á eigin kostnað sjá um að viðhalda höfninni og hafnarmannvirkjum og veita álverinu þjónustu. Þá er enn fremur kveðið á um skyldur RNH, vegna tjóns eða eyðileggingar sem kann að verða á höfninni eða hafnarmannvirkjum.

Í greininni er þá mælt fyrir um að RNH skuli uppfylla þær kröfur sem lýst er í í Viðauka C með hliðsjón af Viðauka D innan 24 mánaða eftir tilkynningardag, þ.e. þann dag sem félagið sendir RNH skriflega tilkynningu um að óskilyrtur rafmagnssamningur hafi verið undirritaður og að lokaákvörðun hafi verið tekin um að hefjast handa við verkefni. Þó skal

félagið hafa aðgang að viðlegukanti E eigi síðar en 18 mánuðum eftir tilkynningardag í því skyni að hefja uppsetningu búnaðar og aðstöðu sem lýst er í Viðauka D.

Í greininni kemur loks fram að komi til frekari stækkunar á álverinu kunni að reynast nauðsynlegt að gera frekari breytingar á höfninni en þeim sem lýst er í Viðauka C.

Grein 3.

Í 3. gr. er fjallað um búnað, sem félagið kann að þurfa að setja upp vegna starfsemi sinnar og notkun á honum. Í greininni er kveðið á um að félagið hafi heimild til að setja upp og starfrækja á eigin kostnað og áhættu búnað, eins og nánar er tilgreint í Viðauka D, en félagið hafi einnig fullt eignarhald á hafnarbúnaði sínum og sé heimilt að fjarlægja hann hvenær sem er í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og starfsleyfis. Þegar gildistími samningsins er runninn út eða samningnum sagt upp skal félagið fjarlæga hafnarbúnað sinn innan sanngjarnra tímamarka eða eignaráð yfir slíkum búnaði flytjast yfir til RNH eftir samkomulagi.

Í greininni segir að félagið skuli ekki greiða lóðarleigu eða önnur sambærileg gjöld til RNH fyrir afnot af hafnarsvæðinu undir hafnarbúnað sinn og aðra nauðsynlega starfsemi.

Í greininni er einnig kveðið á um heimild RNH til að nota krana þá, sem félagið setur upp, í þágu annarra notenda hafnarinnar, með samþykki félagsins og gegn greiðslu sanngjarns endurgjalds ákveðnu af félaginu.

Grein 4.

Í 4. gr. er fjallað um afnot félagsins af höfninni. Í greininni kemur fram að félagið samþykki og hefur kynnt sér ítarlega efni NATO samningsins, þ.e. samnings milli ríkisstjórnar Íslands og yfirmanns Atlantshafsflotadeildarinnar um notkun Helguvíkurhafnar í viðskiptaskyni, dags. 24. ágúst 1995, og forgangsrétt skipa NATO að tilteknum hlutum hafnarinnar.

Þá er í greininni er kveðið á um forgangsrétt félagsins að viðlegukanti E í höfninni, sbr. Viðauka A. Meðan skip eru í höfninni á vegum álversins ber félaginu forgangsréttur að svæði A og B, samkvæmt lóðarkorti í Viðauka A. Félagið skal hafa samráð við önnur atvinnufyrirtæki sem nota svæðið og viðlegukantinn og RNH um notkunina. Enn fremur er kveðið á um fullan aðgang og afnot félagsins og umboðsmanna þess, starfsmanna og verktaka að höfninni, m.a. til lestunar og losunar á efni, búnaði og vöru til byggingar og rekstur álversins.

Þá er og kveðið á um að félagið skuldbindi sig til þess að nota aðeins höfnina til alls venjulegs innflutnings á helstu hráefnum til álversins sem og til alls útflutnings á áli sem framleitt er í álverinu, enda séu hafnargjöld samkeppnishæf við gjöld sem lögð eru á í öðrum höfnum á Íslandi. Félagið mun leggja reglulega fyrir RNH áætlun með 14 daga fyrirvara um konur og brottfarir sem þjóna álverinu og tilkynna með amk 3 daga fyrirvara um áætlaða komu skipa.

Í greininni er jafnframt kveðið á um ákveðna bótaskyldu RNH gagnvart félaginu, vanefni það skyldur sínar að tryggja félaginu þann forgang sem mælt er fyrir um í greininni. Réttur til ofangreindra skaðabóta fellur þó niður stafi slík vanefnd af starfsemi félagsins við höfnina, hafi félagið ekki sent RNH ofangreinda tilkynningu eða hafi félagið ekki orðið fyrir fjárhagslegu tjóni.

Grein 5.

Í 5. gr. er fjallað um skipulag og rekstur hafnarinnar. Samkvæmt greininni er höfnin og hafnarmannvirki í eigu og umsjón RNH. Höfnin er rekin sem almenn höfn í samræmi við hafnarlög. Í greininni kemur einnig fram að stjórn og rekstur hafnarinnar er í höndum hafnar-

stjórnar, fyrir hönd og á ábyrgð RNH. Hafnarstjóri sér um daglegan rekstur hafnarinnar fyrir hönd hafnarstjórnar.

Í greininni er þá kveðið á um að siglingar í höfninni, þ. á m. reglur um hafnsögu og notkun dráttarbáta og umferð á hafnarsvæðinu skulu vera eins og nánar er kveðið á um samkvæmt lögum.

Í greininni er enn fremur kveðið á um að rekstur hafnarinnar af hálfu RNH nái hvorki til lestunar eða losunar skipa í þágu félagsins, né starfrækslu eða viðhalds á eigin búnaði félagsins sem reist er á þess ábyrgð.

Í greininni er að endingu kveðið á um að ef RNH hætti að vera til sem lögpersóna vegna gjaldþrots, niðurlagningar eða endurskipulagningar, heldur samningurinn gildi sínu og verður á ábyrgð nýrrar hafnarstjórnar (staðgengils) og/eða sveitarfélagsins.

Grein 6.

Í 6. gr. er fjallað um hafnagjöld. Þar kemur fram að notkun hafnarinnar í þágu félagsins sé háð greiðslu hafnargjalda (skipagjalda og vörugjalda).

Samkvæmt greininni skulu skipagjöld vegna skipa á vegum félagsins ekki vera hærri eða víðtækari en skipagjöld sem tíðkast í öðrum höfnum á Suðvesturlandi.

Þá er kveðið á um ákveðna fjárhæð vörugjalda fyrir inn- og útflutning á hverja smálest, sem taka árlegum breytingum samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar. Þá er mælt fyrir um kjör félagsins, auki það framleiðslugetu sína að ákveðnu marki.

Loks er í greininni kveðið á um að félaginu sé ekki skylt að greiða RNH viðbótargjöld fyrir afnot af höfninni í tilgangi sem kveðið er á um í samningnum. Gjöld fyrir notkun hafnarinnar teljast innifalin í hafnargjöldum.

Grein 7.

Í 7. gr. samningsins er fjallað um stækkun hafnarinnar og hafnaraðstöðu. Í greininni segir að RNH beri ábyrgð á byggingu hafnarinnar og viðhaldi og að láta félaginu í té þá aðstöðu sem lýst er í Viðauka C með hliðsjón af efni Viðauka D. Hafnaraðstöðunni skal ekki breytt án samþykkis félagsins ef breytingar hafa áhrif á byggingu og rekstur álversins.

Þá segir enn fremur í greininni að forgangsréttur félagsins samkvæmt 4. gr. eigi ekki við um stækkanir sem fyrst og fremst er ráðist í fyrir aðra notendur, enda hafi slík stækkun eða notkun hafnarinnar af hálfu þriðja aðila engin áhrif á notkun hafnarinnar af hálfu eða í þágu félagsins.

Grein 8.

Hvað varðar lýsingu á 8. gr. (um lög sem gilda um deilumál) vísast til lýsingar á sambærilegu ákvæði í 5. gr. lóðarsamnings sem er efnislega samhljóða þessari grein.

Grein 9.

Hvað varðar lýsingu á 9. gr. (um óviðráðanleg atvik) vísast til lýsingar á sambærilegu ákvæði í 6. gr. lóðarsamnings sem er efnislega samhljóða þessari grein.

Grein 10.

Í 10. gr. er fjallað um samningstíma. Samningurinn öðlast gildi þann dag sem hann er undirritaður af hálfu samningsaðila. Hann gildir í 25 ár frá gangsetningardegi, það er þeim degi sem framleiðsla áls í atvinnuskyni er hafin í álverinu en framlengist eftir það sjálfkrafa

með sömu skilyrðum og skilmálum til 15 ára í senn nema aðilar komist að samkomulagi um nýja skilmála og skilyrði. Að öðru leyti er greinin í megindráttum samhljóða 4. gr. lóðarsamnings.

Um grein 12. (gildir textar), 13. (framsal), 14. (tilkynningar) og 15. (ýmis ákvæði) vísast til lýsingar á sambærilegum ákvæðum í 7., 8., 9., 10., 11. gr. í lóðarsamningi.

Hafnarsamningnum fylgja fjórir viðaukar, lóðarkort (A), hafnarbúnaður (tæknilýsing) (B), þarfir álversins fyrir hafnaraðstöðu (C), hafnarbúnaður (D).

Fylgiskjal V.

Lýsing á lóðarsamningi milli Reykjaneshafnar og Norðuráls Helguvíkur ehf., dags. 27. apríl 2006, með síðari breytingum (þann 29. apríl 2008).

1. Inngangur.

Einn þeirra samninga sem gerður var vegna verkefnisins var lóðarsamningur vegna lands undir væntanlegt álver. Slíkur lóðasamningur er milli Reykjaneshafnar (hér eftir „RNH“) og Norðuráls Helguvíkur ehf. (hér eftir nefnt „félagið“). Samningurinn er 11 greinar og fer hér á eftir lýsing á helstu atriðum samningsins til útskýringa, en lýsingunni er ekki ætlað að vera tæmandi skýringargagn á efni samningsins. Til hægðarauka er látið nægja að vísa í lýsingu á drögum að fjárfestingarsamningi þegar um sameiginleg ákvæði er að ræða.

2. Lýsing á einstökum atriðum lóðarsamnings.

Í inngangi er fjallað stuttlega um aðdraganda og aðila samningsins.

Grein 1.

Í 1. gr. samningsins eru skýrð ýmis aðilaheiti, önnur heiti og hugtök, með tilliti til þess hvaða merkingu beri að leggja í þau í samningnum. Einnig er að finna útlistun á því hvernig skýra beri hin ýmsu atriði samningsins.

Grein 2.

Í 2. gr. er kveðið á um leigu á lóð undir álverið. Í greininni kemur m.a. fram að RNH leigi félaginu undir álverið (sjá Viðauka B) landrými nálægt höfninni, annars vegar 11,8 hektara eða 118.149 fermetra landrými innan umdæmis Reykjanesbæjar og hins vegar 113,7 hektara eða 1.136.743 fermetra landrýmis innan umdæmis sveitarfélagsins Garðs. Götuheiti lóðarinnar er Stakksbraut 1, 235 Reykjanesbær. Til viðbótar leigir RNH ákveðin svæði innan hafnarsvæðisins (sjá Viðauka A), í heild 15.618 fermetra. Götuheiti þeirrar lóðar er Stakksbraut 4, 235 Reykjanesbær.

Þá kemur einnig fram í greininni að RNH ábyrgist að eiga lagalegan rétt og umboð til þess að leigja félaginu lóðina, að lóðin sé fallin til þeirra nota sem henni eru ætluð og að á henni hvíli engar kvaðir eða skyldur af neinu tagi.

Í greininni segir að RNH taki að sér allan nauðsynlegan undirbúning á lóðinni undir framkvæmdir, samkvæmt áætlun, þ.m.t. tímaáætlun, um undirbúning lóðarinnar eins og nánar er

kveðið á um í sérstökum Viðauka D með samningnum. RNH mun ekki hefja lóðaundirbúning fyrr en tilkynning berst frá félaginu (um að óskilyrtur rafmagnssamningur hafi verið undirritaður og að lokaákvörðun hafi verið tekin af hálfu félagsins um að hefjast handa við verkefnið). Greiðslum félagsins fyrir undirbúning og byggingarrétt til RNH er nánar lýst og þær áætlaðar í undirbúnings- og greiðsluáætlun í Viðauka D sem fylgir lóðarsamningnum.

Félagið mun greiða RNH fyrirframgreiðslu að tiltekinni upphæð, ekki síðar en 1. desember 2006, vegna kostnaði af undirbúningi lóðar og hafnar. Þá er mælt fyrir um tilhögun endurgreiðslu RNH á fyrrnefndri fjárhæð, verði samningnum sagt upp. Á degi ofangreindar tilkynningar mun félagið inna af hendi aðra fyrirframgreiðslu að ákveðinni fjárhæð vegna kostnaðar af undirbúningi lóðar og hafnar.

Í greininni segir að lóðin verði afhent félaginu án allra veðbanda, sérréttinda eða kvaða við undirritun samningsins og mælt er fyrir um heimild félagsins að leggja veðbönd, kvaðir eða veita annan fasteignarétt frá og með ofangreindum tilkynningadegi.

Í greininni er einnig kveðið á um að félagið hafi rétt, með fyrirvara um lagalegar skyldur og stjórnsýslulegar kröfur, að starfsleyfinu meðtöldu, til fjarlægja mannvirki sín og aðstöðu af leigulóðinni á eigin kostnað án ábyrgðar félagsins gagnvart RNH.

Þá er kveðið á um að félagið taki við vörslu leigulóðarinnar á afhendingardegi, þ.e. þegar félagið getur hafið byggingu álversins, og haldi þeim og afnotum af henni meðan lóðarsamningurinn er í gildi. Einnig kemur fram í greininni hver afnot félaginu skuli heimilt að hafa af lóðinni.

Í greininni segir enn fremur að félagið skuli á eigin kostnað sjá um að halda lóðinni og öllum endurbótum í góðu ástandi og í samræmi við starfsleyfi, þeirra leyfa sem kunna að verða veitt til viðbótar eða í staðinn fyrir starfsleyfið, auk tilheyrandi laga og reglugerða meðan á leigutímanum stendur.

Í greininni er að finna ákvæði um rétt félagsins til að auka starfsemi sína á lóðinni, að fengnum tilskildum leyfum.

Þá er fjallað um leigugreiðslur. Þar kemur fram að félagið skuli árlega greiða RNH leigugjald. Leigugjald kemur ekki til greiðslu fyrr en á afhendingardegi, en ársleigan skal greidd 31. janúar fyrir viðkomandi ár.

Í greininni er auk þessa kveðið á að félagið skuli hafa forkaupsrétt á leigulóðinni ef RNH, aðili sem tekur við af henni eða framsalshafi hyggist selja lóðina.

Þá er einnig vikið að ábyrgð RNH hvað varðar hugsanlegar kröfur á hendur félaginu. Í greininni segir að RNH skuli ábyrgjast allar kröfur sem kunna að rísa á hendur félaginu í tengslum við umhverfi lóðarinnar, hvort sem þær hafa stofnast fyrir eða eftir undirritun samningsins og vegna aðgerða eða aðgerðarleysis fyrir undirritun sem hefur með einhverjum hætti áhrif á lóðina.

Loks er í greininni vikið að ábyrgð félagsins gagnvart RNH. Þar segir að félagið skuli ábyrgjast allar kröfur sem kunna að rísa á hendur RNH í tengslum við vanrækslu félagsins á að viðhalda lóðinni í samræmi við ákvæði starfsleyfis, og/eða önnur svipuð leyfi sem kunna að verða veitt til viðbótar eða í staðinn fyrir starfsleyfið og gildandi lög og reglugerðir á samningstímanum.

Grein 3.

Í 3. gr. er fjallað um rekstrarlok og uppsögn samningsins. Í greininni kemur fram að ef um endanlega stöðvun á starfrækslu álversins er að ræða skuli ekki gerðar neinar kröfur um frágang á lóðinni, að því tilskildu að félagið eða sá aðili, sem tekið hefur við starfseminni,

ábyrgist að öll hættuleg úrgangsefni á yfirborðinu frá álverinu verði fjarlægð úr álverinu og af lóðinni. Félaginu skal ekki skylt að fjarlægja úrgang af urðunarsvæðum eða flæðigryfjum innan iðnaðarsvæðisins við höfnina, að svo miklu leyti sem slíkur úrgangur hefur hlotið meðferð í samræmi við starfsleyfið og/eða leyfi sem komið hefur í þess stað. Þá er félaginu gert skylt að fjarlægja innan sanngjarnra tímamarka álverið og tilheyrandi mannvirki en að öðrum kosti flytjist eignarráð yfir slíkum mannvirkjum, endurbótum og búnaði álversins til RNH. Í greininni segir einnig að RNH geti með 90 daga skriflegum fyrirvara sagt upp samningnum ef greiðslur, sem félagið átti að inna af hendi samkvæmt samningnum, hafa ekki verið greiddar innan 90 daga frá gjalddaga. Félaginu ber að greiða útistandandi fjárhæð ásamt vöxtum til RNH innan 30 daga frá uppsögninni og efna þannig endanlega og að fullu skyldur sína samkvæmt samningnum.

Grein 4.

Í 4. gr. er fjallað um samningstímann. Samkvæmt greininni öðlast samningurinn gildi við undirskrift aðilanna og heldur gild í 50 ár frá þeim degi sem framleiðsla áls í atvinnuskyni er hafin í álverinu. Í lok þess tíma, framlengist samningurinn sjálfkrafa með sömu skilyrðum og skilmálum til 15 ára í senn nema aðilar komist að samkomulagi um nýja skilmála og skilyrði.

Þá er einnig kveðið á um uppsagnarétt RNH hafi félagið ekki, innan 4 ára, sent tilkynningu um að óskilyrtur rafmagnssamningur hafi verið undirritaður og að lokaákvörðun hafi verið tekin um að hefjast handa við verkefnið, og ef félagið hefur ekki unnið af alvöru og góðri trú að framkvæmdum við verkefnið lengur en 6 mánuði. Slík uppsögn tekur gildi 6 mánuðum eftir móttökudag, en hefur ekkert gildi ef félagið hefur á því 6 mánaða tímabili eða eftir því sem við á rekstur eða byggingu álversins.

Í greininni er loks kveðið á um uppsagnarrétt félagsins fyrir tilkynningardag.

Grein 5.

Í 5. gr. er fjallað um lög þau sem farið skal eftir og lausn deilumála. Í greininni segir að með samninginn skuli farið að íslenskum lögum, nema kveðið sé á um annað í samningnum.

Í greininni segir að ágreining varðandi samninginn skuli aðeins bera undir íslenska dómstóla, nema annar hvor aðilanna kjósi að vísa málinu til gerðardóms og tilkynni aðila um það skriflega.

Þrátt fyrir ofangreint er mögulegt að vísa öllum deilumálum til gerðardóms sem leysir úr því á grundvelli gerðardómsreglna Gerðardómsstofnunar Verslunarráðsins í Stokkhólmi („Arbitration Institute of the Stockholm Chamber of Commerce“) eins og þær eru þegar samningur þessi er undirritaður.

Enn fremur segir að aðilarnir skuldbindi sig til að hlíta niðurstöðum gerðardóms án tafar og afsali sér rétti til hvers konar áfrýjunar að svo miklu leyti sem slíkt afsal getur átt sér stað með gildum hætti. Enn fremur segir að aðilarnir séu sammála um að gerðardómur sé endanlegar og bindandi frá þeim degi sem þeir eru uppkveðnir.

Grein 6.

Í 6. gr. er fjallað um óviðráðanleg ytri atvik og áhrif þeirra. Í greininni segir að ef gildistími samningsins skuli lengjast um þann tíma sem samsvarar töf vegna óviðráðanlegra atvika. Hvað varðar 6. gr. vísast annars til lýsingar á 16. gr. draga að fjárfestingarsamningi sem er efnislega samhljóða.

Grein 7.

Í 7. gr. er mælt fyrir um viðurkenndan texta samningsins, en íslenski og enski textinn skulu hafa jafnt gildi. Þó er tekið fram að ef ósamræmis eða árekstra gæti milli textanna skuli tekið tillit til þess að samningaviðræður fóru fram á ensku.

Grein 8.

Í 8. gr. er fjallað um framsal réttinda. Þar kemur fram að hvers konar framsal réttinda og skyldna allra aðila samkvæmt samningnum sé háð samþykki aðilanna. Samþykkja skal framsal án ástæðulauss dráttar.

Í greininni er og kveðið á um að þrátt fyrir ofangreint skuli félaginu heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningnum án samþykkis RNH til fjármögnunaraðila sem tryggingu vegna fjármögnunar á verkinu. RNH ber að eiga samstarf við félagið að því er varðar hvers kyns ráðstafanir í tengslum við fjármögnun verkefnisins.

Í greininni kemur þá fram að RNH sé samkvæmt samningnum heimilt, með tilkynningu til félagsins, að framselja réttindi sín og skyldur samkvæmt samningnum til Reykjanesbæjar, hlutafélags í meirihlutaeigu Reykjanesbæjar eða RNH og/eða annarra nágrannasveitarfélaga sem stjórna og viðhalda iðnaðarsvæðinu við höfnina.

Í greininni kemur loks fram að félaginu sé heimilt þrátt fyrir ofangreint að framselja samninginn til tengdra fyrirtækja.

Grein 9.

Í 9. gr. er mælt fyrir um breytingar og endurskoðun samningsins. Þar kemur fram að aðeins sé heimilt að breyta samningnum með skriflegum viðaukasamningi. Einnig er þar að finna ákvæði um gagnkvæma sanngirni samningsaðila við framkvæmd samningsins og breytingar sem kunna að vera nauðsynlegar á honum vegna breyttra aðstæðna. Hvorugur samningsaðila getur þó beitt þessu ákvæði fyrir 1. janúar 2012 og ekki oftar en einu sinni á samningstímabilinu eða oftar en einu sinni á hverju 15 ára framlengingartíma. Í greininni er loks kveðið á um að greinin skuli gilda í stað ákvæðis 36. gr. laga nr. 7/1936.

Grein 10.

Í 10. gr. er fjallað um tilkynningar vegna samningsins. Í greininni er að finna ákvæði um með hvaða hætti tilkynningar skuli sendar og hvert beri að senda tilkynningar til einstakra aðila samningsins.

Grein 11.

Í 11. gr. er fjallað um frest sem samningsaðilum er gefinn til þess að leiðrétta vanefnd sem og fjölda samningseintaka.

Samningnum fylgja einnig fjórir viðaukar, þ.e. uppdráttur er sýnir iðnaðarsvæði við höfnina (A), lóðakort, þar sem sýnd eru stærð og mörk lóðarinnar, hafnarinnar og annarra landssvæða (B), veðbókarvottorð (C) og áætlun um undirbúning álverslóðar (D).

Fylgiskjal VI.

**Orkusamningur milli Orkuveitu Reykjavíkur og Norðuráls Helguvíkur ehf.
frá 7. júní 2007,
með breytingum frá 30. júní 2008 og 30. desember 2008.**

Inngangur.

Gerðir hafa verið tveir raforkusamningar fyrir fyrirhugað álver í Helguvík. Annar orkusamningurinn er á milli Orkuveitu Reykjavíkur (hér eftir vísað til sem „OR“) og Norðuráls Helguvíkur ehf. (hér eftir nefnt „félagið“). Hér á eftir fer stutt lýsing á samningnum til útskýringa á efni hans. Lýsingunni er ekki ætlað að vera tæmandi skýringargagn á efni samningsins.

Forsendur samningsins

Í inngangi er fjallað stuttlega um aðdraganda og aðila samnings. Samningurinn lýtur að sölu á raforku til álvers í Helguvík. Álverið mun verða reist í einu áfangaskiptu ferli, með grunnafkastagetu til framleiðslu á 360.000 tonnum á ári og er að því stefnt að starfræksla geti hafist árið 2011. Gert er ráð fyrir fjórum áföngum með 90.000 tonna ársframleiðslu.

OR býst við að hafa tiltæka raforku fyrir starfrækslu álversins úr eftirfarandi virkjunum:

1. Hellisheiði (5) og (6), en áætlað er að hefja raforkuframleiðslu á öðrum og þriðja ársfjórðungi 2011.
2. Hverahlíð (1) og (2), en áætlað er að hefja raforkuframleiðslu á þriðja og fjórða ársfjórðungi 2012.
3. Gráuhnúkar (1), en áætlað er að hefja raforkuframleiðslu þar árið 2013.

Ýmis hugtök eru þá skýrð, með tilliti til þess hvaða merkingu beri að leggja í þau í samningnum. Einnig er að finna umfjöllun um hvernig skýra beri hin ýmsu atriði samningsins.

Afhending raforku

Samningurinn kveður á um það magn raforku sem OR ber að hafa tiltækt á hverjum tíma fyrir félagið samkvæmt gangsetningaráætlun. Nema annað sé um samið mun OR afhenda félaginu raforku samkvæmt eftirfarandi:

Áfangi	**Magn orku á hvern áfanga**	**Samtals veitt orka**
Áfangi 1.,	47,5 MW	47,5 MW
Áfangi 2.,	85 MW	132,5 MW
Áfangi 3.,	42,5 MW	175 MW

Síðar í samningnum er einnig kveðið á um að aðilar skuldbinda sig til þess að ganga til samningsviðræðna um 75 MW rafmagns fyrir áfanga 4.

Umsamin raforka verður aðallega á tryggðum grundvelli (forgangsafl og forgangsorka) en einnig á ótryggðum grundvelli (afgangsafl og afgangsorka). Nánar tiltekið verður umsamin raforka eftir áföngum eftirfarandi:

Áfangi 1	**Trygg**	**Ótrygg**	**Samtals**
Afl áfanga 1			
(meðaltal á klst.)	42,8 MW	4,7 MW	47,5 MW
Orka á almanaksári	375 GWh	41 GWh	416 GWh

Áfangi 2	**Trygg**	**Ótrygg**	**Samtals**
Afl áfanga 2			
(meðaltal á klst.)	76,5 MW	8,5 MW	85 MW
Orka á almanaksári	670 GWh	74 GWh	744 GWh

Áfangi 3	**Trygg**	**Ótrygg**	**Samtals**
Afl áfanga 3			
(meðaltal á klst.)	38,3 MW	4,2 MW	42,5 MW
Orka á almanaksári	336 GWh	37 GWh	373 GWh

Samtals verður umsamin raforka samkvæmt samningnum:

Áfangi 1–3 (Samtals)	**Trygg**	**Ótrygg**	**Samtals**
Afl áfanga 1–3			
(meðaltal á klst.)	157,5 MW	17,5 MW	175 MW
Orka á almanaksári	1380 GWh	153 GWh	1533 GWh

Í samningnum kemur fram að umsamin raforka skuli vera stöðugt tiltæk í áðurnefndu afl- og orkumagni án sérstakra takmarkana utan þeirra sem getið er í greininni.

Dagssetningar afhendingar raforku skulu vera í samræmi við gangsetningaráætlun eða síðari dagssetningar sem kunna að verða ákveðnar af aðilum.

Afhendingarstaður raforku mun vera samkvæmt flutningssamningi félagsins við Landsnet hf.

Hvað varðar tryggð lágmarkskaup félagsins, þá skuldbindur það sig frá dagsetningum afhendinga að greiða fyrir tiltekið raforkumagn að lágmarki á sérhverju 12 mánaða tímabili, hvort sem það er nýtt eða ekki.

Mæling á afhentri raforku og flutningur

Um mælingu á afhentri raforku og flutning hennar fer samkvæmt flutningssamningi félagsins við Landsnet hf.

Raforkuverð

Samkvæmt samkomulagi um trúnað milli samningsaðila ber að fara með ákvæði samningsins um raforkuverð og kjör sem trúnaðarmál. Er því ekki unnt að greina frá ákvæðum þessum.

Almenn ákvæði

Almenn ákvæði samningsins eru sambærileg því sem tíðkast hefur í samningum um orkusölu til álversins á Grundartanga hingað til.

Í samningnum er mælt fyrir um að eigið fé félagsins skuli ávallt vera yfir ákveðnu hlutfalli og að lágmarki 150 milljónir bandaríkjadala eftir að 150 þúsund tonna árs framleiðslugetu hefur verið náð, nema OR samþykki annað.

OR skuldbindur sig í samningnum til þess að ganga til samningaviðræðna við félagið um sölu á 75 MW rafmagns fyrir áfanga 4.

Gildistími samningsins er 25 ár frá sérhverjum afhendingardegi raforku. Að liðnum 20 árum frá sérhverjum afhendingardegi raforku skulu samningsaðilar hafa lokið viðræðum varðandi framlengingu samningsins um ekki minna en 10 ár frá sérhverjum lokadagi hans með skilmálum sem báðir aðila geta fellt sig við.

Samningnum verður ekki rift nema af ástæðum sem takmarkast við mjög stórfelldan efndabrest.

Um samninginn gilda íslensk lög og sérhvern ágreining skal bera undir íslenska dómstóla, nema annar hvor aðilanna kjósi að vísa máli til gerðardómsmeðferðar.

Efni samningsins er trúnaðarmál og ekki má upplýsa um efni hans nema með fyrirfram skriflegu leyfi samningsaðila.

Framsal réttinda og skyldna aðila samkvæmt samningnum er háð samþykki gagnaðila.

Hvað varðar breytingar á eignarhaldi á félaginu (e. *Change of control*) þá eru slíkar breytingar háðar samþykki OR samkvæmt sambærilegu ákvæði og lagt er til í drögum að fjárfestingarsamningi.

Í samningum eru sett ákveðin skilyrði fyrir gildistöku hans. Hvað varðar OR telst samningurinn ekki bindandi fyrr en samþykki eigenda og stjórnar OR hefur fengist. Auk þess eru ákveðin skilyrði fyrir afhendingu varðandi hvern áfanga. Skilyrði þessi lúta að fjármögnun, skipulagsmálum, mati á umhverfisáhrifum, arðsemi einstakra virkjana, niðurstöðum tilraunaborana, öflun starfsleyfa og öðrum skuldbindingum OR. Hvað varðar félagið þá eru skilyrði hvað varðar samþykki stjórnar, fjármögnun og frekari orkuöflun.

Fylgiskjal VII.

Orkusamningur milli HS Orku ehf. og Norðuráls Helguvíkur ehf. frá 23. apríl 2007, með breytingum frá 30. júní 2008 og 29. desember 2008.

Inngangur

Gerðir hafa verið tveir raforkusamningar fyrir fyrirhugað álver í Helguvík. Annar orkusamningurinn er á milli HS Orku ehf. (hér eftir vísað til sem „HS“) og Norðuráls Helguvíkur ehf. (hér eftir nefnt „félagið“). Hér á eftir fer stutt lýsing á samningnum til útskýringa á efni hans. Lýsingunni er ekki ætlað að vera tæmandi skýringargagn á efni samningsins.

Forsendur samningsins

Í inngangi er fjallað stuttlega um aðdraganda og aðila samnings. Samningurinn lýtur að sölu á raforku til álvers í Helguvík. Félagið hyggst reisa álverið í einu áfangaskiptu ferli, með

grunnafkastagetu til framleiðslu á allt að 360.000 tonnum á ári og er að því stefnt að starfræksla geti hafist árið 2011 og byggingu verði lokið árið 2015. Gerir félagið þannig ráð fyrir fjórum áföngum með 90.000 tonna ársframleiðslu.

Afhending raforku

Samningurinn kveður á um það magn raforku sem HS ber að hafa tiltækt á hverjum tíma fyrir félagið samkvæmt gangsetningaráætlun. Nema annað sé um samið mun HS afhenda félaginu raforku samkvæmt eftirfarandi:

Fyrir áfanga 1 skal HS afhenda félaginu samtals 100 MW. HS skal auk þess veita félaginu allt að 50 MW af viðbótarraforku á ákveðinni dagssetningu eða á dagssetningu sem kann að verða ákveðin af aðilum, byggðri á getu HS til þess að framleiða slíka raforku.

HS skuldbindur sig jafnframt til vinna að sanngirni að því, með hliðsjón af raforku sem tiltæk er frá öðrum orkufyrirtækjum, að afla viðbótarraforku sem nauðsynleg getur verið til þess að ljúka byggingu á heilli kerlínu fyrir álverið. Mælt er fyrir um lágmarksarðsemi HS af eigin fé að ákveðnu hlutfalli.

Umsamin raforka verður aðallega á tryggðum grundvelli (forgangsafl og forgangsorka) en einnig á ótryggðum grundvelli (afgangsafl og afgangsorka). Nánar tiltekið verður umsamin raforka eftirfarandi:

Áfangi 1	**Trygg**	**Ótrygg**	**Samtals**
Tiltækt afl (meðaltal á klst.)	135 MW	15 MW	150 MW
Orka á almanaksári	1182,6 GWh	131,4 GWh	1314 GWh

Umsamin raforka skal stöðugt tiltæk í áðurnefndu afl- og orkumagni án sérstakra takmarkana utan þeirra sem getið er í samningnum.

Félagið mun þarfnast raforku á meðan byggingarframkvæmdum stendur. Samningsaðilar munu vinna sameiginlega að því að ákvarða tímasetningu, skilmála og skilyrði afhendingar slíkrar raforku. Í samningnum er þá mælt fyrir um verð á slíkri raforku til byggingarframkvæmda.

Fyrsti afhendingardagur áfanga 1 á raforku skal vera í samræmi við gangsetningaráætlun áfanga 1 eða síðari dagssetningu sem kunna að verða ákveðnar af aðilum.

Afhendingarstaður rafmagns mun fara eftir flutningasamningi félagsins við Landsnet hf.

Hvað varðar tryggð lágmarkskaup félagsins, þá skuldbindur félagið sig frá afhendingardegi áfanga 1 að greiða fyrir tiltekið raforkumagn að lágmarki á sérhverju 12 mánaða tímabili, hvort sem það er nýtt eða ekki.

Mæling á afhentri raforku og flutningur

Um mælingu á afhentri raforku og flutning hennar fer samkvæmt flutningssamningi félagsins við Landsnet hf.

Raforkuverð

Samkvæmt samkomulagi um trúnað milli samningsaðila bera að fara með ákvæði samningsins um raforkuverð og kjör sem viðskiptaleyndarmál. Er því ekki unnt að greina frá ákvæðum þessum í einstökum atriðum.

Almenn ákvæði

Almenn ákvæði samningsins eru sambærileg því sem tíðkast hefur í samningum um orkusölu til álversins á Grundartanga hingað til.

Í samningnum er mælt fyrir um að eigið fé félagsins skuli ávallt vera yfir ákveðnu hlutfalli og ekki minna en 150 milljónir bandaríkjadala þegar 150 þúsund tonna árlegri framleiðslugetu er náð, nema HS samþykki annað.

Gildistími samningsins er frá undirritun samningsins í 25 ár eftir afhendingardag raforku. Að liðnum 20 árum frá afhendingardegi áfanga 1 skulu samningsaðilar hafa lokið viðræðum varðandi framlengingu samningsins um ekki minna en tíu ár frá viðeigandi lokadegi hans með skilmálum sem báðir aðila geta fellt sig við.

Samningnum verður ekki rift nema af ástæðum sem takmarkast við mjög stórfelldan efndabrest.

Um samningin gilda íslensk lög og skal sérhvern ágreining bera undir íslenska dómstóla, nema annar hvor aðila kjósi að vísa máli til gerðardómsmeðferðar.

Efni samningsins er trúnaðarmál og ekki má upplýsa um efni hans nema með fyrirfram skriflegu leyfi samningsaðila.

Framsal réttinda og skyldna aðila samkvæmt samningnum er háð samþykki gagnaðila.

Hvað breytingar á eignarhaldi á félaginu (e. *Change of control*) varðar eru slíkar breytingar háðar samþykki HS samkvæmt sambærilegu ákvæði og lagt er til í drögum að fjárfestingarsamningi.

Í samningnum eru sett ákveðin skilyrði fyrir gildistöku hans. Hvað HS varðar telst skuldbinding þess til afhendingar á umsaminni raforku ekki bindandi þar til samþykki stjórnar HS hefur fengist. Auk þess lúta skilyrðin að mati á umhverfisáhrifum, arðsemi einstakra virkjana, niðurstöðum tilraunaborana og samningagerð við sveitarfélög og flutningsaðila. Hvað varðar félagið eru skilyrði um samþykki stjórnar og fjármögnunaraðila, skilyrði annarra orkusamninga, flutningssamnings og öflun starfsleyfa.

Fylgiskjal VIII.

Tengi- og flutningssamningur varðandi flutning raforku til álvers Norðuráls Helguvíkur sf. í Helguvík milli Landsnets hf. og Norðuráls Helguvíkur ehf. frá 3. október 2007.

Inngangur

Gerður hefur verið samningur um flutning raforku fyrir rekstur álversins milli Landsnets hf. (hér eftir vísað til sem „Landsnet“) og Norðuráls Helguvíkur ehf. (hér eftir nefnt „félagið“) þann 3. október 2007. Um er að ræða hefðbundinn samning við stórnotanda sem tengist flutningskerfi Landsnets. Hér fer á eftir stutt lýsing til útskýringa á efni samningsins. Lýsingunni er ekki ætlað að vera tæmandi skýringargagn á efni hans.

Forsendur samningsins

Í inngangi er fjallað stuttlega um aðdraganda og aðila samningsins. Samningurinn lýtur að flutningi á raforku til álvers í Helguvík. Félagið áformar að reisa álverið í einu áfangaskiptu ferli, með grunnafkastagetu til framleiðslu á allt að 360.000 tonnum á ári og er að því

stefnt að starfræksla geti hafist árið 2011 og byggingu verði lokið árið 2015. Gerir félagið þannig ráð fyrir fjórum áföngum með 90.000 tonna ársframleiðslu.

Umfang samningsins

Með samningnum skuldbindur Landsnet sig til að tryggja flutning á umsaminni raforku til álversins, standa að mannvirkjagerð vegna framkvæmda við flutningskerfið og sjá um tengingu álversins og orkuframleiðanda við flutningskerfið. Félagið skuldbindur sig til þess að móttaka umsamda raforku og að Landsneti verði greitt fyrir flutning þeirrar raforku. Samningurinn varðar því flutning umsaminnar orku frá afhendingarstað innmötunar og afhendingarstað úttektar.

Framkvæmdir við flutningskerfið

Í samningnum er mælt fyrir um að Landsnet muni hanna og byggja flutningsvirki sem tilbúin verða fyrir áætlaða afhendingardaga. Landsnet mun gera sitt besta til þess að halda tímaáætluninni sem er til viðmiðunar.

Tenging við flutningskerfi

Í samningnum segir að sú raforka sem OR og HS hafa samið við félagið verði afhent Landsneti við virkjanir og að Landsnet afhendi raforkuna við spennistöð félagsins við álverið.

Umsamin raforka

Með samningnum skuldbindur Landnet sig til flutnings á umsaminni raforku til álversins miðað við áformað afl og orkumagn.

Gæði umsaminnar raforku

Í samningnum eru þá ákvæði um straum og rafspennu. Landsnet mun ávallt hafa tiltækt reiðuafl vegna truflana á stærstu framleiðslueiningu flutningskerfisins. Skilgreiningu reiðuafls er að finna í skilmálum Landsnets.

Gjöld og skilmálar greiðslna

Félagið mun sjá til þess að Landsneti verði greidd flutningsgjöld umsaminnar raforku samkvæmt gildandi gjaldskrá og skilmálum Landsnets (útgefnum og staðfestum af Orkustofnun) fyrir flutning raforku til stórnotenda.

Mælingar

Umsamin raforka sem afhent er álverinu skal mæld á inntakslínum afhendingarstaðar úttektar líkt og nánar er mælt fyrir um í samningnum. Aflestur á mælum Landsnets skal inntur af hendi af Landsneti, en mælt magn á meginraforkumælum Landsnets skal notað til gjaldtöku.

Almenn ákvæði

Almenn ákvæði samningsins eru að mestu sambærileg því sem tíðkast hefur í samningum um orkusölu til álversins á Grundartanga hingað til.

Í samningnum er mælt fyrir um að eigið fé félagsins skuli ávallt vera yfir ákveðnu hlutfalli af bókfærðu virði heildareigna á samningstíma og ekki minna en 150 milljónir bandaríkjadala

þegar álverið hefur náð 150 þúsund tonna árlegri framleiðslugetu, nema Landsnet samþykki annað.

Gildistími samningsins er frá undirritun og í 25 ár frá afhendingardegi áfanga 1 að uppfylltum gildistökuskilyrðum samningsins. Þá er mælt fyrir um að er 20 ár verða liðin frá afhendingardegi áfanga 1 skulu samningsaðilar hafa lokið viðræðum varðandi framlengingu samningsins um ekki minna en 10 ár frá lokadegi hans, með skilmálum sem báðir aðilar geta fellt sig við.

Efni samningsins, hvort heldur í heild eða hluta, eða sérhverjar upplýsingar um viðskipti, er trúnaðarmál og er samningsaðilum óheimilt er að upplýsa þriðja aðila um efni hans án fyrirfram skriflegs leyfis samningsaðila, nema slíkt efni sé opinberlega aðgengilegt.

Í samningnum eru sett ákveðin skilyrði fyrir gildistöku hans, þ. á m. samþykki stjórnar Landsnets og stjórnar félagsins.

Félaginu er heimilt að ákveða fyrir tilteknar dagsetningar hvort það heldur áfram með verkefnið, fresti því að hætti við það. Ákveði félagið að verkefninu skuli ekki áfram haldið fyrir þann dag fellur samningurinn úr gildi. Í því tilviki er mælt fyrir um endurgreiðslu kostnaðar Landsnets í tengslum við undirbúning og framkvæmdir við flutningskerfið en félaginu ber þá að sjá til þess að Landsneti verði greiddur uppsafnaður kostnaður á lokadegi. Ofangreindar bætur teljast endanlegar og eina úrræði Landsnets varðandi þetta tilvik. Ákveði Landsnet að halda áfram og ljúka framkvæmdum við flutningskerfið og nota undirbúnings- og byggingarframkvæmdir skal Landsnet endurgreiða félaginu kostnað í ákveðnum hlutföllum.

Fylgiskjal IX.

Starfsleyfi fyrir álver Norðuráls Helguvík sf., iðnaðarsvæðinu við Helguvík, kt. 480207-2030.

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Norðurál Helguvík s.f., kt. 480207-2030, til framleiðslu áls á iðnaðarsvæðinu við Helguvík. Komi nýr aðili að rekstri álversins getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

Norðurál Helguvík sf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 250.000 tonn af áli á ári í kerskálum álversins, auk reksturs tilheyrandi málmsteypu, ker- og skautsmiðju, flæðigryfju fyrir eigin framleiðsluúrgang, verkstæða og annarrar þjónustu fyrir eigin starfsemi.

1.3 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (samþættar mengunarvarnir). Tækninni hefur verið lýst í BREF[1] skjali um „non-ferrous“ málmiðnað, skv. ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins 96/61/EB um samþættar mengunarvarnir og eftirlit og verið skilgreind í tilmælum nr. 94/1 innan Parísarsamningsins um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum (PARCOM[2]).

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Gera skal sérstaka áætlun um útblástur við gangsetningu, stöðvun eða bilanir í álverinu. Áætlunin skal lögð fyrir Umhverfisstofnun til yfirferðar og samþykktar a.m.k. einu ári fyrir gangsetningu álversins.

Verði rekstri álversins eða verulegs hluta þess hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, tækjum og efnum í samræmi við fyrirframgerða áætlun. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til Umhverfisstofnunar eigi síðar en tólf mánuðum eftir gangsetningu álversins. Tilkynna skal eftirlitsaðila innan mánaðar um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.

1.6 Endurgangsetning rekstrar

Tilkynna skal eftirlitsaðila þegar álverið eða einstakir kerskálar eru teknir í notkun aftur ef starfsemin hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.7 Þynningarsvæði vegna loftmengunar

Þynningarsvæði, sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði, er tilgreint á uppdrætti í viðauka 1. Umhverfismörk fyrir flúoríð eru sett 0,3 µg/m^3 af vetnisflúoríði sem meðaltal fyrir tímabilið 1. apríl til 30. september ár hvert.

1.8 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar, nr. 785/1999. Komi í ljós við endurskoðun að nauðsynlegt reynist að gefa út nýtt starfsleyfi skal fara eftir þeim reglum sem gilda um ný starfsleyfi.

1.9 Breyttar forsendur

Ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert er ráð fyrir við gerð starfsleyfisins, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir, eða ef breytingar verða á bestu fáanlegu tækni,

---

[1] BREF stendur fyrir „BAT Reference“ eða „Best Available Technology Reference“
[2] PARCOM stendur fyrir Paris Commission

skal rekstraraðili, í samráði við Umhverfisstofnun, hrinda í framkvæmd tímasettri áætlun um að draga úr mengun eins og kostur er. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðunar starfsleyfisins sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar, skv. 2. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar.

1.10 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði XI. kafla reglugerðar nr. 785/1999, og upplýsingum um mengunarvarnaeftirlit í samræmi við VI. kafla reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

LOFT

2.1 Rafgreining

Rekstraraðili skal gera ráðstafanir til að draga úr losun mengunarefna. Rafgreiningarker skulu búin þéttum þekjum og nægilega skilvirku afsogi til að draga úr því eftir því sem unnt er að kergas sleppi út í kerskálana. Hönnun á þekjum og afsogsbúnaði frá rafgreiningarkerum og skipulag við opnun kera skal miða við að minna en 1% af kergasi sleppi út í kerskála. Einungis skulu notuð forbökuð rafskaut í rafgreiningarkerum.

2.2 Kerrekstur

Súrálsflutningur, mötun á ker og fjöldi spennurisa skal vera með þeim hætti að ryk og kergas sem sleppur út í kerskála verði í lágmarki. Miða skal við að spennuris sé undir 0,1 á hvern kerdag miðað við 12 mánaða meðaltal.

2.3 Hreinsun kergass

Ryk og loftkennt flúoríð í afsogslofti frá rafgreiningarkerum skal hreinsað í þurrhreinsibúnaði með súráli og pokasíum. Súrál frá pokasíu skal notað til vinnslu í rafgreiningarkerum. Hönnun hreinsistöðva skal vera með þeim hætti að hreinsun uppfylli ákvæði greinar 2.5 jafnvel þótt ein eining hreinsistöðvar sé tekin úr sambandi. Reyksöfnunarkerfið skal hannað þannig að afsog eykst frá kerum þegar kerþekja er opnuð.

2.4 Ryk

Hönnun búnaðar skal miða við að rykmagn í útblásturslofti, sem berst út í andrúmsloftið frá tilteknum uppsprettum, að undanskildum útblæstri frá kerskálum og þurrhreinsibúnaði, þar sem ákvæði greinar 2.5 gilda, verði minna en 50 mg/Nm^3 miðað við klukkustundar meðalgildi og eðlilegt loftmagn frá viðkomandi starfsemi.

2.5 Losunarmörk

Eftir fyrsta starfsár hvers áfanga skal magn mengunarefna í útblásturslofti (hreinsuðu gasi frá kerum og ræstilofti frá kerskála) ekki vera yfir neðangreindum mörkum miðað við heildarframleiðslu álversins:

Mengunarefni	Ársmeðaltal kg/t Al	Mánaðarmeðaltal kg/t Al
Heildarflúoríð	0,45	0,8
Ryk	1,0	1,3
Brennisteinsdíoxíð	18	18

Losun flúorkolefna skal vera innan við 0,14 tonn af koldíoxíðígildum á framleitt tonn af áli mælt sem ársmeðaltal frá og með fjórða framleiðsluári hvers áfanga. Fyrstu þrjú framleiðsluár hvers áfanga skal losunin vera innan við 0,20 tonn af koldíoxíðígildum á framleitt tonn af áli mælt sem meðaltal þeirra þriggja ára. Hámarkslosun fyrstu þriggja ára fyrsta áfanga skal þó vera 0,28 tonn af koldíoxíðígildum á framleitt tonn á ári að meðaltali.

2.6 Gangsetning kera eftir fyrsta rekstrarár

Útblástur skal ætíð vera í samræmi við ofangreind mörk við reglubundna endurnýjun og gangsetningu kera. Gangsetning kera skal vera í samræmi við áætlun þar að lútandi, sbr. grein 1.5.

2.7 Reykháfur

Útblástur úr hreinsibúnaði álvers skal leiddur út um reykháfa. Hæð reykháfa, útblásturshraði og hitastig í reykháfum skal vera nægilega hátt til að tryggja að ákvæði um loftgæði og þynningarsvæði séu uppfyllt.

2.8 Önnur losun til andrúmslofts

Losun lífrænna efna skal eftir því sem við á vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 255/2002, um takmörkun á útstreymi rokgjarnra lífrænna efna vegna notkunar á lífrænum leysiefnum í tiltekinni starfsemi.

Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki.

Löndunar- og flutningskerfi fyrir súrál til kerskála álversins skal vera lokað með ryksöfnunarbúnaði við tengipunkta þannig að súrálsryk sem berst út í umhverfið sé í lágmarki. Uppskipun á öðrum efnum skal fara fram í samræmi við gildandi reglur um meðhöndlun slíkra efna.

VATN

2.9 Almennt

Heimilt er að setja kælivatn frá afriðlum, vélbúnaði og steypuskála og hreinsað húsaskólp auk yfirborðsvatns í fráveitu frá framleiðslusvæðinu.

2.10 Fráveita

Fráveitur skulu vera í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, ákvæði í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, og þannig að ákvæði reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, séu uppfyllt. Þar sem unnið er með olíur skal fráveita eftir því sem kostur er vera lokuð. Forvarnir gegn olíumengun skulu vera samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

2.11 Olíuskilja

Frárennsli sem getur innihaldið olíu eða önnur olíukennd efni skal leitt í olíuskilju. Styðjast skal við gildandi staðla um olíuskiljur varðandi frágang, eftirlit og viðhald. Stærð og gerð olíuskilja skal miðast við að olía í fráveituvatni sé að hámarki 15 mg/l. Aðstaða skal vera til að taka sýni af fráveituvatni þar sem það kemur úr olíuskiljum.

2.12 Seyra

Seyru og annan úrgang frá hreinsibúnaði fráveitu skal endurvinna eða fjarlægja eftir þörfum og koma til viðurkennds endurvinnslu- eða förgunarstaðar í samræmi við kröfur laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

2.13 Yfirborðsvatn

Yfirborðsvatn frá svæðum þar sem líklegt er talið að mengunarefni geti borist í vatn skal leitt um sandföng og olíuskiljur.

2.14 Kælikerfi

Leita ber samþykkis Umhverfisstofnunar fyrir efnasamböndum sem innihalda hættuleg efni og rekstraraðili hyggst nota í kælikerfum álversins. Sjó má hafa í kælikerfum og til annarra sambærilegra iðnaðarnota og veita aftur í hafið, enda séu uppfyllt ákvæði greinar 2.15 og aðrar losunarkröfur varðandi aukið magn annarra efna í viðtaka.

2.15 Kælivatn

Kælivatn frá kælikerfum má leiða til sjávar og skal það uppfylla eftirfarandi kröfur eftir meðhöndlun:

Efnisþáttur	Hámarksstyrkur
Olía og fita	15 mg/l
Ál	20 mg/l
Flúoríð	50 mg/l
Svifagnir	50 mg/l

ÚRGANGUR

2.16 Almennt

Rekstraraðili skal skrá allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Stuðla skal að nýtingu endurnýtanlegs hluta úrgangs, svo sem brotajárns, einangrunar úr kerum, bakskauta, forskauta, kolefnisríks ryks og úrgangs sem inniheldur ál í miklum mæli.

2.17 Förgun framleiðsluúrgangs

Rekstaraðila er heimilt að farga í flæðigryfjur með útskolun sigvatns í sjó úrgang sem flokkast undir eftirtalin númer samkvæmt reglugerð nr. 184/2002;

a. fóðringar og eldföst efni (16.11.00),
b. gjall frá frumframleiðslu (10.03.04–10.03.05),
c. skánir (10.03.15–10.03.16),

d. kolaryk (10.03.18),
e. aðrar agnir (10.03.22).

Meðhöndlun og frágangur úrgangs í flæðigryfjum skal vera í samræmi við aðlögunaráætlun og áhættumatsgreiningu, sem unnin er í samræmi við 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003, um urðun úrgangs, og lið 3.4 í viðauka I í sömu reglugerð.

2.18 Flæðigryfjur

Staðsetning flæðigryfja skal ákveðin í samráði við Umhverfisstofnun, bæjarstjórn/-ir og hafnaryfirvöld á staðnum. Flæðigryfja skal varin ágangi sjávar. Þegar förgun er lokið skal hylja úrgang með skeljasandi og þekjuefni sem fellur inn í umhverfið. Úrgang sem getur dreifst með vindi skal þekja án tafar eða farga með öðrum hætti. Hindra skal aðgang almennings að förgunarstað.

2.19 Annar úrgangur

Almennan framleiðsluúrgang, sorp og umbúðir skal endurvinna eða skila á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang. Urðun, önnur en tilgreind er í grein 2.17, og brennsla hvers konar úrgangs á verksmiðjusvæðinu er óheimil.

2.20 Spilliefni

Spilliefnum, öðrum en þeim sem tilgreind eru í grein 2.17, og verða til við vinnsluna eða starfsemi henni tengdri skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

ANNAÐ

2.21 Hávaði

Rekstraraðlili skal draga úr hávaða frá starfseminni eins og kostur er, meðal annars með reglulegum úrbótaverkefnum og tryggja að hávaði frá iðnaðarstarfseminni sé í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða. Hávaði á lóð álversins fyrir utan húsvegg skal ekki fara yfir 70dB (A) og reiknað hljóðstig í íbúðabyggð skal uppfylla ákvæði reglugerðar um hávaða.

2.22 Geymsla hráefna

Hráefni álversins skulu geymd í lokuðum geymslum. Geymsla lofttegunda skal vera í samræmi við sérstakar öryggisáætlanir til að lágmarka hættu á mengun andrúmslofts. Eldsneyti skal geymt í tönkum með lekavörn sem uppfyllir ákvæði reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

2.23 Geymsla utan dyra

Öll geymsla hráefna og framleiðsluvöru utan dyra skal vera á afgirtu svæði þar sem aðgangur óviðkomandi er bannaður.

2.24 Skráning efna, leyfisveitingar og mat

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt lögum nr. 45/2008, um efni og efnablöndur. Þannig skal rekstraraðili sjá til þess að öll efni sem notuð eru eða framleidd séu skráð og uppfylli ákvæði reglugerðar nr. 750/2008, um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), sbr. þó þær undantekningar um skráningar sem þar gilda.

3. INNRA EFTIRLIT FYRIRTÆKISINS

3.1 Mælingar og upplýsingagjöf

Rekstraraðili skal útbúa vöktunaráætlun um mælingar útblásturs, frárennslis og hljóðstigs frá álverinu. Endanleg áætlun skal kynnt Umhverfisstofnun a.m.k. einu ári fyrir gangsetningu álvers og er háð samþykki Umhverfisstofnunar. Áætlunin skal ná yfir alla þá þætti sem tilgreindir eru í greinum 2.2, 2.4, 2.5, 2.11, 2.15, 2.17 og 2.21 ásamt öðrum þáttum sem kunna að hafa marktæk áhrif á styrk efna í umhverfinu. Drög að áætlun eru í viðauka 2.

Mæliáætlun og mæliaðferðir skulu endurskoðaðar í fyrsta sinn þegar eitt ár er liðið frá því að mælingar hófust og síðan hvenær sem rekstraraðili eða Umhverfisstofnun óska eftir slíkri endurskoðun.

Rekstraraðili skal, í samvinnu við Umhverfisstofnun, gera yfirlit yfir þær hávaðauppsprettur sem kunna að valda hávaða yfir leyfilegum mörkum, sbr. grein 2.21, utan iðnaðarsvæðisins í Helguvík. Kortlögð skal dreifing hávaða frá starfseminni í samræmi við framangreint yfirlit. Ef gerðar verða meiriháttar breytingar á rekstri sem geta haft áhrif á hávaða frá álverinu, skal endurmeta dreifingu hans.

3.2 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði,
- mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim,
- tæmingu olíugildra og setþróa ásamt staðfestingu á förgun efnis úr þeim,
- niðurstöður mengunarmælinga sem krafist er samkvæmt grein 3.1,
- prófun og kvörðun mælibúnaðar,
- efnainnihald hráefna og eldsneytis,
- magn og tegund úrgangs sem fer til endurnýtingar/endurvinnslu eða förgunar,
- niðurstöður hávaðamælinga.

3.3 Framkvæmd mælinga

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu.

3.4 Prófun og kvörðun vöktunarbúnaðar

Sjálfvirkur vöktunarbúnaður fyrir losun í andrúmsloft skal sæta eftirliti og gangast undir árlegar eftirlitsprófanir. Kvörðun samkvæmt tilvísunaraðferðum eða samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda vöktunarbúnaðar skal fara fram samhliða mælingum á a.m.k. þriggja ára fresti.

3.5 Grænt bókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald.

Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 322/2002, um útstreymisbókhald.

Skila skal árlega niðurstöðum bókhaldsins til Umhverfisstofnunar í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða.

4. EFTIRLIT, STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ

4.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi á umhverfið sem starfsemi álversins veldur, þ.m.t. starfshættir, hávaði, öll meðferð úrgangs og förgun. Rekstraraðili skal stuðla að góðri nýtingu efna og því að losun mengunarefna frá álverinu verði eins lítil og kostur er.

4.2 Samskipti

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður og bera ábyrgð á samskiptum rekstraraðila við Umhverfisstofnun hvað varðar eftirlit með mengunarvörnum innan fyrirtækisins. Rekstraraðili skal tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðili getur haft samband við utan hefðbundins vinnutíma ef þörf krefur.

4.3 Umhverfisstjórnun og markmið

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:1996 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 990/2005, um frjálsa þátttöku iðnfyrirtækja í umhverfismálakerfi ESB, eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

4.4 Viðbragðsáætlanir

Rekstraraðili skal hafa tiltækar viðbragðsáætlanir til þess að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar sjávar og andrúmslofts. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4.5 Tilkynning vegna mengunarslysa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun, sbr. grein 4.4, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Ef þurrhreinsibúnaður stöðvast í meira en 1 klukkustund skal fylgja samþykktri áætlun um útblástur við gangsetningu, stöðvun eða bilanir í álverinu, sbr. grein 1.5. Tilkynna skal um slík óhöpp eða slys í samræmi við viðbragðsáætlun sbr. grein 4.4.

4.6 Tryggingar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

4.7 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila. Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd hluta eftirlits í samræmi við ákvæði greina 7.4 og 9.1 í reglugerð nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit.

4.8 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

4.9 Samráðsfundur

Rekstraraðili boðar árlega fulltrúa Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja á samráðsfund. Fyrir fundinn skal rekstraraðili leggja fram yfirlit eða ársskýrslu um þau atriði sem fjallað er um í grein 3.1, 3.2, 3.5, 4.1 og kafla 5. Á þessum fundum verði m.a. rætt um rekstur mengunarvarna, niðurstöður mengunarmælinga, hugsanlega endurskoðun á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kynnu að hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til þess að ræða. Ofangreindir aðilar geta boðað til samráðsfundar oftar ef ástæða er til.

4.10 Aðrar skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal ársfjórðungslega senda Umhverfisstofnun niðurstöður mælinga og útreikninga í útblæstri í samræmi við grein 3.1. Einnig skal senda Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja afrit af öllum skýrslum og tilkynningum samkvæmt starfsleyfi þessu.

5. UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Bakgrunnsmælingar

Framkvæma skal bakgrunnsrannsóknir og meta ástand umhverfisins áður en rekstur álversins hefst samkvæmt sérstökum samningi milli Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi iðnrekenda á iðnaðarsvæðinu í Helguvík.

5.2 Vöktunarmælingar

Rekstraraðili skal standa fyrir mælingum á helstu umhverfisþáttum í nágrenni álversins eftir gangsetningu í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt áætlun sem rekstraraðili leggur fyrir Umhverfisstofnun til yfirferðar og samþykktar.

Í áætluninni skal m.a. kveðið á um eftirlit með heilsufari grasbíta sem dvelja innan þynningarsvæðis og mælingar á flúor í gróðri á nánar tilgreindum stöðum innan svæðisins. Þá skal fylgjast með loftgæðum, úrkomu, veðurfari, mengun í tjörnum, gróðri, beitargróðri og heyi, jarðvegi og jarðvatni, sjávarseti og sjávarlífverum.

5.3 Aðrar rannsóknir

Aðrar mælingar eða rannsóknir til samanburðar við bakgrunnsrannsóknir sem taldar eru nauðsynlegar af Umhverfisstofnun og rekstraraðila skulu framkvæmdar samkvæmt sérstökum samningi milli þessara aðila.

5.4 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal fyrir 1. maí árlega senda Umhverfisstofnun skýrslu um umhverfisvöktun næsta árs á undan samkvæmt greinum 5.2 og 5.3.

5.5 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni álversins samkvæmt 5. kafla eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar

mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 1. eftirlitsflokk skv. viðauka 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótar-eftirlits, svo sem vegna vanefnda eða rökstuddra kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7. GILDISTAKA.

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi, og gildir til 31. desember 2024.

Reykjavík 10. september 2008
Umhverfisstofnun

Kristín Linda Árnadóttir

Gunnlaug Einarsdóttir

VIÐAUKI 1: Þynningarsvæði í Helguvík



VIÐAUKI 2: Áætlun um mælingar á útblæstri og frárennsli álvers Norðuráls í Helguvík.

Mengunarefni	**Mælistaður**	**Tímabil meðaltals**	**Mælieining**	**Tíðni sýnatöku**
Loftkennt flúoríð	Hreinsað gas í reykháfi	Mánuður	kg/t Al	Stöðug í reykháfi frá hreinsivirki
Flúoríð í ryki	Hreinsað gas í reykháfi	Árleg marktæk mæling	kg/t Al	Árleg úr reykháfi, nægilega stór sýnaröð til að fá tölfræðilega marktækt gildi
Ryk	Hreinsað gas í reykháfi	Mánuður	kg/t Al	Stöðug í reykháfi frá hreinsivirki
Brennisteins-díoxíð	Hreinsað gas í reykháfi	Mánuður	kg/t Al	Stöðug í reykháfi frá hreinsivirki
Loftkennt flúoríð	Ræstiloft frá kerskála	Mánuður	kg/t Al	Samfelld mæling á dæmigerðum stöðum
Flúoríð í ryki	Ræstiloft frá kerskála	Árleg marktæk mæling	kg/t Al	Árleg, nægilega mörg sýni til að fá tölfræðilega marktækt gildi
Ryk	Ræstiloft frá kerskála	Árleg marktæk mæling	kg/t Al	Árleg, nægilega mörg sýni til að fá tölfræðilega marktækt gildi
Ryk, annað en frá þurrhreinsibúnaði	Tilteknar uppsprettur	Marktæk mæling	mg/Nm^3	Óregluleg
Olía	Kælivatn frá afriðlum og steypuskála	Marktæk mæling	mg/l	Tvisvar á ári

Fylgiskjal X.

ÁLVER Í HELGUVÍK, ÁRSFRAMLEIÐSLA ALLT AÐ 250.000. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Skipulagsstofnun telur að áhrif álverksmiðju í Helguvík á vinnumarkað komi að miklu leyti til með að ráðast af stöðu atvinnumála á Suðurnesjum, á höfuðborgarsvæðinu og landinu í heild bæði á byggingartíma og þegar rekstur hefst.

Skipulagsstofnun telur að sú ráðstöfun að farga kerbrotum í flæðigryfju í Selvík sé ásættanleg lausn.

Skipulagsstofnun telur þá niðurstöðu framkvæmdaraðila að notast eingöngu við þurrhreinsun ásættanlega.

Skipulagsstofnun bendir á að ráðgert er að fá efni til grófjöfnunar lóðar álversins frá framkvæmdum við stækkun Helguvíkurhafnar og því þurfi áform um stækkun hafnarinnar að vera skýr áður en framkvæmdir við byggingu álversins verða leyfðar.

Skipulagsstofnun bendir á að þeir virkjunarkostir sem Hitaveita Suðurnesja hyggist nýta vegna fyrsta áfanga álversins eiga eftir að fara í umfjöllun samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og suma á einnig eftir að fjalla um samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Sveitarfélögin þurfi að huga vel að þessari stöðu þegar kemur að leyfisveitingum.

Skipulagsstofnun telur að vegna óvissu um flutningsleiðir raforku þurfi sveitarfélögin að huga að því hvort bíða eigi með leyfisveitingar fyrir byggingu álversins þar til niðurstaða liggur fyrir.

Fyrirhugaður rekstur Norðuráls Helguvík sf. er háður 7. gr. laga nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda. Skipulagsstofnun telur því að áður en Norðuráli Helguvík sf. verður veitt framkvæmda- og byggingarleyfi þurfi að liggja fyrir hvort fyrirtækið fær þá losunarheimild sem það þarf eða hafi sýnt veitanda losunarheimilda fram á hvernig losun gróðurhúsalofttegunda verði mætt.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhugað álver Norðuráls Helguvík sf., með fyrirvara um umhverfisáhrif tengdra framkvæmda, muni ekki valda verulega neikvæðum og óafturkræfum áhrifum á umhverfi eða samfélag.

Reykjavík, 4. október 2007

1 INNGANGUR

1.1 ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 14. maí 2007 sendi Norðurál Helguvík sf. frummatsskýrslu um byggingu og rekstur álvers í Helguvík, með allt að 250.000 tonna ársframleiðslu í Sveitarfélaginu Garði og Reykjanesbæ til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 16. maí 2007 í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Einnig í Tíðindum og Víkurfréttum þann 17. maí. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 16. maí til 28. júní 2007 á skrifstofu sveitarfélagsins Garðs, bæjarskrifstofu Reykjanesbæjar, bókasafni Gerðahrepps, bókasafni

Reykjanesbæjar, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu:www.hrv.is og www.nordural.is. Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Reykjanesbæjar, Sveitarfélagsins Garðs, Byggðastofnunar, Fornleifaverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar, iðnaðarráðuneytis, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Siglingastofnunar, Skipulags- og byggingarnefndar varnarsvæða, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands. Á kynningartíma bárust Skipulagsstofnun 12 athugasemdir. Skipulagsstofnun sendi umsagnir og athugasemdir til Norðuráls Helguvík sf.

Þann 3. september 2007 sendi Norðurál Helguvík sf. matsskýrslu um álver í Helguvík með allt að 250.000 tonna ársframleiðslu, í Sveitarfélaginu Garði og Reykjanesbæ, til Skipulagsstofnunar og óskað eftir áliti stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

1.2 GÖGN LÖGÐ FRAM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Frummatsskýrsla. Álver í Helguvík. Ársframleiðsla allt að 250.000 tonn. Sveitarfélagið Garður og Reykjanesbær. Frummatsskýrsla maí 2007. Norðurál Helguvík sf., ráðgjafafyrirtækið HRV.

Önnur gögn: Sérfræðiskýrslur.

Viðauki 1: Umhverfisstofnun, 2007. *Drög að tillögu að starfsleyfi*.

Viðauki 2: Vatnaskil, 2006. *Dreifingarspá fyrir fyrirhugað álver í Helguvík*.

Viðauki 3: Vatnaskil, 2006. *Dreifing mengunarefna í Faxaflóa frá vothreinsibúnaði fyrirhugaðs álvers í Helguvík.*

Viðauki 4: Hönnun, 2006. *Hljóðvist umhverfis álver í Helguvík*.

Viðauki 5: HRV, 2006. *Úttekt á samfélagslegum áhrifum fyrirhugaðs álvers í Helguvík*.

Viðauki 6: Fornleifastofnun Íslands, 2006. *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Helguvík.*

Viðauki 7: Þund og HRV, 2007. *Gróðurrannsóknir við Helguvík*.

Viðauki 8: Líffræðistofnun Háskólans, 2007. *Könnun á lífríki á klapparbotni neðansjávar í Helguvík*.

Viðauki 9: HRV og Norðurál, 2007. *Áhættumat vegna fyrirhugaðrar flæðigryfju Norðuráls í Selvík*.

Umsagnir bárust frá:

- Sveitarfélaginu Garði með bréfi dags. 7. júní 2007.
- Reykjanesbæ með bréfi dags. 8. júní 2007.
- Byggðastofnun með bréfi dags. 8. júní 2007.
- Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 11. júní 2007.
- Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 11. júní 2007.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 29. júní 2007.
- Iðnaðarráðuneytinu með bréfi dags. 26. júní 2007.
- Siglingastofnun með bréfi dags. 30. maí 2007.
- Skipulags- og byggingarnefnd varnarsvæða með bréfi dags. 11. júlí 2007.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 27. júní 2007.
- Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 19. júní 2007.

Athugasemdir gerðu 12 aðilar:

- Anna Ágústsdóttir með bréfi dags. 28. júní 2007.
- Atvinnulífshópur Framtíðarlandsins með bréfi dags. 29. júní 2007.
- Daði Þorbjörnsson og Kai Westphal með bréfi dags. 29. júní 2007.
- Elvar Geir Sævarsson og Guðbjörg R. Jóhannesdóttir með bréfi dags. 28. júní 2007.

- Ingimundur Þór Þorsteinsson með bréfi dags. 23. júní 2007.
- Landvernd með bréfi dags. 29. júní 2007.
- Maria Elvira Méndez með bréfi dags. 27. júní 2007.
- Mission ehf. með bréfi dags. 23. júní 2007.
- Náttúruverndarsamtök Íslands með bréfi dags. 28. júní 2007.
- Sesselja Traustadóttir með bréfi dags. 28. júní 2007.
- Sigurður Hreinn Sigurðsson með bréfi dags. 27. júní 2007.
- Sunna Sigurðardóttir með bréfi dags. 28. júní 2007.

Matsskýrsla: Álver í Helguvík. Ársframleiðsla allt að 250.000 tonn. Sveitarfélagið Garður og Reykjanesbær. Ágúst 2007. Norðurál Helguvík sf., ráðgjafafyrirtækið HRV.

Önnur gögn: Sömu sérfræðiskýrslur fylgdu sem viðaukar við matsskýrslu og fylgdu frummatsskýrslu.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Fyrirhugað er að reisa nýtt álver Norðuráls í Helguvík með framleiðslugetu allt að 250.000 tonn af áli á ári. Álverið verður að stærstum hluta í landi Sveitarfélagsins Garðs, en hluti athafnasvæðis og nokkur mannvirki verða innan bæjarmarka Reykjanesbæjar. Í matsskýrslu eru lagðir fram tveir kostir við hreinsun útblásturs frá álverinu. Kostur Norðuráls Helguvík sf. er að nota eingöngu þurrhreinsun, en einnig er lagður fram sá kostur að nota vothreinsibúnað til viðbótar þurrhreinsibúnaði. Ráðgert er að farga kerbrotum í flæðigryfju í Selvík en jafnframt hefur verið skoðað hvort farga megi kerbrotum út af Hólmsvelli í Leiru. Umfjöllun um förgun kerbrota í matsskýrslu miðar að gerð flæðigryfju í Selvík en komi til að flæðigryfja fyrir förgun kerbrota verði staðsett utan Hólmsvallar í Leiru, mun sú framkvæmd verða tilkynnt til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu skv. lið 13a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum. Álverið verður byggt í áföngum og er gert ráð fyrir að undirbúningsframkvæmdir vegna fyrsta áfanga, með allt að 150.000 tonna framleiðslu, hefjist 2007 og verði hann gangsettur seinni hluta ársins 2010. Ákvörðun um aðra áfanga ræðst af orkuöflun til álversins en hugsanlega verður ráðist í framkvæmdir við annan áfanga í beinu framhaldi af gangsetningu fyrsta áfanga og yrði framkvæmdum þá lokið árið 2013 eða síðar.

Samkvæmt matsskýrslu þarf um 70.000 m^2 svæði undir aðstöðu á framkvæmdatíma, en að honum loknum er gert ráð fyrir um 10–15.000 m^2 landssvæði undir mannvirki og starfsemi álversins. Helstu mannvirki álversins verða: kerskálar, tvö 60 m há súrálssíló, tvær hreinsivirkisbyggingar með 45 m háum reykháfum, 15 m hár steypuskáli, 15 m há skautsmiðja og þjónustu – og skrifstofubyggingar. Fyrirkomulag kerskála verður háð þeirri tækni sem valin verður. Annað hvort verður ein röð af kerjum í tveimur 17 m háum og 800 m löngum kerskálum eins og gert er ráð fyrir í matsskýrslu, eða tvær raðir í einum breiðari kerskála. Einnig er gert ráð fyrir um 1200 m löngu færibandi frá súrálssílóum að daggeymi. Þá er ráðgert að farga kerbrotum í flæðigryfju í Selvík. Gryfjan verður afmörkuð með grjótgarði og við urðun kerbrota innan hans verður til um 2,25 ha landfylling.

2.1 KOSTIR

Í matsskýrslu er aðeins lagður fram einn staðsetningarkostur fyrir álverið, kostur A, þar sem gert er ráð fyrir að megin mannvirki verði innan Sveitarfélagsins Garðs.

Kynntir eru kostir B og C sem fjallað var um í matsáætlun og rökstutt hvers vegna fallið er frá þeim. Í matsáætlun var álverið annars vegar staðsett norðvestan við núverandi hafnarbakka í Helguvík, hornrétt á ströndina (kostur C) og hins vegar þar sem álverinu hafði verið snúið 90° og var þá samsíða ströndinni (kostur B). Fallið var frá kosti C vegna þess hve þröngt yrði um álverið innan um núverandi fyrirtæki á svæðinu auk takmörkunar á lengd lóðar vegna kirkjugarðsins í vesturjaðri svæðisins. Kostur B var skoðaður nánar í umhverfismati aðalskipulagsbreytinga og hann borinn saman við nýjan kost, enn norðar (kostur A).

Niðurstaða samanburðar við breytingar á aðalskipulagi sveitarfélaganna var sú að kostur A kom betur út m.t.t. hagsmuna framkvæmdaraðila og umhverfissjónarmiða. Fyrst og fremst yrði rýmra um allar byggingar álversins sem auðvelda myndi alla hönnun og skipulagningu við fyrirkomulag mannvirkja en einnig yrði meiri fjarlægð frá íbúðarbyggð Reykjanesbæjar m.t.t. loftmengunar, sjónrænna áhrifa og hljóðvistar.

Samkvæmt matsáætlun var fyrirhugað að urða kerbrot í flæðigryfju í Stakksvík sunnan Hólmsbergsvita. Fallið var frá því þegar í ljós kom að Stakkur fellur undir bæjarvernd samkvæmt aðalskipulagi Reykjansbæjar og einnig vegna þess að Stakksvík er opnari en Selvík, sem er sá kostur sem kynntur er í matsskýrslunni.

3 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

3.1 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

3.1.1 Áhrif á vinnumarkað og sveitarfélög

Í matsskýrslu kemur fram að á heildina litið skapi fyrirhuguð bygging álversins um 1.800 ársverk eða 225–300 verk á ári á 6–8 ára framkvæmdatíma. Búast megi við tímabundinni spennu á atvinnumarkaði á framkvæmdatíma en áfangaskipting og langur framkvæmdatími slái hins vegar á möguleg þensluáhrif á vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir að starfsmenn við bygginguna ferðist til vinnu á hverjum degi, svipað og raunin hafi verið við uppbyggingu álvers Norðuráls á Grundartanga á síðustu árum, en búi ekki í vinnubúðum. Fram kemur að sérhæft erlent vinnuafl við bygginguna ætti að verða innan við 10 % miðað við 20–30 % í síðari áfanga byggingar álvers á Grundartanga. Með tilliti til reynslu af uppbyggingu álvers á Grundartanga sé talið líklegt að um 65% áhrifa byggingaframkvæmdanna muni gæta í Reykjanesbæ, um 20% í öðrum sveitarfélögum á Suðurnesjum og um 15% á höfuðborgarsvæðinu.

Í matsskýrslu kemur fram að áætluð íbúafjölgun sem leiðir af fyrirhuguðu álveri sé um 2.000 manns miðað við að störf sem skapist vegna reksturs álversins verði um 1.000. Byggt er á þeirri forsendu að þegar rekstur álversins hefjist verði nokkurn veginn fullt atvinnustig á svæðinu (1–2% atvinnuleysi). Viðbrögð á vinnumarkaði komi til með að ráðast að miklu leyti af því hver staða atvinnumála verði á Suðurnesjum, höfuðborgarsvæðinu og landinu í heild, þegar rekstur hefjist. Samgöngur séu góðar og fjölbreytt atvinnu- og athafnalíf á áhrifasvæði álversins muni því að einhverju leyti stuðla að búferlaflutningum fólks til svæðisins.

Fram kemur að sú staðreynd að unnt verði að sækja vinnu til Helguvíkur frá höfuðborgarsvæðinu dragi úr þeim miklu áhrifum sem annars gætu orðið á húsnæðismarkað á svæðinu. Auk þess hafi húsnæði losnað á varnarsvæðinu við brotthvarf varnarliðsins sem hægt væri að nýta ásamt öðru húsnæði á svæðinu og það gæti dregið verulega úr efnahagsáhrifum. Engu að síður verði þörf á nýju húsnæði og ætla megi að aukin þörf verði fyrir uppbyggingu atvinnuhúsnæðis strax á byggingartíma fyrirhugaðs álvers og sú uppbygging muni halda áfram á rekstrartíma þess. Fram kemur í matsskýrslu að rekstur álversins muni hafa talsverð

jákvæð áhrif, bæði bein og óbein, á vinnumarkað á áhrifasvæðinu og allar líkur á því að áhrifin verði mest áberandi á Suðurnesjum.

Fram kemur að áhrif álversins á aðrar atvinnugreinar og vinnuafl verði bein og varanleg þar sem stór vinnuveitandi komi nýr inn á svæðið. Álverið verði í fyrstu í sterkri samkeppnisstöðu um vinnuafl gagnvart öðrum fyrirtækjum á svæðinu og gæti því haft neikvæð áhrif á sjávarútveg, þjónustufyrirtæki sem þjónusta sjávarútveg og byggingariðnað á svæðinu þar sem menntun t.d. vélvirkja og annarra líkra starfsstétta sem álverið muni hafa þörf fyrir. Auk þess skapist fjöldi starfa sem ekki krefjist framhaldsmenntunar. Áhrifin verði þó einnig jákvæð þar sem tiltölulega vel launuðum störfum muni fjölga á svæðinu með tilkomu álversins. Áhrif álversins á aðrar starfsstéttir verði jákvæð þar sem álver muni skapa ný atvinnutækifæri svo sem í verslun og þjónustu. Heildaráhrif á aðrar atvinnugreinar verði því frá að vera nokkuð neikvæð vegna samkeppni um vinnuafl yfir í nokkuð jákvæð vegna aukinna viðskiptatækifæra.

Fram kemur í matsskýrslunni að sveitarfélögin á áhrifasvæðinu muni njóta útsvarstekna af störfum sem skapist með óbeinum eða afleiddum hætti vegna reksturs álversins. Enn fremur aukist tekjur sveitarfélaganna vegna lóða- og fasteignagjalda álversins og tengdum byggingum. Rekstur álversins muni hafa jákvæð áhrif á rekstur Reykjaneshafnar með því að stuðla að bættri nýtingu á mannvirkjum sem fjárfest hafi verið í við Helguvíkurhöfn. Áhrif á sveitarfélögin verði bein, varanleg og talsvert jákvæð þar sem tekjur þeirra muni aukast.

Í umsögn iðnaðarráðuneytisins kemur fram að í frummatsskýrslu vanti raunhæft mat á mögulegum áhrifum mannaflaþarfar álversins á aðra uppbyggingu á svæðinu og að jafnframt skorti nánari umfjöllun um áhrif uppbyggingar álversins á sog á vinnuafli frá landsbyggðinni til suðvesturhornsins. Þetta telur ráðuneytið einkum mikilvægt í ljósi nýlegrar úttektar þar sem fram kemur að miklir möguleikar séu í þróun nýsköpunar og nýrra atvinnugreina á Keflavíkursvæðinu en vinnuafl sé af skornum skammti.

Í athugasemdum Önnu Ágústsdóttur, Mariu Elvira Méndez Pinedo, Sesselju Traustadóttir og Sigurðar Hreins Sigurðssonar er bent á að atvinnuleysi á svæðinu sé vart mælanlegt og þensla muni aukast í samfélaginu sem komi niður á almenningi í landinu. Atvinnulífshópur Framtíðarlandsins bendir m.a. á að atvinnusvæðið sé nátengt vinnumarkaði á höfuðborgarsvæðinu, margfeldisáhrif á vinnumarkaði séu stórlega ofmetin og lítil ástæða sé til aðgerða nema einna helst til að bæta atvinnuástandið hjá konum.

Framkvæmdaraðili bendir á að við gerð matsskýrslunnar hafi verið greindur atvinnumarkaður á Suðurnesjum, rætt við marga málsmetandi aðila og byggt á fyrri reynslu Norðuráls um áhrif uppbyggingar álvers á Grundartanga. Athugasemd iðnaðarráðuneytisins byggi á skýrslu Pricewaterhouse Cooper fyrir Fjárfestingarstofuna þar sem reynt sé að meta hversu margir séu atvinnulausir á Suðurnesjum og þar með til reiðu fyrir ný fyrirtæki. Í skýrslunni virðist ekki reynt að leggja mat á framtíðarhorfur í atvinnulífi á Suðurnesjum. Framkvæmdaraðili telur að slíkar aðferðir gefi ekki rétta mynd af ástandi mála á Suðurnesjum á því tímabili sem um sé rætt í skýrslunni.

Framkvæmdaraðili telur að á Suðurnesjum sé verulega vaxandi samfélag og mjög öflugt atvinnusvæði fyrir stóran vinnuveitanda eins og álverið verði. Bygging álvers í Helguvík falli vel að þeirri íbúafjölgun og atvinnuþróun sem verið hafi á svæðinu og bent er á að í umsögn Byggðastofnunar sé ekki gerð athugasemd við frummatsskýrsluna. Bent er á að mat á margfeldisáhrifum álvers í Helguvík hafi tekið mið af sambærilegum athugunum sem gerðar hafi verið vegna annarra svipaðra verkefna hérlendis og þar sé m.a. tekið tillit til aukinnar samkeppni um vinnuafl og sköpun nýrra tækifæra vegna betri grunngerðar. Varðandi framtíðar-

horfur atvinnulífs á Suðurnesjum er m.a. bent á nýlega þjóðhagsspá um atvinnuleysi og líkleg áhrif skerðingar þorskkvóta á atvinnuleysi. Jafnframt er bent á að hluti þeirra sem sagt hafi verið upp hjá varnarliðinu fyrir rétt rúmu ári, vinni á höfuðborgarsvæðinu eða í lægra launuðum störfum en áður sem þeir vilji hverfa frá. Einnig er bent á starfsemi Keilis á Keflavíkurflugvelli sem laði að fjölda fólks sem fyrir utan að stunda nám muni einnig vilja vinna á svæðinu og að framkvæmdaraðili muni leitast við að haga starfa- og vaktaskipulagi þannig að störfin henti bæði konum og körlum. Einnig er bent á reynslu Norðuráls frá Grundartanga þar sem að starfsfólki hafi fjölgað um ríflega 200 eftir að stækkun álversins hófst árið 2004 jafnframt því sem byggingarframkvæmdir hafi verið í gangi. Íbúum á atvinnusvæðinu fjölgi stöðugt og starfsemin á Grundartanga hafi reynst góð undirstaða fyrir fjölda lítilla og meðalstórra þjónustu- og verktakafyrirtækja sem byggst hafi upp og eflst samfara uppbyggingu á svæðinu.

Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi þess sem fram kemur í umsögn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins um að metin séu sem best möguleg áhrif mannaflaþarfar álversins á aðra uppbyggingu á svæðinu og á sog á vinnuafli frá landsbyggðinni til suðvesturhornsins.

Skipulagsstofnun telur ljóst að samlegðaráhrif verða á mannaflaþörf, byggingar og rekstur álvers í Helguvík við hugsanleg fyrirtæki á sviði þróunar nýsköpunar og nýrra atvinnugreina á Reykjanesi. Hversu mikil þau verða er hins vegar ekkert hægt að fullyrða um á þessu stigi málsins.

Skipulagsstofnun telur, í ljósi umfjöllunar í matsskýrslu, að á byggingartíma álvers Norðuráls við Helguvík séu líkur á að vinnuafl komi víðar að en frá Suðurnesjum.

Skipulagsstofnun telur að áhrif álverksmiðju í Helguvík á vinnumarkað komi að miklu leyti til með að ráðast af stöðu atvinnumála á Suðurnesjum, á höfuðborgarsvæðinu og landinu í heild bæði á byggingartíma og þegar rekstur hefst. Gæta þarf þess megin sjónarmiðs að verkinu verði áfangaskipt með tilliti til þess að draga úr ruðningsáhrifum.

Skipulagsstofnum telur að áhrif á rekstrartíma álversins á aðrar atvinnugreinar og vinnuafl verði bein og varanleg þar sem stór vinnuveitandi með vel launuð störf kemur inn á svæðið og verður í sterkri samkeppnisstöðu um vinnuafl, bæði faglært og ófaglært. Tilkoma álversins mun einnig skapa ný atvinnutækifæri, svo sem í verslun og þjónustu og auka verkefni minni fyrirtækja sem geti haft jákvæð áhrif á samkeppni þeirra um vinnuafl. Rekstur álversins mun hafa varanleg áhrif á íbúaþróun á Suðurnesjum, samanber reynslu sem Norðurál vísar til frá Grundartanga, með fjölgun íbúa en erfitt er að segja fyrir um hvaðan þeir munu koma af landinu og hvernig þeir munu dreifast um atvinnusvæðið. Gangi t.d. spár um atvinnuleysi eftir, áhrif kvótaskerðingar á atvinnu verði veruleg og að Suðurnesjamenn, sem sæki vinnu til höfuðborgarsvæðisins, hætti því og taki þátt í byggingu og rekstri álversins dregur það væntanlega úr sogi á vinnuafli frá landsbyggðinni til suðvesturhornsins.

Ljóst er að unnt verður að sækja vinnu til Helguvíkur frá höfuðborgarsvæðinu og að húsnæði hefur losnað á varnarsvæðinu sem dregur úr þeim miklu áhrifum sem annars gætu orðið í byggingariðnaði og á húsnæðismarkaðnum. Hins vegar má ætla að aukin þörf verði fyrir uppbyggingu atvinnuhúsnæðis strax á byggingartíma álversins. Íbúafjölgun og jákvæð atvinnuþróun á sér stað á Suðurnesjum, þrátt fyrir uppsagnir starfsmanna á vegum varnarliðsins fyrir rúmu ári og verður að draga þá ályktun að í því ljósi séu sveitarfélögin allvel undirbúin til að taka við því fólki sem bygging og rekstur álversins hefur í för með sér. Einnig skiptir þar verulegu máli að álverið verði byggt upp í 250.000 tonna stærð í tveimur eða fleiri áföngum á nokkrum árum.

3.1.2 Áhrif á landnotkun

Í matsskýrslu kemur fram að samkvæmt tillögu að þynningarsvæði séu syðri mörk þess svæðis um 300 m frá nyrstu íbúðarhúsum Reykjanesbæjar. Í fyrirliggjandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar sé ekki gert ráð fyrir íbúðarbyggð norðar en nú er, heldur að framtíðaruppbygging verði til austurs. Í tillögu að breyttu aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs og aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar sé auk þess gert ráð fyrir að breyta landnotkun svæðisins norðan sveitarfélagamarkanna og austan Garðskagavegar, allt að golfvellinum í Leiru, í iðnaðarsvæði. Áhrif útblásturs frá álverinu og þeirra takmarkana á landnotkun sem gilda innan tillögu að þynningarsvæði verði því óveruleg.

Umhverfisstofnun bendir á, í umfjöllun um loftmengun, fjarlægð syðri marka þynningarsvæðisins frá ystu byggð í Reykjanesbæ sem setji ákveðna takmörkun á útvíkkun íbúðarbyggðar til þeirrar áttar og leggur áherslu á að viðkomandi sveitarstjórnir og íbúar séu meðvituð um þá stöðu. Ennfremur er minnt á að eitt af meginmarkmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum sé að kynna fyrir almenningi hver verði umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmdar og mótvægisaðgerðir og telur að nokkuð hafi skort þar á.

Framkvæmdaraðili bendir á að fyrirhuguð álversáform hafi verið kynnt á fjölmörgum fundum, bæði hjá félagasamtökum og á opnum fundum og fundum um aðalskipulagsbreytingar. Kynning á fyrirhugaðri framkvæmd hafi því verið fullnægjandi.

Skipulagsstofnun telur stefnu sveitarfélaganna um landnotkun skýra sbr. auglýstar breytingar á aðalskipulagi. Þar er m.a. undirstrikuð sú stefna Reykjanesbæjar að íbúðarbyggð verði ekki lengra til norðurs, í átt að iðnaðarsvæðinu í Helguvík. Skipulagsstofnun telur kynningu á fyrirhugaðri framkvæmd og möguleika almennings til að kynna sér hana hafa verð góða.

3.1.3 Sjónræn áhrif og ásýnd

Í matsskýrslu kemur fram að helstu sjónræn áhrif álvers Norðuráls í Helguvík verði vegna bygginga álversins, haugsetningar jarðvegs á byggingarlóð og af varnargarði er muni mynda rúmlega 2 ha flæðigryfju í Selvík. Byggingarnar verði mest áberandi séð frá Garðskagavegi, frá hesthúsabyggð, reiðleiðum og kirkjugarði. Frá byggð verði þær helst áberandi frá nyrstu húsum Reykjanesbæjar en frá golfvellinum í Leiru muni aðeins reykháfar þurrhreinsivirkjanna verða sýnilegir. Til að draga úr sjónrænum áhrifum verði gerðar jarðvegsmanir og haft samráð við heimafólk við útfærslu á hönnun þeirra. Einnig muni hönnun bygginga hafa það að markmiði að lágmarka sjónræn áhrif. Með fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum muni álverið verða lítt sýnilegt frá íbúðarbyggð og þær draga úr sjónrænum áhrifum frá Garðskagavegi. Á heildina litið sé talið að sjónræn áhrif vegna mannvirkja álversins verði nokkuð neikvæð. Flæðigryfja til förgunar kerbrota muni hafa áhrif á ásýnd strandarinnar, einkum grjótgarðurinn, séð frá sjó en verði lítið sjáanleg frá landi þar sem bergið sé um 20 m hátt og gryfjan því ekki sýnileg fyrr en komið er út á bjargbrúnina. Fram kemur að á heildina litið séu áhrif grjótgarðsins á ásýnd strandarinnar bein, nokkuð neikvæð, en þó afturkræf.

Í matsskýrslu kemur fram að magn jarðvegs sem kemur af framkvæmdasvæðinu verði um 500.000 m^3 og gert sé ráð fyrir að setja hann á lóð álversins og nýta við frágang svæðisins til að draga úr sjónrænum áhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að draga megi enn frekar úr sjónrænum áhrifum en framkvæmdaáætlun geri ráð fyrir, m.a með sléttun og lækkun lands á byggingarsvæði og þar með bygginga og með gerð jarðvegsmana einnig vestan við álverið. Þá bendir Umhverfisstofnun á að gæta þurfi hófs við uppgræðslu jarðvegsmana og vanda til þess, þar

sem þekkt svæði á Reykjanesi hafi verið klædd gróðri og skeri sig allnokkuð úr næsta umhverfi.

Framkvæmdaraðili bendir á að unnið sé að hönnun jarðvegsmana, sem staðsetja eigi þannig að þær dragi úr innsýn þaðan sem byggingarnar verði mest áberandi. Ekki sé talin þörf á lækkun lands, sem hefði í för með sér mun meira rask vegna sprengivinnu. Hugmyndir arkitekta varðandi litaval á byggingum felist í að byggingar verði brotnar upp með mismunandi litum sem falli vel að umhverfinu. Þá verði skoðað hvort nýta megi núverandi gróðurþekju til uppgræðslu jarðvegsmana.

Skipulagsstofnun telur að neikvæð sjónræn áhrif framkvæmdanna verði aðallega vegna mjög umfangsmikilla bygginga bæði langra og hárra sem breyti óhjákvæmilega ásýnd óbyggðs svæðis. Skipulagsstofnun telur að með litavali á byggingar megi draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum þeirra. Að mati Skipulagsstofnunar þarf að leggja áherslu á að haga lögun, áferð og uppgræðslu jarðvegsmana m.t.t þess að þær verði ekki sjálfar útlitslýti í landinu og hafi neikvæðari sjónræn áhrif en byggingarnar sem þær eiga að skýla. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að við útlitshönnun mannvirkja og jarðvegsmana verði haft samráð við heimamenn. Skipulagsstofnun telur jafnframt nauðsynlegt að staðsetning og gerð vegar að flæðigryfju taki mið af því að hún valdi sem minnstum breytingum á ásýnd umhverfisins við ströndina.

3.1.4 Áhrif á hljóðvist

Í matsskýrslu kemur fram að við byggingu fyrirhugaðs álvers verði flutningur á byggingarefni og vélbúnaði að mestu um Helguvíkurhöfn. Hávaði í Reykjanesbæ og nágrenni á framkvæmdatíma verði einkum vegna sprenginga og annarra athafna á iðnaðarsvæðinu sem og vegna aukinna flutninga á steypuefni og ýmiss konar aðföngum auk ferða starfsmanna til og frá framkvæmdasvæðinu. Talið sé að hávaði á byggingartíma, í íbúðarbyggð í Reykjanesbæ, verði innan viðmiðunarmarka reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða og þar verða áhrifin því óveruleg. Nokkuð neikvæð áhrif verði í næsta nágrenni framkvæmdasvæðisins. Áhrif reksturs álversins á hljóðvist í byggð og á iðnaðarsvæði í nágrenninu eru talin verða óveruleg.

Umhverfisstofnun telur umfjöllun um hljóðvist við hesthúsa og kirkjugarð ónóga og lýsingu á tilhögun framkvæmda og hugsanlegum mótvægisaðgerðum skorti.

Framkvæmdaraðili bendir á að í matsskýrslu komi fram að töluverðar sprengingar verið við Helguvíkurhöfn og samkvæmt upplýsingum frá hafnarstjóra Reykjaneshafnar hafa aldrei borist kvartanir vegna hávaða frá þeim. Bent er á að um tímabundin áhrif verði að ræða. Þó ekki sé gert ráð fyrir að þau valdi ónæði muni framkvæmdaraðli sjá til þess að uppmokstri lausra jarðvegsefna verði fyrst komið fyrir í nánd við kirkjugarðinn og mótaðar þar jarðvegsmanir sem muni draga úr óæskilegum áhrifum, bæði gagnvart hljóði og ásýnd.

Skipulagsstofnun telur nægilega fjallað um hljóðvist á framkvæmda- og rekstrartíma og að áhrif vegna hávaða frá starfseminni verði ekki veruleg. Stofnunin tekur undir að þó ónæði vegna hávaða verði tímabundið á framkvæmdatímanum sé æskilegt að haft verði samráð við stjórnendur kirkjugarðsins um mótvægisaðgerðir, svo sem um gerð hljóðmanar.

3.1.5 Áhrif efnisflutninga á byggingartíma

Í matsskýrslu kemur fram að gert sé ráð fyrir að stór hluti fyllingarefnis, eða um 300.000 m³, í framkvæmdir á álverslóðinni komi úr framkvæmdum vegna hafnargerðar og úr lóðinni sjálfri. Um 150.000 m³ þarf af steypuefni en óvíst sé hvort efni sem falli til við hafnargerðina

henti sem steypuefni. Ef sækja þarf steypuefni annað verði það sótt í Stapafellsnámu og ef miðað sé við að hver flutningabíll taki að lágmarki 10 m³ af efni verði það að hámarki 15.000 ferðir. Til samanburðar sé meðaltalsumferð um Reykjanesbraut um 10.000 bílar á dag.

Umhverfisstofnun telur nokkuð skorta á umfjöllun í matsskýrslu um akstur með efni til og frá framkvæmdasvæðinu, svo sem varðandi akstursleiðir, tímasetningu og áhrif á umferðaröryggi. Framkvæmdaraðili bendir á að akstursleiðin úr Stapafellsnámu yrði um kafla á Hafnavegi og inn á Reykjanesbraut við Fitjar að Rósaselstorgi, ofan byggðarinnar, að Mánatorgi og síðan eftir Garðskagavegi og Stakksbraut að framkvæmdasvæðinu í Helguvík.

Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að áhrif efnisflutninga á byggingartíma verði veruleg.

3.1.6 Áhrif á menningarminjar

Í matsskýrslu kemur fram að athugun hafi farið fram á fornleifum í nágrenni Helguvíkur árið 2006. Innan athugunarsvæðis hafi fundist 30 minjastaðir, tveir þjóðsögustaðir, fjórar tóftir, 10 hleðslur og 14 vörður. Flestar séu minjarnar í jaðri athugunarsvæðisins og utan framkvæmdasvæðisins. Að mati framkvæmdaraðila hafi tekist að staðsetja framkvæmdasvæðið þannig að tvær vörður sem hætta hafi verið á að yrði raskað standi áfram. Reynist það ekki mögulegt muni Fornleifavernd ríkisins koma að frekari ákvörðunum varðandi viðeigandi ráðstafanir.

Umhverfisstofnun telur í umsögn sinni að huga þurfi betur að þeim þekktu þjóðleiðum sem vörður og vörðubrot kunni að marka. Fornleifavernd ríkisins bendir á að umfjöllun vanti um hugsanleg áhrif sem förgun kerbrota í Selvík kunni að hafa á fornleifar.

Framkvæmdaraðili greinir frá því að til að gæta fyllstu varúðar verði verktökum við jarðvinnslu gert kunnugt um vörðurnar næst framkvæmdasvæðinu líkt og Fornleifavernd ríkisins fari fram á í umsögn sinni. Þá svarar framkvæmdaraðili því til að ekki hafi verið útfært hvernig kerbrotum verði komið niður að flæðigryfju í Selvík og því ekki ljóst hvort förgun kerbrota kunni að hafa áhrif á skráðar fornleifar þar. Leitast verði við að varðveita minjarnar án röskunar. Reynist það ekki unnt muni framkvæmdaraðili óska leyfis hjá Fornleifavernd ríkisins til að fjarlægja þær.

Skipulagsstofnun telur að umfjöllun um fornleifar sé fullnægjandi og að áhrif á þær verði minniháttar með því verklagi sem framkvæmdaraðili hyggst viðhafa til að vernda vörður 075 og 076. Skipulagsstofnun áréttar þó að hafa þarf samráð við Fornleifavernd ríkisins þegar fyrir liggur hvernig aðkomu að flæðigryfju í Selvík verður háttað.

3.2 ÁHRIF ÚTBLÁSTURS Á LOFTGÆÐI, GRÓÐUR OG DÝRALÍF

3.2.1 Áhrif á loftgæði

Í matsskýrslu kemur fram að við framleiðslu áls með rafgreiningu losna efnasambönd sem ýmist séu loftkenndu formi, uppleyst eða í föstu formi og geti haft áhrif á umhverfið. Unnt sé að draga úr umhverfisáhrifum með vali á hráefni sem innihaldi lágmarksmagn af þessum efnum og með því að nýta bestu fáanlegu tækni til að draga úr myndun aukaefna með hreinsun útblásturs. Mat á styrk mengunarefna í andrúmslofti vegna útblásturs frá fyrirhuguðu álveri hafi verið gert með líkanreikningum hjá Verkfræðistofunni Vatnaskil. Fram kemur að sett hafi verið fram tillaga að þynningarsvæði út frá niðurstöðum dreifingarreikninga þannig að umhverfismörk og viðmiðanir fyrir loftgæði verði uppfyllt burtséð frá því hvort notuð verði þurrhreinsun eingöngu eða þurrhreinsun að viðbættri vothreinsun. Utan þynningarsvæðis séu áhrif af útblæstri úr þurrhreinsivirki talin óveruleg. Innan þynningarsvæðis geti áhrif vegna losunar á flúoríðum og brennisteinstvíoxíði orðið nokkuð neikvæð með tilliti til

gróðurs þar sem viðkvæmari tegundir geti hopað og harðgerðari tegundir komi í staðinn. Þá geti útblásturinn líka haft nokkuð neikvæð áhrif á dýr sem lifi á gróðri innan þynningarsvæðis. Í matsskýrslu er fjallað um einkenni áhrifa á loftgæði fyrir þurrhreinsun annars vegar og fyrir þurrhreinsun að viðbættri vothreinsun hins vegar.

3.2.1.1 Þurrhreinsun

Fram kemur að ef eingöngu sé notast við þurrhreinsun séu helstu lofttegundir, sem huga þurfi að dreifingu á, brennisteinstvíoxíð (SO_2), loftkennt flúoríð (HF) og PAH auk svifryks (PM10). Samkvæmt líkanreikningum á styrk mengunarefna í lofti muni öll umhverfismörk fyrir SO_2 verða uppfyllt utan þynningarsvæðis og einnig innan þess að undanskildu meðalgildi sólarhrings með 98% líkum. Niðurstöður útreikninga sýni að styrkurinn geti orðið yfir sólarhringsmeðaltali á um 400–500 m breiðri tungu sem teygir sig um 700 m í suðsuðvestur frá syðri enda kerskála og einnig um 500 m norðnorðvestur af kerskála. Þynningarsvæðið sé meðal annars skilgreint með tilliti til þessara niðurstaðna. Fram kemur að meðaltalsstyrkur fyrir flúoríð (HF) sé eingöngu skoðaður fyrir vaxtartíma gróðurs, sem sé skilgreindur frá 1. apríl til 30. september, þar sem horft er til umhverfismarka sem miði að verndun vistkerfa. Umhverfisstofnun hafi sett viðmiðunarreglur fyrir álver á Íslandi, er varða flúoríð, sem byggja á norskum viðmiðum og er viðmiðunargildið 0,3 µg/m³ fyrir meðaltal vaxtartímabilsins. Samkvæmt niðurstöðum loftdreifingarlíkans fari meðalstyrkurinn yfir viðmiðunarmörkin á um 1,5 km breiðu (frá vestri til austurs) og um 2,5 km löngu (frá norðri til suðurs) svæði, eða um 1 km suður af enda fyrirhugaðra kerskála. Sett sé fram tillaga að þynningarsvæði með tilliti til þessara niðurstaðna. Fram kemur að engin viðmiðunarmörk séu í gildi fyrir PAH efni á Íslandi og í matsskýrslunni sé stuðst við viðmiðunarmörk Evrópusambandsins sem hafi verið kynnt árið 2004 og taki gildi árið 2007, en þurfi ekki að uppfylla fyrr en í lok árs 2012. Viðmiðunarmörkin sem þar eru sett séu 1,0 ng/m³ sem ársmeðaltal fyrir Benzo(a)Pyrene (B(a)P), en B(a)P er eitt PAH sambandanna, notað sem mælikvarði á krabbameinsvaldandi þátt þeirra. Niðurstaða líkanreikninga er að styrkur PAH efna í andrúmslofti vegna útblásturs frá álverinu við Helguvík verði alls staðar innan allra umhverfismarka og viðmiðana sem sett hafi verið á Íslandi og í Evrópusambandinu. Samkvæmt loftdreifingarspá muni styrkur svifryks verða vel innan umhverfismarka og mestur um helmingur af umhverfismörkum í allra næsta nágrenni bygginga fyrirhugaðs álvers.

3.2.1.2 Þurrhreinsun og vothreinsun

Í matsskýrslu kemur fram að þegar búið sé að bæta vothreinsun við þurrhreinsun sýni loftdreifingarspár að öll umhverfismörk fyrir SO_2 sem séu í gildi muni verði uppfyllt, bæði utan og innan þynningarsvæðis. Bent er sérstaklega á að ástæða þess að reiknuð gildi styrks SO_2 lækka ekki í réttu hlutfalli við styrk efnisins í útblæstri, með tilkomu vothreinsibúnaður til viðbótar þurrhreinsibúnaði, er sú að útblásturinn er kældur í vothreinsivirkjunum. Kaldari útblástur fellur fyrr til jarðar en heitur útblástur, sem rís upp og dreifist, á þettta einnig við um HF, PAH og svifryk. Líkt og í tilfellinu, sem miðast eingöngu við þurrhreinsun, fer reiknað meðaltal HF yfir vaxtartíma gróðurs aðeins yfir viðmiðunargildi (0,3 µg/m³) næst álverinu vegna þess að meginlosun HF er um rjáfur í kerskála og dreifingin úr reykháfi er lakari vegna kaldari útblásturs. Styrkur B(a)P verður alls staðar vel undir viðmiðunarmörkum Evrópusambandsins (1 ng/m³) eins og í tilfellinu með þurrhreinsun eingöngu. Styrkur PAH efna í útblæstri minnkar eilítið við vothreinsun þar sem hluti skolast út í frárennsli. Líkt og í tilfell-

inu þar sem eingöngu er notuð þurrhreinsun mun styrkur svifryks verða innan allra viðmiðunarmarka en hugsanlega eitthvað lægri.

Skipulagsstofnun telur samanburð í matsskýrslu á áhrifum á loftgæði frá álveri með þurrhreinsibúnaði og þurrhreinsibúnaði að viðbættri vothreinsun skýran. Megin niðurstaða er að ef bætt er við vothreinsun verði styrkur SO_2 undir viðmiðunarmörkum utan sem innan þynningarsvæðis, styrkur PAH efna minnkar eilítið, styrkur og dreifing HF yfir vaxtartímann verður sambærilegur og með þurrhreinsun eingöngu og svifryk muni hugsanlega minnka eitthvað. Skipulagsstofnun telur að umræddur samanburður styðji þá niðurstöðu framkvæmdaraðila að notast megi eingöngu við þurrhreinsun og telur hana ásættanlega.

3.2.2 Áhrif á gróður og dýralíf

Í matsskýrslu kemur fram að næst álverinu, innan tillögu að þynningarsvæði, megi gera ráð fyrir að breytingar verði á gróðri vegna flúors. Tegundir eins og mosar og fléttur muni hopa á meðan aðrar þolnari tegundir eins og krækilyng sækja á. Áhrif á gróður, innan þynningarsvæðis, eru talin verða frá því að vera nokkuð neikvæð næst álverinu til að vera óveruleg þegar fjær dregur.

Fram kemur að rjúpur séu helstu villtu grasbítarnir á svæðinu. Hesthús séu innan tillögu að þynningarsvæði en hestar þoli flúorríkan gróður einna best af grasbítum og því sé ekkert því til fyrirstöðu að hafa hesthúsin áfram þar sem þau eru en fóðra hrossin einnig á heyi sem aflað er utan þynningarsvæðisins. Áhrif á dýralíf á landi eru að mestu talin verða óveruleg en gætu þó orðið nokkuð neikvæð innan þynningarsvæðis.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki hafi verið gerð nægileg grein fyrir hugsanlegum áhrifum álversins á tjarnir sem lendi að hluta innan þynningarsvæðis og séu sjaldgæfar á Reykjanesskaga. Einnig skorti umfjöllun um hesthúsabyggð, aðliggjandi tún og Hólmsbergskirkjugarð.

Framkvæmdaraðili tekur fram að grunnrannsóknir verði gerðar á lífríki tjarnanna og það vaktað. Talið sé óhætt að hafa hesta áfram í hesthúsunum, m.a. að mati Umhverfistofnunar, enda fái þeir aðflutt hey að hluta og hestamönnum hafi verið gerð grein fyrir málinu á fundi. Gert sé ráð fyrir vöktun á magni flúors í gróðri á beitarsvæðum hrossanna og ef niðurstöður þess gefi tilefni til verði kannað hvort flúoráhrif finnist hjá hrossunum. Að mati kirkjugarða Keflavíkur séu tillögur um mótvægisaðgerðir til mikilla bóta þar sem þær skapi aukið skjól í kirkjugarðinum. Fyrirhugað sé að vakta áhrif flúors á gróður í kirkjugarðinum og leiðbeina um val á þolnari plöntum.

Skipulagsstofnun telur að umfjöllun í matsskýrslu um áhrif framkvæmdarinnar á gróður sé nægileg en undirstrikar mikilvægi vöktunar með tilliti til áhrifa á gróður. Niðurstaða vöktunar er undirstaða frekari þekkingar á áhrifum á gróður og þróun mótvægisaðgerða er kunna bæði að miða að aðgerðum til að draga úr loftmengun og vali á þolnari tegundum. Stofnunin tekur undir mikilvægi þess að fylgst verði með hvort hætta sé á að flúor í grasi og heyi hafi áhrif á hross á svæðinu.

3.2.3 Áhrif förgunar kerbrota og frárennslis á mengun sjávar og dýralíf

3.2.3.1 Áhrif frá kerbrotagryfju

Í matsskýrslu er greint frá fyrirhugaðri förgun kerbrota og kola- og stálsandsryki ásamt eldföstum fóðringum í flæðigryfju í Selvík. Fyrirhugað er að farga árlega 3500–6000 tonnum af kerbrotum. Fram kemur að förgun kerbrota í flæðigryfju sé ein þeirra aðferða sem mælt sé með í BAT skýrslu Evrópusambandsins. Þessi aðferð hafi gefist vel bæði hjá Norðuráli

á Grundartanga og ALCAN í Hafnarfirði. Flæðigryfjan afmarkast af um 20 m hárri bergbrún við ströndina og grjótgarði sem verður byggður til að loka víkinni. Miðað er við að garðurinn verði 5 m hærri en meðalstórstraumsfjara og því lægri en bergbrúnin. Áætlað efnismagn í garðinn sé um 50.000 m^3 og verði efnið að öllum líkindum fengið úr landjöfnun vegna stækkunar Helguvíkurhafnar. Fram kemur að endingartími flæðigryfjunnar sé áætlaður um 30 ár og hafi þá myndast um 2,25 ha landfylling. Á milli kerbrotalaga í gryfjunni verði settur skeljasandur, til að auka útfellingu á flúor, en þegar efri mörkum fyllingarinnar er náð verði hún hulin jarðvegi og skeljasandi. Vegna sjávarfalla muni verða sífelld endurnýjun á sjó innan gryfjunnar sem leysir upp uppleysanleg efni, sem ýmist verði næring fyrir örverur eða falli út vegna basavirkni sjávar og áhrifa skeljasandsins. Fram kemur að rannsóknir hafi verið gerðar á lífríki sjávar í nágrenni Helguvíkur. Í Selvík reyndist þaraskógur rýr og fylgir fjölbreytileiki smádýra ásigkomulagi hans. Framkvæmdaraðili hefur framkvæmt áhættumatsgreiningu í samræmi við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs og sé mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar flæðigryfju byggt á þekktum útskolunarprófum og samanburði við niðurstöður úr mælingum við sambærilega flæðigryfju álvers Norðuráls á Grundartanga. Helstu efni sem skolast geta úr flæðigryfjum eru:

Sýaníð. Fram kemur að efnið sé hvarfgjarnt og bindist fljótt öðrum efnum og því lítil hætta á að það berist óbundið út í umhverfið. Útþynning, niðurbrot, binding í önnur efnasambönd ásamt hraðri útskolun muni valda því að sýaníð muni hafa lítil áhrif á lífríki utan flæðigryfju.

Flúoríð. Fram kemur að þegar flúor losnar úr kerbrotum í sjó falli það út sem torleyst kalsíumflúoríð og þar sem bæði sjór og skeljasandur sem lagður verði á milli kerbrotslaga sé kalsíumríkur, tryggi það útfellingu flúorsins. Fyrirhugaðar mótvægisaðgerðir með íblöndun skeljasands og hár náttúrulegur styrkur kalsíums í sjó muni gera flúoríðið óskaðlegt lífríki sjávar.

Önnur efni. Fram kemur að PAH efni leysist ekki upp í vatni en berist um sjóinn ásoguð á agnir og því ætti uppsöfnun PAH efnanna að verða í seti, en vegna vinds og strauma sé lítil sem engin setmyndun í nágrenni Selvíkur. Því sé gert ráð fyrir að bæði PAH efni og þungmálmar dreifist og þynnist hratt út á stóru svæði og verði á mörkum þess að vera mælanleg. Því séu litlar líkur á að PAH efni og þungmálmar hafi skaðleg áhrif á lífverur.

Fram kemur að góð reynsla hafi fengist af að rækta krækling í búrum í nágrenni flæðigryfja til að greina hugsanleg áhrif uppsöfnunar efna í sjávarlífverum og verði það gert við Selvík á að minnsta kosti 4 stöðum í nágrenni flæðigryfjunnar auk viðmiðunarstaðar norðar. Gert er ráð fyrir að tveimur árum eftir að rekstur hefst fari fram mælingar á styrk sýaníðs, flúors og þungmálma í sjó utan og innan flæðigryfju. Áframhaldandi vöktun verði ákveðin í ljósi niðurstaðna.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telur að urðun kerbrota í flæðigryfju, þar sem er nægur straumur og mikil þynning, sé ásættanleg. Hafrannsóknarstofnunin gerir ekki athugsemd við urðun í flæðigryfju í Selvík en telur að besti kostur við förgun kerbrota sé að senda þau til endurvinnslu erlendis. Daði Þorbjörnssonar og Kai Westphal gera athugasemdir m.a. varðandi hugsanlega endurvinnslu kerbrota og annarra efna sem falla til. Þeir benda á óvissu um efnainnihald kerbrota (sem geti verið mismunandi eftir álfyrirtækjum) og annarra efna sem urðuð verða í gryfju, gera athugsemdir við tíðni rannsókna við flæðigryfju við álver Norðuráls í Hvalfirði og spyrja hvaðan upplýsingar um styrk uppleysts járns í grunnvatni, sem hjálpi til við útfellingu sýaníðs, koma. Þá gera þeir athugsemdir

varðandi fullyrðingar um að verið sé að beita bestu fáanlegu mengunarvörnum með notkun flæðigryfju.

Í svörum Norðuráls, sem snúa að mögulegri endurvinnslu kerbrota kemur fram að flutningur þeirra og geymsla utan flæðigryfja sé háð takmörkunum. Í Noregi sé lítill hluti kerbrota endurunninn og ekki hafi fundist umhverfislega og efnahagslega hagkvæm leið heldur séu þær orkufrekar og afurðirnar takmörkum háðar. Efnainnihald kerbrotanna sé vel þekkt, breytileiki sé einhver í snefilefnum í kerbrotum en ekki merkjanlegur á milli álfyrirtækja. Endurvinnsla uppsóps af gólfi skautsmiðju og stálssandsryks sé ekki möguleg og verði því fargað í flæðigryfju. Hreinir kolaafgangar sem falla til í skautsmiðju verða sendir til endurvinnslu. Einnig verður meirihluti þess járns sem fellur til innan verksmiðju endurunninn og jafnframt eldfastur steinn úr deiglum, eftir því sem kostur er. Varðandi rannsóknir sem gerðar hafa verið við flæðigryfju Norðuráls á Grundartanga þá er bent á að sýnataka hafi verið 15–27 sinnum á ári, samtals 110 sýni á 5 árum. Lögð sé áhersla á að efnagreina sjó sem streymir frá gryfju um þremur tímum eftir háflóð. Framkvæmdaraðili bendir á heimildir varðandi upplýsingar um styrk uppleysts járns í sjó. Ýmsar rannsóknir hafi verið gerðar og greinar birtar sem sýna fram á jákvæð áhrif járns við útfellingu sýaníðs og sé það í samræmi við mælingar í og við flæðigryfju álversins á Grundartanga, en þar sé sýaníið að mestu bundið, en komi ekki fram sem frítt efni. Samkvæmt BAT skýrslu Evrópusambandsins séu flæðigryfjur einn þriggja kosta við förgun kerbrota og teljist til bestu fáanlegu tækni, sérstaklega ef skeljasandi er blandað saman við kerbrotin.

Skipulagsstofnun telur að sú ráðstöfun að farga kerbrotum í umrædda flæðigryfju verði í samræmi við bestu fáanlegu tækni sbr. BAT skýrslu Evrópusambandsins og sé ásættanleg lausn sbr. umsagnir Umhverfisstofnunar og Hafrannsóknastofnunarinnar. Skipulagsstofnun telur, í ljósi umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar, að framkvæmdaraðili þurfi að fylgjast vel með þeirri þróun sem á sér stað í endurvinnslumöguleikum kerbrota og komi fram tækni sem teljist umhverfislega betri kostur skuli hann huga að honum, enda í samræmi við lög og reglugerðir sem kveða á um *„bestu fáanlegu tækni“*. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdaraðili hafi með áhættugreiningu og tilvísun í mælingar við flæðigryfju álversins á Grundartanga sýnt fram á að styrkur sýaníðs, flúoríðs, PAH-efna og þungmálma við flæðigryfju verði innan viðmiðunarmarka. Þá séu náttúrulegar aðstæður, þ.e mikið dýpi og miklir sjávarstraumar, til þess fallnar að draga mjög úr hættu á að styrkur skaðlegra efna fari yfir viðmiðunarmörk í nágrenni flæðigryfjunnar. Skipulagsstofnun telur að í starfsleyfi þurfi að vera áætlun um mælingar þeirra efna sem nauðsynlegt er að fylgjast með og að í leyfinu verði greint frá bakgrunnsgildum er sýna grunnástand svæðisins. Í starfsleyfi þarf jafnframt að greina frá mótvægisaðgerðum og viðbrögðum við bráðamengun. Í ljósi þess að rannsóknir á lífríki á svæðinu hafa leitt í ljós að einstakar athugunarstöðvar á sjávarbotni eru mjög ólíkar m.t.t tegundasamsetningar þarf að taka mið af því við val rannsóknarstaða í framtíðarvöktun.

3.2.3.2 Áhrif vegna frárennslis

Í matsskýrslu eru borin saman áhrif frárennslis frá álveri með þurrhreinsun og með þurrhreinsun að viðbættri vothreinsun. Í báðum tilfellum er gert ráð fyrir að skólp verði leitt í fráveitu- og skólpkerfi Reykjanesbæjar.

<u>Álver eingöngu með þurrhreinsun</u>.

Fram kemur að ef eingöngu sé notast við þurrhreinsun verði hreinsað frásogsloft leitt út um reykháfa, efni úr frásogi kerja verði eftir í hreinsivirkinu en berist að öðru leyti út í and-

rúmsloftið og engin efni fari úr því út í frárennsli. Frárennsli frá álverinu verði þá aðeins afrennsli af þökum og lóðinni. Afrennsli frá gólfum verkstæða og annarra bygginga þar sem olía verði notuð verði leitt gegnum olíusíur. Við meðhöndlun hráefnis og mengandi efna innan lóðar verði reynt að lágmarka hættu á mengun yfirborðsvatns.

Álver með þurrhreinsun að viðbættum vothreinsibúnað.

Í matsskýrslu er því lýst að við vothreinsun er útblástur frá þurrhreinsun leiddur í vothreinsivirki þar sem hann er þveginn með sjó. Við þá meðhöndlun er aðallega verið að fjarlægja SO_2 úr útblæstrinum, sem ásamt öðrum útskolunarefnum er leitt í útrás í sjó. Niðurstöður úr dreifingarspám efnanna frá útrás í sjó sýna að efnin berast bæði inn og út með ströndinni og gefa til kynna að meira en hundraðföld þynning verði orðin utan 1 km langs beltis er nái 100–200 m út frá ströndinni og meira en tvöhundruðföld þynning utan 400–500 m breiðs og 3 km langs svæðis. Meginniðurstöður varðandi dreifingu einstakra efna eru eftirfarandi.

Flúoríð. Styrkur flúoríðs í frárennslinu verði 1,9 mg/l en nær náttúrulegum gildum sjávar stutt frá útrás. Til hliðsjónar má benda á að viðmiðunargildi fyrir íslenskt neysluvatn er 1,5 mg/l og viðmiðunarmörk frá Bretlandi og löndum ESB til verndar lífríkis í saltvatni eru 5 mg/l.

Svifagnir. Styrkur svifagna í frárennsli verði 1,1 mg/l og verði orðinn sambærilegur náttúrulegum gildum, 0,3 mg/l, utan allra næsta nágrennis útrásar.

Köfnunarefni og fosfór. Vegna þynningar nái efnin ekki að hafa áhrif á náttúrulegan styrk efnanna utan næsta nágrennis útrásar.

Uppleyst súrefni. Styrkur uppleysts súrefnis muni reiknast undir mettunarstyrk á um 3 km kafla meðfram strandlengjunni. Allra næst útrás mun mettunarstyrkurinn líklega verða yfir íslenskum viðmiðunarmörkum.

Breytingar á sýrustigi. Sýrustig muni lækka um 0,05 á 100–200 m breiðu belti út frá ströndinni um 0,5 km inn og út með henni. Allra næst útrásinni mun lækkun á sýrustigi líklega verða yfir íslenskum viðmiðunarmörkum.

PAH-efni. Gert er ráð fyrir að styrkur PAH-16 í frárennslinu verði 2,8 µg/l en til samanburðar eru íslensk viðmiðunarmörk 0,1 µg/l. Vegna þynningaráhrifa verði styrkur PAH-efna í 50 m fjarlægð frá útrásarenda kominn niður í 0,005 µg/l. Gert sé ráð fyrir að 10% PAH-16 verði bundið svifögnum. Miðað við gefnar forsendur sé reiknaður styrkur PAH í seti yfir mörkunum 300 µg/kg á 1–1,5 km breiðu og 7 km löngu belti meðfram ströndinni. Miðað við norsk viðmið teldist mengun PAH á því svæði vera í II.–IV. flokki, þ.e nokkur til mikil. Þar fyrir utan væri mengunin óveruleg til lítil. Í þeim útreikningum sem lagðir eru til grundvallar er ekki tekið tillit til misdreifingar setsins vegna uppróts af botni.

B(a)P Miðað við gefnar forsendur verði styrkur B(a)P, sem verði um 1% af PAH efnum, í seti meiri en 50 µg/kg á um 1 km breiðu og 6 km löngu belti meðfram ströndinni. Skv. norskum viðmiðunarreglum myndi set með slíkan styrk lenda í II.–IV. flokki, þ.e töluvert til mikið mengað. Utan beltisins flokkaðist mengunin óveruleg eða nokkur.

Ef vothreinsun yrði sett upp er í matsskýrslu gerð tillaga um 10 km^2 þynningarsvæði í sjó, sem ráðist af reiknuðum styrk PAH og B(a)P í seti. Samkvæmt því ætti sjór utan þynningarsvæðisins að flokkast í flokk I, þ.e. óveruleg eða lítil mengun m.t.t. PAH, en flokk II, þ.e nokkur eða minni mengun m.t.t B(a)P í seti.

Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við að ekki sé fjallað nægjanlega um hugsanleg áhrif PAH efna á lífríki, innan og utan þynningarsvæðis og að óheppilegt sé að gera ráð fyrir

útrás frá vothreinsun í sömu vík og flæðigryfjur verði í. Umhverfisstofnun mælir ekki með notkun vothreinsibúnaðar miðað við þær aðstæður sem lýst er í frummatsskýrslu. Í athugasemdum Önnu Ágústdóttur, Mariu Elvira Pinedo, Sesselju Traustadóttur og Sigurðar Hreins Sigurðarsonar er bent á að reikna megi með neikvæðum áhrifum á 10 km^2 svæði í sjó. Framkvæmdaraðili segir að rannsóknir hafi leitt í ljós að mjög lítil setmyndun sé á svæðinu og því myndi dreifing PAH efna verða betri en reiknilíkön geri ráð fyrir. Á svæðinu hafi fundist kræklingur, smár og lítt nýtanlegur og vegna óhentugra aðstæðna sé ekki vitað til að ræktun hans á svæðinu sé fyrirhuguð.

Framkvæmdaraðili greinir frá því að vegna kröfu Skipulagsstofnunar hafi verið borin saman umhverfisáhrif þurrhreinsunar og þurrhreinsunar að viðbættum vothreinsibúnaði. Niðurstaðan hafi verið að nota ekki vothreinsibúnað og því þurfi ekki að skilgreina umrætt 10 km^2 þynningarsvæði í sjó. Þá telur framkvæmdaraðili ekki ástæðu til að skoða frekar samspil efna í útrás vothreinsunar og frá kerbrotum í ljósi þeirrar niðurstöðu í matsskýrslu að lítill sem enginn ávinningur felist í vothreinsun. Undir þetta taki Umhverfisstofnun síðar í umsögn sinni og mælir ekki með notkun vothreinsibúnaðar miðað við þær aðstæður sem lýst er í matsskýrslu.

Skipulagsstofnun telur að með þeim samanburði sem framkvæmdaraðili hefur gert á umhverfisáhrifum álvers með þurrhreinsibúnaði og þurrhreinsibúnaði að viðbættri vothreinsun fáist skýrari mynd af hugsanlegum umhverfisáhrifum álvers í Helguvík. Í ljósi þess verði ákvarðanataka um val hreinsibúnaðar upplýstari. Skipulagsstofnun telur að umræddur samanburður styðji þá niðurstöðu framkvæmdaraðila að notast eingöngu við þurrhreinsun og telur hana ásættanlega.

3.2.3.3 Áhrif á fuglabyggðir

Umhverfisstofnun telur að ekki sé gerð nægjanlega góð grein fyrir áhrifum flæðigryfju á nálægar fuglabyggðir til þess að stofnunin geti tekið afstöðu til staðsetningar hennar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að vegna athugasemda Umhverfisstofnunar hafi sjófuglar í Selvík verið taldir þann 25. júní 2007 og fundust eingöngu fýlar verpandi og voru það 38 áætluð varppör. Í Stakksvík, verpa ritur auk fýls og silfurmáfs (1 par 25. júní 2007) og var fjöldi rituhreiðra áætlaður 143. Við gerð kerbrotagryfjunnar verði eflaust einhver röskun á varpi fýls í Selvík og þó hönnun á aðkomu í víkina sé ekki lokið megi reikna með að einhver fýlsparanna tapi varpstað sínum en gætu fundið sér nýjan. Umferð í kerbrotagryfjuna á rekstrartíma verður um einn bíll á dag að meðaltali og ætti truflun vegna umferðar því ekki að vera mikil þannig að varp fýls í víkinni verði þar líklega eitthvað áfram. Bent er á að ritubyggð í Stakksvík sé í hvarfi frá kerbrotagryfjunni þannig að ólíklegt sé að áhrifa af henni gæti á ritubyggðina, nema hugsanlega við byggingu garðs í mynni Selvíkur og ef sprengja þurfi bergið til að skapa aðkomu í víkina. Þau áhrif yrðu þó tímabundin. Stofnar þessara fugla séu mjög stórir og þeir algengir varpfuglar á Reykjanesi og því ólíklegt að framkvæmdin hafi áhrif á þá.

Skipulagsstofnun telur upplýsingar og umfjöllun í matsskýrslu um bjargfugl ásættanlega nema hvað varðar áhrif af byggingu grjótgarðs og aðkomu að kerbrotagryfju. Að því þarf að hyggja við gerð deiliskipulags með það að markmiði að lágmarka röskun fuglalífs.

3.2.3.4 Sjóflutningar

Í matsskýrslu kemur fram að mest allir flutningar til og frá álverinu verði um höfnina í Helguvík og muni skipaumferð um höfnina því aukast verulega. Áætlað er að um 25 skip

komi árlega með súrál og um 15 skip með önnur aðföng til álversins og fari til baka með afurðir (ál). Ekki sé talið að hætta á slysum vegna aukinnar skipaumferðar utan hafnarinnar aukist frá því sem nú er og súrálsskip séu álíka stór og olíuskipin sem leggjast reglulega að olíuhöfninni í Helguvík. Hingað til hafi siglingar olíuskipa verið án vandræða enda mjög góð aðsigling að höfninni vegna mikils dýpis utan hennar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að stofnunin hafi ekki upplýsingar um að mengunarvarnabúnaður sé til staðar í Helguvíkurhöfn. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að nýr mengunarvarnabúnaður hafi verið fenginn til Helguvíkurhafnar.

Skipulagsstofnun telur ekkert hafa komið fram sem bendir til aukinnar hættu af skipaumferð til Helguvíkurhafnar og í matsskýrslu sé gerð nægjanleg grein fyrir flutningum á sjó og mengunarvörnum í Helguvík.

3.3 TENGDAR FRAMKVÆMDIR

3.3.1 Höfn

Í matsskýrslu kemur fram að samkvæmt samningnum við Reykjaneshöfn verði Norðuráli heimilt að koma fyrir og starfrækja byggingar og tækjabúnað á hafnarbakkanum og á hafnarsvæðinu í Helguvík til að þjónusta álverið. Gert sé ráð fyrir um 30.000 m² athafna- og geymslusvæði auk reits undir súrálssíló. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að nýta hluta þess efnis, sem falli til við hafnarframkvæmdina, til grófjöfnunar lóðar undir fyrirhugað álver.

Í matsskýrslu kemur fram að Skipulagsstofnun hafi bent á að fyrirhugaðar framkvæmdir við Helguvíkurhöfn feli í sér viðbót utan við núverandi brimvarnargarð og dýpkun innan hafnar þar sem farga þarf dýpkunarefni sem kann að vera efnamengað. Skipulagsstofnun lítur því svo á að fyrirhuguð hafnarframkvæmd falli undir lið 13a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum m.s.b. og sé því tilkynningarskyld en tilkynning um framkvæmdina hefur ekki borist stofnuninni.

Skipulagsstofnun bendir á að byggingaraðili álversins gerir ráð fyrir að fá efni til grófjöfnunar lóðar álversins frá framkvæmdum við stækkun Helguvíkurhafnar og að rekstur álversins er háður henni. Stofnunin telur því engan vafa leika á að markvissara hefði verið að meta áhrifin í heild og þurfi áform um stækkun hafnarinnar því að vera skýr áður en framkvæmdir við byggingu álversins verða leyfðar.

3.3.2 Orkuöflun

Í matsskýrslu kemur fram að Hitaveita Suðurnesja og Orkuveita Reykjavíkur hafi undirritað viljayfirlýsingu um raforkusölu til fyrirhugaðs álvers í Helguvík. Í viljayfirlýsingunni sé gert ráð fyrir að orkuframleiðendurnir reyni að útvega allt að 435 MWe, sem dugi fyrir allt að 250.000 t afkastagetu álversins á ári. Til fyrsta áfanga, sem verði með allt að 150.000 tonna ársframleiðslu, útvegi Hitaveita Suðurnesja allt að 150 MWe en Orkuveita Reykjavíkur allt að 100 MWe.

Fram kemur að til þess að uppfylla sinn hluta samkomulagsins vinni Orkuveita Reykjavíkur að stækkun Hellisheiðarvirkjunar úr 90 MWe í 270 MWe og undirbúningur sé hafinn að byggingu allt að 135 MWe virkjunar á Ölkelduhálssvæði og allt að 90 MWe virkjun við Hverahlíð.

Fram kemur að Hitaveita Suðurnesja sé með til athugunar stækkun Reykjanesvirkjunar um allt að 75 MWe (600 GWh/ári) og stækkun í Svartsengi um 10 MWe (85 GWh/ári). Enn fremur liggi fyrir rannsóknarleyfi í Krýsuvík, það er fyrir Sandfell, Seltún og Austurengjar og Tröllladyngju. Allar þessar framkvæmdir falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum nema

ef til vill stækkunin í Svartsengi. Gera megi ráð fyrir að matsferli vegna stækkunar Reykjanesvirkjunar geti hafist haustið 2007 en matsferli vegna hinna virkjunarstaðanna í fyrsta lagi um áramótin 2007/2008.

Fram kemur að hlutaðeigandi sveitarfélög og virkjunaraðili muni fjalla um umhverfismat þeirra skipulagsáætlana sem kunni að þarfnast breytinga vegna fyrirhugaðra virkjana. Auk framangreindra virkjunarkosta sé hugsanlegt að Landsvirkjun geti útvegað orku.

Í athugasemdum Landverndar, Náttúruverndarsamtala Íslands og samtakanna Sól á Suðurnesjum er farið fram á að umhverfisáhrif tengdra framkvæmda, einkum orkuöflunar og orkuflutnings, séu metin samtímis umhverfisáhrifum fyrirhugaðs álvers og því beint til Skipulagsstofnunar að gefa ekki út álit sitt á framkvæmdinni fyrr en frummatsskýrslur um tengdar framkvæmdir liggja fyrir.

Framkvæmdaraðili telur eðlilegra að kanna fyrst hvort staðsetning álvers teljist ásættanleg áður en lagt er í kostnað við mat á flutningi og öflun raforku.

Iðnaðarráðuneytið telur að fram þurfi að koma með greinilegri hætti hvernig Norðurál hyggst afla raforku til reksturs álversins, fyrir fyrsta og annan áfanga.

Framkvæmdaraðili vísar til neðangreindrar töflu um virkjunarkosti og áætlaðan afhendingartíma raforku sem orkufyrirtækin áforma fyrir álver í Helguvík.

Tafla. Áætlaður afhendingartími raforku til álvers í Helguvík frá líklegustu virkjunarkostum Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur samkvæmt upplýsingum frá orkufyrirtækjunum 17. febrúar 2009

Virkjun	**Skýring**	**Afl (MW)**	**Tímasetning**
Hitaveita Suðurnesja:			
Reykjanesvirkjun, 3. túrbína	Stækkun	50	Haust 2010
Reykjanesvirkjun Eldvörp/Svartsengi	20–35 MW frá hvorri virkjun	50	Haust 2010
Eldvörp/Svartsengi Krýsuvík I a.	20–40 MW frá hvorri virkjun	50	2011
Eldvörp/Svartsengi Krýsuvík	Orkumagn frá hvoru svæði ræðst af reynslu úr fyrri áfanga	110	Áfangi II
Orkuveita Reykjavíkur:			
Hverahlíð Bitra	25 MW frá hvorri virkjun	50	Haust 2010
Hverahlíð Bitra	25 MW frá hvorri virkjun	50	2011
Hverahlíð Bitra Hellisheiðarvirkjun (stækkanir)	Orkumagn frá hverju svæði ræðst af reynslu úr fyrri áfanga	75	Áfangi II

Enn fremur er bent á að mögulegir virkjunarkostir sem Hitaveita Suðurnesja hafi, anni vel ríflega þeirri orku sem fara á til álversins af hálfu Hitaveitu Suðurnesja.

Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar um matsáætlun álvers í Helguvík taldi stofnunin ekki verjandi að krefjast þess að metin yrðu samtímis umhverfisáhrif álverksmiðjunnar sjálfrar og tengdra framkvæmda í ljósi þess hve mikil óvissa ríkti um hvaðan og eftir hvaða leiðum

orka bærist álverinu. Enn í dag er veruleg óvissa um orkuöflun þar sem þeir kostir sem nefndir eru til orkuöflunar eru mjög mismunandi á vegi staddir hvað varðar rannsóknir, skipulagsumfjöllun sveitarfélaga og mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur hins vegar ekki lagastoð fyrir því að fresta að gefa álit sitt á matsskýrslu Norðuráls, eins og óskað hefur verið eftir, á þeim grundvelli að óvissa sé um orkuöflun og raforkuflutninga til álversins.

Skipulagsstofnun undirstrikar að þeir virkjunarkostir sem bent er á að Hitaveita Suðurnesja hyggist nýta vegna fyrsta áfanga álversins eiga eftir að fara í umfjöllun samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og suma á einnig eftir að fjalla um samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Þetta á við um orkuöflun fyrir meira en helming þeirrar orku sem þarf til reksturs fyrsta áfanga álversins. Skipulagsstofnun telur því að vegna óvissu um virkjunarkosti þurfi að huga vel að þessari stöðu þegar kemur að leyfisveitingum.

3.3.3 Flutningsleiðir raforku

Í matsskýrslu kemur fram að skoðaðir hafi verið nokkrir kostir í legu háspennulínu síðasta spölinn að álverinu þ.e. loftlína umhverfis Keflavíkurflugvöll, lagning jarðstrengs milli flugvallar og byggðar í Reykjanesbæ og lagning jarðstrengs í sjó frá Fitjum eða Vogum að álveri. Einnig kemur fram að gert sé ráð fyrir nýrri 220 kV línu frá Reykjanesvirkjun að Rauðamel, 245 kV línu frá Trölladyngju og að öllum líkindum 245 kV línu frá Hamranesi við Hafnarfjörð. Í umræðum sem fram hafi farið um skipulagsbreytingar á milli Reykjanesbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sandgerðisbæjar vegna fyrirhugaðs álvers sé stefnt að því að leggja jarðstrengi frá Fitjum að iðnaðarsvæðinu. Fram kemur að hafa verði þann fyrirvara á að skoðun línuleiða sé enn á frumstigi og eftir sé að meta umhverfisáhrif þeirra sem og að framkvæma umhverfismat viðeigandi skipulagsáætlana, sem gæti leitt til breytinga.

Í athugasemdum Landverndar er bent á að þar sem ákveðið sé að flytja raforku frá Fitjum að álverslóð með jarðstreng gefi það tilefni til ítarlegri umfjöllunar um afhendingaröryggi á raforku og þar með starfsöryggi starfsmanna álversins.

Framkvæmdaraðli bendir á að gert sé ráð fyrir að leggja þrjá jarðstrengi þ.e. tvo til vara ef eitthvað kemur upp á.

Skipulagsstofnun bendir á að samkvæmt matsskýrslu þurfa flutningsleiðir raforku til álversins að liggja um önnur sveitarfélög en þau sem álverið verður í. Ekki liggur t.d. fyrir hvort lagðar verða loftlínur eða jarðstrengir um lengri eða skemmri veg eða hvort það kunni að hafa áhrif á orkuverð til álversins sem hafi áhrif á rekstragrundvöll þess.

Skipulagsstofnun telur því að vegna óvissu um flutningsleiðir raforku þurfi sveitarfélögin að huga að því hvort bíða eigi með leyfisveitingar fyrir byggingu álversins þar til niðurstaða liggur fyrir.

3.4 LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA

Í matsskýrslu kemur fram að miðað við að heildarlosun koltvíoxíðs á framleitt tonn af áli sé um 1,46 t muni álver í Helguvík losa 365.000 t/ári af CO_2. Að teknu tilliti til annarra hugsanlegra stóriðjuframkvæmda á næstu árum brjóti fyrirhugað álver í Helguvík ekki í bága við Kyoto-bókunina, losun CO_2 á árunum 2008–2012 verði að meðaltali innan við 1,6 milljónir tonna. Þessi skilningur hafi verið staðfestur af iðnaðarráðuneytinu og sé í samræmi við sviðsmyndir sem finna megi á vefsvæði umhverfisráðuneytisins sem og svar umhverfisráðherra við fyrirspurn á Alþingi um losun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju þar sem segi að heimildin nái til meðaltalslosunar á ári. Í ályktun Alþingis frá apríl 2002 um aðild Íslands

að Kyotobókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sé gert ráð fyrir að losun fyrirtækja í áliðnaði á flúorkolefnum (PFC efnum) sé innan við 0,14 t af CO_2 ígildum fyrir hvert unnið áltonn. Norðurál muni stefna að því að ná þessu marki í álverinu við Helguvík. Losun fyrirhugaðs álvers í Helguvík á PFC efnum er því áætluð um 35.000 t/ári af CO_2 ígildum.

Fram kemur að í steypuskála og skautsmiðju verði ofnar hitaðir með rafmagni fremur en olíu eða gasi til að halda losun gróðurhúsalofttegunda í lágmarki. Þar sem þörf sé á hitun bygginga verði það annaðhvort gert með rafmagni eða heitu vatni. Norðurál muni hafa samráð við íslensk stjórnvöld um viðeigandi mótvægisaðgerðir vegna útstreymis gróðurhúsalofttegunda frá fyrirhuguðu álveri í Helguvík. Norðurál sé í samstarfi við Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja og Háskóla Íslands um að vinna saman að því að finna leiðir til að hefta losun gróðurhúsalofttegunda. Saman hyggist þessir aðilar þróa aðferðir til að safna koltvísýringi úr útblæstri álvera og annað hvort nýta hann eða binda öðrum efnum, til dæmis í jarðlögum.

Í umsögn iðnaðarráðuneytisins kemur fram að búast megi við vaxandi kröfum um takmarkanir á losun gróðurhúsalofttegunda og telur ráðuneytið líklegt að Ísland verði af þeim sökum að axla frekari skuldbindingar í næstu framtíð. Í því ljósi telur ráðuneytið nauðsynlegt að í matsskýrslunni verði mun ítarlegri grein gerð fyrir því hvernig fyrirtækið hyggst safna og/eða eyða koltvísýringi úr útblæstri álvera. Ráðuneytið telur eðlilegt að þess sé freistað að leggja mat á hversu raunhæfar þessar hugmyndir séu og hvenær þær gætu hugsanlega orðið að veruleika.

Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni að ekki komi fram mögulegar mótvægisaðgerðir í því skyni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eða bregðast við umframlosun fari svo að ekki fáist nægilegar heimildir hjá stjórnvöldum fyrir CO_2 losun.

Í svörum Norðuráls kemur fram að til að draga úr neikvæðum áhrifum vegna losunar gróðurhúsalofttegunda hafi náðst mjög góður árangur við að draga úr tíðni og lengd spennurisa og þar með dregið verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda (flúorkolefna). Þá sé vonast til að rannsóknir á því hvort safna megi koltvísýringi úr útblæstri álvera og binda hann í bergi skili niðurstöðum eftir 3 ár. Þær niðurstöður muni hins vegar aðallega segja til um hvort verkefnið er mögulegt og raunhæft. Ef svo er muni taka við þróun aðferða til að innleiða þessa ferla í raunverulegu umhverfi. Norðurál telji að ekki sé raunhæft að raunveruleg og umtalsverð minnkun CO_2 í útblæstri álvera með umræddum aðgerðum verði að veruleika fyrr en eftir 8–12 ár. Jafnframt eru í undirbúningi verkefni sem lúta að skoðun á því hvort hægt sé að nýta koltvísýring á annan hátt. Ef svo er mun taka við þróun aðferða til að innleiða þessa ferla í raunverulegu umhverfi. Norðurál hafi skoðað ýmis verkefni tengd skógrækt og uppgræðslu á Íslandi. Á svæðum nærri miðbaug séu einnig möguleikar á að sameina ræktun og aðstoð við að afla íbúum vatns og lífsviðurværis, auk þess sem árangur til bindingar kolefnis þar sé mun meiri vegna mun lengri vaxtartíma gróðurs en hér á landi. Það sé sameiginlegt með framangreindum verkefnum, og ýmsum öðrum verkefnum á þessu sviði, svo sem tilraunum með farartæki knúin vetni, að þau eru skammt á veg komin. Það er skilningur og túlkun Norðuráls að samkvæmt Kyotobókuninni og miðað við stöðu annarra verkefna sé CO_2 kvóti Íslendinga nægur út skuldbindingartímabilið.

Skipulagsstofnun dregur ekki í efa útreikninga Norðuráls á meðaltalslosun gróðurhúsalofttegunda stóriðjuverkefna sem tiltekin voru í matsskýrslu. En gangi þau eftir þá er ljóst að losun á hverju ári eftir árið 2012 verður mun meiri en þær 1,6 milljónir tonna sem er losunarheimild fyrir hvert ár, að meðaltali, á fyrsta skuldbindingartímabil Kyoto-bókunar-

innar. Skipulagsstofnun telur árangur Norðuráls líkt og annarra álvera við að draga úr losun flúorkolefna (PFC) á síðustu árum lofsverðan. Jafnframt telur Skipulagsstofnun jákvætt að Norðurál, í samstarfi við háskóla og orkufyrirtæki, vinni að því að leita leiða til að binda kolefni í jarðefnum. Hins vegar sé með öllu óljóst um árangur þeirra rannsókna þó svo að þær lofi um margt góðu. Skipulagsstofnun telur því að álver Norðuráls í Helguvík muni hafa verulega neikvæð áhrif vegna losunar gróðurhúsalofttegunda enda reiknast losunin um 13% af heildarlosun Íslendinga viðmiðunarár Kyoto-bókunarinnar árið 1990. Fyrirhugaður rekstur Norðuráls Helguvík sf. er háður 7. gr. laga nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda sem m.a kveður á um að staðbundinni iðnaðarframleiðslu sem losar meira en 30.000 tonn árlega sé óheimilt að starfa á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012, nema hún hafi aflað losunarheimilda eða lagt fram áætlun um hvernig slíkra heimilda verði aflað. Skipulagsstofnun telur því að áður en Norðuráli Helguvík sf. verður veitt framkvæmda- og byggingarleyfi þurfi að liggja fyrir hvort fyrirtækið fær þá losunarheimild sem það þarf eða hafi sýnt veitanda losunarheimilda fram á hvernig losun gróðurhúsalofttegunda verði mætt.

3.5 VÖKTUN

Í matsskýrslu kemur fram að í vöktunaráætlun, sem birt er í töflu í skýrslunni, sé gert ráð fyrir mælingum á veðurfarsþáttum, vöktun á tilteknum efnum í lofti, úrkomu, tjörnum, gróðri, beitargróðri og heyi, jarðvegi og jarðvatni, hrossum, sjávarseti og sjávarlífverum (kræklingum). Gert sé ráð fyrir grunnrannsóknum á ofangreindum þáttum áður en rekstur hefjist til að fá viðmiðanir og viðmiðunargildi. Lífríkisrannsóknir (gróðurrannsókn, úttekt á fuglum, rannsókn á lífríki sjávarbotns) á Helguvíkursvæðinu sumarið 2006 tengist ekki vöktunaráætluninni eins og hún er sett fram en muni nýtast sem grunnur ef lífríkisrannsóknir verði endurteknar síðar. Fram kemur að vöktunaráætlunin taki mið af því að hér á landi hafi álver verið starfrækt í töluverðan tíma og ágætis reynsla því komin á tilhögun og aðferðir við vöktun á starfsemi þeirra. Í starfsleyfi verði nánar kveðið á um þá þætti sem vaktaðir verða eftir að starfsemi álversins er hafin.

Umhverfisstofnun bendir á að hún telur að fylgjast þurfi reglulega með ástandi hrossa, meðal annars hvort í þeim gæti ummerkja flúorskaða í tönnum. Stofnunin gerir ráð fyrir því að fastir vöktunarstaðir gróðurs verði á túnum og beitarstöðum hrossa, í kirkjugarði og við tjarnir norðaustan við álverið. Framkvæmdaraðili tekur fram að gert sé ráð fyrir að dýralæknir skoði hross áður en rekstur álversins hefst, ástand þeirra verði einnig kannað að hausti næstu tvö ár eftir að rekstur hefst og eftir það verði það kannað ef mælingar á beitargróðri gefa tilefni til að ætla að hrossin gætu hafa orðið fyrir flúorskaða. Fram kemur að fastir vöktunarstaðir fyrir gróður hafi ekki verið ákveðnir en framkvæmdaraðili sjái ekkert því til fyrirstöðu að þeir verði á þeim stöðum sem Umhverfisstofnun nefnir.

Skipulagsstofnun telur áætlun um söfnun bakgrunnsgilda og síðan vöktun, í matsskýrslunni, gerð góð skil en undirstrikar mikilvægi þess að í starfsleyfi verði vöktunaráætlun skýrt fram sett.

3.6 STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitinga vegna byggingar álvers í Helguvík, Reykjanesbæ og Sveitarfélaginu Garði með allt að 250.000 tonna ársframleiðslu bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

Framkvæmdin er í samræmi við auglýsta breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005–2025 og breytingar sem samþykktar hafa verið í sveitarstjórn Reykjanesbæjar á Aðal-

skipulagi Reykjanesbæjar 1995–2015 og af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Garðs á aðalskipulagi Gerðahrepps 1998–2018. Aðalskipulagsbreytingarnar hafa ekki verið staðfestar af ráðherra.

Deiliskipulag er forsenda byggingarframkvæmda auk starfsleyfis. Unnið er að breytingu á deiliskipulagi fyrir athafnasvæði fyrirhugaðs álvers í Reykjanesbæ og unnið að gerð deiliskipulags fyrir ráðgert iðnaðarsvæði í Sveitarfélaginu Garði. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í deiliskipulagi verði hugað að staðsetningu og lagningu vegar frá álveri að flæðigryfju í Selvík, m.t.t fornminja, fuglalífs og áhrifa á ásýnd Selvíkur og að umfangi og staðsetningu jarðvegsmana m.t.t áhrifa á ásýnd svæðisins.

Framkvæmdin er háð bygginga- og framkvæmdaleyfi Reykjanesbæjar og Sveitarfélagsins Garðs skv. 27. gr. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 fyrir byggingu álversins, uppsetningu vinnubúða og förgunar kerbrota í flæðigryfju.

Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 33/2004, um lög um varnir gegn mengun hafs og stranda, og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Gerð hafa verið drög að tillögu að starfsleyfi.

Framkvæmdin er háð 7. gr. laga nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda, sem m.a. kveður á um að staðbundinni iðnaðarframleiðslu sem losar meira en 30.000 tonn árlega sé óheimilt að starfa á tímabilinu 1. janúar 2008 – 31. desember 2012, nema hún hafi aflað losunarheimilda eða lagt fram áætlun um hvernig slíkra heimilda verði aflað. Framkvæmdaraðili hefur ekki fengið umræddra losunarheimild eða lagt fram áætlun um hvernig hennar verður aflað en þarf að uppfylla annað hvort skilyrðanna til þess að geta hafið starfssemi.

Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Framkvæmdin er háð sérstöku starfsleyfi frá Vinnueftirliti ríkisins vegna reksturs álversins, skv. 95. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað nr. 46/1980.

4 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Norðuráls Helguvík sf. sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla Norðuráls Helguvík sf. byggði á auglýstri frummatsskýrslu, umsögnum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu Norðuráls Helguvík sf. til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla Norðuráls Helguvík sf. hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir athugasemdum og umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatskýrslu og þeim sé svarað.

Skipulagsstofnun telur að áhrif álverksmiðju í Helguvík á vinnumarkað komi að miklu leyti til með að ráðast af stöðu atvinnumála á Suðurnesjum, á höfuðborgarsvæðinu og landinu í heild bæði á byggingartíma og þegar rekstur hefst. Gæta þarf þess megin sjónarmiðs að verkinu verði áfangaskipt með tilliti til þess að draga úr ruðningsáhrifum.

Skipulagsstofnum telur að áhrif á rekstrartíma álversins á aðrar atvinnugreinar og vinnuafl verði bein og varanleg þar sem stór vinnuveitandi með vel launuð störf kemur inn á svæðið og verður í sterkri samkeppnisstöðu um vinnuafl, bæði faglært og ófaglært. Tilkoma álversins mun einnig skapa ný atvinnutækifæri, svo sem í verslun og þjónustu og auka verkefni minni fyrirtækja.

Ljóst er að unnt verður að sækja vinnu til Helguvíkur frá höfuðborgarsvæðinu og að húsnæði hefur losnað á varnarsvæðinu sem dregur úr þeim miklu áhrifum sem annars gætu orðið í byggingariðnaði og á húsnæðismarkaðnum. Stofnunin telur að sveitarfélögin séu allvel undirbúin til að taka við því fólki sem bygging og rekstur álversins hefur í för með sér. Einnig skiptir þar verulegu máli að álverið verði byggt upp í 250.000 tonna stærð í tveimur eða fleiri áföngum á nokkrum árum.

Skipulagsstofnun telur að neikvæð sjónræn áhrif framkvæmdanna verði aðallega vegna mjög umfangsmikilla bygginga bæði langra og hárra sem breyti óhjákvæmilega ásýnd svæðisins. Skipulagsstofnun telur að með litavali á byggingar megi draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum þeirra. Leggja þarf áherslu á að lögun, áferð og uppgræðslu jarðvegsmana m.t.t þess að þær verði ekki sjálfar útlitslýti í landinu og hafi neikvæðari sjónræn áhrif en byggingarnar sem þær eiga að skýla.

Skipulagsstofnun telur nægilega fjallað um hljóðvist á framkvæmda- og rekstrartíma og að áhrif vegna hávaða frá starfseminni verði ekki veruleg.

Skipulagsstofnun telur að umfjöllun um fornleifar sé fullnægjandi og að áhrif á þær verði minniháttar. Hafa þarf samráð við Fornleifavernd ríkisins þegar fyrir liggur hvernig aðkomu að flæðigryfju í Selvík verður háttað.

Skipulagsstofnun telur að umfjöllun í matsskýrslu um áhrif framkvæmdarinnar á gróður sé nægileg en undirstrikar mikilvægi vöktunar.

Skipulagsstofnun telur að sú ráðstöfun að farga kerbrotum í flæðigryfju í Selvík verði í samræmi við bestu fáanlegu tækni og sé ásættanleg lausn, en fylgjast þarf vel með þeirri þróun sem á sér stað í endurvinnslumöguleikum kerbrota. Skipulagsstofnun telur að í starfsleyfi þurfi að vera áætlun um mælingar þeirra efna sem nauðsynlegt er að fylgjast með og greint frá bakgrunnsgildum er sýna grunnástand svæðisins. Í ljósi þess að rannsóknir á lífríki á svæðinu hafa leitt í ljós að athugunarstöðvar á sjávarbotni eru mjög ólíkar m.t.t. tegundasamsetningar þarf að taka mið af því við val rannsóknarstaða í framtíðarvöktun.

Skipulagsstofnun telur að með þeim samanburði sem framkvæmdaraðili hefur gert á umhverfisáhrifum álvers með þurrhreinsibúnaði og þurrhreinsibúnaði að viðbættri vothreinsun fáist skýrari mynd af hugsanlegum umhverfisáhrifum álvers í Helguvík. Skipulagsstofnun telur að umræddur samanburður styðji þá niðurstöðu framkvæmdaraðila að notast eingöngu við þurrhreinsun og telur hana ásættanlega.

Skipulagsstofnun telur upplýsingar og umfjöllun í matsskýrslu um bjargfugl ásættanlega nema hvað varðar áhrif af byggingu sjóvarnargarðs og aðkomu að kerbrotagryfju. Að því þarf að hyggja við gerð deiliskipulags með það að markmiði að lágmarka röskun fuglalífs.

Skipulagsstofnun telur ekkert hafa komið fram sem bendir til aukinnar hættu af skipaumferð til Helguvíkurhafnar.

Skipulagsstofnun bendir á að byggingaraðili álversins gerir ráð fyrir að fá efni til grófjöfnunar lóðar álversins frá framkvæmdum við stækkun Helguvíkurhafnar og að rekstur álversins er háður henni. Stofnunin telur því engan vafa leika á að markvissara hefði verið að meta áhrifin í heild og þurfi áform um stækkun hafnarinnar því að vera skýr áður en framkvæmdir við byggingu álversins verða leyfðar.

Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar um matsáætlun álvers í Helguvík taldi stofnunin ekki verjandi að krefjast þess að metin yrðu samtímis umhverfisáhrif álverksmiðjunnar sjálfrar og tengdra framkvæmda í ljósi þess hve mikil óvissa ríkti um hvaðan og eftir hvaða leiðum orka bærist álverinu. Enn í dag er veruleg óvissa um orkuöflun þar sem þeir kostir sem nefndir eru til orkuöflunar eru mjög mismunandi á vegi staddir hvað varðar rannsóknir,

skipulagsumfjöllun sveitarfélaga og mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur hins vegar ekki lagastoð fyrir því að fresta að gefa álit sitt á matsskýrslu Norðuráls, eins og óskað hefur verið eftir, á þeim grundvelli að óvissa sé um orkuöflun og raforkuflutninga til álversins.

Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu sé gerð ásættanleg grein fyrir hugmyndum um orkuöflun. Stofnunin undirstrikar þó að þeir virkjunarkostir sem bent er á að Hitaveita Suðurnesja hyggist nýta vegna fyrsta áfanga álversins eiga eftir að fara í umfjöllun samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og suma á einnig eftir að fjalla um samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Þetta á við um orkuöflun fyrir meira en helming þeirrar orku sem þarf til reksturs fyrsta áfanga álversins. Skipulagsstofnun telur að sveitarfélögin þurfi að huga vel að þessari stöðu þegar kemur að leyfisveitingum.

Skipulagsstofnun bendir á að samkvæmt matsskýrslu þurfa flutningsleiðir raforku til álversins að liggja um önnur sveitarfélög en þau sem álverið verður í. Umfjöllun um flutningsleiðir raforku í viðkomandi sveitarfélögum er ekki lokið. Ekki liggur t.d. fyrir hvort lagðar verða loftlínur eða jarðstrengir um lengri eða skemmri veg eða hvort það kunni að hafa áhrif á orkuverð til álversins sem hafi áhrif á rekstragrundvöll þess. Ekki liggur fyrir ótvíræð ákvörðun um flutningsleiðir í gegnum Reykjanesbæ þó fram komi í matsskýrslunni að stefnt sé að lagningu jarðstrengs frá Fitjum að iðnaðarsvæðinu. Skipulagsstofnun telur því að vegna óvissu um flutningsleiðir raforku þurfi sveitarfélögin að huga að því hvort bíða eigi með leyfisveitingar fyrir byggingu álversins þar til niðurstaða liggur fyrir.

Skipulagsstofnun dregur ekki í efa útreikninga Norðuráls á meðaltalslosun gróðurhúsalofttegunda stóriðjuverkefna sem tiltekin voru í matsskýrslu. Gangi þau verkefni eftir þá er ljóst að losun á hverju ári eftir árið 2012 verði mun meiri en þær 1,6 milljónir tonna sem er losunarheimild fyrir hvert ár, að meðaltali, á fyrsta skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar.

Fyrirhugaður rekstur Norðuráls Helguvík sf. er háður 7. gr. laga nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda sem m.a. kveður á um að staðbundinni iðnaðarframleiðslu sem losar meira en 30.000 tonn árlega sé óheimilt að starfa á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2012, nema hún hafi aflað losunarheimilda eða lagt fram áætlun um hvernig slíkra heimilda verði aflað. Skipulagsstofnun telur því að áður en Norðuráli Helguvík sf. verður veitt framkvæmda- og byggingarleyfi þurfi að liggja fyrir hvort fyrirtækið fær þá losunarheimild sem það þarf eða hafi sýnt veitanda losunarheimilda fram á hvernig losun gróðurhúsalofttegunda verði mætt.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhugað álver Norðuráls Helguvík sf., með fyrirvara um umhverfisáhrif tengdra framkvæmda, muni ekki valda verulega neikvæðum og óafturkræfum áhrifum á umhverfi eða samfélag.

Reykjavík, 4. október 2007.

Þóroddur F. Þóroddsson Rut Kristinsdóttir

Fylgiskjal XI.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um heimild til samninga um álver í Helguvík.

Markmið þessa frumvarps er að veita ríkisstjórn Íslands og iðnaðarráðherra fyrir hennar hönd heimild til að semja við Norðurál Helguvík ehf. og eiganda þess, Century Aluminium Company, um álver í Helguvík á Reykjanesi í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Áformað er að byggja álverið í fjórum 90.000 tonna áföngum og að ársframleiðsla þess verði allt að 360.000 tonn. Gert er ráð fyrir að álverið taki til starfa seinni hluta árs 2011 og að starfsmenn þess verði þá 210 en verði 540 þegar álverið verður fullbyggt. Ákvæði samningsins skulu gilda eigi skemur en í 20 ár frá því að framleiðsla hefst í álverinu. Í tengslum við verkefnið hefur auk þess verið gerður hafnarsamningur um stækkun og breytingu á aðstöðu við höfnina í Helguvík milli Reykjaneshafnar og Norðuráls Helguvíkur ehf. Gert er ráð fyrir að Reykjaneshöfn muni sjá um að viðhalda höfninni og hafnarmannvirkjum á eigin kostnað og að notkun hennar í þágu félagsins, þ.e. Norðuráls ehf., verði háð greiðslu hafnargjalda.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að þrátt fyrir að almennar skattareglur skuli gilda um starfsemi álversins í Helguvík, verði því veittar ýmsar ívilnanir í formi frávika frá reglum um skatta og gjöld. Eru þau frávik þó að mestu leyti sambærileg þeim sem kveðið er á um í lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, og lögum nr. 12/2003, um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði. Á þeim er þó sá munur að frávik þau sem kveðið er á um í þessu frumvarpi eru nokkuð minni en þau sem lögfest voru í framangreindum lögum. Þannig er t.d. ekki að finna í frumvarpinu frávik frá greiðslum tekjuskatts á arð eða gatnagerðargjalda og þá er eðli máls samkvæmt ekki að finna frávik frá greiðslu eignarskatts þar sem hann hefur nú verið afnuminn. Frávik þau sem gert er ráð fyrir að Norðurál ehf. skuli njóta frá reglum um skatta og gjöld samkvæmt frumvarpinu snúa að eftirfarandi þáttum en í greinargerð frumvarpsins er fjallað nánar um einstök skattaleg ákvæði frumvarpsins:

1. Tryggt að tekjuskattshlutfall verði ekki hærra en 15%.
2. Sérreglur varðandi fyrningu eigna.
3. Undanþága frá iðnaðarmálagjaldi og markaðsgjaldi.
4. Sérreglur varðandi stimpilgjöld.
5. Sérreglur varðandi skipulagsgjald.
6. Undanþága frá rafmagnsöryggisgjaldi.
7. Ýmis öryggisákvæði varðandi upptöku nýrra skatta.

Í tengslum við frumvarpið fór fram vinna á vegum iðnaðarráðuneytisins þar sem fjárhagslegt umfang þessara tilteknu skattalegu ívilnana var metið. Í stórum dráttum er þar lagt mat á tekjur hins opinbera næstu 20 árin annars vegar miðað við gildandi skattareglur og hins vegar miðað við þau frávik frá þeim sem samningurinn gerir ráð fyrir. Samkvæmt niðurstöðum þeirrar úttektar er gert ráð fyrir að fjárhagsleg ívilnun frumvarpsins sé metin að núvirði á um 16,2 millj. USD á þessu 20 ára tímabili en nánari útlistun á matinu er að finna í fylgiskjölum með frumvarpinu. Sé miðað við að gengi bandaríkjadals gagnvart íslensku krónunni sé 113, þá gera þetta alls um 1,8 milljarða íslenskra króna yfir tímabilið eða 90 m.kr. að meðaltali á ári. Stærstu liðirnir snúa í fyrsta lagi að því að gert er ráð fyrir að félag-

inu verði veitt undanþága frá rafmagnsöryggisgjaldi en það er metið sem ívilnun að fjárhæð 7,2 millj. USD. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að félaginu verði veitt undanþága frá iðnaðarmálagjaldi sem er metið sem 4 millj. USD ívilnun. Þá er í þriðja lagi gert ráð fyrir sérreglum varðandi stimpilgjöld en það er metin sem ívilnun að fjárhæð 2,2 millj. USD. Aðrir þættir vega minna. Ekki er hægt að segja fyrir um það hvort ákvæði um að tekjuskattshlutfall vegna starfsemi álversins í Helguvík verði ekki hærra en 15% muni fela í sér ívilnun.

Á hinn bóginn er reiknað með að ef af þessari starfsemi verður þá muni álverið skila 48,1 millj. USD í tekjum á núvirði til ríkisins og sveitarfélaga á þessu tímabili sem annars hefðu ekki fallið til. Það svarar til um 5,4 milljarða króna m.v. sama gengi bandaríkjadals. Auk þess má gera ráð fyrir auknum skatttekjum á meðan á framkvæmdunum stendur. Efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins áætlar að fyrirhugaðar framkvæmdir við álver í Helguvík geti aukið hagvöxt um tæplega 3 prósentustig á tímabilinu 2009–2016 og dregið úr atvinnuleysi um allt að hálft prósentustig á ári. Á fyrri hluta tímabilsins verður aukinn hagvöxtur að mestu drifinn áfram af aukinni atvinnuvegafjárfestingu en á seinni hluta tímabilsins koma til áhrif af auknum útflutningi. Að öllu samanlögðu má því gera ráð fyrir, verði frumvarpið óbreytt að lögum og ráðist verði í framkvæmdirnar, að tekjur ríkissjóðs muni aukast og afkoma ríkissjóðs þar af leiðandi batna.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi umtalsverð bein áhrif á útgjaldahlið ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum að öðru leyti en því að greiðslur vegna atvinnuleysisbóta gætu orðið minni en ella næstu árin.

665. Nefndarálit [321. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson og Völu Rebekku Þorsteinsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Sigríði Lillý Baldursdóttur frá Tryggingastofnun ríkisins, Ólaf E. Friðriksson og Halldóru Elínu Ólafsdóttur frá Fjármálaeftirlitinu, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Tómas Möller og Hrafn Magnússon frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Guðjón Rúnarsson og Arnald Loftsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands og Eyjólf Lárusson frá Allianz Ísland hf. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Tryggingastofnun ríkisins, Fjármálaeftirlitinu, Seðlabanka Íslands, Samtökum fjármálafyrirtækja, Alþýðusambandi Íslands, Landssamtökum lífeyrissjóða, Samtökum atvinnulífsins, Viðskiptaráði Íslands, Neytendasamtökunum, Félagi löggiltra endurskoðenda, Landssambandi eldri borgara, Íbúðalánasjóði, Ríkisendurskoðun, Kauphöll Íslands, greiningardeild Nýja Landsbankans hf., Allianz Ísland hf. og Ingimundi K. Guðmundssyni.

Frumvarpið kveður á um að heimil verði útgreiðsla séreignarsparnaðar í áföngum og upp að vissu marki sem tekur jafnt til allra eigenda séreignarsparnaðar og sem verði þeim til

frjálsrar ráðstöfunar. Frumvarpið er lagt fram í ljósi bágrar fjárhagsstöðu margra einstaklinga og heimila en einnig takmarkaðs svigrúms ríkissjóðs til þensluhvetjandi aðgerða.

Á fundum nefndarinnar var rætt um getu lífeyrissjóðanna til að standa undir tímabundnum útgreiðslum séreignarsparnaðar, hversu margir rétthafar væru líklegir til að nýta heimildina og áhrif frumvarpsins á stöðu vörsluaðila sparnaðarins og á þá rétthafa sem ekki kjósa að taka út sinn séreignarsparnað.

Nefndin ræddi hvort nauðsynlegt gæti reynst að binda heimildina frekari skilyrðum til að tryggja að útgreiðsla hefði í för með sér raunverulegan ávinning fyrir rétthafa. Kom til tals í því sambandi hvort setja ætti það skilyrði að hún yrði einvörðungu nýtt til greiðslu fasteignaveðlána rétthafa, eftir atvikum þannig að greiðslan yrði innt af hendi til viðkomandi lánastofnunar í formi skuldabréfs sem hlutaðeigandi lífeyrissjóður gæfi út, auk þess sem sjóðurinn stæði skil á tekjuskatti til ríkisins með útgáfu skuldabréfs til ríkisins. Fram kom að með því gætu aðeins þeir eigendur séreignarsparnaðar sem væru með fasteignaveðlán nýtt sér heimildirnar sem frumvarpið fjallar um og í því fælist ákveðið ójafnræði.

Nefndin ræddi um nauðsyn þess að koma á fót miðlægu eftirliti til að stemma stigu við að rétthafar sem eiga séreignarsparnað hjá fleiri en einum vörsluaðila taki út hærri fjárhæð en sem nemur tilgreindu hámarki. Vörsluaðilar séreignarsparnaðar geta verið lífeyrissjóðir, viðskiptabankar, sparisjóðir, líftryggingafélög og verðbréfafyrirtæki.

Nefndin ræddi hvort heimila ætti viðkomandi sjóðum að taka sérstaka þóknun fyrir þá umsýslu sem ákvæði frumvarpsins væru líkleg að hafa í för með sér.

Þá ræddi nefndin hvort útgreiðsla séreignarsparnaðar gæti skert tilkall rétthafa samkvæmt ákvæðum frumvarpsins til bóta almannatrygginga, félagslegra bóta sveitarfélaga eða annarra bóta og hvort útgreiðslan gæti mögulega falið í sér ígildi riftunar á samningi sem gerður hefði verið við vörsluaðila um viðbótarlífeyrissparnað til nokkurra ára.

Nefndin fjallaði loks almennt um grunnhugmyndina að baki séreignarsparnaðarforminu og hvernig frumvarpið félli að henni að teknu tilliti til aldurssamsetningar þjóðarinnar í næstu framtíð.

Þeir sem komu á fund nefndarinnar voru flestir þeirrar skoðunar að frumvarpið horfði til bóta í ljósi þeirra erfiðleika sem þjóðin stendur frammi fyrir. Sú gagnrýni kom þó fram að frumvarpið félli ekki vel að þeim sjónarmiðum sem búa að baki uppbyggingu lífeyrissjóðakerfisins. Einnig voru færð fyrir því rök að hlutaðeigandi lífeyrissjóðir mundu þurfa að losa um eignir með litlum fyrirvara til að standa undir útgreiðslu á tímum þegar erfiðar markaðsaðstæður ríktu í heiminum. Þetta fæli í sér rýrnun á eignasafni sjóðanna og gæti stuðlað að því að aðrir rétthafar sem ekki hafa leitt hugann að því að nýta heimild til úttektar séreignarsparnaðar sjái hag sínum best borgið með því að ganga á sparnaðinn að því marki sem heimilt er.

Þessu er mætt með því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgreiðsla séreignarsparnaðar fari ekki yfir tiltekið hámark og eigi sér stað með jöfnum mánaðarlegum afborgunum á tilgreindu tímabili. Á fundum nefndarinnar var undirstrikað mikilvægi þess að útgreiðslan komi til með að hafa raunverulega þýðingu fyrir rétthafa. Fram komu ólík sjónarmið um hvernig þetta yrði best tryggt og hvort tilefni væri til þess að setja frekari skilyrði fyrir útgreiðslu séreignarsparnaðar. Í því sambandi telja sumir rétt að einskorða greiðslur við þá sem orðið hafa fyrir tekjuskerðingu vegna atvinnumissis eða skerðingu á starfshlutfalli í kjölfar bankahrunsins. Aðrir telja að binda eigi útgreiðslu því skilyrði að henni verði ráðstafað til greiðslu fasteignaveðlána eða annarra lána ef hinu fyrra er ekki til að dreifa. Það sjónarmið hefur þó kom-

ið fram að með þessu sé í reynd verið að gera séreignarsparnaðinn aðfararhæfan sem ekki er heimilt samkvæmt lögum.

Fjármálaeftirlitið telur að rétt sé að einskorða heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar við eina milljón króna, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, og leggur jafnframt áherslu á að vörsluaðili hafi heimild til að fresta útgreiðslum undir sérstökum kringumstæðum til að tryggja hagsmuni þeirra sem eiga eignir sínar áfram í sjóðunum. Leggur eftirlitið til að frestunarheimildin taki einnig til þeirra sem óska útgreiðslu séreignarsparnaðar af öðrum ástæðum en þeim sem tilgreindar eru í frumvarpinu. Undir þetta hafa fulltrúar lífeyrissjóðanna tekið og benda á að verði frumvarpið samþykkt óbreytt sé viðbúið að einhverjir vörsluaðilar muni nýta sér heimild til frestunar.

Enn fremur hafa talsmenn sjóðanna bent á mikilvægi þess að hlutlaus aðili annist eftirlit með því að rétthafar innleysi ekki meira en sem nemur tilgreindu hámarki, t.d. með því að flytja eign milli vörsluaðila og innleysa allt að einni milljón króna hjá hverjum þeirra. Einnig óskuðu þeir eftir því að á meðan útgreiðslutímabili stæði yrði vörsluaðilum séreignarsparnaðar veitt undanþága frá 2. gr. reglna Seðlabanka Íslands, sem settar eru með stoð í 15. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, og varða binditíma verðtryggðra innstæðna. Þá komu fram óskir um að í frumvarpið yrði sett ákvæði sem heimili sjóðunum að taka sérstaka þóknun fyrir þá umsýslu sem af ákvæðum frumvarpsins leiðir.

Meiri hlutinn vekur loks athygli á því að í umsögn Tryggingastofnunar ríkisins kemur fram að útgreiðsla séreignarsparnaðar samkvæmt frumvarpinu muni ekki hafa áhrif á greiðslu elli-, örorku- og endurhæfingarlífeyris né heldur á greiðslu tekjutryggingar, sbr. 3. og 4. mgr. 16. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007. Hins vegar muni greiðslan hafa áhrif á greiðslur frekari uppbóta til lífeyrisþega Tryggingastofnunar skv. 9. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, sbr. reglugerð nr. 595/1997, um heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 878/2008, um sérstaka uppbót til framfærslu lífeyrisþega, með síðari breytingum. Í umsögn Seðlabanka Íslands er einnig varpað fram þeirri spurningu hvort lagt hafi verið pólitískt mat á það hvort sambærilegar reglur eigi að gilda um skerðingu námslána og endurgreiðslur þeirra og fram koma í b-lið 5. gr. og 6. gr. frumvarpsins. Enn fremur hafa komið fram sjónarmið um að útgreiðsla séreignarsparnaðar gæti haft áhrif á styrki sveitarfélaga til ákveðinna hópa.

Í ljósi framangreinds og að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið leggur meiri hlutinn til nokkrar breytingar á frumvarpinu.

1. Meiri hlutinn leggur til að ríkisskattstjóra verði falið að annast eftirlit með útgreiðslum séreignarsparnaðar og að nánar verði kveðið á um fyrirkomulag þess í reglugerð.
2. Meiri hlutinn leggur til þá breytingu að útgreiðsla séreignarsparnaðar komi ekki til skerðingar á húsaleigubótum. Meiri hlutinn leggur einnig til að fengnum ábendingum Tryggingastofnunar ríkisins að útgreiðslan hafi ekki áhrif á bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þá telur meiri hlutinn til einföldunar að ákvæði frumvarpsins sem varða áhrif útgreiðslna séreignarsparnaðar á tilgreindar bótagreiðslur verði sameinuð í einni grein, 3. gr.
3. Meiri hlutinn leggur til breytingu um að heimild vörsluaðila til að fresta útgreiðslu séreignarsparnaðar við sérstakar aðstæður taki einnig til þeirra sem óska útgreiðslu séreignarsparnaðar af öðrum ástæðum en þeim sem tilgreindar eru í frumvarpinu. Er breytingin gerð til samræmis við ábendingar Fjármálaeftirlitsins.
4. Meiri hlutinn leggur til að ráðherra verði heimilað að setja reglugerð um heimild vörsluaðila séreignarsparnaðar til að taka þóknun til að standa undir kostnaði vegna umsýslu

við útgreiðslu séreignarsparnaðar. Meiri hlutinn leggur sérstaka áherslu á að þar komi fram skýr sundurliðun á því hvaða kostnaðarliðum gjaldinu sé ætlað að standa undir.

5. Meiri hlutinn leggur loks til breytingu á 5. gr. frumvarpsins en þar kemur fram að mönnum verði heimilað að draga allt að 6% viðbótariðgjald frá tekjuskattsstofni í stað 4% á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010. Til að ákvæðið nái til allra þarf að vísa í bæði 4. og 5. tölul. A-liðar 30. gr. tekjuskattslaga en í 5. tölul. er einungis fjallað um þá sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Til þess að ákvæðið nái einnig til launþega er þessi breyting lögð til.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Björgvin G. Sigurðsson, Bjarni Benediktsson og Ragnheiður E. Árnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 2009.

Árni Þór Sigurðsson, varaform., frsm.	Ellert B. Schram.	Gunnar Svavarsson.
Jón Bjarnason.	Birkir J. Jónsson.	

666. Breytingartillögur [321. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar (ÁÞS, EBS, GSv, JBjarn, BJJ).

1. Við 3. gr.
   a. Á eftir 5. mgr. a-liðar (VIII) komi ný málsgrein, svohljóðandi:
      Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með útgreiðslum séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði þessu.
   b. 6. mgr. a-liðar (VIII) orðist svo:
      Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um fyrirkomulag eftirlits og útgreiðslu og jafnframt heimild vörsluaðila til innheimtu sérstaks gjalds vegna umsýslu við útgreiðslu séreignarsparnaðar.
   c. Við a-lið (VIII) bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Útgreiðsla séreignarsparnaðar hefur ekki áhrif á bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þá hefur útgreiðslan ekki áhrif á greiðslu húsaleigubóta skv. 9. gr. laga um húsaleigubætur, greiðslu barnabóta eða vaxtabóta skv. 68. gr. laga um tekjuskatt og atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.
   d. Orðin „samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VIII“ í 1. mgr. b-liðar (IX) falli brott.

2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir 4. og 5. tölul. A-liðar 30. gr. laganna er heimilt að draga allt að 6% frá af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga vegna iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóða til aukningar lífeyrisréttinda, til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, eða til starfstengdra eftirlaunasjóða samkvæmt lögum um starfstengda eftirlaunasjóði á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010.
3. 6. gr. falli brott.
4. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

667. Nefndarálit [321. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Undirritaður spurði á fundum nefndarinnar hvaða vanda ætlunin væri að leysa með frumvarpinu, hvaða upphæðir væru á séreignarsparnaði og hvaða vandi brynni á fjölskyldum landsins sem þyrfti leysa sem fyrst. Ekki fengust viðhlítandi svör við því. Upplýsingar um inneignir í séreignarsjóðum liggja ekki á lausu þar sem fólk getur átt séreignarsparnað í mörgum bönkum og lífeyrissjóðum.

Ekki kom heldur fram á fundum nefndarinnar hvaða vanda frumvarpinu væri ætlað að leysa. Eins og frumvarpið lítur út virðist því ætlað að leysa neysluvanda, þ.e. vanda þeirra fjölskyldna, sem ekki eiga fyrir afborgunum af lánum og daglegum útgjöldum en eru með tiltölulega litlar upphæðir í vanskilum. Ætlunin er að greiða 1 millj. kr. á 10 mánuðum sem þýðir að mánaðarlega eru greiddar út 100 þús. kr. sem eftir skatt þýðir um 63 þús kr. til ráðstöfunar eða alls 630 þús. kr. Það er ljóst að með slíkri upphæð verða einungis minni vanskil leyst en hún getur hugsanlega nýst sem viðbótar atvinnuleysisbætur. Auðvitað munar um þessa upphæð ef hjón leysa upp séreignarsparnað beggja. En jafnvel þá er einungis um 1,25 millj. kr. að ræða í heildina til að lækka skuldir og vanskil. Mun mörgum finnast það smátt í sniðum.

Sú lága upphæð sem nefnd er hér að ofan dugar engan vegin til að bjarga málum þeirra fjölskyldna, sem eiga góða upphæð í séreignarsjóði (5–15 millj. kr.) og eru með mikil vanskil (5–20 millj. kr.). Fyrir slíkar fjölskyldur er mikilvægt að losa um séreignarsparnaðinn sem er fastur og greiða með honum vanskilin sem eru líka föst því fjölskyldan getur ekki greitt neitt að ráði. Þannig væri fjölskyldunni forðað frá uppboði og jafnvel missi heimilis. Frumvarpið leysir alls ekki slíkan vanda því fjölskyldan getur lent í því að missa heimilið á uppboði vegna þess að 0,6 millj. kr. eða 1,2 millj. kr. duga engan veginn til lausnar vanda hennar og heimilið fer á uppboð, jafnvel þó að fjölskyldan eigi tug milljóna króna enn á séreignarsparnaði.

Lausnin felst í því að vörsluaðili séreignarsparnaðarins gefur út yfirlýsingu um að eigandinn megi framselja séreignarsparnaðinn sinn til annars vegar þeirrar lánastofnunar sem hann skuldar og svo hins vegar til skattstjóra, sem fær heimild til að taka við skatti með þessum hætti. Hvort þetta yrði gert með skuldabréfi eða yfirlýsingu þarf að finna út úr. Vörsluaðili lífeyrissjóðsins er eðli máls samkvæmt mjög góður skuldari og hann ætti að öllu jöfnu a skila sæmilegri ávöxtun. Þessi lausn hefur þann kost umfram þá lausn, sem frumvarpið gengur út frá að ekkert útstreymi er úr séreignarsjóðunum, ekki þarf að selja neinar eignir og engin hætta vofir yfir öðrum sparendum. Gerð er krafa um að vandinn sé umtalsverður og að hann verði leystur með slíkri útgreiðslu séreignarsparnaðarins. Þessi lausn fylgir í meðfylgjandi breytingartillögu sem tekur mið af frumvarpi á þskj. 498 – 279. mál.

Ekki er í frumvarpinu tekið á þeim vanda sem skapast ef þetta úrræði, að fá upphæð greidda úr séreignarsjóði, dugar ekki til að forða fjölskyldunni frá gjaldþroti. Þá tapast þessi upphæð en væri örugg ef hún hefði ekki verið greidd út. Mikils er vert að fram fari einstaklingsbundin könnun á því hvort úrræðið muni ekki örugglega duga. Ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpinu eða breytingartillögum meiri hlutans. Mikils er til vinnandi að slík könnun fari fram jafnvel þó að hún kosti nokkurt fé og umstang. Gert er ráð fyrir slíkri könnun í meðfylgjandi breytingartillögum.

Í frumvarpinu og í nefndaráliti meiri hlutans er talað um að aðgerðin þurfi að vera almenn til þess að standast jafnræðisákvæði og þess vegna er tekin sú áhætta að mikið verði tekið út af séreignarsparnaði, jafnvel þannig að til mikilla vandræða horfi fyrir þá sem ekki taka út sinn sparnað, og upphæðin takmörkuð þannig að engin lausn fæst fyrir flest heimili. Það er álit minni hlutans að mjög víða í velferðarkerfinu sé um bætur að ræða, sem tengjast erfiðum aðstæðum fjölskyldna, tekjuleysi, fátækt, veikindum og elli, án þess að talið sé að allir þurfi að fá slíkar bætur. Má nefna endurgreiðslu fasteignagjalda sveitarfélaga og ellilífeyri sem dæmi og greiðslur til þeirra sem eru 60 ára og eldri án frekari skilyrða. Yfirvofandi uppboð á heimilum fólks og nauðungarsala á hugsanlega lágu verði er augljóslega dæmi um slíkar aðstæður. Verður ekki séð að slíkt brjóti jafnræði. Þessi afstaða endurspeglast í tillögum minni hlutans en hann tekur ekki afstöðu til þess hvort falla eigi frá tillögum meiri hlutans og frumvarpsins þar sem það leysi mjög takmarkaðan vanda. Það þyrfti að skoða betur. Nokkrar tillögur meiri hlutans eru til bóta til að minnka áhrif útgreiðslu á ýmsar bætur en slíkt væri mjög óeðlilegt þar sem um frjálsan sparnað er að ræða sem einungis ætti að skatta.

Minni hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. mars 2009.

Pétur H. Blöndal.

668. Breytingartillaga [321. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og skattanefndar (PHB).

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 11. og 12. gr. laganna er á tímabilinu frá 1. apríl 2009 til 31. desember 2010 vörsluaðila séreignarsparnaðar skv. 3.–5. mgr. 8. gr. heimilt að greiða út séreignarsparnað óski eigandi séreignarsparnaðar þess, skv. II. kafla, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í ákvæði þessu.

Skilyrði heimildar til tímabundinnar útgreiðslu séreignarsparnaðar skv. 1. mgr. er að útgreiðsla, að frádreginni greiðslu tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, renni beint, fyrir tilstilli viðkomandi vörsluaðila, til greiðslu skulda þess rétthafa sem óskar eftir útgreiðslu, sbr. 4. mgr. Vörsluaðila er heimilt að inna greiðsluna af hendi með útgáfu skuldabréfs til þeirra aðila, sem eiga að fá greiðslu, skattstjóri meðtalinn, og er þeim skylt að taka skuldabréfið sem greiðslu. Skuldabréfið njóti að öllu leyti sömu kjara varðandi ávöxtun og greiðslur eins og rétthafinn hefði fengið.

Óski rétthafi séreignarsparnaðar eftir útgreiðslu skv. 1. mgr., að hluta eða að fullu, skal hann leggja fram umsókn þess efnis hjá viðkomandi vörsluaðila. Með umsókn skal fylgja staðfest yfirlit yfir skuldir rétthafa ásamt veðbókarvottorði. Enn fremur vottorð frá sérfræðingi um að slík útgreiðsla komi mjög líklega í veg fyrir gjaldþrot rétthafans.

Vörsluaðili séreignarsparnaðar fer yfir umsókn rétthafa og vottorð skv. 3. mgr. og hefur umsjón með útgreiðslu á séreignarsparnaði hans. Við útgreiðslu séreignarsparnaðar skal vörsluaðili fylgja eftirfarandi forgangsröð við uppgreiðslu skulda rétthafa:

1. Lán tryggð með veði í íbúðarhúsnæði rétthafa.
2. Lán tryggð með veði í öðru en íbúðarhúsnæði rétthafa.
3. Aðrar skuldir rétthafa við lánastofnun eða lífeyrissjóð.

Vörsluaðila er heimilt að taka þóknun fyrir þá þjónustu sem kveðið er á um í ákvæði þessu og skal sú þóknun að hámarki standa undir þeim kostnaði sem til fellur hjá vörsluaðila við að veita umrædda þjónustu.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um fyrirkomulag tímabundinnar útgreiðslu séreignarsparnaðar samkvæmt þessu ákvæði.

669. Breytingartillaga [289. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá Árna M. Mathiesen og Gunnari Svavarssyni.

Við 2. gr. Í stað orðanna „af þjónustu arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga“ í 1. málsl. 2. efnismgr. komi: af þjónustu hönnuða og eftirlitsaðila sem löggildingu hafa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

670. Frumvarp til laga [395. mál]

um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991 (hópmálsókn).

Flm.: Álfheiður Ingadóttir, Árni Páll Árnason, Siv Friðleifsdóttir, Birgir Ármannsson, Árni Þór Sigurðsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ólöf Nordal, Jón Magnússon, Sigurður Kári Kristjánsson, Grétar Mar Jónsson.

1. gr.

Á eftir III. kafla laganna kemur nýr kafli, III. kafli a, **Hópmálsókn,** með tólf nýjum greinum, 23. gr. a – 23. gr. l, sem orðast svo:

a. (23. gr. a.)

Ákvæði þessa kafla taka til sérreglna um málsóknir í einkamálum fyrir íslenskum dómstólum af hálfu hóps aðila og til málsókna þar sem hópi manna er stefnt sameiginlega. Þar sem ákvæðum þessa kafla sleppir gilda önnur ákvæði laga þessara.

b. (23. gr. b.)

Hópi einstaklinga eða lögaðila er heimilt að sækja mál í félagi ef dómkröfur þeirra eru einsleitar að mati dómstóla.

c. (23. gr. c.)

Skilyrði fyrir höfðun hópmáls, hvort sem er af hálfu hóps manna eða lögaðila eða á hendur hópi manna eða lögaðila, eru:

a. að dómkröfur séu einsleitar bæði efnislega og lagalega,
b. að hópmálsókn sé heppilegasta úrræðið til þess að fá úr dómkröfum skorið, að mati dómstóla,
c. að viðkomandi dómstóll sé bær til þess að taka kröfur a.m.k. eins aðila hópsins til meðferðar,
d. að mögulegt sé að afmarka, tiltaka og hafa samband við þá aðila sem mynda hópinn,
e. að hægt sé að tilnefna umboðsmann hópmálsóknar skv. 23. gr. i.

d. (23. gr. d.)

Forræði til höfðunar hópmáls hefur:

a. aðili sem tilheyrir viðkomandi hóp, þó þannig að aðili teljist einungis tilheyra hópnum ef viðkomandi hefði sjálfur getað höfðað dómsmál á grundvelli kröfu sinnar. Dómstóll á mat um það hvort viðkomandi aðili falli undir hópinn,
b. félag, einkaréttarleg stofnun eða önnur samtök enda samrýmist það tilgangi félagsins eða samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem málsóknin tekur til,
c. opinber aðili sem lagaheimild hefur til höfðunar máls.

e. (23. gr. e.)

Hópmál skal höfða í samræmi við almennar reglur í lögum þessum. Í stefnu þarf, auk almennra atriða í XIII. kafla, að tiltaka hvort og hvernig skilyrðum hópmálsóknar skv. 23. gr. c er fullnægt. Í stefnu þarf einnig að tiltaka hvort um hópmálsókn skuli fara eftir 23. gr. g eða 23. gr. h.

f. (23. gr. f.)

Dómstóll sem stefnu er beint til skal taka afstöðu til hópmálsóknar og hvort málsóknin uppfylli skilyrði laga. Uppfylli stefnan ekki skilyrði ber dómstól að vísa henni frá.

g. (23. gr. g.)

Hópmálsókn getur tekið til krafna þeirra aðila sem hafa tilkynnt sig sem þátttakendur í málsókninni. Slíka tilkynningu um þátttöku skal senda viðkomandi dómstól innan frests sem dómari veitir við fyrstu fyrirtöku málsins.

h. (23. gr. h.)

Hópmálsókn getur einnig byggst á kröfum ótiltekins fjölda aðila án þess að viðkomandi tilkynni sig sem þátttakanda í málsókninni. Skilyrði fyrir beitingu þessa úrræðis eru:

a. að kröfurnar sem um ræðir séu það smávægilegar og möguleg bótafjárhæð það lág að ekki megi ætla að höfðað yrði sérstakt dómsmál til staðfestingar á hverri og einni kröfu,
b. að ekki sé hagræði af því að fara með málsóknina eftir 23. gr. g,
c. að mál sé höfðað af hálfu opinbers aðila sem lagaheimild hefur til slíkrar málshöfðunar.

Vilji kröfuhafi hins vegar ekki standa að hópmálsókninni getur viðkomandi sagt sig frá málsókninni með tilkynningu til viðkomandi dómstóls og innan tiltekins frests sem dómari veitir.

i. (23. gr. i.)

Hópmálsókn skal vera stýrt af umboðsmanni sem tilnefndur er af viðkomandi dómstól. Þeir sem geta orðið umboðsmenn fyrir tiltekinn hóp eru þeir aðilar sem tilgreindir eru í 23. gr. d. Dómstóll getur ákveðið að umboðsmaður hópmálsóknar skuli leggja fram tryggingu fyrir hönd hópsins til greiðslu á málskostnaði gagnaðila.

j. (23. gr. j.)

Umboðsmaður hópmálsóknar skal tilkynna stefnendum um niðurstöðu hópmálsóknar, ákvarðanir, fresti eða annað það sem dómari tilkynnir við meðferð málsins.

k. (23. gr. k.)

Umboðsmaður hópmálsóknar og gagnaðili geta lokið hópmálsókn með sáttargerð. Slík sáttargerð þarf að hljóta staðfestingu viðkomandi dómstóls. Dómstól er ekki heimilt að staðfesta sáttargerð ef hún brýtur gegn jafnræði aðila eða er sýnilega óréttlát.

l. (23. gr. l.)

Dómstól ber að tilkynna aðilum hóps um endanlega niðurstöðu dómsins með endurriti af dómsúrskurðinum.

Hópi er heimilt að áfrýja ákvörðun dómstóls í hópmálsókn og gilda um áfrýjun sömu reglur og um málsókn í þessum kafla.

Ef tilnefndur umboðsmaður vill ekki áfrýja dómsúrskurði fyrir hönd hópsins er heimilt að annar umboðsaðili verði tilnefndur af dómnum.

Einnig getur sérhver aðili í hópmálsókn kosið að áfrýja einungis sinni eigin kröfu, þó innan sama áfrýjunarfrests og veittur var hópnum í heild.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2009.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér viðbót við lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991, sem innleiðir réttarúrræðið hópmálsókn í íslenskt réttarfar. Úrræðið hefur gengið undir íslenska heitinu hópmálsókn en einnig undir heitinu fjöldamálsókn. Var við samningu frumvarps þessa ákveðið að notast við orðið hópmálsókn þar sem hentugast þótti að notast við hugtakið hópur í lagatexta frumvarpsins.

Í úrræðinu felst heimild til handa hópi aðila, bæði einstaklinga og lögaðila, til þess að höfða sameiginlega dómsmál til kröfu um bætur vegna tjóns eða lögbrota. Nú þegar er í lögum um meðferð einkamála úrræði þar sem aðilar dómsmáls eru fleiri en einn og má þar helst nefna ákvæði 18. gr. um samaðild, ákvæði 19. gr. um samlagsaðild, ákvæði 3. mgr. 25. gr. um málsóknarumboð félaga og samtaka og ákvæði 27. gr. um kröfusamlag. Þrátt fyrir úrræði þessi er það mat flutningsmanna frumvarps þessa að sérstakt úrræði um hópmálsókn sé nauðsynleg viðbót við íslenskt réttarfar. Stafar það af því að áðurnefnd úrræði sem þegar eru í lögum ganga styttra en úrræðið hópmálsókn enda eru núverandi úrræði yfirleitt túlkuð fremur þröngt og hafa þann tilgang helstan að vera til hagræðis auk þess sem nokkur óvissa er um hvort eiginleg hópmálsókn geti fallið undir ákvæði 19. gr. einkamálalaga. Með því að innleiða sérstaklega úrræði um hópmálsókn er orðið til viðurkennt úrræði fyrir hóp manna sem eiga einsleitar kröfur til þess að leita einkaréttarlegra úrræða og bóta vegna tjóns eða brots sem viðkomandi aðilar hafa orðið fyrir. Það verður því að teljast vera þörf á réttarfarsúrræði sem á skilvirkan hátt tekur til ágreiningsmála þar sem um er að ræða fjölda sams konar krafna og þá einkum í þeim tilfellum þar sem kröfurnar eru svo lágar að þeim er ekki fylgt eftir af einstaklingum meðal annars vegna kostnaðar og óvissu í tengslum kröfuna.

Úrræðið hópmálsókn tryggir hópi aðila einkaréttarlegt úrræði til viðbótar við opinber úrræði vegna tjóns eða brota. Þannig eru starfandi ýmsar opinberar kærunefndir eða úrskurðarnefndir sem neytendur eða aðilar geta leitað með mál sín til. Slíkar nefndir hafa þá heimild til að úrskurða um réttarbrot og í sumum tilfellum heimild til þess að leggja á viðkomandi brotlegan aðila stjórnvaldssekt. Hins vegar er ekki til heimild hjá úrskurðar- eða kærunefndum til þess að úrskurða tjónþolum bætur. Er því nauðsynlegt að til staðar séu einkaréttarleg

úrræði fyrir neytendur og aðila að fá tjón sitt bætt. Helstu kostir slíks einkaréttarlegs kerfis eru að það veitir nokkurt aðhald, bæði til handa því fyrirtæki sem málið snertir og til handa hinum opinbera úrskurðaraðila. Þá er þetta úrræði líklegt til þess að hafa veruleg varnaðaráhrif á fyrirtæki og líklegast muni það valda því að virðing fyrir reglum og úrskurðum opinberra aðila eða kærunefnda aukist.

Nágrannalönd Íslands hafa öll innleitt í löggjöf sína úrræðið um hópmálsókn. Svíar urðu fyrstir til og settu sér löggjöf um hópmálsókn árið 2003 en löggjöf Norðmanna, Dana og Finna um hópmálsóknir tók gildi 1. janúar 2008. Ísland er þannig eitt Norðurlandanna sem skortir ákvæði um hópmálsókn. Þá hefur nokkur umræða verið um þetta réttarúrræði víðar í Evrópu og hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gefið út bæði grænbók árið 2005 og hvítbók í apríl árið 2008 um tillögur að reglum um „collective consumer redress actions“ og er þar um að ræða reglur sem taka til hópmálsókna á sviði samkeppnismála sérstaklega. Þá er þetta úrræði vel þekkt í bandarískum rétti undir heitinu „class action“ og í tengslum við viðurlagatengdar bætur sem dæmdar eru hópnum í heild. Úrræðið hefur verið mikið notað og haft þónokkur áhrif á hegðun og virðingu sem fyrirtæki sýna gildandi lögum og reglum. Frumvarp þetta er samið með hliðsjón af löggjöf Norðurlandanna, einkum Danmerkur. Þá hefur talsmaður neytenda í nokkurn tíma beitt sér fyrir innleiðingu á úrræði þessu ásamt því að bæði Neytendastofa og Samkeppniseftirlitið hafa lýst yfir áhuga á að skoða þetta úrræði til þess að styrkja samkeppnis- og neytendamál hér á landi.

Eins og áður hefur komið fram er hópmálsókn talin heppilegt úrræði til þess að taka á einsleitum kröfum hóps manna sem veitir betri réttarfarslega meðferð en gildandi reglur í einkamálalögum gera. Einn fulltrúi hóps telst vera aðili málsins fyrir allan hópinn. Auk þessa verður úrræðið að teljast þjóðfélagslega hagkvæmt þar sem það treystir samtakamátt einstaklinga og hefur varnaðaráhrif fyrir fyrirtæki. Þá getur þetta úrræði verið sérstaklega hagkvæmt í tilfellum þegar mikill fjöldi neytenda á verðlitlar kröfur á hendur tilteknum aðila. Þá veitir frumvarpið möguleika á að opinber aðili höfði mál gegn viðkomandi brotlegu fyrirtæki til þess að sækja bætur vegna tjóns sem fjöldinn hefur orðið fyrir. Slíkt úrræði styður þannig framgang réttmætra krafna sem annars hefðu vegna kostnaðar ekki ratað til dómstóla.

Við athugun á löggjöf um hópmálsókn á Norðurlöndum kom í ljós að tvær leiðir eru mögulegar í því efni og eru ýmist báðar færar eða önnur. Annars vegar er svokölluð „opt-in“ leið, sem nefna mætti „innleið“, þar sem aðilar verða að sækjast eftir því að fá að vera með í hópmálsókn og hins vegar svokölluð „opt-out“ leið eða „útleið“ þar sem aðilar verða að láta vita ef þeir hyggjast ekki taka þátt í hópmálsókn. Á öllum Norðurlöndunum nema Finnlandi gerir löggjöfin ráð fyrir því að báðar leiðirnar séu færar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í Danmörku og Svíþjóð er það umboðsmaður neytenda einn sem má fara með fyrirsvar fyrir hóp þegar „útleiðin“ er farin. Í Finnlandi einskorðast löggjöfin hins vegar við „innleiðina“ og er gert ráð fyrir því að umboðsmaður neytenda einn höfði slík hópmálsóknarmál. Ástæður þess að löggjöfin var höfð svo takmörkuð þar í landi voru einkum þær að ákveðin hræðsla var við fjölda hópmálsókna með ófyrirséðum kostnaði fyrir finnsk fyrirtæki.

Gríðarleg þjóðfélagsleg hagkvæmni er fyrirséð af því að heimila hópmálsóknir í stað þess að allir sem hagsmuni kunna að eiga af niðurstöðu máls fyrir dómstólum fari hver fyrir sig í mál. Þetta leiðir til hagræðis bæði í kerfinu þar sem minni tími fer í málarekstur og undirbúning og fyrir þátttakendur í málsókn er sparnaðurinn augljós af því að deila kostnaði við mál með mörgum öðrum sem eiga sömu hagsmuna að gæta. Þá má benda á forvarnaáhrif hópmálsókna sem réttarúrræðis, en það hefur sýnt sig þar sem úrræðið hefur verið tekið upp

að virðing fyrir lögum hefur aukist. Ef búast má við hópmálsókn hafa menn tilhneigingu til að fylgja lögum frekar og nákvæmar eftir.

Talsmaður neytenda hefur bent á nokkur dæmi þar sem hópmálsókn hefur sárlega vantað hér á landi til að sækja bætur til neytenda. Skemmst er að minnast samráðs olíufélaganna þar sem samkeppnisbrot voru framin gegn neytendum um árabil. Þá má einnig benda á úrskurð samgönguráðuneytis frá 2. ágúst 2007 í máli nr. 11/2007 til staðfestingar ákvörðunar Neytendastofu frá 28. júlí 2006 í máli nr. 9/2006 varðandi gengishækkun pakkaferða, sem og ákvörðun Neytendastofu nr. 12/2006 frá 25. október 2006 varðandi umsýsluþóknun fasteignasala. Þá mætti nefna ákvarðanir um seðilgjöld og ýmis mál sem varða öryggi neytenda og skaðsemisábyrgð, t.d. í tengslum við kampýlóbakter-sýkingar, sbr. dóm Hæstaréttar 2000: 8.12 (441/2000).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að við 1. þátt laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, bætist nýr kafli, III. kafli a, sem beri heitið Hópmálsókn. Kaflinn hefur að geyma tólf nýjar greinar sem verða 23. gr. a – 23. gr. l í lögunum.

Í a-lið er skilgreint til hvers ákvæði kaflans ná, þ.e. sérreglna um málsóknir í einkamálum fyrir íslenskum dómstólum af hálfu hóps aðila, sem og til málsókna þar sem hópi manna er stefnt sameiginlega. Þar sem ákvæðum III. kafla a sleppir gilda að öðru leyti önnur ákvæði laga um meðferð einkamála.

B-liður setur það sem skilyrði fyrir hópmálsókn að dómkröfur einstaklinga eða lögaðila séu einsleitar. Mat á einsleitni liggur hjá dómstólum.

Í c-lið eru skilyrði fyrir höfðun hópmálsóknar nánar tilgreind. Upptalningin er tæmandi, þ.e. öll skilyrðin þurfa að vera uppfyllt til að höfða megi mál samkvæmt ákvæðum kaflans.

D-liður skilgreinir hverjir það eru sem geta haft forræði á því að höfða hópmál. Sé um einkaaðila að ræða er það skilyrði að viðkomandi hefði sjálfur getað höfðað dómsmál á grundvelli kröfu sinnar, þ.e. eigi lögvarinna hagsmuna að gæta. Dómstóll metur hvort viðkomandi aðili fellur undir hópinn. Eins getur félag, einkaréttarleg stofnun eða önnur samtök haft forræði á höfðun hópmáls, enda sé hagsmunagæslan samrýmanleg tilgangi félagsins eða samtakanna. Loks getur opinber aðili sem hefur lagaheimild til höfðunar máls höfðað hópmál. Þar má t.d. hugsa sér að talsmaður neytenda geti farið í mál fyrir hönd tilgreinds eða ótilgreinds hóps aðila. Kostnaður við slíka málshöfðun yrði greiddur úr ríkissjóði.

Í e- og f-lið er tilgreint hvaða atriði þurfa að koma fram í stefnu þegar um hópmálsókn er að ræða og að dómstóll skuli taka afstöðu til þess hvort hún uppfylli skilyrði laga, ellegar vísa henni frá.

G- og h-liður segja til um hverjir geta verið þátttakendur í hópmálsókn. Í g-lið er um að ræða svokallaða „innleið“ (opt-in leið) þar sem aðilar þurfa að tilkynna sig sem þátttakendur í hópmálsókn, en í h-lið er tilgreint að hópmálsókn geti einnig byggst á „útleiðinni“ (opt-out leið), þ.e. hún geti byggst á kröfum ótiltekins fjölda aðila án þess að viðkomandi tilkynni sig sem þátttakanda í málsókninni að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Eitt skilyrðanna er að kröfur í hópmálsókninni séu það smávægilegar og möguleg bótafjárhæð hvers og eins aðila það lág að ekki megi reikna með að höfðað yrði sérstakt dómsmál til staðfestingar á hverri og einni kröfu. Þegar reynsla er komin á framkvæmd hópmálsókna mætti hugsa sér að í greininni yrðu tilgreind föst viðmið eða hámarksfjárhæð sem kröfur hvers og eins aðila mættu ekki fara upp fyrir til að hægt væri að höfða mál samkvæmt þessu.

Í i-lið er það sett sem skilyrði að svokallaður umboðsmaður hópmálsóknar stýri hópmálsókn. Hann skal vera tilnefndur af þeim dómstól sem fær mál til meðferðar. Þeir aðilar sem tilgreindir eru í d-lið með forræði á höfðun hópmáls geta verið tilnefndir sem umboðsmenn. Gert er ráð fyrir því að dómari geti ákveðið að umboðsmaður hópmálsóknar skuli leggja fram tryggingu fyrir hönd hópsins til greiðslu á málskostnaði gagnaðila.

Í j-lið er áfram talað um umboðsmann og skyldur hans, sem eru einkum þær að tilkynna aðilum hóps um niðurstöðu hópmálsóknar, ákvarðanir, fresti eða annað sem dómari tilkynnir við meðferð málsins.

Í k-lið er að finna heimild til handa umboðsmanni og gagnaðila til að ljúka hópmálsókn með sáttargerð. Skilyrði fyrir því er að sáttargerðin hljóti staðfestingu viðkomandi dómstóls og að hún brjóti ekki á jafnræði aðila eða sé sýnilega óréttlát í garð aðila.

Loks segir í l-lið greinarinnar að dómstóli beri að kynna aðilum hóps endanlega niðurstöðu dómsins, auk þess sem tekið er fram að heimilt sé að áfrýja ákvörðun dómstóls í hópmálsókn að uppfylltum sömu reglum og tilgreindar eru í kaflanum.

Um 2. gr.

Í greininni segir að lögin öðlist gildi 1. júlí 2009. Þótt brýnt sé að koma réttarúrræðinu hópmálsókn á er engu að síður nauðsynlegt að gefa frest til að kynna það fyrir almenningi, sem og að gefa talsmanni neytenda, dómstólum og öðrum aðilum færi á að undirbúa meðferð hópmálsókna.

671. Fyrirspurn [396. mál]

til heilbrigðisráðherra um skimun fyrir krabbameini.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hvað líður undirbúningi að skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi sem hefjast átti í ársbyrjun 2009, sbr. yfirlýsingar fyrrverandi heilbrigðisráðherra 6. febrúar 2008 og ályktun Alþingis frá 17. mars 2007?
2. Hvernig var varið 20 millj. kr. fjárveitingu sem ætluð var í fjárlögum 2008 til undirbúnings slíkrar leitar?
3. Er fyrirhugað að skima fyrir krabbameini í blöðruhálskirtli hjá þeim hópi karla sem boðaður verður til hópleitar að ristilkrabbameini?

672. Nefndarálit [13. mál]

um till. til þál. um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 18 2. nóvember 1992.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðrúnu D. Guðmundsdóttur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Margréti Júlíu Rafnsdóttur frá Barnaheillum, Margréti Maríu Sigurðardóttur og Elísabetu Gísladóttur frá umboðsmanni barna og Stefán Inga Stefánsson frá UNICEF.

Málið var sent til umsagnar á síðasta löggjafarþingi og voru umsagnir jákvæðar.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og að frumvarp um lögfestingu samningsins og aðlögun íslenskra laga að honum skuli liggja fyrir eigi síðar en 20. nóvember 2009.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, felur í sér skuldbindandi samkomulag þjóða heims um sérstök réttindi fyrir börn, óháð réttindum fullorðinna. Samningurinn tryggir börnum, auk borgaralegra réttinda, félagsleg, menningarleg og efnahagsleg réttindi. Vegna tvíeðliskenningarinnar sem lögð er til grundvallar í lagatúlkun hér á landi þarf að lögfesta alþjóðlega samninga ef tryggt á að vera að þeir hafi bein réttaráhrif hér á landi. Vegna þessa er ekki unnt að beita barnasáttmálanum með beinum hætti fyrir íslenskum dómstólum og sú skuldbinding sem sáttmálinn felur í sér gildir einungis að þjóðarétti. Með þingsályktunartillögunni er lagt til að barnasáttmálinn verði lögfestur með sama hætti og mannréttindasáttmáli Evrópu enda um grundvallarsáttmála að ræða. Á þann hátt væri stjórnvöldum og dómstólum skylt að taka mið af honum við úrlausnir mála sem varða börn. Tillagan felur í sér að kannað verði hvort og þá hverju í gildandi löggjöf þurfi að breyta við lögfestingu sáttmálans auk þess sem laga þurfi texta sáttmálans að hefðbundnu lagaformi og leggja fram frumvarp vegna aðlögunarinnar.

Fyrir nefndinni komu fram upplýsingar um að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefði falið Ragnhildi Helgadóttur, prófessor við Háskólann í Reykjavík, að semja greinargerð um stöðu samningsins að íslenskum lögum og reifa álitamál sem tengjast lögfestingu hans og að sú greinargerð muni að öllum líkindum liggja fyrir í vor. Nefndin telur að sú vinna muni nýtast sem nauðsynlegur grunnur að lögfestingu samningsins og aðlögun íslenskra laga að honum en í þingsályktunartillögunni er lagt til að frumvarp um lögfestingu samningsins og aðlögun íslenskra laga að honum skuli liggja fyrir eigi síðar en 20. nóvember nk. en þá verða einmitt 20 ár liðin frá því að sáttmálinn var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „vera lokið 20. nóvember 2009“ í tillögugreininni komi: liggja fyrir 20. nóvember 2009.

Birgir Ármannsson og Jón Magnússon voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. mars 2009.

Árni Páll Árnason, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Ólöf Nordal, með fyrirvara.	Jón Bjarnason.	Sigurður Kári Kristjánsson, með fyrirvara.

Siv Friðleifsdóttir.

673. Lög [289. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 6. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 660 með þessari breytingu.

2. gr. hljóðar svo:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 42. gr. skal á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. janúar 2011 endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað. Jafnframt skal á sama tímabili endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess. Að öðru leyti gilda ákvæði 1. mgr. 42. gr. á umræddu tímabili.

Á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. janúar 2011 skal endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af þjónustu hönnuða og eftirlitsaðila sem löggildingu hafa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum vegna hönnunar eða eftirlits með byggingu þess háttar húsnæðis. Jafnframt skal á sama tímabili endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af þjónustu arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga vegna hönnunar eða eftirlits við endurbætur eða viðhald þess háttar húsnæðis. Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd þessarar endurgreiðslu.

Ákvæði 1. mgr. nær á viðkomandi tímabili jafnframt til annars húsnæðis sem er alfarið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga.

674. Frumvarp til laga [321. mál]

um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 6. mars.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „verðbréfasjóðum“ í 5. málsl. 5. mgr. kemur: og fjárfestingarsjóðum.
b. Við 10. mgr. bætist: frá og með 1. janúar 2010.

2. gr.

Á eftir orðinu „verðbréfasjóðum“ í c-lið 1. mgr. 36. gr. a laganna kemur: og fjárfestingarsjóðum sem hlutfall af hreinni eign.

3. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (VIII.)

Þrátt fyrir ákvæði 11. og 12. gr. er vörsluaðila séreignarsparnaðar skv. 3.–5. mgr. 8. gr. heimilt, á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010, að greiða út séreignarsparnað sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi skv. II. kafla, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í ákvæði þessu.

Heimilt er á því tímabili sem tilgreint er í 1. mgr. að hefja útborgun innstæðu séreignarsparnaðar rétthafa, ásamt vöxtum, að fjárhæð sem við gildistöku laga þessara nemur samanlagt allt að 1.000.000 kr. óháð því hvort samanlagður séreignarsparnaður er í vörslu hjá fleiri en einum vörsluaðila. Skal sú fjárhæð greiðast út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, í níu mánuði frá því að beiðni um útgreiðslu er lögð fram hjá vörsluaðila. Útgreiðslutími styttist hlutfallslega ef um lægri fjárhæð en 1.000.000 kr. er að ræða.

Óski rétthafi eftir útgreiðslu séreignarsparnaðar skv. 2. mgr. skal hann leggja fram umsókn þess efnis hjá viðkomandi vörsluaðila. Ef rétthafi á séreignarsparnað hjá fleiri en einum vörsluaðila skal hann gera grein fyrir því.

Vörsluaðili séreignarsparnaðar fer yfir umsókn rétthafa skv. 2. mgr. og hefur umsjón með útgreiðslu á séreignarsparnaði hans.

Skuldheimtumönnum er óheimilt að krefjast þess að skuldarar taki út séreignarsparnað sinn samkvæmt þessu ákvæði, sbr. 2. mgr. 8. gr.

Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með útgreiðslum séreignarsparnaðar samkvæmt ákvæði þessu.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um fyrirkomulag eftirlits og útgreiðslu og jafnframt heimild vörsluaðila til innheimtu sérstaks gjalds vegna umsýslu við útgreiðslu séreignarsparnaðar.

Útgreiðsla séreignarsparnaðar hefur ekki áhrif á bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þá hefur útgreiðslan ekki áhrif á greiðslu húsaleigubóta skv. 9. gr. laga um húsaleigubætur, greiðslu barnabóta eða vaxtabóta skv. 68. gr. laga um tekjuskatt og atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

b. (IX.)

Á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010 er vörsluaðila séreignarsparnaðar heimilt að fresta útgreiðslum séreignarsparnaðar að uppfylltum þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessu ákvæði.

Frestun skv. 1. mgr. skal vera almenn og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir rétthafa séreignarsparnaðar krefjist þess. Frestun á útgreiðslum skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og er háð samþykki þess, sbr. 44. gr. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að útgreiðslum séreignarsparnaðar verði frestað krefjist hagsmunir rétthafa sparnaðarins eða almennings þess.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. skal gjalddagi greiðslu vegna skila á staðgreiðslu í þeim tilvikum sem ákvæði til bráðabirgða VIII við lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, tekur til vera tveimur mánuðum síðar en kveðið er á um í 3. mgr. 20. gr. og eindagi 14 dögum eftir það.

III. KAFLI
Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

5. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 4. og 5. tölul. A-liðar 30. gr. laganna er heimilt að draga allt að 6% frá af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga vegna iðgjalda sem greidd eru til lífeyrissjóða til aukningar lífeyrisréttinda, til aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, eða til starfstengdra eftirlaunasjóða samkvæmt lögum um starfstengda eftirlaunasjóði á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

675. Frumvarp til laga [397. mál]

umbreytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Við 2. tölul. bætist: og yfirtöku starfandi einkaleyfisveitna á einkahitaveitum.
b. Við bætist nýr töluliður sem orðast svo: Greiðslu styrkja vegna umhverfisvænnar orkuöflunar og/eða aðgerða sem leiða til bættrar orkunýtingar við húshitun.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Lokamálsliður 2. mgr. fellur brott.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Niðurgreiðslur til notenda sem hljóta styrk vegna umhverfisvænnar orkuöflunar og/eða aðgerða sem leiða til bættrar orkunýtingar við húshitun skulu skerðast í samræmi við þau markmið um orkusparnað sem samið er um milli notanda og Orkustofnunar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Til íbúðareigenda sem vilja taka upp umhverfisvæna orkuöflun og/eða ráðast í aðgerðir sem leiða til bættrar orkunýtingar við húshitun.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Skilyrði styrkja vegna stofnunar nýrra hitaveitna, umhverfisvænnar orkuöflunar og bættrar orkunýtingar.*

4. gr.

Á eftir 3. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Styrkir á grundvelli 4. tölul. 11. gr. skulu jafngilda átta ára áætluðum niðurgreiðslum sem falla niður vegna orkusparnaðar sem tengist umhverfisvænni orkuöflun og/eða aðgerðum sem leiða til bættrar orkunýtingar við húshitun.

5. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Umsóknir um styrki skulu sendar Orkustofnun. Umsóknum skulu eftir atvikum fylgja upplýsingar um umsækjanda, fyrirhugaðar framkvæmdir, ráðstöfun styrks og önnur atriði sem máli skipta varðandi afgreiðslu styrkumsóknar. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um styrkumsóknir.

6. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Styrkir á grundvelli 4. tölul. 11. gr. greiðast íbúðareiganda samkvæmt nánara samkomulagi milli Orkustofnunar og íbúðareiganda.

7. gr.

Fyrirsögn III. kafla laganna verður: **Stofnun nýrra hitaveitna, umhverfisvæn orkuöflun og bætt orkunýting.**

8. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „1%“ í 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: 3%.

9. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Iðnaðarráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd laga þessara, m.a. um útreikning niðurgreiðslna, íbúðarflokka, úthlutun styrkja til nýrra hitaveitna vegna yfirtöku starfandi einkaleyfisveitna á einkahitaveitum, úthlutun styrkja vegna umhverfisvænnar orkuöflunar til húshitunar sem leiðir til lækkunar á orkuþörf til hitunar og eftirlits. Þá skal ráðherra í reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag styrkja vegna endurbóta á húsnæði.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar. Breytingarnar lúta að því að afnema takmörkun á hámarki niðurgreiðslna vegna raforkunotkunar á varmadælur til húshitunar, gera mögulegt að styrkja breytta orkuöflun til húshitunar og styrkja endurbætur á íbúðarhúsnæði á köldum svæðum. Loks er lagt til að kveðið verði á um að auknum fjármunum af því fé sem ákveðið er í fjárlögum til niðurgreiðslna á kostnaði við húshitun verði varið til orkusparnaðaraðgerða.

Fjárveiting til niðurgreiðslna húshitunar, stofnstyrkja til nýrra hitaveitna, jarðhitaleitar og orkusparnaðaraðgerða á árinu 2009 nemur 1.176.600.000 kr. Lög nr. 78/2002 kveða nánar á um hvernig þessum fjármunum skuli varið til framangreindra verkefna.

Markmiðið með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu eru þríþættar: að draga úr húshitunarkostnaði íbúa á köldum svæðum, draga úr kostnaði ríkissjóðs til lengri tíma litið við að niðurgreiða húshitunarkostnað og að hvetja til atvinnuskapandi verkefna.

2. Notkun raforku á varmadælur til húshitunar.

Samkvæmt lögum nr. 78/2002 geta eigendur eða umráðamenn íbúða sem uppfylla skilyrði um niðurgreiðslur sótt um slíkt til Orkustofnunar. Í 4. mgr. 3. gr. er sérstaklega tekið fram að raforkunotkun varmadælu sé í lögunum flokkuð með rafhitun. Í lögunum er kveðið á um að ráðherra skuli að fengnum tillögum Orkustofnunar ákvarða á ári hverju hámarksfjölda kWst. sem niðurgreiða skal fyrir hverja íbúð. Hámarkið eru nú 40.000 kWst. en í lokamálslið 2. mgr. 6. gr. laganna er hins vegar kveðið á um að ef notuð er varmadæla skuli hámarksfjöldi kWst. vera ⅓ af ákvörðuðu hámarki við beina rafhitun. Miðað við núgildandi rafhitunarhámark er hámark niðurgreiðslna vegna raforkunotkunar varmadælu því 13.333 kWst.

Varmadælur geta verið öflugur kostur til upphitunar húnæðis á þeim stöðum þar sem ekki er hitaveita þar sem þær leiða til betri orkunýtingar. Varmadælur eru mismunandi að gerð og spara mismikla orku. Hefðbundnar varmadælur hafa ársvarmastuðul á bilinu 2–5 sem þýðir að spara má frá helmingi til ⅘ raforkureiknings á hverju ári.

Hámark niðurgreiðslna vegna notkunar raforku á varmadælur felur ekki í sér neina hvatningu þar sem ekki svarar kostnaði fyrir íbúðareiganda að setja upp slíkan búnað. Sem dæmi má nefna að ef íbúðareigandi, sem notar árlega 40.000 kWst. til húshitunar vegna beinnar rafhitunar, fjárfestir í varmadælu sem dregur úr húshitunarraforkuþörf um 50% þá sparar ríkið sjálfkrafa ⅔ hluta niðurgreiðslna samkvæmt núverandi lögum. Lítill sem enginn fjárhagslegur sparnaður verður hins vegar hjá íbúðareiganda sem eftir breytingar fær hann aðeins 13.333 kWst. niðurgreiddar af þeim 20.000 kWst. sem þarf til að knýja varmadæluna. Þetta hefur í för með sér að fjárhagslegur ávinningur íbúðareiganda verður lítill sem enginn.

3. Styrkir vegna breytinga á orkuöflun.

Á undanförnum árum hafa stjórnvöld greitt út um 1.000 millj. kr. vegna styrkja til nýrra hitaveitna, en alls hafa um 2.000 íbúðir farið af rafhitun og yfir á hitaveitu. Sem dæmi um stór verkefni sem styrkt hafa verið á grundvelli ákvæða laga nr. 78/2002 eru Hitaveita Stykkishólms, Hitaveita Dalabyggðar og Hitaveita Eskifjarðar. Þá hafa mörg minni verkefni einnig hlotið styrki.

Þótt enn séu einhver stærri og minni verkefni í farvatninu verður að telja ólíklegt að unnt verði að koma upp hitaveitum á köldum svæðum þar sem strjálbýlt er og kostnaðarsamt að finna jarðhita og dreifa til notenda. Því er talið rétt að skoða aðrar leiðir til að draga úr húshitunarkostnaði og styrkveitingum tengdum slíkum verkefnum. Styrkveitingar byggðar á sama grunni og styrkir til nýrra hitaveitna munu til lengri tíma litið geta dregið úr kostnaði ríkissjóðs vegna niðurgreiðslna og lækkað verulega orkukostnað þeirra sem búa ekki við hitaveitu. Í frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að veita styrki vegna breyttrar orkuöflunar til húshitunar, svo sem með varmadælum og viðarkyndingu. Aðrar leiðir koma einnig til greina og er lagt til að ákvæði laganna verði ekki takmarkandi hvað þessa möguleika varðar.

Árið 2005 vann Ragnar K. Ásmundsson hjá Íslenskum orkurannsóknum skýrslu fyrir Orkustofnun um hagkvæmni þess að setja upp varmadælur á Íslandi. Í skýrslunni er tekið saman yfirlit um notkun varmadælna til húshitunar hérlendis, lýst virkni varmadælna og helstu útfærslum og niðurstöðum hagkvæmnismats miðað við þágildandi raforkuverð. Í skýrslunni kemur fram að hár stofnkostnaður og lágt raforkuverð vegna niðurgreiðslu til húshitunar séu tvær meginástæður þess hversu lítið varmadælur eru notaðar hér á landi.

Möguleikar viðarkyndingar hafa einnig verið skoðaðir hér á landi og hefur Orkusjóður í tvígang styrkt verkefni tengd viðarkyndingu. Árið 2004 styrkti sjóður verkefni sem var einnig styrkt af norðurslóðaáætlun ESB en aðildarlönd verkefnisins voru Skotland, Finnland og Ísland. Verkefnið fólst m.a. í því að gera hagkvæmnisathugun á viðarkyndingu sem grænum og endurnýtanlegum orkugjafa. Hins vegar var um að ræða verkefni sem snerist um að setja upp kyndistöð fyrir viðarkurl við grunnskólann á Hallormsstað. Þá hafa Orkusetur og Norðurlandsskógar í sameiningu skoðað hagkvæmni viðarkyndingar á köldum svæðum. Markmið verkefnisins er að skoða ofan í kjölinn hagkvæmni slíkrar kyndingar fyrir ríkið og einstaklinginn.

Hagkvæmnisathuganir á varmadælum sem og viðarkyndingu benda til þess að slíkir kostir séu ekki samkeppnisfærir við niðurgreitt rafmagn til húshitunar nema stofnkostnaður sé að hluta niðurgreiddur. Niðurgreiðslur á rafhitun fela í raun í sér að húshitunarkostnaði er skipt á milli ríkis og íbúðareiganda. Það ætti því að vera sameiginlegt hagsmunamál beggja aðila að draga úr rafhitunarkostnaði. Núverandi niðurgreiðslukerfi dregur hins vegar úr hagkvæmni fjárfestinga, svo sem í varmadælum og viðarkyndingu, þar sem stofnkostnaður lendir allur á íbúðareiganda, en sparnaðurinn skiptist á milli ríkis og íbúðareiganda. Með frum-

varpi þessu um breytingar á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar er opnað á möguleika ríkisins til að taka þátt í stofnkostnaði við umhverfisvæna orkuöflun sem dregur úr rafhitun eða olíukyndingu. Þannig greiðir ríkið fyrir sinn hluta af framreiknuðum sparnaði sem af framkvæmdinni hlýst. Slík breyting ætti að virka mjög hvetjandi á íbúðareigendur og auka áhuga á fjárfestingum sem draga úr rafhitun þar sem styrkirnir mundu draga verulega úr stofnkostnaði framkvæmda. Á móti kemur að fjárveitingar ríkisins vegna niðurgreiðslna ættu að lækka þegar til lengri tíma er litið.

4. Endurbætur á íbúðarhúsnæði á köldum svæðum.

Á undanförnum árum hefur verið gripið til nokkurra átaksverkefna til að bæta orkunotkun, einkum hvað varðar húshitun, en talið hefur verið að miklir möguleikar séu til að ná fram bættri orkuhagkvæmni í rekstri húsa, bæði lýsingu og hitun.

Árið 2005 gerðu Orkustofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins samning um kortlagningu orkunotkunar og einangrun bygginga. Samningurinn var liður í orkusparnaðarverkefni Orkustofnunar. Markmið verkefnisins var að kortleggja orkunotkun og einangrun bygginga, sérlega þeirra sem þykja hafa óeðlilega hátt hlutfall raforku til húshitunar.

Orkunotkun húsa á köldum svæðum hefur verið skoðuð sérstaklega og á Orkuþingi 2006 kynntu Eggert Þröstur Þórarinsson og Ólafur Pétur Pálsson frá Háskóla Íslands og Björn Marteinsson frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins niðurstöður könnunar á raforkunotkun til hitunar íbúðarhúsnæðis á köldum svæðum. Ástandskönnunin, að mestu á orkufrekum húsum, leiddi í ljós að orkunotkun þeirra til húshitunar var nokkuð há, en þó breytileg. Almennt væru helst nokkrar mismunandi leiðir færar til þess að draga úr orkunotkun til húshitunar, þ.e. bætt einangrun byggingarhluta, minnkun loftskipta, lækkun innihitastigs og bætt stýring hitakerfa. Þá kom fram að endurbætur geta verið mjög misdýrar og að skoða verði í hverju tilviki fyrir sig hver hagkvæmnin er af hinum ýmsu lausnum.

Endurglerjun og ný klæðning geta dregið verulega úr orkutapi húsa. Á árinu 2007 setti Orkusetur upp tvær gagnvirkar reiknivélar á vef sínum sem aðstoða húseigendur við að átta sig á þeim orkusparnaði sem fylgir slíkum framkvæmdum. Upplýsingarnar úr reiknivélunum sýna orkuhagkvæmni einangrandi aðgerða og ættu að hvetja húseigendur fari í endurbætur á eldra húsnæði. Samhliða útgáfu reiknivélanna var ákveðið að fara út í tilraunaverkefni þar sem auglýstir voru styrkir til endurglerjunar húsa, bættrar einangrunar og/eða klæðningar húsa eða annarra verkefna sem lúta að betri einangrun og bættri orkunýtingu á köldum svæðum. Reyndist áhugi mikill og umframeftirspurn því þónokkur. Of snemmt er að ályktа um raunorkusparnað verkefnanna þar sem nokkur tími verður að líða á frá framkvæmdarlokum til að meta áhrif á orkunotkun. Hins vegar reyndist áhugi íbúðareigenda vera mikill og ljóst að framkvæmdirnar voru mannfrekar og sköpuðu talsverðar skatttekjur fyrir ríkissjóð.

5. Auknir fjármunir til orkusparnaðaraðgerða.

Í 20. gr. laga nr. 78/2002 er kveðið á um að verja skuli til orkusparnaðaraðgerða allt að 1% af því fé sem ákveðið er í fjárlögum til niðurgreiðslna á kostnaði við húshitun og til að styrkja nýjar hitaveitur. Þá segir enn fremur að orkusparnaðaraðgerðir skuli stuðla að því að draga úr kostnaði við niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði.

Fyrir liggur að orkuverð hefur áhrif á hagkvæmni endurbóta og almennan vilja fólks til endurbóta. Almennt má segja að niðurgreiðslur á orku til húshitunar vinni gegn markmiðum um orkusparnað og bætta orkunýtingu. Hámark niðurgreiðslna vegna rafhitunar er 40.000 kWst./ári og er ekki talið ráðlegt að hækka þakið meira þar sem notkun umfram þau mörk

telst óeðlilega mikil og kann að skýrast af lélegri einangrun, illa stilltu hitakerfi eða slíkum þáttum. Þvert á móti geta bæði húseigendur og ríkissjóður þegar til lengri tíma er litið haft hag af verkefnum sem draga úr orkunotkun vegna húshitunar, þar sem slíkt leiðir bæði til lækkunar húshitunarkostnaðar og niðurgreiðslum ríkissjóðs vegna húshitunar. Þá skapa slík verkefni atvinnu fyrir iðnaðarmenn. Í frumvarpinu er því lagt til að heimilt verði, gegn mótframlagi frá húseiganda, að nýta hluta þeirra fjármuna sem í dag eru notaðir til að niðurgreiða húshitunarkostnað í að styrkja húseigendur á köldum svæðum til endurbóta á húsnæði þegar um óeðlilega mikla orkunotkun er að ræða. Iðnaðarráðuneyti hefur átt fundi m.a. með Orkustofnun, Íbúðalánasjóði, Framleiðnisjóði landbúnaðarins og samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum þar sem kannaðir voru möguleikar á aðkomu þessara aðila að fjármögnun slíkra verkefna.

Á undanförnum árum hefur fjármunum skv. 20. gr. laganna verið varið til verkefna og til að kosta að hluta starfsemi Orkuseturs. Hlutverk Orkuseturs er að stuðla að aukinni vitund almennings og fyrirtækja um skilvirka orkunotkun og möguleika til orkusparnaðar. Verkefni Orkuseturs eru einnig á sviði nýrra orkugjafa og gerðar fræðsluefnis. Orkusetrið er óháð og sjálfstæð eining sem vinnur að markmiðum sínum sem eins konar tengiliður milli stjórnvalda, almennings, fyrirtækja og stofnana. Orkusetrið er stofnað af Orkustofnun í samstarfi við iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti. Að Orkusetri stendur einnig Samorka auk þess sem verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu, en sambandið styrkir um 350 slíkar svæðisbundnar skrifstofur víðs vegar um Evrópu.

Í ljósi breyttra áherslna og aðstæðna almennt er lagt til að allt að 3% af því fé sem á fjárlögum hvers árs er ætlað til niðurgreiðslna á kostnaði við húshitun og til að styrkja nýjar hitaveitur verði varið til orkusparnaðaraðgerða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði laganna um gildissvið verði annars vegar aðlagað þeim breytingum sem gerðar voru með lögum nr. 86/2006 og hins vegar að gildissviðið verði útvíkkað í samræmi við þær tillögur sem felast í frumvarpinu um að unnt verði að greiða út styrki vegna umhverfisvænnar orkuöflunar og/eða aðgerða sem leiða til bættrar orkunýtingar við húshitun.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði 2. mgr. 6. gr. laganna um að hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst. af raforku til varmadælu skuli vera ⅓ af ákvörðuðu hámarki við beina rafhitun. Breytingin felur í sér að hámark niðurgreiddra kWst. verði hið sama hvort sem um er að ræða raforku á varmadælu eða beina rafhitun. Hins vegar er lagt til að tekið verði fram að niðurgreiðsla á raforku til þeirra sem hljóta styrk til uppsetningar varmadælu eða aðgerða sem leiða til bættrar orkunýtingar skerðist í samræmi við þau markmið um orkusparnað sem samið er um milli notanda og Orkustofnunar. Þetta felur í sér að niðurgreiðslur eiga að skerðast í hlutfalli við styrkinn og þann orkusparnað sem hlýst af aðgerðunum.

Um 3. gr.

Í 11. gr. laganna er kveðið á um skilyrði fyrir styrkveitingum samkvæmt lögunum. Til að heimilt verði að veita styrki til íbúðareigenda sem vilja taka upp umhverfisvæna orkuöflun

og/eða ráðast í aðgerðir sem leiða til bættrar orkunýtingar við húshitun þarf að kveða á um það í greininni.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um það hvernig reikna skuli styrki vegna umhverfisvænnar orkuöflunar og bættrar orkunýtingar. Lagt er til að styrkfjárhæð skuli reiknuð út með sama hætti og þegar um almenna styrki til hitaveitna er að ræða. Þetta felur í sér að áætlaður er sá árlegi raforkusparnaður sem felst í breyttri orkuöflun eða aðgerðum til bættrar orkunýtingar og styrkurinn reiknaður miðað við átta ár og þau einingarverð niðurgreiðslna sem gilda á viðkomandi svæði.

Um 5. gr.

Í 13. gr. laganna er fjallað um umsóknir um styrki. Lagt er til að orðalag greinarinnar verði aðlagað þeim efnisbreytingum sem frumvarpið felur í sér. Þá er lagt til að kveðið verði á um að umsóknir um styrki skuli sendir Orkustofnun í stað iðnaðarráðuneytis, svo sem nú er.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til að kveðið verði á um að styrkir til orkuöflunar og endurbóta á húsnæði greiðist íbúðareiganda samkvæmt nánara samkomulagi milli Orkustofnunar og íbúðareiganda. Í slíku samkomulagi skal kveðið á um nánari útfærslu styrkveitingar, hámark niðurgreiðslu í kjölfar aðgerða og önnur atriði sem máli geta skipt. Ráðherra kveður í reglugerð nánar á um þessi atriði.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. 20. gr. laganna er kveðið á um að verja skuli til orkusparnaðaraðgerða allt að 1% af því fé sem ákveðið er í fjárlögum til niðurgreiðslna á kostnaði við húshitun og til að styrkja nýjar hitaveitur. Í samræmi við það sem segir í almennum athugasemdum er lagt til að varið skuli allt að 3% af fjárveitingum til niðurgreiðslna og styrkja til orkusparnaðaraðgerða.

Um 9. og 10. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum.

Markmiðið með frumvarpinu er í fyrsta lagi að draga úr húshitunarkostnaði íbúa á köldum svæðum, draga úr kostnaði ríkissjóðs til lengri tíma litið við að niðurgreiða húshitunarkostnað og hvetja til atvinnuskapandi verkefna. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem gera ráð fyrir að afnema takmörkun á hámarki niðurgreiðslna vegna raforkunotkunar á varmadælur til húshitunarkostnaðar, gera mögulegt að styrkja breytta orkuöflun til húshitunar og styrkja endurbætur á íbúðarhúsnæði á köldum svæðum. Til að mæta kostnaði vegna þessa er lagt til að 3% af því fé sem ákveðið er í fjárlögum til niðurgreiðslna á kostnaði við húshitun og til styrkja til nýrra hitaveitna verði veitt til orkusparnaðaraðgerða í stað 1% eins og er í gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að verði hlutfall þetta hækkað muni framlögum til verkefna innan fjárlagaliðar 11-373, niðurgreiðslur á húshitun, verða forgangsraðað á þann veg að minna fé fari í stofnstyrki til nýrra hitaveitna og jarðhitaleitar auk þess sem verkefni um hagkvæmniúttekt á varmadælum og smávirkjunum er lokið. Árið 2009 voru 1.176 m.kr. veittar í fjárlögum á lið 11-373 en gera má ráð fyrir að verði hlutfallið hækkað úr 1% í 3% kunni framlög til orkusparandi verkefna samkvæmt frumvarpinu að hækka úr 12 m.kr. í 35 m.kr.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð þar sem gert er ráð fyrir að breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpinu verði fjármagnaðar með breyttri forgangsröðun framlaga á fjárlagalið 11-373. Aftur á móti má reikna með að framlög ríkissjóðs til niðurgreiðslna húshitunarkostnaðar kunni að lækka þegar til framtíðar er litið þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að stærra hlutfall af þeim fjármunum sem veittir eru til þessa verkefnis á fjárlögum hverju sinni verði notað til orkusparandi verkefna.

676. Frumvarp til laga [398. mál]

um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Ákvæði 2.–4. málsl. 1. mgr. 14. gr. koma til framkvæmda 1. janúar 2010.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 7. júní 2008 samþykkti Alþingi lög nr. 58/2008, um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, sem fól m.a. í sér breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, í þá veru að gerð er krafa um að samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi orkufyrirtækja verði rekin í aðskildum fyrirtækjum frá og með 1. júlí 2009. Í kjölfar lagabreytinganna hafa bæði Hitaveita Suðurnesja og Orkuveita Reykjavíkur unnið að undirbúningi þess að aðskilja starfsemina í samræmi við ákvæði laganna. Á hluthafafundi í Hitaveitu Suðurnesja hf. 1. desember 2008 var samþykkt að skipta fyrirtækinu í HS Orka hf., sem annast skyldi virkjanir og raforkusölu, og HS Veitur hf., sem skyldi taka við veitustarfsemi fyrirtækisins. Formleg uppskipting Hitaveitu Suðurnesja hf. átti sér stað 1. janúar sl.

Með bréfi dags. 20. febrúar sl. fór Orkuveita Reykjavíkur þess á leit við iðnaðarráðherra að hann hlutaðist til um að flutt yrði frumvarp til laga um frestun gildistöku breytingar á 14. gr. raforkulaga. Í bréfinu kemur fram að stjórn og starfsmenn hafi unnið að undirbúningi skiptingar fyrirtækisins í samræmi við áskilnað laganna og yfirfarið þær leiðir sem til greina koma við útfærslu hennar. Þá segir enn fremur að frá því að lög um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði tóku gildi hafi orðið verulegar breytingar á fjárhagslegu umhverfi orkufyrirtækja, eins og annarra fyrirtækja í landinu. Gengi íslensku krónunnar hafi veikst og skuldir Orkuveitu Reykjavíkur, sem einkum eru í erlendri mynt, hafi hækkað mikið og eiginfjárhlutfall því lækkað umtalsvert milli áranna 2008 og 2009. Í bréfinu kemur enn fremur fram að lánardrottnum fyrirtækisins og væntanlegum lánveitendum hafi verið gerð grein fyrir þeim lagabreytingum sem samþykktar hafa verið og afleiðingum þeirra fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Telur fyrirtækið vonir standa til þess að fjármögnun fyrirhugaðra framkvæmda ljúki á seinni hluta þessa árs. Hins vegar kunni breytingar á rekstrarumhverfi fyrirtækisins áður en fjármögnun er lokið að tefja fyrir gerð lánasamninga. Telur Orkuveita Reykjavíkur því varhugavert að skipta fyrirtækinu upp við ríkjandi aðstæður. Er því óskað eftir frestun á gildistöku breytingar á 14. gr. raforkulaga, sbr. a-lið 4. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 58/2008, til 1. janúar 2010.

Meginefni laga nr. 58/2008, um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, var að kveða á um aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisþátta í rekstri orkufyrirtækja, setja reglur um opinbert eignarhald fyrirtækja sem stunda sérleyfisstarfsemi, leggja bann við varanlegu framsali opinberra aðila á vatns- og jarðhitaréttindum, og lögfesta sjónarmið er varða atriði tengd leigu afnota af vatns- og jarðhitaréttindum. Rökin að baki kröfu um aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisþátta í rekstri fyrirtækjanna voru tvíþætt. Annars vegar þurfti að gera þessa kröfu svo að unnt væri að setja reglur um opinbert eignarhald fyrirtækja sem stunda sérleyfisstarfsemi og hins vegar að með aðgreiningu þessara þátta í starfsemi raforkufyrirtækja væri betur unnt að tryggja að allir raforkuframleiðendur sitji við sama borð í samskiptum sínum við þau fyrirtæki sem annast dreifingu á raforku.

Í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru á fjármálamörkuðum og viðkvæmrar stöðu orkufyrirtækjanna varðandi fjármögnun má fallast á að rétt sé að fresta tímabundið framkvæmd ákvæða 14. gr. raforkulaga varðandi aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisþátta í rekstri orkufyrirtækja. Önnur ákvæði er varða opinbert eignarhald og bann við varanlegu framsali opinberra aðila á vatns- og jarðhitaréttindum hafa hins vegar þegar öðlast gildi.

Með vísan til þessa er lagt til að framkvæmd ákvæða raforkulaga varðandi aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisþátta verði frestað til 1. janúar 2010.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu er lagt til að framkvæmd ákvæða raforkulaga varðandi aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisþátta verði frestað til 1. janúar 2010. Ákvæði þau sem hér um ræðir voru samþykkt á Alþingi árið 2008 með lögum nr. 58/2008, um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, en þau lög fólu m.a. í sér breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum verður ekki sé að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

677. Framhaldsnefndarálit [321. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Málinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umræðu en stuttu áður hafði nefndin fengið Völu Rebekku Þorsteinsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Tómas Möller og Gunnar Baldursson frá Landssamtökum lífeyrissjóða og Guðjón Rúnarsson og Marínó Tryggvason frá Samtökum fjármálafyrirtækja á sinn fund til að ræða breytingartillögu minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Meiri hlutinn telur brýnt að frumvarpið verði samþykkt með áorðnum breytingum sem hann lagði til við 2. umræðu málsins. Meiri hlutinn telur það jafnframt koma til greina að endurskoða fyrirkomulag útgreiðslu að fenginni reynslu og með hliðsjón af öðrum úrræðum til lausnar greiðsluvanda einstaklinga og heimila. Mælist nefndin til þess að fjármálaráðuneytið skoði breytingartillögu minni hlutans í þessu ljósi og meti þörfina á frekari úrræðum á síðari stigum.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Bjarni Benediktsson og Ragnheiður E. Árnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 9. mars 2009.

Björgvin G. Sigurðsson, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Gunnar Svavarsson.
Árni Þór Sigurðsson.	Jón Bjarnason.	Birkir J. Jónsson.

678. Framhaldsnefndarálit [321. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Á fundi efnahags- og skattanefndar 9. mars 2009 var ákveðið að gera ekki breytingar á fyrirliggjandi hugmyndum ríkisstjórnarinnar um að greiða öllum sem þess óska allt að einni milljón króna út af séreignarsparnaði sínum. Engin krafa er gerð um vanskil eða að upphæðin verði notuð til uppgreiðslu á skuldum. Greiðslan dreifist á 10 mánuði og nemur 63 þús. kr. á mánuði eftir skatt. Þá er heimild til Fjármálaeftirlitsins að stöðva útgreiðslur ef þær ógna greiðslustöðu viðkomandi lífeyrissjóðs.

Fyrir utan það að þessi lausn breytir sennilega mjög litlu fyrir þann sem á í verulegum erfiðleikum og er að missa heimili sitt er hugsanlegt að mjög margir muni nota tækifærið og flytja þennan hluta séreignar sinnar á venjulega bankabók, hugsanlega verðtryggða, þar sem traust manna á séreignarsparnaði hefur beðið nokkurn hnekki. Ef mikið verður um slíkar útgreiðslur getur viðkomandi lífeyrissjóður að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins stöðvað útgreiðslur til þess að hann þurfi ekki að selja eignir í hraðsölu til tjóns fyrir aðra sjóðfélaga. Þá gildir reglan „fyrstur kemur, fyrstu fær“ . Vissan um það getur ýtt undir að fólk bregðist hratt við. Þá kemur fram mismunun á milli þeirra sem fylgjast vel með og vita og hinna sem ekki eru eins upplýstir. Minni hlutinn tekur undir alvarlegar viðvaranir Fjármálaeftirlitsins sem koma fram í umsögn eftirlitsins og varaði við þessu í nefndinni en hlaut ekki hljómgrunn.

Minni hlutinn flytur breytingartillögu sem leysir vanda þeirra sem eru í verulegum vanskilum sem þeir geta ekki greitt og eiga á hættu að missa húsnæði sitt en eru jafnframt með stórar upphæðir bundnar í séreignarsparnaði. Hugmyndin gengur út á það að lífeyrissjóðurinn gefi út skuldabréf til viðkomandi lánastofnunar og skattheimtunnar með sömu kjörum varðandi gjalddaga og ávöxtun og séreignarsparnaðurinn sjálfur. Þannig má segja að lánastofnunin og skattheimtan verði „séreignarsparandi“ í stað einstaklingsins, sem hins vegar losnar úr viðjum vanskila og forðar heimili sínu frá uppboði. Lánastofnunin fær mjög góðan skuldara í stað vanskilanna og skattheimtan fær skatta með nákvæmlega sama hætti og fyrirhugað var að óbreyttri skattprósentu. Lífeyrissjóðurinn heldur áfram starfsemi sinni eins og ekkert hafi í skorist.

Þá er í breytingartillögu minni hlutans ákvæði, sem vantar í tillögur ríkisstjórnarinnar, um að ekki verði farið út í slíka útgreiðslu nema hún skili mjög líklega árangri. Ef eigandi séreignarsparnaðarins verður gjaldþrota þrátt fyrir útgreiðsluna tapast þeir fjármunir þar sem séreignarsparnaður fellur ekki undir gjaldþrot en útgreiðsla er glötuð.

Minni hlutanum þykir miður að ríkisstjórnin skuli ekki hafa fallið frá tillögum sínum, sem nýtast mjög illa sem lausn á þeim vanda sem við er að etja, en geta verið skaðlegar og hafnað

skynsamlegum tillögum sem valda engu raski. Þess ber þó að geta að meiri hlutinn leggur til að þessar hugmyndir minni hlutans verði skoðaðar síðar.

Minni hlutinn leggur til að breytingartillaga hans verði samþykkt.

Alþingi, 9. mars 2009.

Pétur H. Blöndal.

679. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur og Guðrúnu W. Jensdóttur frá heilbrigðisráðuneyti, Þórð Reynisson frá fjármálaráðuneyti, Sigrúnu Ósk Sigurðardóttur frá ÁTVR, Viðar Jensson og Báru Sigurjónsdóttur frá Lýðheilsustöð og Ásgeir Johansen og Atla Kristjánsson frá Rolf Johansen & Company. Þá bárust umsagnir frá Philip Morris AB, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, umboðsmanni barna, Landssambandi eldri borgara, Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Lýðheilsustöð, Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Læknafélagi Íslands, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Krabbameinsfélagi Íslands, landlæknisembættinu og Landspítala.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær efnisbreytingar til samræmis við tilskipanir Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins. Önnur varðar heimild ráðherra til að setja ákvæði um varúðarmerkingar tóbaks í formi litmynda en hin útfærslu á undanþágum sem leyfðar eru frá auglýsingabanni tóbaksvarnalaga. Í annan stað eru lagðar til tvær formbreytingar sem varða annars vegar 1. málsl. 4. mgr. 6. gr. og hins vegar 2. mgr. 8. gr. og er vísað til þess í athugasemdum að þær hafi verið tilkynntar til Eftirlitsstofnunar EFTA. Loks gerir frumvarpið ráð fyrir að heimild Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins til að gefa út verðskrá fyrir tóbak falli brott en að því er ekki sérstaklega vikið í athugasemdum frumvarpsins. Nefndinni var tjáð að breytingin kæmi m.a. til vegna athugasemdar frá Eftirlitsstofnun EFTA og telur nefndin því rétt að benda á að ekki eru lengur ákvæði í lögunum sem kveða á um heimild ÁTVR til að ákveða verð tóbaks í smásölu. Nefndin áréttar jafnframt að ekki er um efnisbreytingu að ræða þar sem ÁTVR verður eftir sem áður heimilt að birta verð á því tóbaki sem stofnunin selur í heildsölu. Enn fremur skal áréttað að verðlisti tóbaks telst ekki vera auglýsing í skilningi laganna og því taka ákvæði um auglýsingabann tóbaks ekki til verðlista ÁTVR.

Á fundum nefndarinnar kom fram að frumvarpið fylgdi eftir þróun tóbaksvarna innan Evrópusambandsins þar sem rannsóknir bentu til þess að varúðarmerkingar í formi litmynda næðu til breiðari hóps en hefðbundnar textamerkingar. Nefndin bendir á að við útfærslu reglna um varúðarmerkingar í formi litmynda verði tekið mið af framkvæmd sem viðhöfð

var við setningu reglugerðar nr. 236/2003, um viðvörunarmerkingar á tóbaki og mælingar og hámark skaðlegra tóbaksefna.

Nefndin styður frumvarpið og bendir á að flestar umsagnir hafi verið mjög jákvæðar í garð frumvarpsins, en huga verði að reglugerðabreytingum samfara afgreiðslu frumvarpsins. Það er þjóðhagslegur ávinningur af því að draga úr tóbaksnotkun og stuðningur til reykleysis er þar mikilvægur þáttur. Upplýsingum um þennan þátt tóbaksvarna væri hægt að koma á framfæri á nýjum merkimiðum tóbaksvara sem seldar eru hér á landi. Loks bendir nefndin á mikilvægi þess að fylgst sé með tilmælum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um myndmerkingar á tóbaksvörum hvað varðar form, gerð og stærð litmyndanna og þau tilmæli höfð til hliðsjónar við setningu reglugerða um þetta efni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Álfheiður Ingadóttir og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. mars 2009.

Þuríður Backman, form., frsm.	Ásta Möller.	Ellert B. Schram.
Eygló Harðardóttir.	Pétur H. Blöndal.	

680. Fyrirspurn [399. mál]

til iðnaðarráðherra um skýrslu um afhendingaröryggi orku á Vestfjörðum.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvenær má vænta þess að lokið verði gerð skýrslu um afhendingaröryggi orku á Vestfjörðum?
2. Telur ráðherra að til álita komi að styðja sérstaklega við gerð Hvalárvirkjunar til þess að stuðla að auknu raforkuöryggi á Vestfjörðum?

681. Fyrirspurn [400. mál]

til viðskiptaráðherra um könnun á greiðsluaðlögun fasteignaveðlána.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hefur ráðherra látið kanna hvaða leiðir eru færar við greiðsluaðlögun fasteignaveðlána, svo sem með frystingu lána að hluta eða fullu og skiptingu lána í eingreiðslu og hefðbundin fasteignaveðlán?

682. Frumvarp til laga [401. mál]

um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38 26. maí 2001.

Flm.: Guðjón A. Kristjánsson, Grétar Mar Jónsson.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. um að skuldbindingar séu verðtryggðar á grundvelli vísitölu neysluverðs skal engu að síður á tímabilinu frá 1. janúar 2009 til 1. janúar 2010 miða við 5% hámarkshlutfall. Verðtryggingarálag umfram 5% skal lagt inn á biðreikning.

Kjósi lántaki að nýta sér ekki þessa heimild getur hann sagt sig frá henni og greitt samkvæmt upphaflegum skilmálum lánanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er leitast við að koma til móts við lántakendur sem eru með verðtryggð lán með fasteignaveði og búa við að höfuðstóll lána þeirra hefur hækkað mikið vegna verðbólguskotsins sem nú ríður yfir og má rekja til bankahrunsins sl. haust. Nú er svo komið að greiðslubyrði margra heimila í landinu er orðin svo þung að erfitt getur reynst að ná endum saman. Það er því afar brýnt að gripið sé til aðgerða áður en sjóðir, bankar eða lánastofnanir eignast fjölda íbúða vegna gjaldþrota. Það liggur fyrir að til að hægt sé að leysa þann vanda sem við stöndum nú frammi fyrir verður að taka regluverkið til gagngerrar endurskoðunar, setja ný lög og reglur sem samstaða og sátt getur verið um til framtíðar. Frjálslyndi flokkurinn telur brýnt að við þessa endurskoðun verði stefnt að því að afnema verðtryggingu með öllu. Flokkurinn lagði fram tillögu fyrr á þessu þingi, 16. mál, þar sem lagt var til afnám verðtryggingar til að tryggja hagsmuni fólksins í landinu sem best. Þangað til heildarendurskoðun hefur farið fram er mikilvægt að koma til móts við lántakendur verðtryggðra lána með aðgerðum eins og hér eru lagðar til. Með tímabundinni frystingu hluta verðtryggingarinnar skapast nauðsynlegt ráðrúm fyrir ríkisstjórnina til framhaldsaðgerða til að mæta aukinni skuldaþenslu heimilanna og finna varanlega lausn á vandanum.

Eðli verðtryggðra lána er að sá sem tekur slíkt lán er með öllu óvarinn á tímum verðbólgu, aukist verðbólgan hækkar endurgreiðslubyrði lántakenda. Samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu er stuðst við vísitölu neysluverðs sem grundvöll verðtryggingarinnar og er hún reiknuð hverju sinni samkvæmt lögum nr. 12/1995. Höfuðstóll láns breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Sú leið sem lagt er til að farin verði í þessu frumvarpi er að frysta viðmiðunarhlutfall til hækkunar höfuðstóls lána við 5% hámark þannig að það fari aldrei upp fyrir það mark á því tímabili sem tiltekið er í frumvarpi þessu. Sé raungildi viðmiðunarhlutfalls á tímabilinu hins vegar lægra en 5% þá ber að miða við það. Með þeirri reglu að allt verðtryggingarálag umfram 5% leggist inn á biðreikning samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu gefst ríkisstjórninni tóm til að taka raunverulega á málinu, m.a. til að ákveða afskrift eftir almennri reglu á þeirri fjárhæð sem safnast hefur á biðreikninginn. Verði það ekki gert mun fjöldi íbúða verða eign sjóða og lánastofnana vegna greiðsluerfiðleika fólks og verða lánveitendur þá að afskrifa

verulegar fjárhæðir. Vegna þessa þarf að taka á vandanum heildstætt. Færsla á biðreikning byggist ekki á beiðni hvers og eins lántaka heldur er um almenna aðgerða að ræða til handa öllum sem skulda verðtryggð lán sem tengjast íbúðakaupum. Þrátt fyrir þessa almennu reglu getur hver og einn einstaklingur sagt sig frá henni og greitt áfram samkvæmt upphaflegum kjörum lánasamningsins.

Í tengslum við gildistöku þessa ákvæðis yrði ríkisstjórnin að láta framkvæma kostnaðarmat vegna frystingarinnar og ákvarða hvernig farið verði með greiðslur þeirra fjármuna sem út af ganga eða afskriftir á þeim hluta sem færður hefur verið á biðreikninginn, í ljósi þess að íbúðaverð á landinu lækkar hratt. Þá liggur fyrir að endursala eigna getur orðið þung á næstunni og næsta víst að skuldir fást ekki í öllum tilfellum endurgreiddar að fullu.

683. Frumvarp til laga [402. mál]

um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Við 3. tölul. 9. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Ráðherra getur falið Námsmatsstofnun eða öðrum sambærilegum aðila að annast undirbúning og framkvæmd prófa og greiðist kostnaður vegna þessa með gjaldi sem ráðherra ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 3. tölul. 9. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt, eins og þeim var breytt með lögum nr. 81/2007, skal sá sem sækir um íslenskan ríkisborgararétt á grundvelli 7. gr. laganna hafa staðist próf í íslensku samkvæmt kröfum sem dómsmálaráðherra setur í reglugerð.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði heimild til handa ráðherra til að fela Námsmatsstofnun eða öðrum sambærilegum aðila að annast undirbúning og sjá um framkvæmd prófanna. Enn fremur er lagt til að lögfest verði heimild til handa ráðherra til að ákveða fjárhæð gjalds sem þeir skulu greiða sem gangast undir íslenskupróf. Gert er ráð fyrir að prófgjald takmarkist við kostnað af prófraun og undirbúningi hennar. Í gildandi lögum er ekki heimild fyrir slíkri gjaldtöku, en rétt þykir að þeir sem þreyta próf greiði þann kostnað sem því er samfara.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að veitt verði heimild til að fela Námsmatsstofnun eða öðrum sambærilegum aðila að annast undirbúning og sjá um framkvæmd prófa í íslensku sem öllum er sækja um íslenskan ríkisborgararétt er ætlað að undirgangast. Jafnframt er lagt til að heimild verði veitt til að ákvarða prófgjald sem ætlað er að standa undir kostnaði við prófin og undirbúning þeirra. Á fjárlögum hefur verið veitt 2 m.kr. árlega til dómsmálaráðuneytisins til að annast stöðupróf í íslensku fyrir þá sem hyggjast sækja um íslenskan ríkisborgararétt og er gert ráð fyrir að hún falli því niður. Með frumvarpi þessu verður ekki breyting á gjaldaheimild, heldur koma tekjur á móti útgjöldum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er þannig gert ráð fyrir 2 m.kr. lækkun á greiðslum úr ríkissjóði.

684. Frumvarp til laga [403. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „af þjónustu arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga“ í 2. málsl. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XV í lögunum kemur: af þjónustu hönnuða og eftirlitsaðila sem löggildingu hafa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpinu er lagt til að 2. málsl. 2. mgr. í ákvæði til bráðabirgða XV í lögum um virðisaukaskatt verði breytt til samræmis við 1. málsl. umræddrar málsgreinar en þetta láðist að gera í breytingartillögu sem samþykkt var við þriðju umræðu frumvarps til laga um breyting á lögum um virðisaukaskatt (þskj. 669 — 289. mál).

685. Lög [321. mál]

um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 10. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 674.

686. Fyrirspurn [404. mál]

til félags- og tryggingamálaráðherra um framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvenær má vænta þess að framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla verði kynnt?
2. Hvenær má vænta lagafrumvarpa og reglugerða sem lúta að aðgengismálum í tengslum við gerð framkvæmdaáætlunarinnar?

Skriflegt svar óskast.

687. Frumvarp til laga [405. mál]

um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Orðin „og umboðsmaður Alþingis“ í 2. málsl. 4. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur“ í 1. tölul. kemur: Hvalfjarðarsveit.
b. Í stað orðanna „Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur, Borgarbyggð, Kolbeinsstaðahreppur“ í 1. tölul. kemur: Borgarbyggð.
c. Orðið „Saurbæjarhreppur“ í 1. tölul. fellur brott.
d. Í stað orðanna „Hólmavíkurhreppur, Broddaneshreppur“ í 1. tölul. kemur: Strandabyggð.

e. Í stað orðanna „Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur“ í 1. tölul. kemur: Húnavatnshreppur.
f. Orðin „Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Höfðahreppur“ í 1. tölul. falla brott.
g. Á eftir orðinu „Skagabyggð“ í 1. tölul. kemur: Sveitarfélagið Skagaströnd.
h. Í stað orðanna „Siglufjarðarkaupstaður, Ólafsfjarðarbær“ í 2. tölul. kemur: Fjallabyggð.
i. Orðið „Hríseyjarhreppur“ í 2. tölul. fellur brott.
j. Í stað orðanna „Aðaldælahreppur, Húsavíkurbær“ í 2. tölul. kemur: Norðurþing.
k. Orðin „Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Raufarhafnarhreppur“ í 2. tölul. falla brott.
l. Í stað orðanna „Þórshafnarhreppur, Skeggjastaðahreppur“ í 2. tölul. kemur: Langanesbyggð.
m. Í stað orðsins „Norður-Hérað“ í 2. tölul. kemur: Fljótsdalshérað.
n. Orðin „Fellahreppur, Austur-Hérað“ í 2. tölul. falla brott.
o. Orðin „Mjóafjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur“ í 2. tölul. falla brott.
p. Í stað orðsins „Gaulverjabæjarhreppur“ í 3. tölul. kemur: Flóahreppur.
q. Orðin „Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur“ í 3. tölul. falla brott.
r. Í stað orðsins „Grindavíkurkaupstaður“ í 3. tölul. kemur: Grindavíkurbær.
s. Í stað orðsins „Gerðahreppur“ í 3. tölul. kemur: Sveitarfélagið Garður.
t. Í stað orðsins „Vatnsleysustrandarhreppur“ í 3. tölul. kemur: Sveitarfélagið Vogar.
u. Í stað orðsins „Bessastaðahreppur“ í 4. tölul. kemur: Sveitarfélagið Álftanes.

3. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Við útreikning skv. 1. mgr. skal fyrst miða við fjölda þingsæta í kjördæmum skv. 1. mgr. 8. gr. Ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi skal færa eitt kjördæmissæti frá því kjördæmi sem hefur fæsta kjósendur að baki hverju þingsæti til þess kjördæmis sem hefur flesta kjósendur að baki hverju þingsæti. Að því loknu er fjöldi kjósenda að baki hverjum þingmanni reiknaður að nýju miðað við þessa breytingu og kjördæmissæti færð milli kjördæma svo oft sem þörf krefur þar til hlutfall kjósenda að baki hverju þingsæti fer hvergi yfir þau mörk sem koma fram í 1. mgr.

4. gr.

Í stað orðanna „kjörstjórn, hverfis- eða yfirkjörstjórn“ í 2. málsl. 2. mgr. 15. gr. laganna kemur: hverfiskjörstjórn.

5. gr.

Í stað orðanna „framangreind ákvæði“ í fyrri málslið 1. mgr. 101. gr. laganna kemur: einn eða fleiri stafliði 100. gr.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við fyrirhugaðar kosningar 25. apríl 2009 gilda eftirfarandi reglur um fresti:

a. Miða skal við íbúaskrá þjóðskrár fjórum vikum fyrir kjördag í stað fimm vikna skv. 1. mgr. 7. gr., a-lið 1. mgr. 23. gr. og 3. mgr. 27. gr. laganna. Sama á við þegar önnur ákvæði laganna vísa til þessara ákvæða.
b. Kjörskrá skal leggja fram almenningi til sýnis átta dögum fyrir kjördag í stað tíu daga skv. 1. mgr. 26. gr. laganna.
c. Landskjörstjórn skal birta auglýsingu um mörk kjördæmanna í Reykjavík skv. 2. mgr. 7. gr. laganna eigi síðar en þremur vikum fyrir kjördag í stað fjögurra vikna.
d. Frestur til að tilkynna framboð skv. 1. mgr. 30. gr. laganna er til kl. 12 á hádegi 11 dögum fyrir kjördag.
e. Auglýsingar á framboðum skv. 2. mgr. 44. gr. laganna skulu birtast eigi síðar en fimm dögum fyrir kjördag.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum dómsmálaráðuneytisins. Þá var frumvarpið sent til Landskjörstjórnar er gaf umsögn sína um frumvarpið. Ríkisstjórnin hefur gefið út yfirlýsingu um að kosið verði til Alþingis 25. apríl næstkomandi. Á Alþingi hefur verið samþykkt frumvarp um breytingar á kosningalögum þar sem bætt er við lögin ákvæði til bráðabirgða um að íslenskum ríkisborgurum sem búsettir hafa verið erlendis lengur en átta ár en sóttu ekki um að verða teknir á kjörskrá fyrir 1. desember 2008 verði heimilað að sækja um að verða teknir á kjörskrá í síðasta lagi 25. mars 2009. Verði gengið til kosninga 25. apríl eins og ráðgert er mun viðmiðunardagur kjörskrár að óbreyttum lögum verða 21. mars, þ.e. fimm vikum fyrir kjördag. Þá verður ekki liðinn umsóknarfrestur íslenskra ríkisborgara sem búsettir hafa verið erlendis lengur en átta ár. Óhjákvæmilegt er að færa viðmiðunardag kjörskrár eina viku nær kjördegi svo framangreindir kjósendur séu á kjörskrárstofni þegar landskjörstjórn tekur ákvarðanir skv. 1. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 23. gr. laganna. Miðað við að kosið verði 25. apríl mun framboðsfrestur skv. 1. mgr. 30. gr. laganna að óbreyttu renna út kl. 12 á föstudaginn langa. Hér er lagt til að þessi frestur færist fjórum dögum nær kjördegi. Með vísan til þess sem að framan er talið er í frumvarpi þessu lagt til að í ákvæði til bráðabirgða verði þessir frestir samkvæmt lögunum ásamt öðrum sem þeim tengjast styttir fyrir kosningarnar í vor.

Jafnframt eru lagðar til nokkrar minni háttar breytingar á lögunum og vísast til athugasemda við einstakar greinar um þær. Þær fela ekki í sér efnislegar breytingar heldur miða að því að skýra ýmis atriði eða lagfæra. Meðal annars er lagt til í samráði við landskjörstjórn að bæta nýrri málsgrein við 9. gr. laganna þar sem lýst er með hvaða hætti staðið sé að útreikningi á tilfærslu þingsæta milli kjördæma skv. 5. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 4. gr. laganna segir að hæstaréttardómarar og umboðsmaður Alþingis séu ekki kjörgengir í kosningum til Alþingis. Í ljósi 34. gr. stjórnarskrárinnar orkar tvímælis að umboðsmaður Alþingis sé ekki kjörgengur við alþingiskosningar. Því er lagt til að fella brott vísun til umboðsmanns Alþingis í 2. málsl. ákvæðisins. Almenna hæfisskilyrðið í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, þar sem segir að umboðsmaður megi ekki vera alþingismaður, stendur þó áfram. Samkvæmt því getur maður ekki gegnt þessum embættum

á sama tíma en það leiðir ekki til þess að umboðsmaður Alþingis sé ekki kjörgengur við alþingiskosningar.

Um 2. gr.

Hér er listi með öllum sveitarfélögum landsins uppfærður miðað við breytingar sem hafa orðið við sameiningu sveitarfélaga eða við breytingar á heitum þeirra.

Um 3. gr.

Í 9. gr. laganna er fjallað um tilfærslu kjördæmissæta milli kjördæma þegar fjöldi kjósenda að baki hverju þingsæti er helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru, sbr. 5. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar. Hér er lagt til að bæta við greinina málsgrein sem lýsir því með hvaða hætti útreikningurinn fari fram. Tekið er af skarið um að við útreikninginn skuli leggja fjölda þingsæta í hverju kjördæmi skv. 8. gr. laganna til grundvallar en ekki fjölda þeirra við síðustu alþingiskosningar eftir að þingsæti höfðu verið færð milli kjördæma, en ákvæðið hefur ekki þótt vera skýrt að þessu leyti. Með þessari aðferð er tryggt að í ljós komi hvaða kjördæmi á með réttu að fá viðbótarsæti miðað við þróun búsetu ef skilyrði eru til flutnings, auk þess sem hún leiðir til þess að þingsæti sem hefur verið fært frá kjördæmi getur færst til baka ef misvægi atkvæða er ekki lengur yfir mörkum 5. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar. Þá er kveðið á um að útreikningurinn skuli endurtekinn þar til misvægið fer hvergi yfir leyfileg mörk.

Um 4. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laganna eru þriggja manna kjörstjórnir þar sem kjördeildir eru fleiri en ein á hverjum kjörstað kallaðar hverfis- eða yfirkjörstjórnir. Hér er lagt til að þessar kjörstjórnir verði framvegis kallaðar hverfiskjörstjórnir svo ekki skapist hætta á að þeim verði ruglað saman við yfirkjörstjórnir skv. b-lið 11. gr. og 13. gr. laganna.

Um 5. gr.

Hér er lögð til breyting á 1. mgr. 101. gr. laganna til skýringar.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hafa verið gefnar yfirlýsingar um að kosningar til Alþingis fari fram 25. apríl næstkomandi. Af ástæðum sem þar eru raktar er hér lagt til að ýmsir frestir sem kveðið er á um í lögunum og miðast við kjördag verði styttir í tengslum við þessar kosningar. Jafnframt er framboðsfrestur færður aftur fyrir páskahelgina en að óbreyttu hefði hann runnið út föstudaginn langa miðað við að kosið yrði 25. apríl. Þessir frestir eru nánar tiltekið eftirfarandi:

Við gerð kjörskrár skal miða við íbúaskrá þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag, sbr. a-lið 1. mgr. 23. gr. laganna, og óheimilt er að breyta kjörskrá vegna nýs lögheimilis nema að flutningurinn hafi átt sér stað í síðasta lagi fyrir þetta tímamark, sbr. 3. mgr. 27. gr. laganna. Þá skal landskjörstjórn miða við íbúaskrá þjóðskrár á sama tímamarki þegar mörk kjördæmanna í Reykjavík eru ákveðin, sbr. 1. mgr. 7. gr. laganna. Hér er lagt til að þessi viðmiðunartími styttist um viku, úr fimm vikum í fjórar.

Til samræmis við styttingu þess tíma sem gefst til að vinna kjörskrárstofna samkvæmt framangreindu og leggja fyrir sveitarstjórnir er hér lagt til að sá frestur sem kjósendum gefst til að kynna sér kjörskrána verði styttur úr tíu dögum í átta.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laganna ber landskjörstjórn að auglýsa mörk kjördæmanna í Reykjavík viku eftir að íbúaskrá þjóðskrár hefur verið „fryst“ eða fjórum vikum fyrir kjördag. Í ljósi þess að þessi viðmiðunartími færist nær kjördegi ef frumvarpið verður samþykkt verður að stytta þennan frest til samræmis.

Miðað við að kosið verði 25. apríl ætti framboðsfrestur skv. 30. gr. laganna að öllu óbreyttu að renna út 10. apríl sem ber upp á föstudaginn langa. Það er óheppilegt og því er hér lagt til að framboðsfrestur færist aftur fyrir páska. Er við það miðað að skila þurfi framboðum 11 dögum fyrir kjördag í stað 15 daga.

Frestur landskjörstjórnar til að birta auglýsingar um framboð skv. 2. mgr. 44. gr. laganna færist nær kjördegi til samræmis við áðurgreinda breytingu á framboðsfrestinum. Lagt er til að auglýsingarnar birtist fimm dögum fyrir kjördag í stað tíu daga.

Ákvæðið mun aðeins gilda um þessar tilteknu kosningar og að því gefnu að þær fari fram 25. apríl 2009.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er fyrst og fremst verið að bæta inn í lögin ákvæði til bráðabirgða um breytingar á ýmsum frestum sem gilda í aðdraganda kosninga. Gert er ráð fyrir því að kosið verði til Alþingis 25. apríl nk. Breytingarnar eru að viðmiðunardagur staðfestrar kjörskrár er styttur úr fimm vikum í fjórar fyrir kjördag. Kjörskrá skal leggja fram almenningi til sýnis átta dögum fyrir kjördag í stað tíu daga. Mörk kjördæmanna í Reykjavík skal birta með auglýsingu þremur vikum fyrir kjördag í stað fjögurra vikna. Frestur til að tilkynna framboð rennur út kl. 12 á hádegi 11 dögum fyrir kjördag í stað 15 daga eins og nú er og auglýsingar á framboðum skulu birtast eigi síðar en fimm dögum fyrir kjördag í stað tíu daga.

Þá eru með frumvarpinu gerðar breytingar á nokkrum ákvæðum laganna sem eru til frekari skýringar á lögunum. Auk þess eru gerðar lagfæringar vegna breyttra aðstæðna, m.a. er í frumvarpinu uppfærður listi með sveitarfélögum landsins miðað við breytingar sem hafa orðið út af sameiningu sveitarfélaga eða út af breytingum á heitum þeirra.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

688. Frumvarp til laga [406. mál]

um listamannalaun.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.
Hlutverk.

Í þeim tilgangi að efla listsköpun í landinu veitir Alþingi árlega fé af fjárlögum til þess að launa listamenn í samræmi við ákvæði laga þessara.

2. gr.
Launasjóðir.

Starfslaun listamanna skulu veitt úr sex sjóðum:

a. launasjóði hönnuða,
b. launasjóði myndlistarmanna,
c. launasjóði rithöfunda,
d. launasjóði sviðslistafólks,
e. launasjóði tónlistarflytjenda,
f. launasjóði tónskálda.

Auk starfslauna er sjóðunum heimilt að veita ferðastyrki.

Yfirumsjón með sjóðunum er í höndum stjórnar listamannalauna. Sérstakar nefndir annast úthlutun starfslauna úr sjóðunum.

3. gr.
Stjórn.

Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í stjórn listamannalauna til þriggja ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna, einn samkvæmt tilnefningu Listaháskóla Íslands og einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalmann í stjórn listamannalauna lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Stjórnin gerir tillögu til ráðherra um stefnu og áherslur við úthlutun listamannalauna til þriggja ára í senn og hefur eftirlit með að skilyrðum um starfslaun sé fylgt. Stjórninni er heimilt að færa umsóknir á milli sjóða, sbr. 2. gr.

Ráðherra er heimilt að fela stjórninni að reka sérstaka skrifstofu eða semja við til þess bæra aðila að annast umsýslu sjóðanna.

Kostnaður vegna umsýslu sjóðanna greiðist af fjárveitingum til listamannalauna.

4. gr.
Starfslaun.

Starfslaun skulu nema 266.737 kr. á mánuði á verðlagi fjárlaga 2009. Starfslaun eru veitt til listamanns sem telst sjálfstætt starfandi í listgrein sinni. Fjárhæð starfslauna skal koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála.

Þeir sem taka starfslaun skulu vera á skrá hjá stjórn listamannalauna og fá greidd starfslaun mánaðarlega. Þeir sem njóta starfslauna í sex mánuði eða lengur skulu ekki gegna fullu starfi meðan á starfslaunatímanum stendur.

Starfslaunaþegar skulu skila skýrslu um störf sín á starfslaunatímanum eigi síðar en ári eftir að honum lýkur. Stjórn listamannalauna má fella niður starfslaun sem veitt eru til lengri tíma en sex mánaða ef talið er að viðkomandi listamaður sinni ekki list sinni að mati stjórnar.

5. gr.

Fjöldi starfslauna.

Samanlögð starfslaun miðast við 1.600 mánaðarlaun eða 133,33 árslaun.

6. gr.

Launasjóður hönnuða.

Launasjóður hönnuða veitir árlega starfslaun og styrki sem svara til 50 mánaðarlauna.

Þriggja manna nefnd, sem ráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum samtaka hönnuða og arkitekta, úthlutar fé úr launasjóði hönnuða. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Úthlutunarnefndin skiptir með sér verkum.

7. gr.

Launasjóður myndlistarmanna.

Launasjóður myndlistarmanna veitir árlega starfslaun og styrki sem svara til 435 mánaðarlauna.

Þriggja manna nefnd, sem ráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Sambands íslenskra myndlistarmanna, úthlutar fé úr launasjóði myndlistarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Úthlutunarnefndin skiptir með sér verkum.

8. gr.

Launasjóður rithöfunda.

Launasjóður rithöfunda veitir árlega starfslaun og styrki sem svara til 555 mánaðarlauna.

Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Rithöfundasambands Íslands, úthlutar fé úr launasjóði rithöfunda. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Úthlutunarnefndin skiptir með sér verkum.

9. gr.

Launasjóður sviðslistafólks.

Launasjóður sviðslistafólks veitir árlega starfslaun og styrki sem svara til 190 mánaðarlauna.

Þriggja manna nefnd, sem ráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Leiklistarsambands Íslands, úthlutar fé úr launasjóði sviðslistafólks. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Úthlutunarnefndin skiptir með sér verkum.

10. gr.

Launasjóður tónlistarflytjenda.

Launasjóður tónlistarflytjenda veitir árlega starfslaun og styrki sem svara til 180 mánaðarlauna.

Þriggja manna nefnd, sem ráðherra skipar árlega, úthlutar fé úr launasjóði tónlistarflytjenda. Skulu tveir nefndarmanna tilnefndir af Félagi íslenskra hljómlistarmanna og einn af Félagi íslenskra tónlistarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Úthlutunarnefndin skiptir með sér verkum.

11. gr.

Launasjóður tónskálda.

Launasjóður tónskálda veitir árlega starfslaun og styrki sem svara til 190 mánaðarlauna.

Ráðherra skipar árlega þriggja manna nefnd sem úthlutar fé úr launasjóði tónskálda. Tónskáldafélag Íslands tilnefnir tvo fulltrúa og Félag tónskálda og textahöfunda tilnefnir einn fulltrúa. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Úthlutunarnefndin skiptir með sér verkum.

12. gr.

Lengd starfslauna.

Starfslaun skulu veitt til 6, 9, 12, 18 eða 24 mánaða. Heimilt er að úthluta starfslaunum til skemmri tíma en hálfs árs, þó aldrei skemur en til þriggja mánaða. Sú upphæð sem varið er til þessa, sem og til ferðastyrkja, skal ekki vera hærri en nemur 10% þeirra mánaðarlauna sem hver sjóður hefur til úthlutunar árlega.

Ef starfslaunum er úthlutað til einstaklinga vegna afmarkaðra verkefna er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. mgr.

Miða skal við að fjórðungur heildarstarfslauna hvers sjóðs samkvæmt lögum þessum verði að jafnaði veittur til listamanna sem taka laun í eitt ár eða meira.

Heimilt er að úthluta starfslaunum til lengri tíma en 24 mánaða, þó aldrei lengur en til 36 mánaða.

13. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakar greinar þeirra, þar á meðal um skilgreiningu á því hvað teljist fullt starf, sbr. 2. mgr. 4. gr., og um tilhögun tilnefninga af hálfu tilnefningaraðila í úthlutunarnefndir, sbr. 6.–10. gr. Þá skal enn fremur setja nánari ákvæði í reglugerð um skilmála fyrir veitingu starfslauna, þar með talið um endurgreiðslu þeirra ef gegn þeim skilmálum er brotið.

Við framkvæmd þessarar greinar skal haft samráð við samtök listamanna eftir því sem við á hverju sinni.

14. gr.

Málsmeðferð.

Ákvarðanir skv. 6.–11. gr. eru endanlegar á stjórnsýslustigi og sæta ekki kæru til ráðherra.

15. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Fyrirmæli um úthlutun úr launasjóðum listamanna koma til framkvæmda á árinu 2010.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. skulu samanlögð starfslaun árið 2010 miðast við 1.345 mánaðarlaun og árið 2011 við 1.475 mánaðarlaun.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 6.–11. gr. skulu starfslaun og styrkir til listamanna árin 2010 og 2011 vera sem hér segir:

a. Starfslaun og styrkir til hönnuða árið 2010 skulu miðast við 20 mánaðarlaun og árið 2011 við 35 mánaðarlaun.
b. Starfslaun og styrkir myndlistarmanna árið 2010 skulu miðast við 360 mánaðarlaun og árið 2011 við 400 mánaðarlaun.
c. Starfslaun og styrkir rithöfunda árið 2010 skulu miðast við 505 mánaðarlaun og árið 2011 við 530 mánaðarlaun.
d. Starfslaun og styrkir sviðslistafólks árið 2010 skulu miðast við 160 mánaðarlaun og árið 2011 við 175 mánaðarlaun.
e. Starfslaun og styrkir tónlistarflytjenda árið 2010 skulu miðast við 150 mánaðarlaun og árið 2011 við 165 mánaðarlaun.
f. Starfslaun og styrkir tónskálda árið 2010 skulu miðast við 130 mánaðarlaun og árið 2011 við 160 mánaðarlaun.

III.

Listamenn sem notið höfðu listamannalauna í nokkur ár fyrir 31. desember 1991 og höfðu þá náð 60 ára aldri skulu njóta sérstakra framlaga samkvæmt ákvörðun stjórnar listamannalauna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í menntamálaráðuneytinu að undangengnu samráði við Bandalag íslenskra listamanna. Frumvarpið byggist að meginstefnu á skipulagi gildandi laga um listamannalaun, nr. 35/1991. Veigamiklar breytingar eru þó gerðar á einstökum ákvæðum gildandi laga og því lagt til frumvarp til nýrra heildarlaga. Í skýringum við einstakar greinar frumvarpsins er gerð grein fyrir einstökum nýmælum og breytingum frá gildandi lögum.

1.

Gildandi lög um listamannalaun, nr. 35/1991, komu í stað laga um listamannalaun, nr. 29/1967, og laga um Launasjóð rithöfunda, nr. 29/1975. Þeim var síðan breytt árið 1996 með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hafði af framkvæmd laganna frá 1991. Þær breytingar sem samþykktar voru lutu einkum að því að kveða skýrar á um tilgang starfslauna listamanna, þ.e. að efla listsköpun í landinu, að leikhúslist yrði gefinn sérstakur gaumur með því að heimilt væri að allt að þriðjungi fjárveitinga til Listasjóðs yrði varið til starfslauna til leikhópa til uppfærslu á leiksýningum samkvæmt tillögu leiklistarráðs og einnig að stjórn listamannalauna væri heimilt að fella niður starfslaun kæmi í ljós að viðkomandi listamaður sinnti ekki list sinni. Þá var lagaákvæðum breytt til samræmis við þá framkvæmd sem gilt hafði frá upphafi um skrifstofuhald. Loks var, í samræmi við þá framkvæmd sem mótast hafði, kveðið skýrar á um réttarstöðu starfslaunaþega, þ.e. að farið yrði með starfslaun líkt og laun verktaka eða sjálfstætt starfandi einstaklinga, sbr. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga

nr. 90/2003, um tekjuskatt. Með þessu var með afdráttarlausum hætti byggt á því að starfslaunaþegar teldust ekki launþegar í hefðbundnum skilningi. Við endurskoðun laganna 1996 var ekki gerð breyting á þeim fjölda mánaðarlauna sem til ráðstöfunar voru til úthlutunar starfslauna listamanna samkvæmt lögunum frá 1991.

2.

Á þeim tæpu tveimur áratugum sem liðnir eru frá setningu gildandi laga hafa orðið umtalsverðar breytingar bæði á íslensku samfélagi almennt sem og á sviði lista. Íslendingum hefur fjölgað um rúm 23%, en listamönnum talsvert meira, ekki síst eftir tilkomu Listaháskóla Íslands haustið 1999. Ásókn í starfslaun listamanna hefur því aukist og hlutfall þeirra sem hafa átt kost á starfslaunum því í raun farið lækkandi. Auk þessa hefur aukið framboð á undanförnum árum m.a. á hönnunarnámi á framhalds- og háskólastigi stuðlað að fjölgun þeirra sem hasla sér völl á þeim vettvangi, en menntamálaráðuneyti hefur litið svo á að hönnun sé listform eins og byggingarlist og skuli því flokkast með öðrum skapandi atvinnugreinum. Listaháskóli Íslands hefur einnig hafið kennslu í byggingarlist og má því búast við að arkitektum fjölgi á næstu árum. Loks hefur menntuðum dönsurum fjölgað talsvert og mun sú þróun halda áfram á næstu árum þar sem Listaháskólinn hefur hafið kennslu á þessu sviði. Þrátt fyrir fjölgun listamanna og listgreina hefur fjöldi mánaðarlauna sem eru til ráðstöfunar við úthlutun starfslauna verið óbreyttur í rúman áratug. Samtök listamanna, bæði Bandalag íslenskra listamanna og einstök fagfélög listamanna, hafa undanfarin ár ítrekað þrýst á stjórnvöld um að fjölga mánaðarlaunum.

Í tillögum starfshóps er þáverandi menntamálaráðherra skipaði í nóvember 2001 voru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi starfslauna listamanna og hvernig skyldi staðið að úthlutun þeirra, þar á meðal að Listasjóður yrði lagður niður og stofnaðir þrír nýir sjóðir: Tónlistarsjóður, Sviðslistasjóður og Hönnunarsjóður. Enn fremur lagði hópurinn til umtalsverða fjölgun mánaðarlauna í öllum sjóðunum á þriggja ára tímabili. Í ágúst 2004 sendi þáverandi stjórn listamannalauna menntamálaráðuneyti greinargerð þar sem lagðar voru til nokkrar breytingar á lögunum. Stjórnin lagði m.a. til, eins og fyrrnefndur starfshópur, að Listasjóði yrði skipt í þrennt. Enn fremur að úthlutunarnefndir yrðu skipaðar fyrir hvern sjóð, að starfssvið Tónskáldasjóðs næði einnig til höfunda dægurtónlistar, að rithöfundasjóður yrði skilgreindur á ný í ljósi tilkomu launasjóðs fræðirithöfunda sem stofnað var til með reglum nr. 268/1999 og loks að ákveðið þak yrði á úthlutun til einstaklinga á einhverju árabili. Þá lagði stjórn sjóðsins eindregið til fjölgun þeirra mánaðarlauna sem yrðu til ráðstöfunar við úthlutun starfslauna án þess að tilgreina ákveðinn mánaðafjölda.

3.

Misjafnt er hvaða möguleika listamenn hafa til að afla sér tekna með listsköpun sinni. Í flestum tilvikum eru tekjumöguleikar takmarkaðir og því hafa starfslaun listamanna skipt sköpum fyrir mjög marga þeirra og ekki síst fyrir þróun og eflingu listgreinanna. Sem dæmi mætti nefna að núverandi gróska í íslenskum bókmenntum og velgengni íslenskra höfunda á erlendri grundu væri tæplega jafn mikil og raun ber vitni ef starfslaunanna hefði ekki notið við. Samkvæmt athugun Rithöfundasambands Íslands hefur rithöfundur 625 kr. í höfundarlaun fyrir bók sem kostar 4.500 kr. út úr búð (forlagsverð er 2.716 kr.). Ef bókin selst í 1.000 eintökum yrðu höfundarlaunin því 625 þús. kr. Að jafnaði tekur um tvö ár að skrifa skáldsögu, og árslaun viðkomandi yrðu því um 300 þús. kr. Starfslaun listamanna hafa því ljóslega gefið rithöfundum svigrúm til að helga sig ritlistinni, a.m.k. tímabundið. Hliðstæð dæmi

mætti taka úr öðrum listgreinum, því það á almennt við hér á landi að þeir sem vinna að frumsköpun hugverka njóta takmarkaðra tekna af listsköpun sinni. Túlkendur hugverka, svo sem leikarar og tónlistarflytjendur, hafa hins vegar sumir atvinnu og lífsviðurværi af listiðkun sinni, en það gildir þó í mörgum tilvikum um takmarkaðan hóp og oft aðeins tímabundið.

Listamenn sem hafa viðurværi sitt af listsköpun á sínu sviði teljast sjálfstætt starfandi í skilningi laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, og um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000. Af því leiðir m.a. að grundvöllur bóta ræðst af skilum tryggingagjalds. Gjaldstofn tryggingagjalds er hinn sami og reiknaðs endurgjalds, sbr. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 58. gr. þeirra laga. Af sama gjaldstofni reiknast jafnframt lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð, sbr. 3. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Eins og áður segir búa listamenn við misjafna möguleika til að afla sér tekna með listsköpun sinni. Ljóst er að sú fjárhæð starfslauna sem lögð er til með frumvarpinu veitir ein sér takmarkaða möguleika fyrir listamenn til þess að helga sig að fullu listsköpun, en getur þó með öðru skipt sköpum í þessu samhengi. Enn fremur er ljóst að réttur til atvinnuleysisbóta getur myndast hafi listamaður samkvæmt reglum fjármálaráðherra staðið skil á reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjaldi. Í lögum um fæðingarorlof og tryggingagjald er við það miðað að einstaklingur sem skili tryggingagjaldi einu sinni á ári teljist ekki sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi fyrrgreindra laga. Í reglum fjármálaráðherra nr. 1211/2008, um reiknað endurgjald á tekjuárinu 2009, teljast listamenn til starfaflokks C. Af 5. lið þess flokks leiðir að sjálfstætt starfandi listamenn skulu reikna sér mánaðarlaun 414.000 kr. Þrengingar á vinnumarkaði og minni möguleikar á stuðningi frá atvinnulífinu til verkefna listamanna og listastofnana draga enn frekar en ella úr möguleikum listamanna til að afla sér lífsviðurværis með listsköpun sinni. Í ljósi þessa er brýnt að efla starfslaun listamanna frá því sem nú er til að gefa fleiri listamönnum möguleika á að starfa að listsköpun sinni. Til samanburðar má benda á að á undanförnum árum hafa stjórnvöld eflt vísinda- og tæknisjóði í þeim tilgangi að styrkja vísindasviðið og þar með að gefa auknum fjölda háskólamenntaðra einstaklinga færi á að starfa að rannsóknum; full þörf er á samsvarandi átaki til stuðnings við skapandi listafólk til að sinna sínum störfum. Í þeirri framkvæmd sem mótast hefur, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 798/2004 um breytingu á reglugerð nr. 697/1997, um listamannalaun, er byggt á því að starfslaun séu veitt á grundvelli náms- og starfsferils, verðlauna og viðurkenningar og því verkefni sem listamaðurinn byggir umsókn sína á. Starfslaun listamanna eru því verkefnatengd og hefur stjórn listamannalauna eftirlit með framgangi þess verkefnis sem veiting starfslaunanna byggist á.

Það er orðið mjög brýnt að laga lög um listamannalaun að því breytta umhverfi sem hér hefur verið lýst, samhliða því sem framlag til þeirra er leiðrétt miðað við þá fjölgun þjóðarinnar sem orðið hefur frá því að þau tóku gildi. Sú meginhugsun starfslauna listamanna að þau séu ætluð til að skapa listamönnum möguleika á að helga sig listsköpun sinni er jafnbrýn nú sem áður, en mikilvægast er að fjölga þeim mánaðarlaunum sem eru til ráðstöfunar í ljósi þess hve listamönnum hefur fjölgað eins og rakið er hér að framan og ekki síst í ljósi þeirra efnahagsþrenginga sem framundan eru.

4.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að þeim mánaðarlaunum sem úthlutað er til starfslauna fjölgi á þriggja ára tímabili um alls 400 mánaðarlaun þannig að á árinu 2012 verði samtals

1.600 mánaðarlaun til ráðstöfunar til starfslauna og styrkja í stað 1.200 mánaðarlauna nú. Sú tala hefur verið óbreytt frá 1997, þegar lögin frá 1991 tóku að fullu gildi.

Ítarleg umræða fór fram á fundi 7. janúar sl. sem menntamálaráðuneyti hélt með stjórn listamannalauna og fulltrúum frá stjórn Bandalags íslenskra listamanna (BÍL), þ.e. fulltrúum frá Rithöfundasambandi Íslands, Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Tónskáldafélagi Íslands, Félagi tónskálda og textahöfunda og Félagi íslenskra dansara fyrir hönd sviðslistafélaga um endurskoðun laganna og skiptingu mánaðarlaunanna. Á þeim fundi náðist samstaða um að efla starfslaunasjóðina sem allra fyrst, og því samþykktu félögin að hverfa frá kröfum um annars konar skiptingu á starfslaunasjóðunum á þessu stigi, en hvöttu til þess að stefnt yrði að heildarendurskoðun á lögum um listamannalaun hið allra fyrsta. Félögin féllust einnig á tillögu ráðuneytisins um að stofnaður verði sérstakur launasjóður hönnuða.

Í kjölfar þessa fundar áttu sér stað frekari umræður um málið innan stjórnar BÍL. Á stjórnarfundi BÍL 12. janúar var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Stjórn BÍL lýsir yfir ánægju sinni með framkomna tillögu um listamannalaun og styður hana fyrir sitt leyti. Jafnframt telur stjórnin afar jákvætt að fá að fjalla um frumvarpið á þessu stigi málsins. Stjórnin álítur að rétt sé að skilja á milli tónlistarflytjenda og sviðslistafólks, sem hingað til hafa verið saman í listasjóði, með því að stofnaðir verði tveir aðgreindir sjóðir.

Í samræmi við þessa ályktun og eindregna beiðni sviðslistafólks felur frumvarpið í sér tillögu um að listasjóður verði lagður niður, en í hans stað stofnaðir tveir nýir launasjóðir, þ.e. launasjóður sviðslistafólks og launasjóður tónlistarflytjenda, auk nýs launasjóðs hönnuða, sem getið er að framan.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir tillögu um skiptingu þeirra 400 mánaðarlauna sem lagt er til að bætist við starfslaun listamanna á þriggja ára bili, og viðeigandi greinar í þessu frumvarpi byggjast á:

	Núverandi fjöldi	**Breyting**	**2012**
Launasjóður hönnuða	0	50	50
Launasjóður myndlistarmanna	320	115	435
Launasjóður rithöfunda	480	75	555
Launasjóður sviðslistafólks	0	190	190
Launasjóður tónlistarflytjenda	0	180	180
Launasjóður tónskálda	100	90	190
(Listasjóður	300	–300	0)
	1.200	*400*	*1.600*

Fjórir af launasjóðunum (þ.e. launasjóðir hönnuða, myndlistarmanna, rithöfunda og tónskálda) eru ætlaðir listamönnum sem vinna að listsköpun – frumsköpun – en launasjóðir sviðslistafólks og tónlistarflytjenda munu einkum sinna flytjendum og túlkendum.

Þó að álitamál sé hvort hægt er að draga skarpar markalínur milli þessa þar sem flutningur og túlkun fela einnig í sér listsköpun, þá er á alþjóðavettvangi gerður greinarmunur á rétti höfunda hugverka og rétti flytjenda hugverka. Bernarsáttmálinn til verndar bókmenntum og listaverkum frá 1886 (Parísargerð frá árinu 1971) fjallar um réttindi höfunda en svonefndur Rómarsáttmáli frá 1961 varðar réttindi listflytjenda, hljóðritaframleiðenda og útvarpsfyrirtækja.

Í frumvarpinu er lagt til að Listasjóður verði lagður niður og stofnaðir launasjóðir sviðslistafólks og tónlistarflytjenda svipað og stjórn listamannalauna lagði til 2004 og viðkomandi félög listamanna hafa lagt áherslu á. Við þetta falla hins vegar niður möguleikar stjórnar listamannalauna til að taka til umfjöllunar umsóknir vegna listsköpunarverkefna sem ekki falla undir sérgreindu sjóðina. Auk þess þarf að setja inn í lögin ákvæði til bráðabirgða til að tryggja að listamenn sem notið höfðu listamannalauna í nokkur ár fyrir árslok 1991 og höfðu þá náð 60 ára aldri njóti áfram þeirra réttinda sem 10. gr. gildandi laga kveður á um.

Í frumvarpinu er lögð til veigamikil breyting á afgreiðslu umsókna sem felst í því að stjórn listamannalauna fær heimild til að flytja umsóknir á milli launasjóða. Með því verður hægt að fjalla um umsóknir á viðeigandi fagsviði.

Í frumvarpinu er lagt til að mánaðarlaun starfslauna séu skilgreind sem greiðslur til sjálfstætt starfandi einstaklinga eða sem verktakagreiðslur í skilningi laga um tekjuskatt og að fjárhæðin komi til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Í þeirri upphæð er innifalið lífeyrissjóðsframlag og önnur launatengd gjöld. Eins og gildir almennt ber starfslaunaþeginn ábyrgð á greiðslu lögbundinna gjalda.

Stjórn listamannalauna hefur ítrekað hreyft þeirri hugmynd að þak verði sett á hversu oft sami listamaður geti samfellt fengið úthlutað starfslaunum. Þessi hugmynd hefur fallið í grýttan jarðveg hjá sumum heildarsamtökum listamanna. Ekki er talið rétt að gera tillögu um slíkt ákvæði að sinni, en ítrekað að úthlutunarnefndum og heildarsamtökum sem tilnefna í þær er falið bæði mikið vald og mikil ábyrgð um að efla listsköpun á viðkomandi sviði og sjá til þess að eðlileg nýliðun eigi sér stað.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Hér er bætt við nýjum launasjóði fyrir hönnuði, *launasjóði hönnuða.* Hönnuðum hefur fjölgað verulega á undanförnum árum og hafa þeir í auknum mæli sótt um starfslaun. Hingað til hafa umsóknir þeirra komið til álita hjá Listasjóði.

Einnig er bætt við tveimur öðrum nýjum launasjóðum, þ.e. *launasjóði sviðslistafólks* og *launasjóði tónlistarflytjenda*. Þessir hópar hafa til þessa sótt um starfslaun til Listasjóðs, en hann er nú lagður niður og þessir tveir sjóðir koma í hans stað.

Loks er heitinu á Tónskáldasjóði breytt í *launasjóð tónskálda* til samræmis við heiti annarra sjóða.

Launasjóðir listamanna eru með þessum breytingum orðnir sex talsins. Má líta svo á að fjórir þeirra (þ.e. launasjóðir hönnuða, myndlistarmanna, rithöfunda og tónskálda) sinni listsköpun – frumsköpun – en hinir tveir (þ.e. launasjóðir sviðslistafólks og tónlistarflytjenda) sinni einkum flytjendum og túlkendum leik- og tónverka.

Með ákvæði 2. mgr. er lagt til að felld verði niður heimild sjóðanna til að veita námsstyrki. Hingað til hafa sjóðirnir ekki veitt slíka styrki enda hefur færst í aukana að hin ýmsu stéttarfélög veiti félagsmönnum sínum námsstyrki. Þegar um lengra nám er að ræða veitir Lánasjóður íslenskra námsmanna námslán.

Ákvæði í 3. mgr. eru flutt úr 3. gr. gildandi laga.

Um 3. gr.

Eftir að Listaháskóli Íslands tók til starfa hefur skólinn tilnefnt fulltrúa í stjórn listamannalauna og er 1. mgr. því breytt til samræmis við það. Þá er bætt við að menntamálaráðherra skipi formann og varaformann úr hópi aðalmanna og er það í samræmi við það sem gert hefur verið að undanförnu við skipun nefnda, ráða og stjórna. Einnig er bætt við að ekki sé heimilt að skipa sama mann í stjórn listamannalauna lengur en tvö samfelld starfstímabil, og er það einnig í samræmi við það sem almennt tíðkast á málefnasviði ráðuneytisins.

Í 2. mgr. er bætt við ákvæði um að stjórnin geri tillögu til ráðherra um stefnu og áherslur við úthlutun listamannalauna til þriggja ára. Slíkt hefur ekki verið gert hingað til, en full ástæða er til að fela stjórninni slíkt hlutverk og veita henni þannig ríkari hlut í stefnumótun í málaflokknum. Þá er bætt við ákvæði um að stjórnin skuli hafa eftirlit með að skilyrðum um starfslaun sé fylgt. Henni ber að fylgjast með því að listamenn fari að þeim, m.a. með því að kalla eftir skýrslum frá þeim sem njóta starfslauna. Enn fremur er stjórninni veitt heimild til að færa umsóknir á milli sjóða og er það nýjung. Hingað til hefur stjórnin ekki haft slíka heimild, en listamenn hafa síðustu ár í auknum mæli sótt um starfslaun í Listasjóð ef þeir hafa verið í vafa um hvar verkefni þeirra ætti helst heima. Þessi heimild veitir stjórninni möguleika á að beina slíkum umsóknum í réttan farveg.

Í 3. mgr. er sett inn heimildarákvæði til handa ráðherra um að fela megi stjórninni að reka sérstaka skrifstofu eða semja við til þess bæra aðila að annast umsýslu sjóðanna og framkvæmd verkefna. Stjórn listamannalauna hefur um árabil rekið sérstaka skrifstofu sem hefur séð um umsýsluna, þ.e. auglýst eftir umsóknum um starfslaun, tekið á móti umsóknum, undirbúið starf úthlutunarnefnda og veitt þeim þjónustu, svarað fyrirspurnum, fylgt eftir ákvörðunum stjórnar og úthlutunarnefnda og annast samskipti við menntamálaráðuneyti um greiðslur starfslauna og styrkja. Á móti þessu hefur verið fellt niður orðalag í lok 1. mgr. 3. gr. í gildandi lögum um að „stjórn listamannalauna skal m.a. annast vörslu sjóðanna og sjá um bókhald, en hún getur falið öðrum aðila að sjá um þessa þætti fyrir sína hönd ef allir stjórnarmenn samþykkja“. Rétt þykir að ráðherra heimili stjórninni rekstur skrifstofu en þetta er hliðstætt því sem er t.d. í lögum um bókmenntasjóð.

Kostnaður vegna umsýslu sjóðanna greiðist af fjárveitingu til listamannalauna.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að horfið verði frá því að miða starfslaun við ákveðna starfsstétt eins og gert er í núgildandi lögum, þ.e. við lektorslaun II við Háskóla Íslands. Breytingar á launakerfi hinna ýmsu stéttarfélaga, einstaklingsbundin launakjör og tilkoma stofnanasamninga gerir slíkt viðmið nær óframkvæmanlegt. Því er hér lagt til að starfslaun verði miðuð við ákveðna upphæð á mánuði. Kostur við slíkt fyrirkomulag er að þá hækki launin í takt við tiltekna launaþróun. Í greininni er lagt til að fjárhæð starfslauna skuli koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Við slíkt mat gefst svigrúm til þess að meta launaþróun sérstaklega með tilliti til forsendna fjárlaga hverju sinni.

Starfslaun hafa verið veitt á grundvelli umsóknar listamanns um að sinna ákveðnu verkefni í ákveðinn tíma. Starfslaunaþegar eru sjálfráðir um störf sín meðan á starfslaunatímanum stendur og því má líta svo á að starfslaun séu þóknun sem greidd er með sérstökum skilyrðum til að sinna þeim verkefnum. Litið er svo á að um verktakagreiðslu sé að ræða og beri starfslaunaþeginn sjálfur ábyrgð á að standa skil á lögbundnum gjöldum samkvæmt þeim reglum sem gilda um verktakagreiðslur. Því er fellt niður í lok 1. mgr. gildandi laga „að við-

bættu 6% álagi“ þar sem öll launatengd gjöld eru innifalin í ofangreindum verktakagreiðslum. Einnig er fellt niður „Þau skulu eiga kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda“ þar sem hver og einn getur ákveðið hvernig hann ávaxtar lífeyrisgreiðslur sínar.

Tekið er fram að starfslaun eru veitt til listamannsins sjálfs og skulu þau greidd á kennitölu viðkomandi. Á síðustu árum hefur færst í vöxt að listamenn stofni einkahlutafélag um starfsemi sína og hafa ýmsir farið þess á leit að fá starfslaunin greidd á kennitölu einkahlutafélagsins. Slíkum beiðnum hefur verið hafnað til þessa á þeirri forsendu að verið sé að veita sjálfum listamanninum starfslaun en ekki fyrirtæki.

Í gildandi lögum er ákvæði um að þeir sem njóta starfslauna í sex mánuði eða lengur gegni ekki föstu starfi á meðan þeir njóta starfslauna. Samstaða er um að leggja til að breyta „föstu“ starfi í „fullt“ starf í ljósi þeirra breytinga sem hafa orðið á vinnumarkaði. Það er ekkert sem hindrar að listamenn geti sinnt ýmsum verkefnum og þegið greiðslu fyrir á sama tíma og þeir þiggja starfslaun svo fremi að þeir geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart listamannalaunum, en ekki er talið rétt að viðkomandi geti sinnt fullu starfi. Í 6. gr. reglugerðar nr. 679/1997 með gildandi lögum um listamannalaun er miðað við að starfslaunaþegi sé ekki fastráðinn til þess að gegna öðru starfi sem telst meira en þriðjungur stöðugildis. Eðlilegt er að hliðstætt viðmið gildi áfram þó að ekki sé lengur talað um „fast“ starf.

Stjórn listamannalauna gegnir ákveðnu eftirlitshlutverki eins og fram kemur í 3. gr. Ef hún verður þess áskynja að listamaður sinnir ekki list sinni eins og hann hugðist, hefur hún rétt til að fella niður starfslaunin. Þetta er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 5. gr.

Fjöldi starfslauna hefur verið óbreyttur frá árinu 1997 og hefur miðast við 1.200 mánaðarlaun eða 100 árslaun. Á sama tíma hefur Íslendingum fjölgað um rúm 20%, og með hliðsjón af því ætti fjöldi mánaðarlauna í starfslaunum listamanna nú að vera tæplega 1.450 talsins. Þá hefur tilkoma Listaháskóla Íslands orðið til þess að listamönnum hefur fjölgað, aðstæður til listsköpunar hafa batnað og áhugi í þjóðfélaginu á listum almennt hefur aukist. Má sérstaklega benda á að hönnun hefur vaxið ásmegin en á sama tíma hafa aðrar listgreinar einnig styrkst.

Vegna þessara aðstæðna er lagt til að starfslaunum fjölgi um 400 mánaðarlaun í áföngum á þriggja ára tímabili, sbr. ákvæði til bráðabirgða I, en þar er lagt til að 145 mánaðarlaun bætist við á árinu 2010 og130 mánaðarlaun á árinu 2011. Á árinu 2012 bætast við 125 þannig að þessum tíma liðnum verður fjöldi starfslauna kominn upp í 1.600 mánaðarlaun.

Kostnaðaraukinn vegna þessa á árinu 2010 yrði 38,7 millj. kr., 34,7 millj. kr. á árinu 2011 og 33,3 millj. kr. á árinu 2012 miðað við verðlag í byrjun árs 2009, eða alls 106,7 millj. kr.

Um 6. gr.

Launasjóður hönnuða er nýmæli.

Hönnun er vaxandi listgrein og eru níu félög hönnuða starfandi á mismunandi sviðum hennar. Full þörf er á að hönnuðir geti átt möguleika á að helga sig listsköpun og þróun fagsins tímabundið líkt og aðrir listamenn. Hönnuðir hafa á undanförnum árum í auknum mæli sótt um starfslaun og hefur verið fjallað um umsóknir þeirra í Listasjóði til þessa.

Það er talið tímabært að skapa hönnuðum svipaða möguleika og öðrum listamönnum hvað starfslaun varðar og því er hér lagt til að 50 mánaðarlaun verði til ráðstöfunar í þremur áföngum. Á árinu 2010 verði launin 20 og að 15 mánaðarlaun bætist árlega við næstu tvö árin, 2011 og 2012.

Þriggja manna úthlutunarnefnd, sem skipuð yrði árlega, yrði falið að úthluta fé úr launasjóði hönnuða. Tekið er fram í greininni að ráðherra skipi nefndina að fengnum tillögum samtaka hönnuða og arkitekta. Hér er fylgt sama fyrirkomulag og gilt hefur við skipan úthlutunarnefnda fyrir hina launasjóðina. Samtök hönnuða hafa myndað með sér heildarsamtök með stofnun Hönnunarmiðstöðvar Íslands ehf., þar sem saman eru komin hin ýmsu fagfélög hönnuða, sem hafa rekið miðstöðina með rekstrarframlagi frá iðnaðarráðuneyti og menntamálaráðuneyti samkvæmt sérstökum samningi. Þegar horft er til þess hvernig hönnuðir hafa skipulagt heildarsamtök yrði í framkvæmd við það miðað að Hönnunarmiðstöð Íslands ehf., tilnefni fulltrúana þrjá í úthlutunarnefndina.

Um 7. gr.

Greinin er að mestu óbreytt frá gildandi lögum. Gert er ráð fyrir því að mánaðarlaunum til ráðstöfunar úr launasjóði myndlistarmanna fjölgi í þremur áföngum þannig að á árinu 2012 verði 435 mánaðarlaun til ráðstöfunar. Eins og lýst er í b-lið ákvæðis til bráðabirgða II er gert ráð fyrir að á árinu 2010 verði 360 mánaðarlaun til ráðstöfunar og á árinu 2011 verði þau 400. Þá er við það miðað að 35 mánaðarlaun bætist við á árinu 2012. Alls bætast því 115 mánaðarlaun við sjóðinn þannig að hann hafi alls 435 mánaðarlaun til ráðstöfunar á árinu 2012.

Með þessari fjölgun er reynt að koma til móts við brýna þörf myndlistarmanna fyrir meiri starfslaun, enda hefur starfandi myndlistarmönnum fjölgað mikið á síðustu árum. Þessi hópur listamanna hefur jafnframt hvað minnsta möguleika á að afla sér lífsviðurværis með listsköpun sinni eingöngu, ekki síst í þeirri efnahagslægð sem nú er í íslensku samfélagi.

Í 2. mgr. er bætt við ákvæði um að úthlutunarnefndin skipti sjálf með sér verkum.

Um 8. gr.

Helsta breytingin í þessari grein er að lagt er til að 25 mánaðarlaun bætist við launasjóð rithöfunda á ári næstu þrjú ár, sbr. c-lið ákvæðis til bráðabirgða II. Á árinu 2012 verði þannig 555 mánaðarlaun til ráðstöfunar.

Jafnframt er ekki talin ástæða til að tilgreina sérstaklega í greininni að „rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa íslenskir rithöfundar og höfundar fræðirita“ þar sem launasjóður rithöfunda þjónar öllum íslenskum rithöfundum, hvort sem um er að ræða ljóðlist, skáldsagnagerð, ævisagnaritun, rit fræðilegs eðlis eða veigameiri þýðingar.

Samkvæmt reglum nr. 268/1999, um launasjóð fræðiritahöfunda, geta höfundar bóka og rita í stafrænu formi er efla íslenska menningu sótt í þann launasjóð. Einnig er rétt að minna á að bókmenntasjóður, sem starfar samkvæmt lögum nr. 91/2007, um bókmenntasjóð og fleira, skal „styrkja útgáfu vandaðra erlendra rita á íslenskri tungu“. Þessi sjóður hefur tekið við hlutverki þýðingarsjóðs, en eftir sem áður ættu þýðendur að geta sótt um starfslaun vegna umfangsmikilla þýðingarstarfa.

Hér er einnig í 2. mgr. bætt við ákvæði um að úthlutunarnefndin skipti sjálf með sér verkum.

Um 9. gr.

Launasjóður sviðslistafólks er nýmæli.

Sviðslistafólk er stór hópur listamanna, m.a. leikskáld, leikstjórar, leikarar og höfundar leikmynda, búninga, lýsingar og hljóðmynda, auk danshöfunda, dansara og tæknifólks, svo eitthvað sé nefnt. Full þörf er á að þetta listafólk geti helgað sig verkefnum sínum sem annað

listafólk; það hefur til þessa getað sótt um starfslaun vegna þeirra til Listasjóðs, en hér er gerð tillaga um sérstakan sjóð vegna slíkra verkefna.

Er lagt til að 160 mánaðarlaun verði til ráðstöfunar á árinu 2010, 175 á árinu 2011 og að 15 mánaðarlaun bætist við á árinu 2012, þannig að frá árinu 2012 verði alls 190 mánaðarlaun til ráðstöfunar til að veita sviðslistafólki starfslaun.

Þriggja manna úthlutunarnefnd, sem skipuð yrði árlega, yrði falið að úthluta fé úr launasjóði hönnuða. Tekið er fram í greininni að ráðherra skipi nefndina að fengnum tillögum Leiklistarsambands Íslands, sem eru heildarsamtök sviðslista á Íslandi. Hér er fylgt sama fyrirkomulagi og gilt hefur við skipan úthlutunarnefnda fyrir hina launasjóðina.

Við afgreiðslu umsókna um starfslaun úr þessum sjóði er mikilvægt að gott samráð sé haft við leiklistarráð, sem starfar á grundvelli leiklistarlaga, nr. 138/1998, og gerir tillögur um úthlutun fjár sem veitt er af fjárlögum til stuðnings atvinnuleikhópum. Möguleg skörun er á milli umsókna um starfslaun annars vegar og stuðning við atvinnuleikhópa hins vegar, sem rétt er að úthlutunarnefnd og leiklistarráð hafi samráð um við afgreiðslu umsókna.

Um 10. gr.

Launasjóður tónlistarflytjenda er nýmæli.

Tónlistarflytjendur eru stór hópur listamanna, sem með flutningi sínum og túlkun er einn mikilvægasti hlekkurinn í tónlistarlífinu. Tónlistarflytjendur hafa til þessa getað sótt um starfslaun vegna verkefna sinna til Listasjóðs, en hér er gerð tillaga um sérstakan sjóð vegna slíkra verkefna.

Er lagt til að 150 mánaðarlaun verði til ráðstöfunar á árinu 2010 og að 15 mánaðarlaun bætist árlega við næstu tvö árin, 2011 og 2012, þannig að frá árinu 2012 verði alls 180 mánaðarlaun til ráðstöfunar til að veita tónlistarflytjendum starfslaun.

Þriggja manna úthlutunarnefnd, sem skipuð yrði árlega, yrði falið að úthluta fé úr launasjóði tónlistarflytjenda. Tekið er fram í greininni að ráðherra skipi nefndina að fengnum tillögum annars vegar Félags íslenskra hljómlistarmanna, sem er málsvari atvinnuhljómlistarmanna og gætir hagsmuna þeirra og hins vegar Félags íslenskra tónlistarmanna. Hér er fylgt sama fyrirkomulagi og gilt hefur við skipan úthlutunarnefnda fyrir hina launasjóðina.

Við afgreiðslu umsókna um starfslaun úr þessum sjóði er mikilvægt að gott samráð sé haft við tónlistarráð, sem starfar á grundvelli laga um tónlistarsjóð, nr. 76/2004. Tónlistarráð gerir tillögur um úthlutun fjár sem veitt er af fjárlögum til tónlistarsjóðs, en tónlistardeild sjóðsins veitir styrki til almennrar tónlistarstarfsemi. Möguleg skörun er á milli umsókna um starfslaun annars vegar og stuðning við almenna tónlistarstarfsemi hins vegar, sem rétt er að úthlutunarnefnd og tónlistarráð hafi samráð um við afgreiðslu umsókna.

Um 11. gr.

Heiti sjóðsins er breytt í *launasjóð tónskálda* til samræmis við aðra sjóði, en í gildandi lögum nefnist hann Tónskáldasjóður. Í greininni er lagt til að 30 mánaðarlaun bætist við sjóðinn á ári næstu þrjú árin, sbr. f-lið ákvæðis til bráðabirgða II, þannig að hann hafi 190 mánaðarlaun til ráðstöfunar frá árinu 2012.

Með þessari fjölgun starfslauna í launasjóði tónskálda er stefnt að því að úthlutanir úr sjóðnum nái til breiðari hóps tónskálda en verið hefur. Til þessa hafa félagar í Tónskáldafélagi Íslands fyrst og fremst komið til greina við úthlutun úr sjóðnum, en félagar í Félagi tónskálda og textahöfunda, sem einkum starfa á vettvangi djass- og dægurtónlistar, hafa notið starfslauna úr Listasjóði.

Til samræmis við breytt hlutverk launasjóðsins er í 2. mgr. gerð tillaga um að Félag tónskálda og textahöfunda tilnefni einn fulltrúa í úthlutunarnefndina, en Tónskáldafélag Íslands tilnefni tvo fulltrúa í stað þriggja eins og það gerir samkvæmt gildandi lögum. Sett er inn ákvæði um að úthlutunarnefndin skipti sjálf með sér verkum.

Um 12. gr.

Í greininni er horfið frá því að binda lengd starfslauna við hálft ár, eitt, tvö eða þrjú, en reynslan sýnir að æskilegt er að auka sveigjanleika við úthlutun starfslauna. Því er lagt til að miðað verði við 6, 9, 12, 18 og 24 mánuði. Þó er talið rétt að heimila stjórn listamannalauna og úthlutunarnefndum að úthluta eins og hingað til starfslaunum til skemmri tíma en sex mánaða en þó eigi skemur en til þriggja mánaða. Loks er veitt heimild til að víkja frá þessum mánaðafjölda þegar úthlutað er til einstaklinga vegna afmarkaðra verkefna. Haldið er því ákvæði í gildandi lögum að ekki megi verja meira til þessa, svo og til ferðastyrkja, en nemur 10% þeirra mánaðarlauna sem hver sjóður hefur til úthlutunar árlega.

Í gildandi lögum er ákvæði um að miða skal við að fjórðungur heildarstarfslauna hvers sjóðs verði að jafnaði veittur til listamanna sem taka laun í meira en eitt ár. Lagt er til að þessu verði breytt í „eitt ár eða meira“ þar sem orðalag gildandi laga hefur þótt nokkuð óljóst, þ.e. að ákvæðið gilti ekki um starfslaun til eins árs.

Í 4. mgr. er bætt við heimildarákvæði um að veita megi starfslaun til lengri tíma en 24 mánaða en þó ekki lengur en til 36 mánaða. Talið er rétt að hafa heimildarákvæði um þetta í stað þess að binda í lögunum þriggja ára tímabil eins og nú er.

Um 13. gr.

Með greininni er mælt fyrir um heimild til setningar reglugerðar með sambærilegum hætti og nú er í gildandi lögum.

Um 14. gr.

Ákvarðanir um veitingu starfslauna hafa verið endanlegar hjá stjórn listamannalauna og úthlutunarnefndum. Ákvæði þess efnis er hér sett á einn stað í lögin í stað þess að vera sérstakt ákvæði í einstökum greinum þeirra eins og verið hefur.

Um 15. gr.

Lagt er til að lögin taki þegar gildi. Gert er ráð fyrir því að þau fyrirmæli 6.–11. gr. frumvarpsins, sem mæla fyrir um úthlutun úr hlutaðeigandi launasjóðum listamanna, komi til framkvæmda á árinu 2010, en úthlutun úr launasjóðum listamanna á árinu 2009 samkvæmt gildandi lögum er lokið. Er því við það miðað að úthlutun úr launasjóðum listamanna samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, þar á meðal úr nýjum launasjóðum hönnuða, sviðslistafólks og tónlistarflytjenda, verði í fyrsta sinn á árinu 2010. Fyrir þann tíma gefst tækifæri til þess að undirbúa úthlutun m.a. með skipun hlutaðeigandi úthlutunarnefnda.

Um ákvæði til bráðabirgða I og II.

Eins og lýst er í umfjöllun um 5.–11. gr. og í almennum athugasemdum frumvarpsins er gert ráð fyrir því að mánaðarlaun til ráðstöfunar starfslauna fjölgi í þremur áföngum og verði að fullu komið til framkvæmda á árinu 2012. Í samræmi við það er í ákvæðunum tilgreindur sá fjöldi mánaðarlauna sem er til ráðstöfunar árin 2010 og 2011.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Í 10. gr. gildandi laga er ákvæði um að Listasjóður veiti sérstök framlög til listamanna sem notið höfðu listamannalauna nokkur ár fyrir 31. desember 1991 og höfðu þá náð 60 ára aldri. Tólf listamenn fá sérstök framlög samkvæmt þessu ákvæði við úthlutun listamannalauna 2009.

Til að þetta framlag falli ekki niður er hér sett ákvæði til bráðabirgða til að tryggja að þessir listamenn njóti þessara framlaga áfram samkvæmt ákvörðun stjórnar listamannalauna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um listamannalaun.

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi lagt til að þeim mánaðarlaunum sem úthlutað er sem starfslaunum fjölgi á þriggja ára tímabili um alls 400 þannig að á árinu 2012 verði samtals 1.600 mánaðarlaun til ráðstöfunar til starfslauna og styrkja í stað 1.200 mánaðarlauna nú. Í öðru lagi er lögð til sú breyting að mánaðarlaun starfslauna verði ákveðin upphæð, 266.737 kr., sem taki mið af breytingum á fjárlögum hvers árs. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir tveimur nýjum launasjóðum, fyrir hönnuði og sviðslistafólk, og að heiti á Tónskáldasjóði verði breytt í Launasjóð tónlistarflytjenda. Í fjórða lagi er lagt til að stjórn listamannalauna fái heimild til að flytja umsóknir á milli launasjóða. Í fimmta og síðasta lagi er gerð breyting á störfum stjórnarinnar, m.a. varðandi mótun stefnu og áherslna við úthlutun.

Helstu ákvæði sem gætu haft áhrif á útgjöld ríkisins eru fjölgun mánaðarlauna um 400 eða úr 1.200 mánaðarlaunum í 1.600 á þremur árum. Miðað við núgildandi mánaðarlaun listamanna sem eru 266.737 kr. mun fjölgun um 400 mánaðarlaun þýða samtals aukningu um 107 m.kr. á útgjöldum ríkisins. Hækkunin skiptist þannig að árið 2010 fjölgar mánaðarlaunum um 145 eða samtals 38,7 m.kr., árið 2011 er fjölgunin 130 mánaðarlaun eða 34,7 m.kr. og árið 2012 er fjölgunin 125 mánaðarlaun eða 33,3 m.kr. Einnig gætu útgjöld ríkissjóðs aukist vegna aukinnar umsýslu vegna fjölgunar mánaðarlauna og vinnu við stefnumörkun. Talið er að sú aukning vegna umsýslu sé þó óveruleg.

Ekki er gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum í fjárlögum ársins 2009 né í áætluðum útgjöldum næstu fjögur árin. Vegna mikils halla á ríkissjóði mun því þurfa að fjármagna útgjöldin með lántökum.

689. Nefndarálit [53. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hákon Má Pétursson frá Fjármálaeftirlitinu, Vilhjálm Bjarnason frá Samtökum fjárfesta, Harald Inga Birgisson frá Viðskiptaráði og Kjartan Gunnarsson og Valgerði Rún Benediktsdóttur frá viðskiptaráðuneyti. Nefndinni bárust umsagnir frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Félagi löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitinu, Kauphöll Íslands (OMX Nordic Exchange), Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Samtökum fjárfesta, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum verslunar og þjónustu og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um verðbréfaviðskipti sem lúta að yfirtökum. Gildandi reglur voru settar með lögum nr. 31/2005 sem m.a. innleiddu tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB um yfirtökutilboð (yfirtökutilskipunin). Viðskiptaráðherra skipaði í nóvember 2007 nefnd til að fara yfir yfirtökureglur sem komst að þeirri niðurstöðu að gera þyrfti nokkrar breytingar á yfirtökukafla laganna. Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu eru eftirfarandi:

Gert er ráð fyrir að yfirtökuskylda miðist við 33% atkvæðisréttar en ekki 40% eins og samkvæmt gildandi lögum. Byggist það á tillögu minni hluta nefndar viðskiptaráðherra og er ætlað að auka minnihlutavernd. Lagt er til að Fjármálaeftirlitið geti í undantekningartilfellum tekið ákvörðun um að færa tilboðsskyldu yfir á þann aðila samstarfshóps sem ræður yfir mestu hlutafé. Lagt er til að ákvæði um yfirtökur verði alfarið í lögum um verðbréfaviðskipti en samkvæmt gildandi rétti er ráðherra heimilt að mæla fyrir um undanþágur frá yfirtökureglum í reglugerð. Þá er í frumvarpinu kveðið á um það með víðtækari hætti en nú hvenær aðilar teljast vera í samstarfi, en erfitt hefur reynst að fullnægja sönnunarkröfum gildandi laga. Einnig er lagt til að við sérstakar aðstæður geti aðili farið yfir yfirtökumörk án þess að verða tilboðsskyldur. Þetta á við þegar aðgerðir sem leiða til aukningar á hluta umfram þessi mörk tengjast aðgerðum til að bjarga félagi í fjárhagsörðugleikum eða er hluti af endurskipulagningu félags sem á í fjárhagserfiðleikum. Þá er lagt til að aðilum kunni að vera skylt að gera grein fyrir því opinberlega ef aðili íhugar að gera yfirtökutilboð í félag. Byggist þetta á einni af meginreglu yfirtökutilskipunarinnar sem mælir fyrir um að yfirtökutilboð eigi ekki að hindra rekstur félags lengur en sanngjarnt er. Einnig er kveðið á um að stjórnarmenn skuli gera grein fyrir því hvort þeir og aðilar þeim tengdir hyggist taka yfirtökutilboði. Jafnframt er lagt til að ef kostur er skuli flöggunar- og innherjatilkynningar birtar í beinu framhaldi af birtingu upplýsinga um niðurstöður tilboðs.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Lögð til breyting á 1. gr. þess efnis að felld verði brott tilvísun í 5. mgr. 104. gr. laga um verðbréfaviðskipti þar sem hún er talin óþörf. Lagt er til að þau mörk sem yfirtökuskylda miðast við verði 30% atkvæðisréttar í félagi. Telur nefndin að með þessari breytingu verði vernd minni hluta aukin og eignaraðild dreifðari. Þá verður að telja að þetta stuðli að minni hættu á hagsmunaárekstrum og auknu rekstraröryggi. Einnig er lagt til að gerð verði breyting á 5. gr. á þá leið að felld verði brott orðin „eða er skyldugur til“ í 1. mgr. enda kemur fram í 1. mgr. 102. gr. laganna að tilboðsgjafi skuli án tafar tilkynna um ákvörðun um tilboð. Lagðar eru til tvenns konar breytingar á 9. gr. Í fyrsta lagi er til skýringar lögð til viðbót við 1. málsl. a-liðar til að taka af vafa um

í hvaða tilfellum undanþágan eigi við. Í öðru lagi er lögð til lagfæring á orðalagi 2. málsl. b-liðar. Enn fremur er lagt til að gerð verði breyting á 17. gr. Þegar gerðar hafa verið breytingar á yfirtökumörkum eða tengslareglum hefur hingað til verið farin sú leið að setja ákvæði til bráðabirgða sem gera þeim sem hafa átt yfir nýjum yfirtökumörkum eða falla undir nýjar tengslareglur kleift að halda eignarhluta sínum eða tengslum þrátt fyrir breytingu á reglum laganna. Með lækkun yfirtökumarka í þessu frumvarpi er minnihlutavernd aukin, dregið úr samþjöppun á eignarhaldi og íslenskt lagaumhverfi samræmt við erlent regluverk. Því leggur nefndin til að framvegis gildi aðeins ein almenn regla um yfirtökumörk og tengsl aðila en jafnframt hafi þeir sem ekki uppfylla skilyrði laganna rúman tíma til að laga sig að breyttu regluverki, eða allt að þrjú ár. Að lokum leggur nefndin til viðbót við frumvarpið um heimild Fjármálaeftirlitsins til gjaldtöku þegar tilboðsgjafi eða tilboðshafi óskar eftir því að stofnunin endurskoði tilboðsverð og kostnaður fellur til hjá stofnuninni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Birgir Ármannsson, Höskuldur Þórhallsson og Árni M. Mathiesen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. mars 2009.

Álfheiður Ingadóttir, form., frsm.	Gunnar Svavarsson.	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Birkir J. Jónsson.	Jón Magnússon.

690. Breytingartillögur [53. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Orðin „sbr. 5. mgr. 104. gr.“ í 1. málsl. 3. efnismgr. falli brott.
2. Við 2. gr. Í stað hlutfallstölunnar „33%“ í 1. og 2. tölul. a-liðar komi: 30%.
3. Við 5. gr. Orðin „eða er skyldugur til“ í 1. efnismgr. falli brott.
4. Við 6. gr. Við bætist nýr stafliður er orðist svo: Á eftir 1. málsl. 8. mgr. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Óski tilboðsgjafi eða tilboðshafi eftir því að Fjármálaeftirlitið endurskoði tilboðsverð skal tilboðsgjafi eða útgefandi standa straum af kostnaði sem hlýst vegna verðmats skv. 1. málsl. Sé um að ræða kostnað sem til fellur hjá Fjármálaeftirlitinu skal greitt samkvæmt gjaldskrá sem samþykkt er af stjórn þess og birt í Stjórnartíðindum. Sé verðmat framkvæmt af utanaðkomandi matsaðila ber tilboðsgjafa eða útgefanda að greiða fyrir verðmatið samkvæmt reikningi matsaðila.
5. Við 9. gr.
   a. Við 1. efnismálsl. a-liðar bætist: enda sé um að ræða viðskipti vegna samþykkis yfirtökutilboðs.

b. Á eftir 1. efnismálsl. a-liðar komi nýr málsliður, svohljóðandi: Undanþágan gildir ekki sé um að ræða viðskipti við annan aðila en þann sem lagði fram yfirtökutilboðið.
c. Í stað orðsins „Ekki“ í 2. efnismálsl. b-liðar komi: Einungis.

6. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Nú átti eigandi hlutafjár a.m.k. 30% atkvæðisréttar í félagi sem hefur fjármálagerninga tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði fyrir 1. apríl 2009 og hefur hann þá tíma til 31. mars 2011 að fullnægja tilboðsskyldu sinni eða draga svo úr hlutafjáreign sinni að hann fari niður fyrir yfirtökumörk. Auki hann við hlut sinn á tímabilinu gilda reglur laganna um tilboðsskyldu. Sami tímafrestur gildir hafi aðili farið með yfirráð í félagi á grundvelli samstarfs skv. 100. gr. laganna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að framlengja tímafresti 1. málsl. þessa ákvæðis, tvisvar sinnum í 6 mánuði í senn ef aðstæður á markaði leiða til þess að ósanngjarnt er að krefjast þess að aðili selji sig niður fyrir yfirtökumörk innan tímamarkanna.

691. Frumvarp til laga [407. mál]

um breyting á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „14%“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: 20%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem fengið hafa endurgreiðsluvilyrði fyrir gildistöku laga þessara eiga þess kost að sækja aftur um endurgreiðsluvilyrði eftir að endurgreiðsluhlutfallið hefur verið hækkað enda sé framleiðsla kvikmyndar eða sjónvarpsefnis ekki hafin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, með síðari breytingum (endurgreiðslulögin). Markmið þeirra breytinga sem hér eru lagðar fram er að jafna samkeppnisstöðu íslensks kvikmyndaiðnaðar gagnvart sambærilegri starfsemi í öðrum ríkjum, ekki síst öðrum Evrópuríkjum, t.d. Írlandi. Með frumvarpinu er einungis lögð til ein breyting og hún er sú að endurgreiðsluhlutfallið hækki úr 14% í 20%.

II. Núverandi fyrirkomulag og nýlegar breytingar.

Samkvæmt gildandi endurgreiðslulögum er heimilt að greiða úr ríkissjóði 14% framleiðslukostnaðar sem til fellur við framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis hér á landi samkvæmt nánari skilyrðum laganna og reglugerðar sem sett hefur verið á grundvelli þeirra. Iðnaðarráðherra tekur ákvörðun um hvort veitt skuli vilyrði til endurgreiðslu að fenginni tillögu fjögurra manna nefndar sem fer yfir endurgreiðsluumsóknir. Lögin eru tímabundin og gilda til 31. desember 2011.

Endurgreiðslulögunum var síðast breytt með lögum nr. 159/2006 sem tóku gildi 31. desember 2006. Sú lagabreyting átti sér nokkurn aðdraganda og m.a. skipaði iðnaðarráðherra nefnd sem hafði það hlutverk að undirbúa ákvörðun um það hvort leggja skyldi til að gildistími endurgreiðslulaganna yrði framlengdur. Nefndin var skipuð fulltrúum frá iðnaðar-, fjármála- og menntamálaráðuneyti og Kvikmyndamiðstöð Íslands. Nefndin fékk Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til að skoða áhrif laganna á íslenskan kvikmyndaiðnað í ljósi þeirra fjárhæða sem ríkisvaldið hefur lagt fram til að styrkja greinina. Að beiðni nefndarinnar var í skýrslu Hagfræðistofnunar reynt að meta efnahagsleg áhrif laganna og áhrif þeirra á ríkissjóð. Í skýrslunni segir m.a. að ríkissjóður beri að öllum líkindum ekki byrði vegna endurgreiðslnanna og er þar horft til þess að skatttekjur ríkissjóðs vegna kvikmyndagerðar eru hærri en nemur endurgreiðslunum. Nefndin lagði til nokkrar breytingar er lutu að framkvæmd endurgreiðslnanna og að endurgreiðslulögin yrðu framlengd um fimm ár. Í framhaldinu lagði iðnaðarráðherra fram frumvarp á Alþingi sem var í samræmi við tillögur nefndarinnar. Við meðferð frumvarpsins á Alþingi var gerð sú breyting á frumvarpinu að endurgreiðsluhlutfallið var hækkað úr 12% í 14%.

Vonir voru bundnar við það að hækkun endurgreiðsluhlutfallsins mundi laða að fleiri erlend kvikmyndaverkefni. Skemmst er frá því að segja að erlendum verkefnum hefur ekki fjölgað frá því að umrædd breyting tók gildi 31. desember 2006. Þau erlendu verkefni sem fengið hafa endurgreiðslu frá því að lagabreytingin tók gildi eru fá og ekki stór í sniðum.

Í töflunni hér á eftir er samantekt á fjárhæðum og fjölda þeirra verkefna sem hlotið hafa endurgreiðslu samkvæmt lögunum, skipt niður á ár frá gildistöku endurgreiðslulaganna. Mikill fjöldi endurgreiðslna á árinu 2008 skýrist af grósku í innlendri kvikmyndagerð en það ár var endurgreitt vegna sjö íslenskra kvikmynda. Aðrar endurgreiðslur á árinu 2008 eru vegna sjónvarpsefnis og þar af eru einungis tvö erlend verkefni.

Ár	Fjöldi styrkja	Heildarupphæð í millj. kr.
2001	2	13.144
2002	8	81.771
2003	9	42.750
2004	7	94.269
2005	9	307.080
2006	5	165.156
2007	7	187.072
2008	12	89.524
Samtals	**59**	**980.776**

III. Gildandi réttur á Evrópska efnahagssvæðinu.

Endurgreiðslukerfi eins og það sem íslensku endurgreiðslulögin fela í sér telst ríkisstyrkur samkvæmt þeim reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Almennt er veiting ríkisstyrkja ekki leyfð samkvæmt EES-samningnum. Hins vegar er í 61.– 63. gr. samningsins að finna undanþágur frá þessari reglu. Hvað kvikmyndaframleiðslu varðar hefur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) almennt talið að hægt sé að veita þeim er framleiða kvikmyndir ákveðna undanþágu, m.a. á grundvelli 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins að því marki að slíkt breyti ekki viðskipta- og samkeppnisskilyrðum í bandalaginu með þeim hætti að það fari í bága við sameiginlega hagsmuni. Einnig er höfð hliðsjón af reglum framkvæmdastjórnar ESB sem innihalda mælikvarða varðandi greiðslu á styrkjum. Framkvæmdastjórn ESB hefur sett sérstakan mælikvarða við mat á ríkisaðstoð til kvikmyndaframleiðslu og skal hann gilda til ársins 2012. Í honum felst meðal annars að umfang ríkisaðstoðarinnar sé takmarkað við 50% af heildarframleiðslukostnaði og hafi það að markmiði að styrkja viðskiptafrumkvæði og koma í veg fyrir samkeppni milli ríkja. Þó er kostnaðarlítil og erfið framleiðsla undanskilin þessu skilyrði en aðildarríkjum er í sjálfsvald sett hvernig þau skilgreina slíka framleiðslu.

Nokkur ríki á Evrópska efnahagssvæðinu hafa sett sér reglur um styrki vegna kvikmyndaframleiðslu. Reglurnar eru nokkuð mismunandi milli landa sem gerir samanburð erfiðan. Alþjóðasamtök kvikmyndamiðstöðva (AFCI) og einkafyrirtæki í Bretlandi hafa útbúið sérstakar vefsíður þar sem hægt er að gera samanburð milli landa til að auðvelda kvikmyndafyrirtækjum að velja heppilega tökustaði út frá ívilnunum (sjá þessar vefsíður: http://www.afci.org og http://thelocationguide.com). Sem dæmi má nefna að á Írlandi hafa verið settar einstaklega ítarlegar reglur um veitingu styrkja. Kvikmyndaverkefni geta öðlast styrk fyrir allt að 28% af útgjöldum sem stofnast hafa á Írlandi, að gefnu samþykki Evrópusambandsins. Þetta fyrirkomulag hefur verið tryggt til ársins 2012 og stendur til boða bæði fyrir kvikmyndagerð og gerð sjónvarpsþátta. Það skilyrði er sett við veitingu styrks að um sé að ræða fyrirtæki sem skráð er á Írlandi eða erlent framleiðslufyrirtæki sem er í samstarfi við sjálfstæðan írskan framleiðanda.

Í Noregi hefur um nokkurt skeið verið áformað að ráðast í tilraunaverkefni af hálfu norska ríkisins sem felur í sér styrkjakerfi fyrir erlenda kvikmyndaframleiðslu. Áætlað er að styrkurinn verði 15% af þeim kostnaði sem orðið hefur til í Noregi. Líkt og hér á landi er gert ráð fyrir að bæði framleiðsla kvikmynda og sjónvarpsþátta geti átt rétt á umræddum styrk og verður framleiðslan að stuðla að kynningu á norskri menningu, sögu og náttúru. Styrkurinn er einnig háður því að norskur framleiðandi sé tengdur verkefninu og að um sé að ræða sjálfstæða framleiðslu.

Í ýmsum fylkjum í Bandaríkjunum, á Nýja-Sjálandi og Nýfundnalandi, svo að dæmi séu tekin, eru ívilnanakerfi þar sem endurgreiðsluhlutfallið er hátt eða á bilinu 15–55%. Kerfin eru þó mismunandi, m.a. hvað skilyrði fyrir endurgreiðslu varðar. Þar sem Ísland er aðili að EES-samningnum og bundið af þeim reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um ríkisstyrki er ekki raunhæft að Ísland geti keppt við sum þessara kerfa.

IV. Samantekt.

Töluvert mikil samkeppni er á milli landa, fylkja og borga um allan heim, um að fá erlenda framleiðendur til að taka upp kvikmyndir, sjónvarpsefni og fleira myndefni, svo sem auglýsingar og tónlistarmyndbönd. Fyrir þessu eru nokkrar ástæður en þær helstu eru að verkefni af þessum toga eru atvinnuskapandi, gjaldeyrisskapandi og landið öðlast kynningu erlendis sem getur skilað sér í jákvæðari ímynd og hugsanlega auknum fjölda ferðamanna

ef vel tekst til. Samkvæmt upplýsingum frá fjárfestingastofu eru helstu samkeppnislönd Íslands á þessu sviði þau lönd sem bjóða upp á svipaðar aðstæður og finnast hér á landi, þá helst snjó, jökla, græn tún og dali, mikla víðáttu án þess að það séu mannvirki í bakgrunni, ár, fossar, vötn, firðir og svartur sandur svo eitthvað sé nefnt. Fleiri atriði hafa þó áhrif eins og ívilnunarkerfi viðkomandi lands sem og verð og framboð á aðföngum og þjónustu.

Óhætt er að fullyrða að íslenska kvikmyndaendurgreiðslukerfið hefur það umfram ýmis önnur kerfi að vera einfalt í sniðum. Þá hefur kerfið einnig þann kost fyrir erlenda aðila að ekki er gerð krafa um að íslenskur aðili sé tengdur verkefninu. Samkvæmt þeim upplýsingum sem iðnaðarráðuneytið hefur eru íslenskir aðilar þó alltaf tengdir verkefnunum með einum eða öðrum hætti. Mikil þekking á kvikmyndagerð og þjónustu henni tengdri hefur skapast á Íslandi á undanförnum árum. Í þessu felast verðmæti sem ásamt íslenskri náttúru eiga að geta skapað sóknarfæri á sviði kvikmyndagerðar. Þrátt fyrir þetta hafa erlendir kvikmyndaframleiðendur ekki sótt til Íslands nema í mjög takmörkuðum mæli undanfarin ár. Það er álit margra sem að kvikmyndaiðnaðinum standa að þessu megi breyta með hækkun endurgreiðsluhlutfalls samkvæmt endurgreiðslulögunum. Fyrir liggur að hækkun hlutfallsins úr 12% í 14% á árinu 2006 skilaði sér ekki í fjölgun erlendra verkefna. Samanburður við ýmis önnur lönd bendir til þess að endurgreiðsluhlutfallið hér á landi sé of lágt og með hliðsjón af því er lagt til að hlutfallið verði hækkað verulega eða í 20%.

Í samræmi við 61. gr. EES-samningsins verður Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) tilkynnt um þá breytingu sem fyrirhuguð er á endurgreiðslulögunum, með sama hætti og áður hefur verið gert.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að endurgreiðsluhlutfall samkvæmt lögum nr. 43/1999 verði hækkað úr 14% í 20%. Ekki er um aðrar breytingar á lögunum að ræða. Þannig er t.d. óbreytt að samanlagður styrkur úr Kvikmyndasjóði Íslands og heildarfjárhæð endurgreiðslu samkvæmt endurgreiðslulögunum skal ekki fara yfir 50% af heildarframleiðslukostnaði sömu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Sambærilegt bráðabirgðaákvæði var með síðustu breytingu sem gerð var á endurgreiðslulögunum með lögum nr. 159/2006. Samkvæmt ákvæðinu gefst þeim kvikmyndaframleiðendum sem nýlega hafa fengið vilyrði samkvæmt eldri lögum kostur á að sækja um aftur og fá vilyrði fyrir hærri endurgreiðslu. Skilyrði þessa er þó að framleiðsla kvikmyndar eða sjónvarpsefnis sé ekki hafin þegar sótt er um aftur um vilyrði.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að hlutfall framleiðslukostnaðar vegna kvikmyndagerðar á Íslandi sem heimilt er að endurgreiða úr ríkissjóði verði hækkað úr 14% í 20%. Auk þess er gert ráð fyrir í ákvæði til bráðabirgða að þeir sem fengið hafa vilyrði fyrir endurgreiðslu fyrir gildistöku laga þessara eigi þess kost að sækja um aftur eftir að endurgreiðsluhlutfallið hefur verið hækkað enda sé framleiðsla kvikmyndar eða sjónvarpsefnis ekki hafin. Markmið þessara breytinga er að jafna samkeppnisstöðu íslensks kvikmyndaiðnaðar gagnvart sambærilegri starfsemi í sumum öðrum ríkjum og laða að fleiri erlend verkefni. Sú styrking á samkeppnisstöðunni kæmi til viðbótar áhrifunum af um 65% lækkun á íslensku krónunni sem orðið hefur undanfarin tvö ár.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að hækka þurfi fjárheimild til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi að jafnaði um 32 m.kr. á ári eða úr 125 m.kr. í 157 m.kr. Er þá reiknað með að umfang kvikmyndaframleiðslu á Íslandi verði svipað á næstu árum og það hefur verið frá árinu 2006 en ef umfangið eykst má búast við því að endurgreiðslurnar hækki að sama skapi. Ekki er gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum í fjárlögum ársins 2009 né í áætluðum útgjöldum næstu fjögur árin. Að einhverju marki gætu komið skatttekjur af framleiðslunni á móti en vegna mikils halla á ríkissjóði mun að óbreyttu þurfa að fjármagna viðbótarútgjöld með lántökum.

692. Frumvarp til lokafjárlaga [408. mál]

fyrir árið 2007.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fjárheimildum árið 2007 vegna frávika ríkistekna frá áætlun fjárlaga, sbr. sundurliðun 1:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins	0,3	0,3
Forsætisráðuneyti	5,4	5,4
Menntamálaráðuneyti	247,2	307,6
Utanríkisráðuneyti	100,9	98,6
Landbúnaðarráðuneyti	578,2	509,2
Sjávarútvegsráðuneyti	-52,8	-56,3
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	96,5	89,2
Félagsmálaráðuneyti	-106,1	-99,5
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	-25,8	-42,4
Fjármálaráðuneyti	381,3	198,3
Samgönguráðuneyti	277,3	321,6
Iðnaðarráðuneyti	156,4	162,7
Viðskiptaráðuneyti	27,1	19,0
Hagstofa Íslands	-0,1	3,0
Umhverfisráðuneyti	431,9	421,2
Vaxtagjöld ríkissjóðs	0,0	0,0
Samtals	**2.117,7**	**1.937,9**

Niðurfelld staða fjárveitinga í A-hluta

2. gr.

Eftirfarandi afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 2007 falla niður, sbr. sundurliðun 2:

m.kr.	Rekstrar-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Æðsta stjórn ríkisins	-9,7	-9,7
Forsætisráðuneyti	6,7	6,7
Menntamálaráðuneyti	-252,5	-252,5
Utanríkisráðuneyti	-13,0	-13,0
Landbúnaðarráðuneyti	-80,7	-80,7
Sjávarútvegsráðuneyti	-17,1	-17,1
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	-321,0	-321,0
Félagsmálaráðuneyti	-129,9	-129,9
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	5.615,5	5.615,5
Fjármálaráðuneyti	-12.222,4	1.189,8
Samgönguráðuneyti	721,0	721,0
Iðnaðarráðuneyti	74,3	74,3
Viðskiptaráðuneyti	0,0	0,0
Hagstofa Íslands	0,0	0,0
Umhverfisráðuneyti	-13,1	-13,1
Vaxtagjöld ríkissjóðs	-412,8	0,0
Samtals	**-7.054,7**	**6.770,3**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og er ríkisreikningur fyrir árið 2007 þar með staðfestur, sbr. 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

Sundurliðun 1

Fjárveitingar í A-hluta vegna frávika ríkistekna

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-201 Alþingi

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.06 Almennur rekstur	0,3
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	0,3

00 Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur	**0,3**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**0,3**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

01 Forsætisráðuneyti

01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

	m.kr.
Almennur rekstur:	
1.01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	5,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	5,4

01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**5,4**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**5,4**
Viðskiptahreyfingar	**0,0**

m.kr.

02 Menntamálaráðuneyti

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Háskóli Íslands 26,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 26,6

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Almennur rekstur:
1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum 2,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,6
Viðskiptahreyfingar 2,0

02-210 Háskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Háskólinn á Akureyri 1,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,3

02-215 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Kennaraháskóli Íslands 1,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,3

02-301 Menntaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn í Reykjavík 0,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,4

m.kr.

02-302 Menntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn á Akureyri 0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,2

02-303 Menntaskólinn að Laugarvatni

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn að Laugarvatni . . . . . -0,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -0,3

02-304 Menntaskólinn við Hamrahlíð

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn við Hamrahlíð 10,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 10,1

02-305 Menntaskólinn við Sund

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn við Sund . . . . . -0,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -0,1

02-306 Menntaskólinn á Ísafirði

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn á Ísafirði 1,8

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,8

m.kr.

02-307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn á Egilsstöðum 0,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,7

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi

Almennur rekstur:
1.01 Menntaskólinn í Kópavogi 2,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 2,0

02-309 Kvennaskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Kvennaskólinn í Reykjavík 0,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,1

02-350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 34,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 34,4

02-351 Fjölbrautaskólinn Ármúla

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskólinn Ármúla 59,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 59,7

m.kr.

02-352 Flensborgarskóli

Almennur rekstur:
1.01 Flensborgarskóli 1,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,2

02-353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurnesja 9,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 9,7

02-354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Vesturlands 1,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,6

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 0,8

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,8

02-356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra 5,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 5,6

m.kr.

02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands 4,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 4,3

02-358 Verkmenntaskóli Austurlands

Almennur rekstur:
1.01 Verkmenntaskóli Austurlands 2,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 2,1

02-359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Almennur rekstur:
1.01 Verkmenntaskólinn á Akureyri 30,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 30,7

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ 18,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 18,3

02-361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu 2,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 2,0

m.kr.

02-362 Framhaldsskólinn á Húsavík

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn á Húsavík 1,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,3

02-363 Framhaldsskólinn á Laugum

Almennur rekstur:
1.01 Framhaldsskólinn á Laugum . . . . . -0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -0,2

02-365 Borgarholtsskóli

Almennur rekstur:
1.01 Borgarholtsskóli 7,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 7,5

02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Almennur rekstur:
1.01 Fjölbrautaskóli Snæfellinga 4,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 4,0

02-514 Iðnskólinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Iðnskólinn í Reykjavík 19,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 19,9

m.kr.

02-516 Iðnskólinn í Hafnarfirði

Almennur rekstur:
1.01 Iðnskólinn í Hafnarfirði 1,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,0

02-971 Ríkisútvarpið

Almennur rekstur:
1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld . . . . . -21,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 43,3
Viðskiptahreyfingar . . . . . -64,8

02-977 Höfundarréttargjöld

Almennur rekstur:
1.11 Höfundaréttargjöld til samtaka höfundaréttarfélaga 9,6
1.13 Fylgiréttargjald í Myndhöfundarsjóð Íslands - Myndstef 7,9
1.15 Höfundarréttargjald vegna flutnings tónverka við jarðarfarir 0,6
Almennur rekstur samtals 18,1

Gjöld samtals **18,1**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 15,7
Viðskiptahreyfingar 2,4

02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur **247,2**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Innheimt af ríkistekjum **307,6**
Viðskiptahreyfingar . . . . . **-60,4**

m.kr.

03 Utanríkisráðuneyti

03-211 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:	
1.10 Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	106,8
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	106,8

03-611 Útflutningsráð Íslands

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands	-5,9
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-8,2
Viðskiptahreyfingar	2,3

03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**100,9**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**98,6**
Viðskiptahreyfingar	**2,3**

m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

04-234 Landbúnaðarstofnun

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarstofnun ..... -6,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -7,2
Viðskiptahreyfingar 1,0

04-262 Landbúnaðarháskóli Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands 9,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 9,6

04-271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal

Almennur rekstur:
1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal 1,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,9

04-311 Landgræðsla ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Landgræðsla ríkisins 2,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 2,7

04-321 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Skógrækt ríkisins 1,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,6

m.kr.

04-818 Búnaðarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Búnaðarsjóður 14,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 9,3
Viðskiptahreyfingar 5,3

04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara

Almennur rekstur:
1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara 3,8
1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk 12,5
Almennur rekstur samtals 16,3

Gjöld samtals **16,3**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 25,6
Viðskiptahreyfingar ..... -9,3

04-827 Fóðursjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fóðursjóður 317,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 245,1
Viðskiptahreyfingar 72,5

04-831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Stofnkostnaður:
6.20 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins 214,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 215,2
Viðskiptahreyfingar ..... -0,5

m.kr.

04-843 Fiskræktarsjóður

Almennur rekstur:
1.10 Fiskræktarsjóður 5,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 5,4

04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur **578,2**
Greitt úr ríkissjóði **0,0**
Innheimt af ríkistekjum **509,2**
Viðskiptahreyfingar **69,0**

m.kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

05-204 Fiskistofa

Almennur rekstur:
1.01 Fiskistofa ..... -27,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -25,5
Viðskiptahreyfingar ..... -2,4

05-207 Verkefnasjóður sjávarútvegsins

Almennur rekstur:
1.10 Verkefnasjóður sjávarútvegsins ..... -24,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum ..... -30,8
Viðskiptahreyfingar 5,9

05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... -52,8
Greitt úr ríkissjóði 0,0
Innheimt af ríkistekjum ..... -56,3
Viðskiptahreyfingar 3,5

m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

06-102 Stjórnartíðindi

Almennur rekstur:
1.01 Stjórnartíðindi 23,7

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 20,8
Viðskiptahreyfingar 2,9

06-106 Þjóðskrá

Almennur rekstur:
1.01 Þjóðskrá 23,0

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 23,0

06-190 Ýmis verkefni

Almennur rekstur:
1.10 Fastanefndir ..... -1,9
1.24 Eftirlitsnefnd félags fasteignasala 8,3
Almennur rekstur samtals 6,4

Gjöld samtals **6,4**

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 6,4

06-303 Ríkislögreglustjóri

Almennur rekstur:
1.01 Ríkislögreglustjóri 0,2

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,1
Viðskiptahreyfingar 0,1

m.kr.

06-310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Almennur rekstur:
1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu 0,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 0,4

06-312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Almennur rekstur:
1.40 Tollgæsla 40,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 33,9
Viðskiptahreyfingar 6,4

06-395 Landhelgisgæsla Íslands

Almennur rekstur:
1.90 Landhelgisgæsla Íslands 1,4

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 1,4

06-430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:
1.05 Lögbirtingablað 1,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 3,2
Viðskiptahreyfingar . . . . . -2,1

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur 96,5
Greitt úr ríkissjóði 0,0
Innheimt af ríkistekjum 89,2
Viðskiptahreyfingar 7,3

m.kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

07-331 Vinnueftirlit ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Vinnueftirlit ríkisins 63,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 70,2
Viðskiptahreyfingar . . . . . -6,6

07-982 Ábyrgðasjóður launa

Almennur rekstur:
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota . . . . . -35,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -35,3

07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður

Almennur rekstur:
1.11 Atvinnuleysisbætur . . . . . -88,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -88,3

07-989 Fæðingarorlof

Almennur rekstur:
1.11 Fæðingarorlofssjóður . . . . . -46,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -46,1

07 Félagsmálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur . . . . . -106,1
Greitt úr ríkissjóði 0,0
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -99,5
Viðskiptahreyfingar . . . . . -6,6

m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

08-208 Slysatryggingar

Almennur rekstur:	
1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna	-107,9
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-101,8
Viðskiptahreyfingar	-6,1

08-301 Landlæknir

Almennur rekstur:	
1.01 Landlæknir	-2,0
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	-2,0

08-305 Lýðheilsustöð

Almennur rekstur:	
1.90 Forvarnasjóður	1,9
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	1,8
Viðskiptahreyfingar	0,1

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:	
1.01 Geislavarnir ríkisins	3,4
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	4,0
Viðskiptahreyfingar	-0,6

08-373 Landspítali - háskólasjúkrahús

Almennur rekstur:	
1.01 Landspítali - háskólasjúkrahús	31,7

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	31,7
08-397 Lyfjastofnun	
Almennur rekstur:	
1.01 Lyfjastofnun	47,1
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	23,9
Viðskiptahreyfingar	23,2
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**-25,8**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**-42,4**
Viðskiptahreyfingar	**16,6**

m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

09-201 Ríkisskattstjóri

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 48,5

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 55,4
Viðskiptahreyfingar . . . . . -6,9

09-250 Innheimtukostnaður

Almennur rekstur:
1.10 Ýmis innheimtukostnaður 4,1

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 4,1

09-262 Tollstjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:
1.01 Tollstjórinn í Reykjavík 35,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 35,6

09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

Almennur rekstur:
1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða 89,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -28,7
Viðskiptahreyfingar 118,6

09-402 Fasteignamat ríkisins

Almennur rekstur:
1.01 Fasteignamat ríkisins 169,0

	m.kr.
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	118,1
Viðskiptahreyfingar	50,9
09-984 Fasteignir ríkissjóðs	
Almennur rekstur:	
1.11 Rekstur fasteigna	34,2
Fjármögnun:	
Innheimt af ríkistekjum	13,8
Viðskiptahreyfingar	20,4
09 Fjármálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur	**381,3**
Greitt úr ríkissjóði	**0,0**
Innheimt af ríkistekjum	**198,3**
Viðskiptahreyfingar	**183,0**

m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

10-211 Rekstur Vegagerðarinnar

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur 5,6

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 5,6

10-251 Umferðarstofa

Almennur rekstur:
1.01 Umferðarstofa . . . . . -1,3

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum . . . . . -1,3

10-335 Siglingastofnun Íslands

Almennur rekstur:
1.01 Almennur rekstur . . . . . -1,9

Fjármögnun:
Innheimt af ríkistekjum 2,9
Viðskiptahreyfingar . . . . . -4,8

10-471 Flugmálastjórn Íslands

Almennur rekstur:
12-101	**Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa**	**14,0**	**129,2**	**38,6**	**-8,3**		**173,5**	**161,8**	**11,7**
101-1.01	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	14,0	129,2	38,6	-8,3		173,5	161,8	11,7
12-190	**Ýmis verkefni**	**20,2**	**44,2**		**-3,0**	**0,9**	**62,3**	**43,5**	**18,8**
190-1.10	Neytendasamtökin	0,1	8,5				8,6	8,5	0,1
190-1.15	Fastanefndir	11,4	11,9				23,3	14,5	8,8
190-1.20	Icepro-nefnd	1,8	6,6			0,9	9,3	6,7	2,6
190-1.90	Ýmis viðskipta- og bankamál	6,9	17,2		-3,0		21,1	13,8	7,3

Uppruni fjárheimilda ársins 2007, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
12-199	**Ráðstöfunarfé**		**3,0**				**3,0**		**3,0**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		3,0				3,0		3,0
12-402	**Fjármálaeftirlitið**	**48,6**	**597,1**			**5,5**	**651,2**	**563,8**	**87,4**
402-1.01	Fjármálaeftirlitið	48,6	597,1			5,5	651,2	563,8	87,4
12-411	**Samkeppniseftirlitið**	**38,2**	**212,7**	**10,0**	**0,4**		**261,3**	**257,8**	**3,5**
411-1.01	Samkeppniseftirlitið	38,2	212,7	10,0	0,4		261,3	257,8	3,5
12-421	**Neytendastofa**	**142,2**	**248,1**		**0,6**	**48,2**	**439,1**	**287,4**	**151,7**
421-1.01	Neytendastofa	142,2	248,1		0,6	48,2	439,1	287,4	151,7
12-425	**Talsmaður neytenda**	**0,6**	**18,2**		**3,0**		**21,8**	**20,8**	**1,0**
425-1.01	Talsmaður neytenda	0,6	18,2		3,0		21,8	20,8	1,0
12-811	**Flutningssjóður olíuvara**		**401,0**			**-27,5**	**373,5**	**373,5**	
811-1.10	Flutningssjóður olíuvara		401,0			-27,5	373,5	373,5	
12-999	**Ýmis viðskiptamál**		**15,4**				**15,4**	**15,2**	**0,2**
999-1.10	Fjárfestingarstofan, almennt svið		15,4				15,4	15,2	0,2
13 Hagstofa Íslands		***-14,4***	***595,3***	***30,0***	***1,5***	***-0,1***	***612,3***	***628,0***	***-15,7***
13-101	**Hagstofa Íslands**	**-14,4**	**595,3**	**30,0**	**1,5**	**-0,1**	**612,3**	**628,0**	**-15,7**
101-1.01	Hagstofa Íslands	-14,4	595,3	30,0	1,5		612,4	628,0	-15,6
101-1.50	Þjóðskráin					-0,1	-0,1		-0,1

Uppruni fjárheimilda ársins 2007, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjáraukalög	Millifært	Lokafjárlög	Alls heimildir	Reikningur	Staða í árslok
14	*Umhverfisráðuneyti*	*1.944,5*	*4.950,8*	*64,0*	*17,5*	*431,9*	*7.408,7*	*5.269,8*	*2.138,9*
14-101	**Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa**	**23,1**	**277,1**	**11,4**	**0,5**		**312,1**	**271,0**	**41,1**
101-1.01	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	23,1	277,1	11,4	0,5		312,1	271,0	41,1
14-190	**Ýmis verkefni**	**140,6**	**295,4**	**8,0**	**14,9**		**458,9**	**263,5**	**195,4**
190-1.10	Fastanefndir	-5,2	8,8		13,8		17,4	14,1	3,3
190-1.12	Samvinnunefnd um miðhálendið	-0,3	11,6				11,3	10,5	0,8
190-1.29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	-5,6	19,5				13,9	17,5	-3,6
190-1.35	Umhverfisvöktun	13,6	28,0				41,6	27,2	14,4
190-1.36	Rannsóknir og útrýming á mink	62,2	48,3				110,5	5,4	105,1
190-1.40	Alþjóðastofnanir		17,7				17,7	20,9	-3,2
190-1.41	Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlæg	0,9	9,9		-0,9		9,9	10,2	-0,3
190-1.42	Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mei	-0,9	9,8		0,9		9,8	10,3	-0,5
190-1.51	Þjóðgarður Vatnajökuls, undirbúningur		6,8				6,8	1,2	5,6
190-1.54	Rannsóknastöð að Kvískerjum	0,6	1,1				1,7	1,1	0,6
190-1.56	Vernd Breiðafjarðar	2,2	7,8				10,0	8,1	1,9
190-1.61	Úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál	10,5	33,1	8,0			51,6	41,8	9,8
190-1.90	Ýmis verkefni	4,0	19,0				23,0	17,0	6,0
190-1.98	Ýmis framlög umhverfisráðuneytis	58,6	74,0		1,1		133,7	78,2	55,5
14-199	**Ráðstöfunarfé**		**5,0**				**5,0**		**5,0**
199-1.10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra		5,0				5,0		5,0
14-202	**Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn**	**-0,5**	**14,2**		**0,2**		**13,9**	**14,4**	**-0,5**
202-1.01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	-0,5	14,2		0,2		13,9	14,4	-0,5
14-211	**Umhverfisstofnun**	**37,2**	**667,4**	**27,6**	**0,3**	**85,6**	**818,1**	**763,6**	**54,5**
211-1.01	Umhverfisstofnun	-69,6	593,8	123,6	0,3	85,6	733,7	717,3	16,4

Uppruni fjárheimilda ársins 2007, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
211-1.11	Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref o	9,9	34,6				44,5	29,1	15,4
211-5.41	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	96,9	39,0	-96,0			39,9	17,2	22,7
14-212	**Vatnajökulsþjóðgarður**		**119,0**				**119,0**	**64,5**	**54,5**
212-1.01	Vatnajökulsþjóðgarður		69,0				69,0	15,2	53,8
212-6.41	Framkvæmdir		50,0				50,0	49,3	0,7
14-281	**Styrkir til fráveitna sveitarfélaga**		**190,0**				**190,0**	**174,3**	**15,7**
281-6.51	Styrkir til fráveitna sveitarfélaga		190,0				190,0	174,3	15,7
14-287	**Úrvinnslusjóður**	**1.018,0**	**880,0**	**-160,0**		**11,3**	**1.749,3**	**744,5**	**1.004,8**
287-1.01	Almennur rekstur	140,4	55,0			3,1	198,5	-68,6	267,1
287-1.10	Úrvinnslusjóður	877,6	825,0	-160,0		8,2	1.550,8	813,1	737,7
14-289	**Endurvinnslan hf.**		**840,0**			**323,2**	**1.163,2**	**1.163,2**	
289-1.10	Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun		840,0			323,2	1.163,2	1.163,2	
14-301	**Skipulagsstofnun**	**-0,8**	**145,9**		**0,5**		**145,6**	**159,8**	**-14,2**
301-1.01	Skipulagsstofnun	-0,8	145,9		0,5		145,6	159,8	-14,2
14-303	**Skipulagsmál sveitarfélaga**	**58,1**	**127,5**				**185,6**	**159,9**	**25,7**
303-1.11	Endurgreiðslur skipulagsgjalds til sveitarfélaga sem	17,5	82,5				100,0	125,6	-25,6
303-1.13	Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við s	40,6	45,0				85,6	34,3	51,3
14-310	**Landmælingar Íslands**	**31,4**	**214,2**		**0,3**	**11,8**	**257,7**	**240,6**	**17,1**
310-1.01	Landmælingar Íslands	31,4	214,2		0,3	11,8	257,7	240,6	17,1
14-321	**Brunamálastofnun ríkisins**	**87,8**	**120,1**				**207,9**	**207,2**	**0,7**
321-1.01	Brunamálastofnun ríkisins	87,8	120,1				207,9	207,2	0,7
14-381	**Ofanflóðasjóður**	**511,1**	**92,4**	**160,0**			**763,5**	**71,9**	**691,6**
381-1.01	Almennur rekstur	594,7	7,9				602,6	19,5	583,1
381-6.60	Ofanflóðasjóður	-83,6	84,5	160,0			160,9	52,4	108,5

Uppruni fjárheimilda ársins 2007, reikningsfærð gjöld og staða í árslok

		Flutt frá fyrra ári	Fjárlög	Fjár-aukalög	Milli-fært	Loka-fjárlög	Alls heimildir	Reikn-ingur	Staða í árslok
14-401	**Náttúrufræðistofnun Íslands**	**-22,7**	**255,7**	**9,0**	**10,2**		**252,2**	**273,7**	**-21,5**
401-1.01	Náttúrufræðistofnun Íslands	-22,7	255,7	6,0	10,2		249,2	270,5	-21,3
401-6.11	Bifreiðar			3,0			3,0	3,2	-0,2
14-403	**Náttúrustofur**	**0,2**	**110,6**				**110,8**	**110,6**	**0,2**
403-1.10	Náttúrustofa Neskaupstað	0,2	15,8				16,0	15,8	0,2
403-1.11	Náttúrustofa Vestmannaeyjum		15,8				15,8	15,8	
403-1.12	Náttúrustofa Bolungarvík		15,8				15,8	15,8	
403-1.13	Náttúrustofa Stykkishólmi		15,8				15,8	15,8	
403-1.14	Náttúrustofa Sauðárkróki		15,8				15,8	15,8	
403-1.15	Náttúrustofa Sandgerði		15,8				15,8	15,8	
403-1.16	Náttúrustofa Húsavík		15,8				15,8	15,8	
14-407	**Stofnun Vilhjálms Stefánssonar**	**-0,1**	**28,4**		**0,3**		**28,6**	**29,2**	**-0,6**
407-1.01	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	-0,1	28,4		0,3		28,6	29,2	-0,6
14-410	**Veðurstofa Íslands**	**51,1**	**567,9**	**8,0**	**0,3**		**627,3**	**557,9**	**69,4**
410-1.01	Almenn starfsemi	-7,5	525,2	5,0	0,3		523,0	547,9	-24,9
410-1.70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	3,2					3,2	-5,6	8,8
410-6.01	Tæki og búnaður	55,4	42,7				98,1	15,6	82,5
410-6.11	Bifreiðar			3,0			3,0		3,0
14-996	**Íslenska upplýsingasamfélagið**	**10,0**			**-10,0**				
996-6.51	Íslenska upplýsingasamfélagið	10,0			-10,0				
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs			***20.629,0***	***1.178,5***			***21.807,5***	***22.220,3***	***-412,8***
19-801	**Vaxtagjöld ríkissjóðs**		**20.629,0**	**1.178,5**			**21.807,5**	**22.220,3**	**-412,8**
801-1.10	Vaxtagjöld ríkissjóðs		20.629,0	1.178,5			21.807,5	22.220,3	-412,8

693. Frumvarp til laga [409. mál]

um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Í stað orðanna „þeim sem annast skiptastjórn þrotabús fjármálafyrirtækis“ í 3. mgr. 9. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 129/2008, kemur: bráðabirgðastjórn, slitastjórn við slitameðferð fjármálafyrirtækis eða skiptastjóra við gjaldþrotaskipti á búi þess.

2. gr.

Í stað tilvísunarinnar „103. gr.“ í niðurlagi 4. mgr. 63. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 130/2004, kemur: 103. gr. a.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 98. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Hafi fjármálafyrirtæki verið veitt heimild til greiðslustöðvunar er nægilegt að birta fundarboð skv. 2. mgr. 13. gr. og 5. mgr. 17. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. með auglýsingu sem birt er í að minnsta kosti tveimur dagblöðum hér á landi og í hverju þeirra ríkja þar sem útibú hafa verið rekin.

b. 4., 5. og 6. mgr., sbr. 2. gr. laga nr. 129/2008, falla brott.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum, sbr. 4. gr. laga nr. 129/2008, fellur brott.

5. gr.

100. gr. a laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Afhending fjármálafyrirtækis til bráðabirgðastjórnar.

Eigi fjármálafyrirtæki í þeim fjárhags- eða rekstrarerfiðleikum að líkur séu til að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar eða uppfyllt kröfur um lágmark eigin fjár getur stjórn þess upp á sitt eindæmi leitað eftir því við Fjármálaeftirlitið að það taki við ráðum yfir fyrirtækinu. Fjármálaeftirlitið skal án tafar taka afstöðu til slíkrar beiðni. Taki Fjármálaeftirlitið beiðnina til greina fellur úr gildi umboð stjórnar fjármálafyrirtækisins og verður jafnframt óvirkur réttur hluthafa eða stofnfjáreigenda til að taka ákvarðanir um málefni þess á grundvelli eignarhluta sinna. Um leið skal Fjármálaeftirlitið skipa fjármálafyrirtækinu bráðabirgðastjórn þriggja eða fimm manna sem fer ein með sömu heimildir að lögum og eftir samþykktum þess og stjórn og hluthafafundur eða fundur stofnfjáreigenda hefði ella haft á hendi, sbr. þó 4. tölul. 2. mgr. 101. gr.

Bráðabirgðastjórn skal svo fljótt sem verða má gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fá yfirsýn yfir fjárhag fjármálafyrirtækisins. Á meðan hún ræður yfir fyrirtækinu gilda sömu takmarkanir á heimildum til að beita fullnustugerðum og öðrum þvingunarúrræðum gagnvart því og ef það hefði fengið heimild til greiðslustöðvunar. Skal bráðabirgðastjórn því aðeins gera ráðstafanir um meiri háttar hagsmuni fyrirtækisins að brýna nauðsyn beri til.

Yfirráðum bráðabirgðastjórnar yfir fjármálafyrirtæki lýkur sjálfkrafa þegar liðnir eru þrír mánuðir frá skipun hennar nema:

1. bráðabirgðastjórn hafi þegar lagt fyrir héraðsdóm kröfu um að fyrirtækið verði tekið til slita skv. 3. tölul. 2. mgr. 101. gr., en hafi það verið gert stendur umboð hennar þar til afstaða hefur endanlega verið tekin til kröfunnar,
2. fyrirtækinu hafi verið veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings, en umboð bráðabirgðastjórnar stendur þá þar til einn mánuður er liðinn frá því að þeirri heimild lýkur, eða
3. bráðabirgðastjórn hafi áður með samþykki Fjármálaeftirlitsins haldið hluthafafund eða fund stofnfjáreigenda og fyrirtækinu þar verið kjörin ný stjórn til að leysa hana af hólmi.

Ljúki yfirráðum bráðabirgðastjórnar yfir fjármálafyrirtæki sjálfkrafa með því að starfstími hennar er á enda án þess að það hafi verið tekið til slita skal starfsleyfi þess afturkallað þá þegar hafi því ekki áður verið kjörin ný stjórn skv. 3. tölul. 3. mgr.

6. gr.

101. gr. laganna orðast, ásamt fyrirsögn:

Skilyrði og upphaf slitameðferðar.

Bú fjármálafyrirtækis verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum reglum.

Fjármálafyrirtæki skal tekið til slita:

1. eftir kröfu Fjármálaeftirlitsins hafi það afturkallað starfsleyfi fyrirtækisins eða synjað því um frest skv. 4. mgr. 86. gr. eða frestur samkvæmt því ákvæði er á enda án þess að fyrirtækið hafi aukið eigið fé sitt fram yfir það lágmark sem mælt er fyrir um í 84. gr.,
2. eftir kröfu Fjármálaeftirlitsins, stjórnar fyrirtækisins eða bráðabirgðastjórnar ef skylt er að slíta því samkvæmt samþykktum þess,
3. eftir kröfu stjórnar fyrirtækisins eða bráðabirgðastjórnar ef það getur ekki staðið í fullum skilum við lánardrottna sína þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga og ekki verður talið sennilegt að greiðsluörðugleikar þess muni líða hjá innan skamms tíma,
4. eftir kröfu stjórnar fyrirtækisins og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins ef ákveðið hefur verið að slíta því á hluthafafundi eða fundi stofnfjáreigenda, enda hafi tillaga um slit verið samþykkt þar með minnst 2/3 hlutum greiddra atkvæða og af hluthöfum eða stofnfjáreigendum sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár eða stofnfjár sem farið var með atkvæði fyrir á fundi.

Kröfu um slit fjármálafyrirtækis skal beint til héraðsdóms í því umdæmi þar sem það yrði sótt í einkamáli á heimilisvarnarþingi sínu. Krafan skal gerð úr garði og með hana farið fyrir dómi eins og kröfu um gjaldþrotaskipti.

Þegar dómsúrlausn hefur gengið um að fjármálafyrirtæki sé tekið til slita skipar héraðsdómari því slitastjórn sem í skulu sitja allt að fimm menn. Við skipun hennar tekur hún við þeim réttindum og skyldum sem stjórn fyrirtækisins og hluthafafundur eða fundur stofnfjáreigenda höfðu á hendi, sbr. þó 3. mgr. 103. gr. Að því leyti sem ekki er mælt fyrir á annan veg í lögum þessum gilda reglur um skiptastjóra við gjaldþrotaskipti um slitastjórn, störf hennar og þá menn sem eiga sæti í henni.

Við slit fjármálafyrirtækis skal frestdagur ákveðinn eftir sömu reglum og gilda við gjaldþrotaskipti, en þó þannig að hann getur jafnframt ráðist af þeim degi sem Fjármálaeftirlitið hefur veitt fyrirtækinu frest skv. 4. mgr. 86. gr. eða skipað því bráðabirgðastjórn skv. 100. gr. a eða ella af því að héraðsdómi berst krafa um slit skv. 2. mgr. ef ekkert hefur áður gerst til að marka frestdag.

7. gr.

102. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Meðferð krafna o.fl.

Við slit fjármálafyrirtækis gilda sömu reglur og við gjaldþrotaskipti um gagnkvæma samninga þess og kröfur á hendur því að öðru leyti en því að dómsúrskurður um að það sé tekið til slita leiðir ekki sjálfkrafa til þess að kröfur á hendur því falli í gjalddaga.

Þegar fjármálafyrirtæki hefur verið skipuð slitastjórn skal hún tafarlaust gefa út og fá birta í Lögbirtingablaði innköllun vegna slitanna. Um efni innköllunar, kröfulýsingarfrest og tilkynningar eða auglýsingar vegna erlendra kröfuhafa skal beitt sömu reglum og við gjaldþrotaskipti.

Við slit fjármálafyrirtækis gilda sömu reglur og um rétthæð krafna á hendur þrotabúi, en þó skulu kröfur um innstæður samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta jafnframt teljast til krafna sem njóta rétthæðar skv. 1. og 2. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Að því leyti sem rétthæð krafna getur ráðist samkvæmt þeim lögum af þeim tíma sem úrskurður er kveðinn upp um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta skal miða á sama hátt við úrskurð um að fjármálafyrirtæki sé tekið til slita.

Ákvæði XVIII. kafla og 5. þáttar laga um gjaldþrotaskipti o.fl. gilda um meðferð krafna á hendur fjármálafyrirtæki við slit þess, þar á meðal um áhrif þess að kröfu sé ekki lýst, en fundir slitastjórnar til að fjalla um viðurkenningu lýstra krafa nefnast kröfuhafafundir. Telji slitastjórn við lok kröfulýsingarfrests að líkur séu til að eignir fyrirtækisins nægi að fullu fyrir skuldum þess er henni að svo stöddu ekki skylt að taka afstöðu til þess hvar einstakar kröfur kunni að standa í réttindaröð.

Þegar kröfulýsingarfrestur er á enda skal slitastjórn leggja mat á hvort horfur séu á að eignir fjármálafyrirtækis nægi til að standa við skuldbindingar þess. Skýrsla um þetta mat skal lögð fram og kynnt á fyrsta kröfuhafafundi eftir lok kröfulýsingarfrests.

Að loknum fyrsta kröfuhafafundi eftir lok kröfulýsingarfrests er slitastjórn heimilt í einu lagi eða mörgu að greiða viðurkenndar kröfur að hluta eða að fullu að því marki sem tryggt er að eignir fjármálafyrirtækisins hrökkvi til að minnsta kosti jafnhárrar greiðslu allra annarra krafna sem standa eins í réttindaröð og ekki hefur endanlega verið hafnað við slitin. Þess skal þá gætt að allir kröfuhafar sem fara með viðurkenndar kröfur í sömu stöðu í réttindaröð fái greiðslu á sama tíma, en frá því má þó víkja með samþykki þeirra sem ekki fá greitt eða samkvæmt ákvörðun slitastjórnar ef kröfuhafi býðst til að gefa eftir kröfu sína gegn greiðslu hennar að hluta, sem víst má telja að sé lægri að tiltölu en aðrir jafnstæðir kröfuhafar munu fá á síðari stigum, þar á meðal að teknu tilliti til þess hvort kröfur þeirra beri vexti fram að greiðslu.

8. gr.

103. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Ráðstöfun hagsmuna fjármálafyrirtækis o.fl.

Við slit fjármálafyrirtækis ráðstafar slitastjórn hagsmunum þess eftir sömu reglum og gilda um bústjórn skiptastjóra við gjaldþrotaskipti með þeim frávikum sem leiðir af ákvæðum þessarar greinar. Rísi ágreiningur um slíkar ráðstafanir skal leyst úr honum eftir fyrirmælum laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Slitastjórn skal hafa að markmiði að fá sem mest fyrir eignir fjármálafyrirtækis, þar á meðal með því að bíða eftir þörfum efndatíma á útistandandi kröfum þess fremur en að koma þeim fyrr í verð, nema sýnt megi telja að hagsmunir kröfuhafa og eftir atvikum hluthafa eða

stofnfjáreigenda séu meiri af því að ráðstafa slíkum réttindum á fyrri stigum til að ljúka megi slitameðferð. Í þessum tilgangi er slitastjórn heimilt að virða að vettugi ályktun kröfuhafafundar sem hún telur andstæða þessu markmiði.

Slitastjórn skal boða til kröfuhafafundar í sama skyni og skiptastjóri heldur skiptafundi um bústjórn við gjaldþrotaskipti. Hafi slitastjórn komist að þeirri niðurstöðu í skýrslu skv. 5. mgr. 102. gr. að horfur séu á að eignir fjármálafyrirtækis muni nægja fyrir skuldbindingum þess skal slitastjórn samhliða kröfuhafafundum efna til funda með hluthöfum eða stofnfjáreigendum til að kanna hug þeirra um ráðstöfun hagsmuna þess.

Ef ekki er sýnt að eignir fjármálafyrirtækis muni nægja til að efna skuldbindingar þess að fullu má krefjast riftunar á ráðstöfunum þess eftir sömu reglum og gilda um riftun ráðstafana þrotamanns við gjaldþrotaskipti.

9. gr.

Á eftir 103. gr. laganna kemur ný grein, 103. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Lok slitameðferðar.

Hafi slitastjórn lokið greiðslu allra viðurkenndra krafna á hendur fjármálafyrirtæki og eftir atvikum tekið frá fé til greiðslu krafna sem ágreiningur stendur um og komið eignum þess eftir þörfum í verð lýkur hún slitameðferð með því annaðhvort:

1. að láta fyrirtækið aftur í hendur hluthafa eða stofnfjáreigenda ef fundur þeirra sem slitastjórn hefur boðað til hefur samþykkt með atkvæðum þeirra sem ráða yfir að minnsta kosti 2/3 hlutum hlutafjár eða stofnfjár að fyrirtækið taki upp starfsemi á ný og kjörin hefur verið ný stjórn til að taka við því úr höndum slitastjórnar, enda hafi Fjármálaeftirlitið veitt samþykki sitt til þess og fyrirtækið fullnægir öðrum skilyrðum laga til að hefja aftur starfsemi, eða
2. að greiða hluthöfum eða stofnfjáreigendum út eignarhlut þeirra af eftirstöðvum eigna samkvæmt frumvarpi til úthlutunar sem gert skal eftir ákvæðum XXII. kafla og 5. þáttar laga um gjaldþrotaskipti o.fl., en sé um sparisjóð að ræða skal þó eignum, sem standa eftir að lokinni greiðslu stofnfjárhluta, varið eftir samþykktum hans og er óheimilt að ráðstafa þeim til stofnfjáreigenda, sbr. 4. mgr. 63. gr.

Ljúka má slitameðferð samkvæmt því sem segir í 1. tölul. 1. mgr. þótt ekki sé lokið greiðslu allra viðurkenndra krafna ef þeir kröfuhafar sem hafa ekki enn fengið fullnustu samþykkja það.

Nægi eignir fjármálafyrirtækis ekki til fullrar greiðslu krafna sem ekki hefur endanlega verið hafnað við slitameðferð getur slitastjórn þegar hún telur tímabært leitað nauðasamnings til að ljúka henni. Skal slitastjórn þá gera frumvarp að nauðasamningi eftir reglum 36. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og boða til kröfuhafafundar til að bera það undir atkvæði. Eftir því sem átt getur við fara nauðasamningsumleitanir að öðru leyti eftir ákvæðum 2. mgr. 149. gr. og 151.–153. gr. sömu laga, en slitastjórn gegnir þá því hlutverki sem skiptastjóri hefði annars á hendi og heldur hún kröfuhafafundi við þessar umleitanir. Fáist frumvarp að nauðasamningi samþykkt skal slitastjórn leita staðfestingar hans eftir reglum IX. kafla sömu laga. Ef nauðasamningur er staðfestur efnir slitastjórn eftir þörfum skuldbindingar við kröfuhafa samkvæmt honum og lýkur svo slitameðferð eftir því sem segir í 1. og 2. mgr.

Nú liggur fyrir að eignir fjármálafyrirtækis nægi ekki til að standa að fullu við skuldbindingar þess og slitastjórn telur sýnt að ekki verði forsendur til að leita nauðasamnings skv. 3. mgr. eða frumvarp að honum hefur ekki fengist samþykkt eða hafnað hefur verið kröfu um staðfestingu hans og skal þá slitastjórn krefjast þess fyrir héraðsdómi, þar sem hún var skipuð

til starfa, að bú fyrirtækisins verði tekið til gjaldþrotaskipta. Það sama getur kröfuhafi gert ef krafa hans hefur verið viðurkennd við slitameðferð og annaðhvort hafa nauðasamningsumleitanir slitastjórnar ekki borið árangur eða hann sýnir fram á að ekki séu lagaskilyrði til að leita nauðasamnings eða sá fjöldi kröfuhafa sé andvígur honum að útilokað sé að tekist geti að koma honum fram miðað við fyrirliggjandi upplýsingar um fjárhag fyrirtækisins. Til að hafa slíka kröfu uppi verður þó kröfuhafi að sýna fram á að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að koma fram gjaldþrotaskiptum fremur en að fyrirtæki verði áfram í slitameðferð.

Sé bú fjármálafyrirtækis tekið til gjaldþrotaskipta skal það standa óraskað sem gert hefur verið við slitameðferð varðandi kröfur á hendur fyrirtækinu, þar á meðal innköllun til kröfuhafa og meðferð lýstra krafna, en skiptastjóri skal fá birta auglýsingu í Lögbirtingablaði um að búið hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta. Um gjaldþrotaskiptin fer annars eftir almennum reglum að öðru leyti en því að ákvæði 2. mgr. 103. gr. gilda þar að breyttu breytanda, auk þess sem sá dagur sem dómsúrlausn gekk um að fjármálafyrirtækið væri tekið til slita skal við gjaldþrotaskiptin svara að því er varðar réttaráhrif til þess dags sem úrskurður gekk um þau.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 3. gr. og 4. gr. laga þessara skulu 3. mgr. 98. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 2. gr. laga nr. 129/2008, og ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 161/2002, sbr. 4. gr. laga nr. 129/2008, gilda áfram í upphaflegri mynd gagnvart fjármálafyrirtækjum sem njóta heimildar til greiðslustöðvunar við gildistöku þessara laga, þar á meðal um framlengingu heimildar til greiðslustöðvunar.

11. gr.

Við gildistöku laga þessara fellur fyrri málsgrein ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 129/2008 brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Hafi Fjármálaeftirlitið fyrir gildistöku laga þessara skipað fjármálafyrirtæki skilanefnd á grundvelli 5. gr. laga nr. 125/2008 og hún er enn að störfum, en fyrirtækið hefur ekki fengið heimild til greiðslustöðvunar, skal skilanefndin upp frá því sjálfkrafa verða bráðabirgðastjórn fyrirtækisins í skilningi 100. gr. a, sbr. 5. gr. laga þessara.

II.

Um fjármálafyrirtæki sem njóta heimildar til greiðslustöðvunar við gildistöku þessara laga skulu eftirfarandi sérreglur gilda:

1. Heimild til greiðslustöðvunar skal haldast þrátt fyrir gildistöku laga þessara og má framlengja hana samkvæmt þeim reglum sem um ræðir í 2. mgr. 10. gr.
2. Við greiðslustöðvunina skal beitt ákvæðum 1. mgr. 101. gr., 102. gr., 103. gr. og 103. gr. a laganna, sbr. 1. efnismgr. 6. gr., 7. gr., 8. gr. og 9. gr. laga þessara, eins og fyrirtækið hefði verið tekið til slita með dómsúrskurði á þeim degi sem lög þessi öðlast gildi, en slitameðferðin skal þó allt að einu kennd við heimild til greiðslustöðvunar svo lengi sem sú heimild stendur, sbr. 1. tölul. Þegar sú heimild rennur sitt skeið á enda skal fyrirtækið án sérstaks dómsúrskurðar sjálfkrafa teljast vera til slitameðferðar eftir al-

mennum reglum, sbr. þó 3. og 4. tölul. Ákvæði IV. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. gilda ekki um slíka greiðslustöðvun sem hér um ræðir.

3. Skilanefnd fjármálafyrirtækis, sem Fjármálaeftirlitið hefur skipað fyrir gildistöku laga þessara á grundvelli 5. gr. laga nr. 125/2008, skal með óbreyttu heiti halda áfram störfum og gegna því hlutverki sem slitastjórn er ætlað í 3. mgr. 9. gr., 2. málsl. 4. mgr. 101. gr., 1. málsl. 5. mgr. 102. gr. og 1.–3. mgr. 103. gr. laganna, sbr. 1., 6., 7. og 8. gr. laga þessara. Verði sæti í skilanefnd laust eftir gildistöku laga þessara skal Fjármálaeftirlitið skipa mann til að taka við því nema óþarft þyki með tilliti til þeirra verkefna sem nefndin á enn ólokið.
4. Til annarra verka slitastjórnar en um ræðir í 3. tölul. skal héraðsdómari eftir skriflegri beiðni skilanefndar skipa fyrirtækinu slíka stjórn samkvæmt fyrirmælum 1. og 3. málsl. 4. mgr. 101. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga þessara. Þar skal jafnframt sjálfkrafa taka sæti sá sem gegnir starfi aðstoðarmanns fyrirtækisins við greiðslustöðvun og skal hann halda því sæti þótt henni ljúki.

III.

Þrátt fyrir 5. mgr. 101. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga þessara, skal frestdagur við slitameðferð á fjármálafyrirtæki ráðast af 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 129/2008 þegar það getur átt við.

IV.

Í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði getur Fjármálaeftirlitið gripið til sérstakra ráðstafana í samræmi við fyrirmæli þessa ákvæðis telji það þörf á vegna sérstakra aðstæðna eða atvika. Með sérstökum aðstæðum eða atvikum er átt við sérstaka fjárhagserfiðleika og/eða rekstrarerfiðleika hjá fjármálafyrirtæki, þar á meðal ef líkur eru á að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum eða kröfuhöfum, forsendur afturköllunar starfsleyfis eru líklega fyrir hendi eða líkur standa til að það geti ekki uppfyllt kröfur um lágmark eigin fjár og önnur úrræði Fjármálaeftirlitsins eru ekki líkleg til að bera árangur. Þá er með sérstökum aðstæðum einnig átt við að fjármálafyrirtæki hafi óskað eftir eða fengið heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings.

Við aðstæður eða atvik sem um ræðir í 1. mgr. getur Fjármálaeftirlitið boðað til hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda. Fulltrúi Fjármálaeftirlitsins skal stýra fundi og hefur hann málfrelsi og tillögurétt. Fjármálaeftirlitið er við þessar aðstæður ekki bundið af ákvæðum hlutafélagalaga eða samþykkta fjármálafyrirtækis um fundarboðun eða fresti til fundarboðunar eða tillögugerðar til breytinga á samþykktum.

Séu aðstæður mjög knýjandi getur Fjármálaeftirlitið tekið yfir vald hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda í því skyni að taka ákvarðanir um nauðsynlegar aðgerðir, þar á meðal að takmarka ákvörðunarvald stjórnar, víkja stjórn frá að hluta til eða í heild sinni, taka yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta eða ráðstafa slíku fyrirtæki í heild eða að hluta, meðal annars með samruna þess við annað fyrirtæki. Við slíka ráðstöfun gilda hvorki ákvæði laga um verðbréfaviðskipti um tilboðsskyldu né ákvæði laga þessara um auglýsingu samruna fjármálafyrirtækja í Lögbirtingablaði. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að framselja öll réttindi að því marki sem nauðsynlegt er í slíkum tilfellum. Verði það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að samruni viðkomandi fjármálafyrirtækis við annað tryggi best þá hagsmuni sem í húfi eru gilda ákvæði samkeppnislaga og samrunaákvæði laga þessara ekki um þá ráðstöfun. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um yfirtöku á rekstri fjármálafyrirtækis skal

tilkynnt stjórn þess og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynninguna opinberlega. Starfræki fyrirtækið útibú eða þjónustustarfsemi í öðru ríki skal tilkynningin send lögbærum eftirlitsaðilum í því ríki.

Víki Fjármálaeftirlitið stjórn fjármálafyrirtækis í heild frá störfum skal því þegar í stað skipuð bráðabirgðastjórn. Ákvæði 101. gr. a gilda að öðru leyti um slíka stjórn og störf hennar.

Ef nauðsyn krefur getur Fjármálaeftirlitið takmarkað eða bannað ráðstöfun fjármuna og eigna fjármálafyrirtækis. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka í sínar vörslur þær eignir sem mæta eiga skuldbindingum fjármálafyrirtækis og láta meta verðmæti eigna og ráðstafa þeim til greiðslu áfallinna krafna eftir því sem þörf krefur. Þá er Fjármálaeftirlitinu heimilt að rifta sölu eigna sem átt hefur sér stað allt að mánuði áður en það greip til sérstakra ráðstafana samkvæmt þessu ákvæði.

Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um framangreinda málsmeðferð og ákvarðanatöku Fjármálaeftirlitsins.

Ríkissjóður ber ábyrgð á kostnaði af framkvæmd aðgerða Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þessa ákvæðis.

Ákvæði þetta fellur úr gildi í lok árs 2009.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið á vegum viðskiptaráðuneytis. Með frumvarpinu eru lagðar til viðamiklar breytingar á XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, en kaflinn fjallar um endurskipulagningu fjárhags fjármálafyrirtækja, slit þeirra og samruna við önnur fjármálafyrirtæki.

Reglur XII. kafla laganna voru fyrir þau áföll sem urðu í íslensku fjármálalífi haustið 2008 reistar á reglum tilskipunar 2001/24/EB frá 4. apríl 2001 um endurskipulagningu og slit lánastofnana. Með setningu laga nr. 161/2002 voru ekki gerðar breytingar á þeim reglum um slit viðskiptabanka og sparisjóða, sem settar voru með lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996, eftir breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 84/1998. Reglum XII. kafla var breytt til þess horfs, sem þær voru í haustið 2008, með lögum nr. 130/2004, en þau lög voru sett til að samræma lögin ákvæðum framangreindrar tilskipunar 2001/24/EB. Jafnframt voru gerðar breytingar á reglum kaflans til þess að samræma ákvæði hans við reglur tilskipunar nr. 2002/87/EB um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og fjárfestingarfyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu, en sú tilskipun hafði þó mun meiri áhrif á reglur laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994.

Með lögum nr. 130/2004, sem eins og fyrr segir fólu í sér aðlögun að tilskipun 2001/24/EB, voru gerðar tvær veigamiklar breytingar á skipan mála skv. XII. kafla laga nr. 161/2002.

Í fyrsta lagi var innleidd sú meginregla að yfirvöld í heimaríki fjármálafyrirtækis tækju ein ákvarðanir um endurskipulagningu fjárhags og slit fjármálafyrirtækis og útibúa þess í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Í þessu fólst að úrlausnir íslenskra dómstóla um heimild fjármálafyrirtækis, sem hefur aðalstöðvar á Íslandi, til greiðslustöðvunar, til að leita nauðasamnings eða til slita á fyrirtækinu hafa réttaráhrif í öðrum löndum sem eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið að því er lýtur að útibúum þessa fjármálafyrirtækis. Með sama hætti felur þessi breyting í sér að fjármálafyrirtæki, sem hefur aðalstöðvar í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en útibú á Íslandi og er veitt heimild af dómstólum eða yfirvöldum í því ríki til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eða er tekið til

slitameðferðar, hefur réttaráhrif á Íslandi að því leyti að reglur þess ríkis gilda um útibúið hér á landi, en ekki íslensk lög. Segja má að útibúið sé því tekið undan lögsögu íslenskra dómstóla að þessu leyti.

Í öðru lagi var innleidd sú meginregla, að við ákvörðun um endurskipulagningu fjárhags og slit fjármálafyrirtækis og útibús þess í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu verði farið eftir lögum þess ríkis þar sem fjármálafyrirtækið hefur aðalstöðvar (heimaríkis). Með sama hætti og að framan greinir felur þetta í sér að íslensk lög gilda um slit fjármálafyrirtækis sem hér hefur aðalstöðvar og einnig útibús þess í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu. Jafnframt felst í þessu að lög heimaríkis fjármálafyrirtækis, þ.e. þar sem það hefur aðalstöðvar, gilda um endurskipulagningu og slit þess og einnig útibús sem það kann að hafa hér á landi. Frá þessari meginreglu eru þó ýmsar undantekningar. Þar er fyrst og fremst um að ræða lagaskilareglur varðandi tiltekna samninga, réttindi og eignir sem eru í öðru aðildarríki en heimaríki. Fyrrgreind meginregla, svo og þær undantekningar sem frá henni eru gerðar, koma nú fram í 99. gr. laga nr. 161/2002.

Í framangreindum reglum felst mikið hagræði, enda lýtur þá endurskipulagning og slit fjármálafyrirtækis sem hefur aðalstöðvar í einu landi á Evrópska efnahagssvæðinu og útibú í öðrum ríkjum einungis lögum eins ríkis, en ekki margra eins og áður gat verið. Með þessari tilskipun var leitast við að koma á samræmdum reglum á Evrópska efnahagssvæðinu um endurskipulagningu fjárhags og slit fjármálafyrirtækja. Það er lykilatriði tilskipunar 2001/24/EB, að það kerfi, sem með þessu var reynt að koma á, tryggði þrjú meginsjónarmið, þ.e. einingu (principle of unity), algildi (principle of universality) og jafnræði (principle of non-discrimination). Á þessi meginsjónarmið er lögð rík áhersla bæði í aðfaraorðum tilskipunarinnar, t.d. 12. og 16. lið og í reglum hennar.

Með þessu frumvarpi er leitast við að tryggja að þessum meginsjónarmiðum sé fylgt til hins ýtrasta, jafnvel þótt í því felist óhagræði og mikil vinna t.d. við tilkynningar til kröfuhafa, en afar mikilvægt er að tryggja algert jafnræði innlendra og erlendra kröfuhafa fjármálafyrirtækja sem hafa starfsemi í fleiri en einu ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

2. Áföll á íslenskum fjármálamarkaði og alþjóðleg lánsfjárkreppa.

Ákvæði XII. kafla laga nr. 161/2002 miðuðu nokkurn veginn við eðlilegt ástand í fjármálakerfi landsins, þ.e. einkum að eitt fjármálafyrirtæki kynni að lenda í fjárhagslegum vandræðum, og mæltu fyrir um hvernig úr því skyldi leyst. Þótt þessum ákvæðum laganna væri samkvæmt framansögðu ætlað að gilda um óvenjulegt fjárhagsástand einstaks fjármálafyrirtækis er nú ljóst að þau eru ekki fullnægjandi við þær aðstæður sem við eiga hér á landi.

Þau áföll sem dundu yfir fjármálamarkaði heimsins haustið 2008 leiddu til nánast algerrar lánsfjárþurrðar og höfðu í för með sér hremmingar fyrir íslensk fjármálafyrirtæki sem vart eiga sér fordæmi í öðrum löndum. Áföllin leiddu m.a. til þeirra óvenjulegra aðgerða að stjórnir þriggja stærstu íslensku viðskiptabankanna, og raunar einu viðskiptabankanna hér á landi sem höfðu á hendi slíka starfsemi, óskuðu eftir því við Fjármálaeftirlitið 7. og 8. október 2008 að það gerði ráðstafanir til þess að taka yfir stjórn bankanna. Alþingi hafði brugðist við áður með setningu laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, nr. 125/2008, en lögunum var ætlað að taka á mjög sérstökum aðstæðum á fjármálamarkaði þar sem við blasti hrun fjármálakerfisins. Þessar aðstæður voru með öllu ófyrirsjáanlegar þegar reglur XII. kafla laga nr. 161/2002 voru settar. Sá tími, sem var til ráðstöfunar við samningu frumvarps þess sem varð að lögum nr. 125/2008 var mjög skammur og mikil óvissa ríkjandi. Með lögunum voru gerðar ýmsar breytingar á lögum nr. 161/2002,

einkum XII. kafla þeirra. Má segja að með þeim hafi verið brugðist við neyðarástandi, sem m.a. fólst í falli bankanna þriggja, svo sem áður getur.

Breytingarnar fólu einkum í sér víðtækar heimildir til handa Fjármálaeftirlitinu til þess að taka yfir stjórn fjármálafyrirtækis við tilteknar aðstæður, gera ráðstafanir sem nauðsynlegar þóttu og banna aðrar. Á grundvelli þeirra breytinga sem gerðar voru með lögunum vék Fjármálaeftirlitið stjórn Glitnis banka hf., Landsbanka Íslands hf. og Kaupþings banka hf. frá störfum og skipaði skilanefndir sem farið hafa með stjórn bankanna frá þessum tíma. Þess var enginn kostur við gerð frumvarps þess, sem síðar varð að lögum nr. 125/2008, að sjá fyrir hver framvindan yrði næstu vikur og mánuði. Nauðsynlegt reyndist að gera frekari breytingar á lögum nr. 161/2002, einkum XII. kafla þeirra og var það gert með lögum nr. 129/2008, sem tóku gildi 14. nóvember 2008. Með þeim lögum var einnig verið að bregðast við neyðarástandi, þótt ekki væri það eins óvænt og það sem varð tilefni setningar laga nr. 125/2008. Lög nr. 129/2008 mæltu í fyrsta lagi fyrir um heimild skiptastjóra þrotabús fjármálafyrirtækis til að annast áfram tiltekna leyfisbundna starfsemi þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi afturkallað starfsleyfi fjármálafyrirtækis. Í öðru lagi fólu þau í sér heimildir til að lengja fresti og auðvelda tilkynningar fyrir aðstoðarmann fyrirtækis sem veitt hefur verið heimild til greiðslustöðvunar. Loks var þar að finna ákvæði til bráðabirgða sem heimilar frestun fyrirtöku þrátt fyrir að greiðslustöðvun hafi verið veitt fyrir gildistöku laganna.

Ákvæðum laga nr. 125/2008 og nr. 129/2008 var ekki ætlað að gilda til frambúðar, enda eins og fyrr segir sett til þess að bregðast við mjög óvenjulegu ástandi, sem enginn gat séð fyrir, þ.e. hruni fjármálakerfis heillar þjóðar og hættu á að greiðslukerfi þess hryndi einnig.

Nú þegar liðnir eru um þrír mánuðir frá því að framangreind lög voru sett hefur gefist tóm til þess að skipuleggja hvernig framvindan verði að því er lýtur að fjárhagslegri endurskipulagningu og eftir atvikum slitum á þeim þremur viðskiptabönkum sem Fjármálaeftirlitið stýrir. Hefur verið unnið að gerð tillagna um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, sem fælu í sér heildarendurskoðun á XII. kafla þeirra og jafnframt viðbrögð við því ástandi sem skapast hefur hér á landi. Við þá vinnu hefur verið lögð sérstök áhersla á að gætt verði jafnræðis allra kröfuhafa og að reglur um endurskipulagningu og slit væru í samræmi við hliðstæðar reglur sem gilda um önnur fyrirtæki og einstaklinga eftir því sem við getur átt. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að lánardrottnar þeirra fjármálafyrirtækja sem í hlut eiga hafi tök á að gæta hagsmuna sinna.

3. Helstu atriði frumvarpsins.

Meginatriði þessa frumvarps eru að lagt er til að settar verði nýjar reglur um slitameðferð fjármálafyrirtækja. Reglur frumvarpsins gera ráð fyrir að fjármálafyrirtækið sjálft hafi frumkvæði að slíkri slitameðferð, en í bráðabirgðaákvæði er þó lagt til að Fjármálaeftirlitið geti einnig haft frumkvæði að því að taka yfir ráð fjármálafyrirtækis. Í frumvarpinu er lagt til að um slitameðferðina gildi um margt sömu reglur og gilda um gjaldþrotaskipti. Gert er ráð fyrir að skipuð verð slitastjórn sem hafi um flest sömu heimildir og skiptastjóri þrotabús. Þar gildir þó sú aðalregla að slitastjórn skal hafa að markmiði að fá sem mest fyrir eignir fjármálafyrirtækis, þar á meðal með því að bíða eftir þörfum efndatíma á útistandandi kröfum þess fremur en að koma þeim fyrr í verð. Það á þó ekki við ef telja má að hagsmunir kröfuhafa og eftir atvikum hluthafa eða stofnfjáreigenda séu meiri af því að ráðstafa slíkum réttindum á fyrri stigum til að ljúka megi slitameðferð. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að gefin verði út innköllun þar sem kröfuhöfum gefst kostur á að lýsa kröfum sínum til slitastjórnar og að afstaða verði tekin til þeirra, eftir atvikum með dómsúrlausn. Gerð er tillaga um að kröfu-

hafar geti, með svipuðum hætti og tíðkast við gjaldþrotaskipti, gætt hagsmuna sinna við slitameðferð og átt þess kost að bera ágreining um réttmæti krafna sinna og um ákvarðanir og ráðstafanir slitastjórnar undir dómstóla. Gerðar eru tillögur um að slitameðferð geti lokið með þeim hætti að fjármálafyrirtæki eigi þess kost, með samþykki Fjármálaeftirlitsins, að hefja starfsemi á ný eða þá að eigendum (hluthöfum/stofnfjáreigendum) verði greiddir hlutir þeirra í fyrirtækinu að greiddum lýstum kröfum á hendur því. Þá er einnig gert ráð fyrir því að slitastjórn geti leitað nauðasamnings við kröfuhafa og efnt hann og í framhaldi af því geti fjármálafyrirtæki annaðhvort hafið starfsemi að nýju, með samþykki Fjármálaeftirlitsins, eða eignir þess verði greiddar hluthöfum eða stofnfjáreigendum. Loks er gert ráð fyrir að við tilteknar aðstæður sé slitastjórn skylt að krefjast gjaldþrotaskipta á búi fjármálafyrirtækis.

4. Fjármálafyrirtæki í greiðslustöðvun.

Í bráðabirgðaákvæðum er mælt fyrir um hvernig fara skuli með fjármálafyrirtæki sem njóta greiðslustöðvunar við gildistöku laganna. Lagt er til að heimild þessara fyrirtækja til greiðslustöðvunar haldist þrátt fyrir gildistöku laganna og að framlengja megi greiðslustöðvun í allt að 24 mánuði frá því þinghaldi þegar heimild til greiðslustöðvunar var fyrst veitt. Þá er lagt til að þau fjármálafyrirtæki sem þegar hafa fengið heimild til greiðslustöðvunar hafi heimild til að beita nánar tilgreindum ákvæðum sem gilda um fyrirtæki í slitameðferð, t.d. reglum um meðferð krafna og ráðstöfun hagsmuna fjármálafyrirtækis. Þó er gert ráð fyrir að slitameðferðin verði áfram kennd við heimild til greiðslustöðvunar svo lengi sem heimildin stendur. Þegar heimild til greiðslustöðvunar fellur niður telst fjármálafyrirtæki sjálfkrafa og án sérstaks dómsúrskurðar vera í slitameðferð.

Í þriðja lagi er lagt til að skilanefnd fjármálafyrirtækis sem fengið hefur heimild til greiðslustöðvunar skuli halda áfram störfum og nota heitið skilanefnd. Skal skilanefndin gegna því hlutverki sem slitastjórn er ætlað í nánar tilgreindum ákvæðum frumvarpsins, en gert er ráð fyrir að öðrum verkefnum sinni slitastjórn sem skipuð er af héraðsdómara að beiðni skilanefndar. Aðstoðarmaður við greiðslustöðvun tekur sjálfkrafa sæti í slíkri skilastjórn.

Jafnframt er gert ráð fyrir að kostnaður af störfum skilanefnda og slitastjórna greiðist af viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 9. gr. laga um fjármálafyrirtæki, en þar er kveðið á um afturköllun starfsleyfis fjármálafyrirtækja. Ákvæðinu var breytt með lögum nr. 129/2008 á þann veg að lögfest var heimild fyrir skiptastjóra þrotabús fjármálafyrirtækis, með samþykki og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, til að annast áfram tiltekna leyfisbundna starfsemi fjármálafyrirtækis þrátt fyrir afturköllun starfsleyfis þess samhliða kröfu um gjaldþrotaskipti. Hér er lagt til að ákvæðið verði víkkað út þannig að Fjármálaeftirlitinu verði einnig heimilt að veita takmarkað starfsleyfi til fjármálafyrirtækis þar sem bráðabirgðastjórn hefur verið skipuð. Þá er tilvísun í slitastjórn fjármálafyrirtækis bætt inn í ákvæðið í samræmi við aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Um 2. gr.

Breytingin er nauðsynleg vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til á XII. kafla laganna.

Um 3. gr.

Lagðar eru til tvíþættar breytingar á 98. gr. laganna; í báðum tilvikum eru lagðar til breytingar á ákvæðum sem lögfest voru með lögum nr. 129/2008.

Í fyrsta lagi er lagt til að gerð verði breyting á 3. mgr. 98. gr. laganna þess efnis að felldar verði brott sérstakar reglur um lengd greiðslustöðvunar fjármálafyrirtækja, en með lögum nr. 129/2008 var lögfest að greiðslustöðvun fjármálafyrirtækja gæti varað í allt að 24 mánuði frá því þinghaldi þegar heimild til greiðslustöðvunar var veitt. Áfram er gert ráð fyrir að í málsgreininni verði reglur um fundarboð skv. 2. mgr. 13. gr. og 5. mgr. 17. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og eru ekki lagðar til breytingar á þeim reglum.

Í öðru lagi er lagt til að ákvæði 4., 5. og 6. mgr. 98. gr. verði felld brott. Í 4. mgr. er kveðið á um að aðstoðarmaður við greiðslustöðvun skuli ekki vera skaðabótaskyldur vegna ákvarðana og aðgerða sinna sem aðstoðarmaður nema um sé að ræða brot af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Í 5. mgr. er kveðið á um að dómsmál verði almennt ekki höfðað gegn fjármálafyrirtæki á meðan greiðslustöðvun þess stendur og í 6. mgr. er kveðið á um það að hafi dómsmál verið höfðað gegn fjármálafyrirtæki sem síðar fær heimild til greiðslustöðvunar sé almenna reglan sú að meðferð þess verði ekki framhaldið á meðan á greiðslustöðvun stendur.

Um 4. gr.

Lagt er til að ákvæði IV til bráðabirgða, sem lögfest var með lögum nr. 129/2008, verði fellt brott, en í ákvæðinu er kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli fá heimild til greiðslustöðvunar án tillits til ákvæða 4. og 6. tölul. 2. mgr. 12. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Um 5. gr.

Í þessari grein er lagt til að gerðar verði breytingar á 100. gr. a í núgildandi lögum. Í raun er um nýja grein að ræða, en lagt er til að núgildandi 100 gr. a verði að hluta numin úr gildi, en það sem eftir mun standa af henni, ef frumvarp þetta verður að lögum, verði fært í ákvæði til bráðabirgða.

Í greininni eru reglur um heimild Fjármálaeftirlitsins til að skipa fjármálafyrirtæki, sem eftir því leitar, bráðabirgðastjórn. Bráðabirgðastjórn er, eins og nafnið bendir til, tímabundið ástand. Í greininni er mælt fyrir um skipan bráðabirgðastjórnar og um réttaráhrif þess fyrir hluthafa eða stofnfjáreigendur að bráðabirgðastjórn er skipuð. Fellur þá úr gildi umboð stjórnar fjármálafyrirtækisins og jafnframt verður óvirkur réttur hluthafa eða stofnfjáreigenda til að taka ákvarðanir um málefni þess á grundvelli eignarhluta sinna. Þá er mælt fyrir um skyldur bráðabirgðastjórnar og stöðu hennar. Má í stuttu máli segja að á meðan bráðabirgðastjórn fjármálafyrirtækis starfar sé staða hennar um margt lík stöðu stjórnar (og hluthafafundar) í félagi sem fengið hefur greiðslustöðvun.

Eins og áður segir er skipun bráðabirgðastjórnar í fjármálafyrirtæki tímabundin ráðstöfun. Bráðabirgðastjórn er fyrst og fremst ætlað að ná yfirsýn um fjárhag fjármálafyrirtækis og gera vissar mikilvægar og brýnar ráðstafanir um framhaldið. Skipun bráðabirgðastjórnar er inngrip í hagsmuni hluthafa (stofnfjáreigenda) en þó ekki síður inngrip í réttindi kröfuhafa fjármálafyrirtækis og þess vegna mikilvægt að henni séu settar þröngar skorður til að ráðstafa hagsmunum og að starfstíma hennar séu takmörk sett. Er gert ráð fyrir að fjórir kostir séu um lok starfstíma bráðabirgðastjórnar, þ.e. í fyrsta lagi að starfstíma hennar ljúki sjálfkrafa þegar þrír mánuðir eru liðnir frá skipun hennar, í öðru lagi að starfstíma hennar ljúki með því að fjármálafyrirtæki er að hennar ósk tekið til slita, í þriðja lagi að starfstímanum ljúki með því

að fjármálafyrirtækinu er veitt heimild til greiðslustöðvunar, en þá er gert ráð fyrir að bráðabirgðastjórn sitji áfram í einn mánuð eftir að greiðslustöðvunartíma lýkur og loks í fjórða lagi að starfstíma bráðabirgðastjórnar ljúki með því að ný stjórn í fjármálafyrirtæki leysi hana af hólmi, þ.e. að hluthafar (stofnfjáreigendur) fái forræði á stjórn fjármálafyrirtækis á nýjan leik, en þetta getur aðeins orðið með samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Ef fyrsti kosturinn, sem nefndur var um lok starfstíma bráðabirgðastjórnar, gengur eftir er kveðið á um að afturkalla skuli þá þegar starfsleyfi fjármálafyrirtækisins, enda er þá gert ráð fyrir því að ekki hafi verið kosin ný stjórn í samræmi við það sem er mögulegt samkvæmt síðastnefnda kostinum.

Í 1. mgr. greinarinnar er lagt til að fjármálafyrirtæki, sem á í slíkum fjárhags- eða rekstrarerfiðleikum að líkur séu til þess að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar eða uppfyllt skilyrði um lágmark eigin fjár, geti leitað til Fjármálaeftirlitsins og óskað eftir því að það taki við ráðum yfir fyrirtækinu. Þetta er sú staða sem kom upp í byrjun október 2008 þegar Glitnir banki hf., Landsbanki Íslands hf. og Kaupþing banki hf. óskuðu eftir því að Fjármálaeftirlitið tæki yfir stjórn þeirra. Ef slík staða kemur upp og ósk um „yfirtöku“ er sett fram er Fjármálaeftirlitinu skylt, samkvæmt því sem lagt er til, að taka afstöðu til beiðninnar án tafar. Ef beiðninni er hafnað, kemur ekki til þess að reglur þessarar greinar geti átt við. Sé á hinn bóginn fallist á beiðnina gerist þrennt, þ.e.:

Í fyrsta lagi skipar Fjármálaeftirlitið bráðabirgðastjórn, sem tekur yfir stjórn fjármálafyrirtækisins og fer ein með alla stjórn þess, þ.e. hefur sömu heimildir að lögum og eftir samþykktum þess, sem stjórn og hluthafafundur (fundur stofnfjáreigenda) fer með. Orðin „fer ein með alla stjórn þess“ felur einnig í sér að Fjármálaeftirlitið eða aðilar á þess vegum fara ekki með stjórn fjármálafyrirtækis. Bráðabirgðastjórn getur þó ein og sér ekki krafist slita á fjármálafyrirtæki í því skyni sem um ræðir í 4. tölul. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Í öðru lagi fellur úr gildi umboð stjórnar fjármálafyrirtækis. Slíkt er sjálfgefið þar sem ný stjórn með mun rýmri heimildir kemur í hennar stað og tekur yfir ráð þess.

Í þriðja lagi verður óvirkur réttur hluthafa (stofnfjáreigenda) til þess að taka ákvarðanir um málefni þess á grundvelli eignarhluta sinna. Þótt það sýnist alvarlegt inngrip í hagsmuni hluthafa og stofnfjáreigenda að svipta þá rétti sínum til ákvarðana á grundvelli eignarhluta sinna og upp geti komið spurningar um hvort slíkt sé örugglega samrýmanlegt reglum um vernd eignarréttar í 72. gr. stjórnarskrárinnar, verður að hafa í huga að þetta er afleiðing þess að stjórn fjármálafyrirtækis, sem hluthafar eða stofnfjáreigendur hafa kosið, óskar eftir yfirtöku Fjármálaeftirlitsins og þar með skipun bráðabirgðastjórnar í beinu framhaldi. Hafa verður í huga að þegar hér er komið sögu eru aðstæður þannig að stjórn fjármálafyrirtækis telur að líkur séu til að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar eða uppfyllt kröfur um lágmark eigin fjár. Er ljóst að stjórn fjármálafyrirtækis mun ekki bera slíka ósk fram við Fjármálaeftirlitið nema hún telji að það sé óhjákvæmilegt. Sé það mat Fjármálaeftirlitsins að aðrir kostir séu í stöðunni yrði slíkri beiðni væntanlega hafnað. Þá verður einnig að hafa í huga að við þær aðstæður að fjármálafyrirtæki getur ekki staðið við skuldbindingar sínar við kröfuhafa eða uppfyllt kröfur um eigið fé, eru hagsmunir eigenda, þ.e. hluthafa eða stofnfjáreigenda, almennt upp urnir að mestu. Hinir eiginlegu eigendahagsmunir eru liðnir undir lok en vægi annarra hagsmuna, þ.e. hagsmuna kröfuhafa og hins opinbera í sumum tilvikum, orðnir yfirgnæfandi. Loks verður að hafa í huga að eingöngu er um að ræða tímabundið ástand, sem skapað er með þeirri skipan sem lögð er til í þessari grein. Þess skal getið að hinir opinberu hagsmunir felast fyrst og fremst í því að fjármálafyrirtæki véla yfirleitt um fjármuni einstaklinga og fyrirtækja. Þau þurfa starfsleyfi stjórnvalda (Fjármálaeftirlitsins)

og fall þeirra getur haft mikil áhrif á fjárhagslega stöðu þessara aðila og á þjóðfélagið í heild sinni. Það er mikilvægt að unnt sé við sérstök fjárhagsvandræði fjármálafyrirtækja að grípa inn í starfsemi þeirra, ekki síst til þess að tryggja hagsmuni viðskiptamanna þeirra.

Í 2. mgr. eru ákvæði um fyrstu verk bráðabirgðastjórnar. Eins og áður er getið ber henni fyrst að gera ráðstafanir til þess að ná yfirsýn yfir fjárhag fjármálafyrirtækis. Til þess þarf hún ráðrúm og starfsfrið. Til að tryggja það er mælt fyrir um að fjármálafyrirtæki njóti sömu stöðu að þessu leyti og ef það hefði fengið heimild til greiðslustöðvunar. Verður því ekki unnt að beita fullnustugerðum og öðrum þvingunarúrræðum gagnvart fyrirtækinu. Gilda um þessa stöðu reglur 22. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Það ákvæði kemur ekki í veg fyrir að kröfuhafar eða aðrir leiti réttar síns með því að höfða dómsmál á hendur fjármálafyrirtæki, heldur aðeins að ekki er unnt að koma fram fullnustugerðum og öðrum þvingunarúrræðum gegn því. Lagt er til að heimildir bráðabirgðastjórnar til þess að gera ráðstafanir um meiri háttar hagsmuni séu takmarkaðar við að brýna nauðsyn beri til þeirra. Ekki þykir á hinn bóginn fært að binda hendur bráðabirgðastjórnar með sama hætti og gert er í 19.–21. gr. laga nr. 21/1991, t.d. vegna innstæðueigenda.

Í 3. mgr. eru ákvæði um lok yfirráða bráðabirgðastjórnar. Hefur áður verið rakið að það geti gerst með fernum hætti og vísast til þess. Þessar leiðir fela í sér, að annaðhvort fá hluthafar (stofnfjáreigendur) fjármálafyrirtæki til umráða á ný eða það er tekið til slitameðferðar, eftir atvikum að undangenginni heimild til greiðslustöðvunar.

Um 6. gr.

Þessari grein er ætlað að koma í stað 101., 102. og 103. gr. í gildandi lögum. Í 1. mgr. segir að bú fjármálafyrirtækis verði ekki tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum reglum og er því lagt til að beitt verði um þetta sérstökum reglum. Er þetta í samræmi við 1. mgr. 101. gr. gildandi laga. Þetta breytir því þó ekki að ýmsum ákvæðum gjaldþrotaskiptalaga verður beitt um slitameðferðina eins og síðar verður getið. Við það er miðað að fjármálafyrirtæki verði slitið með þeim hætti, sem í frumvarpinu greinir, og að réttindi kröfuhafa og möguleikar þeirra til þess að leita úrlausnar dómstóla um ágreiningsefni, sem rísa kunna við slitameðferðina verði tryggðir. Í greininni er mælt fyrir um skilyrði þess að fjármálafyrirtæki verði tekið til slitameðferðar, hvert skuli beina kröfu um slit, hvers efnis krafan skuli vera, skipun slitastjórnar, meginreglur um stöðu hennar og um stöðu hluthafa og stofnfjáreigenda og hvernig frestdagur skuli ákveðinn.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um skilyrði þess að fjármálafyrirtæki verði tekið til slitameðferðar. Getur það gerst eftir kröfu Fjármálaeftirlitsins, kröfu stjórnar fyrirtækisins eða kröfu bráðabirgðastjórnar en gert er ráð fyrir ýmsum blæbrigðum í þessu efni. Í 1. tölul. er mælt fyrir um að Fjármálaeftirlitið geti krafist slita á fjármálafyrirtæki við tilteknar ástæður. Ákvæði þetta er sama efnis og 1. tölul. 2. mgr. 101. gr. gildandi laga. Í 2. tölul. er mælt fyrir um að Fjármálaeftirlitið, stjórn fjármálafyrirtækis eða bráðabirgðastjórn þess geti krafist slita, ef það er skylt samkvæmt samþykktum þess. Slík ákvæði geta bæði lotið að fjárhag fyrirtækisins og öðrum aðstæðum, fyrst og fremst afstöðu hluthafa (stofnfjáreigenda). Í 3. tölul. er kveðið á um að slíta beri fjármálafyrirtæki eftir kröfu stjórnar fyrirtækis eða bráðabirgðastjórnar við sömu aðstæður og bókhaldsskyldum aðila er skylt að óska eftir að bú hans verði tekið til gjaldþrotaskipta skv. 2. mgr., sbr. 1. mgr., 64. gr. laga nr. 21/1991, en þar er gert ráð fyrir að skuldari krefjist að bú sitt verði tekið til gjaldþrotaskipta ef hann getur ekki staðið í fullum skilum við lánardrottna sína þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga og ekki verði talið sennilegt að greiðsluörðugleikar hans muni líða hjá innan skamms tíma. Í 4. tölul. er lagt til að taka

beri fjármálafyrirtæki til slita eftir kröfu stjórnar þess og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins ef tiltekinn meiri hluti hluthafa (stofnfjáreigenda) hefur samþykkt tillögu um slit. Regla þessa töluliðar er hliðstæð núgildandi 3. tölul. 2. mgr. og 4. mgr. 101. gr. í gildandi lögum og þarfnast því ekki skýringa hér.

Í 3. mgr. eru ákvæði um kröfu um slit, hvert beina skuli henni og hvert efni hennar skuli vera. Tillögur frumvarpsins að þessu leyti eru efnislega hliðstæðar 1. og 2. mgr. 102. gr. gildandi laga, þ.e. um það hvert eigi að beina kröfunni, en það er til héraðsdóms í því umdæmi þar sem fjármálafyrirtæki yrði sótt í einkamáli á heimilisvarnarþingi sínu. Eru gildandi reglur óþarflega flóknar um þetta efni. Þá er lagt til að krafa um slit skuli efnislega úr garði gerð eins og krafa um gjaldþrotaskipti. Er miðað við að reglur 7. gr., sbr. 66. gr. laga nr. 21/1991 gildi um efni kröfunnar og þau gögn sem henni skulu fylgja. Þá er lagt til að mælt verði fyrir um að farið skuli með kröfuna fyrir dómi eins og kröfu um gjaldþrotaskipti. Í þessu felst t.d. að reglur 8. gr. laga nr. 21/1991 munu gilda um meðferð kröfunnar og ákvæði XI. kafla þeirra laga eftir því sem við getur átt. Héraðsdómari tekur að lokum afstöðu til kröfunnar með úrskurði. Þeim úrskurði má skv. 179. gr. laga nr. 21/1991 skjóta til Hæstaréttar með kæru.

Í 4. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að héraðsdómari skipi fjármálafyrirtæki slitastjórn og að í henni skuli sitja allt að fimm menn, eftir því sem nauðsynlegt er talið. Í minni fjármálafyrirtækjum sætu væntanlega þrír í slitastjórn, en fimm í hinum stærri. Slitastjórn tekur við ráðum fjármálafyrirtækis og hefur sömu réttindi og skyldur og stjórn fyrirtækisins og hluthafafundur (fundur stofnfjáreigenda) höfðu á hendi. Frá því er sú undantekning gerð, að ef slitastjórn kemst að þeirri niðurstöðu að horfur séu á að eignir fjármálafyrirtækis muni nægja fyrir skuldbindingum þess þá ber slitastjórn að leita afstöðu hluthafa (stofnfjáreigenda) til ráðstafana á hagsmunum fyrirtækisins samhliða því sem hún gefur kröfuhöfum kost á að láta í ljós afstöðu til þessa á kröfuhafafundum. Þessi háttur er eðlilegur þar sem eigendahagsmunir hluthafa (stofnfjáreigenda) eru virkir ef sýnt þykir að eignir fjármálafyrirtækis eru meiri en skuldir. Þá er lagt til að sömu reglur gildi um slitastjórn, störf hennar og þá menn sem eiga sæti í henni og gilda um skiptastjóra samkvæmt lögum nr. 21/1991. Í því felst meðal annars að um hæfi þeirra sem skipaðir eru í slitastjórn gilda ákvæði 75. gr. laga nr. 21/1991, svo og önnur ákvæði XIII. kafla laganna. Ákvæði laganna um skiptastjóra eru þaulreynd og hafa almennt gefist vel. Það eyðir réttaróvissu um stöðu og heimildir slitastjórnar að binda þessi atriði við lagareglur um skiptastjóra.

Í 5. mgr. eru tillögur að reglum um ákvörðun frestdags. Lögð er til sú meginregla að um ákvörðun frestdags gildi reglur laga nr. 21/1991, sbr. einkum 2. gr. þeirra, en frá því eru þó þrjú frávik. Í fyrsta lagi yrði frestdagur miðaður við það tímamark er Fjármálaeftirlitið skipar fjármálafyrirtæki bráðabirgðastjórn samkvæmt því sem mælt er fyrir um í 5. gr. frumvarps þessa. Í öðru lagi yrði frestdagur, svo sem gert er í 2. mgr. 103. gr. gildandi laga, miðaður við þann dag er Fjármálaeftirlitið hefur veitt fjármálafyrirtæki frest skv. 4. mgr. 86. gr. laganna og í þriðja lagi miðast frestdagur við þann dag er héraðsdómi berst krafa um slit skv. 2. mgr. þessarar greinar ef frestdagur hefur ekki orðið fyrr samkvæmt öðrum reglum frumvarpsins.

Um 7. gr.

Í þessari grein eru tillögur að reglum um meðferð krafna o.fl., en í gildandi lögum er að finna í 1. mgr. 103. gr. tilvísun til þess að „almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl.“ gildi eftir því sem við getur átt um „skipti á búi fjármálafyrirtækis“. Í þessari grein er lagt til

að um gagnkvæma samninga og meðferð krafna á hendur fjármálafyrirtæki við slit þess gildi sömu reglur og gilda um það samkvæmt lögum nr. 21/1991. Þó eru gerðar tillögur um ýmis frávik frá þeim reglum. Með þeim reglum er leitast við að taka tillit til hinna sérstöku aðstæðna sem við eiga þegar fjármálafyrirtæki er slitið, t.d. eru slitastjórn veittar sérstakar heimildir til þess að greiða, með þeim hætti sem lýst er, kröfur að loknum fyrsta kröfuhafafundi eftir lok kröfulýsingarfrests. Getur verið þýðingarmikið fyrir fjármálafyrirtæki að ljúka við greiðslur til tilgreindra kröfuhafa eða hópa þeirra. Er þetta ekki síst mikilvægt þegar tekið er tillit til þess að slitin sjálf geta tekið langan tíma, sem stundum getur verið í þágu hagsmuna kröfuhafa. Gert er ráð fyrir að slitastjórn gefi kröfuhöfum í ríkum mæli kost á því að koma með sjónarmið sín. Fundir sem slitastjórn heldur í þessu skyni nefnast kröfuhafafundir. Staða slitastjórnar er sambærileg stöðu skiptastjóra samkvæmt lögum nr. 21/1991, en í því felst að kröfuhafafundur getur ekki gefið slitastjórn fyrirmæli um ráðstafanir. Slitastjórn tekur ákvarðanir sem hún telur réttar í þágu hagsmuna fjármálafyrirtækis. Oftast yrðu það ákvarðanir í þágu hagsmuna kröfuhafa, en slíkt er þó ekki algilt. Ef kröfuhafar telja að slitastjórn í heild eða einstakir menn í henni sinni ekki skyldum sínum eða brjóti rétt á þeim stendur þeim opið að neyta þeirra úrræða sem greinir í 76. gr. laga nr. 21/1991, þ.e. að bera sig upp við héraðsdómara með þeim hætti sem þar er greint. Slíkt getur endað með því að héraðsdómari víki slitastjórn eða einstökum mönnum úr henni með úrskurði og skipi þá nýjan í hans eða þeirra stað.

Þess ber einnig að geta að sérreglur í lögum kunna að leiða til annarrar niðurstöðu en hinar almennar reglur laga nr. 21/1991 miða að. Má hér t.d. nefna ýmis ákvæði laga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, nr. 46/2005, laga um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, nr. 90/1999, og V. kafla laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007. Lögskýringarreglur mundu almennt leiða til þeirrar niðurstöðu að sérreglurnar yrðu taldar gilda framar hinum almennu reglum, en þó verður að meta hvert einstakt tilvik og taka afstöðu til þess hvaða réttarheimild gildi um úrlausn þess og hvernig henni eigi að beita.

Í 1. mgr. er, eins og fyrr greinir, lagt til að sömu reglur og er að finna í lögum nr. 21/1991 gildi um gagnkvæma samninga fjármálafyrirtækis og kröfur á hendur því að öðru leyti. Gerð er tillaga um mikilvægt frávik frá þessum reglum, þ.e. að úrskurður héraðsdómara um slit fjármálafyrirtækis leiði ekki sjálfkrafa til þess að kröfur á hendur því falli í gjalddaga. Ástæða þessa fráviks er sú að til slitameðferðar getur komið þótt félag sé ekki þannig statt fjárhagslega að eignir þess séu minni en skuldir og því ekki útilokað að starfsemi þess verði fram haldið á meðan á slitameðferð stendur. Á hinn bóginn ber að hafa í huga að þessi regla breytir ekki ákvæðum 99. gr. laga nr. 21/1991 um að heildarfjárhæð einstakra krafna skuli miðast við þann tíma sem fyrirtæki er tekið til slitameðferðar og 114. gr. sömu laga um að kröfur um vexti, verðbætur, gengismun og kostnað af innheimtu kröfu, sem falla til eftir upphaf slitameðferðar, skuli standa að baki öðrum kröfum.

Í 2. mgr. er lagt til að upphafsráðstafanir slitastjórnar verði að gefa út og fá birta innköllun vegna slitanna. Lagt er til að um þetta gildi sömu reglur og er að finna í lögum nr. 21/1991. Í því felst, sbr. 86. gr. þeirra laga, að senda þarf öllum erlendum kröfuhöfum, sem fjármálafyrirtæki veit hvar eru með heimili, tilkynningu um slitin og innköllun og birta auglýsingu ef talið er að kröfuhafar séu erlendis, en ekki er vitað hvar þeir eru eða hvernig verði náð til þeirra. Óhjákvæmilegt er að hafa þennan hátt á, þótt ljóst sé að stundum geti fjöldi erlendra kröfuhafa skipt hundruðum þúsunda. Ástæðurnar eru bæði þær að innköllun, eins og hér um ræðir, hefur það sem nefnt er „præklusiv“ áhrif, sbr. 118. gr. laga nr. 21/1991, þ.e. ef kröfu er ekki lýst innan kröfulýsingarfrests kemur hún ekki til álita við slitin og oftast þýðir það

að kröfuhafinn glatar öllum möguleikum á að fá fullnustu hennar í heild eða að hluta af eignum fjármálafyrirtækis. Auk þess mundi önnur regla fela í sér brot á jafnfræði í garð erlendra kröfuhafa, en slíkt færi í bága við eitt þeirra meginsjónarmiða sem tilskipun 2001/24/EB er reist á. Þá verður ekki séð að það sé viðurhlutameira fyrir fjármálafyrirtæki að annast sendingu slíkrar tilkynningar um innköllun en önnur fyrirtæki sem hafa mikinn fjölda viðskiptamanna erlendis. Um efni innköllunar og fresti gilda sömu reglur og í lögum nr. 21/1991 og þarfnast það ekki skýringar.

Í 3. mgr. er lagt til að um rétthæð krafna, en til þess atriðis þarf slitastjórn að taka afstöðu, gildi sömu reglur og um kröfur á hendur þrotabúi, sbr. XVII. kafla laga nr. 21/1991. Tekið er þó fram að kröfur um innstæður samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, teljist jafnframt til krafna sem njóta rétthæðar skv. 1. og 2. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991. Er þetta í samræmi við þær breytingar á reglum um réttindaröð, sem gerðar voru með 6. gr. laga nr. 125/2008. Að öðru leyti þarfnast málsgreinin ekki skýringa.

Í 4. mgr. er lagt til að tiltekin ákvæði laga nr. 21/1991 gildi um meðferð krafna á hendur fjármálafyrirtæki við slit þess. Í þessu felst að dómsmál verður ekki höfðað á hendur fjármálafyrirtæki, sem er til slitameðferðar, heldur ber þeim sem telur sig eiga kröfu eða aðra hagsmuni að lýsa þeirri kröfu sinni og uni hann ekki þeirri afstöðu sem slitastjórn tekur til kröfunnar eða hagsmunanna getur hann borið þá kröfu undir héraðsdómara og síðan skotið úrskurði héraðsdómara til Hæstaréttar eftir reglum laga nr. 21/1991. Er mikilvægt að áréttað sé að réttur kröfuhafa til að leita úrlausnar dómstóla um kröfu sína og aðra hagsmuni á hendur fjármálafyrirtæki er tryggður með sama hætti og réttur þeirra sem telja sig eiga kröfu á hendur þrotabúi. Einnig er lagt til, eins og áður greinir, að sú regla gildi að sé kröfu ekki lýst innan kröfulýsingarfrests komi hún ekki til álita við greiðslu krafna við slitameðferðina. Í 5. mgr. segir að þegar kröfulýsingarfrestur sé á enda skuli slitastjórn leggja mat á hvort horfur séu á að eignir fjármálafyrirtækis nægi til að standa við skuldbindingar þess. Skal skýrsla um þetta mat lögð fram og kynnt á fyrsta kröfuhafafundi eftir lok kröfulýsingarfrests. Ákvæði þetta er nauðsynlegt vegna hagsmuna hluthafa eða stofnfjáreigenda, sbr. nánar 3. mgr. 8. gr. frumvarps þessa.

Í 6. mgr. er lagt til að lögfestar verði heimildir fyrir slitastjórn til þess að greiða, eftir lok kröfulýsingarfrests og eftir að hafa haldið kröfuhafafund og þar leitað afstöðu kröfuhafa svo sem við má búast, hluta krafna eftir þeim reglum sem er að finna í málsgreininni. Aðalatriðið er að slitastjórn verður að gæta jafnræðis milli kröfuhafa sem standa eins í réttindaröð og fara með kröfu sem hefur ekki verið endanlega hafnað. Í þessari málsgrein er einnig gerð tillaga um reglur, sem mundu veita einstökum kröfuhöfum, sem kjósa að losa sig út úr slitameðferðinni, t.d. gegn því að fá minna í sinn hlut en aðrir sem stæðu eins í réttindaröð mundu fá á síðari stigum, kost á þeirri leið. Ástæða þessarar tillögu er sú að kröfuhafar kunna að vera í mjög misjafnri stöðu. Sumir kröfuhafar gætu kosið að slitameðferðin tæki langan tíma á meðan reynt væri að fá sem hæst verð fyrir eignir fjármálafyrirtækis þannig að á endanum fengju þeir sem hæst hlutfall upp í kröfur sínar og stæðu jafnvel þannig að vígi að kröfur þeirra yrðu gerðar upp að fullu. Aðrir kröfuhafar kunna að vera í þeirri stöðu að þeir vilji fá greitt sem allra fyrst og mundu, ef það gengi eftir, sætta sig við að fá lægra hlutfall upp í kröfur sínar en þeir mundu fá við endanlegt uppgjör. Verður að telja að mikilvægt sé að lögfesta slíkt svigrúm fyrir slitastjórn til að taka tillit til mismunandi stöðu kröfuhafa að þessu leyti. Um þessa reglu er ástæða til að benda sérstaklega á að slitastjórn bæri eftir niðurlagsorðum 6. mgr. að líta til þess, ef til álita kæmi að greiða einstökum kröfuhöfum á þennan

hátt, að sá sem fengi greiðslu strax nyti sjálfur góðs af vöxtum af fénu upp frá því, á meðan aðrir kröfuhafar, sem vildu sýna biðlund, mundu ekki fá vexti af kröfum sínum, heldur aukna úthlutun upp í kröfurnar á síðari stigum. Jafnræðis væri þannig augljóslega ekki gætt milli til dæmis kröfuhafa, sem tæki nú þegar sem fullnaðargreiðslu á kröfu sinni fimmtung af fjárhæð hennar og annars kröfuhafa sem væri reiðubúinn að bíða árum saman eftir greiðslu sama eða lítillega hærra hlutfalls kröfu sinnar. Er þannig áskilið í lok 6. mgr. að slitastjórn megi því aðeins greiða einstökum kröfuhöfum eftir þessari sérreglu að víst megi telja að þeir séu þannig að fá minna í sinn hlut en hinir sem hyggjast bíða eftir því að meira verði úr eigum fjármálafyrirtækisins til að hærri greiðsla fáist upp í kröfur þeirra.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru gerðar tillögur að reglum um heimildir slitastjórnar til ráðstöfunar á hagsmunum fjármálafyrirtækis. Óhjákvæmilegt er að ætla slitastjórn rúmar heimildir í þessum efnum. Meginreglan um þær heimildir er sú að fara beri eftir reglum um bústjórn skiptastjóra við gjaldþrotaskipti samkvæmt lögum nr. 21/1991. Gerðar eru tillögur um nokkur frávik frá þeirri meginreglu og helgast þau fyrst og fremst af því að nauðsynlegt getur verið að slitameðferð taki lengri tíma en gjaldþrotaskipti þar sem lagt er fyrir skiptastjóra að hraða skiptum, sbr. 2. mgr. 122. gr. laga nr. 21/1991. Eins og áður hefur verið vikið að getur sá sem hefur uppi ágreining um ákvörðun eða ráðstöfun slitastjórnar borið þann ágreining undir héraðsdómara eftir reglum 3. mgr. 128. gr. laga nr. 21/1991.

Um skýringar á 1. mgr. vísast til þess sem segir að framan.

Í 2. mgr. er lagt til að lögfest verði ákvæði um að slitastjórn skuli hafa það markmið að fá sem mest fyrir eignir fjármálafyrirtækis. Er með þessu lagt til að veitt verði svigrúm til þess að slitameðferðin miði ekki fyrst og fremst að því að henni verði lokið sem fyrst. Ef slitastjórn metur það svo að hagsmunum kröfuhafa og/eða hluthafa (stofnfjáreigenda) sé betur borgið með því að ráðstafa réttindum sem fyrst í stað þess að bíða í þeirri von að síðar fáist meira verð fyrir þau getur hún tekið slíka ákvörðun. Tillögur þeirra sem hagsmuna hafa að gæta skipta auðvitað máli við mat á þessu. Slitastjórn er þó ekki bundin af samþykkt kröfuhafafundar um tiltekna ráðstöfun eða ráðstafanir. Minnt skal á að kröfuhafar gætu borið slíka ákvörðun slitastjórnar undir dómstóla, sbr. það sem segir að framan.

Í 3. mgr. er lagt til að slitastjórn boði til kröfuhafafundar í sama skyni og skiptastjóri boðar til skiptafundar. Af ákvæðum XIX. kafla laga nr. 21/1991 má sjá að þótt heimildir skiptastjóra til að ráðstafa hagsmunum þrotabús séu ríkar er ætlast til að hann kynni ákvarðanir sínar fyrir kröfuhöfum og leiti afstöðu þeirra eftir atvikum áður en hann tekur ákvarðanir, sbr. 2. mgr. 124. gr. laga nr. 21/1991. Þeir kröfuhafar sem kjósa að fylgjast með ákvörðunum og ráðstöfunum skiptastjóra hafa til þess rúma möguleika. Sömu skyldur hvíla á slitastjórn. Þá er lagt til að slitastjórn sé skylt, þegar horfur eru á að eignir fjármálafyrirtækis muni nægja fyrir skuldbindingum þess, að hafa samhliða kröfuhafafundum samráð við hluthafa (stofnfjáreigendur) til að kanna hug þeirra um ráðstöfun hagsmuna fyrirtækisins. Rökin eru þau sömu og áður er getið, þ.e. við þessar aðstæður eru virkir eigendahagsmunir í fyrirtækinu og eðlilegt að þeir, sem með þá fara, eigi sömu möguleika á að hafa áhrif á ráðstafanir sem hafa þýðingu fyrir þessa hagsmuni.

Í 4. mgr. er lagt til að þegar ekki er sýnt að eignir fjármálafyrirtækis muni nægja til að efna skuldbindingar þess að fullu megi krefjast riftunar á ráðstöfunum þess eftir sömu reglum og er að finna í XX. kafla laga nr. 21/1991.

Um 9. gr.

Í þessari grein er að finna tillögur að reglum um lok slitameðferðar. Samkvæmt því er lagt til að slitameðferð geti lokið með eftirfarandi hætti:

a. Þegar lokið er greiðslu viðurkenndra krafna á hendur fjármálafyrirtæki og ef þörf krefur búið að taka frá fé fyrir greiðslu umdeildra krafna:
   1. með því að fjármálafyrirtæki er afhent hluthöfum (stofnfjáreigendum) til umráða í því skyni að það taki upp starfsemi á ný, að uppfylltum tilgreindum skilyrðum, eða
   2. með því að hluthöfum (stofnfjáreigendum) eru greiddir út eignarhlutar þeirra af eftirstöðvum eigna. Lagt er til að sérregla gildi um ráðstöfun eigna sparisjóðs sem standa eftir þegar búið er að greiða stofnfjárhluta.
b. Þegar eignir fjármálafyrirtækis nægja ekki til fullrar greiðslu krafna, sem ekki hefur endanlega verið hafnað við slitameðferð:
   3. leitað nauðasamnings við kröfuhafa,
   4. krafist gjaldþrotaskipta á búi fjármálafyrirtækisins.

Ekki kemur fram í greininni hvað ætla megi að langan tíma taki að ljúka slitum með þeim hætti sem hér greinir. Ljóst er þó að slitameðferð sem lýkur eins og lýst er í a-lið tekur að jafnaði langan tíma. Á hinn bóginn er ekki útilokað að það taki slitastjórn skamman tíma að komast að niðurstöðu um að eignir fjármálafyrirtækis nægi ekki til greiðslu skulda þess og ekki séu neinar líkur til þess að nauðasamningur muni nást við kröfuhafa og því beri að óska strax eftir gjaldþrotaskiptum á búi fyrirtækisins. Mestu varðar þó að slitastjórn getur, einkum að höfðu samráði við kröfuhafa, hagað hraða starfa sinna eftir því sem hún telur hagsmunum kröfuhafa og eftir atvikum hluthafa (stofnfjáreigenda) best borgið.

Í 1. mgr. eru tillögur að reglum, sem miða við þær aðstæður sem getur í a-lið að framan, þ.e. þegar slitastjórn hefur lokið greiðslu allra viðurkenndra krafna og tekið frá fé til greiðslu krafna sem ágreiningur kann að standa um, eða þeir sem eiga ógreiddar kröfur samþykkja slík lok á slitameðferðinni. Sá möguleiki að fjármálafyrirtækið taki að nýju upp starfsemi og því sé kosin stjórn sem tekur við því úr hendi slitastjórnar er háður ýmsum skilyrðum. Í fyrsta lagi þarf að liggja fyrir skýr vilji hluthafa (stofnfjáreigenda), þ.e. samþykki þeirra sem fara með 2/3 hluta hlutafjár (stofnfjár). Í öðru lagi þarf að liggja fyrir samþykki Fjármálaeftirlitsins til þess að af þessu geti orðið. Í þriðja lagi, og það mundi Fjármálaeftirlitið ganga úr skugga um, þarf fjármálafyrirtækið að fullnægja öðrum skilyrðum laga til þess að geta hafið starfsemi, svo sem kröfum X. kafla laga nr. 161/2002 um eigið fé. Hinn möguleikinn er að slitastjórn greiði hluthöfum (stofnfjáreigendum) út eignarhlut þeirra samkvæmt frumvarpi til úthlutunar, sem ráðgert er að unnið sé eftir tilvitnuðum reglum laga nr. 21/1991, en með því væri fyrirtækinu slitið í bókstaflegum skilningi með úthlutun hreinnar eignar þess til eigenda. Sérregla um sparisjóði í þessu ákvæði er sama efnis og fyrirmæli 3. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að unnt sé að ljúka slitameðferð þótt ekki sé lokið greiðslu allra krafna, sem viðurkenndar hafa verið, ef þeir kröfuhafar sem í hlut eiga samþykkja það. Kröfuhafi kann að telja hagsmunum sínum betur borgið með því að eiga kröfuna áfram eftir að fjármálafyrirtæki hefur störf að nýju, t.d. vegna þess að hann hefur hug á að eiga áfram viðskipti við það. Er því nauðsynlegt að kveða í lögum á um þennan möguleika.

Í 3. mgr. er lagt til að slitameðferð geti lokið með því að slitastjórn leitar nauðasamnings við kröfuhafa fjármálafyrirtækisins. Fara nauðasamningsumleitanir eftir tilvitnuðum greinum í XXI. kafla laga nr. 21/1991 og um staðfestingu nauðasamnings fer eftir reglum IX. kafla laganna. Slitastjórn gegnir þeim störfum sem umsjónarmaður með nauðasamningsumleitun-

um gegnir að öðrum kosti. Ef nauðasamningur er staðfestur er lagt til að slitastjórn verði falið að fullnusta hann eftir efni hans. Gangi það eftir getur slitameðferðinni þá lokið samkvæmt því sem áður greinir, þ.e. eftir þeim kostum sem getur í a-lið að framan.

Í 4. mgr. er að finna tillögur að reglum sem gilda ef eignir fjármálafyrirtækis nægja ekki til að standa að fullu við skuldbindingar þess og slitastjórn telur sýnt að ekki verði forsendur til þess að leita nauðasamnings eftir 3. mgr. eða kröfu um staðfestingu hans hefur verið hafnað. Við þær aðstæður er lagt til að slitastjórn verði skylt að krefjast gjaldþrotaskipta á búi fjármálafyrirtækis. Lagt er til að kröfuhafi, sem fer með viðurkennda kröfu sem ekki hefur verið greidd, geti við framangreindar aðstæður einnig krafist þess að bú fjármálafyrirtækis verði tekið til gjaldþrotaskipta. Þá er lagt til að kröfuhafi geti ekki haft uppi slíka kröfu nema hann sýni fram á að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að koma gjaldþrotaskiptum fram, fremur en að fjármálafyrirtækið verði áfram til slitameðferðar.

Í 5. mgr. er lagt til að ef bú fjármálafyrirtækis verður tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt því sem segir í 4. mgr. verði ráðstafanir sem slitastjórn hefur gert látnar standa óraskaðar, þ.e. þeim verði ekki hnekkt með öðrum hætti en þeim sem greinir að framan. Þá er lagt til að innköllun til kröfuhafa, meðferð lýstra krafna o.fl., sem slitastjórn hefur annast standi óhögguð, en skiptastjóri sá, sem skipaður verður af héraðsdómara við gjaldþrotaskiptin fái þó birta auglýsingu í Lögbirtingablaði um töku bús fyrirtækisins til gjaldþrotaskipta.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Í greininni er lagt til að hluti ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 129/2008 falli brott, en í ákvæðinu er kveðið á um það að hafi heimild til greiðslustöðvunar verið veitt á grundvelli 2. mgr. 98. gr. laganna fyrir gildistöku laga nr. 129/2008, en fundur með lánardrottnum skv. 1. mgr. 13. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. hefur enn ekki farið fram, sé héraðsdómara heimilt að fenginni rökstuddri beiðni skuldara að fresta þegar ákveðinni fyrirtöku en þó ekki til lengri tíma en kveðið er á um í 1. málsl. 3. mgr. 98. gr. laganna.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Hér er kveðið á um að ef Fjármálaeftirlitið hefur fyrir gildistöku laganna skipað skilanefnd á grundvelli 5. gr. laga nr. 125/2008 og sú skilanefnd er enn að störfum og fyrirtækið hefur ekki fengið heimild til greiðslustöðvunar verður skilanefndin sjálfkrafa bráðabirgðastjórn í fyrirtækinu í skilningi ákvæða 100. gr. a, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Hér er kveðið á um það hvernig fara skuli með fjármálafyrirtæki sem njóta greiðslustöðvunar við gildistöku laganna. Fyrsta sérreglan sem gildir um þau fyrirtæki er að heimild þeirra til greiðslustöðvunar skal haldast þrátt fyrir gildistöku laganna. Lagt er til að hægt verði að framlengja heimild til greiðslustöðvunar til samræmis við 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins, en þar kemur fram að gagnvart umræddum fyrirtækjum skuli ákvæði 3. mgr. 98. gr. laga um fjármálafyrirtæki halda gildi sínu. Því má héraðsdómari framlengja greiðslustöðvun fjármálafyrirtækjanna í allt að 24 mánuði frá því þinghaldi þegar heimild var veitt. Heimild til framlengingar greiðslustöðvunar skal veitt án tillits til ákvæða 4. og 6. tölul. 2. mgr. 12. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Í 2. tölul. ákvæðisins er kveðið á um það að við greiðslustöðvun fjármálafyrirtækja sem fengið hafa heimild til greiðslustöðvunar við gildistöku laganna skulu beita ákvæðum 1. mgr. 101. gr., 102. gr., 103. gr. og 103. gr. a laganna, sbr. 1. mgr. 6. gr., 7. gr., 8. gr. og 9. gr. frumvarpsins eins og fyrirtækið hefði verið tekið til slita með dómsúrskurði á þeim degi sem frumvarp þetta verður að lögum.

Slitameðferð skal þó áfram kennd við heimild til greiðslustöðvunar svo lengi sem heimildin stendur. Þegar heimildin fellur niður fer fjármálafyrirtæki sjálfkrafa og án sérstaks dómsúrskurðar í slitameðferð eftir almennum reglum, að teknu tilliti til 3. og 4. tölul. þessa ákvæðis. Ákvæði IV. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. gilda ekki um greiðslustöðvun fyrirtækja sem falla undir ákvæðið.

Í 3. tölul. ákvæðisins er lagt til að skilanefnd fjármálafyrirtækis sem fengið hefur heimild til greiðslustöðvunar og Fjármálaeftirlitið hefur skipað fyrir gildistöku laga þessara skuli halda áfram störfum og nota heitið skilanefnd. Skal skilanefndin gegna því hlutverki sem slitastjórn er ætlað í 3. mgr. 9. gr., 2. málsl. 4. mgr. 101. gr., 1. málsl. 5. mgr. 102. gr. og 1.–3. mgr. 103. gr. laganna, sbr. 1., 6., 7. og 8. gr. frumvarpsins. Ef sæti skilanefndar manns losnar eftir að frumvarp þetta verður að lögum skal Fjármálaeftirlitið skipa mann til að taka við því nema það þyki óþarft með tilliti til þeirra verkefna sem nefndin á enn ólokið.

Í 4. tölul. ákvæðisins segir að til að sinna öðrum verkefnum en þeim sem falin eru skilanefnd í 3. tölul. skuli héraðsdómari skipa fyrirtækinu slitastjórn samkvæmt fyrirmælum 1. og 3. málsl. 4. mgr. 101. gr. laganna, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Skal héraðsdómari skipa slitastjórn að fenginni skriflegri beiðni skilanefndar. Í slíkri slitastjórn tekur sjálfkrafa sæti sá sem gegnir starfi aðstoðarmanns fjármálafyrirtækisins við greiðslustöðvun og heldur hann því sæti þó að greiðslustöðvun ljúki.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Þá er lagt til að frestdagur ráðist með þeim hætti sem greint er í ákvæði til bráðabirgða III og er því þegar kominn frestdagur við meðferð þeirra þriggja fjármálafyrirtækja sem nú hafa fengið heimild til greiðslustöðvunar.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Hér er lagt til að hluti núgildandi 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 haldi gildi sínu, en því ákvæði var bætt í lögin með setningu laga nr. 125/2008. Sá hluti gerir ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið geti, að uppfylltum tilgreindum skilyrðum, sjálft haft frumkvæði að því að koma fjármálafyrirtæki til slitameðferðar. Þær reglur, sem er að finna í þessu frumvarpi, miða á hinn bóginn við að fjármálafyrirtækið sjálft hafi frumkvæði að því að slitameðferð eigi sér stað. Er nauðsynlegt að halda í gildi um sinn eldri reglum, sem er að finna í þessu bráðabirgðaákvæði, en miðað er hér við að þær falli úr gildi í árslok 2009. Verði talið nauðsynlegt að reglur af þessum toga standi í lögum til frambúðar verður að taka það til sérstakrar skoðunar og gera þá viðeigandi breytingar á lögum nr. 161/2002 áður en þetta bráðabirgðaákvæði rennur skeið sitt á enda.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 16/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til víðamiklar breytingar á XII. kafla laganna er fjallar um endurskipulagningu fjárhags fjármálafyrirtækja, slit þeirra og samruna við önnur fjármálafyrirtæki. Meginatriði þessa frumvarps er það að lagt er til að settar verði nýjar reglur um slitameðferð fjármálafyrirtækja en í því felst að gert er ráð fyrir að tiltekin fjármálafyrirtæki hafi sjálf frumkvæði að slíkri slitameðferð. Í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins er þó lagt til að Fjármálaeftirlitið geti einnig haft frumkvæði að því að taka yfir ráð fjármálafyrirtækis. Þá er í frumvarpinu lagt til að um slitameðferð gildi sambærilegar reglur og gilda um gjaldþrotaskipti. Gert er ráð fyrir að skipuð verði slitastjórn sem hafi um flest sömu heimildir og skiptastjóri þrotabús en þar gildir þó sú aðalregla að slitastjórn skal hafa það að markmiði að fá sem mest fyrir eignir fjármálafyrirtækis. Kostnaður vegna starfa þessarar nefndar verður greiddur af þeim fyrirtækjum sem eru í skiptameðferð.

Í lokamálsgrein 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 125/2008, er kveðið á um að ríkissjóður beri ábyrgð á kostnaði af framkvæmd aðgerða Fjármálaeftirlitsins á grundvelli ákvæðisins, þar með talið skiptakostnaði ef til slíks kostnaðar stofnast. Þar sem skilanefndir gömlu bankanna þriggja voru skipaðar á grundvelli þessa ákvæðis hefur ríkissjóður borið kostnað af störfum þeirra að því leyti að ríkið hefur greitt laun skilanefndarmannanna, en ekki annan kostnað. Með lögum nr. 129/2008 var lögfest heimild fyrir fjármálafyrirtæki til að óska eftir heimild til greiðslustöðvunar í allt að 24 mánuði. Hefur verið litið svo á að ríkissjóði bæri að greiða kostnað við störf skilanefndanna á meðan fjármálafyrirtæki hefði heimild til greiðslustöðvunar. Í frumvarpinu er kveðið á um að þau þrjú fjármálafyrirtæki sem skipaðar hafa verið skilanefndir í fái ákveðnar heimildir sem fjármálafyrirtæki hafa almennt við slit. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að fyrirtækin geti verið í greiðslustöðvun út 24 mánaða tímabilið og færist eftir það sjálfkrafa yfir í slitameðferð. Kveðið er á um það í frumvarpinu að kostnaður vegna starfsemi fjármálafyrirtækja í greiðslustöðvun og slitum, þ.m.t. kostnaður af störfum skilanefnda, skuli eftir gildistöku laganna greiðast af viðkomandi fjármálafyrirtæki, en ekki úr ríkissjóði. Kostnaður vegna skilanefndanna hefur fram að þessu verið um 45 m.kr. á mánuði sem hafa verið greiddar af ríkissjóði. Miðað við þann kostnað og að skilanefndirnar hefðu starfað til loka tímabils heimilaðrar greiðslustöðvunar má gera ráð fyrir að fjármálafyrirtækin beri sjálf allt að 855 m.kr. sem að öðrum kosti hefðu getað fallið á ríkissjóð. Verði frumvarpið óbreytt að lögum má því gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs á árunum 2009 og 2010 gætu orðið lægri sem því nemur en ekki hafði verið gert ráð fyrir þeim útgjöldum í gildandi fjárlögum.

694. Nefndarálit [357. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Guðrúnu Þorleifsdóttur, lögfræðing í iðnaðarráðuneyti.

Markmið frumvarpsins er að innleiða nýjan staðal um atvinnugreinaflokkun fyrir álagningu iðnaðarmálagjalds þannig að í stað ÍSAT 95 staðalsins komi ÍSAT2008. Í frumvarpinu er lögð til ein breyting af tæknilegum toga. Að öðru leyti eru ekki gerðar efnisbreytingar á álagningunni og óbreytt hvaða atvinnustarfsemi er gjaldskyld.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Einar Már Sigurðarson og Björk Guðjónsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. mars 2009.

Katrín Júlíusdóttir, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Eygló Harðardóttir.
Helgi Hjörvar.	Herdís Þórðardóttir.	Kristján Þór Júlíusson.

Grétar Mar Jónsson.

695. Frumvarp til laga [410. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

1. Þrátt fyrir ákvæði 3. málsl. 3. mgr. B-liðar 68. gr. laganna skulu viðmiðunarfjárhæðir, sem þar eru tilgreindar, vera 692.955, 909.702 og 1.126.447 við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2009 vegna tekna og eigna á árinu 2008.
2. Þrátt fyrir ákvæði 10. og 12. málsl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. laganna skulu viðmiðunarfjárhæðir, sem þar eru tilgreindar, vera 237.446, 305.374, 392.667 og 865 við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2009 vegna tekna og eigna á árinu 2008.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til afturvirkar breytingar á lögum um tekjuskatt er varða hækkun á viðmiðunarfjárhæðum vaxtabóta. Vegna breytinga á gengi og aukinnar verðbólgu eftir hrun bankakerfisins og þess efnahagsvanda sem kom í kjölfarið hefur vaxtabyrði heimilanna vaxið gríðarlega. Hér er um að ræða einskiptisaðgerð sem ætlað er að létta undir með heimilum landsins við álagningu á árinu 2009 vegna tekna ársins 2008. Frumvarpið gerir ráð fyrir að hámarksupphæð greiddra vaxta, svo og vaxtabótanna sjálfra, hækki um 25%, til viðbótar við 5,7% sem gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga 2009 eða samtals um 32% frá því sem gilti við síðustu álagningu á árinu 2008. Ekki er gert ráð fyrir öðrum breytingum á útreikningi vaxtabóta. Gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs vegna úttektar séreignarlífeyrissparnaðar nýtist til þessarar hækkunar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að viðmiðunarfjárhæðum vaxtabóta á árinu 2009 vegna tekna og eigna ársins 2008 verði breytt og þær hækkaðar. Vegna breytinga á gengi og aukinnar verðbólgu eftir hrun bankakerfisins og þess efnahagsvanda sem í kjölfarið hefur komið, hefur vaxtabyrði heimilanna vaxið gríðarlega. Eins og fram kemur í athugasemd með frumvarpinu er hér um að ræða tímabundna aðgerð sem ætlað er að létta undir með heimilum landsins við álagningu á þessu ári. Frumvarpið gerir ráð fyrir að hámarksupphæð greiddra vaxta, svo og vaxtabótanna sjálfra, hækki um 25%, til viðbótar við 5,7% sem gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga 2009, eða samtals um 32% frá því sem gilti við síðustu álagningu á árinu 2008. Ekki er gert ráð fyrir öðrum breytingum á útreikningi vaxtabóta.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir því að útgjöld ríkissjóðs vegna vaxtabóta á þessu ári hækki um rúma 2 milljarða króna. Ekki er gert ráð fyrir þessum aukaútgjöldum í fjárlögum fyrir árið 2009.

696. Frumvarp til laga [411. mál]

um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að stofna opinbert hlutafélag, eignaumsýslufélag, sem hefur það að markmiði að eiga, endurskipuleggja og selja þjóðhagslega mikilvæg atvinnufyrirtæki í samræmi við tilgang þessara laga.

Þjóðhagslega mikilvægt atvinnufyrirtæki í lögum þessum er fyrirtæki sem sinnir svo mikilvægum almanna- eða öryggishagsmunum að stöðvun þess um lengri eða skemmri tíma mundi valda verulegri röskun í þjóðfélaginu öllu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er eftirfarandi:

a. að semja um kaup á eignarhlutum eða veðkröfum í þjóðhagslega mikilvægum atvinnufyrirtækjum sem þarfnast endurskipulagningar og eru í eigu ríkisbankanna eða annarra íslenskra fjármálafyrirtækja,
b. að vinna að fjárhagslegri endurskipulagningu umræddra atvinnufyrirtækja í samráði við aðra eigendur og kröfuhafa með það að markmiði að ekki þurfi að koma til rekstrarstöðvunar,
c. að vinna að frekari skipulagningu á rekstri slíkra atvinnufyrirtækja í samráði við aðra eigendur og kröfuhafa, t.d. með niðurlagningu eða sölu óhagkvæmra rekstrareininga, sameiningu fyrirtækja eða öðrum ráðstöfunum sem teljast nauðsynlegar til að koma slíkum fyrirtækjum sem fyrst í rekstrarhæft ástand,
d. að selja eignarhluti samkvæmt þessari grein með gagnsæjum hætti og í samræmi við gildandi lög,
e. að byggja upp heildstæða þekkingu innan félagsins til endurskipulagningar á fjárhags- og rekstrargrundvelli skuldsettra atvinnufyrirtækja.

3. gr.

Félagið skal vinna að markmiðum laga þessara með eins skilvirkum og skjótum hætti og aðstæður leyfa þannig að atvinnufyrirtækin verði sem fyrst sjálfbær og rekstrarhæf og geti starfað í samræmi við tilgang sinn.

Miða skal við að sala eignarhluta í atvinnufyrirtækjum sem félagið hefur eignast og orðin eru rekstrarhæf eigi sér stað um leið og markaðsaðstæður leyfa.

4. gr.

Fjármálaráðherra eða félag í eigu ríkissjóðs fer með eignarhlut ríkisins í eignaumsýslufélaginu. Fjármálaráðherra annast í samráði við viðskiptaráðherra undirbúning að stofnun eignaumsýslufélagsins.

5. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu hafa haldgóða menntun og sérþekkingu á fjármálum og rekstri fyrirtækja.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða. Þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum og lögum um fjármálafyrirtæki, hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða gjaldþrot.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga verulegra hagsmuna að gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega.

6. gr.

Að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands og aðila vinnumarkaðarins gerir stjórn félagsins tillögu til fjármálaráðherra til samþykktar um þau almennu viðmið sem leggja skal til grundvallar því að fyrirtæki geti talist þjóðhagslega mikilvægt í skilningi 2. mgr. 1. gr.

Á grundvelli 2. mgr. 1. gr. og samþykktra viðmiða í reglugerð skv. 1. mgr. 8. gr. tekur stjórnin ákvörðun um kaup á einstökum atvinnufyrirtækjum, enda rúmist kaupin innan fjárhags félagsins eins og hann verður ákvarðaður skv. 2. mgr. 7. gr.

7. gr.

Hlutafé félagsins við stofnun þess skal vera 20 millj. kr. og greiðast úr ríkissjóði.

Þriggja manna nefnd skipuð af fjármálaráðherra skal eigi síðar en tveimur mánuðum eftir stofnun félagsins leggja mat á heildarupphæð stofnfjár eða þörf fyrir aukningu þess miðað við áætlað umfang starfseminnar og árlega þörf félagsins fyrir rekstrarfé. Fjármálaráðherra, viðskiptaráðherra og Ríkisendurskoðun tilnefna einn fulltrúa hver.

8. gr.

Fjármálaráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð, m.a. um:

a. almenn viðmið um þjóðhagslega mikilvæg atvinnufyrirtæki skv. 1. mgr. 6. gr.,
b. framkvæmd sölu á eignarhlutum í atvinnufyrirtækjum.

9. gr.

Félagið skal hafa lokið störfum og því verið slitið eigi síðar en fimm árum frá stofnun þess.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna mikilvægis tiltekinna atvinnufyrirtækja fyrir íslenskt samfélag er nauðsynlegt að starfsemi þeirra raskist ekki þrátt fyrir aðsteðjandi erfiðleika. Með frumvarpi þessu er lagt til að fjármálaráðherra fái heimild til þess að stofna sérstakt opinbert hlutafélag um eignaumsýslu sem hafi þann tilgang að kaupa hluti í slíkum atvinnufyrirtækjum sem lent hafa í það miklum rekstrarerfiðleikum að hluti atvinnufyrirtækis eða það allt er komið í eigu fjármálastofnana. Tilgangurinn með stofnun félagsins er að í því verði unnið að fjárhagslegri og

rekstrarlegri endurskipulagningu atvinnufyrirtækjanna með það að markmiði að gera þau sem fyrst rekstrarhæf. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að hér sé einungis um tímabundið úrræði að ræða enda gert ráð fyrir því að félögin verði seld um leið og markaðsaðstæður leyfa og félagið lagt niður þegar markmiðum þess hefur verið náð.

Frumvarpið er samið af starfshópi fjármála- og viðskiptaráðherra og byggist á fyrstu starfsáætlun nefndar um endurreisn fjármálakerfisins frá 5. febrúar sl. Þá hefur við vinnslu frumvarpsins verið horft til erlendra fyrirmynda, m.a. sænskra, en þekkt er að stofnað hafi verið til félaga af þessu tagi með góðum árangri. Aðferðafræðin er þannig kunn og alþjóðlega viðurkennd. Við samningu frumvarpsins var þó horft til þess að aðstæður hér á landi eru um margt ólíkar því sem var t.d. í sænska eignaumsýslufélaginu. Stærsti munurinn felst án efa í þeirri aðferðafræði sem beitt var hérlendis með setningu laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Vegna þeirrar ráðstöfunar á eignum og skuldum bankanna í nýja og gamla banka sem gert er ráð fyrir í þeim lögum eiga nýju bankarnir betri möguleika á að koma mun stærri hluta þeirra fyrirtækja sem eiga í vanda til aðstoðar en ella hefði verið. Af sömu ástæðum má gera ráð fyrir að megináherslan hjá félaginu verði að færa eignarhluti í atvinnufyrirtækjum inn í félagið en síður að færa lán eða kröfur yfir í slíkt félag. Með því næst fram aðskilnaður á eignarhaldi og bankastarfsemi þannig að félagið mun þurfa að semja við kröfuhafa á viðskiptalegum forsendum í samráði við aðra eigendur ef einhverjir eru og sú hlið málsins sem snýr að almennri bankastarfsemi verður áfram hjá hlutaðeigandi fjármálastofnunum. Í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir þeim möguleika að félagið geti keypt tilteknar kröfur eða veðskuldir ef þannig aðstæður skapast að slíkt sé metið nauðsynlegt.

Ekki er ætlunin að eignaumsýslufélag sem þetta kaupi öll atvinnufyrirtæki sem fjármálastofnanir eignast eða allar kröfur þeirra. Samkvæmt lauslegri könnun starfshópsins sem vann að samningu þessa frumvarps virðast allir ríkisbankarnir hafa komið sér upp vel skilgreindum verkferlum til að koma atvinnufyrirtækjum í erfiðleikum til aðstoðar með endurskipulagningu. Gera má ráð fyrir að sú þekking muni eflast til mikilla muna á næstu missirum vegna núverandi aðstæðna. Ríkisbankarnir hafa jafnframt komið sér upp sínum eigin eignaumsýslufélögum til að sinna slíkum verkefnum og má gera ráð fyrir að sama gildi um aðrar fjármálastofnanir. Því er lagt til að eignaumsýslufélag þetta sinni einungis þeim félögum sem teljast þjóðhagslega mikilvæg samkvæmt skilgreiningu frumvarpsins og ljóst er að endurskipulagningin verði það umfangsmikil og erfið að það íþyngi verulega almennri bankastarfsemi eða takmarki jafnvel getu fjármálafyrirtækjanna til að sinna endurskipulagningu annarra atvinnufyrirtækja.

Erfitt er að skilgreina í lagatexta með fullnægjandi hætti hvað telst þjóðhagslega mikilvægt atvinnufyrirtæki. Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er þó gert ráð fyrir að slíkt fyrirtæki sinni svo mikilvægum almanna- eða öryggishagsmunum að stöðvun þess um lengri eða skemmri tíma valdi verulegri röskun í þjóðfélaginu öllu. Með almannahagsmunum er átt við þá starfsemi atvinnufyrirtækja sem snúa að nauðsynlegum grunnþörfum samfélagsins eða eru mikilvægir hlekkir í innviðum þess. Með öryggishagsmunum er hér t.d. átt við starfsemi sem snýr að fæðuöryggi, fjarskiptum, flutningi fólks eða farms milli landa eða innan lands. Æskilegt er að félagið hafi frekari viðmið til að starfa eftir. Sú leið er því farin í frumvarpinu að lagt er til að stjórn félagsins að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands og aðila vinnumarkaðarins geri tillögu til fjármálaráðherra um nánari viðmið sem leggja skal til grundvallar því að fyrirtæki falli í þennan flokk atvinnufyrirtækja. Þegar slík hlutlæg viðmið hafa verið samþykkt gæfi fjármálaráðherra þau út í formi reglugerðar. Stjórn félagsins tæki síðan á grundvelli al-

mennra viðmiða reglugerðarinnar ákvörðun um hvaða einstök atvinnufyrirtæki falli undir skilgreininguna enda rúmist kaup slíks félags innan fjárhags félagsins. Miklu skiptir að félag sem þetta verði eins sjálfstætt í störfum sínum og unnt er.

Í frumvarpinu er gengið út frá því að félagið þurfi að vinna að þeim málum sem því er gert að sinna í samvinnu við aðra eigendur fyrirtækjanna, ef einhverjir eru, og kröfuhafa. Sama gildir um hugsanleg kaup á eignarhlutum fjármálastofnana í atvinnufyrirtækjum. Slík kaup ættu sér ávallt stað með samningaviðræðum og á grundvelli viðskiptahagsmuna en ekki með neins konar lögþvinguðum úrræðum. Byggt er á því sjónarmiði að það séu hagsmunir allra aðila að slík fyrirtæki geti haldið áfram starfsemi þrátt fyrir þá erfiðleikatíma sem nú eru og virði þeirra verði um leið hámarkað.

Þrátt fyrir að þörf kunni að vera á því að reka slík atvinnufyrirtæki til einhvers tíma eftir að endurskipulagningarvinnu er lokið er gert ráð fyrir að félaginu verði slitið innan fimm ára. Eðlilegt er að setja félagi sem þessu skýr tímamörk enda ekki ætlunin að slíkt félag reki rekstrarhæft atvinnufyrirtæki lengur en brýna nauðsyn ber til.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir heimild fyrir fjármálaráðherra til að stofna eignaumsýslufélag sem hefur það að markmiði að eiga, endurskipuleggja og selja þjóðhagslega mikilvæg atvinnufyrirtæki í samræmi við tilgang þessa frumvarps.

Í 2. mgr. er að finna skilgreiningu á því hvað telst þjóðhagslega mikilvægt atvinnufyrirtæki.

Um 2. gr.

Í greininni er megintilgangur félagsins reifaður.

Í a-lið kemur fram að félaginu sé heimilt að kaupa eignarhluti eða veðkröfur í þjóðhagslega mikilvægum atvinnufyrirtækjum af ríkisbönkunum eða öðrum íslenskum fjármálafyrirtækjum. Eins og frumvarpið er fram sett yrðu slík kaup ekki lögþvinguð heldur byggðust á frjálsum samningum félagsins við umræddar fjármálastofnanir. Gert er ráð fyrir að úrræðið kæmi helst til greina þegar ljóst væri að fjárhagsleg og rekstrarleg endurskipulagning atvinnufyrirtækisins væri það umfangsmikið verkefni að rétt þætti að hún færi fram í sérstöku félagi en ekki innan hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis. Sama gæti gilt þegar eigendur eða kröfuhafar eru margir, t.d. allir ríkisbankarnir og jafnvel önnur fjármálafyrirtæki og verulegt hagræði er af því að slík endurskipulagning sé á einni hendi.

Í b-lið kemur fram að félaginu er ætlað að vinna að fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra félaga sem undir það heyra með það að markmiði að ekki þurfi að koma til rekstrarstöðvunar. Í slíkri fjárhagslegri endurskipulagningu hlýtur eitt af meginmarkmiðunum að vera að semja við kröfuhafa um lán og skuldir félaganna. Ljóst er að aðstæður kunna í einhverjum tilvikum að vera með þeim hætti að eignaumsýslufélagið hafi einungis eignast tiltekinn hlut í fyrirtækjum. Þannig kann að vera að sá hlutur sem keyptur hefur verið á grundvelli a-liðar hafi orðið til með þeim hætti að bankarnir eða aðrar fjármálastofnanir hafi breytt hluta af kröfum sínum á hendur fyrirtæki í hlutafé en tiltekinn hluti fyrirtækisins sé enn í eigu fyrri eigenda eða annarra aðila. Þegar svo háttar til er gert ráð fyrir að endurskipulagning samkvæmt þessari grein verði í fullu samráði við aðra eigendur félagsins.

Í c-lið kemur fram að félagið hafi einnig á sinni hendi rekstrarlega endurskipulagningu þeirra félaga sem undir það heyra. Í frumvarpinu kemur fram að í rekstrarlegri endurskipu-

lagningu geti m.a. falist niðurlagning eða sala óhagkvæmra rekstrareininga, sameining fyrirtækja eða aðrar ráðstafanir sem teljast nauðsynlegar. Ljóst er að á tímum niðursveiflu í þjóðfélaginu og lágs eignaverðs er mikilvægt að eignaumsýslufélagið geti endurskipulagt þau félög sem undir það heyra með það að markmiði að aðlaga rekstur þeirra sem fyrst að núverandi markaðsaðstæðum. Í þessum lið er jafnframt gert ráð fyrir því að slík rekstrarleg endurskipulagning fari fram í samráði við aðra eigendur ef einhverjir eru og kröfuhafa. Markmið slíkrar rekstrarlegrar endurskipulagningar er að koma fyrirtækjunum sem fyrst í rekstrarhæft ástand.

Í d-lið er mælt fyrir um ráðstöfun þeirra eignarhluta sem félagið hefur eignast. Gert er ráð fyrir að slíkt ferli verði gegnsætt og í samræmi við þau lög sem gilda um opinber hlutafélög hverju sinni. Eðlilegt er að strax í upphafi liggi fyrir skýrar reglur sem verði öllum aðgengilegar um frekari tilhögun á ráðstöfun slíkra eignarhluta.

Að lokum er í e-lið mælt fyrir um að byggja skuli upp innan félagsins heildstæða þekkingu á endurskipulagningu á fjárhags- og rekstrargrundvelli skuldsettra atvinnufyrirtækja.

Um 3. gr.

Í greininni koma fram mikilvægar áherslur í rekstri opinbers eignaumsýslufélags sem þessa. Sérstaklega er áréttað að félagið þurfi að starfa með skilvirkum og skjótum hætti. Tilgangur félagsins verður að sinna fjárhagslegri og rekstrarlegri endurskipulagningu slíkra atvinnufyrirtækja en ekki að hafa atvinnurekstur inn með höndum lengur en brýna nauðsyn ber til.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að sala eignarhluta í atvinnufyrirtækjum sem orðin eru rekstrarhæf eigi sér stað um leið og markaðsaðstæður leyfa. Þegar atvinnufyrirtæki hefur verið endurskipulagt ráðstafar eignaumsýslufélagið eignarhlutnum með gegnsæjum hætti og í samræmi við lög. Það verður mat stjórnar félagsins hvenær markaðsaðstæður eru orðnar með þeim hætti að skilyrði eru fyrir sölu atvinnufyrirtækisins þannig að hámarka megi virði þess.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að fjármálaráðherra fari með hlut ríkissjóðs í eignaumsýslufélaginu. Er það í samræmi við fyrirkomulag varðandi eignarhald á fyrirtækjum í eigu ríkisins. Lagt er til að opnað verði á það að öðru félagi í eigu ríkisins verði falið eignarhald eignaumsýslufélagsins. Hér er t.d. átt við félag sem stofnað yrði til að halda utan um eignarhald ríkisbankanna eins og lagt hefur verið til í fyrstu starfsáætlun nefndar um endurreisn fjármálakerfisins. Þá er lagt til að fjármálaráðherra skuli undirbúa stofnun eignaumsýslufélagsins í samvinnu við viðskiptaráðherra.

Um 5. gr.

Lagt er til í greininni að í stjórn eignaumsýslufélagsins verði fimm aðalmenn auk tveggja varamanna.

Í 2. mgr. er kveðið á um hæfisskilyrði stjórnar og framkvæmdastjóra. Er talið nauðsynlegt með tilliti til hlutverks félagsins að framkvæmdastjóri og stjórn hafi góða menntun og sérþekkingu á sviði fjármála og reksturs fyrirtækja. Þá er lagt til það skilyrði að stjórnarmaður og framkvæmdastjóri skuli ekki hafa sætt skiptameðferð síðustu fimm ár áður en viðkomandi tók við starfi sínu. Einnig er tilskilið að menn hafi ekki á síðustu fimm árum gerst sekir um meiri háttar brot er tengjast atvinnurekstri. Fimm ára tímamarkið er í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki en gengur lengra en ákvæði hlutafélagalaga sem talið er eðlilegt

með tilliti til þeirrar ríku ábyrgðar sem í störfum stjórnar og framkvæmdastjóra felst. Í 4. mgr. er að finna reglur um þátttöku stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í málum sem tengjast þeim persónulega eða fjárhagslega og er ákvæðið sambærilegt því sem gildir um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja.

Um 6. gr.

Í greininni er að finna ákvæði er lúta að þeim viðmiðum sem lögð skulu til grundvallar því hvort fyrirtæki teljist þjóðhagslega mikilvæg og geti þannig fallið undir ákvæði laganna. Lagt er til að stjórn félagsins móti þau viðmið sem leggja skuli til grundvallar og fá umsögn Seðlabanka Íslands og aðila vinnumarkaðarins um þær tillögur. Að fenginni umsögn þeirra aðila gerir stjórn félagsins tillögu til fjármálaráðherra. Lagt er til að viðmiðin skuli birt opinberlega í reglugerð, enda mikilvægt að fyrir liggi með skýrum og opinberum hætti hvaða viðmið verði lögð til grundvallar. Með því er tryggt að starfsemi félagsins sé gegnsæ og öllum ljóst á hvaða grundvelli starfað er.

Í 2. mgr. er að finna umfjöllun um það með hvaða hætti félagið kaupi eignir inn í félagið. Lagt er til að stjórnin taki slíkar ákvarðanir á grundvelli hinna samþykktu almennu viðmiða sem liggja þá fyrir í reglugerð. Slík kaup þurfa þó alltaf að vera í samræmi við fjárhag félagsins á hverjum tíma, sbr. 2. mgr. 7. gr.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að hlutafé félagsins skuli við stofnun vera tuttugu milljónir króna.

Þá er í 2. mgr. lagt til að fjármálaráðherra skipi þriggja manna nefnd með fulltrúum fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar. Hlutverk nefndarinnar verður að leggja mat á fjárhagslega þörf félagsins og hver heildarfjárhæð stofnfjár skuli vera miðað við áætlaða starfsemi og árlega þörf fyrirtækisins fyrir rekstrarfé. Lagt er til að nefndin skili niðurstöðu eigi síðar en þremur mánuðum eftir stofnun félagsins.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til að útfæra með frekari hætti í reglugerð hvaða fyrirtæki teljist þjóðhagslega mikilvæg í skilningi laganna og almenn ákvæði um sölu á eignarhlutum félagsins í atvinnufyrirtækjum.

Um 9. gr.

Aðstæður þær sem nú eru uppi kalla á stofnun eignaumsýslufélags er getur tekið við tilteknum atvinnufyrirtækjum sem komin eru að hluta eða öllu í eigu fjármálastofnana. Þrátt fyrir að félagið geti haft eignarráð slíkra félaga um einhvern tíma er eins og áður sagði gert ráð fyrir því að hér sé einungis um tímabundið úrræði að ræða og miðað sé við að félögin verði seld um leið og því verður við komið. Til að leggja áherslu á þetta sjónarmið er í greininni lagt til að félaginu skuli slitið eigi síðar en fimm árum frá stofnun þess.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja.

Með frumvarpi þessu er óskað heimildar til handa fjármálaráðherra til þess að stofna eignaumsýslufélag. Gert er ráð fyrir að eignaumsýslufélagið sjái um endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja sem komin eru í rekstrarerfiðleika en eru talin skipta miklu máli fyrir íslenskt samfélag. Með þessu verði áframhaldandi starfsemi þeirra tryggð til framtíðar. Frumvarpið byggist á fyrstu starfsáætlun samráðsnefndar um endurreisn fjármálakerfisins. Samkvæmt frumvarpinu er félaginu heimilt að kaupa eignarhluti í þjóðhagslega mikilvægum atvinnufyrirtækjum sem þarfnast endurskipulagningar og eru komin í eigu ríkisbanka eða annarra fjármálafyrirtækja.

Tilgangur félagsins er samkvæmt frumvarpinu að sinna endurskipulagningu slíkra fyrirtækja, bæði fjárhags- og rekstrarlega, og að því loknu sjá um sölu fyrirtækjanna. Ekki liggur fyrir umfang starfsemi fyrirtækisins, meðal annars vegna þess að efnahagur ríkisbankanna liggur ekki endanlega fyrir og ekki er ljóst hver er fjöldi þeirra fyrirtækja sem gætu fallið undir starfsemi félagsins. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að sérstakri nefnd verði falið að leggja mat á fjárhagslegt umfang starfseminnar og þörf félagsins fyrir rekstrarfé. Það er fyrst þegar sú nefnd hefur lokið störfum að fyrir liggur mat á hugsanlegum kostnaði ríkisins við yfirtöku fyrirtækjanna.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum og ákvörðun tekin á grundvelli þeirra um að stofna félagið mun ríkissjóður leggja því til 20 m.kr. vegna stofnhlutafjár sem færist þá í efnahagsreikning ríkisins en ekki sem útgjöld í rekstrarreikning. Komi til þess að félagið hefji rekstur er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður verði borinn uppi af þeim félögum sem tekin verða til eignaumsýslu og að sá kostnaður falli því ekki á ríkissjóð.

697. Svar [319. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Helga Hjörvar um markað fyrir hvalkjöt.

1. *Hversu stór hefur markaður fyrir hvalkjöt verið í Japan frá árinu 1999, mælt í tonnum og skipt eftir árum?*

Samkvæmt opinberum upplýsingum er árlegt framboð á hvalkjöti um þessar mundir um 6.000 tonn, þar af koma 4.000 tonn vegna vísindaveiða og 2.000 tonn vegna strandveiða. Framboðið hefur aukist frá 1999 vegna aukinna vísindaveiða Japana. Árleg neysla er sveiflukennd milli ára. Ómögulegt er að segja nákvæmlega hversu stór markaðurinn er í raun þar sem honum er miðstýrt milli ára. Þess má þó geta að árið 1987, þegar veiðibanni IWC var komið á, var landað 14.500 tonnum af hvalkjöti í Japan.

2. Hvert hefur meðalverð á kílói af hvalkjöti verið í jenum, skipt eftir árum?

Ár	Tonn	Meðalverð í jenum
1999	2.141	2.236
2000	2.448	2.166
2001	2.618	1.944
2002	3.257	1.898
2003	3.380	1.926
2004	4.154	1.829
2005	5.559	1.309
2006	4.154	1.414
2007	4.050	1.485

Hafa verður í huga að verð ræðst einnig af því um hvaða hvalategund er um að ræða og af hvaða hluta hvalsins kjötið er. Sem dæmi getur verð á verðmætasta kjötinu verið 12.000 jen pr. kíló og allt niður í 600 jen pr. kíló fyrir ódýrustu bitana.

698. Nefndarálit [358. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, og lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ómar Þór Eyjólfsson og Valgerði Rún Benediktsdóttur frá viðskiptaráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að við lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi bætist ákvæði um heimild Fjármálaeftirlitsins til að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum sem byggjast á lögunum. Verði frumvarpið að lögum fellur brott sambærilegt ákvæði í lögum um verðbréfaviðskipti og mun stofnuninni þá heimilt að birta opinberlega niðurstöður í fleiri tilvikum en samkvæmt gildandi rétti þar sem heimildin er nú bundin við verðbréfaviðskipti.

Gert er ráð fyrir þeirri undantekningu að ekki verði birtar upplýsingar sem geta stefnt hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu eða geta valdið hlutaðeigandi aðilum tjóni sem telst ekki í eðlilegu samræmi við umrætt brot. Þá skal Fjármálaeftirlitið birta opinberlega þá stefnu sem það fylgir við framkvæmd birtingar.

Birgir Ármannsson, Höskuldur Þórhallsson og Árni M. Mathiesen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Alþingi, 10. mars 2009.

Álfheiður Ingadóttir, form., frsm.	Gunnar Svavarsson.	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Birkir J. Jónsson.	Jón Magnússon.

699. Þingsályktun [198. mál]

um íslenska málstefnu.

(Afgreidd frá Alþingi 12. mars 2009.)

Alþingi ályktar að samþykkja tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu sem opinbera stefnu í málefnum íslenskrar tungu.

Alþingi lýsir yfir stuðningi við það meginmarkmið tillagna Íslenskrar málnefndar að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.

700. Frumvarp til laga [412. mál]

um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraða, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „7.103“ í 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 7.534.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2009 vegna tekna ársins 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 431 kr. eða um 6,1% og nemi 7.534 kr. á hvern gjaldanda í stað 7.103 kr. samkvæmt gildandi lögum. Hækkunin er vegna verðlagsbreytinga á tímabilinu desember 2006 til desember 2007. Byggingarvísitalan hækkaði á þessu tímabili um 6,1%.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að breyting verði gerð á fjárhæð í lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 sem felur í sér að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði 7.534 kr. á hvern gjaldenda í stað 7.103 kr. Gjaldið kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga á hverju ári en sjóðurinn fær tekjur af gjaldinu sem skattstjórar leggja á skattskylda aðila á aldrinum 16–70 ára samkvæmt 1. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Gert er ráð fyrir að frumvarpið komi til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2009 vegna tekna ársins 2008. Hækkunin miðast við breytingu á byggingarvísitölu á tímabilinu desember 2006 til desember 2007 sem nemur 6,1%. Fjöldi gjaldenda á árinu 2009 er áætlaður 185.133. Áætlað er að tekjur Framkvæmdarsjóðs aldraðra hækki frá árinu 2008 um 91,6 m.kr. á greiðslugrunni en í fjárlögum 2009 eru heildartekjur sjóðsins alls 1.368,1 m.kr. Hækkunin á gjaldinu er í samræmi við þær forsendur sem gengið var út frá í fjárlögum 2009.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

701. Frumvarp til laga [413. mál]

um Bjargráðasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Bjargráðasjóður er sjálfstæð stofnun, að jöfnu í sameign ríkisins og Bændasamtaka Íslands. Eignaraðilar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins umfram árleg, óafturkræf framlög sín til hans skv. 5. gr.

Heimili og varnarþing Bjargráðasjóðs er í Reykjavík.

2. gr.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna stjórn Bjargráðasjóðs til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann stjórnar en tveir fulltrúar skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands. Varamenn eru jafnmargir og valdir af sömu aðilum.

3. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi stjórn hans, metur og tekur ákvarðanir um afgreiðslu umsókna og styrkveitinga úr báðum deildum sjóðsins.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og annað starfslið sjóðsins og ákveður kaup þess og kjör í samræmi við kjarasamninga. Heimilt er þó stjórninni að semja við Bændasamtök Ís-

lands eða aðra stofnun, sem henta þykir, um sameiginlega framkvæmdastjórn, skrifstofuhald og rekstur sjóðsins.

4. gr.

Bjargráðasjóður skiptist í tvær deildir, almenna deild og búnaðardeild. Halda skal bókhaldi hvorrar deildar um sig aðgreindu. Rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist úr almennri deild hans.

5. gr.

Árlegar tekjur Bjargráðasjóðs eru:

a. tekjur af búnaðargjaldi skv. 6. gr. laga um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum, og viðauka með þeim lögum,
b. framlag ríkissjóðs allt að 80 millj. kr. á ári eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum,
c. vextir af fé sjóðsins,
d. aðrar tekjur.

6. gr.

Tekjur sjóðsins skiptast þannig milli deilda:

a. í almenna deild sjóðsins rennur framlag ríkissjóðs skv. b-lið 5. gr., svo og vaxtatekjur sjóðsins,
b. í búnaðardeild rennur allt framlag skv. a-lið 5. gr.,
c. stjórn sjóðsins ákveður í hvora deild tekjur skv. d-lið 5. gr. renna.

7. gr.

Framlag ríkissjóðs greiðist með jöfnum, mánaðarlegum greiðslum.

Fjármálaráðherra stendur skil á hlut Bjargráðasjóðs í búnaðargjaldi í samræmi við 6. gr. laga um búnaðargjald, nr. 84/1997.

8. gr.

Hlutverk almennrar deildar sjóðsins er að veita einstaklingum og félögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar beint tjón af völdum náttúruhamfara:

a. á gjaldskyldum fasteignum samkvæmt skilgreiningu laga um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. lög um Fasteignaskrá Íslands, og girðingum, túnum og rafmagnslínum er tengjast landbúnaði,
b. á heyi sem notað er við landbúnaðarframleiðslu,
c. vegna uppskerubrests af völdum óvenjulegra kulda, þurrka, óþurrka og kals.

Ekki er bætt tjón sem nýtur almennrar tryggingaverndar eða hægt er að fá bætt með öðrum hætti, sbr. ákvæði laga um Viðlagatryggingu Íslands.

Ekki verður veitt fjárhagsaðstoð vegna tjóns ef ásetningi eða gáleysi eiganda eða umsjónarmanns verður um kennt, eðlilegar varnir ekki við hafðar og ef staðsetning hluta er óeðlileg með tilliti til tjónshættu.

Ekki verður veitt fjárhagsaðstoð vegna tjóns á stærri mannvirkjum, svo sem orku- og hafnamannvirkjum, sjóvarnagörðum, fiskeldismannvirkjum og skipasmíðastöðvum.

9. gr.

Hlutverk búnaðardeildar er að bæta meiri háttar tjón hjá einstaklingum og félögum vegna sjúkdóma, óvenjulegs veðurfars og slysa þegar ásetningi eða gáleysi eiganda eða umsjónarmanns verður eigi um kennt og eðlilegar varnir hafa verið við hafðar. Ekki er bætt tjón sem almennt er tryggt fyrir innan búgreinar eða hægt er að fá bætt með öðrum hætti, sbr. ákvæði laga um Viðlagatryggingu Íslands. Bætt er:

a. tjón á búfé og afurðum búfjár,
b. uppskerutjón.

Stjórn sjóðsins er enn fremur heimilt að styrkja fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir tjón sem Bjargráðasjóði ber að bæta. Hámark fyrirbyggjandi styrkja er 10% af ráðstöfunarfé hvers árs.

10. gr.

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins er fólgin í veitingu styrkja sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni í samræmi við fjárhag og stöðu sjóðsins. Stjórn sjóðsins leggur mat á styrkhæfni tjóns, ákveður styrkhlutfall og eigin áhættu tjónþola í tjóni. Styrkhlutfall og eigin áhættu er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða mismunandi eftir búgreinum og tegundum eigna og taka í því efni m.a. mið af tekjuskiptingu sjóðsins og rekstraráhættu hverrar búgreinar. Stjórn sjóðsins er heimilt að setja sér nánari vinnureglur um veitingu styrkja samkvæmt þessari grein.

Forsenda styrkveitinga úr sjóðnum er að skil hafi verið gerð á búnaðargjaldi í samræmi við ákvæði laga nr. 84/1997.

11. gr.

Nú er um að tefla almennt bótaskylt tjón í einu byggðarlagi eða fleirum og getur þá stjórn Bjargráðasjóðs skipað nefnd til þess að rannsaka tjónið og gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðstoð vegna þess.

Kostnaður vegna slíkra nefndarstarfa greiðist úr þeirri deild sjóðsins sem veitir aðstoð vegna tjónsins.

12. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu fullgerðir fyrir febrúarlok ár hvert. Sjóðstjórn felur löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga sjóðsins og skal endurskoðun að jafnaði lokið fyrir 30. apríl ár hvert. Endurskoðaðir og samþykktir ársreikningar skulu sendir eigendum sjóðsins.

13. gr.

Fé Bjargráðasjóðs, sem ekki hefur verið ráðstafað skv. 8.–11. gr., skal ávaxtað með sem tryggustum og hagkvæmustum hætti samkvæmt nánari ákvörðun stjórnarinnar.

Nú hrekkur fé annarrar hvorrar deildar sjóðsins eigi til að veita þá aðstoð sem nauðsyn krefur samkvæmt lögunum og að mati sjóðstjórnar og er þá sjóðstjórninni heimilt að lána fé milli deilda án vaxta. Einnig er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast nauðsynleg lán fyrir sjóðinn eða veita honum lán úr ríkissjóði gegn veði í eignum og tekjum sjóðsins. Stjórn sjóðsins er ekki heimilt að taka lán með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings.

14. gr.

Skuldabréf fyrir lánum, sem Bjargráðasjóður tekur samkvæmt ákvæðum laga þessara, skulu undanþegin stimpilgjöldum og ríkisábyrgðargjöldum.

15. gr.

Í reglugerð, sem stjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal setja nánari reglur um sjóðinn og starfsemi hans.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2009. Jafnframt falla úr gildi lög um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þar sem sveitarfélög koma ekki lengur að fjármögnun og starfsemi Bjargráðasjóðs með gildistöku laga þessara skal fara fram uppgjör á eignum og skuldbindingum sjóðsins í samræmi við ákvæði þetta. Stjórn sjóðsins stýrir uppgjöri á eignum og skuldbindingum sjóðsins og er henni heimilt að afla sérfræðiaðstoðar eftir því sem hún telur þörf á.

Samband íslenskra sveitarfélaga skal hafa forkaupsrétt að fasteign sjóðsins.

Að teknu tilliti til skuldbindinga Bjargráðasjóðs skal greiða úr almennri deild sjóðsins 1/3 af nettóeign sjóðsins í heild sem telst hluti sveitarfélaganna. Eignarhlutur sveitarfélaganna skal renna til Sambands íslenskra sveitarfélaga sem yfirtekur allar skuldbindingar vegna starfsmanna Bjargráðasjóðs, þar á meðal lífeyrisskuldbindingar.

II.

Réttur sveitarfélaga til styrkja úr sjóðnum fellur niður vegna tjóns sem verður frá og með 1. janúar 2009. Umsóknum vegna slíks tjóns skal skilað til sjóðsins eigi síðar en 30. júlí 2009. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar til greina við uppgjör sjóðsins.

Frá og með 1. janúar 2009 fellur niður lögbundin skylda sveitarfélaga til að standa sjóðnum skil á tekjum hans.

Miðað skal við að uppgjöri sjóðsins verði lokið fyrir árslok 2009.

III.

Umboð stjórnar sjóðsins sem skipuð var 29. desember 2006 fellur niður þegar lokið hefur verið við uppgjör á hlut sveitarfélaganna í samræmi við ákvæði til bráðabirgða I og II. Skal þá ráðherra hafa skipað nýja stjórn í samræmi við ákvæði 2. gr. laganna.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. er stjórn sjóðsins heimilt á árinu 2009 að ráðstafa fjármunum úr almennri deild sjóðsins til að draga úr hættu á uppskerubresti sem gæti leitt af sér óæskilegan samdrátt í búvöruframleiðslu.

Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um þessa sérstöku ráðstöfun, svo sem um skilyrði fyrir úthlutun og hve hárri fjárhæð skal varið til verkefnisins, en gæta skal þess að greiðslur á þessum grundvelli skerði ekki hlut sveitarfélaga í uppgjöri samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I og II.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á 135. löggjafarþingi 2007–2008 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um brottfall laga um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995, með síðari breytingum. Markmið þess frumvarps var að leggja niður Bjargráðasjóð og skipta hreinum eignum sjóðsins milli eigenda hans, þ.e. ríkisins, sveitarfélaganna og Bændasamtaka Íslands.

Í meginatriðum byggðist frumvarpið á samþykkt stjórnar Bjargráðasjóðs frá 12. nóvember 2007, þar sem lagt var til að unnið yrði að tillögum um breytingar á starfsemi og rekstri sjóðsins og í þeirri vinnu yrði tekið tillit til óska um að fjármögnun og rekstur sjóðsins verði færður frá sveitarfélögunum. Í samræmi við það voru unnar tillögur um með hvaða hætti eignum og skuldbindingum sjóðsins yrði skipt upp milli eigenda. Fyrirkomulagi í tryggingamálum landbúnaðarins yrði síðan vísað til umræðu á vettvangi Bændasamtaka Íslands og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

Framangreint frumvarp var ekki samþykkt á Alþingi og í framhaldi af því var ákveðið að fara yfir efnisatriði frumvarpsins á nýjan leik, einkum vegna ábendinga og athugasemda frá Bændasamtökum Íslands. Er nú lagt til í frumvarpi þessu að Bjargráðasjóður starfi áfram en sveitarfélögin hætti aðkomu að sjóðnum og fái greiddan út eignarhlut sinn.

I.

Bjargráðasjóður Íslands var stofnaður með lögum nr. 45/1913 í þeim tilgangi að koma til hjálpar landsmönnum í hallæri eða til að afstýra því. Í 1. gr. laganna er hallæri skilgreint svo að sveitarfélag verði svo illa statt að það megni ekki af eigin rammleik að forða mönnum og skepnum við harðrétti eða felli. Á þeim tíma gátu búfjárfellir og önnur áföll í landbúnaði haft í för með sér mjög alvarlegar afleiðingar fyrir íbúa sveitarfélaganna. Var stjórn sjóðsins m.a. falið það hlutverk að hafa vakandi auga á öllum hallærishættum og veita landsstjórninni lið til allra framkvæmda sem miðuðu að því að afstýra hallæri. Skylt var að setja sérstaka bjargráðasamþykkt fyrir hverja sýslu eða kaupstað. Skv. 12. gr. laganna átti hvert hérað tilkall til að ráðstafa séreign sinni í bjargráðasjóðnum til útbýtingar samkvæmt bjargráðasamþykkt sinni. Dygði séreignin ekki til forðatryggingar eða hjálpar í hallæri var heimilt að veita því héraði vaxtalaust bráðabirgðalán af sameignarfé sjóðsins gegn veði í bjargráðagjaldi héraðsins.

Gildandi lög um Bjargráðasjóð eru nr. 146/1995, með síðari breytingum, og hefur á grundvelli þeirra verið sett reglugerð nr. 30/1998. Hlutverk sjóðsins hefur tekið verulegum breytingum frá stofnun hans enda hafa sveitarfélögin og aðrir opinberir aðilar ríkar skyldur til að mæta áföllum sem dunið geta á landsmönnum. Má sem dæmi nefna að sett hafa verið lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, Viðlagatryggingu Íslands, Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga og Atvinnuleysistryggingasjóð. Fjölmörg úrræði sem ekki voru til staðar við setningu upphaflegra laga um Bjargráðasjóð eru því fyrir hendi til að bæta áföll sem einstök landsvæði kunna að verða fyrir, m.a. í landbúnaði. Möguleikar til töku margvíslegra trygginga á frjálsum markaði hafa einnig stóraukist og það hafa atvinnurekendur og einstaklingar nýtt sér í ríkum mæli.

Þróun í landbúnaði og ákvarðanir einstakra búgreinafélaga hafa leitt til þess að iðgjöld til Bjargráðasjóðs hafa farið lækkandi og tilteknar búgreinar hafa kosið að hætta aðild að sjóðnum. Mestu munar nú að það hefur verið eindregin afstaða félagsmanna í Landssambandi kúabænda að búgreinin hætti þátttöku í búnaðardeild Bjargráðasjóðs. Aðrar búgreinar, t.d. hrossarækt, eiga aðild að sjóðnum en greiðslur til Bjargráðasjóðs virðast ekki vera í samræmi við þróun og umfang í þeirri búgrein. Ýmsar nýjar búgreinar sem nú eru stundaðar, svo sem

skógrækt og kornrækt, eiga ekki aðild að sjóðnum. Jafnframt eru skiptar skoðanir um það innan einstakra búgreina sem ennþá eiga aðild að Bjargráðasjóði hvort þeirri aðild verði haldið áfram. Smám saman hefur því verið að fjara undan starfsemi búnaðardeildar sjóðsins að frumkvæði landbúnaðarins eða vegna ákvarðana einstakra búgreinafélaga.

II.

Tekjustofnar Bjargráðasjóðs eru framlög ríkisins samkvæmt fjárlögum hverju sinni, árleg íbúaframlög sveitarfélaga sem bundin eru vísitölu neysluverð og hlutdeild í búnaðargjaldi af söluvörum landbúnaðarins. Jafnframt eru tekjur af vöxtum sjóðsins af eigin fé. Tekjur sjóðsins skiptast í samræmi við 6. gr. laganna þannig að í almenna deild sjóðsins renna 75% af framlögum sveitarfélaga og jafnhá fjárhæð af framlagi ríkissjóðs og vaxtatekjur sjóðsins en í búnaðardeild sjóðsins rennur hlutdeild í búnaðargjaldi, 25% af framlögum sveitarfélaga og sá hluti framlags ríkissjóðs sem ekki rennur til almennrar deildar.

Framlög sveitarfélaga eru bundin vísitölu neysluverðs og voru árið 2007 131,91 kr. á íbúa eða samtals 40,5 millj. kr. Framlag ríkissjóðs er ákveðið á fjárlögum hverju sinni og hefur það verið 10 millj. kr. undanfarin ár. Hlutdeild í búnaðargjaldi var 0,6% frá 1972 til 1995, en hefur síðan farið lækkandi og voru tekjur sjóðsins af því 27,4 millj. kr. árið 2007.

Greiðsluframlög sveitarfélaganna til Bjargráðasjóðs hafa í tímans rás þróast þannig að líta má á þau sem beinan stuðning eða styrk við hluta einnar atvinnugreinar í landinu þrátt fyrir að mikilvægi landbúnaðar sem atvinnugreinar sé allt annað og minna en í upphafi 20. aldar. Hefur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga bent á að verkefni Bjargráðasjóðs er ekki sveitarstjórnarmál heldur atvinnumál og því sé eðlilegt að ráðuneyti landbúnaðarmála fari með málefni sjóðsins í samvinnu við Bændasamtökin. Má benda á að u.þ.b. 2/3 hlutar framlaga sveitarfélaga til sjóðsins koma frá íbúum á höfuðborgarsvæðinu en þar er landbúnaður nánast enginn. Þær tilteknu búgreinar sem tekið hafa ákvörðun um að greiddur skuli hluti búnaðargjalds til sjóðsins af framleiðslu greinanna hafa notið þessa stuðnings. Lögbundin framlög sveitarfélaganna á grundvelli laga nr. 146/1995 hafa því vakið ýmsar spurningar, m.a. um jafnræði og samkeppnisstöðu einstakra atvinnugreina og hvort rétt sé að sveitarfélögum sé skylt samkvæmt lögum að styðja eina atvinnugrein umfram aðrar.

III.

Bjargráðasjóður skiptist í tvær deildir, almenna deild og búnaðardeild. Hlutverk almennrar deildar sjóðsins er að veita einstaklingum, félögum og sveitarfélögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar bein tjón af völdum náttúruhamfara, sbr. 8. gr. laganna. Ekki eru bætt tjón sem njóta almennrar tryggingaverndar eða hægt er að fá bætt með öðrum hætti, sbr. ákvæði laga um Viðlagatryggingu Íslands. Ekki er veitt fjárhagsaðstoð vegna tjóns ef ásetningi eða gáleysi eiganda eða umsjónarmanns verður um kennt, eðlilegar varnir ekki við hafðar og ef staðsetning hluta er óeðlileg með tilliti til tjónahættu. Ekki er veitt fjárhagsaðstoð vegna tjóna á stærri mannvirkjum svo sem orku- og hafnamannvirkjum, sjóvarnagörðum, fiskeldismannvirkjum og skipasmíðastöðvum.

Hlutverk búnaðardeildar er að bæta meiri háttar tjón hjá einstaklingum og félögum vegna sjúkdóma, óvenjulegs veðurfars og slysa þegar ásetningi eða gáleysi eiganda eða umsjónarmanns verður eigi um kennt og eðlilegar varnir hafa verið við hafðar, sbr. 9. gr. laganna. Ekki eru bætt tjón sem almennt er tryggt fyrir innan búgreinar eða hægt er að fá bætt með öðrum hætti, sbr. ákvæði laga um Viðlagatryggingu Íslands. Búnaðardeild bætir tjón á búfé og afurðum búfjár og uppskerutjón á garðávöxtum. Stjórn sjóðsins er enn fremur heimilt að

styrkja fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir tjón sem honum bæri annars að bæta. Hámark fyrirbyggjandi styrkja er 10% af ráðstöfunarfé hvers árs. Forsenda styrkveitinga úr búnaðardeild sjóðsins er að skil hafi verið gerð á búnaðargjaldi í samræmi við ákvæði laga um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum.

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins er fólgin í veitingu styrkja sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni í samræmi við fjárhag og stöðu sjóðsins. Stjórn sjóðsins leggur mat á styrkhæfni tjóna, ákveður styrkhlutfall og eigin áhættu tjónþola í tjóni. Styrkhlutfall og eigin áhættu er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða mismunandi eftir búgreinum og tegundum eigna og taka í því efni m.a. mið af tekjuskiptingu sjóðsins og rekstraráhættu hverrar búgreinar.

Hlutverk almennrar deildar sjóðsins hefur minnkað verulega frá því að Bjargráðasjóði var komið á fót. Greidd eru iðgjöld til Viðlagatryggingar, sbr. lög nr. 55/1992, m.a. af ýmsum mannvirkjum sveitarfélaga og einstaklinga sem áður voru ótryggð, og ofanflóðasjóður er einnig starfræktur, sbr. lög nr. 49/1997. Komið hefur því verið á meiri tryggingavernd vegna tjóna af völdum náttúruhamfara sem áður var ekki til staðar. Möguleikar til töku margvíslegra trygginga á frjálsum markaði hafa stóraukist og það hafa atvinnurekendur og einstaklingar nýtt sér í ríkum mæli. Tjón vegna uppskerubrests af völdum kals í túnum hafa þó verið greidd úr almennri deild sjóðsins. Þegar mikil tjón hafa orðið af völdum kals hefur ríkissjóður greitt sérstök framlög til sjóðsins til að mæta þeim áföllum.

IV.

Á undanförnum árum hefur verið umræða um að leggja Bjargráðasjóð niður og að tryggingar taki við hlutverki hans. Aðalástæður þessara umræðna eru sennilega þær að tjón eru ekki bætt að fullu og eigin áhætta tjónþola hefur hækkað á liðum árum. Nokkrar kannanir hafa verið gerðar á undanförnum árum á bótakerfi sjóðsins og það borið saman við tryggingar sem í boði eru hjá tryggingafélögum. Vandinn hefur einkum verið sá að ekki eru til tryggingar sem eru fyllilega sambærilegar við bótareglur Bjargráðasjóðs. Enn fremur hefur verið litið svo á að ekki væri unnt að koma á slíku tryggingakerfi á almennum markaði á meðan sjóðurinn er starfræktur. Á hinn bóginn er ljóst að tryggingafélögin bjóða tryggingar af ýmsu tagi sem Bjargráðasjóður hefur ekki gert, svo sem sérstakar brunatryggingar og rekstrarstöðvunartryggingar. Með breyttum búskaparháttum og stærri búum hafa æ fleiri bændur keypt slíkar tryggingar.

Á fundi stjórnar Bjargráðasjóðs 7. desember 2005 var samþykkt að gera úttekt á framtíðarhlutverki sjóðsins og tryggingum í landbúnaði í samráði við Bændasamtök Íslands. Úttektin verði unnin af sérfróðum aðilum á sviði trygginga, laga og búrekstrar í samráði við áðurnefnda aðila. Í framhaldi af því samþykkti stjórn Bjargráðasjóðs 2. mars 2006 að skipa nefnd til að fjalla um framtíðarhlutverk sjóðsins í samráði við stjórnarmenn. Óskað var tilnefningar í nefndina frá Bændasamtökum Íslands, félagsmálaráðuneytinu, landbúnaðarráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Að frumkvæði nefndarinnar var 22. júní 2007 gerður samningur við ráðgjafarfyrirtækið ParX um að kanna viðhorf hagsmunaaðila til Bjargráðasjóðs. Rætt var við forsvarsmenn Bændasamtaka Íslands, Landssamtaka sauðfjárbænda, Landssambands kúabænda, Félags kjúklingabænda, Félags eggjaframleiðenda, Svínaræktarfélags Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúa félags- og landbúnaðarráðuneyta. Í minnisblaði um niðurstöður þeirra viðtala koma fram afar ólíkar skoðanir.

Skýrasta afstöðu tekur Samband íslenskra sveitarfélaga sem vill leggja sjóðinn niður í núverandi mynd og afnema framlög sveitarfélaga til hans. Stjórn Sambands íslenskra sveitar-

félaga hefur lýst þeirri afstöðu að starfsemi Bjargráðasjóðs sé miklu fremur atvinnumál tiltekinna starfsgreina en sveitarstjórnarmál. Af þeirri ástæðu og í ljósi þróunar á starfsemi sjóðsins á undanförnum árum leggur stjórnin áherslu á að sveitarfélögin verði leyst undan fjármögnun og rekstri sjóðsins og að eignum hans og skuldbindingum verði skipt upp milli eigenda. Hafa fulltrúar sambandsins rætt málið við ráðherra sveitarstjórnarmála á undanförnum missirum en jafnframt lagt áherslu á að ná þyrfti sátt við Bændasamtök Íslands um málið.

Fulltrúar Landssambands kúabænda tóku einnig skýra afstöðu og vildu að búgreinin hætti þátttöku í búnaðardeild Bjargráðasjóðs. Bændasamtök Íslands og önnur búgreinafélög, svo sem Landssamtök sauðfjárbænda, Svínaræktarfélag Íslands, Félag kjúklingabænda og Félag eggjaframleiðenda, hafa ekki lýst jafn eindreginni afstöðu til áframhaldandi starfsemi Bjargráðasjóðs. Þessi félög telja Bjargráðasjóð veita bændum mikilvæga tryggingavernd þótt starfsemin sé nokkuð umdeild meðal bænda. Jafnframt kunni að vera erfitt fyrir búgreinafélögin að fá góða sjúkdómatryggingu fyrir sína félagsmenn. Meðal annars var nefnd sú hugmynd að Bændasamtök Íslands gætu tekið að sér að reka sjóðinn og gert um það samning við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið ef sveitarfélögin og Landssamband kúabænda hætta þátttöku.

Í framhaldi af skýrslu ParX var samþykkt eftirfarandi bókun í stjórn Bjargráðasjóðs 12. október 2007 um framtíðarhlutverk sjóðsins:

„Lögð voru fram minnisblöð frá ParX dags. 10. október 2007 og Þórði Skúlasyni dags. 11. október 2007. Formaður gerði grein fyrir umfjöllun á fundi endurskoðunarnefndar um framtíðarhlutverk Bjargráðasjóðs 11. október sl. Á þeim fundi kom fram skýr vilji fulltrúa sveitarfélaganna um að aðkomu þeirra að sjóðnum verði hætt og lýstu aðrir nefndarmenn skilningi sínum á því sjónarmiði. Á fundinum kom einnig fram að búgreinarnar sem aðild eiga að Bjargráðasjóði telja æskilegt að tryggingavernd og hlutverk Bjargráðasjóðs verði endurmetið.

Í ljósi þessa telur stjórn Bjargráðasjóðs rétt að unnið verði áfram að tillögum um breytingar á starfsemi og rekstri sjóðsins og í þeirri vinnu verði tekið tillit til óska um að fjármögnun og rekstur sjóðsins verði færður frá sveitarfélögunum. Í samræmi við það verði unnar tillögur um með hvaða hætti eignum og skuldbindingum sjóðsins verði skipt upp milli eigenda. Fyrirkomulagi í tryggingamálum landbúnaðarins verði síðan vísað til umræðu á vettvangi Bændasamtaka Íslands og landbúnaðarráðuneytisins.“

Ofangreind samþykkt átti sér þá skýringu, líkt og að framan er rakið, að grundvallarbreytingar hafi átt sér stað í öllu starfsumhverfi Bjargráðasjóðs. Í samþykktinni fólst sú afstaða af hálfu stjórnar Bjargráðasjóðs að hætt yrði lögskyldri aðild sveitarfélaganna að sjóðnum. Ákvörðun um hvort starfsemi Bjargráðasjóðs yrði framhaldið með breyttu fyrirkomulagi sem tryggingasjóði einstakra búgreina væri eðlilegast að ræða og taka á vettvangi landbúnaðarins, milli sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og Bændasamtakanna, án afskipta sveitarfélaganna.

Að hluta hefur umræða um starfsemi sjóðsins farið fram á milli sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og Bændasamtakanna. Gert er ráð fyrir að áfram verði unnið að þeim málum eftir samþykkt þessa frumvarps.

V.

Nettóeign Bjargráðasjóðs í árslok 2007 var samkvæmt ársreikningi 659,3 millj. kr. Ef sjóðnum yrði skipt upp miðað við þær forsendur næmi þriðjungshluti sveitarfélaganna 219,7

millj. kr. Gera má ráð fyrir að nokkra mánuði taki að ljúka uppgjöri á eignum og skuldbindingum sjóðsins og afgreiða innsendar umsóknir sveitarfélaga miðað við þær forsendur sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Yrði þá endanlega ljóst hver hlutur sveitarfélaganna yrði.

Ákvæði frumvarpsins gera ráð fyrir því að hlutur sveitarfélaganna renni til Sambands íslenskra sveitarfélaga og að sambandið noti þá eignarhlutdeild m.a. til að kaupa 15% hlutdeild Bjargráðasjóðs í 5. hæð húseignarinnar að Borgartúni 30 í Reykjavík, sem metin er í ársreikningi 2007 á tæpar 24 millj. kr., og til að mæta ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum Bjargráðasjóðs sem sambandið yfirtæki. Samtals nema þær skuldbindingar rúmlega 50 millj. kr. í árslok 2007.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið er að mestu óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að sveitarfélögin verða ekki lengur eignaraðilar að sjóðnum. Jafnframt er tekið fram að ríkið og Bændasamtök Íslands eigi sjóðinn til jafns.

Um 2. gr.

Breytingar á ákvæði þessu frá gildandi lögum miða við það að umsýsla málaflokksins flytjist frá samgönguráðuneytinu til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Jafnframt er lagt til að stjórnarmönnum verði fækkað úr fimm í þrjá vegna breytinga á eignarhaldi sjóðsins. Fulltrúi ríkisins verði áfram formaður stjórnar en Bændasamtök Íslands tilnefni tvo.

Um 3. gr.

Ákvæðið er að mestu óbreytt frá gildandi lögum. Lagt er til að í stað heimildar til að semja við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. eða aðra stofnun um sameiginlega framkvæmdastjórn, skrifstofuhald og rekstur sjóðsins verði stjórninni heimilt að semja um slíkt við Bændasamtök Íslands eða aðra stofnun sem henta þykir. Eðlilegt þykir að með breytingu á hlutverki sjóðsins og eignarhaldi flytjist umsýsla hans frá skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga, en samstarf hefur verið um skrifstofuhald við sambandið.

Um 4. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Ákvæðið er að mestu óbreytt frá gildandi lögum. Þar sem sveitarfélögin verða ekki lengur eignaraðilar að sjóðnum er fellt brott ákvæði um árleg framlög sveitarfélaga. Bætt er við staflið um aðrar tekjur sem sjóðnum gætu áskotnast.

Um 6. gr.

Lagt er til að framlag ríkisins og vaxtatekjur renni í almenna deild sjóðsins og í búnaðardeildina renni allt framlag sem innheimt er á grundvelli 6. gr. laga um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum, og viðauka með þeim lögum. Að því er aðrar tekjur varðar er gert ráð fyrir að stjórnin ákveði í hvora deildina þær tekjur renni, meðal annars með tilliti til þess með hvaða hætti þær tekjur falla til.

Um 7. gr.

Ákvæðið er að mestu óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að ákvæði um innheimtu tekna eru aðlöguð því að sveitarfélögin verði ekki lengur eignaraðilar að sjóðnum.

Um 8. gr.

Ákvæðið fjallar um hlutverk almennrar deildar sjóðsins. Lagt er til að sveitarfélög eigi ekki lengur rétt á styrkjum úr sjóðnum, enda hætta þau að greiða framlög til sjóðsins verði frumvarp þetta að lögum.

Lagt er til að efnislegar breytingar verði jafnframt gerðar á b- og c-lið 1. mgr. Í b-lið er lagt til að fellt verði brott það hlutverk almennu deildarinnar að bæta tjón á vélum, tækjum og áhöldum. Hefur það ákvæði reynst flókið í framkvæmd meðal annars vegna samspils við tryggingar. Áfram stendur það hlutverk að bæta tjón á heyi sem notað er við landbúnaðarframleiðslu enda eru dæmi um að slík tjón verði af öðrum orsökum en t.d. kali eða grasbresti af öðrum ástæðum.

Í c-lið er lagt til að í stað þess að hlutverk sjóðsins sé að bæta grasbrest verði hlutverkið víkkað út í þá veru að hlutverk sjóðsins verði að bæta uppskerubrest. Á undanförnum árum hafa orðið breytingar í búskaparháttum meðal annars með tilkomu aukinnar kornræktar. Fram til þessa hefur sjóðurinn ekki bætt slíkt tjón þrátt fyrir umsóknir um það enda hafa lagaheimildir ekki verið fyrir hendi. Er því talið rétt að koma til móts við breytingar í búskaparháttum að þessu leyti.

Um 9. gr.

Ákvæðið fjallar um hlutverk búnaðardeildar sjóðsins og er að mestu óbreytt frá gildandi lögum. Lagt er þó til að í b-lið 1. mgr. falli brott orðin „á garðávöxtum“ þar sem ákvæðið hefur þótt of þröngt orðað miða við tilgang þess. Eðlilegt er talið að bæta einnig til dæmis uppskerutjón á heyi.

Um 10. gr.

Ákvæðið er að mestu óbreytt frá gildandi lögum. Lagt er til að 2. mgr. verði breytt í þá veru að forsenda styrkveitinga úr sjóðnum verði að skil hafi verið gerð á búnaðargjaldi í samræmi við ákvæði laga nr. 84/1997. Í núgildandi lögum nær þetta skilyrði eingöngu til styrkja úr búnaðardeild sjóðsins en með þeim breytingum sem almennt eru lagðar til í frumvarpi þessu er rétt að skil á búnaðargjaldi verði skilyrði fyrir styrkveitingum úr báðum deildum sjóðsins.

Um 11. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Ákvæðið er að mestu óbreytt frá gildandi lögum. Þó er lagt til að felld verði brott skylda til að birta ársreikninga sjóðsins í B-deild Stjórnartíðinda. Nægilegt verður að telja að eignaraðilar sjóðsins fái eintak af endurskoðuðum og samþykktum ársreikningi. Hefð hefur meðal annars verið fyrir því að dreifa eintaki af ársreikningnum á búnaðarþingi ár hvert.

Um 13.–15. gr.

Ákvæðin eru óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júní 2009 verði frumvarpið samþykkt.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæði frumvarpsins gera ráð fyrir að sveitarfélögin verði ekki lengur eignaraðilar að sjóðnum. Í ljósi áralangrar aðildar að sjóðnum og inngreiðslna þykir eðlilegt að fara yfir eignir og skuldbindingar sjóðsins og greiða út eignarhlut sveitarfélaganna. Lagt er til að stjórn sjóðsins verði falið að stýra því uppgjöri og er gert ráð fyrir að kostnaður við uppgjörið, þar á meðal vegna nauðsynlegrar sérfræðivinnu, greiðist af sjóðnum.

Í 1. gr. gildandi laga um Bjargráðasjóð kemur fram að sjóðurinn er sjálfstæð stofnun, sameign ríkisins, sveitarfélaganna og Bændasamtaka Íslands. Litið hefur verið svo á að um jöfn eignarhlutföll væri að ræða og er því við það miðað í ákvæðinu að greiða skuli úr almennri deild sjóðsins hlut sveitarfélaganna sem nemur 1/3 af nettóeign Bjargráðasjóðs í heild að teknu tilliti til skuldbindinga sjóðsins, þar á meðal lífeyrisskuldbindinga vegna starfsmanna.

Eignarhlutur hvers og eins sveitarfélags hefur aldrei verið skilgreindur en í frumvarpinu er miðað við að hlutur sveitarfélaganna renni til Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sambandið hefur um árabil verið samstarfsaðili Bjargráðasjóðs um rekstur sjóðsins og á sjóðurinn m.a. 15% hlut í húsnæði sambandsins að Borgartúni 30 í Reykjavík. Hafa bæði sambandið og Bjargráðasjóður haft hag af þessum samrekstri. Í 2. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir að sambandið öðlist forkaupsrétt að þeim eignarhlut. Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að sambandið yfirtaki allar skuldbindingar vegna starfsmanna Bjargráðasjóðs sem starfað hafa fyrir sjóðinn fram að uppgjörstíma, þar á meðal lífeyrisskuldbindingar, en miðað við ársreikning sjóðsins nam sú skuldbinding um 50 millj. kr. í árslok 2007. Eðlilegt er að allar slíkar skuldbindingar verði sérstaklega yfirfarnar þegar unnið verður að útreikningi á þeim hluta sem renna mun til sambandsins. Þegar þessar skuldbindingar hafa verið metnar er eðlilegt að ákvörðun um ráðstöfun þeirra fjármuna sem eftir kunna að standa verði tekin á vettvangi sambandsins, t.d. með því að skipta fjármununum milli sveitarfélaga miðað við íbúafjölda.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að réttur sveitarfélaga til styrkja úr sjóðnum falli niður vegna tjóna sem verða frá og með 1. janúar 2009. Lagt er til að umsóknum vegna slíkra tjóna skuli skilað til sjóðsins eigi síðar en 30. júlí 2009. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verði ekki teknar til greina við uppgjör sjóðsins.

Jafnframt er í ákvæðinu lagt til að frá og með 1. janúar 2009 falli niður skylda sveitarfélaga til að greiða framlag í sjóðinn. Í þessu felst að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga innheimtir ekki hjá sveitarfélögum framlag þeirra í sjóðinn vegna ársins 2009 verði frumvarpið að lögum.

Gera má ráð fyrir að einhvern tíma taki að fara yfir allar eignir og skuldbindingar sjóðsins. Rétt er þó að hraða þeirri vinnu eins og unnt er og gerir ákvæðið ráð fyrir að uppgjöri sjóðsins verði lokið fyrir árslok 2009.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að sú stjórn Bjargráðasjóðs sem skipuð var 29. desember 2006 starfi þar til uppgjöri á hlut sveitarfélaganna hefur verið lokið. Er eðlilegt að gera ráð fyrir aðkomu fulltrúa sveitarfélaganna að því uppgjöri.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Í ákvæðinu er veitt heimild til að Bjargráðasjóður geti á árinu 2009 veitt bændum stuðning til að draga úr hættu á uppskerubresti sem gæti leitt af sér óæskilegan samdrátt í búvöruframleiðslu. Vegna hins alvarlega ástands nú um mundir í íslensku efnahagslífi eru blikur á lofti varðandi áburðarkaup bænda í vor og eru miklar líkur á því að hækkandi áburðarverð og lausafjárskortur leiði til þess að fjöldi bænda hafi ekki bolmagn til þess að fjármagna áburðarkaup. Áætlað er að aukinn kostnaður fyrir bændur vegna áburðarkaupa á árinu 2009 miðað við árið á undan geti numið um 700 millj. kr. Er það mat Bændasamtaka Íslands að fyrirsjáanlegt sé að skortur geti orðið í búvöruframleiðslu af þessum sökum og hefur sú ósk því komið fram frá samtökunum að Bjargráðasjóði verði heimilað að ráðstafa fé á árinu 2009 vegna þessara sérstöku aðstæðna til þess að minnka líkur á uppskerubresti sem leiða mundi til samdráttar í búvöruframleiðslu.

Gert er ráð fyrir að stjórn Bjargráðasjóðs setji nánari reglur um þessa sérstöku ráðstöfun úr almennri deild sjóðsins, svo sem um skilyrði fyrir úthlutun og hve hárri fjárhæð skuli varið til verkefnisins. Það skilyrði er þó sett að stjórnin skuli gæta þess að greiðslur á þessum grundvelli skerði ekki hlut sveitarfélaga í uppgjöri samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I og II.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Bjargráðasjóð.

Á 135. löggjafarþingi 2007–2008 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um brottfall núgildandi laga um Bjargráðasjóð. Frumvarpið náði ekki fram að ganga en markmið þess var að leggja Bjargráðasjóð niður og skipta hreinum eignum sjóðsins milli eigenda hans, þ.e. ríkisins, sveitarfélaganna og Bændasamtaka Íslands. Í því frumvarpi var gert ráð fyrir að um 220 m.kr. skyldu renna í ríkissjóð við þá uppskiptingu. Frumvarp það sem hér er lagt fram gerir ráð fyrir að Bjargráðasjóður starfi áfram en að sveitarfélögin hætti aðkomu að sjóðnum og fái sinn eignarhlut greiddan út. Bjargráðasjóður verði þannig eftir þessa breytingu í sameign ríkis og Bændasamtaka Íslands. Auk þess er gert ráð fyrir að umsýsla málaflokksins færist frá samgönguráðuneytinu yfir til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Á síðustu árum hefur sjóðnum verið veitt 10 m.kr. framlag á fjárlögum og er ekki gert ráð fyrir að það framlag muni hækka verði frumvarp þetta að lögum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að frá og með 1. janúar 2009 falli niður skylda sveitarfélaga til að greiða framlag í sjóðinn og að sama skapi eigi sveitarfélög því ekki lengur rétt á styrkjum úr sjóðnum. Að öðru leyti eru tekjustofnar Bjargráðasjóðs óbreyttir frá gildandi lögum að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að sjóðurinn hafi heimild til að öðlast aðrar tekjur. Eigið fé Bjargráðasjóðs í árslok 2008 var samkvæmt drögum að ársreikningi um 759 m.kr. og ef þeirri eign yrði skipt í þrjá hluta má gera ráð fyrir að hlutur sveitarfélaganna sem þau fengju greiddan væri 253 m.kr. Þá á eftir að taka tillit til skuldbindinga sjóðsins, svo sem lífeyrisskuldbindinga og útgreiðslu bóta sem skylt er að greiða fram að gildistöku þessara laga. Gert er ráð fyrir að Samband íslenskra sveitarfélaga noti þá fjármuni m.a. til að kaupa 15% hlutdeild Bjargráðasjóðs í 5. hæð húseignarinnar að Borgartúni 30 í Reykjavík, en jafnframt er gert ráð fyrir því að sambandið taki að sér að mæta ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum Bjargráðasjóðs sem taldar voru geta numið um 50 m.kr. í árslok 2007.

Starfsemi Bjargráðasjóðs skiptist í almenna deild og búnaðardeild. Í drögum að ársreikningi 2008 nam eigið fé almennu deildarinnar um 522 m.kr. og búnaðardeildar um 237 m.kr. Gert er ráð fyrir að úr almennri deild sjóðsins verði greiddur út eignarhlutur sveitarfélaganna sem kann eins og áður segir að verða um 253 m.kr. Eftir standa þá 269 m.kr. til að fjármagna starfsemi almennu deildarinnar. Í frumvarpinu er lagt til að Bjargráðasjóði verði veitt heimild til að veita bændum tímabundinn fjárstuðning úr almennu deildinni á árinu 2009 vegna hækkandi áburðarverðs en markmiðið með því er að draga úr hættu á uppskerubresti og forðast þannig hugsanlegan samdrátt í búvöruframleiðslu. Stjórn sjóðsins mun setja nánari reglur um þessa sérstöku ráðstöfun, svo sem um skilyrði fyrir úthlutun og hve hárri fjárhæð skuli varið til verkefnisins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stjórnin verði skipuð þremur fulltrúum, tveir verða tilnefndir af Bændasamtökum Íslands og einn af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem jafnframt verði formaður stjórnar. Frumvarpið felur í sér að stjórn sjóðsins væri heimilt að ákveða að inneign almennu deildarinnar verði að fullu notuð í þennan stuðning. Úthlutun á allri inneigninni mundi þó gera það að verkum að deildinni yrði gert erfitt um vik að sinna því hlutverki sínu að veita einstaklingum og félögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar tjón af völdum náttúruhamfara.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð umfram það sem veitt var til Bjargráðasjóðs í fjárlögum 2009. Hins vegar má gera ráð fyrir því að eignir ríkissjóðs í sjóðnum kunni að rýrna sem nemur þeim fjárstuðningi sem veittur verður til bænda vegna hækkandi áburðarverðs.

702. Frumvarp til laga [414. mál]

um breytingar á ýmsum lögum vegna innleiðingar á tilskipun 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 56/2007, um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skulu hafa lagagildi hér á landi“ í 1. málsl. kemur: skulu, að undanskildum viðauka við reglugerðina, hafa lagagildi hér á landi.
b. Í stað orðsins „Reglugerðin“ í 2. málsl. kemur: Reglugerðin, að undanskildum viðaukanum.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Viðskiptaráðherra skal í reglugerð kveða á um að viðauki við reglugerð skv. 1. mgr. og breytingar á honum, sem innleiða á, skuli hafa reglugerðargildi hér á landi.

II. KAFLI
Breytingar á lögum nr. 141/2001, um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda.

2. gr.

1. tölul. 1. gr. laganna orðast svo: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum.

III. KAFLI
Innleiðing á tilskipun og gildistaka.

3. gr.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 (Tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti).

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem samið er í viðskiptaráðuneytinu, felur í sér innleiðingu á EES-ákvæðum þeim sem tilgreind eru í 3. gr., þ.e. 16. gr. tilskipunar 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti. Ákveðið var að taka breytinguna upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2006 frá 7. júlí 2006 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn. Um er að ræða tæknilegar breytingar á tvennum lögum á sviði neytendaréttar vegna innleiðingar á tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti.

Í innleiðingunni á 2. mgr. 16. gr. tilskipunarinnar felst að breyta þarf lítillega 1. gr. laga nr. 56/2007, um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd, en með þeim lögum var veitt lagagildi hér á landi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd).

Til þess að innleiða 1. mgr. 16. gr. tilskipunarinnar þarf að breyta tilvísun til tilskipunar Evrópuráðsins í 1. tölul. 1. gr. laga nr. 141/2001, um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda. Ákvæði laganna eiga við þegar ástæða þykir til að krefjast lögbanns í því skyni að vernda hagsmuni neytenda samkvæmt þeim lagaákvæðum sem sett hafa verið í innlendan rétt samkvæmt þeim tilskipunum sem taldar eru upp í 1. gr. laganna en þannig voru ákvæði tilskipunar 98/27/EB innleidd hér á landi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr

Eftir samþykkt breytinga á lögunum mundi viðauki við framangreinda reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 ekki lengur hafa lagagildi og yrði því ekki birtur sem fylgiskjal með framangreindum lögum nr. 56/2007. Viðskiptaráðherrra mundi í reglugerð kveða á um að viðaukinn hefði í þess stað reglugerðargildi hér á landi. Í reglugerð ráðherrans yrði bætt við viðaukann nýjum tölulið, 16. tölul., sbr. 3. gr. frumvarps þessa, sem orðast svo:

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðinum (Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22).

Innleiðing síðari breytinga á viðaukanum, sem geymir upptalningu á ákveðnum EES-gerðum á sviði neytendamála, yrði í formi reglugerða sem er mun einfaldara en að breyta lögum hverju sinni. Það er því til mikils hægðarauka að breyta lögunum með þessum hætti enda þarf þá ekki að taka upp breytingar í lögin í hvert skipti sem breytingar eru gerðar á viðauka tilskipunarinnar.

Um 2. gr.

Með setningu tilskipunar 2005/29/EB urðu breytingar á viðauka tilskipunar 98/27/EB um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda, sem fram koma í 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti. Breyta þarf tilvísunum til þeirra tilskipana sem teknar hafa verið upp í íslenskan rétt og eru taldar upp í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 141/2001, um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda.

Um 3. gr.

Ákvæðið er um innleiðingu EES-gerðarinnar og þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 4. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi. Ákvæðið þarfnast ekki nánari skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna innleiðingar á tilskipun 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti.

Frumvarp þetta felur í sér innleiðingu á 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins, 2005/29/EB, um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðinum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

703. Frumvarp til laga [415. mál]

um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Hafi eigandi vörumerkis markaðssett vöru eða þjónustu sem nýtur vörumerkjaréttar eða heimilað slíkt innan Evrópska efnahagssvæðisins getur hann ekki síðar hindrað notkun, sölu, leigu, innflutning, útflutning eða annars konar dreifingu vörunnar eða þjónustunnar á því svæði.

2. gr.

Lög þessi, sem snerta innleiðingu á 1. mgr. 7. gr. tilskipunar ráðsins 89/104/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki, öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu, sem lagt er fram af viðskiptaráðherra, er lögð til sú breyting á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, að tæming réttinda eða réttindaþurrð skv. 2. mgr. 6. gr. laganna (e. exhaustion of rights, d. konsumption) verði bundin við Evrópska efnahagssvæðið í stað alþjóðlegrar tæmingar.

Eldri vörumerkjalög, nr. 47/1968, höfðu ekki að geyma ákvæði um tæmingu réttinda heldur var aðeins umfjöllun um hana í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til laganna. Við endurskoðun vörumerkjalaganna árið 1997 var ákvæði um tæmingu réttinda innleitt, sbr. núgildandi 2. mgr. 6. gr. Við endurskoðun laganna var m.a. höfð hliðsjón af fyrstu tilskipun ráðsins frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki, 89/104/EBE.

Í núgildandi ákvæði er ekki tekið fram með skýrum hætti að um alþjóðlega tæmingu sé að ræða. Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi til laganna, er hins vegar áréttað að tæming réttinda í íslenskum vörumerkjarétti hafi verið talin ná til heimsins alls.

Ákvæði vörumerkjalaga um tæmingu réttinda hefur því verið túlkað á þann veg að hér á landi gildi alþjóðleg tæming. Samkvæmt dómi EFTA-dómstólsins 8. júlí 2008, í málum nr. E-9/07 og E-10/07, *L'Oréal Norge AS og L'Oréal SA* gegn *Per Aarskog AS, Nille AS og Smart Club AS,* samræmist sú túlkun ekki ákvæði tilskipunarinnar eins og dómstóllinn túlkar það. Er því þörf breytinga á lagaákvæðinu.

Tæming vörumerkjaréttar.

Tæming vörumerkjaréttar byggist á þeim rétti sem vörumerkjarétthafi fær með skráningu vörumerkis skv. 4. gr. laganna, þ.e. að banna öðrum notkun á vörumerki sínu í atvinnustarfsemi.

Á tæmingu réttinda reynir þegar vara eða þjónusta sem nýtur vörumerkjaréttar er sett á markað, ýmist af rétthafa sjálfum eða með hans samþykki. Við markaðssetningu vöru eða þjónustu missir rétthafinn ákveðin réttindi yfir vörunni sem slíkri þótt hann haldi réttinum til vörumerkisins. Eigi markaðssetning sér stað án atbeina hans glatar hann ekki réttindum yfir þeirri vöru eða þjónustu sem um ræðir.

Reglur um tæmingu vörumerkjaréttar koma iðulega til umfjöllunar í tengslum við samhliða innflutning (e. parallel import) og er þessi hlið vörumerkjaréttarins því nátengd samkeppnisrétti. Með samhliða innflutningi er átt við það að vara eða þjónusta sé flutt inn til lands, þar sem vörumerki er verndað, án atbeina rétthafa þess.

Í réttarframkvæmd er iðulega fjallað um tvö afbrigði tæmingar, alþjóðlega og svæðisbundna. Hugtakið landsbundin tæming er einnig þekkt en síður notað en þau fyrrnefndu.

Víðtækasta hugtakið er alþjóðleg tæming. Eftir markaðssetningu með atbeina rétthafa getur vara eða þjónusta farið í frjálsu flæði um heim allan og getur rétthafi ekki síðar hindrað notkun, sölu, leigu, innflutning, útflutning eða annars konar dreifingu hennar.

Svæðisbundin tæming er þrengra hugtak og varðar þá stöðu þegar vara hefur verið markaðssett innan ákveðins svæðis, af rétthafa sjálfum eða með hans samþykki, t.d. innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Vörur eða þjónusta, sem sett hefur verið á markað, getur eftirleiðis farið í frjálsu flæði innan þess svæðis en rétthafi getur á hinn bóginn stöðvað m.a. útflutning þeirra til landa utan svæðisins, sem og innflutning til svæðisins á þeim vörum sem hann hefur markaðssett utan þess.

Landsbundin tæming er eðlislík svæðisbundinni tæmingu en varðar tæmingu innan eins lands.

Afnám alþjóðlegrar tæmingar hefur einkum einkaréttarleg áhrif. Hlutverk vörumerkja er að vera tæki í markaðssetningu og með innleiðingu svæðisbundinnar tæmingar fá rétthafar vörumerkja auknar heimildir til þess að stjórna markaðssetningu og koma í veg fyrir notkun sem fer í bága við vörumerkjarétt þeirra, t.d. samhliða innflutning. Alþjóðleg tæming réttinda hefur á hinn bóginn verið talin stuðla meira að frjálsri samkeppni og viðskiptafrelsi. Getur því svæðisbundin tæming haft í för með sér neikvæð áhrif fyrir neytendur, t.d. mismunandi verð og aðgengi að vöru á mörkuðum.

EES-samningurinn og túlkun á 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 89/104/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki.

Í 1. mgr. 2. gr. bókunar nr. 28 með EES-samningnum kemur fram að samningsaðilar skuli sjá til þess að tæming hugverkaréttar sé í samræmi við lög Evrópusambandsins að svo miklu leyti sem ráðstafanir þess eða réttarkerfi taki til tæmingar. Um túlkun ákvæðisins fari samkvæmt viðurkenndum skilningi í viðkomandi úrskurðum Evrópudómstólsins sem kveðnir hafa verið upp fyrir undirritun samningsins (1992), þó með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni.

Kveðið er á um tæmingu réttinda í 1. mgr. 7. gr. vörumerkjatilskipunarinnar. Reynt hefur á túlkun ákvæðisins í tveimur málum, annars vegar máli EFTA-dómstólsins nr. E-2/97 *Mag Instrument Inc. gegn California Trading Company Norway* [1997] (Maglitemálinu) og hins vegar í dómi Evrópudómstólsins í máli nr. C-355/96 *Silhouette International Schmied gegn Hartlauer Handelsgesellschaft* [1998] ECR I-4799 (Silhouettemálinu). EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að samkvæmt orðalagi 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar gætu aðildarríki EFTA valið hvort kveðið væri á um svæðisbundna eða alþjóðlega tæmingu í landslögum. Evrópudómstóllinn komst hins vegar að öndverðri niðurstöðu, þ.e.a.s. að á Evrópska efnahagssvæðinu gilti svæðisbundin tæming. Í kjölfar þessara ólíku niðurstaðna skapaðist réttaróvissa innan EFTA-ríkjanna, sem var til lykta leidd í máli EFTA-dómstólsins þann 8. júlí 2008 í framangreindum sameinuðum málum nr. E-9/07 og E-10/07, *L'Oréal Norge AS og L'Oréal SA gegn Per Aarskog AS, Nille AS og Smart Club AS*. Niðurstaðan í því máli er sú

að 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 89/104/EBE skuli túlka á þann veg að svæðisbundin tæming gildi á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.

Núverandi ákvæði 2. mgr. 6. gr. vörumerkjalaga fer samkvæmt þessu í bága við ákvæði 1. mgr. 7. gr. vörumerkjatilskipunar 89/104/EBE og er því nauðsynlegt að taka til endurskoðunar orðalag ákvæðisins þannig að það samræmist ákvæði tilskipunarinnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú breyting á núgildandi lögum um vörumerki að tæming réttinda vörumerkis verði bundin við Evrópska efnahagssvæðið í stað alþjóðlegrar tæmingar.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

704. Nefndarálit [373. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) og bókun 37 við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Högna S. Kristjánsson og Andra Júlíusson frá utanríkisráðuneyti og Þórhall Vilhjálmsson frá menntamálaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007, frá 26. október 2007, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) og bókun 37 við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/ EB. Tilskipunin fjallar um viðurkenningu á menntun til starfa sem eru lögvernduð og krefjast þess að aðilar hafi aflað sér faglegrar menntunar og hæfis áður en þeim er heimilt að hefja störf á viðkomandi sviði.

Með tilskipuninni eru 15 fyrri tilskipanir um viðurkenningu faglegrar menntunar og hæfis sameinaðar í eina, bæði tilskipanir almenna kerfisins (89/48/EBE, 92/51/EBE og 1999/42/EB) og hinar svokölluðu geiratilskipanir (um lækna, hjúkrunarfræðinga o.fl. stéttir). Með tilskipuninni verða ekki grundvallarbreytingar á tilhögun viðurkenningar á faglegri menntun og hæfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Réttur manna til viðurkenningar er hinn sami og áður en vonast er til að framkvæmdin verði einfaldari og skilvirkari, m.a. með nýjum ákvæðum um veitingu þjónustu og um samskiptakerfi stjórnvalda er annast viðurkenninguna.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi en endurskoða þarf lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, en þau hafa að geyma ákvæði um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi hér á landi, og færa til samræmis við ákvæði hinnar nýju tilskipunar.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Kristinn H. Gunnarsson, Lúðvík Bergvinsson, Ragnheiður E. Árnadóttir og Þorgerður K. Gunnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. mars 2009.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Björn Bjarnason.
Siv Friðleifsdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.	

705. Frumvarp til laga [416. mál]

um breytingu á lögum um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997.

Flm.: Gunnar Svavarsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásta Möller, Björgvin G. Sigurðsson, Björk Guðjónsdóttir, Ellert B. Schram, Guðbjartur Hannesson, Guðjón A. Kristjánsson, Illugi Gunnarsson, Jón Bjarnason, Kristján Þór Júlíusson, Magnús Stefánsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ríkisendurskoðun er heimilt að veita fjárlaganefnd Alþingis aðgang að þeim gögnum sem hún aflar skv. 1. mgr. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir fá í nefndinni ef ríkisendurskoðandi kveður svo á um.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á lögum um Ríkisendurskoðun sem heimilar stofnuninni að veita fjárlaganefnd aðgang að þeim gögnum sem hún aflar skv. 1. mgr. 10. gr. laganna.

Mikilvægur þáttur í störfum fjárlaganefndar er eftirlit með framkvæmd fjárlaga og að því hefur verið unnið náið með Ríkisendurskoðun og fjárreiðu- og eignaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Forsenda þess að fjárlaganefnd geti rækt eftirlitshlutverk sitt er að hún hafi greiðan aðgang að upplýsingum og því er tilefni til að bæta aðgang þingsins að upplýsingakerfum ríkisins.

Í fjárreiðulögum eru ríkisstofnanir og fyrirtæki sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins flokkaðar í hluta A, B, C, D og E og hefur aðgangur fjárlaganefndar að upplýsingum um

þessa aðila ráðist af því hvaða flokki þau tilheyra. Í lögunum er m.a. gert ráð fyrir að hefðbundnar ríkisstofnanir tilheyri A-hluta en sameignar- og hlutafélög sem ríkið á að hálfu eða meira heyri til E-hluta.

Fram til þessa og á grundvelli 3. mgr. 25. gr. þingskapalaga hefur fjárlaganefnd átt þess kost að afla milliliðalaust upplýsinga frá forstöðumönnum ríkisstofnana en öðru máli gegnir um E-hluta fyrirtækin. Tregðu hefur gætt hjá stjórnendum þessara fyrirtækja eða, eftir atvikum, hlutaðeigandi ráðuneytum sem fara með eignarhlut ríkisins til að afhenda upplýsingar um starfsemina. Er því þá jafnan borið við að um sé að ræða viðkvæmar upplýsingar sem með hliðsjón af hagsmunum fyrirtækisins, hluthafa eða viðsemjenda þess sé ekki hægt að afhenda enda beri ekki skylda til með hliðsjón af ákvæðum upplýsingalaga, stjórnsýslulaga og fleiri laga.

Ekki verður því á móti mælt að gæta þurfi varúðar við meðferð ýmissa upplýsinga sem varða umrædd fyrirtæki eða aðila þeim tengda. Þá hagsmuni verður samt sem áður að vega á móti öðrum hagsmunum sem felast í því að fjárlaganefnd taki upplýstar ákvarðanir við rækslu eftirlitsstarfa sinna. Er farin sú leið í frumvarpinu að heimila Ríkisendurskoðun, sem starfar á vegum Alþingis, að veita fjárlaganefnd upplýsingar sem aflað er á grundvelli 10. gr. laga nr. 86/1997. Falla þar m.a. undir öll gögn sem máli skipta í tengslum við endurskoðun hlutafélags, sameignarfélags, viðskiptabanka eða sjóða sem ríkissjóður á helmingshlut í eða meira.

Tilgangur frumvarpsins er ekki að þrengja heimildir fjárlaganefndar til upplýsingaöflunar samkvæmt núgildandi lögum heldur að rýmka með það að leiðarljósi að nefndin eigi þess kost að afla upplýsinga um fyrirtæki sem falla undir E-hluta. Ríkisendurskoðun verði falið vald til að ákveða hvort veita eigi umbeðnar upplýsingar og í því tilviki sem fallist er á beiðni geti ríkisendurskoðandi mælst til þess að nefndarmenn verði bundnir þagnarskyldu um það sem leynt á að fara. Á þessi regla sér hliðstæðu í 24. gr. þingskapalaga.

Telja verður að mikilvægi þessa frumvarps verði ekki síst að skoða í ljósi núverandi efnahagsástands sem gert hefur að verkum að mörg fyrirtæki á markaði eru komin í ríkiseigu.

706. Svar [341. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um íslenskt merki fyrir ábyrgar fiskveiðar.

1. *Hvernig gengur að koma á íslensku merki fyrir ábyrgar fiskveiðar?*

Á vettvangi Fiskifélags Íslands, fyrir hönd hagsmunaaðila í íslenskum sjávarútvegi, hefur á undanförnum árum verið unnið að verkefni til undirbúnings íslensks merkis um ábyrgar fiskveiðar. Var merkið kynnt á íslensku sjávarútvegssýningunni í byrjun október á síðasta ári. Hefur merkið nú þegar verið tekið í almenna notkun.

Þá er, á vettvangi og á ábyrgð Fiskifélags Íslands, nú unnið að undirbúningi að vottun ábyrgra fiskveiða.

2. *Hver er hlutur ríkisins við að koma merkinu á og hver er áætlaður kostnaður við það úr ríkissjóði?*

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur stutt við undirbúning og vinnu við að koma merkinu á. Verkefnið er unnið í samvinnu ráðuneytisins og hagsmunaaðila í sjávarútvegi, sem standa að Fiskifélagi Íslands. Sérstakur starfshópur hefur unnið að verkefninu og hefur ráðuneytið átt fulltrúa í starfshópnum frá upphafi.

Fjárframlög úr ríkissjóði, auk vinnu framlags starfsmanns ráðuneytisins (starfshópur), Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskistofu (tækninefnd), hafa verið eftirfarandi:

AVS-styrkur vegna undirbúningsverkefnisins um vottun, sem er þriggja ára verkefni. Fengist hafa 6 millj. kr. á ári fyrir árin 2007 og 2008. Framhaldsumsókn fyrir síðasta árið, 2009, upp á 6 millj. kr., er til skoðunar hjá AVS-sjóðnum.

Samningur, dags. 21. júlí 2008, milli sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og Fiskifélags Íslands. Styrkupphæð 5 millj. kr. Þannig hafa framlög ríkissjóðs til verkefnisins numið alls 17 millj. kr.

3. *Hvernig er kröfulýsing sú sem vottunaraðila er ætlað að vinna eftir?*

Drög að kröfulýsingu (Specification for Responsible Fisheries) liggja fyrir. Drögin hafa verið unnin af starfshópi og eru þau í samræmi við efniskröfur leiðbeininga FAO um umhverfismerkingar og vottun.

Tækninefnd, sem samanstendur af umræddum starfshópi auk fulltrúa frá Hafrannsóknastofnuninni og Fiskistofu, vinnur nú að frágangi kröfulýsingarinnar. Þegar endanleg gerð hennar liggur fyrir mun hún fara í opinbera kynningu í a.m.k. 60 daga, þar sem áhugasamir og hlutaðeigandi aðilar geta kynnt sér innihald hennar og komið athugasemdum á framfæri.

4. *Hvernig samrýmist nýleg 30 þús. tonna viðbótarúthlutun þorskaflamarks gegn mótmælum Hafrannsóknastofnunarinnar ákvæðum þessarar kröfulýsingar og yfirlýsingu um ábyrgar fiskveiðar Íslendinga frá ágúst 2007?*

Umrædd kröfulýsing er ekki frágengin og því ekki forsendur til þess að svara spurningunni á þeirri forsendu.

Varðandi það hvernig breytt aflamark í þorski samræmist yfirlýsingu um ábyrgar fiskveiðar er nærtækast að vísa til yfirlýsingar fyrrverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Í yfirlýsingu hans kemur fram að þótt uppbygging viðmiðunar- og hrygningarstofns þorsks verði hægari en fyrirhugað var sé ákvörðunin í samræmi við yfirlýst markmið um sjálfbærar veiðar á þorski sem og öðrum nytjastofnum hér við land. Þá kom fram að ákvörðunin sé m.a. tekin með hliðsjón af jákvæðari vísbendingum um stöðu þorskstofnsins sem fram komu í stofnmælingu botnfiska síðastliðið haust.

707. Nefndarálit [360. mál]

um till. til þál. um ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2008, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Högna S. Kristjánsson og Andra Júlíusson frá utanríkisráðuneyti og Ástríði Scheving Thorsteinsson frá samgönguráðuneyti.

Með tillögunni er leitað er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2008, frá 6. júní 2008, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1315/2007 um öryggiseftirlit með rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2096/2005.

Skilgreint er í reglugerð nr. 1315/2007 umfang eftirlits gagnvart flugleiðsögu, auk flæðisstýringar flugumferðar ATFM (Air Traffic Flow Management) og loftrýmisstjórnunar ASM (Air Space Management). Í reglugerðinni er nánar fjallað um eftirlit með starfsleyfishöfum flugleiðsöguþjónustu, fyrirkomulag og mögulegt framsal úttekta, verklag varðandi frávik í úttektum og leiðréttingu þeirra og eftirfylgni auk eftirlits með breytingu á starfsemi leyfisskyldra aðila og endurskoðun/samþykki á verklagi vegna breytinga á þjónustu starfsleyfishafa o.fl.

Innleiðing reglugerðarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi, sbr. 196. mál þessa þings um breytingu á lögum um loftferðir.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Kristinn H. Gunnarsson, Lúðvík Bergvinsson, Ragnheiður E. Árnadóttir og Þorgerður K. Gunnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. mars 2009.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Björn Bjarnason.
Siv Friðleifsdóttir.	Valgerður Sverrisdóttir.	

708. Nefndarálit [361. mál]

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2007, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Högna S. Kristjánsson og Andra Júlíusson frá utanríkisráðuneyti og Ástríði Jóhannesdóttur frá viðskiptaráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2007, frá 28. september 2007, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum.

Um verðbréfaviðskipti annars vegar og verðbréfasjóði hins vegar gilda ólíkar Evrópugerðir, hinar svokölluðu MiFID- og UCITS-tilskipanir. Í UCITS-tilskipuninni er m.a. skilgreint í hvaða eignum verðbréfasjóða er heimilt að fjárfesta. Frá setningu tilskipunarinnar hafa all-

nokkrar breytingar átt sér stað á fjármálamörkuðum. Þannig hefur tegundum fjármálagerninga t.d. fjölgað umtalsvert. Af þessum sökum þótti tilefni til setningar tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 2007/16/EB, en í henni eru tiltekin hugtök sem fram koma í UCITS-tilskipuninni skilgreind nánar.

Innleiðing reglugerðarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og er gert ráð fyrir að frumvarp þar að lútandi verði lagt fram á næsta þingi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt.**

Kristinn H. Gunnarsson, Lúðvík Bergvinsson, Ragnheiður E. Árnadóttir og Þorgerður K. Gunnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. mars 2009.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm. Þórunn Sveinbjarnardóttir. Björn Bjarnason.

Siv Friðleifsdóttir. Valgerður Sverrisdóttir.

709. Skýrsla [417. mál]

Íslandsdeildar þings öryggis- og varnarmála í Evrópu – VES-þingsins fyrir árið 2008.

1. Inngangur.

Þing öryggis- og varnarmála í Evrópu fjallar um málefni sem tengjast sameiginlegum öryggis- og varnarmálum álfunnar, en einkum má nefna þrjú mál sem sérstaklega voru í brennidepli í störfum þingsins árið 2008.

Í fyrsta lagi var ítarlega fjallað um öryggi á norðurslóðum og gaf stjórnmálanefnd þingsins út skýrslu um málið annað árið í röð. Norðurskautssvæðið hefur fengið aukið vægi í umræðunni um öryggismál, m.a. sökum ríkra orkuauðlinda og möguleika á nýjum siglingaleiðum með bráðnun norðurskautsíssins. Í skýrslunni var lögð megináhersla á áhrif loftslagsbreytinga, nýtingu orkuauðlinda og öryggismál á svæðinu. Skýrsluhöfundarnir ræddu um breytt landslag norðurskautsins sem afleiðing loftslagsbreytinga og mikilvægi þess að Evrópusambandið (ESB) og NATO beindu sjónum sínum í auknum mæli að svæðinu.

Annað mál sem hlaut mikla athygli á árinu var umræða stjórnmálanefndar þingsins um öryggismál í Evrópu eftir stríðið í Georgíu. Rætt var um að í framhaldi af átökunum í ágúst milli Rússlands og Georgíu í Suður-Ossetíu væri spenna enn til staðar og ágreiningsefni óleyst. Afleiðingar stríðsins voru greindar með hliðsjón af öryggismálum í Evrópu og jafnframt þýðing þess fyrir samband Rússlands og Vesturlanda.

Í þriðja lagi var umræða um skýrslu varnarnefndar þingsins um stefnu Rússlands í varnarmálum fyrirferðarmikil. VES-þingið beindi m.a. tilmælum til NATO og ESB um að taka málin föstum tökum og horfast í augu við að Rússland styrktist dag frá degi. Í tilmælum þingsins er mælst til þess að ESB og NATO falist eftir umræðuvettvangi og samvinnu við Rússland m.a. um eldflaugavarnir.

Þá voru gerðar breytingar á starfsreglum þingsins og heiti þess breytt og er það nú kallað þing öryggis- og varnarmála í Evrópu – VES-þingið. Breytingarnar tóku gildi 6. maí og end-

urspegla þá þróun sem hefur átt sér stað undanfarin missiri, þar sem VES-þingið hefur í auknum mæli lagt áherslu á þingumræðu um sameiginlega stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum. Athygli VES-þingsins hefur beinst æ meir að ESB-ráðinu, sem fer með ákvörðunarvald í málum sem falla undir sameiginlega utanríkis-, öryggis- og varnarstefnu sambandsins og samanstendur af ráðherraráðinu og leiðtogaráðinu. Markmiðið var að koma á fót evrópsku öryggis- og varnarþingi, en VES-þingið hefur litið svo á að það þjóni mikilvægu lýðræðislegu hlutverki í að skapa þingræðislegan umræðuvettvang fyrir þann málaflokk. Ákjósanlegast sé að á þinginu séu fulltrúar frá öllum aðildarríkjum ESB sem hafa fulla aðild að þinginu, þ.m.t. kosningarrétt. Aukaaðild hafa þau Evrópuríki sem eiga aðild að NATO en ekki ESB, sbr. Ísland.

Jean-Pierre Masseret frá Frakklandi lét af störfum sem forseti þingsins eftir að hafa gegnt embættinu í þrjú ár. Hann sagðist telja að breyting á heiti þingsins og breytingarnar sem gerðar voru á starfsreglum þess sýni að þingið hafi aðlagast breyttu landslagi í alþjóðamálum. 3. desember var Robert Walter frá Bretlandi kosinn nýr forseti þings öryggis- og varnarmála í Evrópu, til næstu þriggja ára.

2. Almennt um Vestur-Evrópusambandið og þing öryggis- og varnarmála í Evrópu (VES-þingið).

Vestur-Evrópusambandið (VES) er varnarbandalag Vestur Evrópuríkja og var stofnað með Brussel sáttmálanum árið 1948. Þing öryggis- og varnarmála í Evrópu var stofnað árið 1954 og kom fyrst saman ári síðar þegar verulegar breytingar voru gerðar á stofnsáttmála VES, m.a. til að veita Ítalíu og Þýskalandi aðild að sambandinu. Þingið sitja um 400 þingmenn frá 39 þjóðþingum og fer fjöldi þingmanna eftir íbúafjölda viðkomandi aðildarríkis. Ríki sem eiga aðild að NATO og/eða ESB geta átt aðild að VES. Alls eiga 28 ríki aðild að VES með mismunandi hætti og 11 ríki til viðbótar hafa aðgang að þinginu. Tíu ríki eiga það sameiginlegt að vera bæði NATO- og ESB-ríki og eru með fulla aðild að þinginu. Þau eru Belgía, Bretland, Frakkland, Holland, Lúxemborg, Ítalía og Þýskaland auk Grikklands, Portúgals og Spánar sem gerðust aðildarríki árið 1990. Ísland, Noregur og Tyrkland, sem eiga aðild að NATO en ekki ESB, eru með aukaaðild (e. associate members). Alls 10 NATO- og ESB-ríki eru með sambandsaðild (e. affiliate members), sem nokkurn veginn jafngildir fullri aðild. Króatía og fyrrum Júgóslavíulýðveldið Makedónía, sem bæði hafa sótt um aðild að NATO og ESB, eru með aukasambandsaðild (e. affiliate associate partners). Fimm ESB-ríki hafa fasta áheyrnaraðild (e. permanent observers) og tvö sambandsáheyrnaraðild (e. affiliate permanent observers), þ.e. Malta og Kýpur. Þá hafa fulltrúar þjóðþinga Rússlands og Úkraínu stöðu fastagesta (e. permanent guests) á VES-þinginu og sérstakir gestir (e. special guests) eru þingmenn frá Albaníu, Bosníu og Hersegóvínu, Serbíu og Svartfjallalandi.

Þingið hefur aðsetur í París. Tveir þingfundir eru haldnir árlega, oftast í júní og desember. Hlutverk þingsins er að fjalla um málefni er falla undir starfssvið VES, þ.e. öryggis og varnarmál álfunnar. Þingið fjallar auk þess um ársskýrslu VES og fjárhagsáætlun. Það fjallar um málefni sem eru efst á baugi í nefndum þingsins, ályktar um skýrslur nefnda, gerir tillögur til ráðherraráðs VES og beinir fyrirspurnum til þess. Skjöl þingsins eru gefin út á ensku og frönsku en umræður fara fram á tungumálum aðildarríkjanna. Málefnanefndir VES-þingsins eru sex: varnarmálanefnd, stjórnmálanefnd, tækni og geimvísindanefnd, fjármála og stjórnsýslunefnd, þingskapanefnd og nefnd um almannatengsl. Íslandsdeildin á eitt sæti í hverri nefnd. Á þinginu starfa, auk málefnanefnda, forsætisnefnd og stjórnarnefnd. Þessar nefndir taka ákvarðanir á milli þinga, sú fyrrnefnda einkum hvað varðar skipulagningu og stjórn

þingsins, sú síðarnefnda á pólitíska sviðinu. Venja er að formenn landsdeilda sitji í þessum nefndum. Í forsætisnefnd sitja enn fremur forseti þingsins, tíu varaforsetar þess (einn frá hverju aðildarríkjanna), nefndarformenn og þeir fyrrverandi forsetar þingsins sem enn kunna að eiga þar sæti. Í stjórnarnefnd sitja allt að þrír fulltrúar til viðbótar frá hverju aðildarríki, alls 30 manns til viðbótar við forsætisnefnd. Ísland á einn fulltrúa í hvorri nefnd.

Starfsemi og umræður á þinginu má greina í þrjá meginflokka. Í fyrsta lagi er þingið vettvangur þingmannavíddar Vestur-Evrópusambandsins og skv. 9. gr. endurskoðaða Brussel-sáttmálans frá 1954 er þingið ráðherraráði VES innan handar og ráðgefandi. Þingið hefur eftirlit með framkvæmd sameiginlegra varnarskuldbindinga sem kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í 9. gr. sáttmálans kemur eftirfarandi fram: „ráðherraráð Vestur-Evrópusambandsins skal birta árlega skýrslu um starfsemi sína […] til þingmannasamkundu sem samanstendur af fulltrúum aðildarríkja Brussel-sáttmálans […]“. Starfsemi þingsins er þannig bundin í milliríkjasáttmála og er það því ein þriggja evrópskra þingmannasamkundna sem slíkt á við um. Hinar tvær eru Evrópuráðsþingið og Evrópuþingið. Í öðru lagi hefur þingið haft það hlutverk, í kjölfar yfirtöku Evrópusambandsins á verkefnum VES árið 2000, að vera öryggis- og varnarmálaþing Evrópu og vettvangur þinglegrar meðferðar á sameiginlegri stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum. Á árinu voru gerðar breytingar á starfsreglum og bætt við heiti þingsins sem heitir nú þing öryggis- og varnarmála í Evrópu – VES-þingið. Það endurspeglar þá þróun sem hefur átt sér stað undanfarin missiri, þar sem VES-þingið hefur orðið vettvangur þingumræðu um sameiginlega stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum. Í þriðja lagi hefur þingið eftirlit með milliríkjasamstarfi á sviði hergagnaframleiðslu og rannsókna og þróunar á hergögnum sem sinnt er af WEAG og WEAO, fjölþjóðastofnunum sem starfa undir væng VES.

Þrátt fyrir umfangsmiklar stofnana- og skipulagsbreytingar í Evrópu á undanförnum árum er þingið enn sem komið er eina evrópska þingmannasamkundan sem gefur þjóðkjörnum þingmönnum færi á að fylgjast með og ræða sameiginleg öryggis- og varnarmál álfunnar. Þingið er vettvangur fyrir leiðtoga Evrópuríkja til að skýra frá stefnumiðum sínum. Þá viðheldur þingið nánum tengslum við rússnesku Dúmuna og býður jafnframt þingmönnum frá Albaníu, Bosníu og Hersegóvínu, Serbíu og Svartfjallalandi, Makedóníu og Úkraínu til funda.

3. Skipan Íslandsdeildar.

Samkvæmt starfsreglum VES-þingsins (gr. 17.1) á Alþingi í krafti aukaaðildar sinnar rétt á að senda þrjá fulltrúa á fundi þingsins. Aukaaðilar geta tekið ríkan þátt í störfum þess og hafa málfrelsi á þingfundum. Þeir njóta þó ekki fullra réttinda og hafa ekki atkvæða eða tillögurétt á þingfundum. Sú hefð hefur hins vegar skapast að fulltrúar aukaaðildarríkja geta lagt fram tillögur og breytingartillögur í þinginu, að því gefnu að fulltrúar aðildarríkja skrifi einnig undir þær. Á hinn bóginn hafa aukaaðilar rétt til að taka til máls og greiða atkvæði í nefndum og gera breytingartillögur. Þannig geta aukaaðilar haft áhrif á tillögur og skýrslur sem ræddar eru á þingfundum þegar þær eru í mótun. Aukaaðilar geta einnig beint fyrirspurnum til ráðherraráðs.

Á starfsárinu 2008 voru aðalmenn í Íslandsdeild Ármann Kr. Ólafsson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Birgir Ármannsson, varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Kristinn H. Gunnarsson, þingflokki Frjálslynda flokksins. Varamenn voru Björk Guðjónsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ólöf Nordal, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Höskuldur

Þórhallsson, þingflokki Framsóknarflokks. Arna Gerður Bang gegndi starfi ritara Íslandsdeildar á starfsárinu.

4. Yfirlit yfir fundi.

Þing öryggis- og varnarmála í Evrópu kemur sem fyrr segir saman tvisvar á ári til reglulegs þingfundar. Nefndir þingsins halda auk þess fundi nokkrum sinnum á ári. Á árinu tók Íslandsdeildin þátt í báðum hlutum þingfundarins.

Fyrri hluti 54. fundar þings um öryggis- og varnarmál í Evrópu, 3.–5. júní í París.

Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Ármann Kr. Ólafsson formaður, Birgir Ármannsson varaformaður og Kristinn H. Gunnarsson, auk Örnu Gerðar Bang, ritara deildarinnar. Helstu mál á dagskrá voru endurbætur á stefnu Evrópu í öryggismálum, þróun mála í Afganistan og Pakistan, málefni Balkanskaga, verkefni Evrópusambandsins (ESB) í Tsjad, geimvarnir í Evrópu, stefna Rússlands í varnarmálum, öryggismál við Svartahaf og mat á áhrifum vopnaðra átaka á umhverfið.

Forseti þingsins, Jean-Pierre Masseret, ávarpaði fundargesti og stýrði umræðum. Í ræðu sinni kynnti hann nýjar starfsreglur þingsins og lagði áherslu á að meginmarkmið þeirra væri að bjóða öllum þingmönnum Evrópusambandsríkjanna jafnan aðgang að þinginu þar sem þeir hafa rétt til að kjósa og taka virkan þátt í störfum þingsins. Karl Erjavec, varnarmálaráðherra Slóveníu, talaði fyrir hönd Slóveníu, sem fer með formennsku í ESB og Vestur-Evrópusambandinu (VES) frá ársbyrjun til 1. júlí 2008. Hann lýsti áherslum formennskunnar síðustu fimm mánuðina og ræddi um mikilvægi aukinnar samvinnu ESB við Sameinuðu þjóðirnar og NATO til að minnka þá miklu spennu sem ríkir í Kósóvó. Jean-Pierre Jouyet, ráðherra Evrópumála í Frakklandi, ræddi í framhaldinu um áherslur Frakka sem gegndu formennsku í ESB og VES frá 1. júlí til ársloka 2008. Hann þakkaði sérstaklega fyrir vandaðar og gagnlegar skýrslur þingsins og þann mikilvæga umræðuvettvang sem það hefur um árabil staðið vörð um. Varnar- og öryggismálastefna ESB er meðal forgangsatriða formennskunnar og lagði ráðherrann áherslu á mikilvægi þess að ESB og NATO ynnu saman og styrktu hvort annað á tímum aukinna átaka í heiminum því sameiginleg viðfangsefni væru ærin. Terry Davis, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, ávarpaði þingið og sagði mikilvægi VES og Evrópuráðsins ekki minna nú en áður, í flóknu umhverfi alþjóðavæðingar.

Skýrsluhöfundurinn Detlef Dzembritzki frá Þýskalandi kynnti skýrslu stjórnmálanefndar þingsins um þróun mála í Afganistan og Pakistan. Hann sagði að nú sex árum eftir að Talíbönum var komið frá völdum stæðu stjórnvöld í Afganistan frammi fyrir samfelldum uppreisnum og á sama tíma græfu spilling og skortur á hæfum embættismönnum undan viðleitni stjórnvalda til að koma á friði. Afganistan er skilgreint sem fimmta fátækasta ríki heims og stærsti framleiðandi ópíums, en 90% ráðstöfunartekna koma frá þróunaraðstoð. Í skýrslunni er lögð rík áhersla á mikilvægi þess að fá nágrannaríki Afganistans, einkum Pakistan og Íran, í auknum mæli til að vinna að sameiginlegri áætlun til að stuðla að varanlegum friði í ríkinu.

Varnarmálanefnd þingsins kynnti skýrslu um stefnu Rússlands í varnarmálum. Skýrsluhöfundur nefndarinnar, Andrea Rigoni frá Ítalíu, kynnti helstu atriði hennar fyrir fundargestum og sagði málflutning Rússa staðfesta löngun þjóðarinnar til að vera leiðandi hernaðarafl í alþjóðasamfélaginu. Hann hélt því einnig fram að samvinna þeirra við alþjóðastofnanir kæmi ekki í veg fyrir hugsanleg átök. Í skýrslunni er m.a. rætt um að Rússland sé enn raunverulegt kjarnorkustórveldi, ríkt af olíu- og gasauðlindum og efnahagsvöxtur mikill. Þá var tilmælum beint til NATO og ESB að taka föstum tökum stöðu mála í landinu og það að Rúss-

land styrkist dag frá degi. Í tilmælum þingsins er mælst til þess að ESB og NATO falast eftir umræðuvettvangi og samvinnu við Rússland um m.a. eldflaugavarnir. Einnig er lagt til að Rússar taki þátt í aðgerðum við átakastjórnun þar sem báðir málsaðilar eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta og stuðlað sé að áframhaldandi samvinnu Evrópuríkja og Rússa. Dmitri Rogozin, sendiherra og fastafulltrúi Rússlands gagnvart NATO, ræddi um skýrsluna og svaraði spurningum fundargesta. Hann minnti á að það væri enn skoðanamunur milli Rússa og NATO um eldflaugavarnir og stækkun NATO til austurs. Varðandi áætlanir Bandaríkjamanna um að koma upp eldflaugavarnarkerfi í Póllandi og Tékklandi sagði hann Rússa ekki skilja nauðsyn þess fyrir Bandaríkin að setja upp slíkt kerfi í norðri til að verjast Íran í suðri, auk þess sem áætlunin væri gegn vilja Pólverja og Tékka.

Skýrsluhöfundurinn Hendrik Daems frá Belgíu kynnti skýrslu nefndar um þingræði og almannatengsl, um samstarf þinga varðandi öryggismál við Svartahaf. Hann sagði svæðið landfræðilega afar mikilvægt, sérstaklega varðandi orkubirgðir Evrópu en einnig vegna hættu á mengunar- og umhverfisslysum. Hann lýst einnig yfir áhyggjum af þeirri ógn sem felst í spillingu, fjársvikum og ólögmætum viðskiptaháttum, auk vaxandi ofstækis í trúmálum á svæðinu. Þingið lýsti yfir vilja til þess að bjóða öllum þingum ríkja við Svartahaf og nágrannaríkjum þeirra, sem ekki eru aðildarríki þingsins, að gerast „félagar“ VES-þingsins, þannig gæti heimshlutinn tekið virkan þátt í því starfi sem snýr að svæðinu.

Stjórnmálanefnd þingsins lagði fram skýrslu um ástandið á Vestur-Balkanskaga og kynnti skýrsluhöfundurinn, Pedro Agrument frá Spáni, helstu niðurstöður hennar. Hann sagði svæðið hafa fengið beina og óbeina fjárstyrki frá Vesturlöndum síðan um miðjan tíunda áratuginn, en lítill árangur hefði náðst. Helstu framfarir hafa verið á sviði öryggismála og í átt að auknum stöðugleika en árangur á sviði stjórnmála, stofnana og efnahagsmála væri langt frá því að vera viðunandi. Þingið beindi því tilmælum til ESB um að breyta aðferðum sínum á svæðinu og stuðla að efnahagslegu sjálfstæði í stað þess að treyst sé á fjárstyrki í hvívetna.

Síðari hluti 54. fundar þings um öryggis- og varnarmál í Evrópu, 2.–4. desember í París.

Fundinn sótti af hálfu Íslandsdeildar Kristinn H. Gunnarsson, auk Örnu Gerðar Bang, ritara deildarinnar. Helstu mál á dagskrá voru sameiginleg stefna í öryggis- og varnarmálum Evrópu, starfsemi hryðjuverkahópa við tyrknesku landamærin, öryggismál í Evrópu eftir stríðið í Georgíu, öryggismál á norðurslóðum og notkun netsins í hernaðarlegum tilgangi.

Forseti þingsins, Jean-Pierre Masseret, ávarpaði fundargesti og stýrði umræðum fyrri hluta fundarins. Í ræðu sinni sagði hann stuttlega frá þeim þremur árum sem hann hefur gegnt embætti forseta VES-þingsins. Hann sagði þingið hafa aðlagast breyttu landslagi í alþjóðamálum með því að breyta heiti þingsins og gera breytingar á starfsreglum þess. Þrátt fyrir að sumir hafi haldið því fram að Lissabon-samkomulagið þýddi endalok fyrir VES-þingið lagði Masseret á það ríka áherslu að svo væri ekki, þvert á móti væri umræða þingsins þörf og skýrslugerðin mikilvægt framlag. Masseret sagði enn fremur að samband ESB og Rússlands yrði væntanlega í brennidepli næsta missirið. Mikilvægt væri að forðast það að Rússland einangraði sig frekar en jafnframt þyrfti að gæta þess að það kæmist ekki upp með hvað sem er í skjóli stærðar sinnar, og vísaði óbeint í hernaðaríhlutun Rússa í Georgíu í ágúst sl.

Á öðrum þingdegi var Robert Walter frá Bretlandi kosinn nýr forseti VES-þingsins til næstu þriggja ára. Walter þakkaði traust og stuðning fulltrúa aðildarríkjanna og flokkahóps og sagði fráfarandi forseta hafa unnið ómetanlegt verk fyrir þingið síðustu þrjú ár. Walter sagði mikilvæg verkefni fram undan og eitt þeirra væri að sannfæra þing aðildarríkjanna, þingforseta og formenn utanríkis- og Evrópunefnda um nytsemi og mikilvægi VES-þingsins.

Einnig væri brýnt að kynna enn frekar fyrir Evrópuþinginu hversu mikilvæg og einstök stofnunin er m.a. í ljósi þingræðislegrar yfirsýnar og umræðu um varnar- og öryggismál.

Clemens von Goetze, sendiherra og fastafulltrúi Þýskalands gagnvart VES, ávarpaði þingið þar sem röðin er komin að Þýskalandi að gegna forsæti í ráðherraráði VES til næstu þriggja ára. Sendiherrann lagði áherslu á að nýleg átök milli Rússlands og Georgíu hafi sýnt að ESB sé fært um að bregðast við á áhrifaríkan og hraðan hátt. Því samhentari sem Evrópa sé því skemmri sé viðbragðstíminn í erfiðum aðstæðum. Minnti hann í því sambandi á að það hafi aðeins tekið þrjár vikur að senda 300 eftirlitsmenn á vettvang í Georgíu. Jean-Marie Bockel, varnarmálaráðherra Frakklands, ávarpaði þingið og fullvissaði fundargesti um að þrátt fyrir fjármálakreppu heimsins mundi formennskuáætlun Frakklands áfram stuðla að metnaðarfullri stefnumótun í öryggis- og varnarmálum ESB. Þá tók Pavel Fischer, sendiherra Tékklands í Frakklandi, til máls og sagði Tékkland tilbúið að taka við formennsku í ESB af Frakklandi frá og með janúar 2009 með öllum þeim krefjandi verkefnum sem því fylgja. Sendiherrann lofaði störf núverandi formennskuríkis og sagði mikinn árangur hafa náðst varðandi samvinnu ESB og Bandaríkjanna.

Stjórnmálanefnd þingsins lagði fram skýrslu um öryggi á norðurslóðum og kynntu skýrsluhöfundarnir Paul Wille frá Belgíu og Odd Einar Dorum frá Noregi helstu niðurstöður hennar. Elisabeth Walaas, aðstoðarutanríkisráðherra Noregs, ávarpaði þingið og tók þátt í umræðu um skýrsluna. Hún sagði Noreg styðja það að ESB fengi áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu, þótt hún gæti ekki talað fyrir hönd annarra aðildarríkja ráðsins. Kristinn H. Gunnarsson tók þátt í umræðu um skýrsluna og lagði m.a. áherslu á mikilvægi öryggis- og björgunarmála á norðurhöfum. Með opnun nýrra siglingaleiða í kjölfar hlýnandi loftslags mundi skipaumferð aukast til muna auk þess sem svæðið hefði aukið mikilvægi fyrir orkuöryggi heimsins. Þá sagði Kristinn brýnt að hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna væri virtur sem lagarammi norðurskautssvæðisins og enn mikilvægara væri að Bandaríkin staðfestu hann hið snarasta. Enn fremur minntist Kristinn á aukna tíðni ferða rússneskra herflugvéla nálægt íslenskri lofthelgi og sagði vel fylgst með þeim þótt þær væru ekki taldar ógna þjóðaröryggi. Í framhaldinu sagði hann að réttilega hefði verið hætt við loftvarnaeftirlit breska hersins fyrir hönd NATO á Íslandi. Breska ríkisstjórnin ætti erfitt verk fyrir höndum hygðist hún byggja upp glatað traust milli ríkjanna tveggja í kjölfar fjármálakreppunnar og aðgerða breskra stjórnvalda gegn íslensku bönkunum.

Þá kynnti Mike Hancock frá Bretlandi skýrslu stjórnmálanefndar þingsins um öryggi í Evrópu eftir stríðið í Georgíu í ágúst 2008 og lagði áherslu á mikilvægi þess að leysa þau undirliggjandi átök sem enn eru til staðar. Hann sagði ljóst að Georgía hefði farið of geyst í upphafi stríðs og Rússar hefðu verið of lengi að bregðast við og stöðva átökin. Brýnt væri að útvega Georgíu þá aðstoð sem nauðsynleg er til að hægt sé að endurreisa efnahag og innviði landsins eftir stríðsátökin og krefjast þess að Rússar virði skuldbindingar sínar samkvæmt friðarsamkomulaginu sem komið var á fyrir tilstuðlan ESB.

Varnarmálanefnd þingsins kynnti skýrslu um notkun netsins í hernaðarlegum tilgangi. Skýrsluhöfundarnir Christopher Chope frá Bretlandi og Tarmo Kouts frá Eistlandi kynntu niðurstöður skýrslunnar. Þeir lögðu m.a. til að Varnarmálastofnun Evrópu (EDA) ynni að stefnumótun varðandi öryggis- og varnarmál á netinu í samvinnu við VES-þingið. Með vísan til netárásarinnar á Eistland 2007 og aðgerða Rússa og Georgíumanna á netinu í tengslum við árásirnar í ágúst 2008 sagðist Chope vonast til þess að skýrslan drægi úr fáfræði varðandi notkun netsins í hernaðarlegum tilgangi. Hann bætti því við að mestu vonbrigðin við vinnu

skýrslunnar hefðu verið að ómögulegt var að fá upplýsingar um hvernig evrópsk stjórnvöld ynnu að málaflokknum.

5. Tilmæli og tilskipanir þings um öryggis- og varnarmál Evrópu árið 2008.

Fyrri hluti 54. þingfundar, 3.–5. júní:

1. tilmæli nr. 816 um endurbætur á öryggisstefnu Evrópu,
2. tilmæli nr. 817 árið 2008: afgerandi ár fyrir Vestur-Balkanskaga,
3. tilmæli nr. 818 um verkefni Evrópusambandsins í Tsjad,
4. tilmæli nr. 819 um varnartæknibúnað í Evrópu,
5. tilmæli nr. 820 um ómönnuð loftför til hernaðar: Evrópuverkefni,
6. tilmæli nr. 821 um geimvarnir fyrir Evrópu: GMES og Galileo,
7. tilmæli nr. 822 um þróun stjórnmála í Afganistan og Pakistan,
8. tilmæli nr. 823 um stefnu Rússlands í varnarmálum,
9. ályktun nr. 134 um mat á áhrifum vopnaðra átaka á umhverfið,
10. tilskipun nr. 124 um samstarf þinga varðandi öryggismál við Svartahaf.

Síðari hluti 54. þingfundar, 2.–4. desember:

1. tilmæli nr. 824 um sameiginlega öryggis- og varnarmálastefnu í Evrópu,
2. tilmæli nr. 825 um starfsemi hryðjuverkahópa við tyrknesku landamærin – II. hluti,
3. tilmæli nr. 826 um breytingar á yfirstjórn herafla Evrópusambandsins,
4. tilmæli nr. 827 um starfsemi Evrópusambandsins, endurskoðun,
5. tilmæli nr. 828 um viðbrögð almennings við alþjóðlegum hernaðaraðgerðum,
6. tilmæli nr. 829 um fjárhagsáætlun ráðherraráðs VES 2008,
7. tilmæli nr. 830 um geimvarnir Evrópu (MUSIS),
8. tilmæli nr. 831 um notkun netsins í hernaðarlegum tilgangi,
9. tilmæli nr. 832 um frumkvæði framkvæmdastjórnar ESB varðandi varnir Evrópu,
10. tilmæli nr. 833 um öryggismál á norðurslóðum,
11. ályktun nr. 135 um hlutverk þinga varðandi viðurkenningu á Kósóvó,
12. tilmæli nr. 834 um öryggi í Evrópu eftir stríðið í Georgíu,
13. tilskipun nr. 129 um öryggi á norðurslóðum.

Alþingi, 12. mars 2009.

Ármann Kr. Ólafsson, form.	Birgir Ármannsson.	Kristinn H. Gunnarsson.

710. Nefndarálit [281. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21 26. mars 1991 (greiðsluaðlögun).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur og Ásu Ólafsdóttur frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Benedikt Bogason frá réttarfarsnefnd, Ragnhildi Helgadóttur frá Háskólanum í Reykjavík, Karl Axelsson hrl., Harald Steinþórsson frá fjár-

málaráðuneyti, Snorra Olsen og Eddu Símonardóttur frá tollstjóranum í Reykjavík, Jónas Guðmundsson og Guðgeir Eyjólfsson frá Sýslumannafélagi Íslands, Írisi Björk Hreinsdóttur og Árna Huldar Sveinbjörnsson frá Fjármálaeftirlitinu, Snorra Stefánsson frá Samkeppniseftirlitinu, Evu Bryndísi Helgadóttur frá Lögmannafélagi Íslands, Ingvar Rögnvaldsson frá ríkisskattstjóra, Harald I. Birgisson frá Viðskiptaráði Íslands, Stefán Aðalsteinsson frá BHM, Sonju Ýr Þorbergsdóttur frá BSRB, Gísla Tryggvason talsmann neytenda, Magnús Norðdahl frá ASÍ, Hildigunni Hafsteinsdóttur frá Neytendasamtökunum, Ástu S. Helgadóttur frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Arneyju Einarsdóttur og Ástu Rut Jónsdóttur frá Hagsmunasamtökum heimilanna, Helga Sigurðsson frá Nýja Kaupþingi, Ernu Bjarnadóttur frá Bændasamtökum Íslands, Guðrúnu Björk Bjarnadóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Odd Ólason og Hauk Skúlason frá Nýja Glitni, Önnu B. Sigurðardóttur og Guðlaugu B. Ólafsdóttur frá NBI (Nýja Landsbanka), Davíð B. Gíslason frá Momentum, Gunnhildi Gunnarsdóttur og Karl F. Jóhannsson frá Íbúðalánasjóði, Sigurð Örn Guðleifsson frá Samtökum verslunar og þjónustu, Guðjón Guðmundsson frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Hrafn Magnússon, Stefán Árna Auðólfsson og Tómas N. Möller frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Jónu Björk Guðnadóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Björn Þorra Viktorsson og Karl Georg Sigurbjörnsson frá Félagi fasteignasala, Þorstein Arnalds frá Fasteignaskrá Íslands, Rakel Sveinsdóttur frá Credit Info, Sigurð Arnar Jónsson og Bjarna Þór Óskarsson frá Intrum.

Nefndinni bárust umsagnir frá ríkisskattstjóra, Neytendasamtökunum, Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands, Landssamtökum lífeyrissjóða, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Fjármálaeftirlitinu, Momentum greiðsluþjónustu ehf., Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hagsmunasamtökum heimilanna, Bændasamtökum Íslands, Íbúðalánasjóði, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, tollstjóranum í Reykjavík, Viðskiptaráði Íslands, Samkeppniseftirlitinu, Lögmannafélagi Íslands og talsmanni neytenda.

Markmið frumvarpsins.

Með frumvarpinu er lagt til að í lög um gjaldþrotaskipti verði bætt nýju úrræði sem ber heitið greiðsluaðlögun. Löng og farsæl reynsla er af úrræðum af þessum toga annars staðar á Norðurlöndum, eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins.

Með úrræðinu er gert ráð fyrir að skuldari geti að ákveðnum skilyrðum uppfylltum leitað nauðasamnings til greiðsluaðlögunar og er lagt til grundvallar að beitt sé gildandi reglum um nauðasamninga með þeim frávikum sem reglur frumvarpsins hafa að geyma. Þessi frávik eru í fyrsta lagi að skuldari þarf ekki að afla skriflegrar yfirlýsingar um meðmæli lánardrottna. Ákvörðun um greiðsluaðlögun er því ekki háð samþykki kröfuhafa. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að dómskipaður umsjónarmaður taki rökstudda afstöðu til þess hvort hann mæli með því að greiðsluaðlögun komist á fyrir skuldara. Í þriðja lagi er lagt til að kostnaður við að koma á greiðsluaðlögun falli að verulegu leyti á ríkissjóð.

Með greiðsluaðlögun er greiðslugeta skuldara lögð til grundvallar skuldaskilum. Aðferðin býður upp á einfalda og skilvirka leið til að takast á við þær aðstæður þegar skuldari getur ekki efnt skuldbindingar sínar. Annars vegar felur greiðsluaðlögun í sér einfalda, ódýra og sársaukalitla leið til að afskrifa kröfur sem í reynd eru þegar tapaðar. Hins vegar felur greiðsluaðlögun í sér þann ávinning fyrir kröfuhafa að aflahæfi skuldara er að ákveðnu leyti bundið í þágu kröfuhafa á greiðsluaðlögunartímanum. Ávinningurinn fyrir skuldarann er að honum er gert kleift að efna skuldbindingar sínar eftir getu um leið og hann kemst hjá gjaldþroti.

Almennt um greiðsluaðlögun.

Með greiðsluaðlögun er gert ráð fyrir að einstaklingur sem ekki getur staðið við skuldbindingar sínar geti með einföldum og skilvirkum hætti efnt þær eftir því sem aðstæður hans leyfa. Gjaldþrot einstaklinga hafa í för með sér margháttaðar neikvæðar afleiðingar fyrir samfélagið og mikla erfiðleika fyrir þá sem verða úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir upplifa mikið skipbrot og geta oft átt erfitt með að koma fótum undir sig á ný. Margir þeir einstaklingar sem lenda í þeirri stöðu að ráða ekki við skuldbindingar sínar hafa engu síður greiðsluvilja og greiðslugetu, jafnvel þótt hún dugi ekki fyrir öllum þeim skuldbindingum sem þeir þurfa að standa skil á. Við þær aðstæður er það mikill galli að ekki skuli vera í lögum skilvirkur farvegur til að auðvelda þeim sem lenda í þessari stöðu að standa skil á því sem þeir ráða við.

Með greiðsluaðlögun er komið á slíku úrræði. Einstaklingum sem uppfylla skilyrði fyrir greiðsluaðlögun verður þá kleift að skuldbinda sig til að binda aflahæfi sitt til lúkningar þeirra skulda sem þeir ráða við í einhvern afmarkaðan tíma, gegn því að eftirstöðvar skulda, ef einhverjar verða, falli niður að þeim tíma loknum. Af þessu leiðir að greiðsluaðlögun getur bæði átt við um þá einstaklinga sem komnir eru í verulega greiðsluerfiðleika og vilja forðast gjaldþrotameðferð og einnig um þá sem þegar eru komnir í gjaldþrotameðferð og vilja ljúka henni með skipulegum hætti og í samræmi við greiðslugetu og þannig komist hjá neikvæðum afleiðingum gjaldþrots.

Samfélagslegir hagsmunir af þessu úrræði eru miklir. Mikilvægt er að fólk sjái almennt hag sínum best borgið með því að standa skil á eins miklu af skuldum sínum og kostur er. Það er einnig mikilvægt að auðvelda þeim einstaklingum sem eru viljugir til að axla ábyrgð á þeim skuldbindingum sem þeir hafa stofnað til og gera þeim unnt að greiða þær niður eftir getu. Á hinn bóginn er jafnmikilvægt að tryggt sé að greiðsluaðlögun sé tímabundin og að hún standi í afmarkaðan sanngjarnan tíma, svo að skuldari sjái fyrir endann á erfiðleikum sínum með þessu úrræði.

Við þær aðstæður sem nú eru í efnahagslífinu hefur úrræði af þessum toga mikla þýðingu. Fordæmi frá öðrum löndum sem lent hafa í erfiðri efnahagskreppu benda til þess að ef margir verða gjaldþrota fylgi því mikil hætta á margháttuðum neikvæðum afleiðingum, m.a. að efnahagskreppan þróist í djúpa félagslega kreppu.

Gildissvið frumvarpsins.

Samkvæmt frumvarpinu er einungis heimilt að gera nauðasamning til greiðsluaðlögunar þegar um samningskröfur er að ræða, en það eru allar kröfur á hendur skuldara aðrar en þær sem eru undanþegnar áhrifum af nauðasamningi eða falla niður við staðfestingu hans, sbr. 1. og 3. mgr. 28. gr. laganna, sem þýðir í reynd að úrræðið tekur til allra krafna sem ekki eru tryggðar með veði, t.d. skulda við banka vegna yfirdráttarlána, greiðslukortaskulda og þess sem eftir stendur af bifreiðaláni þegar búið er að selja bifreiðina.

Í frumvarpinu er þó að finna ákvæði til bráðabirgða sem felur í sér að heimilt sé að kveða á um það í nauðasamningi til greiðsluaðlögunar að unnt verði að breyta skilmálum krafna sem eru í eigu Íbúðalánasjóðs eða fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði hér á landi sem ætlað er til eigin nota skuldara. Þá er einnig kveðið á um það í bráðabirgðaákvæðinu að sá hluti skuldarinnar sem falli utan andvirðis eignarinnar teljist til samningskrafna.

Umfjöllun um frumvarpið fyrir nefndinni snerist að miklu leyti um þær takmarkanir sem í bráðabirgðaákvæðinu fólust og hvort og þá hvernig mögulegt væri að láta greiðsluaðlögun, eins og hún er skilgreind í frumvarpinu, taka til krafna sem tryggðar eru með veði í fasteign.

Sérstök sjónarmið giltu að sumu leyti um slíkar kröfur og mikilvægt væri að lagatextinn tæki með ótvíræðum hætti á þeim álitamálum sem sköpuðust ef slíkar kröfur féllu undir úrræðið. Þá var þeim sjónarmiðum hreyft fyrir nefndinni að bráðabirgðaákvæðið fæli í sér mismunun og jafnvel brot á jafnræðisreglu stjórnarskrár þar sem með því sé í reynd verið að hygla viðskiptamönnum ríkisbanka og Íbúðalánasjóðs umfram viðskiptamenn annarra fjármálastofnana, t.d. einkarekinna lánafyrirtækja og sparisjóða. Þá kom einnig fram að þessi tilhögun gæti haft áhrif á samkeppni milli opinberra lánastofnana og einkarekinna lánastofnana þegar til lengri tíma er litið og gæti jafnvel verið túlkuð sem ólöglegur ríkisstyrkur.

Eftir umræður í nefndinni beindi formaður nefndarinnar því til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og réttarfarsnefndar að leitað yrði leiða til að útfæra með fullnægjandi hætti almenna greiðsluaðlögun veðkrafna á þann veg að skuldsettu fólki í hóflegu húsnæði sem ekki réði við greiðslubyrði sína yrði gefið tækifæri til greiðsluaðlögunar án hefðbundinna nauðungarsölu- og gjaldþrotaúrræða.

Í kjölfar þessa hóf dóms- og kirkjumálaráðuneytið undirbúning löggjafar um tímabundna greiðsluaðlögun veðlána. Nefndin fagnar því og hefur sammælst um að flytja frumvarp sem unnið hefur verið á grundvelli þeirrar vinnu sem fram hefur farið í nefndinni. Af þeim sökum leggur nefndin til að ákvæði til bráðabirgða, sem tekur einungis til veðlána sem veitt hafa verið af ríkisbönkum og Íbúðalánasjóði, verði fellt úr frumvarpinu.

Nauðasamningur til greiðsluaðlögunar.

Nauðasamningur til greiðsluaðlögunar er heiti sem lýsir markmiðinu með úrræðinu vel. Úrræðið felur í reynd í sér að greiðslugeta skuldara er lögð til grundvallar og umsjónarmanni gert kleift að skipta því fé sem skuldari getur aflað milli kröfuhafa og forða þannig skuldara frá gjaldþroti. Í lokamálsgrein 1. gr. a í frumvarpinu, sem verður 63. gr. a í lögunum, er tekið fram að almennar reglur laganna gildi um nauðasamning til greiðsluaðlögunar eftir því sem við getur átt nema annað leiði af ákvæðum X. kafla a og þeim sérreglum sem ætlað er að gilda um greiðsluaðlögun, sbr. athugasemdir í greinargerð. Þá er sérstaklega tekið fram í greininni að leita megi „nauðasamnings til greiðsluaðlögunar“ og er þar með áréttað að greiðsluaðlögun er í raun sérstök tegund nauðasamnings, sem ekki aðeins önnur ákvæði 3. þáttar laganna taka til, heldur einnig sérhver fyrirmæli um nauðasamninga annars staðar í þeim lögum eða utan þeirra. Þá var því hreyft fyrir nefndinni að taka þyrfti fram að nauðasamningur til greiðsluaðlögunar hafi ekki áhrif á kröfur sem njóta forgangs við gjaldþrotaskipti á búi skuldara, sbr. 28. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Nefndin telur því nauðsynlegt að taka skýrt fram að nauðasamningur til greiðsluaðlögunar er sérstök tegund nauðasamnings og nær því ekki til þessara krafna enda leiðir það af fyrrnefndri lokamálsgrein 1. gr. a (63. gr. a) þar sem segir að almennar reglur laganna gildi um þessa tegund nauðasamninga eftir því sem við getur átt og annað leiði ekki af ákvæðum kaflans.

Fyrir nefndinni kom fram að í viðskiptaráðuneytinu sé unnið að breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki og að við þá vinnu hafi komið fram að misræmi sé í meðferð svokallaðra víkjandi lána þegar um gjaldþrotaskipti er að ræða annars vegar og hins vegar í nauðasamningum. Í nauðasamningum er þessum kröfum gert hærra undir höfði en í gjaldþrotaskiptum. Þessar kröfur geta haft áhrif á nauðasamning og fellt hann jafnvel þótt þær eigi að standa aftast í skiptaröð sbr. ákvæði 114. gr. gjaldþrotalaga. Nefndin telur nauðsynlegt að leggja til lagfæringu á lögunum að þessu leyti og leggur til að tilvísun í 1.–3. og 5. tölul. í 3. mgr. 28. gr. falli brott.

Nefndin telur einnig nauðsynlegt að taka í þessu sambandi skýrt fram, vegna athugasemda í umsögn til nefndarinnar, að eignaauki sem stafar af eftirgjöf skulda við nauðasamninga telst ekki til skattskyldra tekna sbr. 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, enda hafi skuldirnar ekki myndast í sambandi við atvinnurekstur skattaðila og á það samkvæmt framansögðu við um nauðasamninga til greiðsluaðlögunar eins og hefðbundna nauðasamninga. Til að taka af allan vafa í því efni hefur fjármálaráðherra lagt fram frumvarp þess efnis á þskj. 618 – 366. mál.

Fyrir hverja er úrræðið?

Einnig var rætt í nefndinni fyrir hverja úrræðið er en það er ætlað almennum launþegum og í undantekningartilfellum þeim sem hafa stundað atvinnurekstur. Í fjölda atvinnugreina vinna menn í auknum mæli sem verktakar en eru í reynd ekki sjálfstæðir atvinnurekendur nema að nafninu til þar sem þeir ráða ekki vinnutíma sínum og hafa ekki stofnað til skulda svo nokkru nemi vegna rekstrarins. Frumvarpinu er ætlað að taka til slíkra aðila. Úrræðið er þó háð því að viðkomandi hafi hætt atvinnurekstri.

Í þessu sambandi ræddi nefndin einnig nokkuð um stöðu annarra atvinnurekenda sem stunda rekstur í eigin nafni og voru bændur sérstaklega nefndir í því sambandi. Nefndin telur eðlilegra að tekið sé með sérstökum hætti á greiðsluerfiðleikum bænda, enda hentar úrræðið ekki vel fyrir þann atvinnurekstur vegna víðtækra veðsetninga bújarða, bústofns og jafnvel íbúðarhúsnæðis bænda vegna reksturs búanna. Þá kom fram fyrir nefndinni að annars staðar á Norðurlöndum hefur úrræðið ekki verið látið ná til atvinnustarfsemi, nema í undantekningartilfellum eins og lagt er til í frumvarpinu, en litið svo á að nauðasamningsúrræðið henti betur í þeim tilfellum og fellst nefndin á þau sjónarmið. Nefndin telur þó ástæðu til að beina því til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að kannað verði hvernig nauðasamningaúrræðið henti smáum atvinnurekstri og að leitað verði leiða til að einfalda slíkt ferli í ljósi fyrirsjáanlegs vanda margra smærri atvinnurekenda.

Nefndin ræddi einnig d-lið 1. gr. frumvarpsins (63. gr. d.) en þar er tekið fram að auk þeirra ástæðna sem skv. 1. mgr. 38. gr. laganna skulu leiða til þess að héraðsdómari synji um heimild til að leita nauðasamnings geti hann hafnað beiðni um heimild til að leita greiðsluaðlögunar ef ákveðin tilgreind skilyrði (ástæður) eru fyrir hendi, t.d. að skuldari hafi bakað sér skuldbindingu sem einhverju nemur miðað við fjárhag hans með háttsemi sem varðar refsingu eða skaðabótaskyldu. Hér er m.a. átt við það þegar vörslusköttum hefur ekki verið skilað og var þeim sjónarmiðum hreyft fyrir nefndinni að ekki sé rétt að veita skuldara heimild til greiðsluaðlögunar við þessar aðstæður. Nefndin telur hins vegar ekki rétt að þrengja úrræðið umfram það sem frumvarpið gerir og bendir á að í flestum tilfellum eru skuldir vegna virðisaukaskatts, staðgreiðslu og annara opinberra gjalda greiddar fyrst. Þá er úrræðið ætlað almennum launþegum en sjálfstæðum atvinnurekendum í undantekningartilfellum og þá með því skilyrði að atvinnurekstri sé hætt. Það væri því í algjörum undantekningartilfellum sem héraðsdómari mundi heimila sjálfstæðum atvinnurekanda nauðasamning til greiðsluaðlögunar og þá væntanlega þegar um mjög óverulegar skuldir er að ræða.

Í frumvarpinu er lagt til að dómsmálaráðherra sé heimilt að ákveða með reglugerð að skuldara bjóðist endurgjaldslaus aðstoð hjá opinberri stofnun eða öðrum við gerð beiðni og fylgigagna um nauðasamning til greiðsluaðlögunar. Nefndin telur mjög mikilvægt að þeir sem eiga í greiðsluerfiðleikum geti þannig leitað til og fengið aðstoð sérfræðinga við að finna úrlausn sinna mála án mikilla fjárútláta.

Verkefni umsjónarmanns með greiðsluaðlögun.

Mikilvægasta gagnið sem þarf að fylgja beiðni um heimild til að leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar er greiðsluáætlun. Greiðsluáætlun þjónar þeim tilgangi að sýna lánardrottnum jafnt sem umsjónarmanni með greiðsluaðlögun fram á hver sé fyrirsjáanleg geta skuldarans til að greiða af skuldum sínum á komandi árum og kemur í stað frumvarps til nauðasamnings. Með frumvarpinu er lagt til að afborgunarfjárhæð samkvæmt greiðsluáætlun verði bundin við launavísitölu eða á annan hátt við tilteknar verðlagsmælingar og telur nefndin það eðlilegt þegar litið er til þess að úrræðinu er ætlað að standa í nokkur ár.

Nefndin ræddi nokkuð um stöðu og heimildir umsjónarmanns en samkvæmt frumvarpinu er hlutverk hans að meta hvort rétt sé að veita skuldara heimild til nauðasamnings til greiðsluaðlögunar.

Í nefndinni var sérstaklega rætt um framkvæmd þessa verkefnis og þann kostnað sem af störfum umsjónarmanns kann að hljótast. Sérstaklega var bent á að mikil óvissa væri um hvernig úrræði þetta reyndist, vera kynni að margir vildu reyna að nýta sér það við þær aðstæður sem nú eru uppi í efnahagslífinu og því væri mikilvægt að tryggja einsleitni í beitingu þess sem kostur væri og draga úr kostnaði. Af þeim sökum var niðurstaða nefndarinnar að rétt væri að heimila dóms- og kirkjumálaráðherra að fela sýslumannsembætti eða öðrum opinberum aðila hlutverk umsjónarmanns. Með slíkri lausn væri tryggð yfirsýn yfir notkun og beitingu úrræðisins frá upphafi og jafnframt auðveldað að koma á samræmdu verklagi og festu í framkvæmd þess. Hugsanlegt er að færa önnur innheimtuverkefni frá því sýslumannsembætti sem fengi þetta verkefni og tryggja þannig hlutleysi þess sýslumanns sem falið yrði verkefnið. Rétt væri síðar að endurmeta reynsluna og fela þá eftir atvikum öðrum aðilum hlutverk umsjónarmanna. Nefndin leggur því til breytingu á frumvarpinu að þessu leyti.

Forsendubrestur og tímalengd úrræðis.

Á fundum sínum ræddi nefndin einnig nokkuð um tímalengd úrræðisins og endurskoðun þess á gildistímanum en í frumvarpinu er ekki kveðið á um það. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að í norrænum rétti hafi mótast sú venja að greiðsluaðlögunartímabil sé þrjú til fimm ár. Í Noregi er tímabilið fimm ár. Nefndin telur ekki efni til að fastsetja ákveðinn tímaramma í löggjöf, enda geti verið misjafnt hvað henti viðkomandi skuldara og því eðlilegt að umsjónarmaður leggi mat á það í sinni greinargerð.

Sérstök sjónarmið um stöðu skuldara.

Nefndin minnir á að við þær efnahagslegu aðstæður sem nú ríkja og erfiðleika sem margir standa frammi fyrir er nauðsynlegt að lögfesta úrræði sem hafi að markmiði að viðhalda greiðsluvilja skuldara og styðja við sjálfsbjargarviðleitni þeirra sem lenda í vanskilum. Af þeim ástæðum telur nefndin rétt að horfa til ýmissa atriða í íslenskri löggjöf sem ekki hafa þau áhrif að auðvelda skuldurum að standa í skilum. Sérstaklega var á það bent fyrir nefndinni að sú tilhögun að kröfuhafi hafi sjálfdæmi um að ráðstafa innborgunum á skuld fyrst til greiðslu kostnaðar og vaxta og síðan til höfuðstóls hafi augljós neikvæð áhrif á greiðsluvilja skuldara. Nefndin fagnar af þeirri ástæðu því frumkvæði fjármálaráðherra að breyta þessari tilhögun tímabundið að því er varðar kröfur ríkisins.

Þá var nefnt að sú staðreynd að erfitt er að ljúka gjaldþroti hafi augljós neikvæð áhrif á skuldara og þátttöku hans í samfélaginu. Með núverandi löggjöf séu skuldarar í reynd þvingaðir til svartrar atvinnustarfsemi eða til þess að skjóta undan tekjum til að verjast kröfuhöfum, sem endalaust geta haldið kröfum á lífi. Með greiðsluaðlögun er komið til móts við

skuldara að því leyti að greiðsluaðlögun opnar einfalda og skilvirka leið fyrir þá sem vilja ráðstafa hluta aflahæfis síns til greiðslu skulda til að greiða það sem unnt er að greiða en fá eftirstöðvar krafna felldar niður. Með greiðsluaðlögun skapast því nýr möguleiki fyrir gjaldþrota einstaklinga að ljúka gjaldþroti sem þegar er orðið og hefja nýjan kafla í lífinu.

Þótt greiðsluaðlögun sé komið á geta kröfuhafar áfram gengið að ábyrgðarmönnum og t.d. veði þriðja manns óháð greiðsluaðlögunarúrræðinu. Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að ábyrgð þriðja manns er mun algengari á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum þó að dregið hafi úr notkun hennar síðustu ár. Nefndin telur óhjákvæmilegt að fram fari endurskoðun á heimildum til samninga með ábyrgð þriðja manns og beinir því til ríkisstjórnar að það verði athugað og bendir enn fremur á þingskjal nr. 135 – 125. mál.

Nefndin telur mikla þjóðhagslega hagsmuni af því að skuldarar sjái tilgang í að halda áfram að greiða af skuldum. Óhætt er að segja að í íslenskri löggjöf er mikið ójafnvægi milli hagsmuna skuldara og kröfuhafa, þeim fyrrnefnu í óhag. Við þessar aðstæður er að áliti nefndarinnar brýnt að endurmeta löggjöf og venjur í því skyni að auka á jafnvægi milli hagsmuna skuldara og kröfuhafa og gera skuldurum auðveldara og hagfelldara að standa við skuldbindingar sínar. Nefndin vill því beina þeim tilmælum til ríkisstjórnar að hún hlutist til um að tafarlaust verði gerð athugun á þeim hindrunum sem eru í löggjöf og réttarvenju að þessu leyti og undirbúi frumvarp til úrbóta.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Tilvísunin „1.–3. og 5. tölul.“ í 3. mgr. 28. gr. laganna fellur brott.
2. 3. mgr. d-liðar 1. gr. orðist svo:
   Umsjón með nauðasamningi um greiðsluaðlögun er á hendi sýslumanns eins eða fleiri eða annars opinbers aðila, samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.
3. Ákvæði til bráðabirgða falli brott.

Alþingi, 12. mars 2009.

Árni Páll Árnason, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Birgir Ármannson, með fyrirvara.
Ágúst Ólafur Ágústsson.	Ólöf Nordal, með fyrirvara.	Árni Þór Sigurðsson.
Sigurður Kári Kristjánsson, með fyrirvara.	Siv Friðleifsdóttir.	Jón Magnússon, með fyrirvara.

711. Skýrsla [418. mál]

Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 2008.

1. Inngangur.

Af þeim fjölmörgu og margþættu málum sem fjallað var um á vettvangi Alþjóðaþingmannasambandsins (IPU) á árinu 2008 eru nokkur atriði sem Íslandsdeildinni þykir standa upp úr með tilliti til markmiða sambandsins, sem er að vinna að friði og samstarfi meðal þjóða og treysta lýðræði og þjóðkjörin fulltrúaþing í sessi.

Fyrst ber að nefna umræðu um baráttuna gegn fátækt í heiminum sem fór fram í Höfðaborg í apríl. Þar var m.a. lögð áhersla á mikilvægi þess að konur væru virkir þátttakendur í þróun samfélaga, en ljóst er að þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna verður ekki náð án þess að unnið verði markvisst að jafnrétti kynjanna. Í öðru lagi er umræða um hlutverk þinga við að ráða niðurlögum fjármálakreppunnar í heiminum og um efnahagsleg áhrif hennar á þróuð og vanþróuð ríki.

Þá ber að nefna starf IPU til að efla lýðræði. Mörg aðildarþing sambandsins eru ekki lýðræðislega kjörin og í sumum fer ekkert eiginlegt löggjafarstarf fram. Þingmenn frá slíkum þingum kynnast lýðræðislegum vinnubrögðum á þingum IPU, en jafnframt vinnur sambandið mjög mikilvægt starf í þessa veru milli þinga. Námskeið eru haldin fyrir þing sem eru að feta sig áfram á lýðræðisbraut um ýmsa þætti þingstarfsins, stundum í samvinnu við viðeigandi stofnun Sameinuðu þjóðanna eða aðra alþjóðastofnun. Sambandið hefur einnig lagt áherslu á jafnréttismál í stjórnmálum og hlutskipti kvenna og barna. Í því sambandi má nefna afar gott samstarf samtakanna á árinu við Þróunarsjóð Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna (UNIFEM) og Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) og verður áframhaldandi áhersla á málaflokkinn árið 2009.

Af öðrum stórum málum sem tekin voru til umfjöllunar á þingum IPU árið 2008 má nefna heilsufar mæðra og ungbarna og baráttuna við ungbarnadauða, friðaruppbyggingu í þágu sáttar og ástandið í Simbabve í kjölfar kosninganna þar í landi. Þá fjallaði önnur neyðarályktun samtakanna um það aðkallandi hlutverk þjóðþinga og IPU að stöðva versnandi ástand á ófriðarsvæðum og auðvelda Palestínumönnum að endurheimta sjálfsákvörðunarrétt sinn og flýta fyrir stofnun palestínsks ríkis með raunhæfu friðarferli. Þess ber að geta að Ásta Möller, formaður Íslandsdeildar, var skipuð í framkvæmdastjórn IPU til næstu fjögurra ára, en jafnframt á hún sæti í framkvæmdastjórn kvennasamtaka IPU.

2. Almennt um IPU.

Aðild að IPU eiga nú 150 þjóðþing en aukaaðild að sambandinu eiga sex svæðisbundin þingmannasamtök. Hlutverk IPU er að stuðla að skoðanaskiptum þingmanna frá öllum heimshornum og hlúa að samstarfi þeirra. IPU fjallar um alþjóðamál og samþykkir ályktanir um þau og vinnur að framgangi mannréttindamála sem eins grundvallarþáttar lýðræðis og þingræðis. Þá vinnur IPU að styrkingu þjóðþinga og aðstoðar við þróun lýðræðislegra vinnubragða innan þeirra. Sambandið styður starfsemi Sameinuðu þjóðanna og á margvíslegt samstarf við stofnanir þeirra. Höfuðstöðvar sambandsins eru í Genf, en sambandið rekur jafnframt skrifstofu í New York.

IPU heldur tvö þing á ári, eitt stærra þing að vori, sem haldið er í einu af aðildarríkjum sambandsins, og eitt minna þing að hausti, sem er haldið í Genf nema annað sé ákveðið sérstaklega. Auk þess heldur sambandið nokkrar alþjóðlegar ráðstefnur og málstofur á ári

hverju, oftast um málefni sem eru efst á baugi innan Sameinuðu þjóðanna hverju sinni og þá gjarnan í tengslum við tiltekna ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Þá eru haldnar námsstefnur fyrir þjóðþing sem óska eftir slíku um ýmsa þætti löggjafarstarfsins og eflingu lýðræðis.

Þrjár fastanefndir starfa innan Alþjóðaþingmannasambandsins:

1. nefnd um friðar- og öryggismál,
2. nefnd um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál,
3. nefnd um lýðræði og mannréttindamál.

Ráð IPU, sem í eiga sæti þrír fulltrúar frá hverri landsdeild (fulltrúum fækkar í tvo ef sendinefnd samanstendur ekki af fulltrúum beggja kynja í fleiri en þrjú þing í röð), markar stefnu samtakanna og hefur umsjón með starfi nefnda og vinnuhópa. Á milli funda hefur sautján manna framkvæmdastjórn umsjón með daglegum rekstri samtakanna, undirbýr fundi ráðsins og fylgir eftir ákvörðunum þess. Auk fastanefnda sambandsins skila aðrar nefndir og vinnuhópar sem starfa innan sambandsins skýrslum til ráðsins til afgreiðslu, en um er að ræða nefnd um málefni Sameinuðu þjóðanna, nefnd um mannréttindi þingmanna, nefnd um málefni Miðausturlanda, vinnuhóp um málefni Kýpur, nefnd til að auka virðingu fyrir alþjóðlegum mannúðarlögum, undirbúningsnefnd kvennafundar IPU og vinnuhóp um samstarf kynjanna. Nefnd um mannréttindi þingmanna vinnur mikið starf á milli þinga og gefur út skýrslu fyrir hvert þing IPU þar sem hún fer yfir mál þingmanna sem mannréttindi hafa verið brotin á, hvort sem um er að ræða fangelsun, hótanir, barsmíðar, mannshvarf eða dauðsfall. Nefndin heimsækir viðkomandi ríki, ræðir við málsaðila og aflar gagna. Málum er fylgt eftir, oft árum saman, þar til einhver niðurstaða fæst. Ráð IPU samþykkir á hverju þingi ályktanir sem grundvallast á skýrslu nefndarinnar.

Ályktanir IPU eru ekki bindandi fyrir þjóðþing aðildarríkjanna. Þær endurspegla hins vegar umræðu um mikilvæg málefni sem hinar ýmsu þjóðir glíma við. Vegna virkrar þátttöku þingmanna í umræðum á þingum IPU og ólíkra sjónarmiða þeirra hafa alþjóðastofnanir lagt áherslu á að fylgjast vel með ályktunum IPU, enda hafa þær iðulega bent á nýjar leiðir og nýjar hugmyndir að lausn mála.

3. Skipan og starfsemi Íslandsdeildar.

Eftir Alþingiskosningarnar 12. maí 2007 var ný Íslandsdeild kosin. Samkvæmt breytingum á þingsköpum gildir sú kosning deildarinnar fyrir allt kjörtímabilið. Þingið getur þó hvenær sem er kosið að nýju ef fyrir liggur beiðni meiri hluta þingmanna þar um. Aðalmenn starfsárið 2008 voru Ásta Möller, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður, þingflokki Samfylkingarinnar, og Þuríður Backman, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Varamenn voru Birgir Ármannsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingarinnar og Atli Gíslason, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Arna Gerður Bang var ritari deildarinnar. Íslandsdeildin hélt fjóra fundi á árinu, en á þeim fór aðallega fram undirbúningur fyrir þátttöku í þingum IPU.

Á þingfundi sambandsins 18. apríl var Ásta Möller, formaður Íslandsdeildar, kjörin í framkvæmdastjórn IPU.

4. Yfirlit yfir fundi.

Íslandsdeildin var venju samkvæmt mjög virk í starfi IPU á árinu og lét að sér kveða í öllum helstu málum sem komu til umræðu í nefndum og á þingum sambandsins. Hér á eftir

verður gerð grein fyrir því sem fram fór á fundunum á árinu og öðrum störfum Íslandsdeildar.

Tólfplús-hópurinn.

Venja er að daginn fyrir upphaf þings hittist Tólfplús-hópurinn sem er samstarfsvettvangur vestrænna lýðræðisríkja. Hópurinn hittist síðan á fundum flesta morgna meðan þing stendur til að fara yfir öll helstu mál þingsins og samræma afstöðu eins og hægt er. Á þeim fundum eru jafnframt fulltrúar hópsins í embætti og störf á vegum IPU valdir. Tveir þingmenn frá aðildarríkjum hópsins hafa seturétt á fundunum. Formaður hópsins, John Austin frá Bretlandi, stýrði fundunum.

Á vorþinginu fóru fram kosningar um eftirmann Katri Komi, formanns finnsku landsdeildarinnar, í stöðu Tólfplús-hópsins í framkvæmdastjórn IPU. Tvær þingkonur voru í framboði, þær Ásta Möller og Monika Griefahn frá Þýskalandi, og vann Ásta afgerandi sigur í kosningunni, fékk 37 atkvæði gegn 26, og varð þar með ein fjögurra fulltrúa hópsins í framkvæmdastjórn IPU. Framkvæmdastjórnin hefur umsjón með rekstri samtakanna og er skipuð 17 fulltrúum sem kosnir eru til fjögurra ára. Ásta er annar íslenski þingmaðurinn sem nær kjöri í framkvæmdastjórn IPU, en á árunum 1994–1998 sat Geir H. Haarde í stjórninni. Þá tilkynntu tveir fulltrúar um framboð sitt til næsta forseta IPU, þeir Theo-Ben Gurirab frá Namibíu og Laksono frá Indónesíu. Þeir kynntu stuttlega stefnumál sín fyrir fundargestum, en kosning um eftirmann Pier Ferdinando Casini, forseta sambandsins, sem kjörinn var í október 2005, fór fram á þingi sem haldið var í október 2008.

Á haustþinginu kynntu fulltrúar Tólfplús-hópsins í framkvæmdastjórn IPU, þau Ásta Möller, Geert Versnick (Belgíu) og Robert del Picchia (Frakklandi), helstu niðurstöður funda stjórnarinnar og gafst fundargestum kostur á að spyrja út í starf hennar. Þá skýrði Finn Martin Vallersnes (Noregi) frá starfi nefndar um málefni Sameinuðu þjóðanna. Í framhaldinu minnti John Austin fundarmenn á óformlega ákvörðun hópsins um að styðja Theo-Ben Gurirab frá Namibíu í kosningu um nýjan forseta IPU. Enn fremur voru skipaðir fulltrúar hópsins í nefnd sem vann að drögum að neyðarályktun þingsins. Þá sagði Ásta Möller fundargestum frá starfi undirbúningsnefndar kvennafundar IPU og fór yfir skipulagningu og áhersluatriði næsta fundar sem haldinn verður á vorþingi IPU í Addis Ababa.

Norrænt samstarf.

Tveir norrænir samráðsfundir eru haldnir árlega til að fara yfir málefni komandi þings og samræma afstöðu Norðurlanda eins og hægt er. Norðurlönd skiptast á að fara með stjórn norræna hópsins og voru Svíar í forustu á árinu. Fyrri fundurinn var haldinn í Stokkhólmi 10. mars og sá síðari í Uppsölum 18.–19. september. Ásta Möller, formaður Íslandsdeildar, sótti fundina auk Örnu Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildar.

Á fundinum í Stokkhólmi upplýsti Katri Komi, sem sat í framkvæmdastjórn IPU, fundarmenn um áhersluatriði stjórnarinnar og hvað helst var til umræðu á síðasta fundi hennar. Í framhaldinu hvatti hún Ástu Möller til að bjóða sig fram í framkvæmdastjórn IPU og varð Ásta við þeirri hvatningu. Katri Komi sagði jafnframt frá því að líklegt væri að formaður þýsku landsdeildarinnar, Monika Griefahn, byði sig einnig fram fyrir hönd Tólfplús-hópsins til framkvæmdastjórnarinnar en hún hafði ekki heyrt af fleiri frambjóðendum að svo stöddu. Sammælst var um að norrænu landsdeildirnar styddu framboð Ástu Möller til framkvæmdastjórnarinnar.

Á fundinum í Uppsölum kynnti Ásta Möller helstu niðurstöður fundar framkvæmdastjórnar sem haldinn var í Genf 19. júní og svaraði spurningum nefndarmanna. Fundurinn var haldinn sérstaklega til að ræða fulla aðild Palestínu að samtökunum, en gera þarf breytingar á starfsreglum sambandsins til að hún nái fram að ganga. Í framhaldi af fundinum sendi framkvæmdastjórnin út breytingartillögu að starfsreglunum sem ræddar voru á haustþingi sambandsins í Genf. Í framhaldinu skýrði Ásta frá umræðum fundar framkvæmdastjórnar Tólfplús-hópsins sem haldinn var í London 15. september en þar var einnig full aðild Palestínu að samtökunum stærsta málið á dagskrá. Nánar er fjallað um afgreiðslu máls Palestínu í frásögn af þingi IPU í Genf í október.

118. þing IPU í Höfðaborg 12.–18. apríl.

Af hálfu Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins sóttu þingið þau Ásta Möller, formaður, Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður, og Þuríður Backman, auk Örnu Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildar. Helstu mál á dagskrá voru þróunaraðstoð, atvinnumál innflytjenda, mansal og mannréttindi, konur og fjölmiðlar og heilsa ungbarna og mæðra. Enn fremur fór fram almenn umræða um baráttuna gegn fátækt í heiminum. Yfir 700 þingmenn frá 120 ríkjum sóttu þingið og hefur þátttakan aldrei verið meiri.

Við setningu þingsins fluttu eftirfarandi aðilar ávörp: Thabo Mbeki, forseti Suður-Afríku, Baleka Mbete, forseti suður-afríska þingsins, dr. Asha-Rose Migiro, staðgengill aðalritara Sameinuðu þjóðanna (SÞ), og Katri Komi, settur forseti IPU. Síðar á þinginu fluttu m.a. erindi Y. Fall, yfirhagfræðingur þróunarsjóðs kvenna hjá SÞ, D. Payne, þingmaður frá Bandaríkjunum og formaður undirnefndar um Afríku og heilbrigði, og hollenski prinsinn, Willem-Alexander, formaður ráðgjafarnefndar SÞ um vatn og hreinlætisaðgerðir.

Tvær pallborðsumræður fóru fram á þinginu, annars vegar um heilsufar mæðra og ungbarna og baráttuna við ungbarnadauða og hins vegar um friðaruppbyggingu í þágu sáttar. Fyrri pallborðsumræðan var skipulögð í samvinnu við barnahjálp SÞ (UNICEF) og opnaði forseti suður-afríska þingsins, B. Mbete, umræðuna. Rætt var um leiðir til að vinna gegn þeirri staðreynd að meira en 26 þúsund börn undir fimm ára aldri deyja daglega auk þess sem um hálf milljón kvenna deyr árlega af barnsförum. Einnig var haldinn umræðufundur um ástandið í efnahagsmálum í heiminum og áhrif neikvæðrar þróunar þess á lífskjör og lífsviðurværi fólks.

Rætt var um ástandið í Simbabve og sendu þingmenn frá sér yfirlýsingu þar sem lýst er samstöðu um viðleitni þjóðarleiðtoga SADC-ríkjanna (samtök 12 ríkja í suðurhluta Afríku) til að leysa þá pattstöðu sem komin er upp vegna kosninganna í Simbabve. Stjórnvöld Simbabve eru eindregið hvött til að taka á móti svæðisbundnum þingmannasamtökum og kosningaeftirlitsstofnunum ef endurtaka á kosningarnar þar í landi. Í yfirlýsingunni er einnig brýnt fyrir stjórnvöldum í Simbabve að aflétta strax hömlum á málfrelsi og þess krafist að þingið verði kallað saman eins fljótt og mögulegt er. Á sama tíma eru þjóðþing og stofnanir lýðræðisríkja hvött til að halda áfram að beita áhrifum sínum þar til lýðræðisleg niðurstaða kosninganna verður virt.

Sex tillögur um neyðarályktun eða utandagskrárefni voru lagðar fram fyrir upphaf þingsins, en aðeins er hægt að taka fyrir eitt mál utan dagskrár á hverju þingi samkvæmt reglum IPU. Nokkrir drógu tillögur sínar til baka, auk þess sem samstaða náðist um að sameina líkar tillögur. Neyðarályktunin sem hlaut samþykki fundarins fjallaði um það aðkallandi hlutverk þjóðþinga og IPU að stöðva versnandi ástand á ófriðarsvæðum, að auðvelda Palestínumönnum að endurheimta sjálfsákvörðunarrétt sinn, sérstaklega með því að binda enda á herkvína

á Gaza, og flýta fyrir stofnun palestínsks ríkis með raunhæfu friðarferli. Þá ber að hafa umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

Fastanefndirnar þrjár tóku fyrir fram ákveðin mál til umfjöllunar. Ályktanir nefndanna voru síðan afgreiddar á þingfundi. Ágúst Ólafur Ágústsson tók þátt í störfum 1. nefndar um frið og alþjóðleg öryggismál, en þar var rætt um hlutverk þjóðþinga við að koma á jafnvægi milli öryggis þjóðar og frelsis einstaklingsins. Ágúst Ólafur tók jafnframt þátt í störfum 2. nefndar um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál, en þar var rætt um þróunaraðstoð og stefnumótun ríkja. Þuríður Backman tók þátt í störfum 3. nefndar um lýðræði og mannréttindi, en hún fjallaði um atvinnumál innflytjenda, mansal og útlendingahatur. Þá fóru fram almennar stjórnmálaumræður á þinginu um baráttuna gegn fátækt í heiminum. Ásta Möller tók þátt í umræðunni og lagði m.a. áherslu á mikilvægi þess að konur væru virkir þátttakendur í þróun samfélaga, án þeirra væri illmögulegt að vinna bug á fátækt. Nú eru konur 70% þeirra sem skilgreindir eru sem mjög fátækir. Það er því ljóst að þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna verður ekki náð án þess að unnið verði markvisst að jafnrétti kynjanna.

Ráð IPU kom þrisvar saman á þinginu og afgreiddi fjölda mála. Þingin í Írak, Máritaníu og Timor-Leste fengu inngöngu í IPU en Bangladess var vikið úr sambandinu vegna vangoldinna árgjalda. Endurkomu þjóðþings Taílands í sambandið var fagnað og eiga nú 150 þjóðþing aðild að IPU. Rætt var um fulla aðild Palestínu að sambandinu en gera þarf breytingar á starfsreglum sambandsins til að hún nái fram að ganga. Tekin var ákvörðun um að nauðsynlegt væri að framkvæmdastjórn IPU fundaði sérstaklega um málið í júní og sendi í framhaldinu út breytingartillögu að starfsreglunum sem rædd yrði á næsta þingi sambandsins.

Nefnd um mannréttindi þingmanna kynnti skýrslur um brot gegn mannréttindum þingmanna og samþykkti ráð IPU fjölmargar ályktanir á grundvelli þeirra. Ríkin sem í hlut áttu eru Bangladess, Hvíta-Rússland, Búrúndí, Kólumbía, Ekvador, Erítrea, Hondúras, Líbanon, Malasía, Mongólía, Búrma, Pakistan, Palestína/Ísrael, Filippseyjar, Rúanda, Sri Lanka, Tyrkland og Simbabve.

Þess má geta að 28% þingfulltrúa á 118. þingi IPU voru konur, sem er lakari staða en á síðasta þingi (31%). Ellefu sendinefndir, eða 7% sendinefnda með fleiri en einn fulltrúa, voru einungis skipaðar körlum, en á 117. þingi voru þær 15, eða 9,5%.

119. þing IPU í Genf 12.–15. október.

Fyrir hönd Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins sóttu þingið Ásta Möller, formaður, og Þuríður Backman, auk Örnu Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildar. Helstu mál á dagskrá voru loftslagsbreytingar og endurnýjanleg orka, tjáningarfrelsi og réttur til upplýsinga, og hindrun útbreiðslu kjarnavopna og afvopnun. Enn fremur fór fram utandagskrárumræða um alþjóðlegu fjármálakreppuna. Yfir 500 þingmenn frá 134 ríkjum sóttu þingið, þar af 37 þingforsetar.

Fimm tillögur um neyðarályktun eða utandagskrárefni voru lagðar fram fyrir upphaf þingsins (en aðeins er hægt að taka fyrir eitt mál utan dagskrár á hverju þingi samkvæmt reglum IPU). Þar sem allar tillögurnar voru um fjármálakreppu heimsins var tekin ákvörðun um að tillaga Sameinuðu arabísku furstadæmanna yrði sett á dagskrá þingsins með stuðningi frá tillögum Belgíu, Egyptalands, Írans og Mexíkó. Utandagskrárumræðan bar yfirskriftina: Hlutverk þjóðþinga við að ráða niðurlögum fjármálakreppunnar í heiminum og efnahagsleg áhrif hennar á þróuð og vanþróuð ríki. Lögð var áhersla á aukið gegnsæi á fjármálamörkuðum og skýrari reglur í fjármálageiranum með það að markmiði að koma í veg fyrir að fjármálakreppa sem þessi endurtaki sig. Einnig var rætt um mikilvægi þess að auka yfirsýn fjár-

málastofnana og seðlabanka með varúðarstefnu að leiðarljósi. Þá var lögð áhersla á nauðsyn þess að draga úr félagslegum afleiðingum kreppunnar og lagt til að IPU boðaði til alþjóðlegrar þingmannaráðstefnu eins fljótt og auðið er þar sem orsakir og afleiðingar fjármálakreppunnar væru rannsakaðar með það að leiðarljósi að finna leiðir til að takast á við afleiðingar hennar. Ályktun þingsins endurspeglaði málefni umræðunnar og var hún samþykkt einróma.

Ásta Möller tók þátt í utandagskrárumræðunni og fór yfir þróun mála á Íslandi eftir nýafstaðið bankahrun. Hún lýsti vonbrigðum þjóðarinnar með viðbrögð alþjóðasamfélagsins þegar leitað var eftir stuðningi erlendra seðlabanka á ögurstundu til að koma í veg fyrir gjaldþrot stærstu banka landsins, en án árangurs. Hún lagði einnig áherslu á að íslenska ríkið hygðist standa við þjóðréttarlegar skuldbindingar sínar. Alþingi hefði í því sambandi samþykkt neyðarlög sem tryggðu forgang slíkra krafna. Enn fremur sagðist hún þess fullviss að með nauðsynlegum stuðningi næðu Íslendingar sér út úr þeim fjárhagslegu hremmingum sem þjóðin væri komin í. Ísland væri ríkt af gjöfulum fiskimiðum, náttúruauðlindum, endurnýjanlegri orku og vel menntuðu vinnuafli, því væru framtíðarhorfur þjóðarinnar góðar. Mikilvægt væri að þjóðir heims lærðu af fjármálakreppunni og ynnu saman að því að ná stöðugleika á heimsmörkuðum.

Umræður um skýrslur fastanefndanna þriggja fóru fram sem pallborðsumræður þar sem efni skýrslnanna var kynnt af skýrsluhöfundum og sérfræðingum og í framhaldinu tóku þingmenn þátt í umræðum. Í 1. nefnd, um frið og alþjóðleg öryggismál, var rætt um útbreiðslu kjarnavopna, afvopnun og tryggingu þess að samningum um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn sé framfylgt. Skýrsluhöfundar skýrðu fundargestum frá framgangi vinnu nefndarinnar við undirbúning skýrslunnar sem flutt verður á vorþinginu í Addis Ababa. Í 2. nefnd, um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál, var fjallað um loftslagsbreytingar og endurnýjanlega orku. Í umræðu um drög að skýrslu nefndarinnar voru þingmenn sammála um nauðsyn samstillts átaks til að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga en þeir höfðu afar ólíkar skoðanir á því hvaða leiðir væru ákjósanlegastar til árangurs. Meðan á umræðunni stóð voru lagðar fram fjölmargar breytingartillögur við skýrsludrögin. Í 3. nefnd, um lýðræði og mannréttindi, var rætt um tjáningarfrelsi þegna lýðræðisríkja og rétt þeirra til upplýsinga.

Nefnd um málefni Sameinuðu þjóðanna (SÞ) kynnti niðurstöður skýrslu sinnar og fór yfir framkvæmd skoðanakönnunar sem send verður til þinga aðildarríkjanna á næstunni. Könnunin tekur á samskiptum milli þinga og stofnana SÞ, en niðurstöður hennar verða ræddar á vorþingi IPU í Addis Ababa 2009. Þá hélt sérfræðingur frá SÞ erindi um réttinn til fæðu, matvælaáætlun SÞ (WFP) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) út frá vaxandi matvælaskorti í heiminum og þeim heilsufarslega vanda sem honum fylgir. Breyting á 3. gr. í starfsreglum IPU var samþykkt með miklum meiri hluta atkvæða (1.219 já, 93 nei, 230 sátu hjá) sem gerir löggjafarþingi Palestínu (PLC) kleift að öðlast fulla aðild að IPU. Formaður ísraelsku landsdeildarinnar tók til máls og lýsti yfir óánægju með breytingarnar og það fordæmi sem þær sköpuðu.

Ráð IPU kom fjórum sinnum saman á þinginu og afgreiddi fjölda mála. Þingin í Komoros, Óman og Síerra Leóne fengu inngöngu í IPU. Einnig voru breytingar á starfsreglum IPU sem veittu Palestínu fulla aðild að samtökunum samþykktar af ráðinu. Formaður palestínsku landsdeildarinnar ávarpaði þingið og þakkaði stuðninginn. Þá var Theo-Ben Gurirab, þingforseti Namibíu, kosinn nýr forseti IPU til næstu þriggja ára. Valið stóð á milli hans og Laksono, þingforseta Indónesíu, og vann Gurirab yfirburðasigur. Gurirab var forsætisráðherra Namibíu 2002–2005 og utanríkisráðherra frá 1990–2000.

Nefnd um mannréttindi þingmanna kynnti skýrslur um brot gegn mannréttindum þingmanna og samþykkti ráð IPU fjölmargar ályktanir á grundvelli þeirra. Þess má geta að 30% þingfulltrúa á 119. þingi IPU voru konur, sem er betri staða en á 118. þingi IPU (28 %).

Fundir framkvæmdastjórnar IPU 20. júní og í tengslum við 119. þingið 12.–15. október.

Ásta Möller, einn af fjórum fulltrúum Tólfplús-hópsins í framkvæmdastjórn IPU, sótti fundi stjórnarinnar, sem er skipuð 15 fulltrúum landfræðihópa þingsins auk forseta IPU og forseta undirbúningsnefndar kvennafundar IPU. Fundurinn 20. júní í Genf var haldinn sérstaklega til að vinna drög að breytingartillögu við starfsreglur samtakanna sem gerir Palestínu kleift að fá fulla aðild að samtökunum. Á fundum stjórnarinnar í tengslum við 119. þingið 12.–15. október var farið yfir þau mál sem eru á dagskrá funda IPU-ráðsins og ákvarðanir teknar sem lagðar eru fyrir ráðið. Tekin var ákvörðun um að þingin 2009 yrðu haldin í Addis Ababa og Genf. Kanada frestaði boði sínu um að halda vorþing 2010 til ársins 2011, þar sem enn hefur ekki fundist lausn varðandi vegabréfsáritanir til Kanada fyrir gesti ráðstefnunnar. Stjórnin lagði til við ráðið að vorþing 2010 yrði haldið í Taílandi. Þá var Elsa Papadimitriou frá Grikklandi skipuð varaforseti framkvæmdastjórnarinnar.

5. Ályktanir IPU árið 2008.

Ályktanir 118. þings IPU vörðuðu eftirfarandi efni:

1. Hlutverk þjóðþinga við að koma á jafnvægi milli öryggis þjóðar og frelsis einstaklingsins.
2. Þróunaraðstoð og stefnumótun ríkja.
3. Atvinnumál innflytjenda, mansal, útlendingahatur og mannréttindi.
4. Aðkallandi hlutverk þjóðþinga og IPU að stöðva versnandi ástand á ófriðarsvæðum, að auðvelda Palestínumönnum að endurheimta sjálfsákvörðunarrétt sinn, sérstaklega með því að binda enda á herkvína á Gaza, og flýta fyrir stofnun palestínsks ríkis með raunhæfu friðarferli.

Yfirlýsing 118. þings IPU:

1. Lýst var yfir samstöðu um viðleitni þjóðarleiðtoga SADC-ríkjanna (samtök 12 ríkja í suðurhluta Afríku) til að leysa þá pattstöðu sem komin er upp vegna kosninganna í Simbabve.

Ályktanir 119. þings IPU vörðuðu eftirfarandi efni:

1. Hlutverk þjóðþinga við að ráða niðurlögum fjármálakreppunnar í heiminum og efnahagsleg áhrif hennar á þróuð og vanþróuð ríki.

Alþingi, 12. mars 2009.

Ásta Möller, form.	Ágúst Ólafur Ágústsson, varaform.	Þuríður Backman.

712. Tillaga til þingsályktunar [419. mál]

um aðgerðir til að bregðast við fjárhagsvanda íslenskra heimila og atvinnulífs.

Flm.: Birkir J. Jónsson, Eygló Harðardóttir, Helga Sigrún Harðardóttir, Höskuldur Þórhallsson, Magnús Stefánsson, Siv Friðleifsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að útfæra og koma til framkvæmdar eftirfarandi aðgerðum til að bregðast við fjárhagsvanda íslenskra heimila og atvinnulífs:

1. Vextir verði lækkaðir í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.
2. Lífeyrissjóðum verði veitt heimild til gjaldeyrisviðskipta.
3. Samið verði við erlenda eigendur krónueigna.
4. Settur verði á fót uppboðsmarkaður með krónur.
5. Lokið verði við stofnun nýju bankanna fyrir 1. apríl 2009.
6. Kröfuhafar fái hlut í nýju bönkunum.
7. Unnið verði að sameiningu og endurskipulagningu banka og fjármálastofnana.
8. Ríkið ábyrgist lán til skamms tíma á milli banka.
9. Peningamagn í umferð verði aukið.
10. Veitt verði heimild til skráningar hlutafjár í erlendri mynt.
11. Gerð verði drög að fjárlögum til ársins 2012.
12. Komið verði á fót samráðsvettvangi með útflutningsfyrirtækjum og atvinnugreinum.
13. Ríkið verði bakhjarl vegna fjármögnunar útflutnings.
14. Stutt verði við rannsókna- og þróunarstarf.
15. Fasteignamarkaðurinn verði örvaður.
16. Stimpilgjöld verði afnumin.
17. Skattar verði lagðir á eignir erlendis.
18. Skuldir verði felldar niður að hluta til bjargar skuldsettum heimilum og fyrirtækjum.

Greinargerð.

Eftir fall bankakerfisins í byrjun október 2008 hefur skapast ástand í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar sem verður að bregðast við af öllu afli. Við óvenjulegar aðstæður eins og nú eru þarf að beita óhefðbundnum aðgerðum, sem þessi tillaga felur í sér.

Minnihlutaríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs tók til starfa 1. febrúar 2009. Framsóknarflokkurinn hefur heitið því að verja minnihlutaríkisstjórnina vantrausti á Alþingi og setti fyrir því tiltekin skilyrði. Í því fólst fyrst og fremst að þá strax yrði ráðist í efnahagslegar aðgerðir í þágu heimila og atvinnulífs. Framsóknarflokkurinn var þeirrar skoðunar að ekki mætti bíða með aðgerðir til að forða þjóðinni frá frekari áföllum en orðið höfðu. Þegar tillaga þessi er lögð fram á Alþingi er liðinn rúmlega einn mánuður frá því að minnihlutaríkisstjórnin tók til starfa og telja framsóknarmenn að ríkisstjórnin hafi ekki ráðist í þær nauðsynlegu og aðkallandi aðgerðir sem voru forsendur þess að ríkisstjórnin var mynduð með atbeina Framsóknarflokksins. Af þeim ástæðum er þessi þingsályktunartillaga lögð fram sem framlag Framsóknarflokksins til þess að ráðist verði í aðgerðir til að bregðast við fjárhagsvanda íslenskra heimila og atvinnulífs og skapa forsendur til endurreisnar efnahagslífinu. Hér á eftir er gerð grein fyrir einstökum liðum tillögunnar.

1. Vextir verði lækkaðir í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Nauðsynlegt er að lækka vexti strax til að forða fjöldagjaldþrotum heimila og fyrirtækja og koma efnahagskerfinu aftur í gang. Hið háa vaxtastig er nú þegar langt komið með að þurrka upp lausafé fyrirtækja. Auk þess stefnir það fjölda heimila í greiðsluþrot og hindrar nýsköpun.

Til þess að Seðlabankinn geti lækkað vexti hratt þurfa stjórnvöld að kynna Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) kröfu stjórnvalda um að bankanum verði heimilað að lækka vexti. Ítarlegar upplýsingar þurfa að fylgja um samsetningu verðbólgu sem sýna að ástæðulaust sé að óttast áhrif vaxta á verðbólgu við núverandi aðstæður. Við þessar aðstæður er erfitt fyrir AGS að hafna slíkri beiðni. Verðbólgukúfurinn vegna gengislækkunar síðustu þriggja mánaða ársins 2008 er að mestu genginn yfir. Nú eru ekki lengur sjáanlegir neinir umtalsverðir verðbólguhvatar í kerfinu. Gögn Seðlabankans staðfesta þetta. Í raun hefur skapast hætta á verðhjöðnun seinna á árinu. Aðrar þjóðir hafa lækkað vexti allt niður í núll prósent þrátt fyrir að það kunni að valda því að raunvextir verði neikvæðir til skamms tíma. Sé það ekki gert hér er íslensku atvinnulífi og heimilum veruleg hætta búin.

Aðkallandi er að nú þegar verði ráðist í lækkun vaxta.

2. Lífeyrissjóðum verði veitt heimild til gjaldeyrisviðskipta.

Lífeyrissjóðir eiga miklar eignir erlendis. Gera þarf þeim kleift að selja erlendar eignir og fjárfesta innan lands, kjósi þeir svo, með því að heimila þeim að eiga gjaldeyrisviðskipti. Þannig gætu lífeyrissjóðirnir keypt krónur á hagstæðum kjörum af þeim erlendu aðilum sem eiga krónueignir og vilja selja þær. Lífeyrissjóðirnir gætu með þessu móti selt minni hluta erlendra eigna sinna en ella fyrir sama magn af krónum og þannig nýtt ástandið sér til hagsbóta. Þann 12. febrúar sl. voru 38 fyrirtæki undanþegin reglum Seðlabankans um gjaldeyrisviðskipti.

Mikilvægt er að þessar aðgerðir komist nú þegar til framkvæmda.

3. Samið verði við erlenda eigendur krónueigna.

Talið er að erlendir aðilar eigi eignir í íslenskum krónum sem nemi 350–500 milljörðum. Þar er um að ræða jöklabréf en einnig ríkisskuldabréf og innstæður á bankareikningum. Þetta skapar þrýsting á krónuna, til veikingar, og ekki er hægt að afnema gjaldeyrishöft fyrr en þessum þrýstingi hefur verið aflétt. Rétt er að gefa erlendum eigendum krónueigna kost á að semja um að þeir losi eignir sínar á ásættanlegu verði. Ekki er þó hægt að treysta á að þeir verði allir losaðir út með slíkum samningum. Ríkisvaldið getur stuðlað að viðræðum þótt Seðlabankinn eða viðskiptabankarnir annist þær enda hafa þeir náin tengsl við umrædda aðila. Einnig geta lífeyrissjóðir komið að slíkum samningum og keypt krónur á hagstæðum kjörum með því að nýta heimild sína til að eiga viðskipti með gjaldeyri.

Lokið verði við þessa samninga í mars og apríl 2009.

4. Settur verði á fót uppboðsmarkaður með krónur.

Létta má þrýstingi á krónuna umfram það sem náð verður með fyrrgreindum aðgerðum með því að Seðlabankinn setji á fót uppboðsmarkað með íslenskar krónur. Það mun flýta fyrir því að gjaldeyrishöft verði afnumin án þess að hafa í för með sér stórfellda veikingu krónunnar með tilheyrandi vanda fyrir íslensk heimili og fyrirtæki. Í slíkum uppboðum gæfist erlendum aðilum kostur á að selja krónur en lífeyrissjóðum, erlendum aðilum og ríkinu að kaupa krónur. Uppboðin gætu verið reglulega, til dæmis tvisvar í mánuði. Þetta tryggir hag-

stætt verð frá þeim erlendu krónueigendum sem vilja losna og á sama tíma fengju lífeyrissjóðirnir krónur á hagstæðu verði. Kaupi lífeyrissjóðir krónur á uppboðunum losnar um þrýsting frá erlendum krónueigendum án þess að ríkið þurfi að ganga á gjaldeyrisforða sinn. Lífeyrissjóðirnir koma um leið eignum heim með eins hagkvæmum hætti og kostur er. Ávinningurinn er því tvöfaldur.

Dæmi um uppboðsaðferð:

Sala á ISK		**Kaup á ISK**	
Magn (ISK)	**Verð (EUR/ISK)**	**Magn (ISK)**	**Verð (EUR/ISK)**
100	180	50	210
50	200	250	230
200	230	100	270
150	275		

Miðað við tilboðin hér að ofan yrðu eftirfarandi viðskipti:

Magn	**Verð**
150	275
200	230

Þessi aðgerð verði komin til framkvæmdar í lok apríl 2009.

5. Lokið verði við stofnun nýju bankanna fyrir 1. apríl 2009.

Forsenda þess að nýju bankarnir geti sinnt því hlutverki sínu að þjónusta heimili og fyrirtæki er að stofnefnahagsreikningur þeirra liggi fyrir. Ákveða þarf hvaða eignir og skuldbindingar gömlu bankanna færast yfir í nýju bankanna auk þess sem ljúka þarf verðmati á umræddum eignum og skuldum.

Lokið verði við stofnun bankanna fyrir 1. apríl 2009.

6. Kröfuhafar fái hlut í nýju bönkunum.

Með setningu neyðarlaga á Alþingi þann 6. október 2008 voru innlán gerð rétthærri öðrum skuldum bankanna og bönkunum skipt í gamla (slæma) og nýja (góða) banka. Sá gjörningur gæti hæglega bakað ríkinu gríðarmikla skaðabótaskyldu. Til að koma til móts við kröfuhafa má færa þeim hlutafé í nýju bönkunum sem nemur skerðingu krafna þeirra. Með þessu móti færu einnig saman hagsmunir ríkisins og íslensks efnahagslífs annars vegar og kröfuhafa hins vegar við uppbyggingu bankanna. Kröfuhafar sæju sér hag í því að færa eignir úr gömlu bönkunum yfir í þá nýju á lægra verði í því augnamiði að styrkja nýju bankana. Ríkið legði svo inn aukið eigið fé og fengi hlutabréf til samræmis við það. Til að tryggja yfirráð ríkisins yfir bönkunum meðan á uppbyggingu þeirra stendur verða hlutabréf ríkisins A-hlutabréf, sem veita atkvæðisrétt, en aðrir eigendur fá B-hlutabréf sem gætu til dæmis veitt forgang að arðgreiðslum.

Þar sem misræmi er milli þeirra skulda og eigna sem nýju bankarnir taka við af gömlu bönkunum munu nýju bankarnir afhenda gömlu bönkunum skuldabréf til að jafna þann mun. Einnig gætu nýju bankarnir afhent kröfuhöfunum sjálfum skuldabréf fyrir hluta skuldarinnar

(þ.e. beint). Gömlu bankarnir fengju svo það sem eftir stendur greitt með skuldabréfi útgefnu af nýju bönkunum, sjá tillögu 2:

	Tillaga 1	**Tillaga 2**
Gömlu bankarnir	100	65
Kröfuhafar	0	35

Þessari framkvæmd verði lokið fyrir lok maímánaðar 2009.

7. Sameining og endurskipulagning banka og fjármálastofnana.

Í kjölfar uppskiptingar bankanna þarf að huga að framtíðarrekstri þeirra. Uppbygging nýrra banka er flókið og krefjandi verkefni og því rétt að dreifa ekki kröftunum um of. Sameining tveggja ríkisbanka gæti verið fýsilegur kostur. Einnig mætti sameina einn ríkisbanka fjármálastofnun eða stofnunum í einkaeigu, sparisjóðum eða bönkum. Þannig færu saman erlend sambönd (lánalínur og sambönd vegna miðlunar) hinna einkareknu fjármálastofnana og efnahagur nýs banka og úr yrði öflugri banki sem gæti strax veitt atvinnulífinu fulla þjónustu.

Þessari aðgerð verði lokið á næstu tólf mánuðum, eða fyrir lok febrúar 2010.

8. Ríkið ábyrgist lán til skamms tíma á milli banka.

Millibankamarkaður með krónur hefur nánast lagst af eftir bankahrunið í október 2008. Ein afleiðing þess er að fjármálastofnanir þurfa að liggja með meira reiðufé í sjóðum. Það fé liggur því ónotað og bankarnir geta síður lánað fyrirtækjum fé til skemmri tíma vegna þessa. Ríkið ætti að ábyrgjast lán milli fjármálastofnana til skamms tíma, til dæmis lánveitingar til viku eða skemmri tíma, til að koma millibankamarkaðnum aftur í gang.

Mikilvægt er að koma þessari aðgerð til framkvæmdar nú þegar.

9. Aukning peningamagns í umferð.

Eftirspurn í hagkerfinu er núna í lágmarki. Núverandi verðbólga stafar fyrst og fremst af mikilli veikingu krónunnar síðastliðið ár. Til að örva eftirspurn þarf að auka peningamagn í umferð eins og gert hefur verið víðast hvar á Vesturlöndum. Slíkt má til dæmis gera með því að setja upp sjóð sem kaupir eignir af bönkum fyrir ríkisbréf.

Aðgerðinni verði komið til framkvæmdar fyrir lok júní 2009.

10. Heimild til skráningar hlutafjár í erlendri mynt.

Það mun styðja við erlenda fjárfestingu fái hlutafélög heimild til skráningar hlutafjár í erlendri mynt. Enn fremur mun það treysta innlendan hlutafjármarkað. Nú þegar hafa íslensk hlutafélög heimild til uppgjörs í erlendri mynt og hafa mörg félög nýtt sér þá heimild. Heimild þessi komi til framkvæmdar fyrir lok mars 2009.

11. Drög að fjárlögum til ársins 2012.

Brýnt er að gera áætlanir um fjárþörf og fjárhag ríkissjóðs til lengri tíma litið. Í því skyni þarf að gera drög að fjárlögum til ársins 2012. Raunhæf drög að fjárlögum sem miða að því að ná jöfnuði innan fárra ára eru nauðsynleg til að endurheimta nokkuð af því trausti á efnahagsstjórn landsins sem glatast hefur á síðustu missirum. Það er mikilvægt út á við en einnig gagnvart íslenskum almenningi, stofnunum og fyrirtækjum sem þurfa að fá skýrari mynd af því sem er í vændum til að geta gert skynsamlegar ráðstafanir.

Drög að fjárlögum til ársins 2012 liggi fyrir við upphaf haustþings 2009.

12. Samráðsvettvangur með útflutningsfyrirtækjum og atvinnugreinum.

Komið verði á fót formlegum samráðsvettvangi ríkisstjórnarinnar með helstu útflutningsfyrirtækjum og útflutningsatvinnugreinum í því augnamiði að koma í veg fyrir að starfsemi einhverra þeirra fari úr landi, til að örva starfsemi þeirra til lengri tíma og skemmri og leita leiða til að raunvöxtur útflutningsatvinnugreina verði sem mestur. Ríkisstjórnin skipi fulltrúa í slíka nefnd sem og helstu útflutningsfyrirtæki og samtök tengd útflutningi.

Þessum samráðsvettvangi verði komið á nú þegar.

13. Ríkið verði bakhjarl vegna fjármögnunar útflutnings.

Útflutningsfyrirtæki eiga í vanda m.a. sökum þess að tryggingar útgefnar af íslenskum bönkum eru ekki viðurkenndar erlendis. Þessi vandi er brýnn en vonandi tímabundinn og því er æskilegt að ríkið tryggi starfsemi útflutningsfyrirtækja þar til aðrar tryggingar verða í boði.

Hafinn verði undirbúningur þessa nú þegar og honum lokið á tveimur vikum.

14. Stuðningur við rannsókna- og þróunarstarf.

Framsóknarflokkurinn telur afar mikilvægt að styðja við frumkvöðlastarf og nýsköpun. Í því augnamiði er lagt til að fyrirtæki fái skattafslátt vegna rannsókna- og þróunarstarfs. Fyrirtækjum verði heimilt að draga tvöfaldan kostnað við rannsókna- og þróunarstarf frá skatti. Þetta mun hvetja til rannsókna og þróunar og um leið miða að fjölgun starfa. Verði sú raunin nemur skattafslátturinn vart hærri upphæð en sparast með lægri greiðslum vegna atvinnuleysis. Þetta á sérstaklega við nú þegar óvenjumikill fjöldi fólks með menntun á sviðum sem tengjast rannsóknar- og þróunarstörfum hefur misst vinnu eða er líklegt til þess.

Þessari aðgerð verði komið til framkvæmdar fyrir lok apríl 2009.

15. Aðgerðir til að örva fasteignamarkaðinn.

Nauðsynlegt er að koma fasteignamarkaðnum í gang. Reglur Íbúðalánasjóðs taka mið af þörfum þeirra sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð þar sem hámarkslán er 20 millj. kr. og lánshlutfall er allt að 80%. Hækka á hámarkslán Íbúðalánasjóðs í 30 millj. kr. en lækka um leið lánshlutfall í 70%. Þannig nýtast lán frá Íbúðalánasjóði til kaupa á fleiri eignum en áhætta sjóðsins yrði um leið minnkuð vegna lægra lánshlutfalls. Lánshlutfall á lánum sem nema allt að 20 millj. kr. yrði þó áfram 80%. Einnig er æskilegt að heimila yfirtöku lána við íbúðarkaup, sama hver lánveitandinn er.

Þessum aðgerðum til að örva fasteignamarkaðinn verði komið til framkvæmda fyrir lok maí 2009.

16. Stimpilgjöld afnumin.

Stimpilgjöld lána vegna fasteignaviðskipta hafa verið afnumin að hluta til en lagt er til að þau verði afnumin að fullu. Nauðsynlegt er að koma fasteignamarkaðnum í gang aftur og mun þessi aðgerð stuðla að því.

Afnám stimpilgjalda verði komið að fullu til framkvæmdar fyrir lok mars 2009.

17. Skattar af eignum erlendis.

Þeim sem eiga óskattlagðar eignir erlendis, sem ekki hefur verið gerð grein fyrir, verði gefinn kostur á að gefa þær upp og greiða af þeim skatta auk vaxta og hugsanlegrar sektar, innan ákveðins frests, og gera þar með hreint fyrir sínum dyrum. Um leið fari fram rannsókn

á eignum Íslendinga erlendis og í kjölfarið verði þeir sem ekki gáfu upp skattskyldar eignir beittir viðurlögum. Benda má á að bæði Þjóðverjar og Bretar hafa farið þessa leið.

Þessari aðgerð verði komið til framkvæmdar fyrir 1. mars 2010.

18. Aðgerðir til bjargar skuldsettum heimilum og fyrirtækjum.

Lagt er til að ráðist verði í niðurfellingu á hluta af skuldum heimila og atvinnufyrirtækja. Þess má geta að ýmsir aðilar hafa komið fram með hugmyndir um niðurfærslu skulda. Þær hugmyndir hafa verið misjafnlega útfærðar en átt það sammerkt að ganga út á niðurfellingu á hluta af skuldum. Athyglisvert er að sömu aðilar hafa gagnrýnt þær tillögur um niðurfærsluleið sem hér er gerð grein fyrir en hugmyndir þeirra hinna sömu hafa í raun gengið út á það sama.

Hér verður annars vegar gerð grein fyrir 20% niðurfellingu skulda heimila með hugsanlegu hámarki á heildarfjárhæðir. Hins vegar er gerð grein fyrir tillögum um 20% niðurfærslu skulda atvinnufyrirtækja:

HEIMILI

Jafnræði skuldara.

Öll húsnæðislán verða færð frá bönkunum til Íbúðalánasjóðs miðað við þá afskrift sem varð eða verður á lánasöfnum við flutninginn frá gömlu bönkunum til nýju bankanna (e.t.v. 50%). Íbúðalánasjóður veitir svo flata 20% skuldaniðurfellingu allra húsnæðislána. Þetta er gert til að tryggja jafnræði milli þeirra sem voru með húsnæðislán hjá bönkunum og hjá Íbúðalánasjóði. Í þessu skyni eru húsnæðislán bankanna afskrifuð meira en ella hefði verið við flutning frá gömlu bönkunum í þá nýju. Til mótvægis eru lán til fyrirtækja afskrifuð um hlutfallslega lægri upphæð en tilefni var til og bönkunum bætt það með stuðningi ríkisins við fyrirtæki í vanda (sjá 9. tölul.).

Þetta felur ekki í sér útgjöld fyrir ríkið þar eð með þessu er verið að gera upp tap erlendra kröfuhafa. Hins vegar gæti ríkið þurft að kaupa fasteignalán með afslætti af lífeyrissjóðum og sparisjóðum til að setja inn í Íbúðalánasjóð fyrir skuldaniðurfellinguna (til að tryggja jafnræði viðkomandi lántakenda). Raunar voru sparisjóðir í samstarfi við Íbúðalánasjóð og sumir sparisjóðanna hafa þegar selt Íbúðalánasjóði lánin. Kostnaðurinn við það næmi innan við 10% af því sem til stendur að verja í endurfjármögnun bankanna. Með því yrði staða sparisjóða og lífeyrissjóða auk þess styrkt.

Skoða mætti að endurgreiða þeim sem greiddu upp lán eftir 30. september 2008 20% af upphæðinni á tilteknu tímabili (óveruleg fjárhæð miðað við heildina) til að gæta jafnræðis allra sem skulduðu húsnæðislán við upphaf bankahrunsins.

Fjármagn losað í annað á meðan niðursveiflan er mest.

Hlutfallslega hærri hluti niðurfellingarinnar kæmi til á næstu mánuðum til að ýta enn frekar undir flæði fjármagns í hagkerfin og gefa fólki aukið svigrúm til að greiða af öðrum lánum. Íbúðalánasjóður mundi því greiða bönkunum fyrir lánin með því að afhenda þeim helming bréfanna strax og helming seinna.

Æskilegt væri að Íbúðalánasjóður gæfi út langtímabréf til bankanna sem samsvarar greiðsluflæði lánanna. Þessi bréf yrðu afhent nýju bönkunum og þeir gætu selt þau eða átt. Kysu þeir að halda bréfunum gætu þeir lagt þau inn í Seðlabankanum og fengið reiðufé gegn veði í bréfunum.

Þetta gæfi Íbúðalánasjóði færi á að gefa út uppgreiðanleg skuldabréf og minnka þannig uppgreiðsluáhættu sjóðsins.

Álitamál.

Það gæti þótt gagnrýni vert að þeir sem tóku óhóflega há lán skuli með þessari aðferð fá umtalsvert meiri niðurfellingu en þeir sem tóku lægri lán. Sá sem tók 10 millj. kr. lán í erlendri mynt en skuldar nú 20 millj. kr. fengi þannig 4 millj. kr. niðurfellingu en sá sem tók 100 millj. kr. lán sem nú stendur í 200 millj. fengi 40 millj. kr. niðurfellingu. Það ber þó að hafa í huga að sá síðarnefndi skuldar eftir sem áður 160 millj. kr. sem gæti verið töluvert meira en viðkomandi getur borgað. Sé hugsunin sú að skuldaniðurfærslan sé réttlætt á þeim forsendum að lántakendur hafi mátt þola ófyrirséða atburði sem hafi breytt þeim forsendum sem þeir gengu út frá við lántökuna (t.d. gengishrun eða 20% verðbólgu án þess að tekjur fylgdu verðlagsþróun) er eðlilegt að þeir sem skulda mikið fái hlutfallslega sömu niðurfærslu og þeir sem skulda lítið. Þeir sem skulda verðtryggð lán eru því álíka vel staddir og þeir hefðu verið ef hinir ófyrirséðu atburðir hefðu ekki orðið en þeir sem skulda gengistryggð lán fá einnig niðurfellingu og eiga von um að gengið styrkist frekar í framtíðinni. Skuldlausir eru vel settir eftir sem áður og er forðað frá afleiðingum þess að fjöldagjaldþrot rýri verðmæti eigna þeirra.

Fjármögnun.

Nýju bankarnir fengu lánasöfn gömlu bankanna með verulegum afslætti (50%). Það er því ekki ríkið sem tapar á skuldaniðurfærslunni heldur erlendu kröfuhafarnir. Fyrir erlendu fjárfestana er skaðinn þó þegar skeður og flestir þeirra hafa fært niður íslenskar eignir, margir niður í 0%, þ.e. afskrifað þær með öllu.

Það er hagur þessara kröfuhafa og þeirra sem ekki skulda (m.a. óskuldsettra heimila) að ráðist verði í aðgerðir til að koma íslenska hagkerfinu aftur af stað og forða fjöldagjaldþrotum. Íslenskir eigendur eiginfjár (þ.e. fólk og fyrirtæki sem á meira en það skuldar) og erlendir kröfuhafar tapa á því ef þeir skuldsettu ná sér ekki á strik. Geri þeir það eiga kröfuhafarnir von um að fá eitthvað upp í skuldir. Jafnframt er þetta mikilvægt fyrir óskuldsett eða lítið skuldsett heimili til að vandamálin færist ekki yfir á þau, þ.e. ef stór hluti fólks getur ekki staðið undir fasteignalánum og missir húsnæði sitt hrynur fasteignaverð enn frekar en ella. Þá lenda sífellt fleiri heimili í því að eigið fé þeirra verður neikvætt.

Afskriftir hjá öllum eða hvert tilvik metið.

Flöt niðurfelling er tekin fram yfir þann kost að meta hvert tilvik fyrir sig til að forðast öll þau praktísku vandamál sem mundu fylgja seinni kostinum. Við núverandi aðstæður hafa bankar og stjórnvöld hvorki getu né tíma til að leggja mat á stöðu hvers einasta heimilis og úthluta þeim tiltekinni skuldaniðurfellingu. Slíkt mundi auk þess skapa endalaus álitamál og gæti orðið jarðvegur spillingar. Þegar niðurfellingin hefur verið framkvæmd verða þó eftir sem áður einhver heimili í vandræðum. Það verður þó vonandi viðráðanlegri fjöldi og þá getur Íbúðalánasjóður tekið á vanda þess fólks samkvæmt þeim úrræðum sem hann býr nú yfir.

FYRIRTÆKI

Það sama á við um fyrirtæki og heimili. Raunhæfasta og sanngjarnasta leiðin er sú að eitt sé látið yfir alla ganga. Það er æskilegast hvort sem um er að ræða mjög illa stödd, sæmilega stödd eða vel stödd fyrirtæki.

Fyrirtæki sem er mjög illa statt fjárhagslega verður líklega gjaldþrota hvort sem það fær 20% skuldaniðurfellingu eða ekki. Það felst því enginn skaði í því fyrir kröfuhafann að gefa eftir 20% skuldarinnar, enda eru þeir peningar líkast til hvort eð er tapaðir. Fyrir sæmilega stæð fyrirtæki getur 20% skuldaniðurfelling hins vegar skipt sköpum (samhliða vaxtalækkun). Þau geta þá haldið áfram rekstri og komist hjá því að segja upp fólki. Vel stödd fyrirtæki sem fá skuldaniðurfellinguna eru hins vegar ekki síður mikilvæg. Það eru fyrirtækin sem munu þá hafa eigið fé til uppbyggingar, þ.e. til að kaupa önnur félög (m.a. þau sem fara í þrot), standa að nýsköpun og stuðla að uppbyggingu atvinnulífsins.

Þessar aðgerðir verði hafnar fyrir miðjan apríl 2009.

713. Frumvarp til laga [420. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar.

Frá umhverfisnefnd.

1. ÞÁTTUR

Breyting á löggjöf umhverfisráðuneytis.

I. KAFLI

Breyting á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

2. ÞÁTTUR

Breyting á löggjöf viðskiptaráðuneytis.

II. KAFLI

Breyting á lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996, með síðari breytingum.

2. gr.

Í stað orðsins „Neytendastofu“ í 3. gr. laganna og í stað sama orðs hvarvetna annars staðar í lögunum, nema í 2. mgr. 9. gr., 12. gr., 1. málsl. 1. mgr. og 5., 7. og 8. tölul. 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 15. gr., kemur í viðeigandi beygingarfalli: Brunamálastofnun.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Eftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga í mannvirkjum samkvæmt lögum þessum

skal vera í höndum Brunamálastofnunar. Neytendastofa framkvæmir markaðseftirlit með rafföngum sem ekki eru varanlega tengd mannvirkjum.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Neytendastofa skal skera úr ágreiningi um öryggi raffanga á markaði sem ekki eru varanlega tengd mannvirkjum, svo og skera úr um til hvaða öryggisráðstafana skuli grípa til að afstýra hættu og hver beri ábyrgð á og kostnað af framkvæmd úrbóta.

4. gr.

Í stað orðanna „skal Neytendastofa“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: skal Brunamálastofnun eða Neytendastofa, sé um að ræða rafföng sem ekki eru varanlega tengd mannvirkjum.

5. gr.

Á eftir 1. málsl. 10. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sömu heimildir skal Neytendastofa hafa sé um að ræða markaðseftirlit með rafföngum sem ekki eru varanlega tengd mannvirkjum.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sé um að ræða tilkynningu sem varðar rafföng á markaði sem Neytendastofa hefur eftirlit með skal Brunamálastofnun framsenda málið Neytendastofu.

b. Við bætist ný málsgrein er verður 5. mgr., svohljóðandi:

Sömu heimildir og greinir í 2.–4. mgr. hefur Neytendastofa sé um að ræða rafföng á markaði sem hún hefur eftirlit með.

c. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hafi Neytendastofa upplýsingar um slík brot skal hún tilkynna það Brunamálastofnun án tafar.

d. Í stað 6.–8. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Stjórnvaldsákvarðanir Brunamálastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga þessara eru kæranlegar til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, sem starfar á grundvelli 8. gr. skipulags- og byggingarlaga, að undanskildum ákvörðunum um dagsektir. Um meðferð kæru og um kæruaðild fer samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga.

Stjórnvaldsákvarðanir Neytendastofu sem teknar eru á grundvelli laga þessara eru kæranlegar til áfrýjunarnefndar neytendamála, sem starfar á grundvelli 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda, að undanskildum ákvörðunum um dagsektir. Um meðferð kæru og um kæruaðild fer samkvæmt ákvæðum laga um Neytendastofu og talsmann neytenda.

Málskot skv. 7. og 8. mgr. frestar ekki framkvæmd ákvörðunar. Verða ákvarðanir Brunamálastofnunar og Neytendastofu ekki bornar undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála eða úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála liggur fyrir.

Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála eða úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð

áfrýjunarnefndar eða úrskurðarnefndar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurða nefndanna né heimild til aðfarar.

7. gr.

Á eftir orðinu „Starfsmenn“ í 1. málsl. 12. gr. laganna kemur: Brunamálastofnunar; og á eftir orðunum „fyrirstöðu að“ í 2. málsl. sömu greinar kemur: Brunamálastofnun eða.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna.

a. Á eftir orðunum „rafmagnsöryggismála sem“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Brunamálastofnun og.
b. Orðin „samkvæmt gjaldskrá sem Neytendastofa gefur út og ráðherra staðfestir“ í 2., 3., 6., og 8. tölul. 1. mgr. falla brott.
c. 5. tölul. 1. mgr. orðast svo: Vegna yfireftirlits Brunamálastofnunar og eftirlits Neytendastofu með rafföngum á markaði sem stofnanirnar láta framkvæma skulu innflytjendur og innlendir framleiðendur greiða eftirlitsgjald af eftirlitsskyldum rafföngum sem má vera allt að 0,15% af tollverði innfluttrar vöru eða af sambærilegum gjaldstofni innlendrar vöru. Ráðherra setur í reglugerð yfirlit yfir tollflokka raffanga sem eru gjaldskyld og skiptingu eftirlits raffanga á milli stofnananna. Undanþegin þessari gjaldtöku eru rafföng sem eru seld úr landi.
d. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: Brunamálastofnun og Neytendastofu er heimilt að láta prófa rafföng innlendra framleiðenda sem sett eru á markað í fyrsta sinn. Framleiðendur greiða viðkomandi stofnun fyrir slíkar prófanir. Eftirlit samkvæmt þessum tölulið skiptist samkvæmt sömu reglugerð og vísað er til í 5. tölul. þessarar málsgreinar.
e. Í stað orðsins „Neytendastofu“ í 1. málsl. 8. tölul. 1. mgr. kemur: Brunamálastofnun og Neytendastofu.

9. gr.

Í stað orðsins „Neytendastofu“ í 1. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: Brunamálastofnunar eða Neytendastofu; og í stað orðsins „stofnunin“ í sama málslið kemur: viðkomandi stofnun.

10. gr.

18. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Starfsmenn Neytendastofu sem vinna að þeim verkefnum sem færast til Brunamálastofnunar skulu eiga forgangsrétt til starfa hjá Brunamálastofnun. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt ákvæði þessu.

III. KAFLI
Breyting á lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda, nr. 62/2005, með síðari breytingum.

12. gr.

Í stað orðsins „rafmagnsöryggismála“ í 1. gr. laganna kemur: markaðseftirlits með rafföngum.

13. gr.

Í stað orðsins „rafmagnsöryggismál“ í 3. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: markaðseftirlit með rafföngum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er komið til vegna samkomulags umhverfisráðuneytis og viðskiptaráðuneytis um að færa rafmagnsöryggissvið Neytendastofu til Brunamálastofnunar og þar með yfirstjórn málaflokksins frá viðskiptaráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Er það mat ráðuneytanna að málaflokkurinn falli mun betur að þeim verkefnum sem tilheyra Brunamálastofnun heldur en Neytendastofu þar sem rafmagnsöryggi bygginga tengist óhjákvæmilega brunavörnum. Er hins vegar lagt til að Neytendastofa sinni áfram því hlutverki er snýr að markaðseftirliti með rafföngum, en það eftirlit snýr að vöruöryggi og þar með því hlutverki Neytendastofu er snýr að neytendum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lögð til viðbót við lögbundið hlutverk Brunamálastofnunar í 5. gr. laga um brunavarnir, nr. 75/2000, þ.e. að stofnunin hafi einnig það hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Um 2. gr.

Lagt er til að í viðeigandi greinum í lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996, verði hlutverk Neytendastofu hvað varðar yfireftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga í mannvirkjum fært til Brunamálastofnunar.

Um 3. gr.

Í samræmi við tilgang frumvarpsins er lagt til að sú breyting verði gerð á lögum nr. 146/1996 að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum. Þá verði eftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga í mannvirkjum í höndum Brunamálastofnunar og mun Neytendastofa framkvæma markaðseftirlit með rafföngum sem ekki eru varanlega tengd mannvirkjum. Mun þá hlutverk Neytendastofu sem tilgreint er í 2. mgr. 6. gr. laganna færast yfir til Brunamálastofnunar en við greinina bætist hins vegar ný málsgrein þar sem segir að Neytendastofa skuli skera úr ágreiningi um öryggi þeirra raffanga sem hún hefur eftirlit með og skera úr um til hvaða öryggisráðstafana skuli grípa til að afstýra hættu og hver beri ábyrgð á og kostnað af framkvæmd úrbóta.

Um 4. gr.

Lagt er til að Brunamálastofnun verði auk Neytendastofu heimilt að annast skoðanir á tilteknu sviði í þeim tilvikum sem ekki eru fyrir hendi faggiltar skoðunarstofur til að annast þær skoðanir.

Um 5. gr.

Í kjölfar þeirra breytinga sem lagðar eru til munu starfsmenn Brunamálastofnunar í stað Neytendastofu hafa óhindraðan aðgang að raforkuvirkjum, neysluveitum, starfsstöðvum rafverktaka og rafföngum sem til skoðunar eru hverju sinni og rétt til að taka sýni og gera þær athuganir og rannsóknir sem nauðsynlegar eru taldar í því skyni að varna hættu á tjóni af völdum rafmagns. Þessar heimildir hafa starfsmenn rafskoðunarstofa einnig samkvæmt lögum nr. 146/1996. Lagt er til í greininni að Neytendastofa hafi einnig umræddar heimildir sem takmarkist þó við hlutverk hennar, sem er eftirlit með rafföngum sem ekki eru varanlega tengd mannvirkjum.

Um 6. gr.

Í greininni eru lagðar til ákveðnar breytingar á 11. gr. laga nr. 146/1996. Í kjölfar þeirra breytinga sem lagðar eru til með frumvarpinu mun starfsmönnum rafveitna, rafskoðunarstofa og rafverktökum bera skylda til að tilkynna til Brunamálastofnunar í stað Neytendastofu telji þær að neysluveita, rafföng eða hlutar raforkuvirkja séu varhugaverðir eða uppfylli ekki skilyrði laganna. Verður skoðunarstofum þá gert skylt að tilkynna til Brunamálastofnunar telji þeir tiltekna aðila ekki uppfylla ákvæði laganna, en samkvæmt núgildandi lögum ber þeim að tilkynna slík tilvik til Neytendastofu. Í ljósi þessa er lagt til að Brunamálastofnun skuli framsenda þau mál Neytendastofu sem varða rafföng á markaði sem Neytendastofa hefur eftirlit með. Þá er lagt til að Neytendastofa hafi sömu heimildir og skyldur og Brunamálastofnun hvað varðar svið Neytendastofu til að rannsaka rafmagnsbúnað, leiki grunur á að hann uppfylli ekki skilyrði laganna eða reglugerða á grundvelli þeirra, og mögulega að banna sölu eða notkun á búnaðinum og jafnvel banna uppsetningu og krefjast niðurtöku og innköllunar. Með greininni er lögð sú skylda á Neytendastofu að tilkynna Brunamálastofnun telji hún að einstaklingur eða lögaðili hafi brotið ákvæði leyfis eða löggildingar samkvæmt lögunum. Samkvæmt gildandi lögum eru ákvarðanir Neytendastofu, aðrar en ákvarðanir um dagsektir, kæranlegar til áfrýjunarnefndar neytendamála sem starfar á grundvelli laga um Neytendastofu og talsmann neytenda. Með greininni eru lagðar til þær breytingar að ákvarðanir Brunamálastofnunar verði kæranlegar til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, í ljósi þess að eftirlit Brunamálastofnunar lýtur að rafmagnsöryggi bygginga. Verða ákvarðanir Neytendastofu áfram kæranlegar til áfrýjunarnefndar neytendamála. Er þó lagt til að ákvarðanir um dagsektir verði áfram undanskildar, sem er í samræmi við gildandi lög. Leiða önnur ákvæði greinarinnar ekki til efnislegra breytinga á ákvæðum 11. gr. laganna.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 14. gr. núgildandi laga. Eftir breytinguna verður kveðið á um hvernig afla skuli fjár til reksturs rafmagnsöryggismála sem bæði Brunamálastofnun og Neytendastofu eru falin samkvæmt lögunum. Lagt er til að í 2., 3., 6. og 8. tölul.

1. mgr. falli brott að Neytendastofa skuli gefa út gjaldskrá vegna gjalda í tilefni af ýmsum skoðunum skv. 14. gr. laganna. Hefur reynslan sýnt að óþarfi er að setja umræddar gjaldskrár þar sem skoðanir eru framkvæmdar af skoðunarstofum sem notast við eigin gjaldskrár við innheimtu skoðunargjalda. Í 14. gr. laganna er kveðið á um eftirlitsgjald innflytjenda og innlendra framleiðenda af eftirlitsskyldum rafföngum og er í samræmi við tilgang frumvarpsins lagt til að fram komi í lögunum að eftirlitsgjaldið sé vegna yfireftirlits Brunamálastofnunar og eftirlits Neytendastofu með rafföngum á markaði, sem stofnanirnar láta framkvæma. Er þá lagt til að ráðherra setji í reglugerð yfirlit yfir tollflokka raffanga sem eru gjaldskyld og mæli þar fyrir um skiptingu eftirlits raffanga á milli Brunamálastofnunar og Neytendastofu. Hvað varðar heimildir til að láta prófa rafföng innlendra framleiðenda sem sett eru á markað í fyrsta sinn er lagt til að Brunamálastofnun hafi auk Neytendastofu slíkar heimildir. Einnig er lagt til að Brunamálastofnun verði ásamt Neytendastofu heimilt að láta framkvæma aukaskoðanir eða auka tíðni úrtaksskoðana hjá aðilum sem ítrekað hafa orðið uppvísir að því að uppfylla ekki skilyrði laganna eða reglugerða.

Um 9. gr.

Í 15. gr. laga nr. 146/1996 er mælt fyrir um heimildir Neytendastofu til að leggja dagsektir á þá sem ekki fara að ákvörðunum eða fyrirmælum Neytendastofu. Nauðsynlegt er að bæði Brunamálastofnun og Neytendastofa hafi umræddar heimildir til að knýja á um að farið verði að ákvörðunum eða fyrirmælum þeirra hverju sinni.

Um 10. gr.

Lagt er til að 18. gr. laga nr. 146/1996 verði felld brott í ljósi þess að ákvæðið kveður á um allt að tólf mánaða aðlögunartíma rafveitna hvað varðar eftirlit með rafmagnslögnum og tækjum í sambandi við veitur þeirra, frá gildistöku laganna, og hefur ákvæðið þar af leiðandi runnið sitt skeið.

Um 11. gr.

Með ákvæði til bráðabirgða er lagt til að þeir starfsmenn Neytendastofu sem nú þegar vinna að þeim verkefnum sem færast til Brunamálastofnunar skuli eiga forgangsrétt til starfa hjá Brunamálastofnun. Í samræmi við það er lagt til að ekki verði skylt að auglýsa þau störf opinberlega eins og kveðið er á um í ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Um 12. gr.

Lögð er til sú breyting á 1. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda, nr. 62/2005, að Neytendastofa skuli starfa, auk annarra stjórnsýsluverkefna, að stjórnsýsluverkefnum á sviði markaðseftirlits með rafföngum í stað rafmagnsöryggismála eins og kveðið er á um í 1. gr. laganna. Er sú breyting í samræmi við það markmið frumvarpsins að færa rafmagnsöryggismálin að mestu leyti til Brunamálastofnunar.

Um 13. gr.

Sú breyting sem lögð er til í greininni á 2. gr. laga nr. 62/2005 er í samræmi við breytinguna í 11. gr. frumvarpsins.

Um 14. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi þar sem brýnt þykir að rafmagnsöryggissvið Neytendastofu færist sem fyrst til Brunamálastofnunar vegna þeirrar hagræðingar sem það er talið hafa í för með sér.

714. Frumvarp til laga [421. mál]

um breyting á lögum nr. 91/2008, um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða V í lögunum fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði V til bráðabirgða við grunnskólalög, þar sem tekið er fram að samræmd könnunarpróf skv. 39. gr. laganna skulu í fyrsta sinn fara fram vorið 2009, falli brott. Ákvæði 39. gr. laganna miðast við að samræmd könnunarpróf fari fram að hausti eða svo tímanlega í 10. bekk að nemendur, kennarar og skólar hafi tíma til þess að bæta það sem ekki er ásættanlegt áður en grunnskólanámi lýkur. Af þessu fyrirkomulagi leiðir að lokaprófshlutverk prófanna í 10. bekk, sem m.a. er grundvöllur fyrir innritun í framhaldsskóla, mun hverfa eins og nánar er lýst í skýringum við ákvæðið í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 91/2008. Í þessu ljósi þykir ekki ástæða til þess að mæla sérstaklega fyrir um að samræmd próf skuli fara fram vorið 2009. Samkvæmt þessu munu því samræmd könnunarpróf fara fram í fyrsta sinn haustið 2009.

715. Frumvarp til laga [422. mál]

um náms- og starfsráðgjafa.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Starfsheitið náms- og starfsráðgjafi.

Rétt til að kalla sig náms- og starfsráðgjafa og starfa sem slíkur hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra, sbr. 2. mgr.

Leyfi skv. 1. mgr. skal veita umsækjanda sem lokið hefur námi í náms- og starfsráðgjöf frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu menntamálaráðherra samkvæmt lögum nr. 63/2006.

2. gr.

Matsnefnd.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi fullnægi þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum þessum skal leita umsagnar matsnefndar sem menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

Matsnefnd skal skipuð þremur fulltrúum, einum frá félagi náms- og starfsráðgjafa, einum tilnefndum af samstarfsnefnd um háskólastigið og einum án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Nánar skal kveðið á um starfshætti matsnefndar í reglugerð.

3. gr.

Réttindi sem aflað er í ríki innan EES eða í aðildarríki EFTA.

Menntamálaráðherra skal staðfesta leyfi til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyjum ef viðkomandi leggur fram vottorð um viðurkennd réttindi í ríki innan svæðisins eða Færeyjum í samræmi við skilyrði tilskipunar 89/48/EBE, sbr. lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum.

Samkvæmt umsókn frá ríkisborgara aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal ráðherra staðfesta leyfi til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi með sömu skilyrðum og tilgreind eru í 1. mgr., enda leggi viðkomandi fram vottorð um viðurkennd réttindi í aðildarríki samtakanna.

4. gr.

Leyfisveiting.

Menntamálaráðherra er heimilt að veita þeim sem eru í starfi þegar lög þessi öðlast gildi leyfi það sem um ræðir í 1. mgr. 1. gr. enda þótt þeir uppfylli ekki skilyrði 2. mgr. 1. gr. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar matsnefndar.

5. gr.

Þagnarskylda.

Náms- og starfsráðgjafa er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt viðkomandi láti af starfi.

6. gr.

Skyldur náms- og starfsráðgjafa.

Náms- og starfsráðgjafa ber að þekkja skyldur sínar samkvæmt lögum, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða fagið.

Náms- og starfsráðgjafar bera ábyrgð á þeirri ráðgjöf sem þeir veita.

7. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara, m.a. reglur um skilyrði fyrir veitingu leyfis og hvernig staðið er að veitingu og afturköllun leyfis.

8. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

9. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um grunnskóla, nr. 91/2008:*
   a. 2. mgr. 11. gr. orðast svo:
      Um skilyrði þess að hljóta ráðningu sem skólastjóri, kennari eða náms- og starfsráðgjafi í grunnskóla fer samkvæmt gildandi lögum þar um.
   b. 3. mgr. 13. gr. orðast svo:
      Nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í grunnskóla af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa.
2. *Lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008:*
   a. 3. mgr. 8. gr. orðast svo:
      Um skilyrði þess að vera ráðinn skólameistari, kennari eða náms- og starfsráðgjafi við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum gildandi laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og laga um náms- og starfsráðgjafa.
   b. Orðin ,,náms- og starfsráðgjafa“ í 1. málsl. 5. mgr. 8. gr. falla brott.
   c. 1. mgr. 37. gr. orðast svo:
      Nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskóla af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa.

Greinargerð.

Markmið frumvarpsins er að lögvernda starfsheitið náms- og starfsráðgjafi. Með lögverndun þess er verið að tryggja ákveðin gæði þjónustu, sinna hagsmunum ráðþega og að mikilvæg sér- og fagþekking skili sér inn í menntakerfið, út á vinnumarkaðinn og til almennings. Sá sem leitar aðstoðar náms- og starfsráðgjafa getur í skjóli lögverndunar verið þess fullviss að sá sem þjónustuna veitir hafi tilskilda menntun og fagþekkingu. Hér er fyrst og fremst verið að huga að heill nemenda og þeirra er njóta þjónustu náms- og starfsráðgjafa jafnframt því að tryggja fagleg vinnubrögð stéttarinnar, auk þess sem náms- og starfsráðgjafar og fagið sjálft getur stuðlað að öflugri tengingu milli skóla og atvinnulífs.

Náms- og starfsráðgjafar starfa m.a. í skólum, í fyrirtækjum og á atvinnumiðlunum. Starf þeirra er breytilegt eftir því hvar þeir starfa en byggist þó að grunni til á því sameiginlega markmiði að stuðla að velferð einstaklinga með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Markmið náms- og starfsráðgjafar er að efla vitund einstaklinga um viðhorf sín, áhuga og hæfileika þannig að þeir fái notið sín í námi og starfi. Náms- og starfsráðgjöf hefur fest sig í sessi í menntakerfinu frá því að nám í námsráðgjöf hófst árið 1991 við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Fagleg þekking og vinnubrögð liggja að baki náms- og starfsráðgjöf og starfsheitið náms- og starfsráðgjafi vísar til þess að sá hinn sami veitir faglega ráðgjöf á grundvelli sértækrar menntunar sinnar. Meginverkefni náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum er að aðstoða nemendur við náms- og starfsval og veita ráðgjöf meðan á námi stendur. Náms- og starfsrágjafi er trúnaðarmaður og talsmaður nemandans. Mikilvægt er að allir nemendur hafi aðgang að þjónustu ráðgjafa í sínum skóla. Það er mikilvægt að sérþekking náms-

og starfsráðgjafa skili sér að fullu inn í grunn- og framhaldsskóla landsins og því nauðsynlegt að breyta lögum um grunn- og framhaldsskóla samhliða frumvarpi þessu á þann veg að einungis sé heimilt að ráða til starfa í skólum landsins náms- og starfsráðgjafa sem uppfylla skilyrði laganna.

Með frumvarpinu er því lagt til að ákvæði um náms- og starfsráðgjafa verði tekin upp í löggjöf um grunnskóla og framhaldsskóla. Á þann hátt er tryggt að einungis þeir sem uppfylla lagaskilyrði eigi kost á að sinna náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum landsins. Löggjöfin um grunnskóla og framhaldsskóla í núverandi mynd ber þess merki að starfsheitið náms- og starfsráðgjafi hefur ekki verið lögverndað og því ótryggt að fagleg náms- og starfsráðgjöf sé til staðar í skólum landsins. Með þessari breytingu er verið að tryggja ákveðin gæði þjónustu, sinna hagsmunum þeirra sem þjónustuna þiggja og tryggja að sér- og fagþekking skili sér inn í menntakerfið. Sá sem leitar aðstoðar náms- og starfsráðgjafa getur í skjóli lögverndunar verið þess fullviss að sá sem þjónustuna veitir hafi tilskilda menntun og fagþekkingu. Hér er fyrst og fremst verið að vinna að hag nemenda og þeirra er njóta þjónustu náms- og starfsráðgjafa jafnframt því að tryggja fagleg vinnubrögð stéttarinnar.

Með frumvarpinu þessu er ekki ætlunin að breyta réttarstöðu þeirra sem eru starfandi við gildistöku laganna en uppfylla ekki lagaskilyrði til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi. Þannig er gert ráð fyrir að þeir geti óskað eftir staðfestingu menntamálaráðherra á leyfi um rétt til að bera starfsheitið náms- og starfsráðgjafi.

Með frumvarpinu er einnig verið að gæta þeirra skuldbindinga sem Ísland hefur tekið á sig með þátttöku í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þannig er gert ráð fyrir að réttur til starfsheitis geti stofnast á tvennan máta, við útgáfu leyfis af hálfu ráðherra eða við staðfestingu ráðherra á sams konar leyfi sem gefið hefur verið út erlendis.

Þá er lagt til að ein matsnefnd verði starfrækt fyrir starfsheiti náms- og starfsráðgjafa. Þannig sé á einum stað fjallað um umsóknir sem vafi er um. Með þeim hætti verður stjórnsýslan í tengslum við veitingu leyfis skilvirkari. Hlutverk matsnefndar er að úrskurða um rétt aðila til að nota starfsheitið þegar um vafatilvik er að ræða. Þá skal leitað eftir samráði matsnefndar við staðfestingu á leyfi samkvæmt umsóknum ríkisborgara innan Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyja eða ríkisborgara aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Lagt er til að nefndin veiti umsögn um leyfisveitingu en að lokaákvörðun verði tekin af menntamálaráðherra.

716. Skýrsla [423. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra, Ástu R. Jóhannesdóttur, um 97. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 2008.

(Lögð fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. INNGANGUR

Heimurinn stendur frammi fyrir einhverri alvarlegustu efnahagskreppu síðan á fyrri hluta síðustu aldar. Hún hefur opinberað með afgerandi hætti þróunina í alþjóðlegu fjármálalífi síðustu árin og áratugina. Markvisst afnám hindrana gegn frjálsu flæði vöru og fjármagns hefur rutt brautina fyrir samtengingu fjármálastofnana og gert fyrirtækjum kleift að stunda starfsemi nánast í hvaða landi sem er á jarðarkringlunni. Hnattvæðing atvinnu- og efnahags-

lífs er staðreynd. Þetta er ný staða sem býður upp á óendanleg tækifæri til samvinnu og þróunar öllu mannkyni til framdráttar. Margvíslegar hætturnar eru víða. Samþjöppun auðs á hendur fárra, ofurlaun, græðgisvæðing og sjónhverfingar í fjármálum er það sem stingur í augun. Þegar þokunni léttir og glýjan hverfur úr augum blasir raunveruleikinn við, oft kaldur og nöturlegur. Á skömmum tíma hefur hagsæld án atvinnuleysis breyst í andhverfu sína. Fjölmörg fyrirtæki hafa orðið gjaldþrota og enn fleiri riða til falls. Milljónir manna ganga um atvinnulausir og fjölskyldur horfa fram á missi íbúða og húsa með tilheyrandi öryggisleysi og upplausn sem bitnar mest á þeim sem síst skyldi: börnunum. Ríkisstjórnir standa frammi fyrir ógnvekjandi viðfangsefnum sem ekki verða leyst nema með víðtækri samvinnu. Það er á slíkum tímum sem alþjóðasamstarf og alþjóðastofnanir hafa hvað mesta þýðingu. Sé rétt að málum staðið geta þær verið það tæki sem best dugar til að komast fram úr erfiðleikunum. Það er undir ríkjum heimsins komið að bregðast við og taka frumkvæði á þeim vettvangi sem best hentar. Núverandi aðstæður hafa fært Íslendingum heim sannindin um það að engin smáþjóð getur staðið ein og berskjölduð frammi fyrir fellibyljum alþjóðlegra fjármagnsmarkaða eins og fyrrum utanríkisráðherra Íslands komst svo vel að orði nýlega í blaðagrein.

Undanfarin rúm 60 ár hefur það verið hlutverk félagsmálaráðuneytisins, nú félags- og tryggingamálaráðuneytisins, að annast samskiptin við Alþjóðavinnumálastofnunina (ILO). Á undanförnum árum hafa verið gerðar markvissar breytingar á stefnu stofnunarinnar, verklagi, innra skipulagi og umgjörð Alþjóðavinnumálaþingsins. Markmiðið hefur verið að búa stofnunina undir fyrirsjáanlegar breytingar sem leiddu af nýrri tækni sem hefur opnað áður óþekkta kosti í alþjóðasamstarfi, hvort sem það er milli stjórnvalda eða einkaaðila. Ný fjarskiptatækni hefur í raun greitt götu hnattvæðingarinnar sem gerir starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ekki síður mikilvæga nú á tímum en fyrir 90 árum þegar hún hóf starfsemi sína á grundvelli friðarsamninganna sem undirritaður voru 28. júní 1918 í Versölum en þeir mörkuðu lok fyrri heimstyrjaldarinnar.

Verkefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er nú sem fyrr að koma á félagslegu réttlæti. Í Versalasamningum er það efnislega orðað þannig að vísirinn að árekstrum sem leiða til styrjalda þjóða í milli leynist í því félagslega ranglæti sem milljónir manna búa við í hinum ýmsu löndum. Það er einmitt í þessu atriði sem hættan felst í hnattvæðingunni. Ef ekki er sýnd aðgæsla getur hún grafið undan velferð og félagslegu réttlæti í stað þess að bæta velferð og velmegun. Þess vegna er svo mikilvægt að þjóðir heims fylki sér um stefnu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um mannsæmandi vinnu. Sú stefna byggir á því að tiltekin grundvallarréttindi á sviði félags- og vinnumála séu virt hvar sem er í heiminum. Lykillinn felst í fullgildingu og framkvæmd nokkurra þýðingarmestu samþykkta stofnunarinnar sem fjalla um félagafrelsi, rétt stéttarfélaga atvinnurekenda og launafólks að semja um kaup og kjör, afnám nauðungarvinnu, afnám vinnu barna, jafnrétti á vinnumarkaði og samráði ríkisins og samtaka aðila vinnumarkaðarins um félagslegar umbætur.

Áður hefur verið vakin athygli á merkri skýrslu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá febrúar 2004 og ber heitið *Sanngjörn alþjóðavæðing – að skapa öllum tækifæri*. Skýrslan var samin af nefnd á vegum stofnunarinnar sem laut formennsku Tarju Hallonen, forseta Finnlands, og Benjamin William Mkapa, forseta Tansaníu. Í skýrslunni eru settar fram tillögur sem miða að því að mæta vaxandi gagnrýni á þá misskiptingu auðs og lífskjara sem alþjóðavæðing efnahagslífsins hefur skapað. Skýrslan markaði upphafið að mótun stefnu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar gagnvart hnattvæðingunni.

Á 96. Alþjóðavinnumálaþinginu í júní 2007 var nýtt skref stigið með umfjöllun um skýrslu til þingsins um það hvernig Alþjóðavinnumálastofnunin geti betur liðsinnt aðildarríkjunum að ná markmiðum sínum í heimi hnattvæðingar. Í ljós kom að viðfangsefnið var margslungið og umfangsmikið. Það beið því 97. Alþjóðavinnumálaþingsins að leiða þetta mál til lykta. Það var gert með afgreiðslu yfirlýsingu, þeirri þriðju í sögu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, um sanngjarna hnattvæðingu fyrir félagslegt réttlæti.

Gildi hennar felst ekki síst í því að ríkisstjórnir, fulltrúar atvinnurekenda og launafólks lýsa yfir að þörf sé fyrir nýja stefnu sem byggist á frjálsum og lýðræðislegum samfélögum þjóðanna sem virða félagslegt réttlæti, leggja áherslu á fulla og arðbæra atvinnu og félagslega samstöðu. Með yfirlýsingunni er viðurkenndur ávinningurinn af hnattvæðingu en jafnframt er hvatt til aðgerða í því skyni að hrinda í framkvæmd áætlun ILO um mannsæmandi vinnu þannig að arðinum sé skipt með sanngjörnum hætti milli allra.

Í yfirlýsingunni felst einnig að nýjum stoðum er skotið undir það hlutverk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að liðsinna aðildarríkjunum á virkan hátt til að beita sér fyrir umbótum og ná árangri og félagslegu réttlæti á grundvelli hinna fjögurra þátta í stefnu í ILO um mannsæmandi vinnu: Starfa fyrir vinnufúsar hendur, félagslegrar verndar, frelsis aðila vinnumarkaðarins til samningsgerðar og samstarfs þeirra við ríkisvaldið og virðingar fyrir grundvallargildum og réttindum í atvinnulífinu. Í henni er tekið fram að ákvæðin eru ekki valkvæð. Vanefnd á framkvæmd á einhverjum af þessum fjórum þáttum torveldi að öðrum sé hrint í framkvæmd. Um sé að ræða sjálfstæða þætti sem sameinaðir séu forsenda árangurs.

Ástæða er til að draga fram ákvæði í aðfararorðum yfirlýsingarinnar í ljósi þeirrar kreppu í efnahagsmálum sem blasir við fjölmörgum ríkjum. Þar segir meðal annars að Alþjóðavinnumálastofnuninni sé falið að fara yfir og fjalla um öll alþjóðleg stefnumið í efnahags- og fjármálum út frá grundvallarmarkmiðum um félagslegt réttlæti og er í því sambandi vísað til yfirlýsingarinnar um grundvallarréttindi frá árinu 1998. Mikilvægi þessa ákvæðis felst í því að efla verður samvinnu og samráð alþjóðastofnana sem fjalla um og móta stefnu í efnahags- og fjármálum við Alþjóðavinnumálastofnunina. Hlutverk hennar verður að leggja mat á það hvaða áhrif efnahags- og fjármálastefnan hefur á framkvæmd yfirlýsingar ILO frá árinu 1998 og stefnu stofnunarinnar varðandi grundvallarréttindi í atvinnulífinu og mannsæmandi vinnu. Þetta leggur aðildarríkjunum þá skyldu á herðar að sjá til þess að við stefnumótun í hlutaðeigandi alþjóðastofnunum, til dæmis Alþjóðaviðskiptastofnuninni og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sé tekið tillit til þessarar grundvallaratriða Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í félags- og vinnumálum.

Þess skal getið að ekki hvílir sama skylda á aðildarríkjunum að kynna yfirlýsinguna fyrir löggjafarsamkomu með sama hætti og samþykktir og tilmæli Alþjóðavinnumálaþingsins. Félags- og tryggingamálaráðherra barst erindi frá forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf, dags. 15. október 2008, þar sem vakin er athygli á þeim kosti að yfirlýsingin verði kynnt með tilkynningu ríkisstjórnarinnar til löggjafarsamkomunnar í viðkomandi landi. Á samráðsfundi fulltrúa norrænu ríkisstjórnanna um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem haldinn var í Stokkhólmi 31. október 2008, var ákveðið að verða við þessum tilmælum forstjórans. Niðurstaðan að því er Ísland varðar er að kynningin sé með sama hætti og þegar kynntar eru samþykktir og tilmæli Alþjóðavinnumálaþingsins, þ.e. með þessari skýrslu félags- og tryggingamálaráðherra til Alþingis.

Setning alþjóðlegra reglna um réttindi, skyldur og vinnuaðstæður í atvinnulífinu er mikilvægt viðfangsefni Alþjóðavinnumálaþingsins. Annað verkefni er ekki síður mikilvægt, þ.e. að fylgjast með því hvernig aðildarríkin standa að framkvæmd þeirra reglna sem þingið sam-

þykkir. Þetta verkefni er í höndum einnar af fastanefndum Alþjóðavinnumálaþingsins, þ.e. nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla. Nefndin tók til efnislegrar umfjöllunar grófar vanefndir 23 aðildarríkja á samþykktum ILO. Ástandið í Búrma er reglulega til umfjöllunar í nefndinni, einkum brot á samþykktum um nauðungarvinnu. Félagafrelsi á erfitt uppdráttar í Bangladess. Verkfallsmenn eru drepnir, mótmælendur sæta limlestingum og ofsóknum og starfsemi stéttarfélaga eru settar skorður. Hliðstætt ástand er í Simbabve þar sem fólk býr við heft tjáningar- og ferðafrelsi. Framangreind ríki skipa nokkra sérstöðu vegna þess hve ástandið er slæmt.

Fjárhagsnefndin, sem er ein af fastanefndum þingsins, fjallaði um framkvæmd starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir Alþjóðavinnumálastofnunina vegna áranna 2008–2009 sem afgreidd var á 96. Alþjóðavinnumálaþinginu 2007. Ljóst er að á næstu árum þarf að ráðast í kostnaðarsamar endurbætur á höfuðstöðvum stofnunarinnar í Genf. Íslandi hlotnaðist aftur sá heiður að stýra nefndinni, en það féll í skaut Gylfa Kristinssonar, skrifstofustjóra í félags- og tryggingamálaráðuneytinu.

Starfsmenntun og þjálfun er með nokkra ára millibili tekið til umfjöllunar á Alþjóðavinnumálaþinginu. Þetta málefni var sett á dagskrá 97. þingsins. Ein af niðurstöðum þingsins var að leggja áherslu á mikilvægi þess að opna vinnumarkaðinn fyrir fólki sem hefur mesta þörf fyrir menntun og þjálfun, einkum því sem hefur takmarkaða starfsmenntun og hópum sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu. Samhliða fjölgun starfa þarf að stuðla að því starfsmenn geti þróað hæfileika sína, gætt sé jafnréttissjónarmiða og að þeir fái frama sem leiði til fjölgunar á gæðastörfum.

Er 21. öldin gekk í garð settu þjóðir heimsins sér það markmið að taka höndum saman við bæta kjör þess hluta mannkyns sem býr við mesta fátækt. Rannsóknir sýna að örbirgðin er mest í strjálbýlinu. Aðgerðir til að fjölga mannsæmandi störfum á þessum svæðum er forsenda þess að unnt sé að ná fyrsta þúsaldarmarkmiðinu um að fækka þeim um helming sem draga fram lífið á minna en einum Bandaríkjadal á dag og þjást af matarskorti. Alþjóðavinnumálaþingið tók þetta málefni til umfjöllunar og afgreiddi ítarlega þingsályktun sem er leiðbeinandi fyrir þau aðildarríki sem vilja taka á þessu viðfangsefni á markvissan hátt.

Hér með er lögð fyrir Alþingi skýrsla um 97. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf árið 2008 og birt með henni sem fylgiskjal I yfirlýsing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu.

2. 97. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 2008

2.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

Þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, Alþjóðavinnumálaþingið, var formlega sett miðvikudaginn 28. maí 2008 í Þjóðabandalagshöllinni í Genf. Þinginu lauk fimmtudaginn 12. júní 2008. Það var hið 97. í röðinni. Skipulag og framvinda þingsins var með líkum hætti og undanfarin ár. Allsherjarþingið og nokkrar þingnefndir komu saman til funda í Þjóðabandalagshöllinni í Genf í Sviss. Fundir þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla fóru fram í byggingu alþjóðavinnumálaskrifstofunnar sem er í næsta nágrenni.

Samtals tóku 4.212 þingfulltrúar þátt í Alþjóðavinnumálaþinginu. Til samanburðar skal þess getið að árið 2007 mættu 4.003 fulltrúar til þings. Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ber aðildarríki sem ákveður að taka þátt í þinginu að senda til þingsins sendinefnd sem skipuð er a.m.k. fjórum fulltrúum. Í henni eiga að vera annars vegar fulltrúi samtaka atvinnurekenda og hins vegar fulltrúi launafólks auk tveggja fulltrúa hlutaðeigandi ríkisstjórnar. Af 182 aðildarríkjum sendu 168 sendinefndir til þingsins. Meðal þátttakenda

voru 170 ráðherrar og aðstoðarráðherrar, en 168 tóku þátt í 96. þinginu árið 2007. Aðildarríkjum stofnunarinnar er skipt í fjóra ríkjahópa eftir svæðum. Ríkjahóparnir skiptast á að tilnefna fulltrúa til að gegna embætti forseta Alþjóðavinnumálaþingsins. Á 97. þinginu var komið að ríkjum Ameríku. Þau lögðu til að ráðherra vinnumála og félagslegrar þróunar í Panama, Edwin Salamín, yrði kjörinn þingforseti. Þetta var samþykkt einum rómi. Varaforsetar voru eftirtaldir: Ashraf W. Tabani úr röðum fulltrúa atvinnurekenda í Pakistan, Rabiatou Sérah Diallo fulltrúi launafólks í Gíneu og Tayeb Louh ráðherra vinnu- og félagsmála í Alsír.

Þess má geta að 27. maí 2008 varð Túvalú 182. aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Nafnið vísar til átta eyja sem standa saman en þær mynda þetta ríki sem er staðsett í suðvesturhluta Kyrrahafsins. Íbúar eru tæplega 12 þúsund og búa á 27 ferkílómetra landsvæði. Þrjú sjálfstæði ríki í heiminum hafa minna landrými en þessi eyþjóð í Kyrrahafinu. Túvalú varð aðildarríki Sameinuðu þjóðanna 5. september 2000.

Fyrirhugað var að félags- og tryggingamálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, yrði fulltrúi á þinginu en á síðustu stundu gat ekki orðið af því. Fulltrúar Íslands á Alþjóðavinnumálaþinginu voru: Frá félags- og tryggingamálaráðuneyti: Gylfi Kristinsson skrifstofustjóri. Frá fastanefnd Íslands í Genf: Kristinn F. Árnason sendiherra, Ragnar G. Kristjánsson sendiráðunautur, Þorbjörn Jónsson sendiráðunautur, Hafrún Ösp Stefánsdóttir stjórnarráðsfulltrúi og Ingólfur Friðriksson sendiráðsritari. Fulltrúi atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Varamaður hennar var Jón H. Magnússon, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Fulltrúi launafólks: Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands. Varamaður hans var Georg Páll Skúlason, formaður Félags bókagerðarmanna.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

I. Skýrslur forstjóra og stjórnarnefndar.
II. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun.
III. Framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla.
IV. Aðgerðir til stuðnings atvinnustarfsemi í dreifbýli í því skyni að draga úr fátækt.
V. Starfsmenntun til að auka framleiðni og fjölgun starfa (almenn umræða).
VI. Efling Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í því augnamiði að styðja aðildarríkin til að takast á við afleiðingar hnattvæðingar.
VII. Kjörbréf.

Nokkuð umfangsmiklar breytingar voru gerðar á skipulagi 96. Alþjóðavinnumálaþingsins árið 2007. Helstu breytingarnar fólust í því að almennar umræður á allsherjarþinginu hófust ekki fyrr en í þriðju þingvikunni þegar flestar þingnefndir höfðu lokið störfum. Þetta var gert til að tryggja betri viðveru á allsherjarþinginu við ræðuflutninginn. Í skýrslu um 96. Alþjóðavinnumálaþingið kemur fram að þótt þessi breyting hafi að ýmsu leyti verið til bóta var hún ekki gallalaus. Ásóknin í að komast á mælendaskrá þessa síðustu viku setti dagskrá þingsins mjög úr skorðum. Önnum kafnir ráðherrar, sem höfðu pantað ræðutíma með góðum fyrirvara, máttu sæta því að bíða tímunum saman eftir að fá orðið og jafnvel sætta sig við að aðrir sem ekki höfðu skráð sig voru teknir fram fyrir vegna þess að þeir voru að missa af flugi. Þetta skapaði allnokkra ringulreið þegar leið að lokum þingsins. Á móti kom að fleiri gátu fylgst með umræðum á allsherjarþinginu og meira svigrúm var fyrir gesti, til dæmis ráðherra, að hittast og eiga skoðanaskipti. Talsmaður vestrænna iðnríkja tók málið upp í stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, sem kom saman í beinu framhaldi af þinginu,

og lagði til ýmsar úrbætur. Þessar ábendingar voru teknar til greina. Framvinda 97. þingsins var að heita snurðulaus og þingið eftir því skilvirkt og árangursríkt.

Endurskipulagning Alþjóðavinnumálaþingsins með það að markmiði að stytta þingið hefur kallað á óformleg fundahöld í aðdraganda þess. Nú er svo komið að tveimur til þremur dögum er varið til slíkra undirbúningsfunda fyrir þingið. Við það er miðað að talsmenn hópanna þriggja í sendinefndum aðildarríkjanna, sem eiga aðgang að þinginu, taki þátt í fundunum. Af þessari tilhögun leiðir nokkur sparnaður fyrir aðildarríki sem senda fjölmennar sendinefndir en kemur út á eitt fyrir smærri ríki sem senda lágmarksfjölda fulltrúa til þingsins. Haldnir voru fundir fulltrúa ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Á þessum óformlegu fundum er leitað samkomulags um skipan trúnaðarstarfa á þinginu og kosnir fulltrúar hópanna gagnvart starfsfólki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Á þeim er einnig gengið frá tilnefningum fulltrúa til setu í nefndum. Samþykkt var stofnun eftirtalinna þingnefnda: Fjárhagsnefndar, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla, nefndar um aðgerðir til stuðnings atvinnustarfsemi í dreifbýli í því skyni að draga úr fátækt, nefndar um eflingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til að liðsinna aðildarríkjunum við að takast á við áhrif alþjóðavæðingar á félags- og vinnumál, kjörbréfanefndar og nefndar um starfsmenntun til að auka framleiðni og skapa störf.

Eitt af því sem gerði þingstörfin erfiðari sumarið 2007 var að forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Juvan Somavia, hafði boðið óvenjumörgum gestum að ávarpa þingið. Að þessu sinni var fyrri háttur tekinn upp að nýju og einungis tveimur gestum boðið til þingsins til að flytja hátíðarræður. Gestir forstjórans að þessu sinni voru Danilo Türk, forseti Slóveníu sem á þessum tíma var formennskuríki í Evrópusambandinu, og Pakalitha B. Mosili, forsætisráðherra Lesótó.

Danilo Türk er fyrsti leiðtogi ríkis sem gegnir formennsku í Evrópusambandinu til að ávarpa Alþjóðavinnumálaþingið. Hann hóf ræðu sína á því að leggja áherslu á stuðning við áætlun ILO um mannsæmandi vinnu og hvatti til þess að henni verði hrundið í framkvæmd á heimsvísu. Áætlunin væri leiðbeinandi fyrir atvinnusköpun, fyrir framkvæmd á grundvallarreglum í atvinnulífinu, félagslegri vernd og viðræðum aðila vinnumarkaðarins. Forsetinn gerði að umtalsefni stefnu Evrópusambandsins sem kennd er við Lissabon um hagvöxt og atvinnusköpun sem samþykkt var árið 2000 og hefur verið tilefni til umfangsmikilla skoðanaskipta frá árinu 2005. Hann vakti athygli á gildi víðtæks samstarfs hlutaðeigandi aðila, þar á meðal ríkisstjórna og samtaka aðila vinnumarkaðarins. Það væri forsenda þess að árangur næðist af Lissabon-stefnunni. Hún taki meðal annars til þess að liðsinna ungu fólki að fá vinnu og þróa hæfileika sína og aðstoða eldra launafólk sem þarf að vera lengur í vinnu vegna breyttrar aldursamsetningar þjóða Evrópu, að laga sig að breyttum aðstæðum og nýjungum.

Forseti Slóveníu lauk ræðu sinni með því að benda á að á margan hátt hafi Alþjóðavinnumálastofnunin rutt brautina fyrir alþjóðlegu samstarfi eins og það birtist í Sameinuðu þjóðunum og stofnunum þeirra. Í þeirri reynslu og þekkingu sem sé til staðar hjá stofnuninni felist mikilvægur auður á tímum hnattvæðingar. Hann hvatti til þess að reynslan verði nýtt til að upplýsa og vera leiðbeinandi í umræðum og við stefnumótun. Forsetinn sagði að ILO ætti sér merka sögu en hún ætti mikilvægt erindi við samtímann og þjónaði mikilvægu hlutverki í framtíðinni. Þar af leiðandi væri það mjög viðeigandi að alþjóðasamfélagið krefðist þess að grundvallarreglum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar verði fylgt og hert á framkvæmd gildandi lagareglna. Í þessu sambandi vísaði hann til þess að fullgildingum á hinum átta grundvallarsamþykktum stofnunarinnar hafði fjölgað um helming á síðastliðnum 10 árum;

um félaga- og samningafrelsi, afnám barnavinnu, afnám nauðungarvinnu og mismunun í starfi. Það segði sína sögu um lagalegt og siðferðilegt gildi þeirra.

Ræða Pakalitha B. Mosisilli, forsætisráðherra Lesótó, dró dám af áhrifum stórfelldrar hækkunar á eldsneytisverði á verð matvæla. Þetta málefni var ofarlega í huga leiðtoga og talsmanna frá fátækari löndum heimsins þar sem matvælaverð hefur mun meiri áhrif á lífsafkomu almennings sem ver hlutfallslega stærri hluta tekna til kaupa á brýnustu nauðsynjum en fólk gerir á Vesturlöndum. Við þessu yrði að bregðast með sjálfbærri þróun og meiri framleiðni í landbúnaði. Með hliðsjón af umræðum á Alþjóðavinnumálaþinginu um fjölgun starfa í dreifbýli sem leið til að draga úr fátækt lagði forsætisráðherrann áherslu á að aðgerðir gegn fátækt í dreifbýli væri skjótvirkasta leiðin til að draga úr almennri fátækt á landsvísu. Virkt samstarf ríkisvalds og samtaka aðila vinnumarkaðarins um sanngjarna tekjudreifingu og meiri framleiðni leiddi til trausts og sjálfbærs hagvaxtar.

Forsætisráðherrann benti á að Lesótó væri á meðal fátækustu ríkja heimsins. Stjórnvöld hafi að markmiði að bæta lífsafkomu borgaranna á sem skjótastan hátt. Hann hvatti til samvinnu um að þessu markmiði verði náð þrátt fyrir aðsteðjandi fjárhagsþrengingar, loftslagsbreytingar og margföldun olíuverðs sem hafi stórhækkað matvælaverð.

2.2. KJÖRBRÉFANEFND

Hlutverk kjörbréfanefndar er að ganga úr skugga um að aðildarríkin fylgi ákvæðum í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um skipan sendinefnda sem sendar eru til Alþjóðavinnumálaþingsins. Að lágmarki ber aðildarríki að senda til þingsins tvo fulltrúa ríkisstjórnar, einn fulltrúa atvinnurekenda og einn fulltrúa samtaka launafólks. Skylt er að hafa samráð við helstu samtök á vinnumarkaði við val á fulltrúum þeirra í sendinefndinni. Þrír fulltrúar eiga sæti í kjörbréfanefndinni og gegnir fulltrúi ríkisstjórna formennsku. Í nefndina voru kjörnir: Isaiah B. Kirigua, fulltrúi ríkisstjórnar Keníu, Lidija Horvatié, fulltrúi atvinnurekenda í Króatíu, og Ulf Edström, fulltrúi launafólks í Svíþjóð.

Eins og áður segir fer nefndin yfir skipan sendinefnda á þinginu. Sé látið undir höfuð leggjast að senda til dæmis fulltrúa frá samtökum atvinnurekenda eða launafólks til þingsins getur það leitt til þess að fulltrúar hlutaðeigandi ríkisstjórnar séu sviptir atkvæðisrétti. Nefndin er einnig ábyrg fyrir því að reikna út atkvæðavægi hinna þriggja hópa sem eiga sæti á þinginu. Í því sambandi er rétt að vekja athygli á atriði sem nefndin gerði að umtalsefni í skýrslu sinni til allsherjarþingsins. Það snertir þann nýlega sið að fastanefndir aðildarríkja stofnunarinnar leysi út nafnspjöld allra fulltrúa í hlutaðeigandi sendinefnd í því skyni að auðvelda þeim komuna til Genfar. Þetta skapi þann vanda að nefndin eigi erfitt með að ganga úr skugga um að fulltrúar hafi í raun komið til þingsins og séu þar virkir þátttakendur. Þetta geri henni til dæmis erfitt fyrir að reikna út atkvæðavægi með nauðsynlegri nákvæmni. Nefndin beinir því til þingfulltrúa að þeir skrái sig sjálfir við komu til þingsins og fái persónulega afhent nafnspjöld sem eru aðgangsmiði að rafrænu atkvæðagreiðslukerfi sem er á þingstaðnum. Lágmarksósk nefndarinnar er að fastanefndir skrái einungis og leysi til sín nafnspjöld fulltrúa ríkisstjórna.

Annars felst verkefni kjörbréfanefndar að skera úr kærum sem henni berast, annars vegar vegna aðferða sem viðhafðar eru við val á þingfulltrúum, einkum fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, og hins vegar vegna þess að ríkisstjórnir greiða ekki ferða- og uppihaldskostnað fyrir fulltrúa eins og skylt er samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Nefndin tók til umfjöllunar kæru á hendur ríkisstjórn Afganistan fyrir að hafa ekki greitt ferða- og uppihaldskostnað fulltrúa launafólks. Eftir bréfaskipti og fundahöld fékk málið far-

sælan endi. Fulltrúa ríkisstjórnarinnar tókst að sýna fram á að dráttur á afgreiðslu fjármálaráðuneytis hafi valdið því að fulltrúi afgansks launafólks fékk ekki í tíma nauðsynlegan farareyri. Annað mál af svipuðum toga hefur komið nokkrum sinnum til kasta nefndarinnar. Það er val á fulltrúa launafólks í sendinefnd Pálmamottulands. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir hefur ríkisstjórn landsins ekki sinnt því að upplýsa hvernig staðið er að vali fulltrúans. Þetta mál er farið að reyna á þolinmæði nefndarinnar. Búast má við því að verði ekki breyting á verði sendinefndin svipt atkvæðisrétti á þinginu. Við þetta má bæta að kvartað var yfir vali á fulltrúa atvinnurekenda í sendinefndum Makedóníu, Gíneu, Írans, Sómalíu, Úkraínu og Venesúela. Einnig var gerð athugasemd við val á fulltrúa launafólks í sendinefndum Bangladess, Búrma, Gabon, Kamerúns, Malí, Níkaragva, Paragvæ, Srí Lanka, Sómalíu og Venesúela.

2.3. FJÁRMÁL

Ein nefnd á Alþjóðavinnumálaþinginu hefur nokkra sérstöðu. Það er þingnefndin sem fjallar um fjárhags- og starfsáætlun. Hún er eina þingnefndin þar sem aðgangur er takmarkaður við fulltrúa ríkisstjórna. Á þessu er sú undantekning að á síðustu árum hefur einum talsmanni atvinnurekenda og einum talsmanni launafólks verið boðið að taka þátt og fylgjast með almennum umræðum í þingnefndinni. Fjárhagsnefndin fjallar um fjármál og starfsáætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Starfs- og fjárhagsáætlun er til tveggja ára í senn. Af því leiðir að nefndin fjallar annað hvert ár um tillögu að starfs- og fjárhagsáætlun. Oftar en ekki eru umræður í nefndinni þau ár nokkuð hvassar. Venjulega skiptast fulltrúar í tvær fylkingar. Annars vegar eru fulltrúar þeirra ríkja sem standa að stærstum hluta straum af kostnaði vegna reksturs stofnunarinnar. Hins vegar fulltrúar þeirra ríkja sem eiga mikið undir því að Alþjóðavinnumálastofnunin geti haldið upp öflugu þróunar- og ráðgjafarstarfi við uppbyggingu atvinnuvega og aðgerðum gegn fátækt.

Íslandi féll í skaut öðru sinni sá heiður að stýra fjárhagsnefndinni, en það gerði Gylfi Kristinsson, skrifstofustjóri í félags- og tryggingamálaráðuneytinu eins og á 96. þinginu 2007. Fulltrúi ríkisstjórnar Ungverjalands, Péter Klekner, aðalráðgjafi forsætisráðherra, var kjörinn varaformaður.

Meðal reglubundinna verkefna nefndarinnar er að taka til umfjöllunar óskir frá aðildarríkjum um að halda atkvæðisrétti þrátt fyrir að þau skuldi Alþjóðavinnumálastofnuninni árgjald. Óskir um þetta bárust frá ríkisstjórnum Kómoreyja, Mið-Afríkulýðveldisins, Íraks og Sólómonseyja. Í öllum tilvikum féllst nefndin á að sendinefndir þessara ríkja héldu atkvæðisrétti á þinginu.

Nefndin fjallaði um framkvæmd starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir tveggja ára tímabilið 2008–2009. Ekki kom fram gagnrýni á almenna framkvæmd áætlunarinnar. Eitt atriði öðrum fremur var nefndarmönnum tilefni til gagnrýni. Það snéri að viðhaldi húsakynna Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf. Það þótti ámælisvert að á undanförnum árum hafi ekki verið gert ráð fyrir reglubundnu viðhaldi á fasteigninni í fjárhagsáætluninni. Í þessu sambandi var bent á þá viðteknu reglu í Sviss að annað hvort leggja til hliðar eða verja árlega sem nemur einum hundraðshluta af fasteignamati til viðhalds. Þetta hefur ekki verið gert og er ástand húss stofnunarinnar orðið mjög slæmt og raunar svo slæmt að það nálgast að vera heilsuspillandi. Fyrir liggur áætlun um markvissar endurbætur næstu 10 árin samtals að fjárhæð 60 milljónir svissneskra franka. Leitað hefur verið leiða til að útvega þetta fjármagn. Fyrir nefndinni lá tillaga um að nota í þessu skyni sjóð sem myndast vegna gengishagnaðar og vaxtatekna vegna skilvísra skila aðildarríkjanna á árgjöldum til stofnunarinnar. Að öllu jöfnu eru fjármunir úr sjóðnum endurgreiddir skilvísum aðildarríkjum og koma til lækkunar ár-

gjalda. Markmiðið er að hvetja aðildarríkin til að greiða árgjald á gjalddaga. Skiptar skoðanir komu fram á tillögunni. Fulltrúar Bandaríkjanna og Kanada lögðust gegn tillögunni og vísuðu til þess að það skapi slæmt fordæmi að víkja frá reglum sem gilda um fjármál stofnunarinnar. Aðrir sem tjáðu sig um tillöguna lýstu yfir stuðningi með tveimur skilyrðum. Annars vegar að hér væri um undantekningu að ræða sem ekki verði endurtekin. Hins vegar að litið yrði svo á að hér sé um að ræða fyrirframgreiðslu þeirra þjóða sem hefðu átt að fá endurgreiðslu vegna skilvísra skila upp í væntanlegan kostnað vegna endurbóta á húsakynnunum. Talsmaður Norðurlandanna í nefndinni tók undir þetta sjónarmið. Samstaða tókst um þessa niðurstöðu og var tillagan samþykkt með þeirri breytingu.

Þess skal getið að samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun greiðir Ísland 0,037 hundraðshluta af útgjöldum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem jafngildir 144.560 svissneskum frönkum árið 2009.

2.4. FRAMKVÆMD ALÞJÓÐASAMÞYKKTA OG TILMÆLA

Í þingnefnd Alþjóðavinnumálaþingsins sem ber heitið nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla er fyrst og fremst fjallað um framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem þau hafa fullgilt. Af fullgildingu samþykktar leiðir að hlutaðeigandi aðildarríki undirgengst skuldbindingu um að fara að ákvæðum samþykktarinnar. Eftirlitið með framkvæmd samþykktanna felst í rannsókn á reglubundnum skýrslum sem aðildarríkin senda alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Genf. Skýrslurnar eru teknar saman í samráði við heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins í hlutaðeigandi aðildarríki. Stjórnvöld skulu senda skýrslurnar til samtakanna og gefa þeim færi á að tjá sig um efni þeirra. Í skýrslunum skal þess getið hvaða samtök hafi fengið skýrslurnar sendar og einnig skal gera grein fyrir athugasemdum sem hafa borist. Fyrir þingið bar aðildarríkjunum að senda 2.477 skýrslur en samtals bárust 1.611. Nefnd sérfræðinga á vegum ILO fer yfir skýrslurnar og skilar niðurstöðum sínum sem teknar eru til umfjöllunar í framangreindri fastanefnd Alþjóðavinnumálaþingsins. Í raun er það þannig að fulltrúar atvinnurekenda og fulltrúar launafólks á Alþjóðavinnumálaþinginu velja tiltekin mál úr niðurstöðum sérfræðinganna sem eru sett á dagskrá þingnefndarinnar. Þar gefst talsmanni hlutaðeigandi ríkisstjórnar færi á að skýra mál sitt og síðan er mælendaskrá opnuð fyrir þeim þingfulltrúum sem vilja tjá sig.

Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna er fjölmennasta nefnd Alþjóðavinnumálaþingsins. Á 97. Alþjóðavinnumálaþinginu sátu í nefndinni 227 fullgildir fulltrúar (122 fulltrúar ríkisstjórna, 33 fulltrúar atvinnurekenda og 72 fulltrúar launafólks). Að auki sátu fundina 14 varafulltrúar ríkisstjórna, 54 varafulltrúar atvinnurekenda og 217 varafulltrúar launafólks. Loks voru á fundunum 29 áheyrnarfulltrúar ýmissa alþjóðasamtaka. Fundir fóru fram í fundarsal stjórnarnefndarinnar í byggingu alþjóðavinnumálaskrifstofunnar og var hvert sæti skipað og þröngt um þingfulltrúa.

Nokkur undanfarin ár hefur Sérgio Paixao Pardo, fulltrúi ríkisstjórnar Brasilíu, verið formaður nefndarinnar. Í þetta skipti var Noemi Rial, fulltrúi ríkisstjórnar Argentínu, kosin formaður. Engin breyting varð á varaformönnum. Sem fyrr voru kosnir Edward E. Potter, fulltrúi atvinnurekenda í Bandaríkjunum, og Luc Cortebeeck, fulltrúi launafólks í Belgíu. Jinno Nkhambule, fulltrúi ríkisstjórnar Svasílands, flutti allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar. Af Íslands hálfu tóku þátt í störfum nefndarinnar Gylfi Kristinsson og Hrafnhildur Stefánsdóttir.

Störf nefndarinnar hafa mótast á löngum tíma og fara fram með líkum hætti frá ári til árs. Þau hefjast með almennum umræðum um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla. Undir

þessum dagskrárlið er einnig fjallað um almennar skuldbindingar aðildarríkjanna sem leiða af stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Við þessar umræður er stuðst við 1. hluta skýrslu sérfræðinganefndar ILO um framkvæmd samþykkta og tilmæla. Einnig er skipst á skoðunum um starfshætti nefndarinnar. Þar á eftir tekur við dagsumræða um skýrslu sem helguð er úttekt á framkvæmd á einhverri tiltekinni samþykkt. Samkvæmt heimild í stofnskrá er unnt að óska eftir því að aðildarríkin taki saman skýrslur um framkvæmd á samþykkt óháð því hvort þau hafi fullgilt hana eða ekki. Þessi heimild er reglulega notuð og er markmiðið að vekja athygli aðildarríkjanna á hlutaðeigandi samþykkt og þar með hvetja þau til fullgildingar eða að leiða í ljós vandkvæði varðandi framkvæmd sem síðan getur leitt til endurskoðunar. Í þetta skipti fjallaði þessi sérstaka skýrsla um framkvæmd á samþykkt nr. 94, um vinnuákvæði í opinberum (verk)samningum. Þegar þessum þætti er lokið tekur við framangreind yfirferð yfir framkvæmd einstakra aðildarríkja á alþjóðasamþykktum. Viðfangsefni nefndarinnar er viðamikið þannig oft verða vinnudagarnir langir og standa stundum fram á nætur.

Framkvæmd einstakra ríkja á alþjóðasamþykktum.

Í annarri þingvikunni er fjallað um málefni einstakra ríkja. Að þessu sinni komust fulltrúar atvinnurekenda og launafólks að samkomulagi um skrá yfir 23 mál sem tekin voru til umfjöllunar í nefndinni. Það kom fulltrúum ríkisstjórnar Svíþjóðar nokkuð óvart að sjá land sitt á þessari vafasömu skrá. Þeim létti þegar í ljós kom að það hafði verið sett á skrána sem fyrirmynd fyrir önnur ríki varðandi framkvæmd á samþykkt nr. 81, um vinnueftirlit. Þetta var liður í endurskipulagningu á störfum nefndarinnar og til að mæta þeirri gagnrýni að starf hennar væri of neikvætt og ástæða væri til þess að taka til umfjöllunar það sem vel er gert. Vegna þessa urðu nokkur eftirmál og er niðurstaðan sú að framvegis verður vel greint á milli þeirra sem eru til fyrirmyndar og svörtu sauðanna. Hér verður gerð grein fyrir nokkrum málum sem vöktu sérstaka athygli.

Búrma.

Um árabil voru málefni stjórnvalda Suður-Afríku til reglulegrar meðferðar á Alþjóðavinnumálaþinginu vegna kynþáttaaðskilnaðarstefnunnar. Um það málefni var fjallað í sérstökum þingnefndum og fundum sem haldnir voru í tengslum við þingið. Svo virðist sem herforingjastjórnin í Búrma hafi tekið þann sess sem stjórn hvíta minnihlutans í Suður-Afríku skipaði á árum áður. Þetta var áttunda árið í röð sem sérstökum fundi þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta var varið í að ræða málefni Búrma. Í fyrri skýrslum um Alþjóðavinnumálaþingið hefur verið gerð grein fyrir málavöxtum en þeir snúa fyrst og fremst að brotum á nokkrum grundvallarsamþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, til dæmis samþykktum um afnám nauðungarvinnu og um félaga- og samningafrelsi. Í landinu gilda lög sem veita sveitar- og borgarstjórnum og raunar öðrum stjórnvöldum víðtækar heimildir til að kveða fólk til vinnu. Ákvæði þessarar löggjafar hafa um áratuga skeið verið misnotuð, einkum af herforingjastjórninni sem hefur setið á valdastólum í landinu.

Árlega er fjallað um ástandið í Búrma í skýrslu sérfræðinganefndar ILO til Alþjóðavinnumálaþingsins. Nefndin um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla og stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafa ályktað um Búrma og einnig falið forstjóra stofnunarinnar að leita leiða til að létta því oki sem hvílir á landsmönnum. Stofnunin hefur sent sendinefndir til landsins, gert samkomulag við stjórnvöld um áætlun um umbætur og komið upp ráðgjafar- og þjónustuskrifstofu til að freista þess að búa íbúum aðstæður sem tryggi að þeir

njóti lágmarksmannréttinda. Þrátt fyrir allar þessar aðgerðir hefur miðað hægt í umbótaátt. Umræður í nefnd Alþjóðavinnumálaþingsins hefur fylgt svipuðu ferli frá ári til árs. Fulltrúar ríkisstjórnar Búrma hafa mætt á fundi nefndarinnar og haldið uppi málflutningi sem hefur byggst á því að mikilvægar umbætur væru handan við hornið. Þetta hafa síðan reynst blekkingar og sjónarspil. Málflutningurinn fylgdi þessum þekktu línum á 97. Alþjóðavinnumálaþinginu. Eini munurinn frá umræðum fyrr ára fólst í því að ræðumenn vottuðu búrmísku þjóðinni samúð sína vegna eyðileggingar og hörmunga sem fellibylurinn Nargis hafði valdið.

Í niðurstöðum nefndarinnar var vakin á því athygli að enn væri fjöldi fólks í fangelsum fyrir að nýta borgaraleg grundvallarréttindi. Í framhaldi af samkomulagi stjórnvalda við Alþjóðavinnumálastofnunina árið 2007, sem hafði verið framlengt til febrúarmánaðar 2009, höfðu orðið takmarkaðar framfarir á afmörkuðum sviðum, til dæmis að því er varðar afgreiðslu kæra um nauðungarvinnu. Hins vegar væri langt í land að ástandið sé viðunandi. Nefndin krafðist þess að herforingjastjórnin taki af skarið og lýsti því yfir með afgerandi hætti að hvers kyns nauðungarvinna sé bönnuð og að þeir sem gerist brotlegir í þessum efnum verði saksóttir og dæmdir. Einnig var þess krafist að stjórnvöld framfylgi undanbragðalaust samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Bangladess.

Framkvæmd stjórnvalda í Bangladess á samþykkt nr. 87, um félagafrelsi, vakti athygli á þinginu. Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar til þingsins er dregin upp mynd af ástandi þar sem félagsfrelsi hlýtur að eiga erfitt uppdráttar. Nefnd eru til sögunnar dráp lögreglu á verkfallsmönnum, harkaleg framganga hersins gegn mótmælaaðgerðum launafólks, limlesting, frelsissvipting og morð á fjölda verkalýðsleiðtoga. Þessu til viðbótar er bann við stofnun og starfsemi stéttarfélaga á svonefndum iðnaðarsvæðum. Haldið er þannig á málum að brotaþolum er gert erfitt eða ókleift að sækja rétt sinn fyrir dómstólum.

Þingnefndin um framkvæmd alþjóðasamþykkta var þungorð í umsögn sinni um ástandið í landinu. Stjórnvöld í Bangladess voru harðlega gagnrýnd fyrir margvísleg brot á samþykktinni um félagafrelsi og þess krafist að ríkisstjórnin taki saman og sendi alþjóðavinnumálaskrifstofunni ítarlega skýrslu um þróunina hvað varðar fangelsun, starfsemi dómstólanna og valdbeitingu gagnvart þeim sem eru virkir í kjarabaráttu launafólks. Ríkisstjórnin er hvött til þess að beita sér þegar í stað fyrir lagabreytingum þannig að aðstæður í landinu séu í samræmi við samþykktina og tryggi að launafólk njóti þeirra réttinda sem í henni felast. Nefndin samþykkti enn fremur að geta þessa máls í sérstaka hluta skýrslu sinnar til allsherjarþings vinnumálaþingsins. Í þeim hluta er vakin athygli á þeim málum sem þykja gróf og sérstaklega alvarleg.

Simbabve.

Þótt ríkisstjórn Bangladess hafi verið harðlega gagnrýnd var tónninn enn skarpari í garð ríkisstjórnar Simbabve. Hún hefur á undanförnum árum verið sökuð um kerfisbundin brot á grundvallarmannréttindum og fyrir að fótum troða réttinn til að stofna félög til að berjast fyrir sameiginlegum hagsmunum. Öryggi fulltrúa samtaka launafólks hefur verið ógnað, þeir hafa mátt sæta hótunum og ýmiss konar valdbeitingu. Einnig hafa verið lagðar hömlur á rétt þeirra til tjáningar- og ferðafrelsis.

Í niðurstöðum þingnefndarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykkta var talin upp fjöldi kæra um alvarleg og ógnvekjandi brot gegn félagsmönnum í samtökum launafólks. Fulltrúar ríkisstjórnar Simbabve lögðu ekki í að taka þátt í umræðunum í nefndinni. Þeir sátu hins veg-

ar á áheyrendapalli og fylgdust þaðan með umræðum. Slík framkoma ríkisstjórnar er dæmalaus í langri sögu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Nefndin krafðist þess að ríkisstjórnin taki á móti sérstakri rannsóknarnefnd á vegum stofnunarinnar. Hún lagði enn fremur til að aðildarríkin taki til athugunar að beita ákvæðum 26. gr. stofnskrár ILO sem heimilar aðildarríki að kæra framkvæmd annars ríkis fyrir alvarleg brot á alþjóðasamþykkt sem bæði hafa fullgilt. Loks samþykkti nefndin að geta þessa máls í sérstaka hluta skýrslu sinnar til allsherjarþings Alþjóðavinnumálaþingsins.

Kólumbía og Venesúela.

Hér að framan var lýst hvernig þau mál eru valin sem tekin eru á dagskrá þingnefndarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla. Þetta er gert með samningum milli fulltrúa atvinnurekenda og fulltrúa launafólks. Þótt oft sé tekist á á bak við tjöldin um þetta málefni hefur undantekningarlaust náðst samkomulag og sátt um niðurstöðuna. Undantekning frá þessari reglu dró því að sér athygli þingheims. Þessu olli djúpstæður ágreiningur um málefni Kólumbíu og Venesúela. Fulltrúar atvinnurekenda lögðu mikla áherslu á að málefni Venesúela yrðu tekin á dagskrá þingnefndarinnar. Í skýrslu sérfræðinganefndarinnar til þingsins kemur fram stjórnvöld hafa ekki tryggt að Verslunar- og framleiðsluráð Venesúela njóti félagafrelsis í landinu. Þannig hefur forseti ráðsins verið fangelsaður og síðan neyðst til að flýja land. Einnig hafa höfuðstöðvar ráðsins verið eyðilagðar. Stjórnvöld hafa ekki haft samráð við samtökin um lög og reglugerðir. Mannréttindi hafa verið brotin og persónulegar eignir iðnrekenda hafa verið gerðar upptækar. Talsmaður atvinnurekenda var mjög þungorður í garð fulltrúa launafólks vegna málsins og benti á að öll 23 málin á dagskrá nefndarinnar væru þar samkvæmt ósk fulltrúa launafólks. Þetta væri eina málið sem fulltrúar atvinnurekenda hafi óskað sérstaklega eftir að væri sett á dagskrána en því hafi verið hafnað. Þetta lýsi tvöfeldni og ekki viðeigandi að setja sem skilyrði að málefni annars ríkis yrði jafnframt sett á dagskrána. Val á málum yrði að byggjast á málefnalegum rökum. Hér vísaði fulltrúi atvinnurekenda til kröfu fulltrúa launafólks um að málefni Kólumbíu yrðu tekin á dagskrá nefndarinnar. Því voru fulltrúar atvinnurekenda algjörlega andvígir.

Í fyrri skýrslum um Alþjóðavinnumálaþingið hefur verið gerð grein fyrir málefnum Kólumbíu. Þar kemur meðal annars fram að meira en 2.000 virkir félagsmenn í samtökum launafólks hafi verið myrtir frá árinu 1986. Við bætist að misþyrmingar, morðhótanir, uppsagnir og hliðstæð brot eru daglegt brauð í landinu. Á 95. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2006 urðu ákveðin tímamót þegar fulltrúar ríkisstjórnar Kólumbíu og aðila vinnumarkaðarins undirrituðu samkomulag um aðgerðir til að stemma stigu við óöldinni sem þar hefur ríkt. Þannig skuldbundu stjórnvöld sig til þess að grípa þegar í stað til ráðstafana gegn ofbeldisöflunum í landinu.

Fulltrúar launafólks hafa verið óánægðir með það hvernig stjórnvöld höfðu staðið við samkomulagið og viljað að málefni Kólumbíu væru tekin til umfjöllunar í þingnefndinni um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla. Fulltrúar atvinnurekenda hafa eindregið lagst gegn því. Í máli fulltrúa launafólks kom fram að fulltrúar atvinnurekenda hafi á Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2007 gefið fyrirheit um það að unnt yrði að taka málefni Kólumbíu á dagskrá nefndarinnar í næstu framtíð ef stjórnvöld landsins létu viðgangast morð án þess að hinum seku væri stefnt fyrir dóm. Með tilliti til þeirrar fjandsamlegu afstöðu sem ríkir til stéttarfélaga í landinu væri ekki hægt að sætta sig við annað en að málefni þess væri sett á dagskrá þingnefndarinnar. Annað myndi stofna starfsemi stéttarfélaga í landinu í hættu.

Fundarstjóra og starfsmönnum alþjóðavinnumálaskrifstofunnar var mikill vandi á höndum að brúa þennan djúpstæða ágreining. Þetta tókst með því að lagt var til að málefni Kólumbíu væri rætt á sérstökum fundi og án tengsla við margnefnda málaskrá. Fulltrúi launafólks lagði þunga áherslu á að samþykki við þessari málamiðlun væri algjör undantekning sem skapaði ekki fordæmi og hefði að markmiði að finna lausn sem báðir aðilar væru fullsæmdir af.

Ísland.

Íslands er getið á tveimur stöðum í skýrslu sérfræðinganefndarinnar til Alþjóðavinnumálaþingsins.

Fyrra tilvikið lýtur að framkvæmd Íslands á alþjóðasamþykkt nr. 98, um samningafrelsi. Sérfræðinganefndin kveðst taka eftir upplýsingum í skýrslu Íslands um framkvæmd samþykktarinnar um tvo kjarasamninga sem hafi að markmiði að bæta stöðu erlendra launamanna og fatlaðs fólks á vinnumarkaði.

Nefndin gerir síðan að umtalsefni athugasemdir sem hún hafi gert við lögskipaða gerðardóma til að leysa kjaradeilur sjómanna og útgerðarmanna og leggur áherslu á það álit sitt að þetta sé ósamrýmanlegt grundvallarreglunni um að kjarasamningar séu gerðir af frjálsum og fúsum vilja. Nefndin minnir á að hún hafi beint því til ríkisstjórnarinnar að forðast að grípa inn í kjarasamninga með lagasetningu og þannig þvinga fram lausn sem eigi að vera niðurstaða samninga sem gerðir séu af frjálsum og fúsum vilja. Enn fremur kveðst hún veita athygli þeim ásetningi ríkisstjórnarinnar að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins um nauðsyn þess að endurskoða gildandi reglur og verklag á þessu sviði.

Fram kemur að nefndin hafi veitt athygli upplýsingum í skýrslu Íslands um starfsemi ríkissáttasemjara og um gerð kjarasamninga á árunum 2003–2004.

Niðurstaða nefndarinnar að því er varðar framkvæmd alþjóðasamþykktar nr. 98 er að óska eftir því að ríkisstjórnin haldi henni upplýstri um framvindu kjarasamninga á árunum 2007–2008 þar með taldar samningaviðræður sjómanna og útgerðarmanna. Einnig óskar hún eftir upplýsingum um árangur af aðgerðum sem gripið er til í samráði við aðila vinnumarkaðarins til að endurbæta gildandi skipan á samningum aðila vinnumarkaðarins um kaup og kjör.

Hin athugasemdin í skýrslu sérfræðinganefndarinnar sem snertir Ísland lýtur að framkvæmd alþjóðasamþykktar nr. 144, um samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála. Athugasemdin á rót að rekja til kvörtunar sem Alþýðusamband Íslands sendi Alþjóðavinnumálastofnuninni með bréfi, dags. 24. ágúst 2006. Þar kemur fram það álit Alþýðusambands Íslands að kynningu á samþykkt Alþjóðavinnumálaþingsins fyrir Alþingi þurfi að fylgja tillaga um það hvort fullgilda beri hlutaðeigandi samþykkt eða ekki. Niðurstaða sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tilmæla barst félagsmálaráðuneytinu í lok febrúar 2007. Með henni er það áréttað að afstaða hlutaðeigandi stjórnvalda til framkvæmdar á umræddum gerðum Alþjóðavinnumálaþingsins þurfi að koma fram við kynningu fyrir löggjafarsamkomu, þ.e. að því er varðar Ísland fyrir Alþingi. Það er hins vegar tekið fram í niðurstöðum sérfræðinganefndarinnar að þetta skuli gert að undangengnu samráði stjórnvalda við samtök atvinnurekenda og launafólks en að það sé á forræði ríkisstjórnarinnar að leggja til að alþjóðasamþykkt verði fullgilt, að hún verði ekki fullgilt eða að ákvörðun um fullgildingu verði frestað.

Í skýrslu sinni til 97. Alþjóðavinnumálaþingsins vísar sérfræðinganefndin til framangreinds frá árinu 2006 og kveðst taka eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að kynning á gerðum Alþjóðavinnumálaþingsins fyrir Alþingi fari fram að undangengnu virku samráði um tillögu um framkvæmd.

Nefndin gerir að umtalsefni það sem fram kemur í skýrslu Íslands um samráð við aðila vinnumarkaðarins um fullgildingu alþjóðasamþykkta nr. 81, 129 og 158. Hún kveðst taka eftir óskum til alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um skýringu á tilteknum ákvæðum samþykktar nr. 81. Einnig að félagsmálaráðuneytið hafi beint því til Rannsóknaseturs í vinnurétti og jafnréttismálum við Háskólann í Bifröst að semja tillögu að leiðbeiningarreglum varðandi uppsagnir starfsmanna í anda samþykktar nr. 158. Loks kemur fram að hún veitir athygli þeim upplýsingum sem hafi verið gefnar og mælir með þeirri leið sem ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins fara í því skyni að eiga virkt þríhliða samstarf um aðgerðir sem taka megi í því skyni að hrinda í framkvæmd eða fullgilda, eftir því sem við á, samþykktir og tilmæli.

2.5. BÆTT HÆFNI TIL AÐ AUKA FRAMLEIÐNI, SKAPA STÖRF OG STUÐLA AÐ UMBÓTUM

Starfsmenntun og þjálfun eru viðfangsefni sem reglulega eru sett á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins. Framvinda efnahagsmála og atvinnulífs fela í sér að hæfni og sérhæfing úreldast en á sama tíma kallar ný tækni sem leiðir af sér breytta atvinnuhætti á nýja sérhæfingu. Það skiptir því miklu að fylgst sé með þróuninni og afleiðingum hennar sé mætt með viðeigandi hætti. Starfsmenntun og þjálfun hefur í þessu sambandi leikið lykilhlutverk. Árið 2004 afgreiddi 92. Alþjóðavinnumálaþingið ítarleg tilmæli nr. 195, um þróun mannauðs: Menntun, þjálfun og símenntun. Í þeim felast leiðbeiningar fyrir aðildarríkin um mörkun stefnu á þessu sviði.

Markmiðið með umfjöllun 97. Alþjóðavinnumálaþingsins var að skiptast á skoðunum um gildi starfsmenntunar og þjálfunar til að skapa störf sem standa undir mannsæmandi kjörum með aukinni framleiðni.

Þingið samþykkti stofnun nefndar til að fjalla um þetta málefni. Formaður hennar var kosinn Craig Armitage, fulltrúi ríkisstjórnar Nýja-Sjálands. Varaformenn voru Chiel Renique, fulltrúi atvinnurekenda í Hollandi, og Halimah Yacob, fulltrúi launafólks í Singapúr. Fulltrúi ríkisstjórnar Jamaíku, N. Ying, flutti allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar. Að jafnaði tóku um 180 manns þátt í starfi hennar (78 fulltrúar ríkisstjórna, 50 fulltrúar atvinnurekenda og 52 fulltrúar launafólks).

Starf nefndarinnar hófst með almennum umræðum um málefnið. Í máli margra ræðumanna kom fram að nokkur mjög brýn viðfangsefni blasi við stjórnvöldum vinnumála. Flestir nefndu loftslagsbreytingar, breytta aldursamsetningu og hærri meðalaldur vinnuaflsins. Þessi atriði krefjast endurnýjunar á stefnu, reglum og samskiptaháttum í atvinnulífinu. Bent var á nauðsyn þess að mæta kröfum um nýja færni, virkja þá sem eru óvirkir í atvinnulífinu og auka aðlögunarhæfni.

Forgangsverkefni er að gera úttekt á þörfinni fyrir tiltekna sérhæfingu. Forsenda þess að vinnumarkaðurinn virki sem skyldi er að sjá til þess að fyrir hendi sé starfsfólk sem hafi þjálfun og færni sem atvinnulífið hefur þörf fyrir. Þetta gildir ekki síst um svonefnd „græn störf“, störf í þróunar- og hátæknigreinum og í þeim hluta þjónustugreinarinnar sem er í vexti. Leggja ber áherslu á úttekt sem geri kleift að spá fyrir um staðbundna þörf, svæðisbundna á landsvísu sem og alþjóðavísu og koma í veg fyrir að skortur á sérhæfðu starfsfólki hamli framsókn atvinnulífsins til skemmri og lengri tíma litið. Hér gegni ekki aðeins opinberar og einkareknar vinnumiðlanir mikilvægu hlutverki heldur einnig samtök aðila vinnumarkaðarins, einkum atvinnurekendur.

Annað mikilvægt verkefni felst í því að opna vinnumarkaðinn fyrir fólki sem hefur mesta þörf fyrir menntun og þjálfun, einkum því sem hefur takmarkaða starfsmenntun og hópum

sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu. Samhliða fjölgun starfa þarf að stuðla að því að starfsmenn geti þróað hæfileika sína, gætt sé jafnréttissjónarmiða og að þeir fái frama sem leiði til fjölgunar gæðastörfum.

Þriðja atriðið sem margir ræðumanna gerðu að umtalsefni er þörfin fyrir aðlögun að breyttum aðstæðum. Gefa þarf einstaklingum reglulega kost á að endurnýja menntun og þjálfun, þar með talin starfsmenntun, þannig að þeir geti mætt kröfum um aðlögun vegna hraðra breytinga á tækni og starfsháttum. Í þessu sambandi var nefnt að sveigjanleiki með félagslegu öryggi væri forsenda breytinga á vinnumarkaðnum ásamt áreiðanlegu ráðningarfyrirkomulagi, aðgangi að menntun og þróun sem vari út starfsævina.

Nefndin afgreiddi niðurstöður í 71 tölulið. Í þeim er að finna mjög gagnlegar leiðbeiningar fyrir stjórnvöld vinnumála og aðila vinnumarkaðarins um stefnumótun í starfsmenntunar- og þjálfunarmálum. Helstu fyrirsagnir varpa nokkru ljósi á efnið: Gildi starfshæfni fyrir mannsæmandi vinnu, framleiðni, fjölgun starfa og þróun; starfsþjálfun á vinnustað, framleiðsluferli sem tekur til fleiri landa og sköpun starfa; starfsþjálfun sem tæki til að takast á við breytingar; greining á þörf fyrir tiltekna starfshæfni; að tengja saman menntun og þjálfun við þátttöku í atvinnulífinu og símenntun; og starfsþjálfun hópa sem standa höllum fæti.

2.6. ALÞJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNIN OG HNATTVÆÐINGIN

Í fyrri skýrslum félagsmálaráðherra til Alþingis hefur verið gerð grein fyrir umræðum á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um hnattvæðinguna og áhrif hennar á félags- og vinnumál. Eitt af því sem hefur vakið athygli er skýrsla stofnunarinnar frá febrúar 2004 sem ber heitið Sanngjörn alþjóðavæðing – að skapa öllum tækifæri. Hún var samin af nefnd á vegum stofnunarinnar sem laut formennsku Tarju Hallonen, forseta Finnlands, og Benjamin William Mkapa, forseta Tansaníu. Í skýrslunni eru settar fram tillögur sem miða að því að mæta vaxandi gagnrýni á þá misskiptingu auðs og lífskjara sem hnattvæðing efnahagslífsins hefur skapað. Markmiðið er að beina hnattvæðingunni í þann farveg að afraksturinn verði ekki eingöngu fjárhagslegur ávinningur alþjóðafyrirtækja heldur leiði hún jafnframt af sér félagslegar umbætur sem byggi á sameiginlegu gildismati, virðingu fyrir mannréttindum og persónulegri reisn sérhvers einstaklings, menningararfi og sjálfræði.

Frá árinu 2004 hefur verið unnið að því af alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Genf að útfæra nánar tillögur skýrslunnar, fyrst og fremst að því er varðar framtíðarhlutverk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í heimi sem hefur að flestu leyti tekið stakkaskiptum vegna hnattvæðingar atvinnu- og efnahagslífs. Árangur þessarar vinnu varð áþreifanlegur með skýrslu til 96. Alþjóðavinnumálaþingsins árið 2007 til undirbúnings umræðum um eflingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í því augnamiði að geta betur liðsinnt aðildarríkjunum að ná markmiðum sínum í heimi hnattvæðingar (e. strengthening the ILO's capacity to assist its Members' efforts to reach its objectives in the context of globalization).

Niðurstaða 96. Alþjóðavinnumálaþingsins 2007 var sú að á þinginu 2008 skyldi stefnt að afgreiðslu skuldbindandi yfirlýsingu. Í henni yrðu eftirfarandi kjarnaatriði: Í fyrsta lagi skuli komið á reglulegu eftirliti alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um stefnu ILO um mannsæmandi vinnu. Sú stefna byggir á fjórum meginþáttum, þ.e. grundvallarrétti launafólks í atvinnulífinu, félagslegu öryggi, hæfni starfsfólks og fyrirtækja og samráði fulltrúa ríkis, samtaka atvinnurekenda og launafólks um framvinduna í atvinnu-, efnahags- og félagsmálum. Rætt er um að aðildarríkin taki saman og gefi Alþjóðavinnumálastofnuninni árlega skýrslu um hvern þátt þannig að hver skýrsluhringur taki fjögur ár. Einnig er lagt til að stofnuð verði fastanefnd á Alþjóðavinnumálaþinginu sem fari yfir samantekt á efni skýrslna aðildarríkj-

anna og setji fram tillögur um úrbætur. Með þessu er talið að alþjóðavinnumálaskrifstofan fái gleggri yfirsýn yfir framvindu í atvinnu- og efnahagsmálum í heiminum og geti betur sniðið starfsemi sína að þörfum aðildarríkjanna. Góð samstaða tókst um þessar niðurstöður nefndarinnar. Veturinn 2007–2008 voru haldnir nokkrir undirbúningsfundir um þetta málefni í höfuðstöðvum ILO í Genf. Þess má geta að formaður nefndarinnar mætti á norrænan samráðsfund um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem haldinn var á Íslandi í maí 2008. Þannig var óvenjumikil vinna lögð í undirbúning fyrir umræður á 97. Alþjóðavinnumálaþinginu sumarið 2008. Óhætt er að segja að árangurinn hafi verið í samræmi við það eins og nánar verður vikið að.

Þráðurinn var tekin upp á 97. Alþjóðavinnumálaþinginu með skipun nefndar. Formaður hennar var endurkosinn Jean-Jacques Elmiger, fulltrúi ríkisstjórnar Sviss. Varaformenn voru kosnir Emmanuel M. Julien, fulltrúi atvinnurekenda í Frakklandi, og Ebrahim Patel, fulltrúi launafólks í Suður-Afríku. Talsmaður þingnefndarinnar gagnvart allsherjarþinginu var kosinn Sergio Paixao Pardo, fulltrúi ríkisstjórnar Brasilíu. Magnús M. Norðdahl var fulltrúi íslensks launafólks í nefndinni. Hann var endurkjörinn í fjögurra manna hóp til að vera talsmanni launafólks í þingnefndinni til ráðuneytis og aðstoðar. Hann sat jafnframt í sérstakri þríhliða samninganefnd sem starfaði milli nefndafunda. Mikill áhugi var meðal þingfulltrúa á starfi nefndarinnar og sat191 fundi hennar (95 fulltrúar ríkisstjórnar, 33 fulltrúar atvinnurekenda og 63 fulltrúar launafólks).

Nefndarstörfin gengu mjög greiðlega fyrir sig og skipti þar mestu góður undirbúningur eins og áður er getið. Á lokaspretti nefndarstarfsins var helst tekist á um formið á niðurstöðum nefndarinnar. Þar stóð valið milli tilmæla eða yfirlýsingar. Víðtæk samstaða tókst um að niðurstöðurnar yrðu á formi yfirlýsingar sem fékk heitið Félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu. Þetta er þriðja yfirlýsingin í sögu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Fyrsta yfirlýsingin var afgreidd á 26. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 1944 og er kennd við borgina Fíladelfíu í Bandaríkjunum en þar var þingið haldið vegna seinni heimsstyrjaldarinnar. Þar segir meðal annars að stofnunin byggi starfsemi sína á þeim grundvallarsjónarmiðum að vinna sé ekki verslunarvara, málfrelsi og félagafrelsi séu frumskilyrði framfara og að fátækt stofni hagsæld í voða. Enn fremur að baráttu gegn skorti þurfi að heyja innan sérhvers þjóðfélags með óbilandi þrótti og samræmdri alþjóðasamvinnu þar sem fulltrúar atvinnurekenda og launafólks eru jafnréttháir fulltrúum ríkisstjórna.

Öðrum mikilvægum áfanga í umbótum á Alþjóðavinnumálastofnuninni var náð árið 1998 með yfirlýsingu um grundvallarréttindi í atvinnulífinu. Með afgreiðslu yfirlýsingarinnar var verki skilað sem leiðtogafundur um félagslega þróun sem haldinn var í Kaupmannahöfn árið 1995 fól stofnuninni. Ein af niðurstöðum fundarins var sú að fela Alþjóðavinnumálastofnuninni að taka til umfjöllunar með hvaða hætti væri unnt að tryggja að virt væru tiltekin grundvallarréttindi í atvinnulífinu samfara alþjóðavæðingu efnahagslífsins. Í yfirlýsingunni um grundvallarréttindi er tekið fram að af aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni leiði skuldbinding um að virða réttinn til að gera kjarasamninga, um afnám hvers konar nauðungarvinnu, um skyldu til virkra aðgerða til að afnema vinnu barna og um aðgerðir til að koma á jöfnum rétti karla og kvenna á vinnumarkaði.

Með þessari þriðju yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem afgreidd var á 97. vinnumálaþinginu er stigið enn eitt skref fram á við. Gildi hennar felst fyrst og fremst í því að ríkisstjórnir, fulltrúar atvinnurekenda og launafólks lýsa yfir þörf fyrir nýja stefnu sem byggist á frjálsum og lýðræðislegum samfélögum þjóðanna sem virða félagslegt réttlæti, leggja áherslu á fulla og arðbæra atvinnu og félagslega samstöðu. Með yfirlýsingunni er við-

urkenndur ávinningurinn af hnattvæðingu en jafnframt er hvatt til aðgerða í því skyni að hrinda í framkvæmd áætlun ILO um mannsæmandi vinnuskilyrði þannig að arðinum sé skipt með sanngjörnum hætti milli allra.

Í yfirlýsingunni felst einnig að nýjum stoðum er skotið undir það hlutverk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að liðsinna aðildarríkjunum á virkan hátt til að beita sér fyrir umbótum og ná árangri og félagslegu réttlæti á grundvelli hinna fjögurra þátta í stefnu í ILO um mannsæmandi vinnuskilyrði: Starfa fyrir vinnufúsar hendur, félagslegrar verndar, frelsis aðila vinnumarkaðarins til samningsgerðar og samstarfs þeirra við ríkisvaldið og virðingar fyrir grundvallargildum og réttindum í atvinnulífinu. Í henni er tekið fram að ákvæðin eru ekki valkvæð. Vanefnd á framkvæmd á einhverju af þessum fjórum þáttum torveldar að öðrum sé hrint í framkvæmd. Um sé að ræða sjálfstæða þætti sem sameinaðir séu forsenda árangurs.

Ástæða er til að draga fram ákvæði í aðfararorðum yfirlýsingarinnar í ljósi þeirrar kreppu í efnahagsmálum sem blasir við fjölmörgum ríkjum. Þar segir meðal annars að Alþjóðavinnumálastofnuninni sé falið að skoða og fjalla um öll alþjóðleg stefnumið í efnahags- og fjármálum út frá grundvallarmarkmiðum um félagslegt réttlæti og er í því sambandi vísað til yfirlýsingarinnar um grundvallarréttindi frá árinu 1998. Mikilvægi þessa ákvæðis felst í því að efla verður samvinnu og samráð alþjóðastofnana sem fjalla um og móta stefnu í efnahags- og fjármálum við Alþjóðavinnumálastofnunina. Hlutverk hennar verður að leggja mat á það hvaða áhrif efnahags- og fjármálastefnan hefur á framkvæmd yfirlýsingar ILO frá árinu 1998 og stefnu stofnunarinnar varðandi grundvallarréttindi í atvinnulífinu og mannsæmandi vinnuskilyrði. Þetta leggur aðildarríkjunum þá skyldu á herðar að sjá til þess að við stefnumótun í hlutaðeigandi alþjóðastofnunum, til dæmis Alþjóðaviðskiptastofnuninni og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sé tekið tillit til þessara grundvallaratriða Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í félags- og vinnumálum.

Yfirlýsingin um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu skiptist í þrjá hluta.

Fyrsti hlutinn hefur að geyma ákvæði um gildissvið og þar eru talin upp þau grundvallaratriði sem liggja til grundvallar yfirlýsingunni. Þau hafa verið rakin hér að framan.

Um aðferðina við framkvæmd yfirlýsingarinnar er fjallað í öðrum hlutanum. Þar er tekið fram að forsenda framkvæmdar á stefnumiðum í fyrsta hluta sé virk aðstoð Alþjóðavinnumálastofnunarinnar við aðildarríkin við að leysa viðfangsefni sem við þeim blasa. Tekið er fram að þetta kalli á að stofnunin endurskoði starfsvenjur, bæti stjórnarhætti og byggi upp færni til að nýta sem best mannafla og fjármagn.

Skylda aðildarríkjanna felst í því að við mótun stefnu í félags- og efnahagsmálum sé tekið tillit til þeirra markmiða sem felast í áætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um mannsæmandi vinnu. Þetta væri meðal annars unnt að gera með samantekt á viðeigandi hagtölum, endurmati á fullgildingu samþykkta ILO eða nánari athugun á framkvæmd þeirra. Þetta ber að gera í nánu samráði við samtök aðila vinnumarkaðarins á grundvelli samþykktar nr. 144, um þríhliða samstarf.

Í þriðja hlutanum er að finna ákvæði sem fela forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að kynna yfirlýsinguna fyrir stjórnvöldum aðildarríkjanna og með tilstilli þeirra sé hún kynnt helstu samtökum aðila vinnumarkaðarins. Þess skal getið að ekki hvílir sama skylda á aðildarríkjunum að kynna yfirlýsinguna fyrir löggjafarsamkomu með sama hætti og samþykktir og tilmæli Alþjóðavinnumálaþingsins. Hins vegar barst félags- og tryggingamálaráðherra erindi frá forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf, dags. 15. október 2008, þar sem vakin var athygli á þeim kosti að yfirlýsingin verði kynnt með tilkynningu ríkisstjórnarinnar til löggjafarsamkomunnar í viðkomandi landi. Á samráðsfundi fulltrúa norrænu ríkisstjórn-

anna um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem haldinn var í Stokkhólmi 31. október 2008, var ákveðið að verða við þessum tilmælum forstjórans. Niðurstaðan að því er Ísland varðar er að kynningin er með sama hætti og þegar kynntar eru samþykktir og tilmæli Alþjóðavinnumálaþingsins, þ.e. með skýrslu félags- og tryggingamálaráðherra til Alþingis. Yfirlýsingin um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu er birt sem fylgiskjal I með þessari skýrslu.

2.7. ATVINNUSKÖPUN í DREIFBÝLI TIL AÐ DRAGA ÚR FÁTÆKT

Annað málið á dagskrá 97. Alþjóðavinnumálaþingsins sem var til almennrar umræðu voru aðgerðir í því skyni að draga úr fátækt í dreifbýli. Formaður þingnefndarinnar sem falið var að fjalla um málið var kjörinn fulltrúi ríkisstjórnar Sambíu, Ngosa Chisupa. Til að gegna varaformennsku voru kjörnir úr hópi atvinnurekenda Philip O'Reilly og úr hópi launafólks James Ritchie, báðir frá Nýja-Sjálandi. Eva Fehringer, fulltrúi ríkisstjórnar Austurríkis, flutti allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar. Nefndin hélt samtals 14 fundi um þingtímann. Yfirleitt sátu 156 fulltrúar fundina (73 fulltrúar ríkisstjórna, 30 fulltrúar atvinnurekenda og 53 fulltrúar launafólks.

Starf nefndarinnar byggðist fyrst og fremst á skýrslu sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman um þetta efni. Þar kemur meðal annars fram að tæplega helmingur mannkyns býr í dreifbýli eða 3,4 milljarðar karla og kvenna. Það eru þrír fjórðu hlutar þeirra sem teljast til fátækra í heiminum. Aðgerðir til að skapa mannsæmandi störf á þessum svæðum er forsenda þess að unnt sé að ná fyrsta þúsaldar markmiðinu um að fækka þeim um helming sem draga fram lífið á minna en einum Bandaríkjadal á dag og þjást af matarskorti. Í skýrslunni kemur fram að vandinn sem við er að glíma í þessum efnum í borgum og dreifbýli er í vaxandi mæli samtengdur. Fátækir borgarbúar nútímans eru í mörgum tilvikum aðflutt fólk sem hefur hrakist úr dreifbýlinu sökum slæms aðbúnaðar og skorts á atvinnutækifærum. Hnattvæðingin og fjölþjóðlegt framleiðsluferli hafa samtvinnað alþjóðlegar aðstæður við þær á landsvísu. Eins og oft hefur þessi þróun skapað erfiðleika en samtímis opnað ný tækifæri. Verkefni þingnefndarinnar var því að greina þau tækifæri sem blasa við og setja saman ábendingar fyrir stjórnvöld og samtök launafólks um aðgerðir sem koma að gagni við núverandi aðstæður. Í niðurstöðum nefndarinnar eru talin upp nokkur atriði sem einkenna aðstæður á fátækum dreifbýlissvæðum: Viðvarandi vinna barna, farandverkamenn, óskráð vinna fjölskyldunnar, misrétti gagnvart konum, misrétti sem ungmenni og frumbyggjar búa við, slæmt vinnueftirlit og vinnuaðstæður, stjórnsýslu ábótavant, takmörkuð opinber þjónusta og skortur á starfsþjálfun.

Í niðurstöðum sínum bendir nefndin á að landbúnaður sé í flestum tilvikum undirstöðuatvinnuvegur í dreifbýli. Sé rétt á málum haldið geti hann orðið aflvaki hagvaxtar, bættrar afkomu og félagslegra umbóta. Forsendan er meðal annars að framfylgja lögum og reglugerðum þannig að óformleg staða sé gerð formleg. Þetta geti aukið framleiðni og tekjur og bætt réttarstöðu, félagslega vernd og nauðsynlegt samráð og samvinnu við atvinnurekendur og launafólk. Nefndin afgreiddi niðurstöður í 82 liðum þar sem fjallað er ítarlega um stefnumótun stjórnvalda og hlutverk samtaka launafólks á þessu sviði.

2.8. KOSNING STJÓRNARNEFNDAR ALÞJÓÐAVINNUMÁLASKRIFSTOFUNNAR

Stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar er kosin til þriggja ára í senn. Nefndin tekur allar meiri háttar ákvarðanir að því er varðar starfsemi ILO aðrar en þær sem ráðnar eru til lykta á Alþjóðavinnumálaþinginu. Í henni eiga sæti 14 fulltrúar úr röðum fulltrúa atvinnu-

rekenda og launafólks eða samtals 28 fulltrúar. Að auki sitja í nefndinni 28 kosnir fulltrúar ríkisstjórna og 10 fastafulltrúar helstu iðnríkja heimsins. Samkvæmt venju sitja í stjórnarnefndinni varamenn aðalfulltrúa annarra en þeirra sem eru fastafulltrúar. Þeir hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki rétt til að greiða atkvæði. Á þinginu voru kosnir fulltrúar til setu í stjórnarnefndinni kjörtímabilið 2008–2011. Sviþjóð var að þessu sinni kjörið til að tilnefna varamann í stjórnarnefndina. Hann verður þar með fulltrúi Norðurlandanna í stjórnarnefndinni á yfirstandandi þriggja ára kjörtímabili. Skrá yfir fulltrúana er að finna í fylgiskjali II með þessari skýrslu.

Fylgiskjal I.

YFIRLÝSING ALÞJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNARINNAR (ILO) UM FÉLAGSLEGT RÉTTLÆTI FYRIR SANNGJARNA HNATTVÆÐINGU

Alþjóðavinnumálaþingið, sem kom saman í Genf til 97. þingsetu sinnar,

telur að núverandi staða hnattvæðingar sem einkennist af útbreiðslu nýrrar tækni, flæði hugmynda, vöruviðskiptum og þjónustuviðskiptum, aukningu fjármagnsstreymis, alþjóðavæðingu viðskipta og viðskiptaferla sem og samráð auk hreyfanleika einstaklinga, einkum vinnandi kvenna og karla, sé að valda djúpstæðum breytingum á vinnuumhverfi heimsins:

– annars vegar hefur ferli efnahagslegrar samvinnu og samþættingar stutt fjölmörg ríki til þess að njóta góðs af miklum hagvexti og atvinnusköpun, og leitt til þess að margir hinna fátæku í dreifbýli hafa sogast inn í nútímahagkerfi þéttbýlisins til að styðja við markmið þeirra um aukna þróun og að stuðla að nýbreytni í vöruþróun og útbreiðslu nýrra hugmynda;

– á hinn bóginn hefur hnattvædd efnahagssamþætting orðið til þess að fjölmörg lönd og atvinnuvegir standa frammi fyrir vandamálum tengdum ójafnri tekjuskiptingu, viðvarandi og miklu atvinnuleysi og fátækt, varnarleysi hagkerfa gagnvart ytri áföllum og fjölgun starfa, sem njóta ekki verndar, og vexti óformlegra hagkerfa sem hafa áhrif á ráðningarsamband og þá vernd sem það getur veitt;

gerir sér grein fyrir að við þessar aðstæður hefur það orðið jafnvel enn brýnna að ná betri og sanngjarnari niðurstöðu fyrir alla í því skyni að mæta sameiginlegri þrá allra um félagslegt réttlæti, fulla atvinnu sem tryggi sjálfbærni opinna samfélaga og hnattvædds hagkerfis, til að ná fram samfélagslegri samheldni og til að berjast gegn fátækt og vaxandi ójöfnuði;

er sannfært um að Alþjóðavinnumálastofnunin gegni lykilhlutverki við að stuðla að framförum og félagslegu réttlæti í síbreytilegu umhverfi:

– á grunni umboðs sem er að finna í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO), þ.m.t. Fíladelfíuyfirlýsingin (1944), sem er enn í fullu gildi á 21. öldinni og ætti að virka

– hvetjandi á stefnumótun aðila og þar sem, meðal annarra markmiða, ásetnings og meginreglna:

  ☐ er staðfest að vinnuafl er ekki verslunarvara og að fátækt á einum stað teflir velmegun allstaðar í tvísýnu;
  ☐ er viðurkennt að það sé heilög skylda Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) að stuðla að framgangi áætlana meðal þjóða heims sem miða að því að ná markmiðum um fulla atvinnu og bætt lífskjör, lágmarkslaun til framfærslu og ráðstafanir um að auka tryggingarvernd sem sjái öllum í neyð fyrir lágmarkstekjum, ásamt öllum öðrum markmiðum sem sett eru fram í Fíladelfíuyfirlýsingunni;
  ☐ felur Alþjóðavinnumálastofnuninni ábyrgð á því að rannsaka og fjalla um öll alþjóðleg stefnumið um efnahags- og fjármál í ljósi grundvallarmarkmiðs um félagslegt réttlæti; og

– með því að byggja á og árétta yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um grundvallarréttindi í atvinnulífinu og skjal um framkvæmd hennar (1998) þar sem aðilar árétta, í umboði stofnunarinnar, sérstakt mikilvægi grundvallarréttindanna, nefnilega: félagafrelsi og virka viðurkenningu á réttinum til að gera kjarasamninga, afnám hvers konar nauðungar- og skylduvinnu, afnám vinnu barna og afnám misréttis með tilliti til atvinnu og starfa;

með þá hvatningu að leiðarljósi að alþjóðasamfélagið viðurkennir mikilvægi þess að mannsæmandi vinna sé raunverulegt svar við brýnum viðfangsefnum hnattvæðingar, með hliðsjón:

– af niðurstöðu leiðtogafundarins í Kaupmannahöfn 1995 um félagslega þróun;

– af þeim víðtæka stuðningi sem ítrekað hefur komið fram á heims- og svæðisvísu við hugtakið um mannsæmandi vinnu sem tekið var upp á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar; og

– af stuðningi leiðtoga ríkja og ríkisstjórna á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna árið 2005 um sanngjarna hnattvæðingu og markmið um fulla og skilvirka atvinnu og mannsæmandi störf fyrir alla sem meginmarkmið þeirra og sem endurspeglist í stefnu þeirra á lands- og heimsvísu;

er sannfært um að í heimi sem verður sífellt tengdari innbyrðis og margbreytilegri og framleiðslan alþjóðavæddari:

– séu grundvallargildi frelsis, mannlegrar reisnar, félagslegs réttlætis, öryggis og jafnræðis forsenda sjálfbærrar efnahagslegrar og félagslegrar þróunar og skilvirkni;

– gegni félagslegt samráð og þríhliða samstarf ríkisstjórna og heildarsamtaka atvinnurekenda og launafólks innan landamæra og yfir þau nú mun mikilvægara hlutverki til að finna lausnir og byggja upp félagslega samheldni og réttarríki, meðal annars með alþjóðlegum viðmiðunum um vinnuskilyrði;

– ætti að viðurkenna mikilvægi ráðningarsambands sem aðferð til að sjá starfsmönnum fyrir réttarvernd;

– séu mikilvirk, arðvænleg og sjálfbær fyrirtæki, ásamt sterku félagslegu hagkerfi og öflugri starfsemi hins opinbera, úrslitaatriði fyrir sjálfbæra efnahagsþróun og atvinnutækifæri; og

– sé þríhliða yfirlýsing um grundvallarreglur er varða fjölþjóðleg fyrirtæki og félagsmálastefnu (1977), eins og henni hefur verið breytt, sérstaklega mikilvæg, en hún fjallar um vaxandi hlutverk slíkra aðila við að hrinda markmiðum stofnunarinnar í framkvæmd; og gerir sér grein fyrir að núverandi viðfangsefni kalla á það að stofnunin leggi enn frekar af mörkum og grípi til allra tiltækra ráða til að stuðla að því að markmið sem sett eru í stofnskrá hennar náist og í því skyni að efla þetta átak og auka styrk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til að aðstoða aðila í viðleitni þeirra til að ná markmiðum stofnunarinnar á sviði hnattvæðingar verður hún:

  – að tryggja samræmi og samstarf í viðleitni hennar til að flýta fyrir þróun á hnattvæddri og samþættri stefnu í samræmi við áætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um mannsæmandi vinnuskilyrði og hin fjögur brýnu stefnumið stofnunarinnar þar sem byggt er á sameinuðum styrk þeirra;

  – að aðlaga starfshætti stofnana og stjórnun í því skyni að auka skilvirkni og nýtni á sama tíma og gildandi stofnskrárrammi og verklagsreglur eru virtar að fullu;

  – að aðstoða aðildarríkin við að mæta þörf, sem þeir hafa lýst yfir á landsvísu, byggðri á þríhliða samráði með því að láta í té hágæðaupplýsingar, ráðgjöf og tæknilega aðstoð sem hjálpar þeim við að mæta þessum þörfum í tengslum við markmið sem sett eru í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar; og

  – að styðja stefnu í reglusetningu sem hornstein í starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar með því að auka mikilvægi hennar í heimi vinnunnar sem gagnlegs úrræðis til að ná markmiðum í stofnskrá stofnunarinnar;

samþykkir þar af leiðandi þessa yfirlýsingu 10. júní 2008.

I. GILDISSVIÐ OG GRUNDVALLARREGLUR

Þingið viðurkennir og lýsir yfir að:

A. Í því samhengi að hraða breytingum, ættu skuldbindingar og viðleitni aðilanna og stofnunarinnar til að ná markmiðum sem sett eru í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, þ.m.t. með setningu alþjóðlegra viðmiðana um vinnuaðstæður og með því að gera fulla og arðbæra vinnu og mannsæmandi vinnuskilyrði að kjarna í stefnu í efnahags- og félagsmálum, að byggjast á hinum fjórum jafnbrýnu stefnumiðum stofnunarinnar, en samnefnari þeirra er áætlunin um mannsæmandi vinnu sem samandregin felst í að:

i. stuðla að fjölgun starfa með því að skapa sjálfbært stofnana- og efnahagsumhverfi þar sem:

– einstaklingar geta þróað og endurnýjað nauðsynlega hæfni og færni sem þeir þurfa á að halda svo þeir geti starfað á skilvirkan hátt í þeim tilgangi að öðlast persónulega lífsfyllingu og fyrir sameiginlega velsæld;

– öll fyrirtæki, opinber og einkarekin, séu sjálfbær þannig að þau geti vaxið og skapað fleiri störf, haft tækifæri til að afla tekna og velsæld fyrir alla; og

– samfélög geta náð markmiðum sínum um efnahagsþróun, góð lífskjör og félagslegar framfarir;

ii. þróa og efla ráðstafanir um félagslega vernd – tryggingarvernd og vernd á vinnumarkaði – sem eru sjálfbærar og aðlagaðar að aðstæðum í hverju ríki fyrir sig, þ.m.t.:

– láta tryggingarvernd ná til allra, þ.m.t. ráðstafanir til að sjá öllum þeim sem þurfa á slíkri vernd að halda fyrir lágmarkstekjum og aðlaga gildissvið hennar og umfang til að mæta nýjum þörfum og óvissu sem skapast vegna hraðra breytinga á sviði tækni, þjóðfélagsmála, lýðfræði og efnahagsmála;

– heilsusamlegar og öruggar vinnuaðstæður; og

– stefnumörkun á sviði launa og tekna, vinnustunda og annarra vinnuskilyrða sem miða að því að tryggja að allir fái sanngjarnan hlut af ágóða sem hlýst af framförum og að allt vinnandi fólk, sem þarf slíka vernd, fái lágmarkslaun;

iii. efla samráð aðila vinnumarkaðarins og þríhliða samstarf sem hentugustu aðferðirnar í því skyni:

– að aðlaga framkvæmd brýnu stefnumiðanna fjögurra að þörfum og aðstæðum hvers lands;

– að umbreyta efnahagsþróun í félagslegar framfarir og félagslegum framförum í efnahagsþróun;

– að efla samstöðu byggða á viðeigandi stefnum innanlands og á alþjóðavísu sem hefur áhrif á stefnumörkun og áætlanir um atvinnumál og mannsæmandi vinnu; og

– að gera vinnulöggjöf og stofnanir skilvirkar, þ.m.t. í tengslum við að viðurkenna ráðningarsamband, stuðla að góðum samskiptum aðila vinnumarkaðarins og byggja upp skilvirk vinnueftirlitskerfi; og

iv. virða, stuðla að og hrinda í framkvæmd grundvallarreglum og réttindum við vinnu sem eru sérstaklega mikilvæg sem réttindi og hvetjandi skilyrði til þess að öllum brýnu stefnumiðununum verði hrint í framkvæmd, með hliðsjón af því:

– að félagafrelsi og virk viðurkenning á réttinum til að gera kjarasamninga eru sérstaklega mikilvæg svo hin fjögur brýnu stefnumið náist; og

– að ekki sé unnt að bera fyrir sig brotum á grundvallarreglum og réttindum við vinnu eða nota með öðrum hætti til að skapa sér lögmætt samkeppnisforskot né að reglum um vinnuskilyrði sé beitt til að réttlæta verndarstefnu í viðskiptum.

B. Brýnu stefnumiðin fjögur eru óaðskiljanleg, innbyrðis tengd og styðja hvert annað. Misbrestur á framkvæmd eins þeirra skaðar umbætur í átt til hinna. Svo áhrif þeirra verði sem mest ætti framkvæmd þeirra að vera hluti af hnattvæddri og samþættri áætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um mannsæmandi vinnu. Líta verður á jafnrétti kynjanna og bann við mismunun sem þvertengd málefni á sviði framangreindra brýnna stefnumiða.

C. Sérhver aðili þarf að ákveða hvernig hann nær fram brýnu stefnumiðunum með fyrirvara um alþjóðlegar skuldbindingar hans og grundvallarreglur og réttindi við vinnu, meðal annars að teknu tilliti til:

i. aðstæðna á landsvísu auk þarfa og forgangsverkefna sem heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks setja fram;

ii. gagnkvæmra tengsla, samheldni og samvinnu allra aðila að Alþjóðavinnumálastofnuninni sem hafa meiri þýðingu nú en nokkru sinni fyrr í hnattvæddu hagkerfi; og

iii. meginreglna og ákvæða alþjóðalegra reglna um vinnu.

II. AÐFERÐ VIÐ FRAMKVÆMD

Þingið viðurkennir enn fremur eftirfarandi í tengslum við hnattvætt efnahagsumhverfi:

A. Framkvæmd I. hluta þessarar yfirlýsingar kallar á að Alþjóðavinnumálastofnunin aðstoði aðila sína á skilvirkan hátt við að leysa viðfangsefni sín. Í þeim tilgangi ætti stofnunin að endurskoða og aðlaga starfsvenjur sínar til að bæta stjórnunarhætti og byggja upp færni í því skyni að nýta sem best mannafla og fjármagn og einstæða kosti skipulags sem byggist á þríhliða samstarfi og reglukerfi með það í huga:

i. að skilja betur þarfir aðila sinna að því er varðar hvert hinna brýnu stefnumiða svo og fyrri aðgerðir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til að koma til móts við þær innan ramma fasts dagskrárliðar þingsins til þess:

– að ákvarða á hvern hátt Alþjóðavinnumálastofnunin geti fjallað um þessar þarfir á skilvirkari hátt með því að beita öllum úrræðum sem hún hefur á samræmdan hátt;

– að ákvarða nauðsynlegan mannafla og fjármagn til að sinna þessum þörfum og, ef við á, til að bæta við mannafla og auka fjármagn; og

– að leiðbeina stjórnarnefndinni og vinnumálaskrifstofunni við skyldustörf sín;

ii. að styrkja og straumlínulaga tæknisamvinnu og sérfræðiráðgjöf og til þess:

– að styðja og aðstoða einstaka aðila í viðleitni sinni til framfara á þríhliða grunni áleiðis til allra hinna brýnu stefnumiða í krafti áætlana á landsvísu um mannsæmandi vinnu, eftir því sem við á, og innan ramma kerfis Sameinuðu þjóðanna; og

– að aðstoða, hvar sem nauðsyn ber til, stofnanir aðildarríkjanna, ásamt heildarsamtökum atvinnurekenda og launafólks, við að greiða fyrir markvissri og samræmdri félagsmálastefnu og sjálfbærri þróun;

iii. að efla sameiginlega þekkingu og skilning á gagnkvæmni á milli hinna brýnu stefnumiða með greiningu sem byggist á athugunum og þríhliða samráði við aðila vinnumarkaðarins um raunverulega reynslu, með sjálfviljugri samvinnu hlutaðeigandi landa með það í huga að upplýsa um ákvarðanatöku aðila í tengslum við tækifæri sem skapast við hnattvæðingu og brýn viðfangsefni hennar;

iv. að fenginni beiðni að aðstoða þá aðila sem óska eftir að efla brýnu stefnumiðin sameiginlega innan ramma tvíhliða og marghliða samkomulags að teknu tilliti til samræmis þeirra gagnvart skuldbindingum við Alþjóðavinnumálastofnunina; og

v. að þróa nýja samvinnu við aðila sem ekki eru ríki og þátttakendur í efnahagslífinu, svo sem fjölþjóðafyrirtæki og stéttarfélög sem starfa á hnattvæddu starfsgreinasviði, til að efla skilvirkni áætlana og verkefna á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, nýta stuðning þeirra á hvers kyns viðeigandi hátt og efla á annan hátt hin brýnu stefnumið Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þetta verður gert í samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks á landsvísu og alþjóðavísu.

B. Á sama tíma bera aðilar lykilábyrgð á því að leggja af mörkum með stefnu sinni í félags- og efnahagsmálum til samræmdrar heildaráætlunar um að ná hinum brýnu stefnumiðum sem einnig taka til áætlunarinnar um mannsæmandi vinnu eins og henni er lýst í I. hluta þessarar yfirlýsingar. Framkvæmd áætlunarinnar um mannsæmandi vinnu á landsvísu byggist á þörfum og forgangsverkefnum í hverju ríki fyrir sig og það mun koma í hlut aðildarríkja, í samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, að ákvarða hvernig standa eigi skil á þessari ábyrgð. Í því skyni er þeim heimilt að huga meðal annars að eftirfarandi aðgerðum:

i. að samþykkja áætlun á lands- eða svæðisvísu um mannsæmandi vinnu, eða hvort tveggja, þar sem áherslan beinist að forgangsverkefnum til að ná fram með samræmdum hætti hinum brýnu stefnumiðum;

ii. að búa til viðeigandi mælikvarða eða hagtölur, ef nauðsyn krefur með aðstoð Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, til að hafa eftirlit með og meta þær framfarir sem orðið hafa;

iii. að endurskoða stöðu sína að því er varðar fullgildingu eða framkvæmd gerða Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, með það í huga að hrinda smám saman í framkvæmd hverju og einu hinna brýnu stefnumiða með sérstaka áherslu á þær gerðir sem eru flokkaðar

sem grundvallarsamþykktir um vinnuskilyrði svo og þær sem eru taldar mikilvægastar með tilliti til þríhliða samstarfs, stefnu í atvinnumálum og vinnueftirlits;

iv. að grípa til viðeigandi aðgerða til að samræma á fullnægjandi hátt afstöðu, sem tekin er af hálfu hlutaðeigandi aðildarríka á viðeigandi alþjóðavettvangi, og aðgerða sem þau kunna að grípa til samkvæmt þessari yfirlýsingu;

v. að efla sjálfbær fyrirtæki;

vi. þar sem við á, að miðla góðri reynslu á lands- eða svæðisvísu sem fengist hefur við árangursríka framkvæmd framtaksverkefna á lands- eða svæðisvísu með þáttum sem snerta mannsæmandi vinnu; og

vii. að veita öðrum aðilum viðeigandi stuðning við verkefni þeirra, á tvíhliða-, svæðisbundnum eða marghliða grunni, að því marki sem mannafli og fjármagn þeirra leyfa, til að hrinda í framkvæmd grundvallaratriðum og markmiðum sem um getur í þessari yfirlýsingu.

C. Aðrar stofnanir á alþjóða- eða svæðisvísu með umboð á nátengdum sviðum geta lagt sitt af mörkum til hinnar samræmdu framkvæmdar. Alþjóðavinnumálastofnunin ætti að hvetja þær til að efla mannsæmandi vinnu, með það í huga að hver stofnun muni hafa óskorað umboð. Þar eð bæði stefna á sviði viðskipta og fjármálamarkaða hefur áhrif á atvinnumál er það hlutverk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að meta þessi áhrif til að ná því markmiði að atvinnumál verði miðpunktur í mótun efnahagsstefnu.

III. LOKAÁKVÆÐI

A. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar mun sjá til þess að þessi yfirlýsing verði send til allra aðilanna, og fyrir milligöngu þeirra til heildarsamtaka atvinnurekenda og launafólks, til alþjóðastofnana með sérhæfingu á tengdum sviðum á heims- og svæðisvísu og til annarra aðila sem stjórnarnefndin kann að tilgreina. Ríkisstjórnir auk samtaka atvinnurekenda og launafólks á landsvísu skulu kynna yfirlýsinguna á þeim vettvangi sem við á þar sem þau geta látið til sín taka eða átt fulltrúa eða dreifa henni með öðrum hætti til annarra aðila sem kunna að eiga í hlut.

B. Stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar munu bera ábyrgð á að II. hluta þessarar yfirlýsingar verði hrint í framkvæmd með skjótum hætti.

C. Þegar stjórnarnefndin telur það tímabært og í samræmi við það form sem kann að verða sett upp verða áhrif þessarar yfirlýsingar til endurskoðunar af hálfu Alþjóðavinnumálaþingsins, einkum þær aðgerðir sem gripið er til í því skyni að stuðla að framkvæmd hennar, með það að markmiði að meta hvaða ráðstafanir eru viðeigandi.

VIÐAUKI

EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMD YFIRLÝSINGARINNAR

I. Heildarmarkmið og gildissvið

A. Eftirlit með framkvæmd felur í sér leiðbeiningar um það hvernig stofnunin vill styðja viðleitni aðila sinna við að standa við skuldbindingar sínar um að ná hinum fjórum brýnu stefnumiðum sem eru mikilvæg til að hrinda í framkvæmd markmiðum í stofnskrá stofnunarinnar.

B. Með eftirlitinu með framkvæmdinni er leitast við að nýta eftir föngum öll þau úrræði sem kveðið er á um í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til að hún nái þeim markmiðum sem henni eru sett. Sumar þeirra ráðstafana til aðstoðar aðilunum kunna að fela í sér nokkra aðlögun núverandi skipanar sem kveðið er á um í e-lið 5. mgr. og d-lið 6. mgr. 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar án þess að það auki skyldur aðildarríkja til skýrslugerðar.

II. AÐGERÐIR STOFNUNARINNAR UM AÐSTOÐ VIÐ AÐILA SÍNA

Stjórnsýsla, mannafli, fjármagn og samskipti við önnur ríki

A. Eftir því sem við á mun forstjórinn grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana, þ.m.t. að leggja tillögu fyrir stjórnarnefndina, til að tryggja að tiltæk séu þau úrræði sem stofnunin beitir til að aðstoða aðilana við að leysa viðfangsefni sín samkvæmt þessari yfirlýsingu. Slíkar ráðstafanir munu felast í því að endurskoða og aðlaga starfsvenjur Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og stjórnunarhætti eins og um getur í yfirlýsingunni og ættu að taka með í reikninginn þörfina á að tryggja:

i. að innan alþjóðavinnumálaskrifstofunnar sé samhengi, samræming og samráð við lýði svo starfsemi hennar verði markviss;

ii. að stefnumótun og rekstrarmöguleikar hennar séu byggðir upp og þeim viðhaldið;

iii. að nýting mannafla og fjármagns, stjórnunarferla og stofnunaruppbyggingar sé skilvirk og markviss;

iv. að nægilegur færni- og þekkingargrunnur og skilvirk uppbygging stjórnunarhátta sé fyrir hendi;

v. að skilvirk samvinna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og fjölþjóðlegs kerfis sé efld í því skyni að styrkja starfsáætlanir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eða stuðla að öðru leyti að því að markmiðum stofnunarinnar verði náð; og

vi. að greining, uppfærsla og kynning á skrá yfir gerðir sem eru mikilvægastar með tilliti til stjórnunarhátta.[1]

Skilningur og viðbrögð við aðstæðum og þörfum aðila

B. Án þess að taka upp tvíverknað í eftirlitskerfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar mun stofnunin leggja fram tillögu um reglulegar umræður á Alþjóðavinnumálaþinginu í þeim tilgangi:

i. að skilja betur mismunandi aðstæður og þarfir aðila að því er varðar hvert hinna brýnu stefnumiða, bregðast með æ skilvirkari hætti við þeim með öllum tiltækum úrræðum, þ.m.t. aðgerðir tengdar setningu gerða, tæknisamvinna, og tæknileg og rannsóknarleg hæfni skrifstofunnar og að verkefnum sé forgangsraðað í samræmi við það; og

ii. að meta árangur starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar með það að markmiði að upplýsa um gerð áætlana, fjárhagsáætlana og aðra ákvörðunartöku við stjórnun.

Tæknileg aðstoð og ráðgjafarþjónusta

C. Stofnunin mun veita, að fenginni beiðni frá ríkisstjórnum og heildarsamtökum atvinnurekenda og launafólks, alla viðeigandi aðstoð innan marka verksviðs síns til að aðstoða aðila við lausn viðfangsefna sinna í því skyni að stuðla að þróun í áttina að brýnu stefnumiðunum með hjálp samþættrar og samfelldrar áætlunar á lands- og svæðisvísu, þ.m.t.:

i. að styrkja og straumlínulaga tæknisamvinnu innan ramma ætlana á landsvísu um mannsæmandi vinnu og innan ramma kerfis Sameinuðu þjóðanna;

ii. að láta í té almenna sérþekkingu og aðstoð sem hver aðili getur óskað eftir í því skyni að afgreiða landsbundna áætlun og til að kanna nýja farvegi samvinnu til að hrinda markmiðunum í framkvæmd;

iii. að þróa viðeigandi tæki til að meta á skilvirkan hátt þær framfarir sem orðið hafa og áhrifin sem aðrir þættir og stefnumið kunna að hafa á viðleitni aðilanna; og

iv. að fjalla um sérþarfir og getu þróunarlanda og heildarsamtaka atvinnurekenda og launafólks, þ.m.t. með því að leitast við að hagnýta hreyfanleika mannafla og fjármagns.

Rannsóknir, öflun og miðlun upplýsinga

D. Stofnunin mun gera viðeigandi ráðstafanir til að styrkja rannsóknargetu sína, þekkingu sem byggist á athugunum og skilning á því hvernig hin brýnu stefnumið tengjast innbyrðis og stuðla að félagslegum framförum, sjálfbærum fyrirtækjum, sjálfbærri þróun og útrým-

---

[1] Samþykkt um vinnueftirlit í iðnaði og verslun, 1947 (nr. 81), samþykkt um stefnu í atvinnumálum, 1964 (nr. 122), samþykkt um vinnueftirlit í landbúnaði, 1969 (nr. 129) og samþykkt um samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála 1976 (nr. 144), og þær gerðir sem tilgreindar eru í skrám sem verða uppfærðar síðar.

ingu fátæktar í hnattvæddu hagkerfi. Þessar aðgerðir geta falið í sér þríhliða miðlun reynslu og góðra starfsvenja á alþjóða-, svæðis- og landsvísu innan ramma:

i. rannsókna sem stundaðar eru um tiltekin málefni í eitt sinn með valfrjálsri samvinnu á milli ríkisstjórna og heildarsamtaka atvinnurekenda og launafólks og starfsmanna í hlutaðeigandi löndum; eða

ii. hvers kyns sameiginlegra áætlana, svo sem jafningjaryni, sem þeir aðilar sem láta sig málið varða á geta óskað eftir að koma á fót eða taka þátt í að eigin frumkvæði.

III. MAT AF HÁLFU ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGSINS

A. Áhrif yfirlýsingarinnar, einkum að hvaða marki hún hefur orðið til þess meðal aðilanna að stuðla að því að áform og tilgangur stofnunarinnar náist með því að fylgja hinum brýnu stefnumiðum með samþættum hætti, verður viðfangsefni mats Alþjóðavinnumálaþingsins sem má endurtaka öðru hverju innan ramma liðar sem settur er á dagskrá þess.

B. Vinnumálaskrifstofan mun taka saman skýrslu sem lögð er fyrir þingið svo unnt sé að meta áhrif yfirlýsingarinnar, en í henni verða að finna upplýsingar:

i. um aðgerðir og ráðstafanir sem gripið verður til í kjölfar þessarar yfirlýsingar sem kunna að verða veittar af hinum þremur aðilum stofnunarinnar fyrir milligöngu þjónustu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, einkum á svæðunum, auk annarra áreiðanlegra aðila;

ii. um ráðstafanir sem stjórnarnefndin og vinnumálaskrifstofan grípa til að fylgja eftir viðeigandi þáttum hvað varðar stjórnunarhætti, getu og þekkingu í tengslum við að ná hinum brýnu stefnumiðum, þ.m.t. áætlanir og starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og áhrif þeirra; og

iii. um hugsanleg áhrif yfirlýsingarinnar að því er varðar aðrar alþjóðastofnanir sem láta sig málið varða.

C. Hagsmunatengdar marghliða stofnanir munu fá tækifæri til að taka þátt í að meta áhrifin og í umræðunum. Aðrir aðilar sem eiga hagsmuna að gæta mega taka þátt í umræðunum í boði stjórnarnefndarinnar.

D. Í ljósi mats þingsins mun það komast að niðurstöðu um hvort æskilegt sé að fram fari frekara mat eða hvort vert sé að standa fyrir hvers kyns öðrum viðeigandi aðgerðum.

Framangreint skjal er yfirlýsing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu, sem var samþykkt með viðeigandi hætti af hálfu allsherjarþings Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem kom saman til 97. þingsetu sinnar í Genf og var formlega slitið 13. júní 2008.

Í ÞEIRRI TRÚ höfum við ritað nöfn okkar undir hana á þessum degi 13. júní 2008:

Forseti þingsins,

EDWIN SALAMIN JAEN

forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

JUAN SOMAVIA

Fylgiskjal II.

Skipan stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kjörtímabilið 2008–2011.

Fulltrúar ríkisstjórna.

Fastafulltrúar sem eru tilnefndir af eftirtöldum tíu aðaliðnaðarríkjunum:

Bandaríkin
Brasilía
Frakkland
Indland
Ítalía
Japan
Kína
Rússland
Sambandslýðveldið Þýskaland
Stóra-Bretland

Aðildarríki sem eru kjörin til að nefna aðalfulltrúa:

Bangladess
Egyptaland
Gínea
Kongó
Kólumbía
Máritíus
Nígería
Kanada
Panama
Pólland
Sádi-Arabía
Síle
Suður-Kórea
Súrínam
Svasíland
Taíland
Tyrkland
Ungverjaland

Aðildarríki sem eru kjörin til að tilnefna varafulltrúa:
Alsír
Argentína
Austurríki
Eþíópía
Filippseyjar
Finnland
Fílabeinsströndin
Indónesía
Íran
Jórdanía
Kostaríka
Króatía
Kúba
Malasía
Mexíkó
Mið-Afríkulýðveldið
Mongólía
Namibía
Pakistan
Perú
Senegal
Slóvakía
Spánn
Suður-Afríka
Svíþjóð
Sýrland
Úganda
Úkraína

Fulltrúar atvinnurekenda.

Aðalfulltrúar:
J. Aka Anghui (Fílabeinsströndin)
I.P. Anand (Indland)
A.S. Dahlan (Sádi-Arabía)
J. De Regil Gómez Muriel (Mexíkó)
F. Díaz Garaycoa (Ekvador)
D.A. France (Bretland)
E. Hoff (Noregur)
A. Katz (Bandaríkin)
J.-J. Oechslin (Frakkland)
M.A. Ould Sidi Mohamed (Máritanía)
T.D. Owuor (Kenía)
T. Suzuki (Japan)
A.K. Tan (Filippseyjar)
R. Thüsing (Þýskaland)

Varafulltrúar:
Aboughae-Obame (Gabon)
P.I. Beye (Senegal)
J.W. Botha (Suður-Afríka)
N.H. Cho (Kórea)
A.J. Donato (Brasilía)
W. Durling (Panama)
D. Funes de Rioja (Argentína)
I.C. Imoisili (Nígería)
A. Jeetun (Máritíus)
V.P. Kolmogorov (Rússland)
J.M. Lacasa (Spánn)
J. Lawson (Kanada)
S. Marshall (Nýja-Sjáland)
A. M'Kaissi (Túnis)
B. Noakes (Ástralía)
B. Robinson (Jamaíka)
L. Sasso Mazzufferi (Ítalía)
A.W. Tabani (Pakistan)
J. van Holm (Belgía)

Fulltrúar launafólks.

Aðalfulltrúar:
B. Brett (Bretland)
U. Edström (Svíþjóð)
U. Engelen-Kefer (Þýskaland)
R. Falbr (Tékkland)
C. Gray (Bandaríkin)
S. Ito (Japan)
Kikongi Di Mwinsa (Saír)
W. Mansfield (Ástralía)
S. Mookherjee (Indland)
J.-C. Parrot (Kanada)
F. Ramírez León (Venesúela)
I. Sahbani (Túnis)
S. Sanchez Madariaga (Mexíkó)
G. Sibanda (Simbabve)

Varafulltrúar:
E. Abou-Rizki (Líbanon)
C.A. Agyei (Gana)
K. Ahmed (Pakistan)
C. Angco (Filippseyjar)
A. Baldassini (Argentína)
M. Blondel (Frakkland)
Y. Kara (Ísrael)
A. Lettieri (Ítalía)
I. Mayaki (Níger)
D. Mokgalo (Suður-Afríka)

B.P. Mpangala (Tansanía)
P. O'Donovan (Írland)
M. Rozas (Síle)
M.V. Shmakov (Rússland)
L. Sombes (Kamerún)
P. Sundaram (Srí Lanka)
C.L. Trotman (Barbadoseyjar)
T. Wójcik (Pólland)
R. Zainal (Malasía)

Fylgiskjal III.

Skýrsla um starf nefndar um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og framkvæmd á félagsmálasáttmála Evrópu árið 2008.

Árið 1976 afgreiddi 61. Alþjóðavinnumálaþingið samþykkt nr. 144, varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála og viðbrögð ríkja við starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO). Til hægðarauka er talað um samþykkt um þríhliða samstarf um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Markmið samþykktarinnar er að stuðla að því að það sérstaka samstarf ríkisvalds og samtaka aðila vinnumarkaðarins á alþjóðavísu sem fram fer á vettvangi stofnunarinnar sé einnig viðhaft á landsvísu. Með fullgildingu samþykktarinnar skuldbindur aðildarríki sig til þess að hafa raunverulegt samráð við samtök atvinnurekenda og launafólks, meðal annars um dagskrármál Alþjóðavinnumálaþingsins, tillögur um viðbrögð stjórnvalda við niðurstöðu þingsins sem og um skýrslur sem teknar eru saman um framkvæmd á fullgiltum samþykktum. Í tilmælum nr. 152, sem afgreidd voru með samþykktinni, er meðal annars lagt til að þetta samstarf stjórnvalda við samtök atvinnurekenda og launafólks geti farið fram í nefndum sem skipaðar væru sérstaklega til þess að fjalla um málefni varðandi starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunina. Sá háttur er á hafður í flestum ríkjum, þ.á m. á Norðurlöndunum og einnig hér á landi. Í framhaldi af fullgildingu Íslands á samþykkt nr. 144 árið 1981 skipaði félagsmálaráðherra sérstaka ILO-nefnd í þessu skyni 16. apríl 1982.

Árið 2008 skipuðu eftirtaldir nefndina: Fulltrúi samtaka atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Fulltrúi samtaka launafólks: Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands. Fulltrúi félags- og tryggingamálaráðherra og jafnframt formaður nefndarinnar: Gylfi Kristinsson, skrifstofustjóri í félags- og tryggingamálaráðuneytinu.

Verkefni nefndarinnar beinast fyrst og fremst að málefnum sem tengjast samskiptum Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina og leiða af aðildinni að stofnuninni. Nefndinni var með sérstöku erindisbréfi félagsmálaráðherra, dags. 5. maí 1988, falið að fjalla um framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu. Ástæðan er meðal annars sú að ýmis ákvæði félagsmálasáttmálans eiga uppruna að rekja til alþjóðasamþykkta ILO. Það hefur því þótt hagkvæmt að nefndin fjalli einnig um framkvæmd á sáttmálanum og skýrslur Íslands um framkvæmd hans.

Árið 2008 hélt nefndin samtals sex fundi. Þess skal getið að það hefur færst í vöxt að nefndin afgreiði mál milli funda með því að skiptast á tölvupóstum. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru eftirfarandi:

Málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta á svið félags- og vinnumála.

Í 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er kveðið á um þá skyldu aðildarríkja að gefa stofnuninni skýrslu um framkvæmd alþjóðasamþykkta sem þau hafa fullgilt. Skýrslur skulu teknar saman á tveggja ára fresti um framkvæmd á grundvallarsamþykktunum en yfirleitt er skýrslutímabilið fjögur ár að því er varðar aðrar samþykktir ILO. Þessu til viðbótar er ákvæði í 19. gr. stofnskrárinnar sem heimilar stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að óska eftir því við aðildarríkin að þau gefi skýrslu um framkvæmd á samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt. Þessari heimild er beitt reglulega og er tilgangurinn að vekja athygli á umræddri samþykkt og hvetja aðildarríkin til að taka fullgildingu hennar til athugunar. Umfang skýrslnanna er mjög mismunandi. Í sumum tilvikum er nægilegt að vísa til fyrri skýrslna. Í öðrum tilvikum eru þær umfangsmeiri, einkum ef sérfræðinganefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur beint spurningum til stjórnvalda um tiltekin atriði.

Árið 2008 undirbjó ILO-nefndin skýrslur ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykkta sem Ísland hefur fullgilt:

– nr. 29, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu,
– nr. 105, um afnám nauðungarvinnu,
– nr. 138, um lágmarksaldur til vinnu,
– nr. 182, um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd.

b. Undirbúningur fyrir Alþjóðavinnumálaþingið og þátttaka í því.

97. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ.

Á fyrri hluta árs 2008 fjallaði ILO-nefndin um skjöl sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman til undirbúnings 97. Alþjóðavinnumálaþinginu sem haldið var dagana 28. maí til 12. júní 2008. Á fyrsta fundi eftir lok þingsins fór nefndin yfir helstu niðurstöður þess. Eftirfarandi kom fram á fundi nefndarinnar:

Fátækt og atvinnusköpun í dreifbýli.

Ein af nefndum þingsins fjallaði um fátækt og atvinnusköpun í dreifbýli. Nefndin lagði áherslu á gildi landbúnaðar fyrir hagvöxt og leið til að draga úr fátækt. Nefndin tók til umfjöllunar fjölmörg atriði varðandi atvinnuástandið í dreifbýli, gildi þess að láta félagslegt öryggi ná til hinna dreifðu byggða sem og að efni alþjóðlegra samþykkta sé hrundið í framkvæmd á þessum svæðum.

Þingið afgreiddi ályktun um þetta efni þar sem settar eru fram tillögur um stefnumótun til að skapa störf í dreifbýli og hvernig skuli stuðlað að stofnun sjálfbærra fyrirtækja sem skapi forsendur fyrir tekjuöflun sem dragi úr fátækt í dreifbýli.

Nefnd um starfshæfni.

Önnur þingnefnd fjallaði um gildi starfsþjálfunar til að auka starfshæfni. Hún afgreiddi tillögu sem Alþjóðavinnumálaþingið samþykkti. Í henni er vakin athygli á atriðum sem geta þjónað því hlutverki að vera vegvísir fyrir ríkisstjórnir og samtök aðila vinnumarkaðarins um það hvernig styrkja megi tengslin milli hæfni, framleiðni, atvinnusköpunar, þróunar og mannsæmandi vinnuskilyrða. Aukin gæði og að konum og körlum gefist tækifæri til menntunar og þjálfunar getur hvatt til nýsköpunar, fjárfestingar, tæknibreytinga, þróunar

fyrirtækja, fjölbreytni í efnahagslífinu og aukið samkeppni sem eru forsenda fyrir fjölgun fleiri og betri starfa og aukna félagslega samstöðu samfélagsins.

Framkvæmd alþjóðasamþykkta.

Þingnefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta minntist þess að 60 ár eru liðin frá því að samþykkt um félagfrelsi nr. 87 var afgreidd og 50 ár frá afgreiðslu samþykktar nr. 111, um afnám mismununar í atvinnulífinu.

Nefndin hélt enn einu sinni sérstakan fund um Búrma. Áhrif fellibylsins Nargis í Búrma setti mark sitt á umræðuna. Þingnefndin lét í ljós einlæga von um að nauðsynleg neyðaraðstoð yrði veitt og ráðist yrði án tafar í nauðsynlega enduruppbyggingu án nauðungarvinnu.

Nefndin lét í ljós þungar áhyggjur yfir nauðungarvinnu í landinu. Niðurstaða hennar var að engum tilmælum rannsóknarnefndar ILO um umbætur í landinu hafi verið hrundið í framkvæmd, nauðungarvinna sé útbreidd og að börn séu enn kvödd til herþjónustu. Nefndin krafðist þess að Daw Aung San Su Kyi yrði tafarlaust látin laus.

Nefndin tók til umfjöllunar mál sem snertu 23 önnur ríki. Nefndin ræddi framkvæmd Kólumbíu á samþykkt nr. 87 í framhaldi af boði ríkisstjórnarinnar um að veita nánari upplýsingar um aðgerðir sem hún hafði gripið til í því skyni að hrinda í framkvæmd ákvæðum samþykktarinnar.

Nefndin vakti sérstaka athygli þingsins á tveimur málum sem snerta Hvíta-Rússland og Simbabve, þ.e. framkvæmd þessara ríkja á samþykktum nr. 87, um félagafrelsi.

Fjárhagsnefndin.

Helsta viðfangsefni nefndarinnar var að fjalla um nauðsynlegar endurbætur á byggingu alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Fyrir nefndinni lá tillaga um að verja endurgreiðslu stofnunarinnar til aðildarríkjanna vegna skilvísra skila á árgjaldi til endurbóta á húsnæði alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf. Nokkur aðildarríkjanna lögðust gegn tillögunni. Eftir töluverð óformleg fundahöld náðist samkomulag um að setja það skilyrði fyrir þessari ráðstöfun að hún væri undantekning sem ekki yrði endurtekin og að litið yrði svo á framlagið væri hluti af greiðslu aðildarríkjanna vegna endurbótanna. Gylfi Kristinsson var endurkjörinn formaður fjárhagsnefndar þingsins.

Nefnd um yfirlýsingu um félagslegt réttlæti á alþjóðavettvangi og hvernig mæta megi neikvæðum áhrifum hnattvæðingar efnahagslífsins á félags- og vinnumál í heiminum.

Þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar samþykkti 10. júní yfirlýsingu um félagslegt réttlæti á alþjóðavettvangi og hvernig mæta megi neikvæðum áhrifum hnattvæðingar efnahagslífsins á félags- og vinnumál í heiminum. Með henni er mótuð stefna fyrir Alþjóðavinnumálastofnunina og aðildarríki hennar til næstu ára um það hvernig tekið skuli á þessum málum. Yfirlýsingin þykir marka tímamót og er gert ráð fyrir að hún hafi áhrif á stefnu annarra alþjóðastofnana.

Af yfirlýsingunni leiðir meðal annars að sett verður á laggirnar ný fastanefnd á Alþjóðavinnumálaþinginu. Henni verður meðal annars falið að fara skipulega yfir samþykktir stofnunarinnar með það að markmiði að kanna hverjar séu úreltar eða þarfnist breytinga og hvernig sé unnt að framfylgja öðrum á virkari hátt en hingað til. Einnig verður nefndinni falið að fara yfir efnislega samstæðar samþykktir og leita leiða hvernig bæta megi framkvæmd þeirra.

Magnús M. Norðdahl var fulltrúi íslensks launafólks í nefndinni. Hann var endurkjörinn í fjögurra manna hóp til að vera talsmanni launafólks í þingnefndinni til ráðuneytis og aðstoðar.

c. Fullgildingar á alþjóðasamþykktum.

Fundur um alþjóðasamþykkt ILO nr. 188, um vinnu við fiskveiðar, og samþykkt nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna.

Hinn 23. október 2008 stóð ILO-nefndin fyrir fundi um greinargerð Siglingastofnunar þar sem borin eru saman ákvæði íslenskra laga og reglugerða við þær kröfur sem gerðar eru í samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 188, um vinnu við fiskveiðar. Gísli Örn Reynisson tók skýrsluna saman. Í öðru lagi var fundurinn haldinn til að ræða hugsanlega fullgildingu Íslands á samþykkt ILO nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna. Samgönguráðuneytið hefur sent félags- og tryggingamálaráðuneytinu bréf þar sem hið síðarnefnda er hvatt til að hlutast til um fullgildingu beggja samþykktanna.

Skýrsla Siglingastofnunar um alþjóðasamþykkt nr. 188, um vinnu við fiskveiðar.

Á fundinum gerði fulltrúi Siglingastofnunar grein fyrir helstu niðurstöðum í skýrslu Siglingastofnunar um samanburð á íslenskum rétti og ákvæðum samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 188, um vinnu við fiskveiðar. Í niðurstöðum skýrslunnar kemur fram að þegar á heildina er litið er réttarvernd þeirra fiskimanna sem starfa á skipum undir íslenskum fána til fyrirmyndar. Í langflestum tilvikum uppfyllir íslenskur réttur þær kröfur sem samþykktin gerir. Ekki er nauðsyn á miklum breytingum á íslenskum lögum og reglugerðum til að bæta úr í þeim tilvikum þar sem samþykktin gerir ríkari kröfur. Þau tengjast ákvæðum samþykktarinnar um læknisskoðun, áhafnalista á skipum sem ekki eru háð lögskráningu, ákvæði um vistarverur, lágmarksaldur og hafnarríkiseftirlit.

Fram kom hjá fulltrúa Landssambands íslenskra útgerðarmanna (LÍÚ) að það telji það ekki forgangsverkefni að fullgilda ILO-samþykkt nr. 188. Hann kallaði eftir rökstuðningi og lýsingu á þeim brýnu hagsmunum að mati ráðuneytisins sem liggja að baki tillögu að fullgildingu samþykktarinnar. Ekkert aðildarríki ILO hafi fullgilt samþykktina miðað við september 2008. Hann kvaðst hafa farið yfir samþykktina og skýrsluna og sagði hvort tveggja hafa vakið margar spurningar. Skýrsla Siglingastofnunar sé aðeins vinnuskjal stofnunarinnar sjálfrar. Skýrslan sé ekki unnin í samvinnu við hagsmunaaðila og sé ófullkomin um margt. Ef fara ætti í efnislega vinnu við að skoða réttaráhrif fullgildingar ILO samþykktar nr. 188 þyrfti að vinna það mun betur, með skipulagðari hætti og með aðkomu hagsmunaaðila. Yfirferð einstakra þátta í skýrslunni á þessum fundi markist af þessari stöðu og geti þar með aðeins verið yfirborðskennd. Jafnframt var bent á að ekki sé samræmi í túlkun og framkvæmd ákvæða um vinnutíma fiskimanna á milli ILO og Alþjóðasiglingastofnunarinnar (IMO). Vinna væri í gangi á vettvangi þessara alþjóðastofnana og rétt að bíða eftir niðurstöðu þeirra, áður en ILO samþykkt 188 yrði fullgilt. Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins og Samtaka kaupskipaútgerða tóku undir þessi orð.

Fulltrúi Siglingastofnunar taldi brýnt að Ísland fullgildi samþykktina fljótlega og gangi þar með á undan með góðu fordæmi í því skyni að skapa viðteknar alþjóðareglur á þessu sviði. Þetta hafi þýðingu þar sem Íslendingar séu fiskveiðiþjóð.

Eftir almenn inngangsorð var farið yfir umfjöllun skýrslunnar um einstakar greinar samþykktarinnar.

Samþykkt nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna.

Á fundinum kom fram að ILO-nefndin stóð fyrir fundi 22. október 2007 með hagsmunaaðilum um greinargerð sem Haraldur Steinþórsson hafði tekið saman fyrir Siglingastofnun um samþykkt Alþjóðastofnunarinnar nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna. Við það tækifæri var farið yfir efnisgreinar samþykktarinnar. Á þeim fundi var staldrað við ákvæði samþykktarinnar um læknisvottorð farmanna.

Af hálfu Samtaka atvinnulífsins var vakin athygli á því að önnur mál væru brýnni í dag en að fjalla um það hvort tímabært væri að ræða um fullgildingu farmannasamþykktar ILO þar sem engar líkur væru á því að hún gæti öðlast gildi fyrr en í fyrsta lagi 2012 samkvæmt áætlun forsvarsmanna ILO. Þá væri boðað til fundar Evrópuþjóða í Hamborg um miðjan desember og gert væri ráð fyrir að Evrópusambandsríki ákveði fyrir árslok 2010 hvort þau fullgildi samþykktina. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu ILO hafi þrjár þjóðir fullgilt samþykktina en til þess að hún öðlist gildi þurfa 30 ríki sem eiga samtals 33 % af kaupskipaflota heimsins að fullgilda samþykktina. Þau ríki sem hafi fullgilt séu Líbería, Bahamaeyjar og Marshall-eyjar.

Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins og stéttarfélaga farmanna lögðu sameiginlega áherslu á það að íslensk stjórnvöld taki til endurskoðunar ákvæði í lögum um varðveislu félagslegra réttinda þeirra íslensku skipverja á skipum útgerðanna sem eiga lögheimili á Íslandi en starfa hjá dótturfyrirtækjum útgerðanna í Færeyjum. Sérstök áhersla var lögð á að staðið verði við fyrirheit sem koma fram í 7. tölul. í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 17. febrúar 2008. Þar heitir ríkisstjórnin því að skipaður skuli starfshópur með aðild aðila vinnumarkaðarins sem falið verður að kanna hvort og þá með hvaða hætti sé unnt að tryggja að starfsmenn með lögheimili hér á landi sem eru að störfum erlendis fyrir dótturfyrirtæki íslenskra fyrirtækja geti viðhaldið réttindum í íslenska velferðarkerfinu.

Spurt var um viðbrögð við boði sem borist hefur frá vinnu- og félagsmálaráðuneyti Þýskalands, dags. 28. ágúst 2008. Samkvæmt erindinu var íslenskum stjórnvöldum og heildarsamtökum aðila vinnumarkaðarins boðið að senda fulltrúa á ráðstefnu í Hamborg dagana 15. og 16. desember 2008. Viðfangsefni ráðstefnunnar var að fjalla um fullgildingu og framkvæmd á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna. Um er að ræða Evrópuráðstefnu sem haldin er í samvinnu við Alþjóðavinnumálastofnunina. Fram kom að boðið hafi verið framsent samgönguráðuneytinu í byrjun september til afgreiðslu. Fulltrúi samgönguráðuneytisins kvaðst myndu kanna stöðu málsins.

Alþjóðasamþykktir nr. 81 og 129, um vinnuvernd.

Í skýrslu um starf ILO-nefndarinnar árin 2005, 2006 og 2007 kemur fram að nefndin hafi rætt um fullgildingu á alþjóðasamþykktum nr. 81 og 129, um vinnuvernd, í tengslum við samantekt á skýrslu um framkvæmd samþykktanna sem alþjóðavinnumálaskrifstofan óskaði eftir á grundvelli 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Eftir ítarlega umfjöllun samþykkti nefndin á 267. fundi sínum 15. nóvember 2007 að mæla með því við félagsmálaráðherra að fullgildi báðar samþykktirnar. Árið 2008 var unnið að undirbúningi fullgildingar af starfsmönnum félags- og tryggingamálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis. Gert er ráð fyrir afhendingu fullgildingarskjala á fyrri hluta árs 2009.

Alþjóðasamþykkt nr. 187, um vinnuvernd.

ILO nefndin hefur á fundum sínum á árunum 2007 og 2008 fjallað um hugsanlega fullgildingu íslenskra stjórnvalda á samþykkt nr. 187, um vinnuvernd, meðal annars var farið

yfir umsögn Vinnueftirlits ríkisins um málið. Meginniðurstaða Vinnueftirlitsins er sú að íslensk lög og reglur uppfylli ekki kröfur sem samþykktin geri um söfnun upplýsinga um vinnuslys og atvinnusjúkdóma. Fram kemur að ástæðan sé sú að ekki hafi verið sett reglugerð um að tilteknir atvinnusjúkdómar skuli slysatryggðir þrátt fyrir að slíkt sé heimilt í 5. mgr. 27. gr. laga um almannatryggingar. Þar af leiðandi liggi ekki fyrir hagtölur um atvinnusjúkdóma eins og krafist sé í samþykktinni. Vinnueftirlit ríkisins bendir í bréfi sínu á fleiri atriði þessu tengt. Á fundi nefndarinnar 19. mars 2008 var vakin athygli á bókun við kjarasamning Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem var undirritaður 17. febrúar 2008. Þar kemur fram að samningsaðilar muni sameiginlega beita sér fyrir því að sett verði reglugerð um skráningu bótaskyldra atvinnusjúkdóma, sbr. 27. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007. Enn fremur kemur fram að samningsaðilar telja mikilvægt að efla rannsóknir og fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði atvinnusjúkdóma á vettvangi Vinnueftirlits ríkisins. Nefndin hefur ekki lokið umfjöllun um þetta málefni.

d. Skýrsla félagsmálaráðherra um Alþjóðavinnumálaþingið í Genf.

Aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni fylgir sú skylda að kynna löggjafarsamkomu þær samþykktir sem Alþjóðavinnumálaþingin afgreiða. Á Íslandi er þetta ákvæði uppfyllt með þeim hætti að félagsmálaráðherra gefur Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingin. Í skýrslunum eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir, tilmæli og ályktanir sem þingin afgreiða. Árið 2008 var haft samráð við ILO-nefndina um skýrslu félagsmálaráðherra um 96. Alþjóðavinnumálaþingið sem haldið var 30. maí til 15. júní 2006. Í skýrslunni er birt samþykkt nr. 188 og tilmæli nr. 199, um vinnu við fiskveiðar, sem getið er um hér að framan. Félags- og tryggingamálaráðherra lagði skýrsluna fyrir Alþingi 16. maí 2008.

e. Fundir og ráðstefnur.

Ráðstefna um Evrópurétt og samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Nefndin fjallaði á fundum sínum um ráðstefnu sem sænska ILO-nefndin og sænska vinnumálaráðuneytið héldu í samvinnu við Alþjóðavinnumálastofnunina og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um Evrópurétt og samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Ráðstefnan var liður í formennskuáætlun Svía í Norrænu ráðherranefndinni og var haldin í Stokkhólmi 18. apríl 2008.

Á ráðstefnunni var meðal annars fjallað um valdheimildir Evrópusambandsins til að hlutast til um skuldbindingar aðildarríkja Evrópusambandsins gagnvart alþjóðastofnunum eins og Alþjóðavinnumálastofnuninni. Haldin voru erindi um það hvernig Evrópusambandið lítur á samþykktir ILO og öfugt. Meðal þeirra sem fluttu erindi á ráðstefnunni voru Kari Tapiola, aðstoðarforstjóri ILO, Rudi Delarue, sem fjallar um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og Niklas Bruun, sem er sérfræðingur í málefnum ILO og félagsmálasáttmála Evrópuráðsins. Einnig voru flutt á ráðstefnunni ávörp af hálfu fulltrúa Norðurlanda- og Evrópusamtaka aðila vinnumarkaðarins. Gylfi Kristinsson sótti ráðstefnuna fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið en hún var haldin í tengslum við fund norrænu embættismannanefndarinnar um málefni atvinnulífsins.

Ráðstefna um áætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um mannsæmandi vinnu.

Íslensku ILO-nefndinni var boðið að taka þátt í ráðstefnu sem haldin var á vegum norsku ILO-nefndarinnar og norskra stjórnvalda í samvinnu við Financial Times. Efni ráðstefnunnar var *Mannsæmandi vinna: Lykillinn að félagslegu réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu.* Ráðstefnan var haldin í Osló 5. september 2008. Á ráðstefnunni voru rædd áhrif alþjóðavæðingarinnar á vinnumarkaðinn og hvernig samræmdur stuðningur við stefnu Alþjóðavinnu málastofnunarinnar um mannsæmandi vinnu geti bætt stjórn efnahagsmála, stuðlað að fullri vinnu og skapað mannsæmandi vinnuskilyrði hvarvetna um heiminn. Meðal fyrirlesara voru Juan Somavia, forstjóri ILO, Pascal Lamy, forstjóri Alþjóðaviðskiptamálastofnunarinnar, og Mary Robinson, fyrrum sérlegur fulltrúi Sameinuðu þjóðanna í mannréttindamálum. Ráðstefnustjóri var Quentin Peel, ritstjóri alþjóðamála í Financial Times. Hrafnhildur Stefánsdóttir sótti fundinn sem fulltrúi Samtaka atvinnulífsins.

Félagsmálasáttmáli Evrópu.

Í félags- og tryggingamálaráðuneytinu hefur verið unnið að undirbúningi þess að Ísland fullgildi endurskoðaða gerð félagsmálasáttmála Evrópu sem er frá árinu 1996. Árið 2008 var haft samráð við ILO-nefndina um íslenska þýðingu á sáttmálanum.

717. Fyrirspurn [424. mál]

til forsætisráðherra um Icesave-reikninga Landsbankans.

Frá Ármanni Kr. Ólafssyni.

1. Hvaða skýrslur um stöðu viðræðna við bresk og hollensk yfirvöld liggja fyrir í ráðuneytum eða undirstofnunum þeirra? Ef einhverjar eru er óskað eftir því að þingið verði upplýst um innihald þeirra?
2. Hafa íslensk stjórnvöld undirritað eitthvert samkomulag við áðurnefnd yfirvöld um skilning á skuldbindingum Íslands varðandi Icesave-reikninganna eða undirgengist lánveitingu frá þeim til að borga innstæðurnar að fullu?
3. Hefur nákvæm lagaleg úttekt verið gerð á réttarstöðu Íslands innan ramma EES-samningsins varðandi Icesave? Ef svo er hverjar eru þær og hvar er hægt að nálgast þær?

Skriflegt svar óskast.

718. Fyrirspurn [425. mál]

til utanríkisráðherra um lánafyrirgreiðslu til Icelandic Glacial.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Hafði ráðherra áhrif á að fyrirtækið Icelandic Glacial fékk lán í lok síðasta árs eða síðar? Ef svo er:

a. komu aðrir ráðherrar að málinu, og þá hverjir?
b. var sú lánveiting u.þ.b. 3 millj. evra eða um 450 millj. kr.?

Skriflegt svar óskast.

719. Frumvarp til laga [426. mál]

um upplýsingaskyldu fyrirtækja, félaga og stofnana í eigu íslenska ríkisins.

Flm.: Helgi Hjörvar, Katrín Júlíusdóttir, Ellert B. Schram.

1. gr.

Öll fyrirtæki, félög og stofnanir sem eru að helmingi eða meira í eigu íslenska ríkisins, þ.m.t. fjármálafyrirtæki, skulu upplýsa um allar afskriftir skulda skuldunauta viðkomandi aðila. Viðskiptaráðherra getur í reglugerð ákveðið lágmarksfjárhæð þeirra afskrifta sem upplýsa skal um.

Ráðherra er jafnframt heimilt að undanskilja afskriftir skv. 1. mgr. sem leiðir af almennum ákvörðunum um niðurfærslu á skuldum heimila.

Upplýsingar um afskriftir skulu birtar mánaðarlega á vefsíðu viðkomandi fyrirtækis, félags eða stofnunar. Einnig má birta upplýsingarnar á vefsíðu fjármálaráðuneytis.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í framhaldi af fjármálahruninu á Íslandi hefur kröfu um gagnsæi í rekstri verið haldið á lofti í æ ríkara mæli. Gagnsæi er grundvallaratriði opinnar stjórnsýslu og við þær óvenjulegu aðstæður sem íslenskur almenningur býr nú við er nauðsynlegt að engu verði leynt til að unnt verði að skapa á nýjan leik traust í samfélaginu.

Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki eru stjórnarmenn fjármálafyrirtækis, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu fyrirtækisins bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þess, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. Þessi þagnarskylda, svokölluð bankaleynd, á við rík rök að styðjast. Með hliðsjón af þeirri ólgu sem nú ríkir í íslensku samfélagi er það mat flutningsmanna að ekki verði hjá því komist að víkja henni til hliðar hvað afskriftir ríkisbankanna varðar um stundarsakir meðan öldurnar lægir. Bankaleynd ríki eftir sem áður um öll hefðbundin viðskipti og rétt að hafa í huga að afskriftir leiðir yfirleitt af aðgerðum gegn skuldunautum sem hvort eð er hafa verið opinberar. Með lögunum er því fyrst og fremst verið að tryggja að engar óeðlilegar eða óvenjulegar afskriftir séu gerðar í skjóli leyndar.

Í frumvarpinu er því lagt til að öllum fyrirtækjum, félögum og stofnunum sem eru að minnsta kosti að helmingi í eigu íslenska ríkisins verði gert skylt að upplýsa um allar afskriftir skulda skuldunauta sinna. Þannig nær frumvarpið m.a. til allra fjármálafyrirtækja í eigu íslenska ríkisins, hvert svo sem rekstrarform þeirra er. Gert er ráð fyrir því að viðskiptaráðherra hafi heimild til að ákveða í reglugerð lágmarksfjárhæð þeirra afskrifta sem upplýst skal um. Ráðherra hefur jafnframt heimild til að undanskilja upplýsingaskyldunni afskriftir sem leiðir af almennum ákvörðunum um niðurfærslu á skuldum heimila, t.d. ef ríkisstjórn ákveður að afskrifa ákveðið hlutfall skulda sem eru tilkomnar vegna húsnæðislána, festa gengisvísitölu eða setja þak á verðbætur. Slíkar afskriftir færu eftir opinberum reglum þar sem jafnræðis er gætt og almannahagsmunir því tryggðir. Upplýsingarnar skulu birtar mánaðarlega með tryggum og sannanlegum hætti og í frumvarpinu er lagt til að það verði gert einu sinni í mánuði með birtingu á vefsíðu. Viðkomandi fyrirtæki, félag eða stofnun getur þá birt upplýsingarnar á vefsíðu sinni. Jafnframt er mögulegt að birta upplýsingarnar á vefsíðu fjármálaráðuneytisins. Í þessu sambandi er jafnframt bent á að ýmsar upplýsingar um málefni jafnt einstaklinga sem fyrirtækja sem kunna að falla undir ákvæði frumvarpsins eru nú þegar opinberar, svo sem varðandi nauðungarsölu á eignum, innkallanir vegna þrotabúa og skiptafundi. Þeim reglum sem kveðið er á um í frumvarpinu er beint í sama farveg og þær til þess fallnar að byggja á ný upp traust á grunnstoðum samfélagsins.

Lagt er til að viðurlög við brotum gegn ákvæðum frumvarpsins varði sektum.

Lagt er til að breytingarnar öðlist þegar gildi. Þótt eðlilegt sé að lögin verði tímabundið í gildi er ekki tilgreindur afmarkaður gildistími þeirra. Eðlilegt er þó að þau verði ekki numin úr gildi fyrr en endanlega hefur verið gengið frá öllum eftirstöðvum fjármálahrunsins. Gert er ráð fyrir að í ljósi reynslunnar verði metið hvort upplýsingagjöf sem þessi geti orðið hluti af upplýsingaskyldu ársreikningalaga.

720. Svar [326. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Ragnheiðar Ólafsdóttur um upplýsingar seðlabankastjóra um aðgerðir breskra stjórnvalda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur ráðherra leitað skýringa á því hvers vegna seðlabankastjóri neitar, m.a. á fundi með viðskiptanefnd, að svara því hvaða upplýsingar það eru sem hann segist búa yfir um ástæður þess að bresk stjórnvöld beittu hryðjuverkalögum gegn Landsbanka Íslands og hvaða upplýsingar þetta eru?

Núverandi forsætisráðherra hefur ekki óskað eftir skýringum fyrrverandi seðlabankastjóra á því hvers vegna bresk stjórnvöld ákváðu að kyrrsetja eigur Landsbanka Íslands. Það er einkum í verkahring rannsóknarnefndar Alþingis að kanna orsakir bankahrunsins. Ráðstafanir Breta í þessum efnum eru einnig meðal þess sem samninganefnd um svokallað Icesavemál mun fjalla um í viðræðum sínum við bresk stjórnvöld í þeim tilgangi að fá kyrrsetningunni aflétt.

721. Skýrsla [427. mál]

Íslandsdeildar NATO-þingsins fyrir árið 2008.

1. Inngangur.

Starfsemi NATO-þingsins árið 2008 einkenndist öðru fremur af umræðu um samskipti NATO við Rússland. Rússar sýndu aukna hörku í utanríkisstefnu sinni á árinu og var þess fyrst vart í ræðu Pútíns Rússlandsforseta á árlegu öryggismálaráðstefnunni í Munchen í febrúar og náði hámarki með hernaðaraðgerðum Rússa í Georgíu í ágúst. Samskipti NATO og Rússlands kólnuðu og var fundum í NATO-Rússlandsráðinu frestað um ótiltekinn tíma. Deilurnar komu við sögu NATO-þingsins enda hefur Rússland aukaaðild að þinginu og þingmenn rússnesku dúmunnar sækja fundi þess. Þá hefur NATO-þingið stutt dyggilega nánara samstarf Georgíu og NATO og hafa helstu ráðamenn þjóðarinnar oft verið gestir þingsins. Brugðist var við hernaðinum í Georgíu með því að takmarka annars vegar þátttöku rússneskra þingmanna í starfi NATO-þingsins og hins vegar að stofna til sérstaks þingmannaráðs NATO og Georgíu til samræmis við þingmannaráð NATO og Rússlands sem starfað hefur um árabil. Þá hvatti NATO-þingið aðildarríkin til þess að aðstoða við enduruppbyggingu innviða Georgíu sem fóru illa í átökunum og til þess að taka Georgíu inn í aðildaráætlun bandalagsins.

Líkt og síðustu ár hafa aðgerðir NATO utan Evró-Atlantshafssvæðisins komið til umræðu á vettvangi NATO-þingsins. Aðgerðum NATO hefur fjölgað stórlega og teygja sig yfir fleiri heimsálfur. Umfangsmesta verkefni NATO er í Afganistan en það er um leið tákngervingur hinna miklu breytinga sem eiga sér stað á bandalaginu. Alþjóðlegu öryggissveitirnar í Afganistan (ISAF) hafa starfað undir stjórn NATO frá því í ágúst 2003. Sveitir NATO taka nú til alls landsins og í þeim eru 56.000 menn frá 26 NATO-ríkjum og 15 samstarfsríkjum. Aðgerðin í Afganistan er fyrsta aðgerð NATO utan Evrópu og sú langfjölmennasta í sögu

bandalagsins. Afganistan var eins og síðustu ár mjög í brennidepli á vettvangi NATO-þingsins árið 2008 og lögðu þingmenn áherslu á að aðgerðin í Afganistan væri prófsteinn á getu bandalagsins til þess að takast á við nýjar ógnir og nýtt öryggisumhverfi og að tryggja þyrfti árangur hennar.

Íslandsdeild NATO-þingsins tók beitingu breskra hryðjuverkalaga gegn Landsbankanum og efnahagslegar afleiðingar þess á Íslandi upp með kröftugum hætti á ársfundi NATO-þingsins. Málið var tekið upp á vettvangi þriggja nefnda og á tvíhliða fundi með breskum þingmönnum. Rauði þráðurinn í málflutningi Íslandsdeildar var sá að beiting hryðjuverkalaganna hafi verið óvenjuharkaleg aðgerð sem engin fordæmi væru fyrir í samskiptum bandalagsríkja NATO. Þvert á móti væri eitt helsta verkefni bandalagsins hin sameiginlega barátta gegn hryðjuverkum svo innbyrðis beiting hryðjuverkalaga setti alvarlegt spurningarmerki við samheldni og samstöðu Atlantshafsbandalagsins (sjá nánar í umfjöllun um ársfund NATO-þingsins).

2. Almennt um NATO-þingið.

NATO-þingið er þingmannasamtök sem hafa allt frá árinu 1954 verið vettvangur þingmanna aðildarríkja NATO til að ræða öryggis- og varnarmál. Fram til ársins 1999 bar þingið heitið Norður-Atlantshafsþingið, en heitir síðan NATO-þingið. Á síðustu árum hefur aðildar- og aukaaðildarríkjum NATO-þingsins fjölgað ört og hefur starfssvið þess verið víkkað til móts við þær breytingar sem orðið hafa í ríkjum sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum og í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Tólf lýðræðisríki úr hópi fyrrverandi kommúnistaríkja hafa nú aukaaðild að þinginu (auk hlutlausu Evrópuríkjanna fjögurra Austurríkis, Sviss, Svíþjóðar og Finnlands) sem þýðir að þau geta tekið þátt í störfum og umræðum á þinginu. Störf þingsins beinast í auknum mæli að öryggismálum Evrópu í heild, efnahagslegum og pólitískum vandamálum í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu og hinu hnattræna öryggiskerfi. Með Rose Roth áætluninni styður þingið nú einnig við þróun þingbundins lýðræðis í ríkjum álfunnar og nálægum ríkjum.

Hlutverk og starfssvið þingsins.

Í Atlantshafssáttmálanum 1949 var ekki gert ráð fyrir þinglegri ráðgjafarsamkundu en með tímanum óx þeirri skoðun fylgi að nauðsyn væri á skipulegu samstarfi þjóðþinga í tengslum við og til stuðnings NATO. Þingið hefur ekki formlega stöðu innan bandalagsins en smám saman hefur komist á náin og virk samvinna stofnananna. Meginhlutverk þingsins er að efla samstöðu og samráð þjóðþinga á sviði öryggis- og varnarmála. Þingið kemur saman tvisvar á ári, til vorfundar og ársfundar að hausti.

Starfsemi þingsins fer að mestu fram í fimm málefnanefndum: stjórnmálanefnd, varnar- og öryggismálanefnd, efnahagsnefnd, vísinda- og tækninefnd og nefnd um borgaralegt öryggi. Auk þess fer mikið starf fram á vegum Miðjarðarhafshópsins sem hefur þó ekki stöðu formlegrar málefnanefndar. Þessar nefndir eru meginvettvangur umræðna um samtímamál er koma upp á starfssviði þeirra og vinna um þau skýrslur. Nefndarálit eru oftast sett fram í formi tilmæla, yfirlýsinga eða ályktana sem nefndin samþykkir og þingið greiðir síðan atkvæði um. Tilmælum er beint til Norður- Atlantshafsráðsins, sem fer með æðsta ákvarðanavald innan NATO, og í þeim er hvatt til tiltekinna aðgerða. Ályktunum þingsins er hins vegar beint til ríkisstjórna aðildarríkjanna.

Þótt þingið sé óháð NATO hafa samskipti þingsins við bandalagið smám saman tekið á sig fastara form. Á meðal formlegra samskipta má í fyrsta lagi nefna formleg svör við tilmæl-

um þingsins af hálfu framkvæmdastjóra bandalagsins fyrir hönd Norður-Atlantshafsráðsins. Í öðru lagi flytur framkvæmdastjóri bandalagsins ávarp á vorfundum og ársfundum NATO-þingsins og svarar fyrirspurnum þingmanna. Í þriðja lagi koma stjórnarnefnd NATO-þingsins og Norður-Atlantshafsráðið árlega saman til fundar í höfuðstöðvum NATO í Brussel. Að lokum skal nefndur sameiginlegur fundur þriggja nefnda NATO-þingsins í Brussel í febrúarmánuði ár hvert til að greiða fyrir samskiptum við starfsmenn og embættismenn NATO, SHAPE (Supreme Headquarters Allied Powers in Europe – æðstu bækistöðvar bandamanna í Evrópu) og Evrópusambandsins.

Fulltrúar á NATO-þinginu og forustumenn þess.

Á NATO-þinginu eiga sæti 248 þingmenn frá aðildarríkjunum 26. Fjöldi fulltrúa frá hverju landi ræðst að mestu af fólksfjölda. Stærsta sendinefndin er sú bandaríska með 36 þingmenn en Ísland er í hópi þeirra smæstu með þrjá þingmenn. Auk fulltrúanna má hvert þjóðþing tilnefna jafnmarga varamenn sem mega taka þátt í störfum þingsins en hafa ekki atkvæðisrétt. Ráðherrar í ríkisstjórnum mega ekki vera fulltrúar á NATO-þinginu. Alls eiga 72 þingmenn frá 16 aukaaðildarríkjum sæti á NATO-þinginu og taka þeir þátt í nefndarfundum, utan funda stjórnarnefndar, og þingfundum en hafa ekki atkvæðisrétt. Þeir hafa þó rétt til þess að leggja fram breytingartillögur.

Forustumenn þingsins eru sjö og eru sex þeirra, forseti og fimm varaforsetar, kjörnir ár hvert af fulltrúum á þingfundi. Sjöundi embættismaðurinn er gjaldkerinn en hann kýs stjórnarnefndin annað hvert ár. NATO-þinginu er stjórnað af stjórnarnefnd en í henni eiga sæti forseti, varaforsetar, gjaldkeri og nefndarformenn auk formanna allra landsdeilda aðildarríkja NATO.

3. Íslandsdeild NATO-þingsins og starfsemi hennar.

Í kjölfar alþingiskosninga 2007 var ný Íslandsdeild NATO-þingsins kjörin 31. maí í upphafi 134. þings. Samkvæmt breytingum á þingsköpum Alþingis gildir sú kosning deildarinnar fyrir allt kjörtímabilið. Íslandsdeildina skipa Ragnheiður E. Árnadóttir, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ásta R. Jóhannesdóttir, varaformaður, þingflokki Samfylkingarinnar, og Magnús Stefánsson, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn eru Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ágúst Ólafur Ágústsson, þingflokki Samfylkingarinnar og Kristinn H. Gunnarsson, þingflokki Frjálslynda flokksins. Ritari Íslandsdeildar var Stígur Stefánsson, deildarstjóri alþjóðadeildar.

Skipting Íslandsdeildar í nefndir árið 2008 var þannig:

Stjórnarnefnd:	Ragnheiður E. Árnadóttir.
Til vara:	Magnús Stefánsson.
Stjórnmálanefnd:	Ragnheiður E. Árnadóttir.
Til vara:	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Varnar- og öryggismálanefnd:	Ragnheiður E. Árnadóttir.
Til vara:	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Nefnd um borgaralegt öryggi:	Ásta R. Jóhannesdóttir.
Til vara:	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Efnahagsnefnd:	Magnús Stefánsson.
Til vara:	Kristinn H. Gunnarsson.

Vísinda- og tækninefnd:	Magnús Stefánsson.
Til vara:	Kristinn H. Gunnarsson.
Miðjarðarhafshópur:	Ásta R. Jóhannesdóttir.

Íslandsdeildin hélt undirbúningsfundi með fulltrúum utanríkisráðuneytisins fyrir vor- og ársfundi NATO-þingsins. Þórir Ibsen, skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, sat fund nefndarinnar 20. maí og fór yfir helstu niðurstöður leiðtogafundar NATO í Búkarest í apríl. Þórir kom aftur á fund nefndarinnar 10. nóvember og gerði grein fyrir helstu áherslum íslenskra stjórnvalda í NATO og ráðstefnu um öryggismál á norðurslóðum í Reykjavík sem fyrirhuguð var í janúar 2009.

Þingmenn Íslandsdeilar gegndu tveimur trúnaðarstörfum á vettvangi NATO-þingsins árið 2008. Á ársfundi NATO-þingsins í Reykjavík í október 2007 var Ragnheiður E. Árnadóttir valin skýrsluhöfundur undirnefndar um öryggis- og varnarsamstarf yfir Atlantsála sem er önnur af tveimur undirnefndum varnar- og öryggismálanefndar. Hlutverk skýrsluhöfunda er að taka saman skýrslu um það málefni sem undirnefndin kýs að taka til sérstakrar skoðunar og leggja fram drög að ályktun um málið á fundi öryggis- og varnarmálanefndar sem síðar fer fyrir þingfund NATO-þingsins. Ragnheiður gegndi starfi skýrsluhöfundar á starfsárinu 2008 og kynnti skýrslu um viðbúnað og getu NATO til aðgerða, bæði nú og í framtíðinni á vorfundi og ársfundi NATO-þingsins (sjá nánar umfjöllun um vor- og ársfundi).

Ásta R. Jóhannesdóttir var kosin annar af tveimur varaformönnum Miðjarðarhafshóps NATO-þingsins á fundi hópsins í Abu Dhabi í október 2008. Hópurinn var settur á laggirnar árið 1996 og er samráðsvettvangur NATO-þingsins við ríki í norðanverðri Afríku og fyrir botni Miðjarðarhafs um öryggismál í þeim viðkvæma heimshluta.

4. Fundir NATO-þingsins.

NATO-þingið heldur tvo þingfundi árlega, vorfund og svo ársfund að hausti. Á svokölluðum febrúarfundum heldur stjórnarnefndin fund með framkvæmdastjóra NATO og Norður-Atlantshafsráðinu, auk þess sem stjórnmálanefnd, efnahagsnefnd og varnar- og öryggismálanefnd halda sameiginlegan fund. Auk þess kemur stjórnarnefnd þingsins saman til fundar í mars ár hvert. Þá sækir fjöldi NATO-þingmanna árlegan fund um Atlantshafssamstarfið sem fram fer í desember í samstarfi NATO-þingsins og bandaríska Atlantshafsráðsins. Loks halda nefndir og undirnefndir þingsins reglulega málstofur og fundi á milli þingfunda. Á árinu voru enn fremur haldnar tvær Rose Roth ráðstefnur.

Árið 2008 tók Íslandsdeildin þátt í febrúarfundunum í Brussel, fundi stjórnarnefndar sem haldinn var í Haag í mars, vorfundi þingsins í Berlín og ársfundi í Valencia auk almennra nefndarfunda utan þingfunda.

Hér á eftir fylgja frásagnir af fundum sem Íslandsdeildin sótti í tímaröð.

Febrúarfundir.

Dagana 17.–19. febrúar 2008 var efnt til febrúarfunda NATO-þingsins í Brussel en þeir eru sameiginlegir fundir stjórnmálanefndar, efnahagsnefndar og öryggis- og varnarmálanefndar. Fyrirkomulag fundanna var með venjubundnum hætti, þ.e. sérfræðingar, embættismenn og herforingjar Atlantshafsbandalagsins héldu erindi um afmörkuð málefni og svöruðu spurningum þingmanna. Nefndirnar áttu einnig fund með fulltrúum framkvæmdastjórnar ESB. Þá fór fram í tengslum við febrúarfundina árlegur fundur stjórnarnefndar NATO-þingsins með Norður-Atlantshafsráðinu í höfuðstöðvum NATO. Af hálfu Íslandsdeildar þing-

mannanefndar EFTA sóttu fundina Ragnheiður E. Árnadóttir formaður og Magnús Stefánsson, auk Stígs Stefánssonar ritara.

Fyrsta fundardaginn var fyrirhugaður leiðtogafundur NATO í Búkarest 2.–4. apríl 2008, stuðningur almennings við NATO og ný hernaðarstefna (strategic concept) einkum í brennidepli. Framsögu fluttu Aurélia Bouchez, aðstoðarframkvæmdastjóri NATO, Jean-Francois Bureau, frá almannatengsladeild NATO, og Jamie Shea, yfirmaður stefnumótunarskrifstofu framkvæmdastjóra bandalagsins. Þar kom fram að leiðtogafundur NATO í Búkarest yrði sá stærsti sinnar tegundar. Leiðtogar ríkisstjórna meira en 60 ríkja mundu sækja fundinn auk æðstu fulltrúa helstu alþjóðastofnana eins og Sameinuðu þjóðanna, Evrópusambandsins og Alþjóðabankans. NATO hefur að undanförnu lagt ríka áherslu á samstarf við önnur fjölþjóðasamtök, einkum hvað varðar uppbyggingar- og endurreisnarstarf á átakasvæðum þar sem NATO tekur þátt í friðargæslu. Um 65.000 manns sinntu aðgerðum á vegum NATO í umboði öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna frá Kósóvó til Afganistan. Sérhæfing NATO felst í því að stilla til friðar og tryggja öryggi og stöðugleika á átakasvæðum og þar með svigrúm fyrir aðrar stofnanir á sviði þróunar og uppbyggingar til þess að sinna endurreisnarstarfi. Mikið liggur því við að samstarf NATO við helstu alþjóðastofnanir sé gott.

Stuðningur almennings við NATO hefur minnkað í mörgum aðildarríkjum og einkum er stuðningur í Evrópu við aðgerðirnar í Afganistan lítill. Francois Bureau nefndi fjórar mögulegar ástæður fyrir því að NATO nyti minnkandi stuðnings: öryggismál væru ekki ofarlega á baugi í pólitískri umræðu; almenningur tengdi ekki aðgerðirnar í Afganistan og upprætingu hryðjuverkabúða þar öryggi í heimalöndum sínum; í hugum margra tengist NATO fyrst og fremst kalda stríðinu; margir Evrópubúar gerðu ekki kláran greinarmun á NATO annars vegar og þáverandi óvinsælum stjórnvöldum í Bandaríkjunum hins vegar og loks að NATO væri helst þekkt fyrir aðgerðir sínar en ekki þau grunngildi frelsis og lýðræðis sem bandalagið hvílir á. Bureau vitnaði til ummæla Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóra NATO, á ársfundi NATO-þingsins í Reykjavík í október 2007, en þar hvatti framkvæmdastjórinn þingmenn til að skýra hið breytta öryggisumhverfi sem einkennist af óhefðbundnum ógnum fyrir almenningi í löndum sínum.

Þörfin á nýrri hernaðarstefnu NATO var rædd en framkvæmdastjóri NATO hafði lagt áherslu á að aðildarríkin hefðust handa við mótun hennar á leiðtogafundinum í Búkarest. Skiptar skoðanir eru þó innan bandalagsins um þörf á nýrri stefnu sem kæmi í stað þeirrar sem samþykkt var árið 1999 á 50 ára afmæli NATO. Jamie Shea sagði öryggisumhverfi og verkefni NATO hafa gerbreyst á þessum tíma. Ný viðfangsefni hefðu komið fram eins og orkuöryggi, öryggi upplýsingakerfa o.fl. Auk þess þyrfti að skilgreina við hvaða ógnir og verkefni 5. gr. Atlantshafssáttmálans á við, en sú grein kveður á um að árás á eitt bandalagsríki jafngildi árás á þau öll. Aðgerðir utan hefðbundins athafnasvæðis eins og í Afganistan falla ekki undir 5. gr. þrátt fyrir að þær tengjast öryggi í Evrópu og Norður-Ameríku og eru þær því háðar því að aðildarríkin bjóði fram liðsstyrk. Ný hernaðarstefna þyrfti einnig að taka til kostnaðarskiptingar og sameiginlegrar kostunar innan bandalagsins.

Fjórir sendiherrar hjá NATO, Victoria Nuland frá Bandaríkjunum, Richard Duqué frá Frakklandi, Linas Linkevicius frá Litháen og Tacan Ildem frá Tyrklandi, tóku þátt í pallborðsumræðu við þingmenn. Í framsögu þeirra kom m.a. fram að samband Frakklands og NATO hefði batnað til muna eftir forsetaskiptin í Frakklandi og að landið legði ríkulega til bandalagsins á flestum sviðum þrátt fyrir að það standi enn utan sameiginlegs herstjórnarkerfis þess. Þá var rætt um vandamál í samstarfi NATO og ESB auk þess sem Nuland lýsti þeirri stefnu Bandaríkjastjórnar að bjóða þremur Adríahafsríkjum, Albaníu, Króatíu og

Makedóníu aðild að bandalaginu á leiðtogafundinum í Búkarest. Í fyrirspurnatíma spurði Ragnheiður E. Árnadóttir hvort heildarendurskoðun á varnar- og öryggisstefnu Frakklands sem nú stendur yfir og aukin þátttaka landsins í NATO gæti greitt fyrir betri samskiptum bandalagsins og Evrópusambandsins. Jafnframt spurði Ragnheiður sendiherra Tyrklands hvort von væri á að Tyrkir slökuðu á andstöðu sinni við að NATO skiptist á trúnaðarupplýsingum við ESB en þeir hafa verið andvígir því að ESB-ríki sem standa utan NATO, eins og Kýpur og Malta, fái slíkar upplýsingar. Þetta hefur staðið samskiptum stofnananna fyrir þrifum. Franski sendiherrann svaraði spurningunni jákvætt og taldi Frakkland geta beitt sér fyrir betri samskiptum en tyrkneski sendiherrann kenndi áhugaleysi hjá ESB um skort á samstarfi við NATO og sagði að oft mætti halda að tvær ólíkar ríkisstjórnir störfuðu í þeim ríkjum sem eru aðilar að báðum stofnunum.

Hefðbundinn fundur stjórnarnefndar NATO-þingsins og sendiherra aðildarríkja NATO í Norður-Atlantshafsráðinu, sem fer með æðsta ákvörðunarvald innan bandalagsins, fór fram í höfuðstöðvum NATO 19. febrúar. Að venju sátu sendiherrar aðildarríkjanna fyrir svörum þingmanna en umræðum stjórnaði Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri bandalagsins, sem jafnframt flutti inngangserindi. Kósóvó-hérað lýsti yfir sjálfstæði daginn áður og hóf framkvæmdastjórinn mál sitt með því að kynna yfirlýsingu ráðsins um að sveitir NATO sem í eru 16.000 manns yrðu áfram í héraðinu í umboði Sameinuðu þjóðanna til að tryggja frið og stöðugleika. Þá ræddi framkvæmdastjórinn helstu mál sem lágu fyrir leiðtogafundinum í Búkarest. Stækkunarmálin yrðu ofarlega á baugi en auk ákvörðunar um hvort Adríahafsríkjunum þremur yrði boðin aðild lægi fyrir að ákveða hvort Úkraínu og Georgíu yrði boðið að taka þátt í aðildaráætlun bandalagsins sem hjálpar umsóknarríkjum að undirbúa hugsanlega framtíðaraðild. Samskipti NATO við Rússland, orkuöryggi og öryggi upplýsingakerfa kæmu einnig til kasta fundarins. Á eftir fylgdu umræður, m.a. gagnrýni frá kanadískum þingmönnum á þau aðildarríki sem halda sveitum sínum gagngert frá óróasvæðum í Afganistan með því að takmarka athafnasvæði þeirra við friðsamleg héruð.

Á lokadegi febrúarfundanna áttu NATO-þingmenn fundi með háttsettum embættismönnum framkvæmdastjórnar ESB þar sem rætt var um utanríkisstefnu sambandsins og utanríkisviðskipti þess.

Marsfundur stjórnarnefndar.

Helstu mál á dagskrá fundarins voru samskipti NATO-þingsins við rússnesku dúmuna, tengsl NATO-þingsins við ríki utan NATO, stækkun NATO-þingsins samfara stækkun bandalagsins, mótun nýrrar hernaðarstefnu NATO, og vettvangur umræðu um konur og öryggi innan NATO-þingsins. Af hálfu Íslandsdeildar NATO-þingsins sótti Stígur Stefánsson ritari fundinn.

Áður en gengið var til formlegrar dagskrár ávarpaði Bert Koenders, fyrrverandi forseti NATO-þingsins, sem nú gegnir embætti ráðherra þróunarmála í ríkisstjórn Hollands, fundarmenn. Í ávarpi sínu fjallaði Koenders um Afganistan og nauðsyn aukinna framlaga til uppbyggingar þar í landi auk þess sem hann lagði áherslu á betri samvinnu öryggissveita NATO og þróunarstofnana. Í kjölfar erindis Koenders var þó mest rætt um umdeilda kvikmynd hollenska þingmannsins Geert Wilders um íslam sem frumsýnd var viku fyrir stjórnarnefndarfundinn. Tyrkneski þingmaðurinn Vahit Erdem sagði kvikmyndina vatn á myllu öfgasinnaðra og herskárra múslima og síst til að minnka spennu á milli hins kristna og íslamska menningarheims. Koenders sagði ríkisstjórn Hollands ósammála þeirri ímynd sem dregin er

upp í myndinni þar sem íslam og hryðjuverk eru samofin. Aldrei hefði þó komið til greina að banna myndina vegna mál- og tjáningarfrelsis.

Þegar gengið var til dagskrár og síðasta fundargerð stjórnarnefndarinnar frá Reykjavík var borin upp til samþykktar ítrekaði José Lello, forseti NATO-þingsins, þakklæti til Íslandsdeildar og starfsfólks Alþingis fyrir framkvæmd síðasta ársfundar sem fram fór í Reykjavík 5.–9. október 2007.

Þá voru samskipti NATO-þingsins og rússnesku dúmunnar tekin til umræðu. Rússar eru með aukaaðild að NATO-þinginu auk þess sem sérstök þingmannanefnd NATO og Rússlands er starfandi. Þingmannanefndin hefur fundað í tengslum við vor- og ársfundi NATO-þingsins en tímaskortur hefur einkennt fundina. NATO-þingið hefur því lagt til breytt fyrirkomulag þannig að nefndin haldi fund einu sinni á ári, annað árið í Rússlandi og hitt árið í NATO-ríki. Því hafa Rússar hafnað og vilja að fundirnir verði haldnir til skiptis í ríkjunum 27. Ákveðið var að leita áfram samkomulags við Rússa um framtíðarskipulag funda þingmannanefndarinnar. Auk þess var ákveðið að setja þátttöku Rússa í starfsemi NATO-þingsins þær skorður að ekki séu sendir fleiri fulltrúar á einstaka fundi eða viðburði en þeir 10 fulltrúar sem Rússar eiga samkvæmt reglum þingsins. Það eru sömu takmarkanir og reglur og önnur aukaaðildarríki lúta.

Ríki sem standa utan NATO hafa tengst NATO-þinginu á þrenns konar hátt, með aukaaðild (Associate Membership), Miðjarðarhafsaðild (Mediterranian Associate Membership) og áheyrnaraðild (Parliamentary Observer). Þessum ólíku formum fylgja ólík réttindi og skyldur. Ákveðið var að vinnuhópur um umbætur á starfsemi NATO-þingsins tæki núverandi fyrirkomulag til athugunar og skilaði tillögum um mögulegar breytingar til stjórnarnefndar.

Á stjórnarnefndarfundinum var rætt um stækkun NATO-þingsins enda var búist við því að leiðtogafundur NATO í Búkarest 2.–4. apríl tæki ákvörðun um stækkun bandalagsins. Það gekk eftir og var Albaníu og Króatíu boðin aðild. Ákveðið var að sendinefndum væntanlegra aðildarríkja, sem væru aukaaðilar að NATO-þinginu, yrði boðin full þátttaka um leið og aðildarsamningar hafa verið undirritaðir en nokkur tími getur liðið frá undirritun þeirra þar til formleg innganga í bandalagið tekur gildi. Yrði hér fylgt fordæmi NATO-þingsins frá síðustu stækkun NATO árið 2004.

Mikið hefur verið rætt um hvort NATO eigi að móta nýja hernaðarstefnu (Strategic Concept) og hefur framkvæmdastjóri bandalagsins, Jaap de Hoop Scheffer, verið talsmaður þess að slíkt verði gert. Núverandi hernaðarstefna er frá árinu 1999 og var um tíma rætt um möguleika þess að móta nýja stefnu fyrir 60 ára afmælisfund NATO árið 2009. NATO-þingið hefur fylgst grannt með umræðum innan bandalagsins um þessi mál og útnefnt Jan Pedersen, fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs, sem sérstakan fulltrúa sinn. Á fundinum kom fram að ný hernaðarstefna yrði ekki mótuð fyrir afmælisfundinn en í stað þess væri stefnt að því að undirrita svokallaða Atlantshafsyfirlýsingu um þau lýðræðislegu grunngildi sem bandalagið byggist á. NATO-þingið mundi leggja sitt af mörkum við vinnslu yfirlýsingarinnar og Pedersen vinna drög að tillögum NATO-þingsins vegna þessa og leggja fyrir síðari stjórnarnefndarfund til samþykktar.

Framkvæmd árlegra funda NATO-þingsins í Washington D.C., svokallaðra „Transatlantic Forum“-funda, var þá til umræðu. Fundirnir hafa notið slíkra vinsælda að þátttaka hefur á stundum verið við það að sprengja ramma þeirra. Vinnuhópi um umbætur á starfsemi NATO-þingsins var falið að gera tillögur um fyrirkomulag þeirra í framtíðinni og skoða m.a. hvort setja bæri kvóta á þátttöku einstakra sendinefnda.

Forseti NATO-þingsins, José Lello, gerði því næst grein fyrir fyrirhuguðu erindi sínu á leiðtogafundi NATO í Búkarest. Áhersla var lögð á þrjú mál, aðgerðirnar í Afganistan og stuðning þingmanna við þær, stækkun NATO og loks undirbúningur fyrrnefndrar Atlantshafsyfirlýsingar fyrir árið 2009.

Á vor- og ársfundi NATO-þingsins árið 2007 voru sérstakir hliðarviðburðir um hlutdeild kvenna í þjóðaröryggi og alþjóðlegum öryggismálum. Þetta voru hádegisverðarfundir sem fóru fram að frumkvæði svissnesku landsdeildarinnar og jafnframt á kostnað hennar. Þar var horft á málefnið út frá a.m.k. fjórum sjónarhornum: verndun kvenna á átakasvæðum samkvæmt ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325; stöðu og starfi kvenna innan herja NATO-ríkja; þátttöku kvenna í ákvarðanatöku í öryggis- og varnarmálum og þátttöku kvenna í friðargæslu. Landsdeildir Kanada og Noregs buðust til að gangast fyrir áframhaldandi málstofum um konur og öryggismál á vor- og haustfundunum 2008 auk þess sem nefnd um borgaralegt öryggi mun taka málið sérstaklega á dagskrá.

Að lokum flutti fráfarandi gjaldkeri NATO-þingsins, þýski þingmaðurinn Lothar Ibrügger, stjórnarnefnd skýrslu sína um fjárreiður þingsins árið 2007. Að því loknu tók kanadíski öldungadeildarþingmaðurinn Pierre Claude Nolan við embætti gjaldkera.

Vorfundur.

Vorfundur NATO-þingsins var haldinn í Berlín dagana 23.–27. maí sl. Af hálfu Íslandsdeildar NATO-þingsins sóttu fundinn þau Ragnheiður E. Árnadóttir formaður, Ásta R. Jóhannesdóttir og Magnús Stefánsson, auk Stígs Stefánssonar ritara. Á vorfundum NATO-þingsins vinna málefnanefndir skýrslur og eiga fundi með fulltrúum ríkisstjórna og alþjóðastofnana og sérfræðingum. Þá er þingfundur haldinn þar sem fjallað er um þau mál sem hæst ber í alþjóðlegri öryggis- og varnarmálaumræðu.

Áður en fundir málefnanefnda hófust fór fram fundur þingmannaráðs NATO og Rússlands. Fulltrúar Rússlands gagnrýndu harðlega ýmsar ákvarðanir sem teknar voru á leiðtogafundi NATO í Búkarest 2.–4. apríl og tilgreindu sérstaklega samvinnu á sviði netöryggis, orkuöryggis og eldflaugavarna sem þeir töldu beinast gegn Rússlandi. Þá sögðu þeir helming íbúa Úkraínu á móti NATO-aðild og sömuleiðis íbúa ákveðinna héraða Georgíu. NATO-þingmenn lögðu áherslu á að Rússland hefði ekki á nokkurn hátt neitunarvald gagnvart ákvörðunum NATO, ekki heldur gagnvart stækkun bandalagsins.

Á fundi stjórnmálanefndar NATO-þingsins var einkum fjallað um ákvarðanir fyrrnefnds leiðtogafundar í Búkarest, aðgerðirnar í Afganistan, málefni Íran og samstarfsáætlanir við ríki utan Atlantshafsbandalagsins. Efnahagsnefndin fjallaði m.a. um efnahagslega uppbyggingu í Afganistan, orkuöryggi og samspil ríkis og markaðar í Rússlandi. Vísinda- og tækninefnd tók m.a. eldflaugavarnir og útbreiðslu kjarnorkutækni og vopna til umræðu.

Varnar- og öryggismálanefnd NATO-þingsins fjallaði um þrjár skýrslur á fundi sínum. Sú fyrsta fjallaði um aðgerðir NATO, önnur um framlög ríkja utan NATO til aðgerða bandalagsins og sú þriðja um viðbúnað og getu NATO til aðgerða, bæði nú og í framtíðinni. Skýrsluhöfundur síðastnefndu skýrslunnar var Ragnheiður E. Árnadóttir en hún var valin til þess starfs á ársfundi NATO-þingsins í Reykjavík í október 2007. Ragnheiður flutti framsögu með skýrslunni og lagði m.a. áherslu á að samræmi yrði að vera á milli viðbúnaðar og getu bandalagsins og þeirra verkefna sem ríkisstjórnirnar fela því. Aukin verkefni utan Evró-Atlantshafssvæðisins, svo sem í Afganistan, hafa sýnt fram á vandamál varðandi hreyfanleika hersveita og skort á flutningsgetu, þyrlukosti og öðrum búnaði. Mikið bil hefur myndast á milli Bandaríkjanna annars vegar, sem hafa yfir hreyfanlegum herafla að ráða, og Evrópu

hins vegar, þar sem uppbygging herafla hefur í gegnum árin miðast við hefðbundnar varnir eigin landsvæðis. Það hefur takmarkað getu evrópsku bandalagsríkjanna til að senda hersveitir til fjarlægra staða með skömmum fyrirvara. Það eykur enn á muninn á milli Bandaríkjanna og evrópskra bandalagsríkja að þau síðarnefndu hafa mörg hver varið mun minni fjármunum til varnarmála en yfirlýst markmið NATO um 2% af þjóðarframleiðslu segir til um. Þar við bætist að mun stærri hluta varnarmálaútgjalda Evrópuríkjanna er varið í launagreiðslur og starfsmannakostnað en í Bandaríkjunum sem minnkar enn fjárhagslegt svigrúm þeirra fyrrnefndu til að auka hreyfanleika hersveita sinna. Í lok máls síns sagði Ragnheiður ekkert benda til þess að eftirspurn eftir þátttöku NATO í alþjóðlegum aðgerðum og friðargæsluverkefnum muni minnka á næstu árum og því væri mikilvægt að bandalagið væri fært um að takast á við þau verkefni með viðeigandi búnaði og getu.

Nefnd um borgaralegt öryggi fjallaði á fundi sínum m.a. um orkuöryggi í Evrópu og hlutverk Rússlands, Kósóvó og ástand öryggismála á Balkanskaga, og stefnu NATO og ESB gagnvart lýðræðisvæðingu og öryggismálum í Mið-Asíu. Mið-Asíuríkin eru lykilsvæði hvað varðar hefðbundin sem óhefðbundin öryggismál eins og orkuöryggi, baráttuna gegn hryðjuverkum og trúarofstæki, aðgerðirnar í Afganistan, aðgerðir til að hefta útbreiðslu kjarnorkuvopna, og baráttu gegn mansali, fíkniefna- og vopnasmygli. Í umræðu um möguleika á auknu samstarfi við Mið-Asíuríkin um lýðræðisvæðingu og bætta stjórnarhætti lagði Ásta R. Jóhannesdóttir áherslu á að hugað yrði að stöðu og réttindum kvenna og barna í öllu slíku starfi.

Auk nefndarfunda fór fram sérstakur hádegisfundur um konur og öryggismál. Fulltrúar Miðstöðvar um borgaralegt eftirlit með herjum í Genf (Geneva Centre for the Democratic Control of Armed Forces) kynntu skýrslu um mikilvægi þess að efla hlut kvenna við umbætur og umbreytingu herafla. Auk þess að vera jafnréttismál tryggir aukin þátttaka kvenna í starfi herafla og mótun öryggismálastefnu að þekking og reynsla kvenna nýtist og að breidd samfélagsins endurspeglist betur í vörnum þess. Í friðargæsluverkefnum væri sýnileg þátttaka kvenna mjög mikilvæg, kvenkyns friðargæsluliðar ættu auðveldara með að vinna traust kvenna á átakasvæðum auk þess sem þeir væru þeim ákveðin fyrirmynd.

Hinn eiginlegi þingfundur NATO-þingsins fór fram 27. maí. José Lello, forseti NATO-þingsins, setti þingfundinn og lagði í ávarpi sínu áherslu á aukið hlutverk þingmanna til stuðnings og við stefnumótun NATO. Bandalagið hefði gengið í gegnum miklar breytingar sem enn sæi ekki fyrir enda á og það væri hlutverk NATO-þingmanna að útskýra breytt hlutverk og áframhaldandi mikilvægi bandalagsins fyrir almenningi í aðildarríkjunum. Þá ræddi Lello áframhaldandi stuðning þingmanna við aðgerðirnar í Afganistan og aðstoð NATO-þingsins við uppbyggingu lýðræðislegra stjórnarhátta í væntanlegum aðildarríkjum, sér í lagi eftirlitshlutverk þjóðþinga með öryggisstofnunum ríkisins.

Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO, ávarpaði þingfundinn. De Hoop Scheffer fór yfir helstu niðurstöður leiðtogafundar NATO í Búkarest. Um stækkun Atlantshafsbandalagsins sagði framkvæmdastjórinn að stefnt væri að undirritun aðildarsamninga Króatíu og Albaníu að bandalaginu 9. júlí. Kvaðst hann vona að fyrrum Júgóslavíulýðveldið Makedónía gæti orðið fyrrnefndum ríkjum samferða í bandalagið en það veltur á því að lausn náist í deilu við Grikki um nafn landsins. Úkraína og Georgía yrðu aðilar að bandalaginu síðar, en á desemberfundi utanríkisráðherra bandalagsins yrði metið hvort þau séu reiðubúin til þátttöku í aðildaráætlun bandalagsins. Um aðgerðir NATO í Afganistan sagði framkvæmdastjórinn að samþætting hernaðarlegra og borgaralegra aðgerða væri forsenda árangurs. Alþjóðastofnanir á sviði þróunar yrðu að koma í auknum mæli að endurreisnarstarfi í

landinu en fulltrúar þeirra sóttu Búkarestfundinn. Þá voru teknar ákvarðanir um að fjölga í liðssveitum NATO í Afganistan. Biðlaði framkvæmdastjórinn til þingmanna um að kynna mikilvægi aðgerðanna í Afganistan í aðildarríkjunum og tryggja þannig stuðning almennings við þær. Auk þess fjallaði De Hoop Scheffer m.a. um samskipti NATO og Rússlands, stöðu Kósóvó og aðgerðir NATO þar í landi og samstarf NATO og Evrópusambandsins.

Í fyrirspurnatíma að afloknu ávarpi framkvæmdastjórans tók Ragnheiður E. Árnadóttir til máls um getu og viðbúnaði NATO til aðgerða. Benti hún á augljósan mun á þeim verkefnum sem ríkisstjórnir aðildarríkjanna fela bandalaginu og þeim hersveitum og búnaði sem þær leggja til bandalagsins til að sinna verkefnunum. Spurði Ragnheiður framkvæmdastjórann hvernig hann teldi að hægt væri að skapa pólitíska sátt um að tryggja bandalaginu þann viðbúnað og þau tæki sem það þarf til að valda verkefnum sínum. Enn fremur spurðist Ragnheiður fyrir um svokallaðan mjúkan viðbúnað (soft capabilities) sem er borgaralegur fremur en hernaðarlegur og á hvaða sviðum NATO þyrfti að þróa hann. De Hoop Scheffer svaraði því til að mjúkur viðbúnaður væri ekki síður mikilvægur en hernaðarleg geta í aðgerðum eins og í Afganistan og áréttaði að uppbygging þar í landi væri lykillinn að varanlegum árangri. Skoraði hann á þingmenn að beita sér fyrir uppbyggingu á slíkri getu og viðbúnaði og nefndi Ísland sem fyrirmynd á því sviði. Ísland hefði byggt upp sérfræðiþekkingu á afmörkuðum sviðum sem hefði reynst bandalaginu mikilvæg. Nefndi framkvæmdastjórinn sérfræðiþekkingu Íslendinga við rekstur flugvalla og árangur þeirra við stjórnun alþjóðaflugvallanna í Pristina og Kabúl sem dæmi. Þá sagði hann marga Íslendinga starfa á skrifstofu borgaralegs fulltrúa NATO í Kabúl en starfsemin þar væri einkar mikilvæg fyrir aðgerðir NATO í landinu.

Ársfundur.

Ársfundur NATO-þingsins fór fram í Valencia dagana 14.–18. nóvember. Af hálfu Íslandsdeildar NATO-þingsins sóttu fundinn þau Ragnheiður E. Árnadóttir formaður, Ásta R. Jóhannesdóttir og Magnús Stefánsson, auk Stígs Stefánssonar ritara.

Íslandsdeild NATO-þingsins tók beitingu breskra hryðjuverkalaga gegn Landsbankanum og efnahagslegar afleiðingar þess á Íslandi upp á nefndarfundum þingsins. Ragnheiður E. Árnadóttir tók málið upp í stjórnmálanefnd þingsins og Magnús Stefánsson og Ásta R. Jóhannesdóttir gerðu slíkt hið sama í efnahagsnefnd og nefnd um borgaralegt öryggi.

Rauði þráðurinn í málflutningi Íslandsdeildar var sá að beiting hryðjuverkalaganna hafi verið óvenjuharkaleg aðgerð sem engin fordæmi væru fyrir í samskiptum bandalagsríkja NATO. Þvert á móti væri eitt helsta verkefni bandalagsins hin sameiginlega barátta gegn hryðjuverkum og innbyrðis beiting hryðjuverkalaga setti því alvarlegt spurningarmerki við samheldni og samstöðu Atlantshafsbandalagsins. Ekkert hefði komið fram sem benti til lögbrota sem réttlættu aðgerðina og ef grunur hefði verið uppi um slíkt í tengslum við Landsbankann hefði verið eðlilegt að bresk stjórnvöld hefðu haft samráð við íslensk stjórnvöld um að gæta eigna bankans. Þá hafi yfirlýsingar breskra ráðamanna í alþjóðlegum fjölmiðlum um að frysta ætti eignir allra íslenskra fyrirtækja í Bretlandi og jafnvel eignir íslenskra stjórnvalda verið afar skaðlegar. Orð forsætisráðherra Bretlands hafi mikla vigt og yfirlýsingar Gordon Browns hafi valdið miklu tjóni hjá fyrirtækjum og einstaklingum sem engin tengsl höfðu við Landsbankann. Beiting hryðjuverkalaga, skaðlegar yfirlýsingar ráðamanna og yfirtaka breska fjármálaeftirlitsins á Kaupþingi hefði valdið miklum skaða fyrir íslenskt efnahagslíf og gert slæma stöðu Íslendinga enn verri. Stærsta fyrirtæki landsins, Kaupþing, hafi fallið í kjölfar aðgerðanna og miklar efnahagslegar þrengingar væru fram undan.

Einungis komu fram andsvör frá fulltrúum Breta í umræðum í stjórnmálanefndinni eftir að Ragnheiður E. Árnadóttir hafði gert grein fyrir málinu frá sjónarhóli Íslendinga. Breski þingmaðurinn Denis MacShane svaraði stuttlega að rangt væri að taka þetta mál upp á vettvangi NATO og að í lögunum sem beitt var væru einnig valdheimildir sem tengdust á engan hátt hryðjuverkum. Þessum heimildum hefði verið beitt við hrun íslensku bankanna í Bretlandi. Ragnheiður svaraði því til að þrátt fyrir þær skýringar væri staðreyndin sú að Landsbankinn hefur verið á lista með Al-kaída og talibönum á heimasíðu breska fjármálaráðuneytisins og það hefði haft slæm áhrif á traust alþjóðlegra fjármálamarkaða á íslensku efnahagslífi.

Í kjölfar yfirlýsinga Íslandsdeildar á nefndarfundum átti breski þingmaðurinn Hugh Bayley frumkvæði að tvíhliða fundi Íslandsdeildar og fulltrúa bresku landsdeildarinnar sem fram fór þriðjudaginn 18. nóvember. Auk Bayley, sem er þingmaður verkamannaflokksins í neðri deild breska þingsins, sátu fundinn af hálfu Bretanna tveir þingmenn úr lávarðadeild, þeir Lord Jopling frá íhaldsflokknum og John Sewel frá verkamannaflokknum. Á fundinum var málflutningur Íslandsdeildar ítrekaður en bresku þingmennirnir vörðu beitingu hryðjuverkalaganna og sögðu þær valdheimildir sem beitt var ekki úr þeim hluta laganna sem fjalla um hryðjuverk heldur um efnahagslega glæpi. Lögunum var beitt vegna óvissu um hvort Íslendingar ætluðu að standa við skuldbindingar gagnvart eigendum Icesave-reikninga í Bretlandi og áhyggja af því að íslensk stjórnvöld hygðust mismuna innstæðueigendum á grundvelli þjóðernis og veita íslenskum innstæðueigendum aukna vernd á kostnað breskra. Þótt innstæður á Icesave-reikningum hafi einungis verið um 0,5% af heildarinnlánum á breskum bankamarkaði þá var staðreyndin sú að það hrikti í stoðum hinna 99,5% markaðarins vegna óróa á fjármálamörkuðum. Því var nauðsynlegt að eyða óvissu um tryggingar fyrir innstæðum Icesave-reikninganna hratt og örugglega með því að frysta eignir Landsbankans. Í yfirstandandi fjármálakreppu þar sem traust markaðarins er lítið á bankakerfinu þurfa stjórnvöld að bregðast hratt við til að lægja öldur á markaðnum og koma þannig í veg fyrir að kreppan dýpki og valdi frekari eyðileggingu. Tímapressa af þessum völdum kann að hafa komið í veg fyrir að hægt hafi verið að eiga frekara samráð við íslensk stjórnvöld.

Ragnheiður E. Árnadóttir áréttaði að íslensk stjórnvöld hefðu frá upphafi lýst því yfir að þau mundu standa við lagalegar skuldbindingar sínar í tengslum við fall bankanna. Hins vegar hafi verið lagaleg óvissa um hversu víðtækar þær skuldbindingar væru og því hefðu íslensk stjórnvöld átt í viðræðum við stjórnvöld í Bretlandi og öðrum ríkjum þar sem íslensku bankarnir störfuðu. Einungis Bretland greip til harkalegra aðgerða gegn Íslendingum á meðan unnið var með öðrum ríkjum að lausn vandans eftir diplómatískum leiðum. Ítrekaði Ragnheiður að ef bresk stjórnvöld hefðu haft grun um glæpsamlegt athæfi í íslensku bönkunum hefðu þau átt að leita samvinnu við íslensk stjórnvöld við að uppræta slíkt.

Engin eiginleg niðurstaða varð af fundinum en í lok hans sögðu aðilar það gagnlegt að hafa fengið tækifæri til óformlegra og hreinskiptinna skoðanaskipta um deilumál þjóðanna. Íslandsdeildin afhenti bresku þingmönnunum útprentun af heimasíðu breska fjármálaráðuneytisins þar sem Landsbankinn kom fyrir á lista ásamt Al-Kaída og talíbönum og enska fréttatilkynningu forsætisráðuneytisins frá 16. nóvember um samkomulag við nokkur Evrópusambandsríki um innstæðutryggingar og viðmið fyrir frekari samningaviðræður. Bresku þingmennirnir afhentu Íslandsdeildinni bresku hryðjuverkalögin frá árinu 2001, skýrslur rannsóknarþjónustu breska þingsins um lögin og bankahrunið á Íslandi og útprentun af umræðum um hrun íslensku bankanna í neðri deild breska þingsins 6. nóvember.

Á fundi stjórnmálanefndar NATO-þingsins var einkum fjallað um samskipti NATO og Rússlands eftir innrás Rússa í Georgíu í ágústmánuði, aðgerðir NATO í Afganistan, málefni Íran og samstarfsáætlanir við ríki utan Atlantshafsbandalagsins. Efnahagsnefndin fjallaði m.a. um efnahagslega uppbyggingu í Afganistan, fjármálakreppuna og orkuöryggi. Vísinda- og tækninefnd tók m.a. eldflaugavarnir og útbreiðslu kjarnorkutækni og vopna til umræðu.

Varnar- og öryggismálanefnd NATO-þingsins fjallaði um lokadrög að þremur skýrslum á fundi sínum. Sú fyrsta fjallaði um aðgerðir NATO, önnur um framlög ríkja utan NATO til aðgerða bandalagsins og sú þriðja um viðbúnað og getu NATO til aðgerða, bæði nú og í framtíðinni. Skýrsluhöfundur síðastnefndu skýrslunnar var Ragnheiður E. Árnadóttir. Ragnheiður kynnti skýrsluna og lagði m.a. áherslu á að samræmi yrði að vera á milli viðbúnaðar og getu bandalagsins annars vegar og þeirra verkefna sem ríkisstjórnirnar fela því hins vegar. Aukin verkefni utan Evró-Atlantshafssvæðisins, svo sem í Afganistan, hafa sýnt fram á vandamál varðandi hreyfanleika hersveita og skort á flutningsgetu, þyrlukosti og öðrum búnaði. Uppbygging herafla í Evrópuríkjum NATO miðaðist við hefðbundnar varnir eigin landsvæðis en eftir lok kalda stríðsins hefur nokkur umbreyting átt sér stað með áherslu á hreyfanlegar hersveitir sem hægt er að senda til fjarlægra staða með skömmum fyrirvara. Breytingarnar hafa þó ekki náð lengra en svo að af 2,4 milljónum hermanna í herjum Evrópuríkja NATO er einungis mögulegt að beita 3–5% heraflans utan heimaríkja sinna og það þyrfti að bæta. Ragnheiður benti þó á að í ljósi hernaðarátakanna í Georgíu hafi umræða blossað upp um að hve miklu leyti væri réttlætanlegt að setja hreyfanleika hersveita í forgang á kostnað hefðbundinna landvarna.

Á fundi stjórnarnefndar NATO-þingsins var löng umræða um hvernig bregðast skyldi við átökum Rússlands og Georgíu og var samstaða um að ekki væri verjandi að halda áfram óbreyttu samstarfi við Rússa. Fór svo að ákveðið var annars vegar að takmarka þátttöku rússneskra þingmanna í fundum og ráðstefnum NATO-þingsins og hins vegar að stofna sérstakt þingmannaráð NATO-þingsins og georgískra þingmanna.

Skömmu fyrir ársfund NATO-þingsins var Ásta R. Jóhannesdóttir kjörin varaformaður sérstaks Miðjarðarhafshóps þingsins, sem eins og nafnið gefur til kynna beinir sjónum sínum einkum að samstarfi NATO við ríki Norður-Afríku og Mið-Austurlanda.

Hinn eiginlegi þingfundur NATO-þingsins fór fram 18. nóvember. Í setningarræðu fráfarandi forseta, portúgalska þingmannsins José Lello, kom m.a. fram að hernaðaraðgerðir Rússa í Georgíu kæmu til með að auka öryggisþörf ríkja á ytri landamærum NATO og þar með vilja Georgíumanna að ganga í bandalagið í óþökk Rússa. Georgía sótti um aðild að NATO til þess að komast inn í samfélag þjóða sem byggja á lýðræðislegum gildum og sameiginlegum vörnum. Þá las Lello þingfundinum kveðju Barack Obama, verðandi Bandaríkjaforseta, sem lýsti stuðningi við störf þingsins og vilja sínum til að vinna náið með nýjum forseta NATO-þingsins sem verður bandarískur fulltrúadeildarþingmaðurinn John Tanner.

Mikheil Saakashvili, forseti Georgíu, var gestur á þingfundinum og fór hann í ræðu sinni hörðum orðum um Rússa og stríðsátökin við þá. Sagði hann alþjóðalög hafa verið þverbrotin með árásum Rússa í ágústmánuði og framgöngu þeirra í héruðunum Suður-Ossetíu og Abkasíu. Árásin hafi verið skipulögð með margra mánaða fyrirvara og sýndi ljóslega aukna hörku og gamaldags stórveldapólitík í utanríkisstefnu Rússa. Samstaða lýðræðisþjóða innan NATO væri eina svarið við hættulegri hegðun Rússlands og ítrekaði Saakashvili ósk Georgíu um aðild að bandalaginu. Þá greindi Saakashvili frá samstarfi stjórnar og stjórnarandstöðu í Georgíu í krísunni og þeim umbótum sem tryggja eiga aukið gagnsæi í stjórnsýslu landsins.

Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO, ávarpaði þingfundinn og fór yfir helstu verkefni bandalagsins árið 2008, svo sem stækkunarmál og spennu vegna þeirra í samskiptum við Rússland, þörfina fyrir betri samræmingu hernaðarlegra aðgerða og borgaralegs uppbyggingarstarfs í Afganistan, og nýjar ógnir á borð við öryggi boðskiptakerfa, orkuframboð, sjórán og fjármálaóstöðugleika. Þá sagði framkvæmdastjórinn mikilvægt að auka skilning almennings í aðildarríkjunum á hlutverki NATO og þar væri þáttur þingmanna mjög mikilvægur. Væntanleg Atlantshafsyfirlýsing sem leiðtogar NATO-ríkjanna munu samþykkja í tilefni af 60 ára afmæli bandalagsins á næsta ári væri vettvangur til þess að skýra grunngildi Atlantshafsbandalagsins jafnt sem framtíðarsýn þess.

Í fyrirspurnatíma að afloknu ávarpi framkvæmdastjórans tók Ragnheiður E. Árnadóttir til máls um viðbúnað og getu NATO til aðgerða og vitnaði í umræður í öryggis- og varnarmálanefnd þingsins um þau mál. Benti hún á að hin hnattræna fjármálakreppa mun að líkindum hafa neikvæð áhrif á framlög NATO-ríkjanna til öryggis- og varnarmála en á sama tíma kynni efnahagskreppan og sá óstöðugleiki sem henni fylgir að skapa ný átakasvæði og auka eftirspurn eftir friðargæslu NATO. Ragnheiður spurði í þessu ljósi um viðbrögð NATO við fjármálakreppunni. De Hoop Scheffer svaraði því til að erfitt væri að tryggja framlög til varnarmála í efnahagskreppum þegar skiljanlega væri þrýst á um aukin framlög til velferðarmála. Vandinn væri að skýra mikilvægi framlaga til varnar- og öryggismála, t.a.m. þau tengsl sem eru á milli öryggis í Afganistan og þess að fólk sé öruggt gagnvart hryðjuverkaárásum í borgum Evrópu. Biðlaði framkvæmdastjórinn enn til þingmanna um að útskýra þessi tengsl fyrir almenningi í aðildarríkjunum.

Nefndarfundir.

Fulltrúar Íslandsdeildar sóttu einnig ýmsa nefndarfundi og ráðstefnur NATO-þingsins á árinu. Ragnheiður E. Árnadóttir tók þátt í heimsókn varnar- og öryggismálanefndar til Washington D.C. og Seattle í janúar. Þá sótti Ragnheiður fundi sömu nefndar á Ítalíu í maí og Eistlandi og Finnlandi í júní. Ásta R. Jóhannesdóttir tók þátt í fundum miðjarðarhafshóps NATO-þingsins í Kaíró í maí og Abu Dhabi í október.

Alþingi, 10. mars 2009.

Ragnheiður E. Árnadóttir, form.	Ásta R. Jóhannesdóttir, varaform.	Magnús Stefánsson.

Fylgiskjal.

Ályktanir NATO-þingsins árið 2008.

Ársfundur í Valencia, 14.–18. nóvember:

- Ályktun 368 um veginn fram undan í Kósóvó.
- Ályktun 369 um yfirstandandi aðgerðir NATO.
- Ályktun 370 um efnahagslega endurreisn í Afganistan.
- Ályktun 371 um framtíðarsamskipti NATO og Rússlands.
- Ályktun 372 um orku og öryggi.
- Yfirlýsing 364 um átökin á milli Rússlands og Georgíu.

722. Svar [230. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um upplýsingar af fundi með fjármálaráðherra Breta 2. september sl.

1. *Var rituð fundargerð á fundi ráðherra með fjármálaráðherra Breta, Alistair Darling, 2. september sl., af hálfu ráðuneytisins, sem undirbjó fundinn?*
   Nei, það var ekki rituð fundargerð á fundinum.

2. *Ef svo er ekki, hefur ráðherra upplýsingar um hvort bresk stjórnvöld rituðu fundargerð?*
   Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort bresk stjórnvöld rituðu fundargerð um fundinn.

3. *Hverjar voru áherslurnar í svonefndum talpunktum, sem upplýst hefur verið að hafi verið ritaðir fyrir fundinn til undirbúnings viðræðunum?*
   Talpunktar þeir sem vísað er til eru vinnuskjal þáverandi viðskiptaráðherra til eigin afnota og verður því ekki upplýst um innihald þeirra, sbr. 3. tölul. 4. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996.

4. *Er ráðherra tilbúinn til að birta fundargerð eða umrædda talpunkta til að upplýsa þjóðina um hvað fór fram á fundi hans með breska fjármálaráðherranum?*
   Vísað er til svara í 1.–3. tölul.

723. Svar [324. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sturlu Böðvarssonar um fjárframlög til ferðamála á árunum 1998–2009.

1. *Hversu háar fjárhæðir hafa farið til ferðamála á hverju ári á vegum samgönguráðuneytisins árin 1998–2007 og á vegum iðnaðarráðuneytisins árið 2008 og hvað er áætlað til málaflokksins í fjárlögum 2009? Óskað er eftir að í svarinu verði allar fjárhæðir uppfærðar á verðlagi fjárlaga fyrir árið 2009.*

Í eftirfarandi töflu er samantekt fyrir fjárheimildir til ferðamála á fjárlögum og fjáraukalögum áranna 1998–2009. Upphæðir eru í millj. kr. og eru annars vegar á verðlagi viðkomandi árs og hins vegar uppfærðar á verðlag 2009 samkvæmt vísistölu neysluverðs.

Tafla 1. Framlög til ferðamála 1998–2009.

	1998	**1999**	**2000**	**2001**	**2002**	**2003**	**2004**	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**
Á verðlagi hvers árs	144,4	184,4	297,1	319,5	508,5	631,9	640,4	486,7	618,8	522,2	862,9	1.072,0
Á verðlagi 2009	275,9	340,6	522,5	526,7	799,9	973,5	955,9	698,2	831,5	668,1	982,0	1.072,0
Breyting milli ára, %		*23,5*	*53,4*	*0,8*	*51,9*	*21,7*	*-1,8*	*-27*	*19,1*	*-19,6*	*47*	*9,2*

Framlögin eru af eftirfarandi fjárlagaliðum:

Samgönguráðuneyti 1998–2007:
10-190-1.41 Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda.
10-190-1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu.
10-190-1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku.
10-190-1.90 Ýmislegt.
10-190-1.98 Ýmis framlög samgönguráðuneytis.
10-651-1.01 Ferðamálastofa.
10-651-1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis.
10-651-1.11 Ferðamálasamtök landshluta.
10-651-1.15 Samstarfsssamningar við Grænland og Færeyjar.
10-651-1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir.

Iðnaðarráðuneyti 2008–2009:
11-401-1.10 Byggðaáætlun.
11-501-1.01 Ferðamálastofa.
11-501-1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis.
11-501-1.11 Ferðamálasamtök landshluta.
11-501-1.15 Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar.
11-501-1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir.
11-599-1.01 Ýmis ferðamál.
11-599-1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu.
11-599-1.47 Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku.
11-599-1.53 Ferðaþjónusta á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti.
11-599-1.90 Ýmis ferðamál.
11-599-1.98 Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis.

2. *Hvernig skiptast framlög ráðuneytanna á sömu árum til:*
   a. *ferðamálasamtaka,*
   b. *gestastofa og upplýsingamiðstöðva,*
   c. *markaðs- og kynningarverkefna,*
   d. *menningartengdrar ferðaþjónustu?*

Skipting framlaga iðnaðarráðuneytis og samgönguráðuneytis til ferðamálasamtaka, gestastofa og upplýsingamiðstöðva, markaðs- og kynningarverkefna og menningartengdrar ferðaþjónustu á árunum 1998–2009 er sýnd í eftirfarandi töflum. Upphæðir eru í millj. kr. og eru annars vegar á verðlagi viðkomandi árs og hins vegar uppfærðar á verðlag 2009 samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Tafla 2. Framlög til ferðamálasamtaka, gestastofa og upplýsingamiðstöðva, markaðs- og kynningarverkefna og menningartengdrar ferðaþjónustu, á verðlagi hvers árs 1998–2009.

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Ferðamálasamtök	7	9	11	15,5	11,5	17,5	11,5	15,5	16,8	27,3	31	15
Gestastofur og upplýsinga-miðstöðvar			9	8,5	12,5	12,5	12,5	12,5	17,2	39,5	44,2	42,4
Markaðs og kynningar-verkefni	92,7	102,7	228	246,3	345	436,6	445,1	277,4	500,8	334,2	600,3	817,5
Menningartengd ferðaþjónusta								2,5	24	52,7	85,2	81,3
Samtals	**99,7**	**111,7**	**248**	**270,3**	**369**	**466,6**	**469,1**	**307,9**	**558,8**	**453,7**	**760,7**	**956,2**

Tafla 3. Framlög til ferðamálasamtaka, gestastofa og upplýsingamiðstöðva, markaðs- og kynningarverkefna og menningartengdrar ferðaþjónustu, á verðlagi 2009 samkvæmt vísitölu neysluverðs.

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Ferðamálasamtök	13,4	16,6	19,3	25,6	18,1	27,0	17,2	22,2	22,6	34,9	35,3	15,0
Gestastofur og upp-lýsingamiðstöðvar	0,0	0,0	15,8	14,0	19,7	19,3	18,7	17,9	23,1	50,5	50,3	42,4
Markaðs og kynningar-verkefni	177,1	189,7	401,0	406,1	542,7	672,6	664,4	397,9	672,9	427,6	683,1	817,5
Menningartengd ferðaþjónusta	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	3,6	32,2	67,4	97,0	81,3
Samtals	**190,5**	**206,3**	**436,2**	**445,6**	**580,5**	**718,8**	**700,2**	**441,7**	**750,8**	**580,4**	**865,7**	**956,2**
Breyting milli ára %		*8,3*	*111,4*	*2,2*	*30,3*	*23,8*	*-2,6*	*-36,9*	*73,7*	*-22,7*	*49,1*	*10,5*

3. *Hversu há voru framlög til Ferðamálaráðs og Ferðamálastofu 1998–2008 og áætluð samkvæmt fjárlögum fyrir 2009?*

Framlög á fjárlögum til Ferðamálaráðs og Ferðamálastofu samkvæmt fjárlögum 1998–2009 eru sýnd í eftirfarandi töflu, annars vegar á verðlagi viðkomandi árs og hins vegar uppfærð á verðlag 2009 samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Tafla 4. Framlög til Ferðamálaráðs/Ferðamálastofu 1998–2009.

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Á verðlagi hvers árs	143,4	153,4	197,1	207,5	233,5	245	246,4	261,6	272,1	306	520,8	475,5
Á verðlagi 2009	273,9	283,3	346,6	342,1	367,3	377,4	367,8	375,3	365,6	391,5	592,7	475,5
Breyting milli ára, %		*3,4*	*22,4*	*-1,3*	*7,4*	*2,8*	*-2,6*	*2,0*	*-2,6*	*7,1*	*51,4*	*-19,8*

4. *Hver er á sömu árum kostnaður við rekstur skrifstofu Ferðamálaráðs og síðar Ferðamálastofu og framlög þeirra til:*
   a. *styrkja,*
   b. *markaðs- og kynningarverkefna, bæði innan lands og utan,*
   c. *úrbóta á ferðamannastöðum?*

Rekstrarkostnaður Ferðamálaráðs og síðar Ferðamálastofu og framlög til styrkja, markaðs- og kynningarverkefna, bæði innan lands og utan og til úrbóta á ferðamannastöðum eru sýnd í eftirfarandi töflum. Upphæðir eru í millj. kr. og eru annars vegar á verðlagi viðkomandi árs og hins vegar uppfærðar á verðlagi 2009 samkvæmt vísitölu neysluverðs. Upplýsingar um skiptingu kostnaðar niður á liði eru fengnar úr bókhaldi Ferðamálaráðs og síðar Ferðamálastofu fyrir árin 1998–2008.

Tafla 5. Rekstrarkostnaður og skipting framlaga Ferðamálaráðs/Ferðamálastofu, á verðlagi hvers árs.

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Rekstrarkostnaður	56,6	59,9	55,9	67	128	80,2	125,7	100,4	91,7	116	131
Framlög til styrkja	1,6	0,8	22,4	17,5	23,8	24,5	30,4	38	40,1	51,9	64,2
Framlög til markaðs- og kynningarverkefna	68	78	83	77	32	90,5	49,7	83,1	102,3	90,1	271,5
Framlög til úrbóta á ferðamannastöðum	17,2	14,7	35,8	46	49,7	49,8	40,6	40,1	38	48	54,1
Samtals	**143,4**	**153,4**	**197,1**	**207,5**	**233,5**	**245**	**246,4**	**261,6**	**272,1**	**306**	**520,8**

Tafla 6. Rekstrarkostnaður og skipting framlaga Ferðamálaráðs/Ferðamálastofu, á verðlagi 2009 samkvæmt vísitölu neysluverðs.

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Rekstrarkostnaður	108,1	110,6	98,3	110,5	201,4	123,6	187,6	144,0	123,2	148,4	149,1
Framlög til styrkja	3,1	1,5	39,4	28,9	37,4	37,7	45,4	54,5	53,9	66,4	73,1
Framlög til markaðs- og kynningarverkefna	129,9	144,1	146,0	126,9	50,3	139,4	74,2	119,2	137,5	115,3	309,0
Framlög til úrbóta á ferðamannastöðum	32,9	27,1	63,0	75,8	78,2	76,7	60,6	57,5	51,1	61,4	61,6
Samtals	**273,9**	**283,3**	**346,6**	**342,1**	**367,3**	**377,4**	**367,8**	**375,3**	**365,6**	**391,5**	**592,7**
Breyting milli ára %		*3,4*	*22,4*	*-1,3*	*7,4*	*2,8*	*-2,6*	*2,0*	*-2,6*	*7,1*	*51,4*

5. *Hversu margir erlendir ferðamenn komu til landsins á árunum 1998–2008, annars vegar um flugvelli og hins vegar með Norrænu?*

Í eftirfarandi töflu er sýnt hversu margir erlendir ferðamenn komu til landsins á árunum 1998–2008, annars vegar um flugvelli og hins vegar með Norrænu.

Tafla 7. Fjöldi erlendra ferðamanna sem komu til landsins árin 1998–2008, annars vegar um flugvelli og hins vegar með Norrænu.

	1998	1999	2000	2001*	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Heildarfjöldi	232.200	262.600	302.900	296.000	277.900	320.000	360.400	374.100	422.300	485.000	502.000
Leifsstöð					268.830	308.768	348.533	361.118	398.625	458.999	472.535
Norræna	5.249	5.546	6.285*	5.830	6.849	7.846	7.859	8.079	14.317	15.356	14.401
Annað	226.951	257.054	296.615	290.170	2.221	3.386	4.008	4.903	9.358	10.645	15.064

*Áætlaður fjöldi.

Heimild: Útlendingaeftirlitið, Ferðamálastofa og Austfar.

724. Skýrsla [428. mál]

Íslandsdeildar þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál fyrir árið 2008.

1. Inngangur.

Af þeim málum sem fjallað var um á vettvangi þingmannanefndar um norðurskautsmál á árinu 2008 leggur Íslandsdeild áherslu á eftirfarandi atriði sem segja má að hafi helst verið í brennidepli.

Fyrst ber að nefna áttundu þingmannaráðstefnu nefndarinnar sem haldin var í Fairbanks í ágúst, en umræða tengd skipulagningu hennar var fyrirferðarmikil á árinu. Mikið var rætt um helstu þemu á dagskrá ráðstefnunnar sem voru heilbrigðismál á norðurskautssvæðinu, aðlögun að loftslagsbreytingum og orkuauðlindir og nýting þeirra. Á ráðstefnunni var sérstök umræða um stefnumótun um málefni hafsins á norðurskautinu. Fulltrúar Íslandsdeildar lögðu áherslu á umræðu um nýjar siglingaleiðir og björgunarmál í ljósi minnkandi hafíss á norðurskautssvæðinu og aukinnar kröfu alþjóðavæðingar um sífellt stærri flutningaskip. Auknar siglingar um norðurskautið munu hafa veruleg áhrif á Ísland sem gæti legið vel við sem umskipunarhöfn fyrir þessa miklu flutninga. Þeim tækifærum sem í þessu felast fylgir einnig nokkur áhætta, m.a. vegna meiri hættu á umhverfisslysum, en einnig aukin verkefni fyrir landhelgisgæsluna.

Í öðru lagi voru umhverfismál og sérstaklega loftslagsbreytingar að venju mjög áberandi í umræðunni. Norðurslóðir einkennast af sérlega viðkvæmum vistkerfum og ljóst þykir að þróunin við norðurskaut sé eins konar fyrirboði þess sem verður annars staðar í heiminum. Hlýddu nefndarmenn á erindi sérfræðinga á sviði loftslagsbreytinga sem kynntu rannsóknir um þróun mála, áhrif á lífríki norðurskautsins og nýjar leiðir til að takast á við loftslagsbreytingar. Áhersla var lögð á aðlögun samfélaga á svæðinu í ljósi breyttra aðstæðna sem skapast með loftslagsbreytingunum. Heilsufarsleg, félagsleg og efnahagsleg vandamál frumbyggja voru í brennidepli.

Í þriðja lagi var áhersla á Alþjóðaár heimskautasvæðanna (e. International Polar Year) sem gekk í garð í mars 2007 og var það haldið í þriðja sinn. Vísindamenn frá yfir 60 löndum taka þátt í rannsóknum alþjóðaársins sem lýkur í mars 2009. Markmiðið með árinu var stórátak í rannsóknum og athugunum á heimskautasvæðum jarðar. Þá var mikið rætt á árinu um nýtingu orkuauðlinda svæðisins á sjálfbæran og umhverfisvænan hátt.

2. Almennt um þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál.

Fyrsta ráðstefna þingmanna og fulltrúa norðurskautssvæða var haldin í Reykjavík árið 1993, en nokkur samvinna norðurskautsríkja hófst þegar samþykkt var áætlun um umhverfisvernd á norðurslóðum í Rovaniemi í Finnlandi árið 1991. Ráðstefnan í Reykjavík árið 1993 markaði hins vegar upphafið að stofnun þingmannanefndar um norðurskautsmál sem sett var á laggirnar árið 1994. Nefndin er stjórnarnefnd þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál sem haldin er á tveggja ára fresti. Á ráðstefnunni kemur saman stór hópur þingmanna frá ríkjunum við norðurskaut, sem og sérfræðingar frá ríkisstjórnum, háskólastofnunum og félagasamtökum er láta sig málefni norðursins varða. Meginviðfangsefni þingmannanefndarinnar er að skipuleggja þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál sem haldin er annað hvert ár og fylgja eftir samþykktum hennar sem og að fylgjast grannt með störfum Norðurskautsráðsins. Þingmannanefndin fundar að jafnaði þrisvar á ári og einn þingmaður frá hverju aðildarríki situr í nefndinni. Þjóðþing Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands og Norðurlanda eiga fulltrúa í nefndinni og auk þess á Evrópuþingið fastan fulltrúa. Almennt má segja að helstu verkefni

í norðurskautssamstarfi lúti að sjálfbærri þróun og umhverfismálum. Undanfarin ár hefur sérstök áhersla einnig verið lögð á varðveislu menningararfleifðar og lífshátta þeirra þjóðflokka er byggja landsvæðin við norðurskaut, sem og aukna efnahagslega og félagslega velferð og velmegun íbúa norðursins.

Í fyrstu sneru verkefni þingmannanefndarinnar aðallega að ýmsum málum sem viðkomu stofnun Norðurskautsráðsins árið 1996, en ráðið byggist á sameiginlegri yfirlýsingu og samstarfi ríkisstjórna aðildarríkjanna átta. Nokkur samtök frumbyggja og ólíkra þjóðarbrota á norðurslóðum eiga fasta fulltrúa í ráðinu. Auk þess eiga ýmis ríki, alþjóðasamtök og frjáls félagasamtök áheyrnaraðild að ráðinu. Jafnvel þótt samstarf norðurskautsríkja eigi sér fremur stutta sögu hefur það fætt af sér margvísleg sameiginleg verkefni og stofnanir. Eftirlit með og mat á umhverfi norðurskautssvæðanna hefur frá byrjun verið forgangsverkefni ráðsins. Fjölmargar vandaðar vísindalegar rannsóknir hafa verið gerðar á vegum vinnuhópa ráðsins, m.a. um mengunarhættu, áhrif mengunar á vistkerfi norðurslóða og varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika. Á síðari missirum hefur Norðurskautsráðið í auknum mæli sinnt verkefnum sem miða ekki eingöngu að því að vega og meta mengunarhættu, heldur leita leiða við að draga úr mengun á norðurslóðum. Þingmannanefndin hefur á undanförnum árum lagt sérstakan metnað í að hafa frumkvæði að mismunandi verkefnum sem hægt er að leggja fyrir Norðurskautsráðið til framkvæmda.

Undir lok formennskutíðar Íslands árið 2004 var gefin út skýrsla um áhrif loftslagsbreytinga á norðurskautssvæðinu, *Arctic Climate Impact Assessment (ACIA)*. Skýrslan er fyrsta svæðisbundna allsherjarrannsókn á loftslagsbreytingum sem birt hefur verið eftir að samningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar var gerður. Skýrslan vakti mikla athygli og hefur verið notuð sem eins konar grunnur að alþjóðlegri umræðu um loftslagsbreytingar á norðurslóðum. Allar spár skýrslunnar sýna að um næstu aldamót verði norðurskautshafsvæðið án íss og klaka að sumarlagi. Plöntutegundir og annað gróðurlendi færist æ norðar með hlýnandi loftslagi og vor- og sumartími lengist. Áætlað er að þær loftslagsbreytingar sem eiga sér stað á 10 ára tímabili á norðurslóðum gerist á 25 ára tímabili annars staðar. Hitastig á norðurslóðum hækkar að jafnaði tvisvar sinnum hraðar en annars staðar í heiminum. Þótt hitastig sé að jafnaði að hækka á norðurslóðum sem og á jörðinni allri sýnir skýrslan hins vegar að loftslagsbreytingar hafa mismunandi og ójöfn áhrif á ólík svæði jarðar. Á sumum stöðum hlýnar til muna á meðan aðrir staðir kólna þótt meðaltal hitastigs jarðar fari hækkandi. Þessar víðtæku loftslagsbreytingar hafa margs konar afleiðingar, svo sem hækkun yfirborðs sjávar og breytingu sjávarfalla. Hlýnandi hafstraumar leiða svo til enn örari loftslagsbreytinga.

3. Skipan Íslandsdeildar.

Eftir alþingiskosningarnar 12. maí 2007 var ný Íslandsdeild skipuð 31. maí. Samkvæmt breytingum á þingsköpum gildir sú kosning deildarinnar fyrir allt kjörtímabilið. Þingið getur þó hvenær sem er kosið að nýju ef fyrir liggur beiðni meiri hluta þingmanna þar um. Aðalmenn á starfsárinu 2008 voru Sigurður Kári Kristjánsson, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Gunnar Svavarsson, varaformaður, þingflokki Samfylkingarinnar, og Jón Bjarnason, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Varamenn voru Illugi Gunnarsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Karl V. Matthíasson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Álfheiður Ingadóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Formaður situr fyrir hönd Íslandsdeildar í þingmannanefndinni, en í forföllum hans situr varaformaður fundi nefndarinnar. Öll Íslandsdeild sækir ráðstefnuna sem haldin er á tveggja ára fresti. Íslandsdeild kemur saman eftir þörfum og þá gerir formaður grein fyrir starfi þing-

mannanefndarinnar og fær hún jafnframt upplýsingar um starf Norðurskautsráðsins. Arna Gerður Bang var ritari Íslandsdeildar.

4. Fundir þingmannanefndar 2008.

Þingmannanefndin hélt fimm fundi á árinu. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður Íslandsdeildar, lagði áherslu á umræðu um siglingaleiðir og björgunarmál á fundum nefndarinnar og benti á mikilvægi málaflokksins. Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir fundum þingmannanefndarinnar á árinu og þingmannaráðstefnunni í Fairbanks.

Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál í Rovaniemi, 29. febrúar 2008.

Karl V. Matthíasson sat fyrir hönd Íslandsdeildar fund nefndarinnar, í fjarveru formanns. Hill-Marta Solberg, formaður nefndarinnar, stýrði fundinum. Þann 28. febrúar sótti þingmannanefndin málstofu með stjórnendum stofnana Háskóla norðursins.

Fyrsta dagskrárefni fundarins var kynning Robert Kvile, yfirmanns á skrifstofu Norðurskautsráðsins, á starfsemi ráðsins. Hann sagði frá framvindu verkefnisins *Varnarleysi og aðlögun vegna loftslagsbreytinga á norðurskautssvæðinu* sem byggist á viðamiklum yfirstandandi rannsóknum sérfræðinga. Stefnt er að því að kynna niðurstöður verkefnisins á ráðstefnu næsta haust.

Næsti dagskrárliður fjallaði um eftirfylgni við sameiginlega málstofu þingmannanefndarinnar með stjórnendum stofnana Háskóla norðursins. Í málstofunni var sjónum beint að loftslagsbreytingum og þeim lagaramma sem á við norðurskautssvæðið. Þingmannanefndin ákvað að skipuleggja málstofu þar sem m.a. yrði skoðað nánar hvernig hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna (UNCLOS) mun eiga við norðurskautssvæðið þegar ísinn hörfar. Formanni og framkvæmdastjóra nefndarinnar var falið að finna tíma og stað fyrir málstofuna.

Enn fremur kynnti Ole Henrik Magga verkefnisstjóri rannsóknarverkefnið EALÁT sem beinir sjónum að lífi hreindýrahjarða og hreindýrabúskap í ljósi loftslagsbreytinga. Aðstandendur verkefnisins leitast við að finna svör við því hvernig hreindýrahjarðir geta aðlagast breyttum aðstæðum sem skapast með loftslagsbreytingunum. Hvernig bregðast hreindýrin við hækkandi lofthita? Hvernig breytast skilyrði íss og snævar og hvaða áhrif hefur það á lífsskilyrði hjarðarinnar? Kjörorð verkefnisins er „lærum af hjörðinni“ sem hefur í för með sér að fylgst er grannt með hreindýrahjörðunum við öflun upplýsinga.

Björn-Willy Robstad, framkvæmdastjóri þingmannanefndarinnar, sagði frá skipulagningu ráðstefnunnar í Alaska 12.–14. ágúst 2008 og fór yfir drög að dagskrá þar sem ræða átti m.a. málefni hafs og heilbrigðis. Þá upplýsti Harro Pitkänen, varaforseti Norræna fjárfestingarbankans, nefndarmenn um framvindu samvinnuverkefnis um samgönguleiðir í tengslum við Hina norðlægu vídd Evrópusambandsins. Hann sagði mikilvægt að bæta samgöngur og uppbyggingu á norðurskautssvæðinu með hagsæld framtíðar í huga. Í því sambandi væri samvinna mikilvæg auk þess sem hún kæmi í veg fyrir skörun og tvíverknað.

Næsti dagskrárliður fundarins fjallaði um starfsemi þingmannanefndarinnar og málefni norðurskautsins innan einstakra aðildarríkja hennar. Karl V. Matthíasson, formaður Vestnorræna ráðsins, tók til máls og lýsti yfir ánægju með þá ákvörðun nefndarinnar að fjalla um heilbrigðismál á ráðstefnunni í Fairbanks og lagði áherslu á mikilvægi þess að skoða sérstaklega misnotkun vímuefna á svæðinu. Hann sagði jafnframt frá auknum samskiptum Vestnorræna ráðsins við Evrópuþingið. Karl tók einnig til máls sem fulltrúi Íslandsdeildar þingmannanefndarinnar og sagði frá þróun mála á Íslandi. Hann greindi m.a. frá starfi nefndar á vegum utanríkisráðuneytisins sem vinnur að mótun heildrænnar stefnu um norðurskauts-

mál. Að vinnu nefndarinnar koma ráðuneyti, stofnanir og hagsmunaaðilar. Karl lagði einnig áherslu á aðkomu heimspekinga og siðfræðinga að rannsóknum á norðurskautssvæðinu.

Nefndarmenn tóku ákvörðun um að veita Evrópuþinginu umboð til að kanna möguleika þess á að halda ráðstefnu þingmannanefndarinnar árið 2010.

Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál í Vladivostok, 29. maí 2008.

Karl V. Matthíasson sat fyrir hönd Íslandsdeildar fund nefndarinnar, í fjarveru formanns. Helstu mál á dagskrá voru skipulagning ráðstefnu nefndarinnar í Fairbanks, umræða um dagskrárliði hennar og drög að ráðstefnuyfirlýsingu, auk kynninga af hálfu gestgjafanna á lífsháttum frumbyggja á svæðinu.

Mikhail Nikolaev, fulltrúi þingmannanefndarinnar frá Rússlandi, bauð fundargesti velkomna til Rússlands og lagði í ræðu sinni áherslu á mikilvægi varanlegrar og friðsællar þróunar á norðurskautssvæðinu. Hann ræddi einnig um eftirrekstur Kiruna-yfirlýsingar nefndarinnar og hversu vel hann hafi tekist, sérstaklega í tengslum við hina norðlægu vídd. Í Kiruna-yfirlýsingu nefndarinnar, frá síðustu ráðstefnu sem haldin var í Kiruna 2006, er m.a. kallað eftir auknum fjárframlögum til rannsókna og samstarfs norðurskautsríkja um öryggi á hafinu, sérstaklega leitar- og björgunarmál. Einnig er lögð rík áhersla á að aðildarríkin móti stefnu við eftirfylgni skýrslu um loftslagsbreytingar á norðurslóðum þar sem niðurstöður skýrslunnar yrðu kynntar á alþjóðavísu. Einnig er skorað á stjórnvöld norðurskautsríkja að auka aðgerðir til að draga úr gróðurhúsaáhrifum og styrkja fjölþjóðasamninga um umhverfismál norðurskautsins. Þá lýsti Nikolaev yfir áhyggjum af alvarlegum heilsufarsvandamálum á svæðinu, sérstaklega í Rússlandi. Næstur tók til máls Vasily Usoltsev og bauð nefndarmenn velkomna til heimaborgar sinnar Vladivostok. Hann lagði í máli sínu áherslu á að í Dúmunni hefðu verið teknar mikilvægar ákvarðanir varðandi bætt réttindi frumbyggja í norðri, sérstaklega í tengslum við veiðar á sjó og landi. Þá ávörpuðu einnig fundinn Igor Pushkaev, borgarstjóri Vladivostok, Ruslan Kontraktov, varaþingmaður Dúmunnar, og Vladimir Zakharov, formaður nefndar um umhverfismál í rússneska þinginu.

Næsta dagskrárefni fundarins var kynning Anotoliy Startsey prófessors á félags- og efnahagslegum vandamálum frumbyggja í Rússlandi. Hann ræddi sérstaklega um timburiðnaðinn og sagði hann aldrei hafa tekið mið af hagsmunum innfæddra. Lagaákvæði eru til sem eiga að vernda réttindi innfæddra til að nýta landið en þau eru ekki virt, hvorki af fyrirtækjum, samtökum né yfirvöldum á svæðinu. Þá tóku til máls Pavel Sulyanziga, formaður samtaka rússneskra frumbyggja í norðri, og Valentine Chernyavskaya prófessor sem kynnti verkefni um þróun fámennra hópa frumbyggja í Austur-Rússlandi með áherslu á séreinkenni þjóðflokka. Þau gagnrýndu bæði harðlega áhugaleysi stjórnvalda á vandanum og kölluðu eftir auknu samráði og viðræðum við frumbyggjana og betri tengsl milli þeirra og stjórnvalda.

Isaac Edwards, ráðgjafi frá skrifstofu öldungadeildarþingmannsins Lisu Murkowski frá Bandaríkjunum, fór yfir drög að dagskrá ráðstefnunnar í Fairbanks og lýstu nefndarmenn yfir ánægju með skipulagninguna. Karl V. Matthíasson lagði til að Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra yrði boðið að taka þátt í ráðstefnunni og halda erindi um öryggismál á norðurslóðum. Vel var tekið í tillöguna. Framkvæmdastjóri þingmannanefndarinnar, Björn-Willy Robstad, kynnti fyrstu drög að ráðstefnuyfirlýsingu nefndarinnar og fór yfir uppbyggingu hennar og framkvæmd. Robert Mills, nefndarmaður frá Bandaríkjunum, lagði áherslu á að yfirlýsingin væri stutt og skorinorð. Því næst voru fundarmenn upplýstir um þróun mála varðandi umræðufund hjá Sameinuðu þjóðunum sem fyrirhugaður var 4. júní 2008. Fulltrúi frá þingmannanefndinni, Juliane Henningsen frá Grænlandi, mun taka þátt í fundinum sem er undirbúinn með aðstoð frá fastanefnd Sameinuðu þjóðanna gagnvart Noregi.

Enn fremur var fjallað um Kiruna-yfirlýsinguna frá þingmannaráðstefnu nefndarinnar árið 2006 og eftirfylgni við hana. Robert Mills lagði áherslu á mikilvægi þess að fylgja eftir afrakstri Alþjóðaheimskautaársins. Hann sagði sérstaklega brýnt að fylgja eftir þeim niðurstöðum sem fengnar hefðu verið með vísindalegum rannsóknum varðandi loftslagsbreytingar og áhrif íbúa þeirra á lifnaðarhætti á norðurskautinu.

Næsti dagskrárliður fundarins fjallaði um starfsemi þingmannanefndarinnar og málefni norðurskautsins innan einstakra aðildarríkja hennar. Karl V. Matthíasson, formaður Vestnorræna ráðsins, tók til máls og upplýsti fundargesti um starfsemi Vestnorræna ráðsins, en þar bar hæst þemaráðstefnu ráðsins um samstarf í leitar- og björgunarmálum á Norður-Atlantshafi 5.–8. júní. Robert Mills sagði nefndarmönnum frá framkvæmd G8 + 5 hópsins við að minnka útgeislun gróðurhúsalofttegunda. 95% af samkomulaginu hafa náðst og verður næsti fundur hópsins haldinn í Tókýó 27.–30. júní nk. Lofar þessi árangur góðu og mun hjálpa til við að ná frekara samkomulagi í Kaupmannahöfn 2009.

Þingmannaráðstefna um norðurskautsmál og fundir þingmannanefndar í Fairbanks, 12.–14. ágúst 2008.

Áttunda þingmannaráðstefnan um norðurskautsmál var haldin í Fairbanks í Alaska 12.–14. ágúst 2008. Fulltrúar ellefu þinga sóttu ráðstefnuna, ásamt öðrum gestum. Ráðstefnuna sóttu fyrir hönd Alþingis Sigurður Kári Kristjánsson, formaður Íslandsdeildar, Gunnar Svavarsson, varaformaður, og Jón Bjarnason. Ráðstefnan hófst með því að gestir voru ávarpaðir og boðnir velkomnir af bandaríska öldungadeildarþingmanninum Lisu Murkowski, Mark Hamilton, forseta Háskóla Alaska, Patriciu Cochran, framkvæmdastjóra ráðs Inúíta á norðurskautssvæðinu, og Sarah Palin, ríkisstjóra Alaska og varaforsetaefni Johns McCain í forsetakosningunum sem fram fóru í Bandaríkjunum í nóvember 2008.

Fyrsti hluti ráðstefnunnar var tileinkaður umfjöllun um heilsufar á norðurskautssvæðinu og málefnum hafsins. Alan Parkinson, aðstoðarframkvæmdastjóri rannsóknarmiðstöðvar um heilsufar á norðurslóðum, hélt erindi og lagði áherslu á mikilvægi þess að gerð yrði áætlun um heilsufarsmál á svæðinu innan Norðurskautsráðsins. Brýnt væri að horfast í augu við þann vanda sem blasti við þegar heilsufar frumbyggja væri skoðað og því afar mikilvægt að veita samfélögum og hagsmunaaðilum leiðsögn um hvernig best mætti nýta og miðla þeim rannsóknarniðurstöðum sem til væru. Þá hélt Björn Bjarnason dómsmálaráðherra erindi um borgaraleg viðfangsefni við gæslu öryggis á Norður-Atlantshafi og tók þátt í pallborðsumræðum um málefni hafsins. Björn ræddi um áhuga íslenskra stjórnvalda á beinum aðgerðum og hugmyndum sem stuðla að friðsælli og öruggri þróun á norðurskautssvæðinu við þær nýju aðstæður sem loftslagsbreytingar skapa. Enn fremur fjallaði Hill-Marta Solberg, formaður þingmannanefndar um norðurskautsmál, um starf nefndarinnar frá síðustu ráðstefnu í Kiruna árið 2006. Hill-Marta lagði áherslu á mikilvægi Norðurskautsráðsins og taldi tímabært, með auknum verkefnum og áskorunum, að fjölga ráðherrafundum ráðsins úr einum fundi annað hvert ár í árlega fundi. Einnig væri afar brýnt að auka samvinnu Norðurskautsráðsins við ríki utan norðurskautssvæðisins, sérstaklega ef haft væri í huga að mengun á svæðinu kemur aðallega frá ríkjum utan svæðisins. Karl V. Matthíasson, formaður Vestnorræna ráðsins, tók til máls og sagði frá niðurstöðum þemafundar ráðsins fyrr á árinu þar sem lögð var áhersla á aukið samstarf landa við Norður-Atlantshaf um leitar- og björgunarmál.

Annar hluti ráðstefnunnar var tileinkaður umfjöllun um aðlögun að loftslagsbreytingum. Mead Treadwell, formaður bandarískrar nefndar um rannsóknir á norðurskautinu, hélt fyrirlestur um aðlögun að loftslagsbreytingum í Alaska. Hann sagði afar mikilvægt að tryggja það að á meðan barist væri gegn loftslagsbreytingum væri jafnframt lögð áhersla á aðlögun að

þeim breytingum sem af hennar völdum hafa orðið. Þá ræddi Robert Mills, þingmaður frá Kanada og formaður umhverfisnefndar, um nýjar leiðir til að takast á við loftslagsbreytingar. Hann sagði tækniframfarir nauðsynlegar og lagði áherslu á að fjallað yrði um nýjar hugmyndir varðandi orkunotkun og nýtingu og ræddi í því samhengi sérstaklega um sólarorku og kosti hennar sem orkugjafa.

Þriðji hluti ráðstefnunnar var tileinkaður umræðu um orkuauðlindir og nýtingu þeirra. Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri hélt erindi um jarðvarma og reynslu Íslendinga við nýtingu hans og möguleika annarra þjóða sem búa yfir jarðvarma. Guðni fræddi ráðstefnugesti einnig um Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem starfar eftir samningi milli Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tókýó og Orkustofnunar f.h. íslenska ríkisins. Jarðhitaskólinn hefur verið starfræktur frá 1979 og er hlutverk hans að veita ungum sérfræðingum, einkum frá þróunarlöndum, sérstaka þjálfun í rannsóknum og nýtingu á jarðhita. Skólinn er þannig mikilvægur þáttur í þróunaraðstoð Íslendinga.

Undir lok ráðstefnunnar var samþykkt yfirlýsing sem að hluta til er beint til ríkisstjórna á norðurskautssvæðinu, Norðurskautsráðsins og stofnana Evrópusambandsins. Þar er m.a. kallað eftir mati á áhrifum loftslagsbreytinga á heilsufar íbúa svæðisins, vinnu við þróun samræmdra og árangursríkra reglna til að draga úr mengun skipa sem sigla um Norðurhöf og auknum rannsóknum á loftslagsbreytingum með áherslu á félagslegar og efnahagslegar þarfir íbúa svæðisins. Íslensku þingmennirnir lögðu mikla áherslu á aukið samstarf norðurskautsríkja um öryggi á hafinu, einkum um leitar- og björgunarmál, og mælti Sigurður Kári Kristjánsson sérstaklega fyrir þeirri tillögu. Voru öryggismálum á hafsvæðinu gerð góð skil í yfirlýsingunni auk þess sem áhersla var lögð á að þeir hafréttarsáttmálar sem væru í gildi á svæðinu væru virtir af alþjóðasamfélaginu. Þá var lögð áhersla á vaxandi mikilvægi svæðisins út frá landfræðilegri stöðu.

Við gerð yfirlýsingarinnar var skipuð sérstök nefnd sem hittist á fjórum fundum og fór yfir þær athugasemdir og tillögur sem lagðar voru fram. Á fyrsta fundi nefndarinnar lýsti Sigurður Kári Kristjánsson yfir óánægju sinni með það að í upphafi yfirlýsingarinnar var Ilulissat-yfirlýsingunni frá 28. maí 2008 fagnað sérstaklega. Sigurður Kári taldi rétt að fella málsgreinina út þar sem íslensk stjórnvöld hefðu verið ósátt við að eiga ekki aðild að þeim viðræðum um norðurskautið sem þar fóru fram. Sigurður Kári lagði áherslu á að Norðurskautsráðið væri vettvangur umræðu um norðurskautsmál og taldi brýnt að nýta hann sem slíkan með þátttöku allra aðildarríkjanna. Voru fundarmenn almennt sammála um að rétt væri að taka málsgreinina út úr drögum yfirlýsingarinnar og lagði formaður nefndarinnar það ítrekað til þar sem hún væri aukaatriði í yfirlýsingunni. Danski þingmaðurinn Erling Bonnesen lagði á það ríka áherslu að Ilulissat-yfirlýsingarinnar yrði getið í yfirlýsingunni. Í framhaldinu unnu fulltrúar Dana og Íslendinga að málamiðlun sem báðir voru sáttir við þar sem Ilulissat-yfirlýsingarinnar er getið en tekið fram að Íslendingum hefði verið umhugað um að öll ríki Norðurskautsráðsins væru þátttakendur í umræðu um svæðið. Yfirlýsingin var samþykkt og kynnt ráðstefnugestum.

Þá bauð Diana Wallis, þingmaður Evrópuþingsins, þátttakendur velkomna til næstu ráðstefnu þingmannanefndarinnar sem haldin verður í höfuðstöðvum Evrópuþingsins í Brussel árið 2010.

Þingmannanefnd um norðurskautsmál hélt tvo fundi samhliða ráðstefnunni og sótti Sigurður Kári fundina sem fulltrúi Íslandsdeildar. Á fyrri fundi nefndarinnar var farið yfir dagskrá ráðstefnunnar og drög að yfirlýsingu hennar. Nefndarmönnum var gefinn kostur á að gera athugasemdir við drögin og þeim var síðan komið á framfæri við nefnd sem vann að gerð yfirlýsingar ráðstefnunnar. Á síðari fundi nefndarinnar var Hill-Marta Solberg, fulltrúi

norska þingsins, endurkjörin formaður nefndarinnar til tveggja ára og Björn-Willy Robstad, starfsmaður norska þingsins, endurráðinn framkvæmdastjóri.

Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál í Östersund, 6. nóvember 2008.

Sigurður Kári Kristjánsson sat fund nefndarinnar fyrir hönd Íslandsdeildar. Helstu mál á dagskrá voru eftirfylgni við yfirlýsingu Fairbanks-ráðstefnunnar, Alþjóðaheimskautaárið, áhrif loftslagsbreytinga og lýðfræðileg þróun á norðurskautssvæðinu.

Hill-Marta Solberg, formaður nefndarinnar, bauð fundargesti velkomna til Östersund og lýsti yfir ánægju með vel heppnaða ráðstefnu nefndarinnar í Fairbanks í ágúst 2008. Í ávarpi sínu lagði hún áherslu á mikilvægi þess að nefndarmenn kynntu yfirlýsingu ráðstefnunnar og helstu niðurstöður í þingum aðildarríkjanna.

Peter Sköld, frá rannsóknarmiðstöð Sama í Háskólanum í Umea, hélt fyrirlestur um lýðfræði og frumbyggja norðurskautsins. Hann sagði skort á fullnægjandi þekkingu á málefnum frumbyggja oft og tíðum vinna gegn hagsmunum þeirra. Ábyrgð hinna norðlægu ríkja væri mikil gagnvart málefnum norðursins og ekki síst frumbyggjum svæðisins. Hann lagði áherslu á að háskólar á norðurslóðum beindu sjónum sínum í auknum mæli að málaflokknum. Þá ræddi hann um skort á upplýsingum um fjölda Sama á svæðinu, hverjir væru skilgreindir sem Samar og þörf fyrir aukna alþjóðlega samvinnu og fjármagn.

Hill-Marta Solberg fór stuttlega yfir aðkomu þingmannanefndarinnar að hinni norðlægu vídd Evrópusambandsins og gaf því næst Henrik Olsen frá skrifstofu Evrópuþingsins orðið. Henrik upplýsti nefndarmenn um undirbúning fyrsta fundar þingmannavettvangs hinnar norðlægu víddar sem haldinn verður í Brussel 25.–26. febrúar 2009. Mikhail Nikolaev, þingmaður frá Rússlandi, bað fundarmenn að minnast tillögu sem hann lagði fyrir nefndina varðandi hina norðlægu vídd og óskaði eftir því að hún yrði tekin upp á næsta fundi nefndarinnar í febrúar 2009. Enn fremur ræddi Ingemar Naslund, frá stjórnsýslu héraðsins, um afleiðingar loftslagsbreytinga í Östersund og nágrenni. Þá var stuttlega fjallað um Kiruna-yfirlýsinguna og eftirfylgni við hana.

Næsti dagskrárliður fundarins fjallaði um starfsemi þingmannanefndarinnar og málefni norðurskautsins innan einstakra aðildarríkja hennar. Sigurður Kári Kristjánsson, formaður Íslandsdeildar, tók til máls og gagnrýndi bresk stjórnvöld harðlega fyrir beitingu hryðjuverkalaga gegn Landsbanka Íslands. Hann sagði að fyrir því væru engin fordæmi að aðildarríki NATO beitti hryðjuverkalögum gegn öðru NATO-ríki og í raun væri um misbeitingu laganna að ræða þar sem algjörlega væri horft fram hjá upprunalegum tilgangi þeirra. Með beitingu laganna gegn Íslandi og Íslendingum hefðu bresk stjórnvöld sett þjóðina í hóp með talíbönum, hryðjuverkasamtökunum Al Kaída, Norður-Kóreu, Íran og Súdan sem Bretland hafði áður beitt sambærilegum aðgerðum gegn. Slíkum aðgerðum lýsti Sigurður Kári sem fullkomlega óásættanlegum. Hann benti enn fremur á að í öðrum ríkjum þar sem íslenskir bankar hefðu starfrækt útibú hefðu ríkisstjórnir unnið faglega með íslensku bönkunum við að leysa þau vandamál sem komið hefðu upp í kjölfar fjármálakreppunnar. Í framhaldinu hvatti hann þingmenn aðildarríkjanna til að koma á framfæri sambærilegri gagnrýni gagnvart breskum stjórnvöldum og misbeitingu laganna. Kári Højgaard, formaður Vestnorræna ráðsins, tók í sama streng og gagnrýndi Breta í ræðu sinni fyrir beitingu hryðjuverkalaganna gegn Íslandi.

Alþingi, 13. mars 2009.

Sigurður Kári Kristjánsson, form.	Gunnar Svavarsson, varaform.	Jón Bjarnason.

725. Frumvarp til laga [429. mál]

um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, 4. málsl., svohljóðandi: Sama á við um afla sem fæst við veiðar sem fara fram í fræðsluskyni, enda séu veiðarnar óverulegar og aflinn ekki fénýttur.

2. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í frístundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með sjóstöng og handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari málsgrein er einungis heimilt að hafa til eigin neyslu og er óheimilt að selja eða fénýta hann á annan hátt.

Ráðherra er heimilt að ákveða árlega að á tilteknum fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta teljist afli ekki til aflamarks eða krókaaflamarks, enda sé aflinn einungis fénýttur til að standa straum af kostnaði við mótshaldið.

Aðilum sem reka ferðaþjónustu og hyggjast nýta við þann rekstur báta til frístundaveiða er skylt að sækja um sérstakt leyfi til Fiskistofu fyrir hvern bát sem nota skal í því skyni. Einungis er heimilt að veita leyfi til frístundaveiða aðilum sem fengið hafa leyfi sem Ferðamálastofa gefur út með stoð í 8. gr. laga nr. 73/2005, um skipan ferðamála. Einungis er heimilt að stunda veiðar með sjóstöng og handfærum án sjálfvirknibúnaðar á þeim bátum sem leyfi fá samkvæmt þessari grein.

Leyfi til frístundaveiða, sbr. 3. mgr., eru tvenns konar:

1. Leyfi til að veiða tiltekinn fjölda fiska af kvótabundnum fisktegundum á hvert handfæri eða sjóstöng dag hvern og reiknast sá afli ekki til aflamarks viðkomandi báts. Ekki er heimilt að nota fleiri en fimm sjóstangir og/eða færarúllur samtímis. Óheimilt er að selja eða fénýta á annan hátt afla sem fæst við veiðar sem heimilar eru samkvæmt þessum tölulið.
2. Leyfi til veiða sem takmarkast af aflamarki eða krókaaflamarki viðkomandi báts. Ráðherra ákveður með reglugerð hversu miklu magni hverjum báti sem stundar veiðar samkvæmt þessum tölulið er heimilt að landa daglega af ákveðnum kvótabundnum tegundum, sem ekki reiknast til aflamarks/krókaaflamarks viðkomandi báts. Allur afli þessara báta skal veginn í samræmi við gildandi reglur um vigtun og skráningu sjávarafla. Um afla þessara báta gilda ekki ákvæði laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Ekki skal leitað staðfestingar Verðlagsstofu skiptaverðs skv. 4. málsl. 3. mgr. 15. gr. vegna flutnings aflamarks til þessara báta. Heimilt er að selja og fénýta á annan hátt afla sem fæst við veiðar sem heimilar eru samkvæmt þessum tölulið.

Innan sama fiskveiðiárs er einungis heimilt að veita báti leyfi annaðhvort skv. 1. tölul. 4. mgr. eða 2. tölul. 4. mgr. Við veitingu leyfa til frístundaveiða koma aðeins til greina skip sem hafa haffærisskírteini og skrásett eru á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands eða á sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um

fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Leyfi til frístundaveiða skulu veitt til eins fiskveiðiárs í senn. Ekki er heimilt innan sama fiskveiðiárs að stunda fiskveiðar í atvinnuskyni á báti sem fengið hefur leyfi til frístundaveiða. Þó er Fiskistofu heimilt að veita bátum tímabundin leyfi til frístundaveiða sem gildi fyrir tímabilið 1. maí–31. ágúst, enda stundi þeir ekki veiðar í atvinnuskyni innan þess tímabils.

Rekstraraðili skal með sannanlegum hætti kynna fyrir áhöfn báts reglur um takmarkanir sem kunna að vera á veiðum á þeim svæðum þar sem líklegt má telja að báturinn stundi frístundaveiðar og enn fremur reglur um bann við brottkasti afla og reglur um meðferð afla.

Ráðherra setur í reglugerð frekari skilyrði og reglur um frístundaveiðar, þ.m.t. um skil á skýrslum vegna veiða frístundaveiðibáta og á sjóstangaveiðimótum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Til að styðja við ferðaþjónustu í byggðarlögum þar sem gerðir eru út bátar til frístundaveiða.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra skal áætla fyrir hvert fiskveiðiár það heildaraflamark sem ráðstafað er til frístundaveiða. Ráðherra ákveður jafnframt hversu mikill afli skuli ekki reiknast til aflamarks og getur hann breytt fyrri ákvörðun sinni í því efni innan fiskveiðiárs, m.a. með hliðsjón af áætluðum heildarafla og fjölda frístundabáta og þróun veiðanna.

4. gr.

Lokamálsliður 2. mgr. 22. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Frá og með fiskveiðiárinu 2009/2010 skal skipta leyfilegum heildarafla í karfa upp í gullkarfa og djúpkarfa. Skal aflahlutdeild hvers fiskiskips í hvorri tegund í upphafi fiskveiðiársins 2009/2010 vera hin sama og hún hefði að óbreyttum lögum orðið í karfa.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða:

– Ráðherra fái heimild til að leyfa takmarkaðar veiðar í fræðsluskyni.
– Settar verði ítarlegar reglur um frístundaveiðar sem fara fram á vegum ferðaþjónustuaðila.
– Leyfilegum heildarafla í karfa verði skipt upp í veiðar úr gullkarfa og djúpkarfa.

Viðamesta breytingin lýtur að skipan frístundaveiða og verður því gerð almenn grein fyrir þeim tillögum sem hér er lagt til að gerðar verði á þeim en um aðrar breytingartillögur vísast til athugasemda við einstakar greinar. Frístundaveiðar við Ísland er nýr vaxandi þáttur í ferðaþjónustu hér við land en veiðar á frístundafiskibátum eins og þekkjast í dag hófust að marki á Vestfjörðum árið 2006. Þessar veiðar hafa bæði verið stundaðar á venjulegum fiski-

bátum sem í annan tíma stunda veiðar í atvinnuskyni og sérstökum frístundabátum sem hafa verið smíðaðir sérstaklega í þessum tilgangi. Í samstarfi samgönguráðuneytisins og sjávarútvegsráðuneytisins og stofnana ráðuneytanna varð til skilgreining á fiskibátum til þessara nota og eru þeir skráðir sem slíkir. Frístundafiskibátur er að jafnaði minni og meðfærilegri en almennir handfærabátar og allur búnaður bátsins við það miðaður að þeir sem nota bátinn séu aðilar sem hafa ekki langa viðdvöl um borð í bátnum. Ekki var þó í neinu slakað á öryggiskröfum við smíðina enda bátarnir smíðaðir samkvæmt þeim kröfum og reglum sem almennt gilda um smíði íslenskra fiskiskipa.

Fyrir liggja allnákvæmar upplýsingar um afla þessara frístundafiskveiðibáta enda hafa þeir bátar verið með leyfi til veiða í atvinnuskyni og þurfa að uppfylla þau skilyrði sem sett eru í lögum og reglum um stjórn fiskveiða, þar á meðal um vigtun og skráningu sjávarafla. Heildarveiði þessara báta var um 200 tonn árið 2007 og var þorskafli þar af um180 tonn. Árið 2008 var heildaraflinn um 250 tonn og var þorskafli þar af um 220 tonn. Er fjöldi skráðra frístundabáta nú 43. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um fjölda annarra báta sem selja ferðir í sjóstangaveiði. Nokkrir aðilar sem selja skoðunarferðir á sjó bjóða einnig upp á sjóstangaveiði samhliða skoðunarferðunum, annaðhvort sem hluta afþreyingar í skoðunarferðum eða sem sérstakar veiðiferðir á sjóstöng. En líkt og með frístundafiskveiðarnar hefur slík ferðaþjónusta verið vaxandi undanfarin ár.

Þann 20. febrúar 2008 skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp sem samkvæmt skipunarbréfi hafði það hlutverk að fara yfir starfsumhverfi frístundabáta og greina hvort og með hvaða hætti unnt væri að taka tillit til sérstöðu útgerðar frístundaveiðibáta með hliðsjón af gildandi ákvæðum fiskveiðistjórnarlaga um nýtingu og verndun nytjastofna sjávar. Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni til ráðherra í janúar 2009. Við samningu þessa frumvarps var að miklu leyti tekið mið af niðurstöðum og tillögum starfshópsins og er með því tekið á þeim þáttum sem ætlað er að skýra og styrkja starfsumhverfi þessarar greinar ferðaþjónustunnar eins og hún snýr að markmiðum fiskveiðistjórnarinnar. Meginþættir tillagna nefndarinnar eru að veiðar frístundabáta verði leyfisbundnar og að þeir fái mjög takmarkaða heimild til þess að veiða fisk sem ekki reiknist til aflamarks þess báts sem hann veiðir. Í starfi nefndarinnar var uppi sú hugmynd að á hvert færi á báti sem leyfi hefði til veiða skv. 1. tölul. 4. mgr. 6. gr., sbr. 2. gr. frumvarpsins, mætti veiða fimm fiska daglega en bátum sem leyfi hefðu skv. 2. tölul. 4. mgr. sömu greinar væri heimilt að landa 10 kg utan kvóta daglega en eins og áður er sagt ræðst það af mati ráðherra og er þetta aðeins nefnt hér til skýringar. Er nánari grein gerð fyrir þessu í athugasemdum við 2. og 3. gr. Í þessu frumvarpi eru sett önnur almenn skilyrði fyrir þessari starfsemi sem ætlað er að taka tillit til nokkurrar sérstöðu hennar og fella hana að því fiskveiðistjórnarkerfi sem hér er beitt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 3. og 4. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna er kveðið á um að afli sem veiddur er í rannsóknarskyni á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar eða við vísindalegar rannsóknir annarra aðila skuli ekki reiknist til heildarafla. Ekki er til staðar sérstök heimild til handa ráðherra að leyfa sérstaklega á sama hátt veiðar sem fara fram í fræðsluskyni, t.d. á skólabátum, en umsóknir um slíkt berast ráðuneytinu stundum og koma þær einkum frá fræðsluyfirvöldum. Hér yrði um mjög óverulegar veiðar að ræða, fyrst og fremst í því skyni að kynna fyrir t.a.m. nemendum í skólum veiðar, notkun veiðarfæra og lífríki hafsins við Ísland. Er því lagt til að ráðherra fái heimild til þess að veita þessa undanþágu í takmörkuðum mæli, enda verði aflinn ekki fénýttur.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. 6. gr. laganna er að finna gildandi ákvæði til veiða í tómstundum til eigin neyslu. Þá er í 2. mgr. sömu greinar heimildarákvæði ráðherra til að ákveða tiltekinn fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta þar sem afli telst ekki til aflamarks eða krókaaflamarks.

Í 1. og 2. mgr. 2. gr. þessa frumvarps er gert ráð fyrir því að 1.–2. mgr. 6. gr. verði efnislega óbreyttar en þó er lagt til að gerðar verði þrjár minni háttar breytingar á þessum greinum. Í fyrsta lagi er lagt til að í stað þess að segja að heimilt sé í „tómstundum“ að stunda veiðar til eigin neyslu eins og gert er í 1. mgr. 6. gr. þá verði notað orðalagið „í frístundum“ til samræmis við það orðalag sem almennt er notað í frumvarpinu. Í öðru lagi er lagt til að í sömu málsgrein verði sjóstöng tilgreind sem leyfilegt veiðarfæri en ekki handfæri eingöngu eins og nú er þar sem oftast munu sjóstangir vera notaðar við frístundaveiðar en ekki handfæri og þykir rétt að orðalag greinarinnar endurspegli það. Í þriðja lagi er lagt til að fellt verði niður í 2. mgr. 6. gr. ákvæði um að veiðidagar reiknist ekki til sóknardaga þar sem sóknardagakerfið hefur verið fellt niður.

Þær málsgreinar sem á eftir koma, þ.e. 3.–8. mgr. 2. gr. frumvarpsins, eru hins vegar nýmæli sem lúta að frístundaveiðum þeirra aðila sem reka ferðaþjónustu. Í 3. mgr. er lagt til að ferðaþjónustuaðilar sem hyggjast bjóða viðskiptamönnum sínum upp á möguleika til þess að stunda veiðar í sjó hér við land þurfi að sækja um leyfi til Fiskistofu fyrir hvern bát sem þeir ætla að nota í því skyni. Gildir það hvort sem ferðaþjónustuaðilar stunda eingöngu sjóstangaveiðar eða veiðarnar eru einungis hluti þeirrar afþreyingar sem boðið er upp á. Skilyrði fyrir útgáfu þessa leyfis er að fyrir liggi leyfi Ferðamálastofu sem hún gefur út með stoð í 8. gr. laga nr. 73 24. maí 2005, um skipan ferðamála. Er útgáfa leyfis Fiskistofu háð framangreindu skilyrði til þess að ferðamálayfirvöld geti betur tryggt að öll umgjörð um þessa starfsemi sé með þeim hætti að fylgt sé fullnægjandi gæða- og öryggiskröfum auk þess sem eftirlit verði með þeim þáttum sem Ferðamálastofa telur ástæðu til.

Í 4. mgr. er gerður greinarmunur á tvenns konar leyfum sem Fiskistofa gefur út til frístundaveiða. Annars vegar er um að ræða leyfi til handa þeim hópi sem stundar blandaða starfsemi þar sem sjóstangaveiði er ekki meginþátturinn í þeirri þjónustu sem boðið er upp á. Eru aðilum í þessum hópi heimilaðar mjög takmarkaðar veiðar með takmarkaðan fjölda sjóstanga án þess að leggja þurfi til aflaheimildir. Hins vegar er um að ræða leyfi til handa þeim aðilum sem markvisst gera út á sjóstangaveiðar í þeirri þjónustu sem boðið er upp á. Ráðherra skal ákveða hversu mikið magn skuli ekki reiknast til aflamarks frístundabáta og er nánari grein gerð fyrir því í athugasemdum við 3. gr.

Þannig er gerður greinarmunur á aðilum í ferðaþjónustu sem annars vegar markvisst stunda fiskveiðar og hins vegar þeim aðilum sem bjóða upp á blandaða starfsemi þar sem sjóstangaveiðar eru óverulegur þáttur í þeirri afþreyingu sem í boði er. Mikilvægt er að mörkin milli þessara tveggja hópa séu skýr þannig að ljóst sé í hvorn flokkinn tiltekin starfsemi fellur og val aðila sé gert skýrt háð umfangi og eðli starfsemi þeirra. Þess vegna er kveðið á um það í 1. málsl. 5. mgr. að hver bátur eigi aðeins kost á leyfi til frístundaveiða annaðhvort skv. 1. tölul. eða 2. tölul. 4. mgr.

Í 5. mgr. er áréttað að aðeins komi til greina við veitingu frístundaleyfa þau skip sem hafa haffærisskírteini og skrásett eru á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands eða á sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum. Eigendur þeirra og útgerðir verða að fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Eru þetta sömu skilyrði og eru fyrir veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni skv. 5. gr. laganna.

Í 6. mgr. er kveðið á um að leyfi til frístundaveiða skuli veitt til eins fiskveiðiárs í senn og ekki sé heimilt innan sama fiskveiðiárs að stunda veiðar í atvinnuskyni á báti sem fengið hefur leyfi til frístundaveiða. Þó er gerð sú undanþága að heimilt er að veita bátum tímabundin leyfi til frístundaveiða enda stundi þeir ekki veiðar í atvinnuskyni innan þess tímabils.

Í 7. mgr. er sett fram sú skylda að rekstraraðili skuli með sannanlegum hætti kynna fyrir áhöfn báts reglur um sérhverjar takmarkanir sem kunna að vera á veiðum á þeim svæðum þar sem líklegt má telja að báturinn stundi frístundaveiðar. Þar að auki reglur um bann við brottkasti afla og meðferð hans. Ábyrgð rekstraraðila felst því einkum í að sinna þeim skyldum sem á hann eru lagðar í þessu ákvæði ásamt því að skila skýrslum um veiðarnar.

Í 8. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til þess að setja reglugerð um frekari skilyrði og reglur um frístundaveiðar, svo sem um skil á skýrslum um veiðar og önnur skilyrði vegna veiða frístundaveiðibáta og á sjóstangaveiðimótum.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að tvær breytingar verði gerðar á 10. gr. laganna. Þar segir að ráðherra hafi árlega til ráðstöfunar 12 þús. lestir af óslægðum botnfiski sem hann geti ráðstafað þannig:

1. Til fiskiskipa til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda.
2. Til stuðnings byggðarlögum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi eða óvæntrar skerðingar aflaheimilda sem hafa haft áhrif á atvinnuástandið.

Samkvæmt a-lið frumvarpsgreinarinnar er lagt til að við bætist nýr töluliður sem verði 3. tölul. og hljóði svo: Til að styðja við ferðaþjónustu í byggðarlögum þar sem gerðir eru út bátar til frístundaveiða.

Hér er lagt til að ráðherra fái heimild til að ráðstafa ákveðnu magni af þeim heimildum sem hann hefur til þess að mæta skerðingu í aflamarki og til að styðja við byggðarlög í vanda til þess að efla ferðaþjónustu í byggðarlögum þar sem bátar eru gerðir út í því skyni. Eins og rakið hefur verið hefur orðið mikil aukning í rekstri ferðaþjónustu sem gerir að hluta til eða jafnvel að öllu leyti út á veiðar. Það er ljóst að slíkur rekstur getur mjög eflt ferðamannaiðnað í hlutaðeigandi byggðarlagi og stuðlað að fjölgun starfa þar. Hins vegar er einnig ljóst að nauðsynlegt er að setja þessum veiðum einhver mörk og koma skipulagi á þær þannig að þær megi þróast eðlilega og ekki sé ójafnvægi milli þessarar greinar ferðamannaiðnaðar og hinna almennu fiskveiða sem stundaðar eru í atvinnuskyni.

Samkvæmt b-lið frumvarpsgreinarinnar ákveður ráðherra fyrir hvert fiskveiðiár þann heildarafla sem ætlaður er til eflingar starfsemi fyrirtækja í ferðaþjónustu sem nýta við þann rekstur báta til frístundaveiða. Síðan ákveður hann hversu miklum afla hver bátur megi landa af kvótabundnum tegundum sem ekki reiknast til aflamarks/krókaaflamarks. Hann gerir það á grundvelli upplýsinga um fjölda báta sem leyfi fá til frístundaveiða. Það magn sem ekki reiknast til aflamarks getur bæði verið ákveðið sem fjöldi kílóa eða sem fjöldi fiska. Verði fjöldi báta umtalsvert meiri en áætlað var á grunni fyrirliggjandi upplýsinga getur ráðherra á hverjum tíma ákveðið að það magn sem kemur til frádráttar við löndun sé lækkað frá tilteknum tíma. Þannig er gert betur kleift að halda ákvörðuðu magni innan þeirra marka sem ákveðið var fyrir yfirstandandi fiskveiðiár. Það heildarmagn sem hann ákveður í þessu skyni dregst frá við úthlutun leyfilegs heildarafla skv. 1. tölul. 3. mgr. 8. gr. laganna.

Um 4. gr.

Engin tilvísun er lengur í lögunum til krókabáta. Þetta ákvæði er enn fremur óþarft þar sem 2. málsl. þessarar sömu málsgreinar tekur til álagningar veiðigjalds vegna veiða króka-

aflamarksbáta á tegundum sem þeim eru ekki úthlutaðar veiðiheimildir í. Því er lagt til að ákvæðið sé fellt brott.

Um 5. gr.

Allt frá upphafi kvótakerfisins 1984 hefur úthlutun aflaheimilda í karfa tekið til tveggja tegunda karfa, þ.e. djúpkarfa og gullkarfa. Hafrannsóknastofnunin hefur í nokkur ár lagt til í ráðgjöf sinni að aflamarki í gullkarfa og djúpkarfa verði úthlutað aðskildu. Þann 14. nóvember 2008 skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp sem ætlað var að gera tillögur um reglur við framkvæmd skiptingar á heildaraflamarki fyrir gull- og djúpkarfa. Var hópurinn skipaður fulltrúum Landssambands íslenskra útvegsmanna, Hafrannsóknastofnunarinnar og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Lagt er til að hvert skip fái sömu aflahlutdeild í gullkarfa og djúpkarfa og það hefði í karfa. Yrði þannig aflahlutdeild í gullkarfa og djúpkarfa hin sama. Er hér lagt til að tillögu nefndarinnar verði fylgt. Hópurinn skilaði tillögum sínum til ráðherra með bréfi dags. 12. desember 2008.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

726. Svar [339. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um verktakavinnu fyrir heilbrigðisráðuneytið.

1. *Hvaða verkefnum sinntu verktakar fyrir heilbrigðisráðuneytið á tímabilinu 1.6.2007–1.2.2009?*

Frá 1.6.2007–1.2.2009 voru verktakar fengnir til að sinna eftirfarandi verkefnum fyrir ráðuneytið:

- Ráðgjafavinna fyrir ráðherra og ráðuneyti.
- Vinna vegna funda með ýmsum aðilum.
- Vinna við gerð frumvarpa fyrir ráðuneytið.
- Vinna við mótun, gerð og kynningu á heilsustefnu.
- Vinna vegna framkvæmdar heilsustefnu.
- Vinna vegna stefnumótunardags ráðuneytisins.
- PR-vinna og ráðgjöf vegna PR-mála.
- Fjölmiðlaþjálfun og ráðgjöf því tengd.
- Ráðgjafavinna og fundir vegna lyfjamála.
- Úttekt á Heilbrigðisstofnun Austurlands og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.
- Vinna við undirbúning skipulagsbreytinga o.fl.
- Vinna vegna hagræðingarverkefna.
- Mótun hugmynda að skipulagi stofnana ráðuneytisins (stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana).

Verkefnin sem talin eru upp hér eru ný verkefni sem verktakar voru fengnir til að sinna frá 1.6.2007– 1.2.2009. Verktakar sinna ýmsum öðrum verkefnum fyrir ráðuneytið sem ekki eru talin upp hér að framan en um er að ræða verkefni sem byrjað var á fyrir 1.6.2007 eða hafa verið unnin tilfallandi fyrir ráðuneytið á undanförnum árum. Hér má nefna ráðgjöf við öldrunarmál, rekstur og hugbúnaðargerð vegna Rai-matskerfis og vistunarmatskerfis, túlka-

þjónustu, sálfræðiþjónustu vegna Breiðavíkur- og Byrgismála, ráðningarþjónustu auk hugbúnaðarþjónustu og annarrar þjónustu vegna upplýsingatæknimála. Þá er kerfisfræðiþjónusta og önnur þjónusta vegna nefndar um greiðsluþátttöku almennings í heilbrigðiskerfinu ekki talin hér með.

2. *Hversu margir verktakar störfuðu fyrir ráðuneytið á því tímabili og hverjir voru þeir?*

Eftirfarandi verktakar voru fengnir til starfa fyrir ráðuneytið á tímabilinu 1.6.2007 til og með 1.2.2009:

1. Rannsóknir & Greining ehf.
2. Hið íslenska ráðgjafahús.
3. Franca ehf.
4. S&G Ráðgjöf ehf.
5. Andi.
6. Argyron ehf.
7. Reykjavík Economics.
8. DP lögmenn/DP fasteignir.

3. *Hvað greiddi ráðuneytið verktökunum fyrir vinnu þeirra?*

Greiðslur til verktakanna voru eftirfarandi:

Verktaki	**Fjárhæð án vsk**	**Fjárhæð með vsk**
Rannsóknir & Greining ehf.	1.200.000	1.494.000
Hið íslenska ráðgjafahús	2.040.500	2.540.424
Franca ehf.	2.030.800	2.528.816
S&G Ráðgjöf ehf.	1.392.000	1.739.050
Andi	2.475.000	3.081.375
Argyron ehf.	8.572.500	10.672.762
Reykjavík Economics	742.500	924.413
DP lögmenn/DP fasteignir	1.062.500	1.322.813

4. *Hversu stór hluti af vinnu verktakanna fyrir ráðuneytið tengist fyrirhuguðum skipulagsbreytingum á heilbrigðiskerfinu?*

Vinna samkvæmt eftirfarandi sundurliðun tengist fyrirhuguðum skipulagsbreytingum í heilbrigðiskerfinu:

Verktaki	**Verkefni**	**Fjöldi tíma**	**Fjárhæð án vsk**	**Fjárhæð með vsk**
Argyron ehf.	Undirbúningur skipulagsbreytinga o.fl.	249	3.112.500	3.875.062
S&G Ráðgjöf	Hagræðingaraðgerðir	8	88.000	109.560
Samtals		**257**	**3.200.500**	**3.984.622**

5. *Voru verkefnin sem verktakarnir sinntu boðin út eða auglýst á vegum ráðuneytisins?*

Verkefnin sem verktakarnir sinntu voru ekki boðin út eða auglýst á vegum ráðuneytisins.

727. Fyrirspurn [430. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um almenna notkun íslensks merkis fyrir ábyrgar fiskveiðar.

Frá Merði Árnasyni.

Með hvaða hætti er hið íslenska merki fyrir ábyrgar fiskveiðar komið í „almenna notkun“ án þess að fyrir liggi viðeigandi kröfulýsing og án þess að fenginn hafi verið óháður vottunaraðili til að ábyrgjast notkun merkisins, sbr. nýlegt svar ráðherra (þskj. 706, 341. mál)?

Skriflegt svar óskast.

728. Fyrirspurn [431. mál]

til utanríkisráðherra um Icesave-ábyrgðir og flýtimeðferð.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Eru til gögn í ráðuneytinu sem benda til þess að ef til vill hafi verið mögulegt að flýta því að Bretar tækju Icesave-ábyrgðirnar í breska lögsögu?

Skriflegt svar óskast.

729. Fyrirspurn [432. mál]

til fjármálaráðherra um Icesave-ábyrgðir og flýtimeðferð.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Eru til gögn í ráðuneytinu sem benda til þess að ef til vill hafi verið mögulegt að flýta því að Bretar tækju Icesave-ábyrgðirnar í breska lögsögu?

Skriflegt svar óskast.

730. Fyrirspurn [433. mál]

til viðskiptaráðherra um Icesave-ábyrgðir og flýtimeðferð.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Eru til gögn í ráðuneytinu sem benda til þess að ef til vill hafi verið mögulegt að flýta því að Bretar tækju Icesave-ábyrgðirnar í breska lögsögu?

Skriflegt svar óskast.

731. Fyrirspurn [434. mál]

til forsætisráðherra um minnisblöð, hljóðritanir o.fl. varðandi Icesave-ábyrgðir.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Eru til minnisblöð, hljóðritanir símtala eða önnur gögn í forsætisráðuneytinu um samskipti íslenskra og breskra stjórnvalda, þ.m.t. ráðherra, dagana 3.–6. október sl.?
2. Ef svo er, geta þau gögn varpað ljósi á þá atburðarás sem deilt hefur verið um varðandi mögulegan flýti á því að Bretar tækju Icesave-ábyrgðirnar í breska lögsögu?
3. Ef svo er, hvert er meginefni þessara gagna?
4. Eru til minnisblöð, hljóðritanir símtala eða önnur gögn sem benda til þess að forsætisráðherra hafi með einhverjum hætti komið að ákvörðun Seðlabankans um lánveitingar til a) Landsbankans, b) Kaupþings á framangreindum tíma – og ef svo er, með hvaða hætti?

Skriflegt svar óskast.

732. Fyrirspurn [435. mál]

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um kynningarstarf vegna hvalveiða.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvernig hefur verið háttað kynningu á málstað og sjónarmiðum stjórnvalda í hvalveiðimálum á árunum 1998–2008, sbr. þingsályktun á 123. löggjafarþingi (92. mál), hverjir hafa markhóparnir verið og hverjir hafa skipulagt kynningarstarfið og annast það?

2. Hversu miklir fjármunir hafa runnið til slíkrar kynningar af fjárlögum hvers árs á þessu tímabili, af ráðstöfunarfé ráðherra og úr einstökum sjóðum sem ráðherra ber ábyrgð á, og hvernig hefur þeim verið varið, flokkað eftir árum, svo sem til ráðgjafar- og almannatengslafyrirtækja heima og erlendis, samtaka sem berjast fyrir hvalveiðum, í auglýsingar (hvar?), til annars kynningarefnis (hvers?), ferða á ráðstefnur (hverjar?), annars ferðakostnaðar (hvers?) o.s.frv., bæði af fjárlagalið 05-190-1.33 og öðrum liðum ráðuneytisins?

Skriflegt svar óskast.

733. Þingsályktun [13. mál]

um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 18 2. nóvember 1992.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars 2009.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Skal frumvarp sem felur í sér lögfestingu samningsins og aðlögun íslenskra laga að sáttmálanum liggja fyrir 20. nóvember 2009.

734. Frumvarp til laga [53. mál]

um breyting á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 16. mars.)

1. gr.

99. gr. laganna orðast svo:

Með verðbréfum er í þessum kafla átt við verðbréf sem atkvæðisréttur fylgir, jafnvel þótt nýting atkvæðisréttarins falli niður, og fjármálagerninga sem veita rétt til að afla þegar útgefinna slíkra verðbréfa.

Ákvæði þessa kafla gilda um yfirtöku sem tekur til útgefanda með skráðar höfuðstöðvar á Íslandi hvers verðbréf hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi.

Þau ákvæði kafla þessa sem fjalla um upplýsingar sem veittar skulu starfsmönnum þess útgefanda sem yfirtökutilboð tekur til skulu gilda gagnvart stjórn útgefanda með skráðar höfuðstöðvar á Íslandi sem hefur fengið flokk verðbréfa tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan EES, en ekki á Íslandi. Sama á við gagnvart þessum útgefendum varðandi þau ákvæði kaflans sem tengjast félagarétti og þau ákvæði hans sem heimila stjórn að grípa til hvers kyns aðgerða sem geta komið í veg fyrir yfirtökutilboðið. Ákvæði

kafla þessa taka ekki til yfirtöku á útgefanda með skráðar höfuðstöðvar á Íslandi sem hefur eingöngu fengið verðbréf tekin til viðskipta á verðbréfamarkaði utan EES.

Um yfirtökutilboð sem tekur til útgefanda með skráðar höfuðstöðvar í öðru ríki innan EES og sem hefur fengið flokk verðbréfa tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi gilda eingöngu þau ákvæði kaflans sem fjalla um endurgjald þegar um er að ræða skyldubundið yfirtökutilboð og þau ákvæði sem fjalla um málsmeðferð tilboðsins. Ákvæði kaflans gilda ekki ef viðkomandi útgefandi hefur einnig fengið flokk verðbréfa tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í því ríki þar sem höfuðstöðvar þess eru skráðar.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. gilda ákvæði kaflans ekki ef útgefandi hefur fengið flokk verðbréfa tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í öðru ríki innan EES en því þar sem höfuðstöðvar hans eru skráðar, áður en verðbréf hans eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi. Ef verðbréf útgefanda eru samtímis tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi og í öðru ríki EES en því þar sem höfuðstöðvar þess eru skráðar skal útgefandi ákveða reglur hvors ríkisins skulu gilda um hann varðandi endurgjald þegar um er að ræða skyldubundið yfirtökutilboð og þau ákvæði sem fjalla um málsmeðferð tilboðsins og tilkynna það til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar og lögbærs yfirvalds áður en viðskipti hefjast.

Ákvæði þessa kafla gilda um yfirtökutilboð sem tekur til útgefanda með skráðar höfuðstöðvar í ríki utan EES sem hefur fengið flokk verðbréfa tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eingöngu á Íslandi, en ekki öðrum verðbréfamörkuðum.

Um yfirtökutilboð sem tekur til útgefanda með skráðar höfuðstöðvar í ríki utan EES sem hefur fengið flokk verðbréfa tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi og öðrum verðbréfamörkuðum gilda eingöngu þau ákvæði kaflans sem fjalla um endurgjald þegar um er að ræða skyldubundin yfirtökutilboð og þau ákvæði sem fjalla um málsmeðferð tilboðsins.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 100. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Hafi aðili beint eða óbeint náð yfirráðum í félagi þar sem flokkur verðbréfa hefur verið tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal sá aðili eigi síðar en fjórum vikum eftir að hann vissi eða mátti vita um tilboðsskyldu eða niðurstaða um hana lá fyrir gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð, þ.e. tilboð um að kaupa hluti þeirra í félaginu. Með yfirráðum er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við:

1. hafi samanlagt eignast a.m.k. 30% atkvæðisréttar í félaginu,
2. hafi á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur a.m.k. 30% atkvæða í félaginu, eða
3. hafi öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félaginu.

b. 1. tölul. 3. mgr. orðast svo: Hjón, aðilar í staðfestri samvist, aðilar í skráðri sambúð og börn hjóna eða aðila í staðfestri samvist eða skráðri sambúð.

c. Við 3. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Bein eða óbein tengsl á milli aðila innan eða utan þess félags sem í hlut á, hvort sem um er að ræða rík hagsmunatengsl eða persónuleg tengsl, reist á skyldleika, tengdum eða vináttu, eða tengsl reist á fjárhagslegum hagsmunum eða samningum, sem líkleg eru til að leiða til samstöðu aðila um að stýra málefnum félagsins í samráði hvor eða hver við annan þannig að þeir ráði yfir því.

d. 4. mgr. orðast svo:

Tilboðsskylda skv. 1. mgr. hvílir á þeim aðila samstarfs sem eykur við hlut sinn þannig að mörkum 1. mgr. sé náð. Ef sá aðili samstarfs sem eykur við hlut sinn er ekki höfuðaðili samstarfsins getur Fjármálaeftirlitið í undantekningartilfellum tekið ákvörðun um að yfirtökuskyldan færist yfir á höfuðaðila samstarfsins. Fjármálaeftirlitið getur heimilað að aðrir megi einnig standa að tilboði einir sér eða með þeim sem er tilboðsskyldur samkvæmt þessari málsgrein, enda sé um það sótt eigi síðar en tveimur vikum eftir að sá er tilboðsskyldur er vissi eða mátti vita um þá skyldu eða úrlausn um tilboðsskyldu lá fyrir. Skulu þá aðilar bera óskipta ábyrgð á tilboðinu og efndum þess.

e. Við 5. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sótt skal um slíka undanþágu í síðasta lagi tveimur vikum eftir að aðili vissi eða mátti vita um tilboðsskylduna og ekki síðar en tveimur vikum eftir að úrlausn um hana lá fyrir. Heimilt er að sækja sérstaklega um frest á því að selja hluti sem eru umfram þau mörk er greinir í 1. mgr. á meðan mál er til skoðunar hjá Fjármálaeftirlitinu samkvæmt þessari málsgrein.

f. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú fer aðili og þeir sem hann er í samstarfi við með yfirráð í félagi þegar verðbréf þess eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, og verður hann þá ekki tilboðsskyldur samkvæmt þessari grein, enda auki hann ekki atkvæðisrétt sinn í félaginu umfram næsta margfeldi af fimm. Þetta gildir þó ekki ef viðkomandi aðili missir yfirráðin en nær þeim að nýju.

3. gr.

Á eftir 100. gr. laganna kemur ný grein, 100. gr. a, svohljóðandi:

Nú hyggst hluthafi, eða annar aðili, kaupa hluti í félagi eða gera aðra samninga eða ráðstafanir sem leiða mundu til skyldu hans til að gera yfirtökutilboð samkvæmt lögum þessum, og getur hann þá með skriflegri og rökstuddri beiðni til Fjármálaeftirlitsins óskað eftir því að verða leystur undan tilboðsskyldu í tiltekinn tíma. Skilyrði þess að slíkt leyfi megi veita eru að markmið umsækjanda sé að forða félagi frá alvarlegum fjárhagsvanda eða taka þátt í endurskipulagningu félags vegna fjárhagsvanda þess og stjórn félagsins sé því samþykk.

Fjármálaeftirlitið skal afgreiða umsókn skv. 1. mgr. svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en tveimur vikum frá því umsóknin og gögn sem hún er reist á berast því.

Fjármálaeftirlitið getur bundið leyfi samkvæmt þessari grein skilyrðum, t.d. um hámark hluta eða um atkvæðisrétt eða um skyldu til að selja hluti fyrir tiltekin tímamörk.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 101. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Ákvæði þessa kafla gilda einnig fyrir valfrjáls tilboð. Með valfrjálsu tilboði er átt við tilboð sem beint er til allra hluthafa viðkomandi félags án þess að um tilboðsskyldu sé að ræða skv. 1. mgr. 100. gr. Í valfrjálsu tilboði er tilboðsgjafa ekki skylt að fylgja ákvæðum 2. og 4. mgr. 103. gr. um skilmála í yfirtökutilboði.

b. 3. mgr. orðast svo:

Tilboðsgjafa sem gerir valfrjálst tilboð er heimilt að takmarka tilboð sitt þannig að það taki einungis til hluta hlutafjár eða atkvæðisréttar viðkomandi félags, að því tilskildu að tilboðið hafi ekki í för með sér að tilboðsskylda stofnist skv. 100. gr. Við takmarkað tilboð samkvæmt þessari málsgrein skal gefa öllum hluthöfum eða eigendum atkvæðis-

réttar kost á að afhenda verðbréf sín eða atkvæðisrétt í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína eða atkvæðisrétt.

c. 5. mgr. orðast svo:

Ef tilboðsgjafi hefur náð yfirráðum í félagi í kjölfar valfrjáls tilboðs í alla hluti allra hluthafa í viðkomandi félagi ber viðkomandi ekki skylda til að gera yfirtökutilboð í samræmi við 100. gr. hafi hann fylgt ákvæðum 2.–4. mgr. 103. gr. um skilmála í tilboðinu. Sama gildir ef tilboðsgjafi hefur eignast meira en 9/10 hlutafjár í félagi eða ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni í kjölfar valfrjáls tilboðs.

5. gr.

Við 102. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið getur krafið þann aðila sem íhugar að gera yfirtökutilboð um að gera innan tilgreinds frests opinberlega grein fyrir fyrirætlunum sínum ef það telur að orðrómur um yfirvofandi yfirtökutilboð hafi óeðlileg áhrif á verðmyndun verðbréfa útgefanda.

Nú er gert opinbert að aðili íhugi að gera yfirtökutilboð og skal hann þá birta lokaákvörðun um hvort hann hyggist leggja fram yfirtökutilboð innan sex vikna, í samræmi við ákvæði 1. mgr. Ef slík ákvörðun er ekki tekin innan þess frests jafngildir það opinberri yfirlýsingu um að aðili hyggist ekki gera yfirtökutilboð.

Nú lýsir aðili því yfir opinberlega að hann hyggist ekki gera yfirtökutilboð og er honum og aðilum í samstarfi við hann þá ekki heimilt að leggja fram slíkt tilboð í sex mánuði frá því yfirlýsing var birt eða að gera nokkuð það er kann að gera hann, eða aðila sem hann er í samstarfi við, tilboðsskyldan skv. 100. gr.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá tímamörkum 3. mgr. og frá 4. mgr. ef sérstakar ástæður mæla með því.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 103. gr. laganna:

a. Orðin „skv. 100. gr.“ í 2. mgr. falla brott.
b. Í stað orðanna „skv. 2. mgr.“ í 3. mgr. kemur: samkvæmt yfirtökutilboði.
c. Við 1. málsl. 6. mgr. bætist: sbr. þó 2. mgr. 108. gr.
d. Á eftir 1. málsl. 8. mgr. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Óski tilboðsgjafi eða tilboðshafi eftir því að Fjármálaeftirlitið endurskoði tilboðsverð skal tilboðsgjafi eða útgefandi standa straum af kostnaði sem hlýst vegna verðmats skv. 1. málsl. Sé um að ræða kostnað sem til fellur hjá Fjármálaeftirlitinu skal greitt samkvæmt gjaldskrá sem samþykkt er af stjórn þess og birt í Stjórnartíðindum. Sé verðmat framkvæmt af utanaðkomandi matsaðila ber tilboðsgjafa eða útgefanda að greiða fyrir verðmatið samkvæmt reikningi matsaðila.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 104. gr. laganna:

a. 2. tölul. 2. mgr. orðast svo: kaup eða sölu eigin verðbréfa eða verðbréfa í dótturfélögum.
b. Á eftir 1. málsl. 5. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Hver stjórnarmaður skal einnig gera grein fyrir því hvort hann og aðilar honum fjárhagslega tengdir hyggjast samþykkja tilboðið, ef við á.
c. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama skylda hvílir á stjórn útgefanda með skráðar höfuðstöðvar á Íslandi sem hefur fengið flokk verðbréfa tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan EES, en ekki á Íslandi.

8. gr.

Við 106. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið hefur þó heimild til að veita undanþágu frá þessari grein í þeim tilvikum sem viðurkenning stjórnvalda berst eftir að gildistíma tilboðs lýkur og sérstakar ástæður mæla með því að tilboðið eigi að haldast í gildi þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 109. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Frá upphafi tilboðstímabils og fram að því tímamarki þegar upplýsingar um niðurstöður tilboðs eru birtar gilda ekki reglur um birtingu flöggunartilkynninga, sbr. IX. kafla, reglur um rannsóknarskyldu og tilkynningarskyldu fruminnherja, sbr. 125. og 126. gr., eða reglur um birtingu upplýsinga um viðskipti stjórnenda, sbr. 127. gr., enda sé um að ræða viðskipti vegna samþykkis yfirtökutilboðs. Undanþágan gildir ekki sé um að ræða viðskipti við annan aðila en þann sem lagði fram yfirtökutilboðið. Eftir að upplýsingar um niðurstöðu tilboðs hafa verið birtar skulu tilkynningarskyldir aðilar hins vegar birta tilkynningar um flöggun fyrir lok næsta viðskiptadags eftir að niðurstöður tilboðs urðu opinberar og fruminnherjar senda regluverði tilkynningu um viðskipti sín innan eins viðskiptadags, og skal útgefandi þá samdægurs tilkynna um viðskiptin til Fjármálaeftirlitsins.
b. Í stað 2. málsl. 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ef tilboðsgjafi kýs að falla frá skilyrðum sínum skal farið með slíkt í samræmi við ákvæði 107. gr. Einungis er hægt að falla frá skilyrðum innan þriggja viðskiptadaga frá lokum tilboðstímabils.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 110. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „hlutafjár eða atkvæðisréttar“ í 1. og 3. mgr. kemur: hlutafjár og atkvæðisréttar.
b. Í stað orðsins „hluthafanum“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: tilboðsgjafa og/eða aðila í samstarfi.
c. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Skilmála fyrir innlausn og matsgrundvöll innlausnarverðs skal greina í tilkynningunni.
d. Í stað orðsins „hlutabréf“ í 2. mgr. kemur: verðbréf.

11. gr.

Á eftir 3. málsl. 1. mgr. 111. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Sama gildir ef aðili fylgir ekki skilyrðum skv. 3. mgr. 100. gr. a eða brýtur gegn 4. mgr. 102. gr.

12. gr.

Fyrirsögn X. kafla laganna verður: **Yfirtaka.**

13. gr.

Við 112. gr. laganna bætist: sem tekur til útgefanda sem hefur fengið flokk verðbréfa tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 113. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „hlutafélagsins“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: félagsins; og í stað orðsins „hlutabréf“ í 7. og 12. tölul. sömu málsgreinar kemur, í viðeigandi falli: verðbréf.
b. Á eftir 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Tilboðsyfirlit skal vera á íslensku. Fjármálaeftirlitið getur þó heimilað að tilboðsyfirlit sé á ensku ef sérstakar ástæður mæla með því.

Tilboðsyfirlit sem samþykkt hefur verið í einu EES-ríki og uppfyllir skilyrði 3. mgr. skal viðurkennt sem fullgilt hérlendis. Fjármálaeftirlitið getur þó farið fram á að meiri upplýsingum sé bætt inn í tilboðsyfirlitið ef um er að ræða atriði sem eiga sérstaklega við hérlendis um formsatriði sem þarf að uppfylla varðandi samþykki tilboðs og uppgjör fyrir yfirtekna hluti, sem og varðandi skattaleg atriði tengd tilboðinu.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 141. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „6. mgr. 100. gr.“ í 27. tölul. kemur: 8. mgr. 100. gr.
b. Í stað orðanna „102. gr. um tilkynningu um tilboð“ í 28. tölul. kemur: 1. mgr. 102. gr. um tilkynningu um tilboð og 4. mgr. 102. gr. um bann við að gera yfirtökutilboð.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 145. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „6. mgr. 100. gr.“ í 9. tölul. kemur: 8. mgr. 100. gr.
b. Í stað orðanna „102. gr. um tilkynningu um tilboð“ í 10. tölul. kemur: 1. mgr. 102. gr. um tilkynningu um tilboð og 4. mgr. 102. gr. um bann við að gera yfirtökutilboð.

17. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Nú átti eigandi hlutafjár a.m.k. 30% atkvæðisréttar í félagi sem hefur fjármálagerninga tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði fyrir 1. apríl 2009 og hefur hann þá tíma til 31. mars 2011 að fullnægja tilboðsskyldu sinni eða draga svo úr hlutafjáreign sinni að hann fari niður fyrir yfirtökumörk. Auki hann við hlut sinn á tímabilinu gilda reglur laganna um tilboðsskyldu. Sami tímafrestur gildir hafi aðili farið með yfirráð í félagi á grundvelli samstarfs skv. 100. gr. laganna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að framlengja tímafresti 1. málsl. þessa ákvæðis tvisvar sinnum í 6 mánuði í senn ef aðstæður á markaði leiða til þess að ósanngjarnt er að krefjast þess að aðili selji sig niður fyrir yfirtökumörk innan tímamarkanna.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

735. Frumvarp til laga [281. mál]

um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21 26. mars 1991 (greiðsluaðlögun).

(Eftir 2. umr., 16. mars.)

1. gr.

Tilvísunin „1.–3. og 5. tölul.“ í 3. mgr. 28. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Við 3. þátt laganna bætist nýr kafli, X. kafli a, **Greiðsluaðlögun,** með níu nýjum greinum, 63. gr. a – 63. gr. i, sem orðast svo:

a. (63. gr. a.)

Samkvæmt fyrirmælum þessa kafla getur maður leitað nauðasamnings til greiðsluaðlögunar ef hann sýnir fram á að hann sé og verði um fyrirséða framtíð ófær um að standa í skilum með skuldbindingar sínar.

Lögin ná ekki til einstaklinga sem undangengin þrjú ár hafa borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi, hvort sem þeir hafa lagt stund á hana einir eða í félagi við aðra, nema því aðeins að atvinnurekstri hafi verið hætt og þær skuldir sem stafa frá atvinnurekstrinum séu tiltölulega lítill hluti af heildarskuldum hans.

Eftir því sem átt getur við gilda almennar reglur laga þessara um slíka nauðasamninga, þar á meðal heimild til að leita þeirra og samningsumleitanir, að því leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum þessa kafla.

b. (63. gr. b.)

Með greiðsluaðlögun má kveða á um algera eftirgjöf samningskrafna, hlutfallslega lækkun þeirra, gjaldfrest á þeim, greiðslu þeirra með hlutdeild í afborgunarfjárhæð skv. 3. mgr. 63. gr. c í einu lagi eða með ákveðnu millibili á nánar tilteknu tímabili, breytt form á greiðslu þeirra eða fernt það síðastnefnda í senn.

c. (63. gr. c.)

Skuldari sem æskir heimildar til að leita greiðsluaðlögunar skal gera beiðni um hana samkvæmt því sem segir í 7. gr. og 1., 3. og 4. tölul. 34. gr. Henni skulu fylgja gögn sem hún er studd við ásamt greiðsluáætlun skv. 2. mgr. og gögnum til staðfestingar upplýsingum í henni, vottorði um hjúskaparstöðu og fjölskyldu og síðustu fjórum skattframtölum skuldara.

Í greiðsluáætlun skuldara skal koma fram:

1. hverjar tekjur hans eru og annarra sem teljast til heimilis með honum, hvort sem er af vinnu eða öðrum sökum, og upplýsingar um af hvaða samningum eða atvikum tekjurnar ráðast, svo og hvort horfur séu á að breytingar verði á tekjum þeirra eða atvinnuhögum,
2. hvort hann muni hafa fé af öðru en tekjum sínum til að greiða af skuldum, svo sem vegna sölu eigna eða fjárframlaga annarra,
3. sundurliðuð fjárhæð skulda sem þegar eru gjaldfallnar, svo og fjárhæð ógjaldfallinna skulda og eftir atvikum upplýsingar um afborgunarkjör, gjalddaga, vexti og verðtryggingu þeirra, en frá þessu öllu skal greint án tillits til þess hvort greiðsluaðlögun sé ætlað að ná til þessara skuldbindinga,

4. framtíðaráætlun um meðaltal mánaðarlegra útgjalda skuldara og þeirra sem teljast til heimilis með honum, þar á meðal vegna framfærslu, opinberra gjalda, húsaleigu og afborgana af skuldum sem tryggðar eru með veði eða á annan hátt í íbúðarhúsnæði eða öðrum eignum skuldara sem hann hyggst leitast við að eiga áfram,
5. hvað ætla megi af framansögðu og öðru sem máli getur skipt að afborgunarfjárhæð geti orðið af samningskröfum, hvenær hún verði greidd í einu lagi eða með reglubundnum greiðslum á tilteknu tímabili og hvort og þá hvaða trygging verði sett fyrir þeim.

Afborgunarfjárhæð, sem fundin er skv. 5. tölul. 2. mgr., skal bundin við launavísitölu eða á annan hátt við tilteknar mælingar á verðlagsbreytingum sem svara til þess hvernig skuldari hyggst afla tekna til að standa undir greiðslu hennar. Tekið skal fram í greiðsluáætlun hvernig verðtryggingu samkvæmt þessu verði háttað.

Í greiðsluáætlun má setja ákvæði um að kröfur innan tiltekinnar fjárhæðar, sem hefðu ella talist samningskröfur, verði greiddar að fullu ef sú fjárhæð verður talin óveruleg í ljósi fjárhags skuldara, en ákvæði sem þetta má ekki standa nema allar samningskröfur fáist að minnsta kosti greiddar með þeirri fjárhæð. Leiti skuldari eftir því að tilteknir lánardrottnar hans afsali sér í einhverju tilkalli til hlutdeildar í afborgunarfjárhæð skal þess sérstaklega getið í greiðsluáætlun.

Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að skuldara bjóðist endurgjaldslaus aðstoð við gerð beiðni og fylgigagna með henni hjá opinberri stofnun eða öðrum. Eigi skuldari kost á slíkri aðstoð getur hann ekki notið greiðslu sem þessu svarar eftir lögum um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga.

d. (63. gr. d.)

Auk þeirra ástæðna sem skv. 1. mgr. 38. gr. skulu leiða til þess að héraðsdómari synji um heimild til að leita nauðasamnings getur héraðsdómari hafnað beiðni um heimild til að leita greiðsluaðlögunar ef eitthvert eftirtalinna atriða á við:

1. að fyrirliggjandi gögn gefi ekki nægilega glögga mynd af fjárhag skuldara eða væntanlegri þróun fjárhags hans á því tímabili sem greiða á af skuldum hans samkvæmt greiðsluáætlun,
2. að skuldari hafi hagað fjármálum sínum á verulega ámælisverðan hátt eða tekið fjárhagslega áhættu sem ekki var í samræmi við fjárhagsstöðu hans á þeim tíma sem til fjárhagsskuldbindingarinnar var stofnað,
3. að til skulda hafi verið stofnað á þeim tíma er skuldari var greinilega ófær um að standa við fjárhagsskuldbindingar sínar,
4. að skuldari hafi bakað sér skuldbindingu sem einhverju nemur miðað við fjárhag hans með háttsemi sem varðar refsingu eða skaðabótaskyldu,
5. að skuldari hafi svo að máli skipti látið hjá líða að standa í skilum við lánardrottna sína þótt honum hefði verið það kleift að einhverju leyti eða öllu,
6. að ætla megi að skuldari hafi hagað gerðum sínum svo sem raun varð á með ráðnum hug um að leita greiðsluaðlögunar.

Skuldari má skjóta til æðra dóms úrskurði héraðsdómara þar sem synjað er um heimild til að leita greiðsluaðlögunar. Ef heimildin er veitt fyrir æðra dómi miðast tímamörk í ákvæðum VI. kafla við þann dag sem úrlausn hans er kveðin upp. Úrskurði héraðsdómara þar sem veitt er heimild til að leita greiðsluaðlögunar verður ekki skotið til æðra dóms.

Umsjón með nauðasamningi um greiðsluaðlögun er á hendi sýslumanns, eins eða fleiri, eða annars opinbers aðila samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.

e. (63. gr. e.)

Í innköllun umsjónarmanns til lánardrottna skuldara skal auk þess sem segir í 1. mgr. 44. gr. koma fram að leitað sé greiðsluaðlögunar, svo og hvenær fundur verði haldinn með þeim sem telja sig eiga samningskröfur á hendur skuldara til að fjalla um greiðsluáætlun hans. Áætlunin skal fylgja tilkynningu til lánardrottna skv. 2. mgr. 44. gr.

Þeir lánardrottnar sem fara með samningskröfur á hendur skuldara og hafa lýst kröfum sínum fyrir umsjónarmanni innan kröfulýsingarfrests eiga einir upp frá því rétt á að láta málið til sín taka.

Þegar kröfulýsingarfrestur er á enda skal umsjónarmaður gera skrá um samningskröfur sem borist hafa innan frestsins og skal greint í henni frá þeim atriðum sem getið er í 1. og 2. tölul. 1. mgr. 46. gr. Nú hefur samningskröfu ekki verið lýst sem skuldari hefur gert grein fyrir í greiðsluáætlun og skal þá umsjónarmaður krefja þann lánardrottin svara um hvort krafan sé til, en reynist svo vera skal hún tekin upp í skrána með þeirri fjárhæð sem upplýst hefur verið um. Þegar skuldara hefur gefist kostur á að kynna sér skrána skal umsjónarmaður veita honum aðstoð til að gera breytingar á greiðsluáætlun ef efni standa til þeirra.

f. (63. gr. f.)

Fundur skal haldinn til að fjalla um greiðsluáætlun skuldara innan tveggja vikna frá lokum kröfulýsingarfrests og gilda um hann ákvæði 1. og 2. mgr. 48. gr. eftir því sem á við. Sé kröfu á skrá skv. 3. mgr. 63. gr. e mótmælt af öðrum lánardrottni eða skuldaranum skal umsjónarmaður staðreyna hvort deila standi um kröfuna í heild eða afmarkaðan hluta hennar og leitast annars við að jafna ágreining um hana. Slíkur ágreiningur stendur að öðru leyti ekki því í vegi að umleitunum til greiðsluaðlögunar verði fram haldið.

Á fundinum ber skuldara að gefa þær skýringar sem lánardrottnar leita eftir, en umsjónarmaður skal síðan gefa þeim hverjum fyrir sig kost á að lýsa afstöðu sinni til greiðsluáætlunar skuldara sem greint skal frá í fundargerð. Skuldara skal að því gerðu gefinn kostur á að endurskoða greiðsluáætlun vegna fram kominna athugasemda og taka eftir atvikum afstöðu til þess hvernig hann hafi í hyggju að fara með umdeilda kröfu, en að þessu öllu gerðu skal hann lýsa yfir að greiðsluáætlun sé endanleg.

g. (63. gr. g.)

Þegar greiðsluáætlun skuldara er orðin endanleg skal umsjónarmaður innan viku taka rökstudda afstöðu til þess í skriflegri greinargerð hvort hann mæli með því að greiðsluaðlögun komist á fyrir skuldarann. Við mat á því skal umsjónarmaður meðal annars líta til þess hvort nokkuð hafi komið fram sem í öndverðu hefði átt að standa í vegi greiðsluaðlögunar, hvort skuldari leiti eftirgjafar umfram það sem eðlilegt megi telja í ljósi fjárhags hans og framtíðarhorfa, hvort skuldari hafi sinnt skyldum sínum skv. 2. mgr. 63. gr. f og staðið að öðru leyti heiðarlega að verki við umleitanir til greiðsluaðlögunar, hvort raunhæft sé að hann muni geta staðið við skuldbindingar sínar að fenginni aðlögun þeirra að greiðslugetu sinni og hvert sé viðhorf þeirra lánardrottna sem hafa látið samningsumleitanirnar til sín taka.

Mæli umsjónarmaður gegn því að greiðsluaðlögun komist á skal hann tafarlaust senda greinargerð sína ásamt skriflegri tilkynningu til skuldara og héraðsdómara. Þegar sú tilkynning berst héraðsdómara fellur sjálfkrafa niður heimild skuldara til að leita greiðsluaðlögunar. Falli heimildin niður samkvæmt þessu eða af öðrum þeim ástæðum sem greinir í 41. eða 42. gr. skal umsjónarmaður fá birta svo fljótt sem verða má auglýsingu um þau málalok í Lögbirtingablaði.

Nú mælir umsjónarmaður með því að greiðsluaðlögun komist á og svarar það þá til þess að samþykkt hafi verið við atkvæðagreiðslu frumvarp að nauðasamningi eftir ákvæðum VIII. kafla. Skal umsjónarmaður þá boða skuldara tafarlaust á sinn fund og láta honum í té greinargerð sína ásamt samþykktu frumvarpi að greiðsluaðlögun þar sem eftirfarandi skal koma fram:

1. hvað skuldari bjóðist til að inna af hendi til greiðslu á samanlögðum samningskröfum, þar á meðal með greiðslu af afborgunarfjárhæð, hvort heldur með eingreiðslu tiltekinn dag eða á nánar tilgreindum gjalddögum hverju sinni, svo og hvernig sú fjárhæð verði verðtryggð,
2. hvaða lánardrottnar eigi þessar samningskröfur, hversu mikið hver og hvaða hlutfallslega greiðslu þeir fái af kröfum sínum eða hvert hlutfall hvers þeirra verði í afborgunarfjárhæð,
3. hvort skuldari geri ráð fyrir að umdeild krafa, ein eða fleiri með nánari tilgreiningu, sé meðal þeirra sem greitt verði af skv. 2. tölul. eða hvort hann beri sjálfur áhættu af niðurstöðu um hana,
4. hvort tilteknar skuldir verði greiddar að fullu eða meira gefið eftir af þeim en af öðrum samningskröfum, sbr. 4. mgr. 63. gr. c,
5. hvort trygging verði sett fyrir greiðslum og þá hver hún sé,
6. hvaða skilmálabreytingar hann leggur til að gerðar verði á skuldum sem tryggðar eru með veði samkvæmt ákvæði til bráðabirgða.

Umsjónarmaður skal senda lánardrottnum, sem lýst hafa kröfu við umleitanir til greiðsluaðlögunar, greinargerð sína og eftir atvikum samþykkt frumvarp að greiðsluaðlögun ásamt tilkynningu um lyktir málsins í hans höndum.

h. (63. gr. h.)

Hafi umleitunum til greiðsluaðlögunar lokið á þann hátt að umsjónarmaður mæli með því að hún komist á skal skuldari leggja skriflega kröfu um staðfestingu nauðasamningsins fyrir héraðsdómara innan viku frá þeim fundi sem umsjónarmaður boðaði skuldara til skv. 3. mgr. 63. gr. g. Með þeirri kröfu skal fylgja greinargerð umsjónarmannsins, skrá um samningskröfur og samþykkt frumvarp að greiðsluaðlögun, auk fundargerða af fundum skv. 63. gr. f og 63. gr. g.

Greiðsluaðlögun hefur sömu áhrif og réttarsátt milli skuldara og lánardrottna hans um þær samningskröfur sem þeir hafa lýst og koma fram í skrá skv. 3. mgr. 63. gr. e, að því leyti sem skuldari mótmælti þeim ekki.

i. (63. gr. i.)

Ljúka má gjaldþrotaskiptum með nauðasamningi til greiðsluaðlögunar eftir ákvæðum XXI. kafla. Í stað þess að þrotamaður leggi frumvarp að nauðasamningi fyrir skiptastjóra og hann láti greiða atkvæði um það skal þrotamaðurinn þá leggja fyrir skiptastjóra greiðsluáætlun og hann síðan leita greiðsluaðlögunar á sama hátt og umsjónarmaður hefði ella gert, en um þetta skal beitt fyrirmælum XXI. kafla með þeim frávikum sem leiðir af ákvæðum þessa kafla.

3. gr.

Í stað orðanna „41. eða 42. gr.“ í 3. tölul. 2. mgr. 65. gr. laganna kemur: 41., 42. eða 2. mgr. 63. gr. g.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

736. Lög [371. mál]

um breytingu á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 626.

737. Þingsályktun [360. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2008, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 611.

738. Þingsályktun [361. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2007, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 612.

739. Þingsályktun [373. mál]

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007, um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) og bókun 37 við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 16. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 630.

740. Skýrsla [436. mál]

Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA fyrir árið 2008.

1. Inngangur.

Alþjóðavæðing efnahagslífsins og viðskiptafrelsi er mikilvægt fyrir íslenska hagkerfið eins og önnur smá hagkerfi sem eru háð milliríkjaviðskiptum. Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) og Evrópska efnahagssvæðið (EES) gegna þar veigamiklu hlutverki sem grunnstoðir íslenskrar utanríkisverslunar. Með aðildinni að EES njóta Íslendingar að langmestu leyti sömu viðskiptakjara og 29 önnur Evrópuríki með um 500 milljóna manna markað. Auk þess að koma að rekstri EES-samningsins hefur EFTA byggt upp net fríverslunarsamninga við ríki utan ESB eða svonefnd þriðju ríki. Í starfsemi þingmannanefnda EFTA og EES árið 2008 voru tvö mál einkum í brennidepli framan af ári. Annars vegar var fjallað ítrekað um framtíðarhorfur EES og hins vegar um áframhaldandi gerð fríverslunarsamninga EFTA. Í kjölfar bankahrunsins á Íslandi í október kom fjármálakreppan og yfirstandandi efnahagsþrengingar til umfjöllunar í nefndunum.

Í umfjöllun um framtíðarhorfur EES var einkum horft til þeirra breytinga sem orðið hafa á stofnanauppbyggingu ESB síðan EES-samningurinn tók gildi fyrir 15 árum og áhrifa þeirra á framkvæmd samningsins. Í fyrsta lagi eru skil milli innri markaðar og annarra sviða í tilskipunum ESB orðin óljósari og því erfiðara að skilgreina hvaða tilskipanir á að taka upp í EES-samninginn og innleiða í EES/EFTA-ríkjunum. Í öðru lagi hafa breytingar á skipulagi ESB haft í för með sér að áhrif Íslands og annarra EES/EFTA-ríkja á lagasetningu sambandsins, sem síðar er tekin upp í EES-samninginn, hafa minnkað. EES/EFTA-ríkin hafa aðgang að vinnuhópum framkvæmdastjórnar ESB sem vinna drög að tilskipunum sambandsins. Áhrif ráðherraráðsins og Evrópuþingsins á löggjöf hafa aukist verulega á kostnað framkvæmdastjórnarinnar. Drög að tilskipunum taka oft miklum breytingum frá því að þau fara frá framkvæmdastjórninni og þar til þau eru samþykkt af ráðherraráði og Evrópuþinginu án þess að EFTA-ríkin eigi þar formlega aðkomu og áhrif.

Fríverslunarsamningagerð EFTA við ríki utan ESB, svonefnd þriðju ríki, var ofarlega á dagskrá þingmannanefndar EFTA. Með aukinni svartsýni á að árangur náist í Doha-samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) hafa samtök ríkja og einstök lönd beint sjónum sínum að gerð tvíhliða fríverslunarsamninga. EFTA hefur verið í fararbroddi á þessu sviði og eru gildir fríverslunarsamningar EFTA nú 17 talsins. Þingmannanefnd EFTA hefur á undanförnum árum stutt dyggilega við gerð fríverslunarsamninga samtakanna og beitir sendinefndum og þingmannaheimsóknum til þess að kynna og afla stuðnings við gerð slíkra samninga.

Fjármálakreppan kom til umfjöllunar á fundum þingmannanefnda EFTA og EES og vinnur þingmannanefnd EES nú að úttekt á áhrifum hennar á EES. Í kjölfar bankahrunsins á Íslandi fór fram sérstök umræða um efnahagsástandið hér á landi á fundi þingmannanefndar EES í nóvember 2008.

Af öðrum stórum málum sem tekin voru fyrir af þingmannanefndum EFTA og EES árið 2008 má nefna heilbrigðisþjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu, rannsóknar- og menntaáætlanir ESB og EES/EFTA-ríkin, Lissabon-sáttmála ESB, Doha-samningalotu WTO, aðgerðir gegn loftslagsbreytingum í hnattvæddu hagkerfi og óskir Færeyinga um aðild að EFTA.

2. Almennt um þingmannanefnd EFTA og þingmannanefnd EES.

Þingmannanefnd EFTA var stofnuð árið 1977 með það meginhlutverk að vera ráðgefandi fyrir ráðherraráð EFTA. Aðild að EFTA eiga nú Ísland, Noregur, Liechtenstein og Sviss. Þjóðkjörnir fulltrúar þessara ríkja sitja í þingmannanefndinni. Starfsemi nefndarinnar hefur aukist jafnt og þétt, í samræmi við aukin umsvif EFTA, bæði hvað varðar samskipti við ESB og samstarf við svokölluð þriðju ríki, þ.e. ríki utan ESB. Starfssvið nefndarinnar jókst til muna með tilkomu EES-samningsins sem tók gildi 1. janúar 1994. Með gildistöku samningsins varð nefndin að formi til tvískipt þar eð Svisslendingar ákváðu að standa fyrir utan Evrópska efnahagssvæðið. Nefndin skiptist því annars vegar í fjögur ríki sem aðild eiga að EFTA og hins vegar í þrjú aðildarríki EFTA sem aðild eiga að EES. Þingmannanefnd EFTA fundar þó ávallt í einu lagi, en Svisslendingar sitja sem áheyrnarfulltrúar þegar málefni sem varða EES-samninginn eru tekin fyrir. Í frásögnum hér á eftir verður fjallað um þessar tvær formlegu þingmannanefndir EFTA sem eina heild.

Alþingi á fimm fulltrúa í þingmannanefnd EFTA líkt og önnur aðildarríki. Þingmannanefnd EFTA heldur fundi fjórum til fimm sinnum á ári, og á tveimur fundum sínum á hún auk þess fund með ráðherraráði EFTA. Nefndin fjallar almennt um starfsemi EFTA, málefni EES og ESB, gerð og framkvæmd fríverslunarsamninga og viðskiptamál í víðu samhengi. Nefndin á einnig samstarf við þing þeirra ríkja sem EFTA hefur gert fríverslunar- eða samstarfssamninga við. Þessi þáttur í starfi EFTA vex stöðugt og eru fríverslunarsamningar nú umfangsmikill hluti starfssviðs EFTA.

Framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA undirbýr starf nefndarinnar og gefur álit á fjárhagsáætlun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), auk þess að fjalla um aðkallandi mál. Framkvæmdastjórnin kemur oft fram fyrir hönd þingmannanefndarinnar í samskiptum við þjóðþing þriðju ríkja. Í framkvæmdastjórn mega sitja tveir fulltrúar frá hverju EFTA-ríki, en einungis annar þeirra hefur atkvæðisrétt á fundum. Auk formanns hefur af hálfu Íslandsdeildar einn fulltrúi stjórnarandstöðu sótt fundi framkvæmdastjórnarinnar.

Þingmannanefnd EES var komið á fót skv. 95. gr. EES-samningsins og er hluti af stofnanakerfi hans. Í þingmannanefnd EES eru 24 þingmenn, tólf frá Evrópuþinginu og tólf frá EFTA-ríkjunum sem aðild eiga að EES (EFTA-hluti sameiginlegrar þingmannanefndar EES). Af þessum tólf fulltrúum á Ísland fjóra, Noregur sex og Liechtenstein tvo. Þingmannanefndin fylgist með framkvæmd og þróun EES-samningsins og gefur álit sitt á EES-málum. Nefndin heldur fundi tvisvar á ári en framkvæmdastjórn hennar hittist á milli funda eftir þörfum. Í framkvæmdastjórninni sitja sex fulltrúar, einn frá hverju EES-aðildarríki EFTA og þrír frá Evrópuþinginu. EFTA-hluti hinnar sameiginlegu þingmannanefndar EES og Evrópuþingið skiptast á um formennsku í nefndinni á milli ára.

Þingmannanefnd EES lætur til sín taka á öllum sviðum EES-samstarfsins. Hún tekur ákveðin málefni til skoðunar, skrifar um þau skýrslur og samþykkir ályktanir. Skýrslugerð um mál sem tekið er fyrir er í höndum tveggja framsögumanna, annars úr hópi EFTA-þingmanna og hins úr hópi Evrópuþingsmanna. Skýrsla framsögumanna er alfarið á þeirra eigin ábyrgð, en nefndin samþykkir venjulega ályktun þegar umfjöllun um málið er lokið. Ályktanir nefndarinnar eru sendar til ráðherraráðs EES, sameiginlegu EES-nefndarinnar, Evrópunefnda þjóðþinga ESB, Evrópuþingsins og þjóðþinga EFTA/EES-ríkja. Þingmannanefndin fylgist náið með því hvernig mál sem hún hefur tekið fyrir þróast og þegar hún telur að framvinda mála sé ófullnægjandi tekur hún þau upp aftur. Nefndin beinir einnig sjónum sínum sérstaklega að áhrifum þjóðþinga EFTA-ríkjanna á EES-samninginn og lagasetningu í tengslum við hann. Fulltrúar ráðherraráðs EFTA og embættismenn stofnana EFTA og ESB mæta á fundi nefndarinnar til að skýra frá framvindu mála og svara spurningum nefndarmanna.

3. Skipan Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA.

Í kjölfar alþingiskosninga var ný Íslandsdeild kjörin 31. maí 2007 í upphafi 134. þings. Samkvæmt breytingum á þingsköpum gildir sú kosning deildarinnar fyrir allt kjörtímabilið. Þingið getur þó hvenær sem er kosið að nýju ef fyrir liggur beiðni meiri hluta þingmanna þar um. Íslandsdeildina skipa Katrín Júlíusdóttir, formaður, þingflokki Samfylkingarinnar, Bjarni Benediktsson, varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Árni Þór Sigurðsson, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Illugi Gunnarsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Varamenn eru Ármann Kr. Ólafsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Katrín Jakobsdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Ólöf Nordal, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Jón Gunnarsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Ritari Íslandsdeildar var Stígur Stefánsson, deildarstjóri alþjóðadeildar.

4. Starfsemi Íslandsdeildar.

Íslandsdeildin var venju samkvæmt mjög virk í starfi þingmannanefnda EFTA og EES á árinu og lét að sér kveða í öllum helstu málum sem komu til umræðu í nefndunum. Íslandsdeildin hélt fjóra fundi á árinu. Þar var starfsemi Íslandsdeildar skipulögð og þátttaka í fundum þingmannanefnda EES og EFTA undirbúin. Þá var Íslandsdeildin gestgjafi fundar þingmannanefndar EES sem haldinn var í Svartsengi í apríl.

Katrín Júlíusdóttir var skýrsluhöfundur einnar af fjórum skýrslum þingmannanefndar EES ásamt breska Evrópuþingmanninum Diana Wallis. Í vinnuskýrslunni var fjallað um hvernig breytingar á stofnanauppbyggingu og starfsemi Evrópusambandsins á síðustu 15 árum hafa haft áhrif á framkvæmd EES-samningsins (sjá nánar umfjöllun um 30. og 31. fund þingmannanefndar EES).

Fjármálakreppan kom til umfjöllunar á fundum þingmannanefnda EFTA og EES. Í kjölfar bankahrunsins á Íslandi fór fram sérstök umræða um efnahagsástandið hér á landi að frumkvæði Íslandsdeildar á fundi þingmannanefndar EES í nóvember 2008.

Venja er að Íslandsdeildin haldi fund með Evrópunefnd þjóðþings þess ríkis sem stendur næst í röðinni til þess að taka við formennsku í ESB, en nýtt formennskuríki tekur við á sex mánaða fresti. Frakkar tóku við formennsku á miðju ári 2008 og Tékkar í ársbyrjun 2009. Tilgangur slíkra funda er annars vegar að kynna þátttöku Íslands í Evrópusamstarfi í krafti aðildar að EES-samningnum og þátttöku í Schengen, og hins vegar að fræðast um áherslur hins tilvonandi formennskuríkis.

Íslandsdeildin átti fund með fulltrúum Evrópunefndar franska þingsins í París 1. júlí, sama dag og Frakkar tóku við formennsku. Daniel Garrigue, varaformaður nefndarinnar, gerði grein fyrir helstu áherslumálum í formennskuáætlun Frakka en þær liggja einkum á fjórum sviðum sem eru loftslagsbreytingar og orkumál, innflytjenda- og flóttamannastefna, varnarmál og landbúnaðarstefna. Annars er stærsta verkefni frönsku formennskunnar að hafa forustu um lausn á málefnum Lissabon-sáttmála ESB eftir að sáttmálinn var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu á Írlandi 12. júní. Garrigue lagði áherslu á stefnu Frakka um að fullgildingarferlinu yrði haldið áfram og að öll aðildarríkin fullgiltu Lissabon-sáttmálann á meðan leitað væri lausnar með Írum um hvernig bregðast skuli við höfnun þeirra á sáttmálanum. Garrigue og aðrir nefndarmenn spurðu út í virkni EES-samstarfsins og nýlegar skoðanakannanir um aðild að ESB á Íslandi. Íslandsdeildin kynnti aðkomu Íslands að Evrópusamstarfi með EES-samningnum og þátttöku í Schengen, og afstöðu stjórnmálaflokka til Evrópumála. Í umræðunum sem á eftir fylgdu var m.a. rætt um muninn á sjávarútvegsstefnu ESB og Íslands, orkumál og stöðu smáríkja innan stofnana ESB.

Að sama skapi átti Íslandsdeild fund með Evrópunefnd tékkneska þingsins í Prag 26. nóvember en Tékkar tóku við formennsku í ESB 1. janúar 2009. Jozef Kochan, varaformaður nefndarinnar, gerði grein fyrir helstu áherslumálum í formennskuáætlun Tékka, svo sem fullgildingarferli Lissabon-sáttmála ESB, átaki í afnámi markaðshindrana á innri markaðnum og áframhaldandi starfi að loftslags- og orkumálum. Katrín Júlíusdóttir og Árni Þór Sigurðsson kynntu aðkomu Íslands að Evrópusamstarfi með EES-samningnum og þátttöku í Schengen og afstöðu stjórnmálaflokka til Evrópumála. Mikið var spurt af hálfu tékknesku þingmannanna út í fjármálakreppuna á Íslandi og möguleg áhrif hennar á viðhorf almennings til ESB-aðildar. Út frá því spunnust umræður um reynslu Tékka af því að ganga í ESB og þeim umbótum og breytingum sem aðildin hafði í för með sér.

5. Fundir þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES á árinu 2008.

Starfsemi nefndanna var með hefðbundnum hætti á árinu 2008. Þingmannanefnd EFTA kom saman til fundar fjórum sinnum, þar af tvisvar í tengslum við fundi nefndarinnar með ráðherraráði EFTA og ráðgjafarnefnd EFTA, en í henni sitja fulltrúar aðila vinnumarkaðarins. Þá gengust þingmannanefnd og ráðgjafarnefnd EFTA fyrir ráðstefnu um loftslagsbreytingar en nefndirnar gangast fyrir sameiginlegum ráðstefnum annað hvert ár. Enn fremur áttu fulltrúar þingmannanefndar EFTA fundi með þingnefndum sem fara með utanríkis- og utanríkisviðskiptamál í indverska þinginu í samræmi við stefnu sína um að styðja við gerð fríverslunarsamninga EFTA. Loks áttu fulltrúar þingmannanefndar EFTA fundi með utanríkismálanefnd færeyska þingsins í því skyni að kynna sér óskir Færeyinga um aðild að EFTA.

Þingmannanefnd EES kom tvisvar saman til fundar á árinu og fór fyrri fundurinn fram í Svartsengi. Fjórar skýrslur voru teknar til umfjöllunar á fundum þingmannanefndar EES og ályktanir samþykktar á grundvelli þeirra.

Hér á eftir er gerð grein fyrir fundum þingmannanefnda EFTA og EES á starfsárinu í tímaröð.

89./57. fundur þingmannanefndar EFTA og 64. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA í Brussel 31. mars 2008.

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA sóttu fundinn þau Katrín Júlíusdóttir, formaður, Illugi Gunnarsson og Arnbjörg Sveinsdóttir, auk Stígs Stefánssonar, ritara. Helstu mál á dagskrá nefndarinnar voru framtíð Evrópska efnahagssvæðisins, heilbrigðisþjónusta þvert á landamæri innan Evrópusambandsins og utanríkisviðskiptastefna Indlands og fríverslunarviðræður EFTA við landið. Helstu mál á dagskrá framkvæmdastjórnar þingmannanefndarinnar voru fyrirkomulag funda nefndarinnar með ráðherrum EFTA og samskipti nefndarinnar við færeyska þingið.

Frummælandi við umræðu um framtíð EES var Michael Emerson frá hugveitunni Centre of European Policy Studies (CEPS). Emerson lagði út af vinnuskýrslu þingmannanefndar EES um framtíðarhorfur EES sem skýrsluhöfundarnir Katrín Júlíusdóttir og Diana Wallis lögðu fram í nóvember 2007. Emerson taldi afar ólíklegt að EES-samningurinn yrði uppfærður, gríðarlega flókið væri að taka samninginn upp og líkti hann því við að opna pandórubox, auk þess væri ekki pólitískur vilji fyrir því innan Evrópusambandsins.

Emerson fjallaði um m.a. gjaldmiðlamál og kastaði fram þeirri hugmynd að lausn á vanda Íslendinga í því tilliti gæti falist í gjaldmiðlasamstarfi við Noreg. Illugi Gunnarsson greindi frá vaxandi umræðu á Íslandi um að taka upp annan gjaldmiðil en íslensku krónuna. Hann beindi þeirri spurningu til Emersons hvort evran yrði aðskilin frá hugmyndinni um hinn sameiginlega innri markað ESB/EES; fyrst evrunni væri ætlað að vera gjaldmiðill innri mark-

aðarins, ætti hún þá ekki að standa öllum þátttakendum hans til boða, rétt eins og öll löggjöf innri markaðarins er innleidd af öllum aðildarríkjunum? Emerson samsinnti því og taldi að ósk um upptöku evru á þessum forsendum yrði að koma fram í samfloti allra EES/EFTA-ríkjanna ef af því yrði.

Katrín Júlíusdóttir spurðist fyrir um áhrif Lissabon-sáttmála ESB og breytts jafnvægis á milli stofnana ESB á rekstur EES-samningsins, en aukið vald hefur færst til Evrópuþingsins frá framkvæmdastjórninni. EES/EFTA-ríkin hafa aðgang að vinnuhópum framkvæmdastjórnarinnar og geta á þann hátt haft áhrif á mótun löggjafar ESB. Því er ekki að skipta hjá Evrópuþinginu sem í auknum mæli gerir miklar breytingar á frumvörpum frá framkvæmdastjórninni. Emerson taldi breytt jafnvægi milli stofnana ESB ekki skipta miklu máli varðandi rekstur EES-samningsins og sagði sendiráð EES/EFTA-ríkjanna og fulltrúa atvinnulífsins öfluga hagsmunagæsluaðila í Brussel þegar kæmi að rekstri samningsins.

Þá var rætt um heilbrigðisþjónustu þvert á landamæri innan ESB. Upphaflega var heilbrigðisþjónusta inni í drögum að þjónustutilskipun ESB en var síðan tekin út. Framkvæmdastjórn ESB var jafnframt beðin að vinna nýjar tillögur í þessu sambandi. Martin Dorazil frá deild heilbrigðis- og neytendamála (DG Sanco) í framkvæmdastjórninni kynnti tillögur sem eru í vinnslu og beinast að því að sjúklingar geti fengið heilbrigðisþjónustu sem næst heimili sínu óháð því hvort næsti spítali sé handan landamæra eða ekki. Einnig taka tillögurnar til heilbrigðisþjónustu þar sem sjúklingar verði færðir yfir landamæri ef um sjaldgæfa sjúkdóma er að ræða og sérþekking er ekki til í heimalandi sjúklings. Nú þegar eru í gildi reglur sem tryggja ESB-borgurum bráðaþjónustu ef þeir eru staddir í öðru aðildarríki en heimalandi sínu og verða þær óbreyttar. Því verður heldur ekki breytt að það er hlutverk stjórnvalda í hverju aðildarríki fyrir sig að skilgreina hvaða heilbrigðisþjónustu borgararnir eigi rétt á. Ekki er ljóst hvenær tillögurnar verða fullmótaðar og lagðar fram.

Viðskiptastefna Indlands var því næst kynnt og fyrirhuguð ferð sendinefndar þingmannanefndar EFTA til Nýju-Delí undirbúin. Í janúar 2008 undirrituðu ráðherrar EFTA og Indlands samkomulag um að hefja formlegar viðræður um fríverslunarsamning ríkjanna eftir að hagkvæmnisathugun hafði leitt í ljós að slíkur samningur yrði samningsaðilum til hagsældar. Þingmannanefnd EFTA hefur stutt dyggilega við þá stefnu EFTA að byggja upp net fríverslunarsamninga og beitir nú þingmannaheimsóknum til að afla stuðnings þingmanna í viðræðuríkjum enda eru það oftast þjóðþingin sem á endanum þurfa að samþykkja slíka samninga. Prófessor Sherman Robinson frá Sussex-háskóla flutti fyrirlestur um viðskiptastefnu Indverja en hann er einn höfunda ítarlegrar skýrslu um það efni. Robinson taldi þróunarríki hafa almennt ágætan aðgang að mörkuðum ESB svo að boð um fríverslun þýddi yfirleitt að ríkin þyrftu að opna aðgang að mörkuðum sínum gegn óbreyttum eða lítið bættum aðgangi að markaði ESB. Samkvæmt sérstöku líkani þar sem mat var lagt á fríverslunarmöguleika Indlands kom í ljós að landið mundi ekki græða mikið á fríverslunarsamningum við ESB eða Bandaríkin en farsælla væri að ná niðurstöðu í Doha-samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO. Kåre Bryn, framkvæmdastjóri EFTA, greindi frá því að Indland ætti nú í viðræðum við marga aðila um fríverslun. Indland væri ekki einungis þungavigtarland í viðskiptalegu tilliti heldur væri landið mjög sterkt innan WTO þar sem Indland fer, ásamt Brasilíu, fyrir G20-hópnum svokallaða. Fríverslunarsamningur EFTA og Indlands mundi verða samningsaðilum hagkvæmur þar sem hár kaupmáttur almennings og fjárfestingargeta fyrirtækja í EFTA-ríkjunum færi saman við metnað Indverja um aukinn framleiðslu- og þjónustuútflutning auk þess að laða að erlenda fjárfestingu.

Framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA hélt fund að loknum nefndarfundinum. Fyrra mál á dagskrá var fyrirkomulag funda þingmannanefndarinnar með ráðherrum EFTA

sem fram fara tvisvar á ári, í lok júní og byrjun desember. EFTA-ráðherrarnir eiga yfirleitt fund með ráðgjafarnefnd EFTA, sem í eru fulltrúar vinnumarkaðarins, sama dag og fundað er með þingmannanefndinni. Ráðherrarnir hafa lýst vilja til þess að slá þessum fundum saman og þannig að þingmanna- og ráðgjafarnefndin hitti ráðherrana saman. Svissneska landsdeild þingmannanefndar EFTA lagði fram tillögu í þessa veru. Katrín Júlíusdóttir lagðist gegn henni og sagði ráðgjafarnefndina og þingmannanefndina tvo ólíka hópa, annars vegar væri um lýðræðislega kjörna fulltrúa að ræða og hins vegar fulltrúa hagsmunasamtaka. Hóparnir hefðu ólíka hagsmuni og eðli fundanna mundi breytast við sameiningu þeirra. Það væri nauðsynlegt fyrir kjörna fulltrúa EFTA-ríkjanna í þingmannanefndinni að eiga áfram eigin samráðsfundi með ráðherrunum og því ætti ekki að breyta. Fulltrúar Liechtenstein og Noregs tóku undir með Katrínu og var tillaga svissnesku þingmannanna felld. Síðara málið á dagskrá voru tengsl þingmannnanefndarinnar við Færeyjar. Færeyingar vilja gerast aðilar að EFTA en Sviss hefur ekki viljað ljá máls á stækkun samtakanna. Forseti færeyska þingsins hefur boðið þingmannanefnd EFTA til Færeyja til þess að kynna hugmyndir Færeyinga um aðild. Ákveðið var að kanna möguleika á slíkri heimsókn á síðari hluta árs 2008.

Fundir sendinefndar þingmannanefndar EFTA í Nýju-Delí 2.–5. apríl 2008.

Dagana 2.–5. apríl var sendinefnd þingmannanefndar EFTA á Indlandi og átti fundi um fríverslun með þingnefndum indverska þingsins sem fara með utanríkis- og viðskiptamál, viðskiptaráðuneyti Indlands, viðskiptaráði og heildarsamtökum iðnaðarins. Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA voru í sendinefndinni þau Katrín Júlíusdóttir, formaður, Bjarni Benediktsson og Árni Þór Sigurðsson, auk Stígs Stefánssonar, ritara.

Fríverslunarsamningum hefur fjölgað ört á undanförnum árum. Með aukinni svartsýni á að árangur náist í Doha-samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) hafa fleiri samtök ríkja og einstök lönd beint sjónum sínum að gerð tvíhliða fríverslunarsamninga. EFTA hefur verið í fararbroddi á þessu sviði og eru gildir fríverslunarsamningar EFTA við ríki utan Evrópusambandsins nú 15 talsins. Engin ríkjasamtök hafa náð meiri árangri í gerð fríverslunarsamninga að Evrópusambandinu undanskildu. Þingmannanefnd EFTA hefur á undanförnum árum stutt dyggilega við gerð fríverslunarsamninga samtakanna. Það hefur lengi verið rætt innan þingmannanefndarinnar að beita sendinefndum og þingmannaheimsóknum til þess að kynna og afla stuðnings við gerð fríverslunarsamninga EFTA. Fyrsta heimsókn þessarar tegundar var farin til Kanada í febrúar 2007 en þar áttu fulltrúar þingmannanefndarinnar fundi með þeim nefndum kanadíska þingsins sem fara með utanríkisviðskiptamál til að þrýsta á jákvæða niðurstöðu í samningaviðræðum EFTA og Kanada sem þá stóðu yfir.

Forsaga heimsóknar sendinefndarinnar til Nýju-Delí er sú að á ráðherrafundi EFTA í Genf í desember 2006 var skrifað undir samkomulag við Indland um gerð hagkvæmnisathugunar á mögulegum fríverslunarsamningi milli EFTA og Indlands. Niðurstaða athugunarinnar leiddi í ljós að slíkur samningur yrði til hagsældar fyrir báða aðila og í framhaldi af því undirrituðu ráðherrar EFTA-ríkjanna og Indlands samkomulag í janúar um að hefja formlegar fríverslunarviðræður í náinni framtíð.

Markmið heimsóknar sendinefndar EFTA-þingmanna til Nýju-Delí var að eiga viðræður um fríverslunar- og fjárfestingasamning ríkjanna, ræða ávinning slíks samnings við indverska þingmenn og almennt um stöðu Doha-samningalotu WTO og kynna sér viðskiptastefnu Indlands. Síðast en ekki síst var markmið heimsóknarinnar að halda á lofti jákvæðum niðurstöðum hagkvæmnisathugunar á fríverslun EFTA-ríkjanna og Indlands og þrýsta á að formlegar samningaviðræður gætu hafist sem fyrst.

Í indverska þinginu áttu EFTA-þingmennirnir viðræður við tvær þingnefndir, utanríkismálanefnd og viðskiptanefnd. Norski þingmaðurinn Svein Roald Hansen, formaður þingmannanefndar EFTA, hélt framsöguræðu á báðum fundunum þar sem hann lagði áherslu á mikinn hagvöxt Indlands og lýsti efnahagskerfum EFTA-ríkjanna og hvernig hár kaupmáttur almennings og fjárfestingargeta fyrirtækja færi vel saman við metnað Indverja um aukinn framleiðslu- og þjónustuútflutning auk þess að laða að erlenda fjárfestingu. Hansen kynnti jafnframt fríverslunarstefnu EFTA, reifaði jákvæðar niðurstöður hagkvæmnisathugunar á fríverslunarsamningi við Indland og lagði áherslu á að því fyrr sem formlegar samningaviðræður gætu hafist, því betra. Indversku þingnefndirnar gerðu grein fyrir helstu verkefnum í efnahagsuppbyggingu landsins sem eru að tryggja að hagvöxturinn nái til þess yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar sem stundar landbúnað. Á Indlandi væru 350 milljónir manna undir fátæktarmörkum og það væri fyrsta skylda stjórnvalda í þessu fjölmennasta lýðræðisríki heims að tryggja að efnahagsuppgangurinn næði til þeirra. Jákvæðni gætti í garð frjálsra viðskipta en áhersla var lögð á að samningar um viðskiptafrelsi mættu ekki hafa þau áhrif í landbúnaði að þeir fælu í sér skerðingu á kjörum tekjulægri hópa. Lítið þyrfti út af að bregða, nú á tímum hækkandi matvælaverðs í heiminum, til þess að afkomuöryggi stórra hópa væri stefnt í hættu og aðrir hópar sem hefðu verið betur settir féllu aftur niður fyrir skilgreind fátæktarmörk. Á heildina litið virtust indversku viðmælendurnir, sem fulltrúar allra stjórnmálaflokka landsins, vera sammála um gagnkvæman ávinning af fríverslunarsamningi milli Indlands og EFTA-ríkjanna.

Á fundunum í indverska þinginu gafst einnig tækifæri til að ræða tvíhliða málefni einstakra EFTA-ríkja og Indlands. Katrín Júlíusdóttir þakkaði Indverjum sérstaklega fyrir stuðninginn við framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og ítrekaði jafnframt að íslensk stjórnvöld styddu kröfu Indverja um fast sæti í ráðinu. Opnun sendiráðs Íslands í Nýju-Delí hefði markað þáttaskil í samskiptum ríkjanna og fagnaði Katrín þeirri ákvörðun indversku ríkisstjórnarinnar að opna sendiráð í Reykjavík sem þá var í bígerð. Miklir möguleikar væru á að auka samstarf ríkjanna m.a. á vísindasviðinu og ekki síst hvað varðar virkjun endurnýjanlegrar orku. Nú þegar væru slík verkefni í undirbúningi en Glitnir og indverska orkufyrirtækið LMJ Bhilwara áformuðu að reisa jarðvarmavirkjanir á Indlandi. Katrín lagði áherslu á að aukinn hlutur endurnýjanlegrar orku í orkunotkun væri mikilvægur þáttur í að bregðast við hnattrænum loftslagsbreytingum og þar með að tryggja sjálfbæra þróun sem væri lykill að því að draga úr fátækt og auka velferð.

Þingmenn EFTA áttu þá fund með Gopal K. Pillai, ráðuneytisstjóra viðskiptaráðuneytis Indlands. Á fundinum var farið vandlega yfir viðhorf Indverja til Doha-samningalotu WTO en Indland leiðir ásamt Brasilíu hinn svokallaða G20-hóp innan stofnunarinnar. Sá hópur hefur krafið ESB og Bandaríkin um að draga úr verndarstefnu í landbúnaði í yfirstandandi samningaviðræðum. Pillai benti á að erlendum fjárfestum á Indlandi hefði almennt vegnað vel og að arður af fjárfestingum í landinu væri meiri en í Kína. Kvaðst hann sjá mikla möguleika í fríverslun Indlands og EFTA-ríkjanna. Mikilvægust var hins vegar yfirlýsing Pillais um að Indverjar væru tilbúnir að hefja formlegar samningaviðræður við EFTA eftir tvo mánuði, eða í byrjun júní 2008.

Þingmenn EFTA áttu auk þess fundi með fulltrúum viðskiptaráðs Indlands og samtökum iðnaðarins. Á þeim fundum var rætt um indversk efnahagsmál og fríverslun en bæði samtökin hafa verið með í ráðum í viðræðum Indlands og EFTA-ríkjanna hingað til. Á fundunum kom fram sterkur stuðningur við að formlegar samningaviðræður hæfust sem fyrst og áhersla yrði lögð á að ná niðurstöðu hratt og örugglega.

30. fundur þingmannanefndar EES í Svartsengi 29. apríl 2008.

Sameiginleg þingmannanefnd EES kom saman til fundar á Íslandi 29. apríl og fór hann fram í Svartsengi. Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA var gestgjafi fundarins og af hálfu deildarinnar sóttu fundinn þau Katrín Júlíusdóttir, formaður, Bjarni Benediktsson, Árni Þór Sigurðsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Ármann Kr. Ólafsson, auk Stígs Stefánssonar, ritara. Helstu mál á dagskrá voru þróun og framkvæmd EES-samningsins, heilbrigðisþjónusta á Evrópska efnahagssvæðinu og framtíðarhorfur EES.

Að venju var embættismönnum boðið á fund nefndarinnar til umræðu um þróun og framkvæmd EES-samningsins. Þeir voru m.a. Jozef Drofenik, fulltrúi Slóveníu sem fór með formennsku í ráðherraráði ESB, Elisabeth Walaas, fulltrúi formennskuríkis EFTA í EES-ráðinu, Matthias Brinkmann frá framkvæmdastjórn ESB, og Per Sanderud, forseti Eftirlitsstofnunar EFTA. Í umræðum kom fram að rekstur EES-samningsins gengi vel eftir erfiðleika sem urðu árið 2007 við töfina á að Rúmenía og Búlgaría gerðust aðilar að EES. Töfin gerði það að verkum að engar nýjar gerðir voru teknar upp í EES-samninginn fyrstu fjóra mánuði ársins 2007. Á seinni hluta þess árs voru hins vegar margar stórar gerðir teknar upp í samninginn og var löggjöf um matvælaöryggi, viðskipti með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda og frjálsa för launafólks sérstaklega nefnd.

Danski Evrópuþingmaðurinn Jens Peter Bonde, sem sat sinn síðasta fund þingmannanefndarinnar, sagði EES-samninginn úr sér genginn eftir Lissabon-sáttmála ESB. Á síðasta ári hefðu 80% lagasetningar ESB farið fram eftir samákvörðunarferli en þá gera Evrópuþingið og ráðherraráð oft miklar breytingar á tillögum framkvæmdastjórnar ESB. EES/EFTA-ríkin geta haft áhrif á mótun löggjafar með þátttöku í vinnuhópum framkvæmdastjórnarinnar en þau hafa enga möguleika til að hafa áhrif á breytingar á tillögum framkvæmdastjórnarinnar eftir að þær eru komnar til Evrópuþingsins og ráðherranna. Bonde sagði EES/EFTA-ríkin búa við tvöfaldan lýðræðishalla hvað áhrif á ESB-löggjöf varðar og hvatti til þess að ríkin efldu samskipti sín við Evrópuþingið, t.d. með því að þingmenn ríkjanna tækju þátt í starfsemi flokkahópanna á Evrópuþinginu sem áheyrnaraðilar og kæmu sjónarmiðum sínum þar á framfæri. Bjarni Benediktsson sagði gagnlegt að heyra frá Evrópuþingmönnum hvernig haga mætti auknu samstarfi við Evrópuþingið og sagði ýmis áform uppi á Alþingi um að auka Evrópustarf þingmanna. Til dæmis væri rætt um að Alþingi yrði með fastan starfsmann í Brussel m.a. til að efla samstarf við Evrópuþingið.

Nokkur umræða spannst um Íbúðalánasjóð en Eftirlitsstofnun EFTA hefur haft kæru til skoðunar um starfsemi hans. Bjarni Benediktsson spurðist fyrir um gang málsins. Árni Þór Sigurðsson sagði sjóðinn njóta mikils stuðnings landsmanna þó að viðskiptabankarnir litu hann hornauga af samkeppnisástæðum. Sjóðurinn væri mikilvægur nú á tímum lánsfjárkreppu í fjármálaheiminum og væri veigamikill hlekkur íslenska velferðarkerfisins. Sanderud, forseti Eftirlitsstofnunar EFTA, sagði vandamál Íbúðalánasjóðs felast í því að erfitt væri að greina á milli félagslegs og viðskiptalegs hlutverks sjóðsins því að allir ættu rétt á niðurgreiddu húsnæðisláni úr sjóðnum óháð félagslegri stöðu.

Í framhaldi af almennri umræðu um framkvæmd og rekstur EES-samningsins var ársskýrsla þingmannanefndar EES um þetta málefni tekin til afgreiðslu. Nokkur umræða spannst um áframhaldandi þróunarstyrki EES/EFTA-ríkjanna til fátækra landa ESB eftir að núverandi styrkjafyrirkomulag fellur úr gildi árið 2009. Skýrt kom fram að ráðherraráð og framkvæmdastjórn ESB vænta áframhaldandi framlaga til þess að draga úr félagslegum ójöfnuði innan EES. EES/EFTA-ríkin leggja hins vegar áherslu á að þeim beri engin lagaleg skylda til slíkra framlaga samkvæmt EES-samningnum en þau hafa lýst sig reiðubúin til viðræðna við framkvæmdastjórn ESB um málið.

Þá var kynnt skýrsla um heilbrigðisþjónustu þvert á landamæri innan EES. Skýrsluhöfundar voru norski þingmaðurinn Svein Roald Hansen og Evrópuþingmaðurinn Paul Rübig. Í drögum að ályktun skýrslunnar var m.a. lögð áhersla á að aukið flæði heilbrigðisþjónustu yfir landamæri mætti ekki koma niður á viðbúnaði eða gæðum heilbrigðisþjónustu einstakra ríkja. Tryggja þyrfti heilbrigðisþjónustu í dreifbýli og að aukinn hreyfanleiki sjúklinga yfir landamæri mætti ekki leiða ójafnaðar þegar kemur að aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Áhersla var lögð á að skipulag og fjármögnun heilbrigðisþjónustu væri á ábyrgð einstakra ríkja EES en jafnframt var hvatt til samræmingar á þessu sviði. Einnig var hvatt til þess að komið yrði á sameiginlegum gæðastöðlum innan ESB fyrir heilsugæslu og að notendur hennar hefðu aðgang að hlutlausum upplýsingum um gæði þjónustunnar innan einstakra ríkja. Að síðustu var undirstrikað að samkeppni og auknir valmöguleikar fyrir notendur heilbrigðisþjónustu gætu leitt til aukinna gæða hennar og styrkt réttindi notenda. Árni Þór Sigurðsson lagði til að afgreiðslu skýrslunnar yrði frestað til næsta fundar þingmannanefndarinnar. Árni Þór sagði málið flókið og snúa beint að velferð íbúa EES. Það væri ekki gott vinnulag að afgreiða með hraði skýrslu um margslungið efni sem dreift væri með litlum fyrirvara. Hansen lagði hins vegar áherslu á að ályktunin yrði afgreidd því að mikilvægt væri að viðhorf þingmannanefndarinnar kæmust á borð framkvæmdastjórnar ESB sem ynni að tillögum um þessi mál, annars væri hætt við að sjónarmið þingmanna kæmu fram of seint. Katrín Júlíusdóttir var sammála Hansen og lýsti stuðningi við ályktunardrögin. Kosið var um hvort afgreiða ætti skýrsluna og ályktunina og var það samþykkt en Árni Þór sat hjá við atkvæðagreiðsluna. Bjarni Benediktsson lagði þá fram fjórar orðalagsbreytingar á ályktuninni og voru þær allar samþykktar. Því næst var ályktunin samþykkt í heild.

Að síðustu var fjallað um drög að tilmælum sem unnin voru á grunni vinnuskýrslu þingmannanefndarinnar um framtíðarhorfur EES sem upphaflega var lögð fram á fundi nefndarinnar í nóvember 2007. Katrín Júlíusdóttir, sem er annar tveggja skýrsluhöfunda, rifjaði upp helstu niðurstöður skýrslunnar sem eru að þær umfangsmiklu breytingar sem orðið hafa á Evrópusambandinu á umliðnum árum hafa haft neikvæð áhrif á framkvæmd EES-samningsins. Í fyrsta lagi væru skil milli innri markaðar og annarra sviða í tilskipunum ESB orðin óljósari og því erfiðara að skilgreina hvaða tilskipanir á að taka upp í EES-samninginn og innleiða í EES/EFTA-ríkjunum. Í öðru lagi hafa breytingar á innra skipulagi ESB haft í för með sér að áhrif Íslands og annarra EES/EFTA-ríkja á lagasetningu sambandsins, sem síðar er tekin upp í EES-samninginn, hafa minnkað. EES/EFTA-ríkin hafa aðgang að vinnuhópum framkvæmdastjórnar ESB sem vinna drög að tilskipunum sambandsins. Áhrif ráðherraráðsins og Evrópuþingsins á löggjöf hafa aukist verulega á kostnað framkvæmdastjórnarinnar. Drög að tilskipunum taka oft miklum breytingum frá því að þau fara frá framkvæmdastjórninni og þar til þau eru samþykkt af ráðherraráði og Evrópuþinginu án þess að EFTA-ríkin eigi þar formlega aðkomu og áhrif. Þá kynnti Katrín drög að tilmælum til frekari vinnslu á vinnuskýrslunni. Í fyrsta lagi voru tilmæli til þjóðþinga EES/EFTA-ríkjanna þar sem þau eru beðin að gera grein fyrir tilhögun EES-vinnu í þingunum í ljósi breytinga á ESB. Í öðru lagi var fyrirspurn til Evrópuþingsins um hvort styrkari staða þjóðþinga ESB, sem kveðið er á um í Lissabon-sáttmálanum, geti einnig tekið til þjóðþinga EES/EFTA-ríkjanna í málum sem varða innri markaðinn og þar með EES-samstarfið. Í þriðja lagi var sambærileg fyrirspurn til EES/EFTA-ríkjanna um túlkun þeirra á Lissabon-sáttmálanum. Í fjórða lagi var fyrirspurn til framkvæmdastjórnar ESB um hvort drög að tilskipunum sem senda á til umsagnar og samráðs til þjóðþinga ESB-ríkjanna samkvæmt Lissabon-sáttmálanum verði einnig send þjóðþingum EES/EFTA-ríkjanna. Að síðustu voru tilmæli til EFTA-ríkjanna um að gera úttekt á áhrifum Lissabon-sáttmálans á framkvæmd EES-samningsins. Tilmælin voru samþykkt og

ákveðið að nota væntanleg svör til frekari vinnslu vinnuskýrslunnar á nóvemberfundi nefndarinnar.

Fundur þingmannanefndar og ráðherra EFTA auk tengdra funda í Lúganó 30. júní 2008.

Auk sameiginlegs fundar þingmanna og ráðherra EFTA fóru eftirfarandi fundir fram í Lúganó: Fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA, fundur þingmannanefndar EFTA og sameiginlegur fundur þingmannanefndar og ráðgjafarnefndar EFTA. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu fundina þau Katrín Júlíusdóttir, formaður, Árni Þór Sigurðsson, Illugi Gunnarsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Ármann Kr. Ólafsson, auk Stígs Stefánssonar, ritara.

Á fundi þingmannanefndar EFTA gáfu Ásta Magnúsdóttir og Gunnar Selvik frá skrifstofu EFTA munnlegar skýrslur um stöðu helstu mála í EES-samstarfinu og ræddu m.a. um þjónustutilskipunina, matvælalöggjöfina og væntanlega heilsutilskipun. Ásta gerði grein fyrir löggjafarferli ESB og hvernig EFTA getur haft áhrif á mótun löggjafar með þátttöku í sérfræðingahópum framkvæmdastjórnar ESB. Aðspurð af hverju EES/EFTA-ríkin nýta rétt sinn til að senda inn formlegar umsagnir við mótun löggjafar eins sjaldan og raun ber vitni svaraði Ásta því til að ferillinn væri þungur í vöfum og oft væri erfitt að ná nákvæmu samkomulagi milli EES/EFTA-ríkjanna sjálfra um slíkar umsagnir.

Á sameiginlegum fundi þingmannanefndar og ráðgjafarnefndar EFTA var helsta dagskrármálið samband viðskipta og þróunaraðstoðar. Dr. Christian Häberli frá Rannsóknarstofnun á sviði alþjóðaviðskipta (World Trade Institute) flutti framsögu og lagði áherslu á að þróunaraðstoð geti greitt fyrir viðskiptum. Markmiðið væri að aðstoðin hjálpaði þróunarríkjum að byggja upp þá getu og samfélagsinnviði sem þarf til að taka þátt í og njóta alþjóðlegra viðskipta. Slík aðstoð væri einkum gagnleg á fjórum meginsviðum: Tæknileg aðstoð við mótun viðskiptastefnu, hjálp við uppbyggingu innviða samfélagsins eins og samgangna og fjarskipta, uppbygging framleiðslugetu og aðstoð til að bregðast við breytingum eins og tollalækkunum o.fl. sem koma niður á samkeppnishæfni í afmörkuðum geirum.

Á sameiginlegum fundi þingmannanefndar og ráðherra EFTA var annars vegar fjallað um þróun í samstarfi EFTA við þriðju ríki og gerð fríverslunarsamninga og hins vegar um þróun EES, en þetta eru fastir dagskrárliðir á fundum þingmanna og ráðherra EFTA. Doris Leuthard, efnahagsráðherra Sviss, flutti framsögu um fríverslunarsamningagerð EFTA. Helstu tíðindi af því sviði voru að fríverslunarsamningur EFTA og tollabandalags Suður-Afríkuríkja, SACU, tók gildi 1. maí 2008, og vonast var til að fríverslunarsamingur við Kanada gæti tekið gildi í upphafi árs 2009. Viðræðum um fríverslunarsamninga við Kólumbíu og samstarfsráð Persaflóaríkja var nýlokið og vonast var til að þeir samningar yrðu undirritaðir í náinni framtíð. Þá væri stefnt að fyrstu lotu samningaviðræðna EFTA og Indlands í haustið 2008. Loks væru fríverslunarviðræður við Rússland, Úkraínu, Serbíu og Albaníu í undirbúningi en hagkvæmnisathugun á mögulegum samningi við Rússa yrði lokið haustið 2008.

Norski þingmaðurinn Svein Roald Hansen, formaður þingmannanefndar EFTA, ítrekaði stuðning þingmanna við uppbyggingu fríverslunarnets EFTA þar sem hvorki gengi né ræki með Doha-samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Nefndi Hansen sérstaklega vel heppnaðar heimsóknir þingmanna til Kanada og Indlands til að vinna fríverslunarsamningum fylgi.

Illugi Gunnarsson spurðist fyrir um hvort til stæði að gera fríverslunarsamning við Kósóvó. EFTA-ríkin hefðu öll viðurkennt sjálfstæði landsins, það hefði 21 af 26 aðildarríkjum NATO einnig gert og 20 af 27 ríkjum Evrópusambandsins. Illugi vísaði til þess að árið 1998 hefði EFTA gert fríverslunarsamning við heimastjórn Palestínumanna sem í fólst fyrst og fremst pólitískur stuðningur enda viðskipti lítil. Í framhaldi af því spurði Illugi hvort

ráðherrarnir hefðu rætt möguleika á svipuðum stuðningi við hið nýsjálfstæða ríki Kósóvó. Leuthard svaraði því til að of snemmt væri að leggja í slíka samningagerð við Kósóvó. Málið hefði ekki verið rætt í ráðherrahópnum en hún teldi að samningur við Kósóvó gæti truflað samskipti EFTA við Serbíu og það væru ekki hagsmunir EFTA að leggja í slíka samninga við Kósóvó á næsta ári.

Í umræðum ráðherra og þingmanna um þróun EES hélt Svein Roald Hansen framsögu og fór m.a. nokkrum orðum um stór mál sem að undanförnu hafa verið innleidd í EES-samninginn, svo sem matvælalöggjöfina, viðskiptakerfi með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda, frjálsa för borgara ESB og fjölskyldna þeirra innan EES og reglugerð um efni og efnavörur. Í umræðum á eftir spurðist Katrín Júlíusdóttir fyrir um hvað liði innleiðingu nýrra geira í viðskiptakerfi með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda en tillögur eru uppi um að alþjóðlegar samgöngur falli undir kerfið. Katrín vísaði í ályktun sameiginlegrar þingmannanefndar EES frá nóvember 2007 um að tillit skyldi tekið til jaðarsvæða, sem af landfræðilegum ástæðum væru sérlega háð flugsamgöngum, þegar flugið yrði sett inn í kerfið og spurði hvort mótuð hefði verið sameiginleg stefna EFTA um að hafa áhrif á mótun viðskiptakerfisins að þessu leyti. Þá ræddi Katrín neytendamál og spurðist fyrir um hvort EFTA-ríkin hygðust taka þátt í samræmdri neyslumálakönnun ESB (Consumer Market Scoreboard) og hvort slíkt gæti mögulega verið verkefni fyrir Eftirlitsstofnun EFTA, ESA. Per Sanderud, forseti ESA, sagði sameiginlegu neyslumálakönnunina ólíka öðrum verkefnum ESA og var efins um að hún ætti heima hjá stofnuninni. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagði afar mikilvægt fyrir Íslendinga hvernig staðið yrði að innleiðingu flugsamgangna í viðskiptakerfi með losun gróðurhúsalofttegunda. Þetta mál hefði ekki verið rætt í ráðherrahópnum og æskilegt væri að EFTA kæmi sér upp sameiginlegri stefnu um það.

Árni Þór Sigurðsson spurði ráðherrana af hverju ekki væri búið að formbinda aðkomu EFTA að nýrri jafnréttisstofnun ESB (European Institute of Gender Equality) og sagði að varðandi jafnréttismál hefðu norræn lönd eins og Ísland og Noregur mikið fram að færa enda væru þau komin lengra í jafnréttismálum en flest önnur ríki Evrópu. Árni Þór ræddi einnig um loftslagsbreytingar og hvernig tryggt yrði að ákvörðunum leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál, sem ráðgerður er í Kaupmannahöfn í desember 2009, verði framfylgt innan EES. Þá spurði Árni Þór út í skoðun Eftirlitsstofnunar EFTA á starfsemi Íbúðalánasjóðs og sagði sjóðinn einn af hornsteinum íslenska velferðarkerfisins sem viðskiptabankarnir vildu losna við. Hvaða stefnubreytingar þyrfti að gera til að ná sátt um framtíð sjóðsins? Per Sanderud svaraði því til að Íbúðalánasjóður væri í raun niðurgreiddur banki og það skekkti samkeppnisstöðu á fjármálamarkaði, allir ættu rétt á niðurgreiddu húsnæðisláni úr sjóðnum óháð félagslegri stöðu. Annelene Svingen, aðstoðarráðherra viðskipta- og iðnaðarmála í Noregi, sagði vandamálið varðandi jafnréttisstofnunina vera að sæti í stjórn væru einungis 18 svo að aðildarríki ESB fengju ekki einu sinni öll fulltrúa í stjórn. Því hefði verið á brattann að sækja fyrir EFTA að fá stjórnarmann. Þátttaka EFTA-ríkjanna í starfi stofnunarinnar væri í skoðun.

Sameiginleg ráðstefna þingmannanefndar og ráðgjafarnefndar EFTA í Bergen 13.–14. október.

Þingmannanefnd og ráðgjafarnefnd EFTA gangast fyrir sameiginlegri ráðstefnu annað hvert ár. Að þessu sinni fór ráðstefnan fram í Bergen og fjallaði um loftslagsbreytingar. Að lokinni ráðstefnunni hélt framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA til Færeyja til fundar við utanríkismálanefnd Lögþingsins og utanríkisráðherra landsins. Af hálfu Íslandsdeildar

sóttu ráðstefnuna í Bergen þeir Árni Þór Sigurðsson og Ármann Kr. Ólafsson, auk Stígs Stefánssonar, ritara.

Sameiginleg ráðstefna þingmannanefndar og ráðgjafarnefndar EFTA bar yfirskriftina „Frá Balí til Kaupmannahafnar: Þróun aðgerða gegn loftslagsbreytingum í hnattrænu hagkerfi.“ Í yfirskriftinni er vísað til leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál sem ráðgerður er í Kaupmannahöfn í desember 2009. Á leiðtogafundinum er búist við að gert verði samkomulag um aðgerðir til að sporna við loftslagsbreytingum, einkum með takmörkunum á losun gróðurhúsalofttegunda, eftir að Kyoto-bókunin fellur úr gildi árið 2012.

Á ráðstefnunni voru fluttir fyrirlestrar um hvernig auka mætti hlut grænnar orku í orkubúskap. Liv Monica Bargem Stubholt, aðstoðarráðherra olíu- og orkumála í Noregi, taldi í fyrsta lagi að bæta þyrfti núverandi orkunýtingu og í öðru lagi bæri að þróa nýjar tegundir endurnýjanlegrar orku og þar taldi Stubholt samvinnu ríkisins og einkaaðila nauðsynlega. Þá greindi Stubholt frá tilraunaverkefnum Norðmanna um bindingu koltvísýrings í jarðvegi en Noregur er í fararbroddi á heimsvísu í þróun þeirrar tækni. Thomas L. Brewer frá Georgetown-háskóla sagði í erindi sínu loftslags- og viðskiptamál æ tengdari í alþjóðlegri umræðu. Sem dæmi væru tillögur um niðurfellingu tolla og annarra hindrana gegn viðskiptum, fjárfestingum og yfirfærslu tæknikunnáttu á sviði loftslagsvænnar vöru og þjónustu. Slík samtvinnun viðskipta og loftslagsmála væri forsenda árangurs í baráttu gegn loftslagsbreytingum.

Nokkuð var rætt um viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda (Emission trading scheme, ETS). Thomas L. Brewer taldi ýmislegt benda til þess að kerfið gæti haft hnattræna þýðingu enda væri það einstakt. Í fyrsta lagi væri mögulegt að ríkjahópar tækju sig saman og kæmu á svipuðum kerfum að evrópskri fyrirmynd. Í öðru lagi mundi kerfið ná langt út fyrir Evrópu þegar allt flug í Evrópu, jafnt innan álfunnar sem utan, yrði fellt undir það. Það felur í sér að flugfélög utan Evrópu sem halda uppi áætlunarflugi til áfangastaða í álfunni verða að greiða fyrir losunarkvóta vegna losunar á koltvísýringi.

Guðlaugur Stefánsson, fulltrúi Samtaka atvinnulífsins í ráðgjafarnefnd EFTA, tók til máls um yfirstandandi efnahagsþrengingar á Íslandi og deildi m.a. hart á þá framkomu Breta við Íslendinga að beita hryðjuverkalögum til að frysta íslenskar eigur í Bretlandi. Breski Evrópuþingmaðurinn Chris Davies sagði að stjórnvöld innan ESB hefðu ekki sýnt nauðsynlega samstöðu í viðræðum um björgunaraðgerðir vegna hinnar hnattrænu fjármálakreppu. Hann minntist sérstaklega á Ísland og sagði óskiljanlegt að Íslendingar væru neyddir til að leita á náðir Rússa um hjálp í stað þess að fá aðstoð frá evrópskum vinaþjóðum.

Árni Þór Sigurðsson tók til máls í almennum umræðum í ráðstefnulok. Hann sagði áhyggjuefni að yfirstandandi fjármagnskreppa gæti leitt til þess að sæst yrði á metnaðarminni markmið um losun gróðurhúsalofttegunda á leiðtogafundinum í Kaupmannahöfn en ella hefði verið. Þrengingar í efnahagsmálum mættu ekki verða til þess að menn veittu afslátt á umhverfisstefnu enda væri heilbrigt umhverfi forsenda almennrar hagsældar ekki síður en heilbrigt hagkerfi.

Fundir framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA í Færeyjum 15. október 2008.

Að lokinni sameiginlegri ráðstefnu þingmannanefndar og ráðgjafarnefndar EFTA í Bergen hélt framkvæmdastjórn þingmannanefndarinnar til Færeyja til fundar við utanríkismálanefnd færeyska þingsins og utanríkisráðherra landsins. Tilefni fundanna eru óskir Færeyinga um aðild að EFTA en heimastjórnin í Færeyjum hefur frá því í apríl 2005 ítrekað lýst áhuga á EFTA-aðild. Af hálfu Íslandsdeildar sóttu fundina Árni Þór Sigurðsson og Jón Gunnarsson, auk Stígs Stefánssonar, ritara.

Á fundinum með utanríkismálanefnd Lögþingsins kom fram í máli John Johannessen, formanns nefndarinnar, að þverpólitísk samstaða væri í Færeyjum um aðildarumsókn til EFTA. Í máli nefndarmanna kom fram að Færeyingar sæju aðild að EFTA fyrst og fremst sem tæki til þess að liðka fyrir uppbyggingu nýrra atvinnugreina á Færeyjum. Eyjarnar væru of háðar sjávarútvegi og fjölbreyttara atvinnulíf væri Færeyingum nauðsynlegt. Ekki yrði haldið í nýjar kynslóðir sem hafa sótt menntun til Danmerkur og víðar ef ekki væru sköpuð atvinnutækifæri við þeirra hæfi í Færeyjum. Aðild að EFTA mundi greiða fyrir uppbyggingu á sviði hátækni í Færeyjum. Auk þess væru Færeyingar vongóðir um að verða olíuframleiðsluríki í náinni framtíð. Aðild að EFTA mundi styrkja markaðsstöðu þeirra á því sviði auk þess sem væntanleg olíuframleiðsla gæti styrkt EFTA í samningaviðræðum við þriðju ríki.

Færeysku þingmennirnir lögðu áherslu á að EFTA-aðild væri ekki hugsuð til þess að bæta markaðsaðgang fyrir sjávarútveginn og að við endurskoðun eða gerð nýrra fríverslunarsamninga EFTA mundu Færeyingar ekki gera kröfur á sviði sjávarútvegs sem gengju lengra en þær sem Íslendingar eða Norðmenn settu fram. Færeyingar mundu í fríverslunarviðræðum EFTA við þriðju ríki ekki setja fram íþyngjandi kröfur á sviði sjávarútvegs sem gætu flækt eða staðið í vegi fyrir samningum umfram það sem Ísland og Noregur gerðu.

Aðspurðir af hverju Færeyingar gengju ekki í Evrópusambandið, en slíkt ætti að vera auðsótt í gegnum aðildina að danska ríkjasambandinu, svöruðu John Johannessen og Högni Høydal því til að miðað við sjávarútvegsstefnu ESB og þýðingu sjávarútvegsins í þjóðarbúskap Færeyinga væri slíkt óhugsandi. Þá mundi aðild að ESB í gegnum Danmörku flækja samband landanna tveggja. Högni taldi að slík aðild hefði tvöfaldan lýðræðishalla í för með sér fyrir Færeyjar sem yrðu jaðarsvæði jafnt gagnvart Danmörku og Evrópusambandinu. Þá sagði Högni að vilji Færeyinga til þess að taka á sig aukna ábyrgð í alþjóðlegu samstarfi væri skref í átt til aukins sjálfstæðis sem þverpólitísk samstaða væri um. Stofnun embættis utanríkisráðherra og uppbyggingu utanríkisþjónustu bæri að skoða í því ljósi, svo og samkomulag við Dani sem gerir Færeyingum kleift að gera alþjóðasamninga og gerast aðilar að alþjóðastofnunum á afmörkuðum sviðum. Auk þess að sækja um aðild að EFTA hafa Færeyingar sótt um sjálfstæða aðild að Norðurlandaráði. Högni sagði að lokum að aðildarumsókn að EFTA snerist bæði um efnahagsmál og sjálfstæðismál Færeyja enda væri skýr tenging þar á milli.

Jón Gunnarsson tók til máls og sagði rök Færeyinga gegn ESB-aðild vegna sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar enduróma þau rök sem heyrast í íslenskri Evrópuumræðu. Hann sagði að fjórfrelsið í EES-samningnum hefði á margan hátt dugað landi og þjóð vel í efnahagslegri uppbyggingu en nýverið hefðum við Íslendingar lært harða lexíu sem kæmi til vegna falls íslenska bankakerfisins. Árni Þór Sigurðsson sagði Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA styðja Færeyinga og að hún mundi tala máli þeirra við íslenska utanríkisráðherrann og á komandi fundi þingmanna og ráðherra EFTA.

Í lok fundar lagði utanríkismálanefndin til að Lögþingið fengi áheyrnaraðild að þingmannanefnd EFTA, slíkt mundi efla samskipti á vettvangi þingmanna og væri mikilvægt fyrsta skref í átt að aðild að EFTA. Svein Roald Hansen, formaður þingmannanefndar EFTA, bað utanríkismálanefndina að rita þingmannanefndinni bréf um málið og sagði að tillagan yrði skoðuð í samráði við EFTA-ráðherrana.

Á hádegisverðarfundi með Jørgen Niclasen, utanríkisráðherra Færeyja, hélt ráðherrann í aðalatriðum fram sömu röksemdum og utanríkismálanefndin. Vilji Færeyja til þess að verða aðilar að EFTA snerist um uppbyggingu fjölbreyttara atvinnulífs þar sem Færeyingar yrðu ekki eins háðir sjávarútvegi og aflasveiflum um afkomu sína.

91./59. fundur þingmannanefndar EFTA og 31. fundur þingmannanefndar EES í Brussel 3.–4. nóvember 2008.

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA sóttu fundina þau Katrín Júlíusdóttir, formaður, Bjarni Benediktsson, Árni Þór Sigurðsson, Illugi Gunnarsson og Ármann Kr. Ólafsson, auk Stígs Stefánssonar, ritara.

Helsta málið á dagskrá fundar þingmannanefndar EFTA var framtíð þróunarsjóðs EFTA sem stofnaður var árið 2004 við austurstækkun ESB. Sjóðurinn veitir styrki til nýju aðildarríkja ESB auk Grikklands, Portúgals og Spánar. Við inngöngu Búlgaríu og Rúmeníu í ESB árið 2007 ollu deilur EES/EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnar ESB um aukna þróunarstyrki töf á stækkun EES og truflun á framkvæmd EES-samningsins. EES/EFTA-ríkin hafa alla tíð lagt áherslu á að í EES-samningnum felist engar skuldbindingar um styrki til fátækari ríkja ESB en þeim hafi verið komið á til að stuðla að jöfnuði innan EES. Georges Baur, sendifulltrúi Liechtenstein sem fer með formennsku í EFTA-ráðinu, greindi frá því að í september 2008 hefðu hafist samningaviðræður EES/EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnar ESB um áframhaldandi styrki eftir að samkomulag um núverandi þróunarsjóð rennur út í apríl 2009. Framkvæmdastjórnin gerir kröfur um umtalsverða hækkun styrkjanna. Árni Þór Sigurðsson benti á að vegna yfirstandandi efnahagsþrenginga á Íslandi væru uppi spár um 10–15% samdrátt þjóðarframleiðslu á árinu 2009 og spurði hvort gert væri ráð fyrir þessu í samningaviðræðunum. Baur sagði fastanefnd Íslands hafa gert grein fyrir þessari stöðu og að skilningur væri á íslenskum aðstæðum í framkvæmdastjórninni.

Að beiðni Íslandsdeildar var fjármálakreppan á Íslandi tekin á dagskrá á fundi sameiginlegrar þingmannanefndar EES. Katrín Júlíusdóttir flutti framsögu þar sem hún setti íslenska bankahrunið í alþjóðlegt samhengi og skýrði hvernig fjármálakerfið hefði á nokkrum árum vaxið upp í að vera margföld þjóðarframleiðsla Íslands og hvernig sú stærð varð til þess að Seðlabankinn gat ekki stutt við bankakerfið þegar lánaþurrð skall á. Katrín greindi frá afleiðingum hrunsins innan lands með vaxandi atvinnuleysi, tapi á sparnaði almennings í hlutabréfum og sjóðum bankanna, hrapi krónunnar og alvarlegum truflunum á gjaldeyrismarkaði og þar með viðskiptum við umheiminn. Ljóst væri að almenningur í ýmsum Evrópuríkjum hefði tapað sparnaði sínum í íslensku bönkunum og íslensk stjórnvöld hefðu í því sambandi marglýst því yfir að þau mundu standa við lagalegar skuldbindingar sínar. Stjórnvöld ættu í vinsamlegu samstarfi við flest ríki um lausn þessara mála nema Bretland sem beitt hefði Íslendinga hryðjuverkalögum og valdið með því gríðarlegum efnahagslegum skaða, m.a. með því að knésetja Kaupþing, stærsta fyrirtæki landsins.

Natasha Butler, fulltrúi ráðherraráðs ESB, og Alan Seattler, fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB, greindu frá viðbrögðum Evrópusambandsins við efnahagsvanda Íslendinga. Á fundi ráðherraráðsins 16. október hefði í yfirlýsingu fundarins sérstaklega verið lýst yfir samstöðu með Íslendingum en jafnframt lögð áhersla á að þeir stæðu við skuldbindingar sínar í EES-samningnum. José Barroso, forseti framkvæmdastjórnarinnar, hefði hringt í Geir H. Haarde forsætisráðherra og framkvæmdastjórnin styddi málaleitan Íslendinga um lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Framkvæmdastjórnin stýrir neyðarsjóði ESB en til greina kæmi að Íslendingar gætu fengið lán úr sjóðnum í kjölfar jákvæðrar afgreiðslu stjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Butler greindi frá því að á októberfundi fjármálaráðherra ESB hefðu komið fram áhyggjur af því að Íslendingar gerðu upp á milli innlendra og erlendra innstæðueigenda í íslensku bönkunum og að þeir innlendu fengju aukna tryggingu og vernd innstæðna sinna á kostnað erlendra aðila. Sum aðildarríkin hefðu íhugað að tengja atkvæði sín í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins því að niðurstaða næðist í deilum við Íslendinga. Seattler bætti því

við að hugsanleg lánafyrirgreiðsla úr neyðarsjóði ESB væri háð því að lausn fyndist á deilumálum Íslendinga við einstök ESB-ríki.

Árni Þór Sigurðsson sagði tengingu lánafyrirgreiðslu við lausn deilumála við einstök ESB-ríki ekkert annað en fjárkúgun sem ekki væri sæmandi í alþjóðlegum samskiptum. Harkalegar aðfarir Breta gagnvart Íslendingum væru tæplega í anda EES-samningsins. Þá sagði Árni Þór bankahrunið í raun gjaldþrot þeirrar nýfrjálshyggju sem íslensk stjórnvöld hafi haft að leiðarljósi undanfarin ár. Hrunið væri ekki einungis afleiðing alþjóðlegrar fjármálakreppu heldur stæðu röð hagstjórnarmistaka að baki, m.a. stóriðjuframkvæmdir sem hefðu valdið ofþenslu sem mætt hefði verið með of háu vaxtastigi. Þá sagðist Árni Þór hafa áhyggjur af skilyrðum samkomulags við IMF, sem enn væri leyndarmál, í ljósi þess hve sjóðnum hefði tekist illa til í þeim ríkjum þar sem hann hefur komið að kreppustjórnun.

Per Sanderud, forseti Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, sagði stofnunina fylgjast grannt með gangi mála á Íslandi enda væri hlutverk stofnunarinnar að tryggja að EES/EFTA-ríkin færu að EES-samningnum. Sanderud sagði að aðferð íslenskra stjórnvalda við að aðskilja innlenda starfsemi íslensku bankanna annarri starfsemi þeirra og stofna nýjan Landsbanka, Glitni og Kaupþing ylli áhyggjum. Mikilvægt væri að reisa íslenska fjármálakerfið við en það mætti ekki brjóta gegn reglum um ríkisstyrki auk þess sem í skoðun væri hjá ESA hvort mismunun innlendra og erlendra innstæðueigenda stæðist EES-samninginn.

Bjarni Benediktsson sagði að lögfræðilega væri skýr munur á skuldum lögaðila annars vegar og skuldum ríkisins hins vegar. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda miðuðu að því að koma í veg fyrir að skuldir lögaðila, þ.e. íslensku einkabankanna, féllu á ríkið. Menn tækju athugasemdir um mismunun innstæðueigenda alvarlega en því miður væri lagaleg óvissa hvað þetta varðaði og einnig um lög um tryggingasjóði innstæðueigenda innan EES. Íslenska ríkið hefði margítrekað að það mundi standa við lagalegar skuldbindingar sínar en deilt væri um hversu víðtækar þær skuldbindingar væru.

Evrópuþingmennirnir Wolf Klinz og Mieczyslaw Janowski spurðu m.a. út í hraðan vöxt íslensku bankanna og hvort eftirlitsaðilar hefðu brugðist. Illugi Gunnarsson svaraði því til að vissulega hefðu íslensku bankarnir farið of geyst og eftirlitsaðilar ekki brugðist nógu snemma við viðvörunarljósum. Þó bæri að hafa í huga að þetta væri sameiginlegur vandi fjármálaeftirlita á Vesturlöndum, þau sáu fjármálakreppuna ekki fyrir og því urðu ríkisstjórnir og seðlabankar að grípa til róttækra björgunaraðgerða þar sem því var við komið en því miður hafði íslenska ríkið ekki bolmagn til að styðja bankakerfið vegna stærðar þess.

Í ræðu við hádegisverð þingmannanefndarinnar lýsti Diana Wallis, varaforseti Evrópuþingsins, sig andvíga aðgerðum breskra stjórnvalda gegn Íslandi og sagði þær ekki hjálplegar í þeim mikla efnahagsvanda sem upp væri kominn.

Á fundi þingmannanefndar EES var einnig tekin fyrir skýrsla Katrínar Júlíusdóttur og Evrópuþingmannsins Bilyana Raeva um framtíðarhorfur EES í ljósi þróunar og breytinga á stofnanakerfi ESB. Evrópuþingmaðurinn Richard Corbett gerði grein fyrir auknu hlutverki þjóðþinga aðildarlanda ESB ef Lissabon-sáttmálinn verður fullgiltur en þá munu frumvörp framkvæmdastjórnar ESB send þjóðþingunum til samráðs áður en þau eru send ráðherraráði og Evrópuþingi. Katrín kynnti drög að ályktun þar sem m.a. var óskað eftir að slíkt samráð tæki einnig til þjóðþinga EFTA/EES-ríkjanna þegar um löggjöf um innri markaðinn er að ræða auk þess sem hvatt var til nánara samstarfs þjóðþinga EES/EFTA-ríkjanna við Evrópuþingið. Evrópuþingmaðurinn Wolf Klinz gerði tillögu um nýja málsgrein í ályktunartextann um yfirstandandi fjármálakreppu og könnun á lagaumhverfi fjármálastofnana og að tryggt yrði að allir aðilar stæðu við skuldbindingar sínar. Bjarni Benediktsson fékk samþykktar

breytingar á málsgreininni þar sem hvatt var til að í úttekt EES-ríkjanna á lögum um fjármálastofnanir yrðu skuldbindingar skýrt skilgreindar og lagalegri óvissu eytt.

Af öðrum málum á fundi þingmannanefndar EES má nefna skýrslu og ályktun um áætlanir ESB á sviði rannsókna og menntamála, heilbrigðisþjónustu þvert á landamæri innan EES og þróunarstyrki Sviss til stækkunar ESB. Í fundarlok var ákveðið að á starfsárinu 2009 yrðu unnar skýrslur um svæðisbundna samvinnu innan EES, vinnumarkaðslöggjöf ESB, áhrif fjármálakreppunnar á EES auk hefðbundinnar ársskýrslu um framkvæmd EES-samningsins.

66. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA, 92./60. fundur þingmannanefndar EFTA og 39. sameiginlegi fundur þingmannanefndar og ráðherra EFTA sem haldnir voru í Genf 25. nóvember 2008.

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA sóttu fundina þau Katrín Júlíusdóttir, formaður, og Árni Þór Sigurðsson, auk Stígs Stefánssonar, ritara Íslandsdeildar.

Á fundi framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA var m.a. rætt um eftirfylgni við heimsókn framkvæmdastjórnarinnar til Færeyja þar sem Færeyingar gerðu grein fyrir umsókn sinni um aðild að EFTA. Að heimsókninni lokinni barst bréf frá færeyska þinginu þar sem óskað var eftir áheyrnaraðild að þingmannanefnd EFTA. Svein Roald Hansen, formaður nefndarinnar, sagði ýmsar hindranir á formlegri áheyrnaraðild og lagði til að komið yrði til móts við Færeyinga með því að bjóða þeim öðru hvoru á fundi nefndarinnar þegar mál væru til umræðu sem tengdust hagsmunum þeirra. Íslandsdeild og landsdeild Liechtenstein studdu tillögu Hansens en svissneska landsdeildin fór fram á að afgreiðslu málsins yrði frestað til næsta fundar framkvæmdastjórnarinnar sem gekk eftir.

Þá var á fundinum rætt um form hinna tveggja árlegu funda þingmannanefndar og ráðherra EFTA og lagt til að skoðað yrði að breyta fyrirkomulagi vetrarfundarins þannig að þingmannanefndin hitti utanríkisráðherra EFTA-ríkjanna í tengslum við fundi EES-ráðsins í Brussel. Hugmyndum framkvæmdastjórnarinnar var vísað til EFTA-ráðherranna.

Á fundi þingmannanefndar EFTA var helsti dagskrárliðurinn staða og horfur í Doha-samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO. Willy Alfaro, framkvæmdastjóri hjá WTO, gerði grein fyrir stöðu lotunnar sem hófst árið 2001 og beinist fyrst og fremst að því að efla þróun með því að auka frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarvörur. Viðræðurnar hafa einkum beinst að þremur þáttum, lækkun tolla á landbúnaðarvörur, lækkun á niðurgreiðslum til landbúnaðarframleiðslu og lækkun útflutningsstyrkja til landbúnaðarins. Aukin opnun markaða Vesturlanda fyrir landbúnaðarvörur frá þróunarríkjum er mikilvæg lyftistöng til þróunar en Vesturlönd hafa verndað landbúnað sinn mjög gegn erlendri samkeppni. Alfaro sagði yfirstandandi fjármálakreppu hafa tvenns konar áhrif á viðræðurnar, annars vegar ýtti hún undir nauðsyn þess að ná niðurstöðu til að tryggja þann efnahagslega ávinning sem óneitanlega hlýst af fyrir hagkerfi heimsins en um leið togaði kreppan í aðra átt með auknum þrýstingi á efnahagslega verndarstefnu í einstökum ríkjum.

Katrín Júlíusdóttir spurði hvaða augum WTO liti hina auknu áherslu sem ríki og ríkjahópar hafa lagt á tvíhliða eða svæðisbundna fríverslunarsamninga eftir að svartsýni jókst um afdrif Doha-samningalotunnar. Eru þessir samningar jákvæð viðbót við starf WTO eða er hætta á að þeir minnki þrýsting á að lotan verði kláruð? Alfaro svaraði því til að í fyrstu hefði WTO álitið slíka samninga ganga gegn hlutverki stofnunarinnar en það hefði breyst. Nú liti WTO slíka samninga jákvæðum augum svo lengi sem þeir væru opnir og gagnsæir og sköpuðu ekki auknar viðskiptahindranir fyrir ríki sem ekki eru aðilar að þeim.

Á sameiginlegum fundi þingmannanefndarinnar og ráðherra EFTA var annars vegar fjallað um þróun EES-samningsins og hins vegar þróun í samstarfi EFTA við þriðju ríki og gerð

fríverslunarsamninga, en þetta eru fastir dagskrárliðir á fundum þingmanna og ráðherra EFTA. Ísland fer um þessar mundir með formennsku í ráðherraráði EFTA og flutti Björgvin G. Sigurðsson framsögu um samstarf við þriðju ríki. Í máli hans kom m.a. fram að fríverslunarsamningur EFTA og Kólumbíu hefði verið undirritaður, niðurstöður vinnuhóps um mögulegan fríverslunarsamning EFTA og Rússlands lægju fyrir og í undirbúningi væri að hefja formlegar samningaviðræður á árinu 2009, og jafnframt að ráðgert væri að hefja fríverslunarviðræður við Úkraínu, Albaníu og Serbíu á fyrri hluta árs 2009.

Árni Þór Sigurðsson beindi fyrirspurn til ráðherranna um hvað liði hugmyndum um stofnun sérstakrar nefndar innan EFTA með fulltrúum sveitarstjórna og af hverju málið hefði gengið jafnhægt fram og raun bæri vitni. Björgvin G. Sigurðsson svaraði því til að ráðherrarnir hafðu þá um morguninn beðið vinnuhóp embættismanna sem skoðar málið að hraða vinnu sinni og að hann vonaðist eftir jákvæðri niðurstöðu af starfi þeirra.

Svein Roald Hansen, formaður þingmannanefndar EFTA, flutti framsögu um framkvæmd og þróun EES-samningsins. Hann ræddi m.a um aukið hlutverk þjóðþinga ESB ef Lissabonsáttmálinn verður fullgiltur og hvernig það gæti mögulega leitt til tilsvarandi styrkingar í Evrópustarfi þjóðþinga EES/EFTA-ríkjanna. Katrín Júlíusdóttir greindi frá því að sameiginleg þingmannanefnd EES hygðist gera sérstaka vinnuskýrslu um áhrif yfirstandandi fjármálakreppu á EES og spurði ráðherrana álits á málinu. Rita Kieber-Beck, utanríkisráðherra Liechtenstein, svaraði því til að mestu áhrif fjármálakreppunnar á EES yrðu einfaldlega ef hún yrði þess valdandi að einhver EES/EFTA-ríki mundu sækja um aðild að ESB. Nokkur umræða spannst um aukinn stuðning við ESB-aðild á Íslandi í kjölfar bankahrunsins og yfirstandandi efnahagsþrenginga sem Björgvin G. Sigurðsson gerði grein fyrir. Árni Þór Sigurðsson tók einnig til máls og sagði Evrópumálin til sérstakrar skoðunar innan Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs og að þau yrðu tekin fyrir á flokkráðsfundi sem þá var fyrirhugaður í byrjun desember.

6. Ályktanir þingmannanefndar EES árið 2008.

- Ályktun um ársskýrslu um framkvæmd EES-samningsins árið 2007, samþykkt í Svartsengi 29. apríl 2008.
- Ályktun um heilbrigðisþjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu, samþykkt í Svartsengi 29. apríl 2008.
- Ályktun um rannsóknar- og menntaáætlanir: EES og EFTA-ríkin, samþykkt í Brussel 4. nóvember 2008.
- Ályktun um framtíðarhorfur EES, samþykkt í Brussel 4. nóvember 2008.

Alþingi, 17. mars 2009.

Katrín Júlíusdóttir, form.	Bjarni Benediktsson, varaform.	Árni Þór Sigurðsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.		Illugi Gunnarsson.

741. Nefndarálit [405. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur frá dómsmálaráðuneyti, Ásmund Helgason frá skrifstofu Alþingis og Skúla Guðmundsson frá Þjóðskrá.

Með frumvarpinu er lagt til að bætt verði við lög um kosningar til Alþingis ákvæði til bráðabirgða um breytingar á ýmsum frestum sem gilda í aðdraganda kosninga. Gert er ráð fyrir að viðmiðunardagur staðfestrar kjörskrár verði fjórum vikum fyrir kjördag í stað fimm vikna. Þá skuli birta almenningi kjörskrá átta dögum fyrir kjördag í stað tíu daga. Mörk kjördæmanna í Reykjavík skuli birta með auglýsingu þremur vikum fyrir kjördag í stað fjögurra vikna. Þá renni frestur til að tilkynna framboð út kl. 12 á hádegi 11 dögum fyrir kjördag í stað 15 daga og skulu auglýsingar á framboðum birtast eigi síðar en fimm dögum fyrir kjördag í stað tíu daga.

Einnig eru í frumvarpinu gerðar breytingar á nokkrum ákvæðum laganna sem eru til frekari skýringar á þeim. Jafnframt er lagt til að gerðar verði lagfæringar vegna breyttra aðstæðna, m.a. er í frumvarpinu uppfærður listi með sveitarfélögum landsins miðað við breytingar sem hafa orðið út af sameiningu sveitarfélaga eða út af breytingum á heitum þeirra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Ágúst Ólafur Ágústsson, Ólöf Nordal og Siv Friðleifsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. mars 2009.

Árni Páll Árnason, form., frsm.	Birgir Ármannsson.	Álfheiður Ingadóttir.
Árni Þór Sigurðsson.	Siguður Kári Kristjánsson.	Jón Magnússon.

742. Skýrsla [437. mál]

Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 2008.

1. Inngangur.

Það sem setti hvað mestan svip á starfsemi ÖSE-þingsins á árinu voru umræður um átökin í Georgíu. Eka Tkeshelashvili, utanríkisráðherra Georgíu, og Vitaly Churkin, fastafulltrúi Rússlands hjá Sameinuðu þjóðunum, voru frummælendur á haustfundi ÖSE-þingsins sem þótti sæta nokkrum tíðindum þar sem ríkin slitu stjórnmálasamstarfi í kjölfar átakanna sem brutust út í ágúst.

Í öðru lagi bar það til tíðinda að forseti ÖSE-þingsins, Göran Lennmarker, forseti ÖSE-þingsins, kom í heimsókn til Íslands í apríl. Var það í fyrsta sinn sem forseti ÖSE-þingsins

sækir Ísland heim en heimsókn Lennmarkers var liður í því að efla tengsl við þau 56 þjóðþing sem eiga aðild að ÖSE-þinginu og gera grein fyrir hlutverki og starfsemi ÖSE-þingsins.

Í þriðja lagi hélt umræðan um samvinnu ÖSE-þingsins og lýðræðis- og mannréttindastofnunar ÖSE (ODIHR) við kosningaeftirlit áfram. Vonir voru bundnar við að nýr forseti ÖSE-þingsins, Joao Soares frá Portúgal, og nýr yfirmaður ODIHR, Janez Lenarcic, gætu náð samkomulagi um samvinnu stofnananna við kosningaeftirlit.

Í fjórða lagi kom fram að framhald yrði á þeirri viðleitni að auka þátttöku þingmannasendinefnda frá löndum Mið-Asíu sem eru fimm talsins, þ.e. Kasakstan, Túrkmenistan, Úsbekistan, Kirgisistan og Tadsjikistan. Liður í því var að halda ársfund ÖSE-þingsins í Astana, höfuðborg Kasakstans, auk þess sem að sérstakur fundur um Mið-Asíu var haldinn á ársfundi ÖSE-þingsins í Toronto í Kanada.

2. Almennt um ÖSE-þingið.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE (áður ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE, eða til ársins 1995) starfar á grundvelli Helsinkisáttmálans (e. Helsinki Final Act) frá árinu 1975. Markmið ÖSE er að stuðla að friði, öryggi, lýðræði og samvinnu á starfssvæði sínu og standa vörð um virðingu fyrir mannréttindum og meginreglum réttarríkisins. ÖSE sinnir hlutverki sínu m.a. með baráttu gegn hryðjuverkum, mansali, þjóðernisofstæki, eiturlyfjasmygli og ólöglegri vopnasölu.

Á leiðtogafundi ÖSE vorið 1990 var Parísarsáttmálinn samþykktur (e. Charter of Paris for a New Europe). Sáttmálinn kveður m.a. á um stofnun formlegs vettvangs fyrir þingmenn sem komi saman einu sinni á ári. ÖSE-þingið og ÖSE eru þannig greinar af sama meiði en ólíkt öðrum fjölþjóðlegum stofnunum liggur enginn hefðbundinn stofnsáttmáli þeim til grundvallar.

Fyrsti fundur ÖSE-þingsins var haldinn í júlí 1992. Aðild að ÖSE-þinginu eiga 56 þjóðþing í Evrópu, Norður-Ameríku og Mið-Asíu. Þingið er skipað 320 fulltrúum. Þar af á Alþingi þrjá.

Hlutverk ÖSE-þingsins er að hafa áhrif á stefnumótun og áherslur í starfi ÖSE og að hafa eftirlit með og meta árangurinn af starfi stofnunarinnar. Til að sinna hlutverki sínu er rætt og ályktað um málefni ÖSE á ársfundum ÖSE-þingsins. Í málefnanefndum þingsins er unnið að undirbúningi ályktana. Þær eru síðan afgreiddar á ársfundi og komið á framfæri til ráðherraráðs ÖSE, sem er vettvangur utanríkisráðherra aðildarríkjanna, og fastaráðs ÖSE en þar eiga sæti sendiherrar eða fastafulltrúar aðildarlandanna gagnvart ÖSE sem funda vikulega í Vín. Í samspili við ÖSE virkar þingið sem hugmyndabanki fyrir áherslur í starfi ÖSE auk þess sem þingið veitir ÖSE bæði stuðning og aðhald með eftirliti sínu og umræðu um starf stofnunarinnar. Hvað viðvíkur formlegum samskiptum ÖSE-þingsins og ÖSE þá ávarpar formaður ráðherranefndar ÖSE (e. Chairman-in-Office) þingið og gefur skýrslu um verkefni sem unnið er að hjá ÖSE. Þá geta þingfulltrúar beint fyrirspurnum til ráðherrans. ÖSE ber þó ekki skylda til að svara fyrirspurnum þingmanna strangt til tekið. Þá tekur ÖSE-þingið þátt í því að þróa leiðir til að koma í veg fyrir ágreining milli ríkja og stuðla að eflingu lýðræðislegra stofnana á því svæði sem starfsemi ÖSE tekur til. Að lokum hefur kosningaeftirlit verið eitt helsta verkefni þingsins frá upphafi. Sú starfsemi hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. ÖSE-þingið á samvinnu við lýðræðis- og mannréttindastofnun ÖSE um kosningaeftirlit. Nokkur ágreiningur hefur ríkt um verkaskiptingu milli stofnananna þrátt fyrir samstarfssamning á milli þeirra frá árinu 1997. Einnig er ÖSE-þingið í samvinnu við önnur fjölþjóðleg þing eins og Evrópuráðsþingið og Evrópuþingið um kosningaeftirlit.

ÖSE-þingið kemur saman til ársfundar í allt að fimm daga í júlí. Einstök aðildarríki taka að sér að halda ársfundi. Ársfundur afgreiðir mál úr öllum þremur málefnanefndum ÖSE-þingsins í formi ályktunar ársfundar. Málefnanefndirnar eru nefnd um stjórn- og öryggismál (1. nefnd), nefnd um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál (2. nefnd) og nefnd um lýðræðis- og mannréttindamál (3. nefnd). Formaður, varaformaður og skýrsluhöfundur hverrar málefnanefndar eru kjörnir af viðkomandi nefnd í lok hvers ársfundar. Skýrsluhöfundur nefndar velur málefnið sem tekið verður fyrir í nefndinni það árið í samráði við formann og varaformann viðkomandi nefndar. Síðan undirbýr skýrsluhöfundur skýrslu og drög að ályktun sem lögð eru fyrir nefndina til umræðu og að lokum til umræðu og afgreiðslu á ársfundi. Málefnanefndir þingsins koma einnig saman á vetrarfundinum sem haldinn er í Vín í febrúar ár hvert. Þar fá þingmenn einnig tækifæri til að hlýða á framlag fastafulltrúa og embættismanna ÖSE sem hafa aðsetur í Vín eins og fyrr segir. Fyrir utan árs- og vetrarfund er haldinn haustfundur þar sem stjórnarnefnd (e. Standing Committee) og framkvæmdastjórn (e. Bureau) þingsins kemur saman auk þess sem árleg málefnaráðstefna ÖSE-þingsins fer fram á sama tíma.

Fyrir utan fastanefndir þingsins, stjórnarnefnd og framkvæmdastjórn getur forseti þingsins skipað tímabundið sérstaka fulltrúa (e. Special Representative) og þingið skipað tímabundið sérnefndir til að taka til skoðunar og vera ráðgefandi um aðkallandi mál. Sem dæmi var starfandi sérstakur fulltrúi vegna fangabúða Bandaríkjahers í Guantanamo á Kúbu fyrir meinta hryðjuverkamenn og sérnefnd vegna stjórnmálaástandsins í Hvíta-Rússlandi.

3. Íslandsdeild ÖSE-þingsins.

Aðalmenn Íslandsdeildar voru í upphafi árs 2008 Einar Már Sigurðarson, formaður, þingflokki Samfylkingar, Pétur H. Blöndal varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Valgerður Sverrisdóttir, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn voru þau Lúðvík Bergvinsson, þingflokki Samfylkingar, Björk Guðjónsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Birkir J. Jónsson, þingflokki Framsóknarflokks. Magnea Marinósdóttir var ritari Íslandsdeildar.

Þrjár málefnanefndir starfa á vegum ÖSE-þingsins. Skipting Íslandsdeildar í nefndir árið 2008 var eftirfarandi:

1. Nefnd um stjórnmál og öryggismál: Pétur H. Blöndal.
2. Nefnd um efnahagsmál, vísindamál, tæknimál og umhverfismál: Valgerður Sverrisdóttir.
3. Nefnd um lýðræði og mannréttindamál: Einar Már Sigurðarson.

4. Lýðræðislegt eftirlit með fjármálum ÖSE.

Pétur H. Blöndal, þáverandi formaður Íslandsdeildar, var skipaður sérlegur fulltrúi forseta ÖSE-þingsins, Görans Lennmarkers, um fjárreiður ÖSE í september 2006. Nýr forseti, Joao Soares, sem tók við embætti á ársfundinum 2008 óskaði eftir að Pétur héldi áfram starfi sínu.

Pétur lagði fram tvær skýrslur á árinu, aðra á haustfundinum og hina á ársfundinum, auk þess sem hann heimsótti bæði skrifstofu lýðræðis- og mannréttindastofnunar ÖSE í Varsjá, sem sér m.a. um kosningaeftirlit, og ríkisendurskoðun Noregs í Osló sem sér um endurskoðun ársreikninga ÖSE. Hann átti einnig fund með Ríkisendurskoðun og utanríkisráðuneytinu hérlendis.

Eftirlit norsku ríkisendurskoðunarinnar felur m.a. í sér skyndiskoðanir þar sem starfsmenn ríkisendurskoðunarinnar fara með skömmum fyrirvara og taka út stöðuna hjá einstökum ÖSE-skrifstofum eða ÖSE-verkefnum í einstökum aðildarlöndum. Að því loknu er stöðuskýrslu skilað til höfuðstöðva ÖSE í Vín og utanríkisráðherra viðkomandi aðildarríkis ef þess

er óskað. Hingað til hefur verið um að ræða trúnaðarskýrslur sem aðrir hafa ekki haft aðgang að. Á haustfundi ÖSE-þingsins í febrúar gagnrýndi Pétur að ÖSE-þingið og ráðgjafarnefnd ÖSE um rekstur og fjármál (e. Advisory Committee on Management and Finance), sem í eiga sæti fulltrúar allra aðildarríkjanna, fái ekki eintak af skýrslum ríkisendurskoðunar Noregs. Í máli Péturs kom fram að án eintaks af skýrslunum geti ÖSE-þingið, fyrir hönd þeirra 56 þjóðþinga sem fjármagna starfsemi ÖSE, ekki haft raunverulegt eftirlit með nýtingu fjármuna. Í fyrirspurnartíma þingmanna með Alexander Stubb, utanríkisráðherra Finnlands, formennskuríkis ÖSE, varpaði Pétur fram þeirri spurningu hvernig stæði á því að skýrslur ríkisendurskoðunar Noregs um einstakar stofnanir ÖSE væru trúnaðarmál og hvort hann teldi ekki eðlilegt að fulltrúi ÖSE-þingsins fyrir hönd þjóðþinganna 56 fengi eintak af öllum skýrslunum. Svar ráðherra var á þá leið að það væri örugglega hægt að fá eintak af skýrslunum þrátt fyrir að þær væru ekki gefnar út opinberlega ef þess væri óskað sérstaklega.

Á ársfundi ÖSE-þingsins í Astana gagnrýndi Pétur H. Blöndal að fjárlögin fyrir árið 2009 væru sama nafnupphæð og undanfarin ár. Sú staðreynd að fjárhæðin tæki ekki mið af verðbólgu þýddi í raun niðurskurð í fjárframlögum til ÖSE milli ára sem væri áhyggjuefni. Hann tók sem dæmi að 2% verðbólga á ársgrundvelli þýddi í raun og veru 11% samdrátt yfir sex ára tímabil sem samsvaraði því að leggja niður starfsemi einnar stofnunar af níu sem ÖSE rekur. Pétur ítrekaði í því samhengi þá tillögu sína að ákveða starfsemina til lengri tíma en eins árs í senn með það fyrir augum að skerpa á markmiðum og stefnumótun, sjá betur fyrir lok verkefna og tryggja fjármagn til starfseminnar til lengri tíma. Hann ítrekaði þessa tillögu sína m.a. í ljósi þess hversu langan tíma það tók að ná samstöðu um fjárlögin fyrir árið 2008 en þau voru fyrst samþykkt 7. mars 2008. Að venju sat Pétur einnig fund stjórnarnefndar þar sem framkvæmdastjóri ÖSE, Marc Perrin de Brichambaut, gerði grein fyrir fjármálum ÖSE og fjárlagatillögu ÖSE (e. Program Outline for the OSCE Budget) fyrir árið 2009.

Í lok september heimsótti Pétur skrifstofu lýðræðis- og mannréttindastofnunar ÖSE í Varsjá til að kynna sér verkefni hennar og rekstur. Einnig heimsótti hann ríkisendurskoðun Noregs í Osló. Þar var m.a. rætt um aðlögun stofnunarinnar að þeim nýmælum sem komu til framkvæmda árið 2008 og felast í því að ekki er eingöngu skoðað hvort rekstur sé í samræmi við fjárhagsáætlun heldur er einnig lagt mat á það hvort markmiðum einstakra verkefna sé náð. Slíkar árangursmælingar eru í samræmi við áherslur Péturs um að meta ekki eingöngu hvernig fjármunum ÖSE er varið heldur einnig hvort settum verkefnamarkmiðum sé náð.

5. Heimsókn forseta ÖSE-þingsins til Íslands 21.–22. apríl.

Dagana 21.–22. apríl 2008 kom Göran Lennmarker, forseti ÖSE-þingsins, í heimsókn til Íslands. Er það í fyrsta sinn sem forseti ÖSE-þingsins sækir Ísland heim. Með honum voru Tina Schøn, aðstoðarframkvæmdastjóri ÖSE-þingsins og Ann-Sofi Lindenbaum, ritari sænsku landsdeildar ÖSE-þingsins.

Lennmarker átti fund með Sturlu Böðvarssyni, forseta Alþingis, Pétri H. Blöndal og Valgerði Sverrisdóttur í Íslandsdeild ÖSE-þingsins, utanríkismálanefnd og embættismönnum utanríkisráðuneytis. Þá átti Lennmarker fund með Geir H. Haarde forsætisráðherra og hitti Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra að máli. Að lokum hélt Lennmarker framsögu á opnum fundi Samtaka um vestræna samvinnu og Varðbergs 21. apríl á Hótel Sögu þar sem hann fjallaði um stjórnmálaástandið í Rússlandi og fordæmisgildi viðurkenningar á sjálfstæði Kósóvó fyrir „frosin átök“ í Austur-Evrópu þar sem Rússland telur sig eiga hagsmuna að gæta.

Heimsókn Lennmarkers var liður í því að efla tengsl við þau 56 þjóðþing sem eiga aðild að ÖSE-þinginu. Á fundum sínum hérlendis gerði hann grein fyrir hlutverki og starfsemi

ÖSE-þingsins. Í máli hans kom fram að ÖSE-þingið beindi sjónum sínum einkum að þremur þáttum.

Í fyrsta lagi að stuðla að samvinnu Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna við ríki Mið-Asíu. Markmiðið væri ekki síst að miðla reynslu af lýðræði, markaðs- og velferðarkerfi og af svæðisbundnu samstarfi til þingmanna frá Mið-Asíu. Að mati Lennmarkers væri samstarf landa Mið-Asíu við Norðurlöndin á margan hátt ekki eins pólitískt viðkvæmt og samstarf þeirra við önnur vestræn ríki. Styrkur væri af aðkomu Eystrasaltsríkjanna vegna sameiginlegrar reynslu þeirra og landa Mið-Asíu af því að heyra undir Sovétríkin og vegna reynslu Eystrasaltsríkjanna af svæðisbundnu samstarfi.

Í öðru lagi legði ÖSE-þingið áherslu á kosningaeftirlit og síðast en ekki síst á hlutverk og framlag þingmanna í þágu markmiða ÖSE á því víðfeðma landsvæði sem stofnunin nær til í 56 ríkjum í þremur heimsálfum. Tók hann sem dæmi átökin milli Armeníu og Aserbaídsjan um Nagorno-Karabakh hérað og framlag þingmanna til að finna lausn í þeirri deilu, bæði þingmanna frá svæðinu og utanaðkomandi. Lagði hann áherslu á að framlag þingmanna væri óháð stærð þeirra þjóða sem þeir kæmu frá. Sem dæmi tók hann starf Péturs H. Blöndals sem verið hefur sérlegur fulltrúi forsetans varðandi fjárreiður ÖSE síðan árið 2006. Starf hans fæli ekki eingöngu í sér lýðræðislegt eftirlit með því hvernig ÖSE ver fjármunum sínum heldur einnig því hvernig ÖSE gangi að ná markmiðum sínum með starfi sínu á vettvangi (e. political auditing).

Á fundi með Sturlu Böðvarssyni, forseta Alþingis, beindi Lennmarker þeirri spurningu til forsetans hvort Alþingi gæti mögulega haldið vorfund, haustfund eða ársfund ÖSE-þingsins á Íslandi. Í umræðum á fundinum kom fram að helst kæmi til greina að halda haustfund hér á landi en þeir fundir eru haldnir í september og sóttir af um 200–250 þing- og embættismönnum.

Á fundi með þingmönnum Íslandsdeildar ÖSE-þingsins, þeim Pétri H. Blöndal og Valgerði Sverrisdóttur, var rætt nánar um hugsanlegan haustfund hér á landi. Jafnframt var hugmynd Péturs um virkari samskipti milli landsdeilda ÖSE-þingsins rædd. Lennmarker tók vel í hugmyndina og í framhaldinu var rætt nánar hvernig skrifstofa ÖSE-þingsins og einstök sendiráð gætu komið að málum við að skipuleggja t.d. tvíhliða fundi landsdeilda meðan á árs- eða vetrarfundum stæði.

Á fundi með utanríkismálanefnd kom m.a. fram að samvinna ÖSE-þingsins, ekki síst Norðurlandanna við lönd austan ESB og NATO eins og Hvíta-Rússland og ríki Mið-Asíu væri mjög mikilvæg, enda ættu þau ekki lýðræðislega granna í austri. Í svari við spurningu um hvort einhverri þeirra fjölþjóðastofnana sem störfuðu innan Evrópu, eins og ÖSE, Evrópuráðinu, Evrópusambandinu eða NATO, væri ofaukið kom fram í máli Lennmarkers að alls hefðu 24 ný ríki orðið til eftir fall Sovétríkjanna árið 1991. Að hans mati væri því starfandi fjölþjóðastofnunum ekki ofaukið þrátt fyrir skörun verkefna. Þær styddu allar við kjarnastarf hver annarrar með því að festa í sessi lýðræðisleg gildi og leikreglur sem væru forsenda friðar og stöðugleika í álfunni til framtíðar.

Að lokum var kosningaeftirlit rætt. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að sátt ríkti um kosningaeftirlit og að sameiginleg viðmið væru höfð að leiðarljósi hjá öllum kosningaeftirlitsaðilum innan sama lands og milli landa. Í því sambandi fjallaði Lennmarker um áhuga Samveldis sjálfstæðra ríkja (e. Commonwealth of Independent States) um þátttöku í kosningaeftirliti og sagði mikilvægt að þau notuðu sömu viðmið og ÖSE. Að lokum kom fram í máli Lennmarkers að áhugi væri á því að afla þess stuðnings að heimastjórn Palestínu gæti fengið aðild að ÖSE og ÖSE-þinginu. Það væri liður í stuðningi við friðarumleitanir fyrir botni Miðjarðarhafs.

6. Kosningaeftirlit.

Kosningaeftirlit og umræða um það var nokkuð fyrirferðarmikil sem endranær. ÖSE-þingið leggur mikla áherslu á að vera virkur þátttakandi í alþjóðlegu kosningaeftirliti enda eitt mikilvægasta hlutverk ÖSE að hafa eftirlit með og aðstoða aðildarríkin við að uppfylla skuldbindingar sínar á sviði mannréttinda og lýðræðis.

ÖSE-þingið og lýðræðis- og mannréttindastofnun ÖSE (ODIHR) hafa átt samstarf um kosningaeftirlit síðan 1993. Nokkur ágreiningur hefur ríkt um hvernig samvinnu og verkaskiptingu á milli þeirra skuli háttað þrátt fyrir samstarfssamning milli þeirra frá árinu 1997. Ágreininginn má að vissu leyti rekja til þess að um er að ræða tvær stofnanir sem hvor um sig gerir sterkt tilkall til þessa hlutverks enda vægi kosningaeftirlits mikið þar sem 56 ríki í þremur heimsálfum eiga aðild að ÖSE. Ágreiningur milli stofnananna kom m.a. í ljós þegar lýðræðis- og mannréttindastofnun ÖSE hætti við að taka þátt í eftirliti með kosningunum í Rússlandi 2. desember 2007 vegna skilyrða sem rússnesk stjórnvöld settu. Skilyrðin voru talin vera frávik frá þeirri almennu vinnureglu ÖSE, sem gildir samkvæmt Parísarsáttmálanum frá 1990, að boð aðildarríkis til ÖSE um kosningaeftirlit væri skilyrðislaust. Olli það nokkrum titringi að ÖSE-þingið skyldi ekki að sama skapi hætta við þátttöku sína í eftirlitinu. Það má hins vegar útskýra að nokkru leyti með vísan í þá hefðbundnu verkaskiptingu sem ríkir milli ÖSE og ÖSE-þingins þar sem ÖSE sinni langtímaeftirliti en ÖSE-þingið sinnir skammtímaeftirliti. Skilyrði rússneskra stjórnvalda gerðu það að verkum að ÖSE gat ekki sinnt hefðbundnu eftirliti sínu til lengri tíma en komu ekki í veg fyrir að ÖSE-þingið gæti sinnt skammtímaeftirliti sem felst að jafnaði í viku viðveru í landinu og virku eftirliti á kjördag með framkvæmd kosninga. Það sama gilti um kosningaeftirlitssendinefndir frá Evrópuráðsþinginu og Norðurlandaráði, enda tóku þær stofnanir þátt í eftirlitinu ásamt ÖSE-þinginu. Í kjölfar þessa atviks kom samt sem áður fram þrýstingur um að settar yrðu samræmdar viðmiðanir um þátttöku alþjóðastofnana í kosningaeftirliti eða undir hvaða kringumstæðum hætta ætti við kosningaeftirlit. Þetta varð m.a. til þess að hvorki ÖSE né ÖSE-þingið tóku þátt í kosningaeftirliti með rússnesku forsetakosningunum 2. mars 2008.

Enginn þingmaður Íslandsdeildar tók þátt í kosningaeftirliti á vegum ÖSE-þingsins árið 2008.

7. Fundir ÖSE-þingsins.

ÖSE-þingið kemur saman til reglulegra fundahalda þrisvar sinnum árlega, þ.e. til ársfundar að sumri og haust- og vetrarfundar.

Vetrarfundur stjórnarnefndar og málefnanefnda í Vínarborg.

Dagana 21.–22. febrúar komu málefnanefndir ÖSE-þingsins og stjórnarnefnd þess saman til funda í Vínarborg. Var þetta í sjöunda sinn sem efnt var til svonefndra vetrarfunda ÖSE-þingsins eftir ákvörðun stjórnarnefndar þar að lútandi í febrúar árið 2001. Fundunum er einkum ætlað að gefa þingmönnum færi á að eiga fund með fulltrúum ÖSE. Alls sóttu fundinn 240 þingmenn frá 48 af 56 aðildarlöndum ÖSE-þingsins. Fyrir hönd Íslandsdeildar sóttu fundinn þau Einar Már Sigurðarson, formaður, Pétur H. Blöndal, varaformaður, og Valgerður Sverrisdóttir, auk Magneu Marinósdóttur, ritara Íslandsdeildarinnar.

Göran Lennmarker, forseti ÖSE-þingsins, setti fund stjórnarnefndar en auk hans voru framsögumenn á fundinum Hans Raidel, gjaldkeri ÖSE-þingsins, Spencer Oliver, framkvæmdastjóri þess, og Marc Perrin de Brichambaut, framkvæmdastjóri ÖSE.

Lennmarker fór í upphafsorðum sínum yfir embættisverk sín undanfarna mánuði. Eitt af því sem hann hefur lagt mikla áherslu á er að kynna starfsemi ÖSE-þingsins í heimsóknum til aðildarlandanna, sbr. heimsókn hans til Íslands í apríl og heimsókn til fulltrúadeildar Bandaríkjaþings. Hann greindi síðan frá því helsta sem fram undan væri í starfsemi þingsins eins og að efla enn frekar tengsl við Samveldi sjálfstæðra ríkja og Kákasus-lýðveldin. Forsetinn gerði því næst grein fyrir opinberri heimsókn sinni og Alexanders Stubbs, utanríkisráðherra Finnlands, til Suður-Kákasus, nánar tiltekið Armeníu, Georgíu og Aserbaidsjan 25.–28. febrúar. Í máli Lennmarkers kom fram að hann hefur lengi unnið ásamt öðrum að lausn staðbundinna átaka á svæðinu, einkum varðandi Nagorno-Karabakhérað, sem tilheyrir Aserbaidsjan en tengist sögulega Armeníu sem náði hluta héraðsins á sitt vald með stuðningi Rússa í aðskilnaðarstríði sem stóð á árunum 1988–1994. Forsetinn greindi einnig frá heimsókn sinni til Ísraels og Jórdaníu. Að lokum lýsti hann því yfir að hann vonaðist til að heimastjórn Palestínu gæti fengið aðild að ÖSE.

Spencer Oliver, framkvæmdastjóri ÖSE-þingsins, fjallaði um kosningaeftirlit á vegum þingsins sem hann sagði að um 250 þingmenn hefðu tekið þátt í frá því á vetrarfundinum 2007 í alls sex löndum. Hann fjallaði því næst um framtíðarhlutverk ÖSE, einkum með vísan til ágreinings sem ríkir milli Rússlands og Bandaríkjanna um kosningaeftirlit. Bandaríkin og önnur aðildarríki vilja efla kosningaeftirlit en Rússar hafa sett skilyrði sem takmarka það svigrúm sem lýðræðis- og mannréttindastofnun ÖSE hefur haft til eftirlits. Það olli því að ÖSE tók ekki þátt í eftirliti með þingkosningunum 2. desember 2007 og hvorki ÖSE né ÖSE-þingið höfðu eftirlit með rússnesku forsetakosningunum 2. mars. Í máli rússneskra þingmanna var gagnrýnt að lýðræðis- og mannréttindastofnun ÖSE kæmi fram eins og hún hefði æðsta vald þegar kæmi að kosningum og hafa þeir óskað eftir að sett verði á stofn ráð til að skoða verklag lýðræðis- og mannréttindastofnunar ÖSE. Kom fram í máli fastafulltrúa Finnlands á sameiginlegum fundi allra málefnanefnda ÖSE-þingsins að Finnar væru að íhuga stofnun vinnuhóps um kosningaeftirlit til að vinna að sátt um framkvæmd þess og verkaskiptingu milli stofnananna. Í máli framkvæmastjóra ÖSE kom jafnframt fram að annað brýnt viðfangsefni væri öryggismál í Afganistan og hlutverk ÖSE í því sambandi. Það varðaði m.a. samstarf við ríki Mið-Asíu um landamæravörslu og aðgerðir til að stemma stigu við eiturlyfjasmygli, hryðjuverkum og mansali auk þess sem hann lagði áherslu á mikilvægi þess að vernda mikilvæg orkumannvirki. Þetta væru viðfangsefni sem sneru að grundvallarhlutverki ÖSE og sem núverandi formennskuteymi ÖSE, þ.e. Finnland, Grikkland, Kasakstan og Litháen, þyrfti að móta stefnu um.

Að loknum erindum æðstu embættismanna ÖSE-þingsins voru lagðar fram kosningaeftirlitsskýrslur frá Úkraínu, Rússlandi, Kirgisistan, Georgíu og Armeníu. Skýrsluhöfundar nefndu sérstaklega að þeir hefðu átt gott samstarf við lýðræðis- og mannréttindastofnun ÖSE í þremur síðastnefndu kosningum. Fráfarandi yfirmaður lýðræðis- og mannréttindastofnunar ÖSE, Christian Strohal, tók undir þau orð. Að lokum hvatti sænska þingkonan Tone Tingsgård, sérlegur fulltrúi forseta ÖSE-þingsins í jafnréttismálum innan ÖSE, til þess að kona yrði valin næsti yfirmaður stofnunarinnar.

Skýrslur sérnefnda voru því næst kynntar. Ein þeirra fjallaði um stöðu mála í Hvíta-Rússlandi. Þingkosningar fóru þar fram 28. september og höfðu stjórnmálaleiðtogar þar í landi óskað bæði eftir lang- og skammtímakosningaeftirliti. Beiðnin var talin vera liður í þeirri viðleitni stjórnvalda að rjúfa einangrun Hvíta-Rússlands innan Evrópu. Hvatti forseti ÖSE-þingsins til þátttöku þingmanna í kosningaeftirliti, enda eitt mikilvægasta framlag þingmanna í þágu þess að tryggja framgang lýðræðis.

Sérlegir fulltrúar forseta ÖSE-þingsins lögðu að lokum fram skýrslur sínar. Pétur H. Blöndal lagði fram skýrslu um verkefni sín eftir ársfundinn í Kænugarði, þ.m.t. um heimsókn sína til vettvangsskrifstofu ÖSE í Albaníu árið 2007, og verkáætlun sína fyrir árið 2008, þ.m.t. fyrirhugaða heimsókn til lýðræðis- og mannréttindastofnunar ÖSE í Varsjá.

Að loknum stjórnarnefndarfundi fór fram sameiginlegur fundur allra þriggja málefnanefna ÖSE-þingsins þar sem Barbara Prammer, forseti austurríska þingsins og Ilkka Kanerva, utanríkisráðherra Finnlands, ávörpuðu fundarmenn. Fastafulltrúi Finnlands gagnvart ÖSE, Antti Turunen, gerði því næst grein fyrir áherslum Finnlands sem formennskuríkis, þ.e. að vinna að lausn átaka, stemma stigu við ólöglegri vopnasölu, stuðla að samvinnu á sviði samgangna á sjó og landi og orkuöryggis. Fastafulltrúinn bætti við að sérstök áskorun fyrir formennskuríkið væri áframhald á starfi ÖSE í Kósóvó, að ná sátt um kosningaeftirlit bæði meðal aðildarríkja og stofnana ÖSE, og að standa vörð um samninginn um hefðbundinn herafla í Evrópu (CFE-samningurinn um takmörkun vígbúnaðar) en rússnesk stjórnvöld sögðu þeim samningi í raun upp í desember 2007 í mótmælaskyni við áætlanir bandarískra stjórnvalda um uppsetningu eldflaugavarnarkerfis í Evrópu.

Þegar fastafulltrúinn hafði lokið máli sínu tók við umræða um fyrirhugað eldflaugavarnarkerfi Bandaríkjanna og NATO í Póllandi og Tékklandi og samninginn um hefðbundinn herafla í Evrópu. Í umræðunni komu fram ólík sjónarmið. Í máli þingmanns frá Póllandi var því haldið fram að ekkert beint samband væri milli eldflaugavarnarkerfisins og samningsins. Í máli þingmanns frá Tékklandi kom fram að það væri sameiginlegt verkefni að tryggja öryggi Evrópu. Nauðsynlegt væri að vera viðbúinn því versta og þeirri skyldu væru tékknesk stjórnvöld að sinna með þátttöku sinni í eldflaugavörnum. Í máli bresks þingmanns var sú ákvörðun Rússa að segja upp samningum um hefðbundinn herafla fordæmd. Með ákvörðun sinni væru þeir að ýta undir nýtt vopnakapphlaup og spurt var með hvaða hætti eldflaugavarnarkerfið ógnaði kjarnorkuveldi Rússlands. Í máli þingmanns frá Rússlandi kom fram að stjórnvöld væru í sjálfu sér ekki mótfallin eldflaugavörnum. Þau væru hins vegar mótfallin því að sett yrði upp kerfi í bakgarðinum hjá þeim, án nokkurs samráðs, sem m.a. varnaði eldflaugum sem eingöngu væri að finna í vopnabúri Rússa. Rússnesk stjórnvöld væru tilbúin til viðræðna um samvinnu um eldflaugavarnir eins og samvinnu um sameiginlegt eftirlit með Mið-Austurlöndum þaðan sem ógnin er talin koma og sameiginlegar aðgerðir í þeim tilvikum sem grípa þyrfti til aðgerða. Samráðsleysið gerði það hins vegar að verkum að Rússar teldu varnarkerfið raska núverandi hernaðarjafnvægi. Það væri neyðarúrræði að segja upp samningnum um hefðbundinn herafla þar til Bandaríkin og önnur NATO-ríki væru til í að vinna með Rússum og hlusta á sjónarmið þeirra. Á vetrarfundinum fór einnig fram sérstök umræða um Kósóvó. Í umræðunni komu fram andstæð sjónarmið um alþjóðalög, meginreglur þjóðaréttar, fordæmi og óumflýjanleika þess að Kósóvó hlyti sjálfstæði í ljósi þeirra hörmungaratburða sem áttu sér þar stað og voru forsenda þess að þjóðþing Kósóvó lýsti yfir sjálfstæði.

Ársfundur ÖSE þingsins í Astana, Kasakstan.

Dagana 29. júní til 3. júlí 2008 fór 17. ársfundur ÖSE-þingsins fram í Astana, höfuðborg Kasakstans. Til hliðar við dagskrá ársfundar voru fundir um jafnréttismál og málefni Mið-Asíu. Að hálfu Íslandsdeildar sóttu fundinn þau Einar Már Sigurðarson, formaður, Pétur H. Blöndal, varaformaður, og Valgerður Sverrisdóttir auk Magneu Marinósdóttur ritara Íslandsdeildar.

Ársfundurinn hófst með hefðbundnum aðalfundarstörfum stjórnarnefndar. Göran Lennmarker, fráfarandi forseti þingsins, R. Spencer Oliver, framkvæmdastjóri þess, og Hans Raidel, gjaldkeri, gerðu grein fyrir starfsemi og fjármálum þingsins undanfarið ár. Sérlegir

fulltrúar forseta ÖSE-þingsins gerðu því næst grein fyrir starfi sínu undanfarið ár, þar á meðal Pétur H. Blöndal (sjá kafla 4).

Að loknum stjórnarnefndarfundi var ársfundur ÖSE-þingsins formlega settur með ávarpi þáverandi forseta þingsins, Görans Lennmarkers. Í máli hans kom fram að þetta væri í fyrsta sinn sem ársfundur væri haldinn í Mið-Asíu. Það væri til marks um mikilvægi svæðisins fyrir starfsemi ÖSE og ÖSE-þingsins sem nær til landa beggja vegna Atlantsála. Mið-Asía væri mikilvæg brú milli Evrópu og Asíu og styrkti hlutverk ÖSE, ekki síst í því að ná að stuðla að friði og stöðugleika í Afganistan sem væri forgangsmál í formennskutíð Finnlands. Formennska Kasakstans í ÖSE árið 2010 mundi enn frekar styðja það markmið. Lennmarker vék því næst að mikilvægi kosningaeftirlits og þess að sátt ríkti um það en frá árinu 1993 hafa 2.700 þingmenn tekið þátt í kosningaeftirliti á vegum ÖSE-þingsins. Að lokum leit hann yfir farinn veg og þakkaði fyrir stuðning við sig í starfi undanfarin tvö ár en hann lét af forsetaembætti í lok fundar og við tók Joao Soares frá Portúgal sem var einn í framboði. Því næst tóku til máls Nursultan Nazarbayev, forseti Kasakstans, Kassym-Jomart Tokayev, forseti efri deildar þingsins í Kasakstan, og Aslan Mussin, forseti neðri deildar þess.

Forseti Kasakstans vék að hlutverki ÖSE-þingsins við að skapa gagnkvæmt traust og skilning milli aðildarlandanna. Auk þess talaði hann um mikilvægi ÖSE fyrir ríki sem eru á vegferð í átt til lýðræðislegra stjórnarhátta og mikilvægi ÖSE við að bregðast við öryggisáskorunum sem við er að eiga í víðtækum skilningi. Forsetinn vék því næst að hlutverki Kasakstans við að stuðla að friði og stöðugleika. Tók hann sem dæmi þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að Kasakstan yrði kjarnorkuvopnalaust ríki eftir að það hlaut sjálfstæði og um stofnun Ráðstefnu um samskipti og traust í Asíu (e. Conference on Interaction and Confidence-Building in Asia) sem á sér fyrirmynd í forvera ÖSE, þ.e. Ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu. Forsetinn lagði einnig áherslu á mikilvægi þess að stofna efnahagsbandalag Mið-Asíuríkja til að stuðla að auknum efnahagslegum stöðugleika og þróun í Mið-Asíu. Forsetinn benti því næst á að lýðræði í Kasakstan væri fólgið í því að stuðla að jafnræði þeirra 130 þjóðernishópa og 46 trúarbragðahópa sem er að finna í landinu. Kasakstan væri land sem gæti þjónað sem brú milli Evrópu og Asíu og milli kristni og íslam. Astana, hin tíu ára gamla höfuðborg landsins, væri hugsuð sem miðstöð umburðarlyndis milli mismunandi trúarbragðahópa en árið 2009 stendur til að halda þar alþjóðlega ráðstefnu um trú og umburðarlyndi undir merkjum Sameinuðu þjóðanna en tvær slíkar ráðstefnur hafa farið fram í borginni frá árinu 2003. Að lokum vék forsetinn að hvítbók sem stjórnvöld hafa gefið út undir heitinu „Evrópuvegurinn“ og tengist formennsku Kasakstans í ÖSE árið 2010. Bókin fjallar um hvernig auka megi samstarf milli Kasakstans og Evrópulanda á sviði orku, samgangna, tækniyfirfærslu, menntunar og mannúðarmála.

Ársfundurinn tók til umræðu og afgreiðslu skýrslur og ályktunardrög úr öllum þremur málefnanefndum þingsins auk þess sem á fundinum voru afgreiddar 19 ályktunartillögur sem þingmenn höfðu lagt fram um einstök mál.

Efni ályktunar stjórnmála- og öryggisnefndar (1. nefndar) var verktakavæðing hernaðar eða úthýsing herþjónustu frá ríkinu yfir til einkaaðila og samspil þeirrar þróunar við alþjóðleg mannúðarlög sem taka til hernaðar, þ.e. Genfarsamninganna. Íslandsdeild ÖSE-þingsins lagði fram sex breytingartillögur við ályktunardrögin. Fjórar þeirra náðu fram að ganga. Einar Már Sigurðarson mælti fyrir þeim á ársfundinum. Þrjár þeirra voru samþykktar og ein felld. Í tveimur tilvikum studdi skýrsluhöfundur nefndarinnar breytingartillögur Íslandsdeildar umfram aðrar breytingartillögur sem höfðu verið lagðar fram um sama efni. Sú tillaga sem hlaut einróma stuðning sneri að ábyrgð ríkisins við gerð samninga við einkafyrirtæki, sem taka að sér ákveðna verkþætti á sviði hernaðar eða öryggismála, um að setja ákvæði í

samningana þar sem kveðið er á um virðingu fyrir alþjóðlegum mannúðarlögum, réttindi og skyldur, og viðurlög við brotum á lögum eða settum siðareglum.

Íslandsdeildin lagði einnig fram eina breytingartillögu við ályktunardrög efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismálanefndar (2. nefndar) sem Valgerður Sverrisdóttir mælti fyrir á fundinum. Efni ályktunarinnar var um nýtingu grænnar orku og þróun umhverfisvænnar orkutækni. Breytingartillagan var í formi viðbótarmálsgreinar þar sem tvennt var lagt til. Í fyrsta lagi að nýta jarðvarma sem hvergi var minnst á í upprunalegu tillögunni. Í öðru lagi að stuðla að samvinnu milli landa á sviði rannsókna og tækniyfirfærslu þegar kemur að virkjun grænna orkugjafa eins og jarðvarma, kortlagningu svæða þar sem orku er að finna og áætlunargerðar um orkunýtingu með hliðsjón af varúðarreglunni. Var tillagan samþykkt einróma.

Að lokum mælti Pétur H. Blöndal fyrir sjö breytingartillögum í nafni Íslandsdeildar við ályktunardrög nefndar um lýðræði, mannréttindi og mannúðarmál (3. nefnd) sem fjallaði um varðveislu skjala og aðgang að skjalasöfnun. Breytingartillögurnar voru tengdar innbyrðis sem þýddi að þegar sú fyrsta var felld með naumum meiri hluta þá féllu hinar sjálfkrafa niður.

Samhliða þingfundinum var fundur um jafnréttismál og málefni Mið-Asíu sem þingmenn frá öllum löndum Mið-Asíu að Úsbekistan undanskildu og sendiherrar og sérfræðingar ÖSE sóttu. Á fundinum um jafnréttismál gerði Pétur H. Blöndal stutta grein fyrir lögum um feðraorlof á Íslandi. Í máli hans kom fram að það sem gerði þau frábrugðin því sem gerist annars staðar þar sem feður hefðu rétt til barneignarleyfis væri að réttur föður á Íslandi væri ekki yfirfæranlegur til móður. Rétturinn félli með öðrum orðum niður ef hann væri ekki nýttur af föður. Þetta gerði það m.a. að verkum, öfugt við annars staðar, að flestir feður á Íslandi nýttu sér sinn rétt. Það stuðlaði síðan enn fremur að því að kostnaður atvinnurekanda við ráðningu karls og konu yrði sá sami og þar með stuðluðu lögin að auknu og raunverulegu jafnrétti kynjanna.

Haustfundur ÖSE-þingsins í Toronto.

Haustfundur ÖSE-þingsins fór fram dagana 18.–21. september í Toronto í Kanada. Fundinn sóttu fyrir hönd Íslandsdeildar Einar Már Sigurðarson, formaður, Pétur H. Blöndal, varaformaður, og Valgerður Sverrisdóttir, auk Magneu Marinósdóttur, ritara Íslandsdeildar.

Yfirskrift haustfundarins var „ÖSE í hnattrænum heimi: Viðskipti, öryggi og fólksflutningar“. Umræðan um öryggismál snerist um Georgíu í ljósi átakanna sem hófust þar aðfaranótt 8. ágúst. Sérstakir gestir fundarins voru af því tilefni Eka Tkeshelashvili, utanríkisráðherra Georgíu, og Vitaly Ivanovich Churkin, fastafulltrúi Rússlands hjá Sameinuðu þjóðunum (SÞ).

Fundurinn hófst á erindi Gareth Evens, forseta International Crisis Group og fyrrum þingmanns og utanríkisráðherra Ástralíu. Evens gagnrýndi stjórnvöld Georgíu og Rússlands fyrir að hafa ögrað hvort öðru. Hann gagnrýndi forseta Georgíu, Mikheil Saakashvili, fyrir að hafa ekki tekið mark á viðvörunum þeirra sem ráðlögðu honum frá því að beita vopnavaldi gegn aðskilnaðarsinnum. Evens gagnrýndi einnig gagnárás Rússa. Hún hefði ekki verið réttlætanleg með tilliti til öryggis borgaranna heldur hefðu Rússar með henni verið að refsa Georgíu og senda aðvörun til Úkraínu en bæði ríkin óska eftir aðild að NATO. Evens bætti því við að NATO hefði gert ákveðin mistök með því að halda Rússlandi á hliðarlínunni á meðan bandalagið var opnað öðrum fyrrum austantjaldslýðveldum. Það hefði endurvakið togstreitu kalda stríðsins í stað þess að draga úr henni. Að lokum vék hann að mikilvægu hlutverki ÖSE. Ólíkt NATO ætti ÖSE rætur að rekja til samstöðu og samvinnu frekar en aðgreiningar

og ágreinings sem þýddi að engin önnur alþjóðastofnun nyti viðlíka trausts og ÖSE innan Evrópu. ÖSE hefði því mikilvægu hlutverki að gegna í málum Georgíu.

Í máli utanríkisráðherra Georgíu kom fram að notkun hugtaksins „frosin átök“ um deilurnar um héruðin Suður-Ossetíu og Abkasíu hafi verið misvísandi. Hugtakanotkunin hefði gefið til kynna að lausn á átökunum gæti komið til sögunnar þegar fram liðu stundir í formi málamiðlunar sem yrði undirstaða varanlegs friðar. Undanfarin 15 ár hafi aftur á móti verið tímabil ögrunar Rússa við fullveldi Georgíu sem hafi færst í aukana eftir að Kósóvó lýsti yfir sjálfstæði og leiðtogafund NATO í Búkarest í febrúar. Að mati ráðherrans var atburðarásin í Georgíu skipulögð fyrir fram af hálfu rússneskra stjórnvalda með það að markmiði að stigmagna spennuna í samskiptum ríkjanna. Nefndi hún sérstaklega í því sambandi 16. apríl eða daginn sem rússnesk yfirvöld komu á óformlegu stjórnmálasambandi við yfirvöld í héruðunum tveimur. Rússar hefðu vitað að Georgía mundi ekki láta slíka ákvörðun óátalda. Að mati ráðherrans væri nauðsynlegt að vinna að varanlegri lausn en það væri hins vegar erfitt í ljósi viðurkenningar Rússa á sjálfstæði héraðanna. Ráðherrann lauk máli sínu með því að benda á mikilvægi þess að Rússar risu undir þeim væntingum að vera áreiðanlegt ríki sem hægt væri að treysta í milliríkjasamskiptum.

Sendiherra Rússlands tók til máls á eftir utanríkisráðherranum. Hann hóf mál sitt á því að vísa til sögunnar og óttans sem gripið hefði um sig meðal íbúa héraðanna árið 1991 við það að tilheyra ríki undir forustu leiðtoga sem héldu á lofti slagorðinu „Georgía fyrir Georgíumenn“. Með íhlutun Rússlands, auk Sameinuðu þjóðanna og ÖSE á sínum tíma, hefði verið bundinn endi á borgarastríð og öryggi íbúanna tryggt. Síðan þá hafi farið fram samningaviðræður milli yfirvalda í héruðunum tveimur og stjórnvalda Georgíu og Rússlands um framtíðarlausn mála. Staða samningaviðræðna hafi hins vegar farið versnandi eftir að núverandi forseti Georgíu, Mikheil Saakashvili, tók við völdum árið 2004. Í byrjun ágúst hafi rússnesk stjórnvöld varað við hugsanlegri árás stjórnarhers Georgíu inn í Suður-Ossetíu í öryggisráði SÞ og ESB og öðrum alþjóðastofnunum í ljósi vopnaflutninga til öryggissvæðisins innan héraðsins í trássi við gildandi samninga. Allt hafi komið fyrir ekki og í því ljósi væri erfitt að segja til um hvernig Rússar hefðu átt að bregðast öðruvísi við árás stjórnarhers Georgíu 8. ágúst sem kölluð var „hreinsunaraðgerðin“ (e. Operation Clear Field). Þar fyrir utan hafi sáttatillaga Rússa innan öryggisráðs SÞ 8. ágúst verið hafnað. Það kalli á að litið sé til þáttar Bandaríkjanna. Í máli sendiherrans komu að lokum fram ásakanir um tvískinnung þegar Rússar væru gagnrýndir fyrir gagnárás sína og viðurkenningu á sjálfstæði héraðanna Abkasíu og Suður-Ossetíu í ljósi loftárása NATO á Serbíu árið 1999, stuðnings við sjálfstæði Kósóvó og staðsetningar bandarískra herstöðvar og fyrirhugaðs eldflaugavarnarkerfis við landamæri Rússlands.

Aleksi Härkönen fastafulltrúi Finnlands, formennskuríkis ÖSE, lýsti yfir ánægju með fundinn, sérstaklega í ljósi þess að Georgía væri búin að slíta formlegu stjórnmálasambandi við Rússland. Hann fór síðan yfir aðgerðir ÖSE í samvinnu við SÞ og ESB. Að lokum greindi Göran Lennmarker, fyrrum forseti ÖSE-þingsins og sérlegur fulltrúi núverandi forseta í málefnum Georgíu, frá skýrslu sem hann hafði tekið saman eftir heimsókn sína til landsins eftir að átökunum lauk. Í máli þeirra og almennum umræðum á þinginu kom sterkt fram að um harmleik væri að ræða. Ekki væri skynsamlegt að finna einn sökudólg, enda um flókna sögu og atburðarás að ræða þar sem allir deiluaðilar bæru vissa ábyrgð. Mikilvægt væri að fram færi óháð rannsókn á átökunum og aðdraganda þeirra og að vinna að varanlegri lausn vandans með vísan til framtíðar í stað fortíðar. Utanríkisráðherra Georgíu og sendiherra Rússlands tóku bæði undir það að nauðsyn væri á óháðri rannsókn.

Í umræðunni um fólksflutninga voru frummælendur þau Peter Schatzer frá Alþjóðafólksflutningastofnuninni (IOM) og Ratna Omidvar, stofnandi og forseti atvinnumiðlunar innflytjenda í Toronto. Í erindum þeirra kom m.a. fram að innflytjendastefna landa verði að miða að því að skapa farveg fyrir þá jákvæðu eiginleika sem innflytjendur búa yfir eins og áræði og dug og þar með gefa þeim tækifæri til að færa sig af jaðrinum inn að miðju samfélagsins. Það séu margar aðferðir til þess eins og tungumálakennsla og réttur til lýðræðislegrar þátttöku. Einnig væri mikilvægt að koma upp kerfi sem gerir fólki kleift að öðlast vinnu með löglegum hætti til að vinna gegn mansali og misnotkun. Í því sambandi var vísað í það sem kallað er hringafólksflutningar. Það er kerfi sem miðar að því að gera fólki kleift að fá vinnu með löglegum hætti en á sama tíma ávinnur fólk sér ekki réttindi á við ríkisborgara landanna. Markmiðið er að fólk sé með tímabundna búsetu vegna vinnu í viðkomandi landi en snúi að lokum aftur til síns heima.

Gilles Mentré, framkvæmdastjóri Miðjarðarhafsvinnuhóps ESB, og Mara Marinaki, fastafulltrúi Grikklands hjá ÖSE og formaður samstarfshóps ÖSE við lönd við Miðjarðarhaf, voru frummælendur á fundi um Miðjarðarhafssamstarf ÖSE. Í máli Mentré kom fram að vinnuhópurinn hefði verið stofnaður að frumkvæði Frakklandsforseta til að blása nýju lífi í Barcelona-sáttmála ESB sem miðar m.a. að því að auka viðskipti og fjárfestingar ESB í löndum við Miðjarðarhaf og vinna þar gegn fólksflutningum og óstöðugleika sem eru samfara miklu atvinnuleysi. Fyrsti ráðherrafundur vinnuhópsins var 13. júlí og annar 3.–4. nóvember í Amman í Jórdaníu. Í máli Marinaki kom fram að hin þriggja-vídda öryggisnálgun ÖSE ætti eins mikið erindi í löndum við Miðjarðarhaf eins og í aðildarlöndum ÖSE. Sérstakur sjóður, sem byggist á frjálsum framlögum, hafi verið settur á stofn til að standa straum af kostnaði við kynningu á öryggisnálgun ÖSE. Fulltrúar samstarfslanda ÖSE við Miðjarðarhaf fögnuðu frumkvæði Frakklandsforseta og ÖSE. Fulltrúi Ísrael hélt því fram að friður væri best tryggður á grundvelli samstarfs sem fæli í sér gagnkvæman ávinning eins og samstarfsverkefni á sviði drykkjarvatns frekar en á grundvelli samningaviðræðna. Fulltrúar Tyrklands tóku í sama streng en voru svartsýnir á að þeir fjármunir sem settir væru í verkefnið mundu geta staðið undir þeim væntingum sem gerðar væru til samstarfsins.

Alþingi, 4. mars 2009.

Einar Már Sigurðarson, form.	Pétur H. Blöndal, varaform.	Valgerður Sverrisdóttir.

Fylgiskjal.

Ályktanir og skýrslur ÖSE-þingsins árið 2008.

Eftirfarandi ályktanir og skýrslur voru samþykktar á ársfundi ÖSE-þingsins árið 2008:

- Ályktun um gegnsæi og frekari umbætur innan ÖSE: styrkingu þingmannasamstarfs innan ÖSE.
- Ályktun um lausn átaka innan ÖSE-svæðisins.
- Ályktun um bann við klasasprengjum í þátttökulöndum ÖSE.
- Ályktun um öryggi í himingeimnum og netglæpi.

- Ályktun um öryggisástandið í Georgíu.
- Ályktun um Afganistan.
- Ályktun um fríverslunarsvæði landa við Miðjarðarhaf.
- Ályktun um að auka frjáls viðskipti milli Norður-Ameríku og Evrópu.
- Ályktun um stjórnsýslu vatnsmála á ÖSE-svæðinu.
- Ályktun um aukið gagnsæi innan hráefnisvinnsluiðnaðar.
- Ályktun um ólöglegan loftflutning smá- og léttvopna auk skotfæra.
- Ályktun um Tjérnóbíl.
- Ályktun um að yfirfæra Parísar-skuldbindingarnar yfir á starfsemi skuldasjóða (e. vulture funds).
- Ályktun um að vinna gegn kynferðislegri misnotkun á börnum.
- Ályktun um ofbeldi gegn konum.
- Ályktun um viðurkenningu á efnahagslegu, menningarlegu, pólitísku og félagslegu framlagi innflytjenda.
- Ályktun um að stemma stigu við gyðingahatri, einkum innan fjölmiðla og æðri menntastofnana.
- Ályktun um Holodomor í Úkraínu á árunum 1932–1933.
- Ályktun um að efla aðgerðir gegn mansali og koma á móts við þarfir barna sem eru fórnarlömb mansals.
- Ályktun um kosningaeftirlitsnefndir.
- Skýrsla stjórn- og öryggismálanefndar um verktakavæðingu á sviði hernaðar.
- Skýrsla nefndar um efnahagsmál, tækni, vísindi og umhverfismál um aukna nýtingu grænna orkuauðlinda og þróun vistvænnar orkutækni.
- Skýrsla nefndar um lýðræði, mannréttindi og mannúðarmál um verndun og aðgang að opinberum skjalasöfnun sem leið til að gera upp sögulega atburði.

743. Lög [53. mál]

um breyting á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 734.

744. Lög [357. mál]

um breyting á lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 607.

745. Lög [358. mál]

um breyting á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, og lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007.

(Afgreidd frá Alþingi. 17. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 608.

746. Lög [403. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 684.

747. Frumvarp til laga [438. mál]

um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „greiðslur sem tjónþoli fær frá almannatryggingum“ í 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: eingreiddar örorkubætur almannatrygginga, sbr. 5. mgr. 34. gr. laga nr. 100/2007.

2. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna bætist: án frádráttar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Skaðabótalögum, nr. 50/1993, var breytt með lögum nr. 37/1999 og hafði sú breyting mikla réttarbót í för með sér. Hins vegar voru þá jafnframt lögleiddar frádráttarreglur vegna greiðslna frá þriðja aðila sem hafa komið nokkuð hart niður á alvarlega slösuðu fólki og ekkjum og ekklum.

Alvarlega slasað fólk sem metið er með meira en 50% varanlega örorku á rétt á örorkulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem verst eru settir eiga einnig rétt á ýmiss konar viðbótargreiðslum, svo sem tekjutryggingu, tekjutryggingarauka, heimilisuppbót, bensínstyrk o.fl. Fyrir breytinguna árið 1999 voru greiðslur af þessum toga ekki dregnar frá skaðabótum.

Eftir breytinguna 1999 hafa slíkar bætur hins vegar verið dregnar frá þessum hópi skv. 4. mgr. 5. gr. laganna sem hefur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér þar sem það er alls ekki öruggt að viðkomandi fái greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins um ókomna framtíð. Það getur m.a. ráðist af hjúskaparstöðu viðkomandi tjónþola og lagabreytingum í framtíðinni. Þá geta tekjur tjónþola haft áhrif til skerðingar, bæði launatekjur og fjármagnstekjur.

Með breytingunni 1999 voru bætur til eftirlifandi maka lækkaðar verulega þannig að nú eru dregnar frá „ímyndaðar“ greiðslur sem hinn látni maki fær ekki, þ.e. ef hinn látni hefði lifað af slysið hefði hann átt rétt á bótum frá almannatryggingum og úr lífeyrissjóði sínum vegna örorkunnar. Þær greiðslur fær hann ekki en samkvæmt núgildandi ákvæði 1. mgr. 13. gr. laganna á engu síður að taka tillit til þessara greiðslna eins og þær hefðu verið greiddar og draga þær frá áður en tjón makans er reiknað út.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir og sanngirnissjónarmiðum leggur allsherjarnefnd til tvenns konar breytingar á skaðabótalögum, annars vegar að í 4. mgr. 5. gr. laganna verði kveðið á um að eingöngu eingreiddar örorkubætur almannatrygginga, sbr. 5. mgr. 34. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, þ.e. sem eru meiri en 10% og minni en 50%, dragist frá bótum til tjónþola í stað greiðslna frá almannatryggingum eins og í gildandi lögum. Þá er í 2. gr. frumvarpsins lagt til að orðunum „án frádráttar“ verði bætt við ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna til að koma í veg fyrir að bætur frá almannatryggingum og lífeyrissjóði verði dregnar frá bótum til eftirlifandi maka eins og ákvæðið er samkvæmt gildandi lögum. Með þessu verður komið í veg fyrir frádrátt frá bótum í þeim tilvikum þegar um er að ræða alvarlega slasaða einstaklinga og ekkjur og ekkla.

748. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [439. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
   Hver kjósandi til Alþingis hefur tvö atkvæði, annað til að kjósa framboðslista í kjördæmi og hitt til að kjósa frambjóðanda persónukosningu af framboðslista í kjördæmi. Kveðið skal á um skiptingu kjördæmissæta milli listakjörs og persónukjörs í lögum.
b. Á eftir orðunum „sem úthluta skal“ í 3. mgr. kemur: til stjórnmálasamtaka eða flokka í kjördæminu miðað við samanlagða atkvæðatölu lista þeirra hverra fyrir sig.
c. Í stað orðanna „5. mgr.“ í 3. mgr. kemur: 6. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Stjórnmálaflokkar á Íslandi hafa jafnan gengið óbundnir til kosninga. Með þessu frumvarpi og drögum að breytingum á kosningalögum sem eru í fylgiskjali er gert auðveldara

fyrir eða hvatt til að flokkarnir bjóði lista innan stjórnmálahreyfinga, eins konar kosningabandalaga. Markmiðin eru að taka upp:

a. meginregluna um lista stjórnmálahreyfinga, þ.e. að stjórnmálaflokkar gangi bundnir til kosninga með sameiginlega umsamda og upplýsta stjórnmálasýn og stefnu,
b. persónukjör að ákveðnu marki úr hópi kjördæmamanna þar sem aukið er við vægi einstaklinga en dregið úr vægi flokka.

I. Kosningabandalög meginreglan.

Núverandi framkvæmd flokkanna, að ganga óbundnir til kosninga, getur varla talist opin og lýðræðisleg framkvæmd að því leyti sem kjósendur hafa ekki getað vitað hvaða flokkar hygðust starfa saman eftir kosningar, t.d. í viðræðum um stjórnarmyndun. Þetta hefur valdið því að í raun hafa allir möguleikar verið opnir við stjórnarmyndanir. Helsti ókosturinn er að stefnumál og málefnavinna stjórnmálaflokka og einstaklinga innan þeirra, sem jafnan eru veigamestu atriðin fyrir kjósendur, kunna að hafa orðið einföld skiptimynt í stjórnarmyndunum.

Flokkar, sem vilja sýna kjósendum ætlun sína um stjórnarsamstarf í verki, geta hæglega myndað einhvers konar sameiginlegar stjórnmálahreyfingar – kosningabandalög – um stefnur og málefni og boðið fram sem ein samtök þótt hver þeirra hafi sína sérlista? – flokka – í boði. Þetta hefur einnig verið nefnt fylkingar, fjöllistar, sameiginlegt framboð eða samflot lista, svo að dæmi séu nefnd.

Samkvæmt gögnum sem aflað var frá Alþjóðaþingmannasambandinu, IPU, vegna vinnslu þessa frumvarps hafa að minnsta kosti 14 ríki í heiminum, þar af 10 Evrópuríki, sérstakar reglur um kosningabandalög í kosningareglum sínum. Virðist framkvæmdin í anda hugmynda sem átt hafa vaxandi fylgi að fagna í lýðræðisfræðum.

Hugmyndin er einföld: Öll framboð, hvort sem flokkar bjóða fram í bandalagi við aðra eða í sínu lagi, teljast stjórnmálahreyfingar í skilningi 2. mgr. 32. gr. laga um kosningar til Alþingis. Slíkar hreyfingar eru myndaðar um málefni og stjórnmálasýn sem kæmi til framkvæmda ef viðkomandi hreyfing flokka næði tilskildum hluta atkvæða í kosningum.

Ætlunin er að með þessu fyrirkomulagi fáist sterk vísbending um ríkisstjórnarmyndun, en eðlilegt gæti þá talist að forseti leitaði fyrst til stærsta bandalagsins að kosningum loknum.

II. Fleiri útfærslur á kosningabandalögum.

Einnig má hugsa sér fleiri útfærslur á kosningabandalögum, svo sem að einstaklingar bindist samtökum um lista þótt ekki sé um flokksframboð að ræða, eða sérlista innan flokka, t.d. um einstök málefni á vettvangi stjórnmálanna. Ekki verður þó tekin afstaða til slíkra hugmynda hér.

Aðalatriðið er að núgildandi kosningalög eru ekki sniðin að samfloti lista, t.d. að því leyti að sjálfar nafngiftir undirlistanna mismuna þeim, kunna að misskiljast, o.s.frv. Með drögum að breytingum á kosningalögum sem eru í fylgiskjali er fyrirkomulag fjöllista gert aðgengilegra með því að mæla fyrir um að listarnir verði kallaðir með sambærilegum hætti og betur auðkennandi. Dæmi gæti verið af kosningabandalaginu Q þar sem M og N væru flokkarnir sem stæðu að bandalaginu. Þeir fengju þá úthlutað tvöföldum listabókstöfum QM og QN en stafirnir yrðu þeir sömu í öllum kjördæmum eftir því sem slíku verður komið við til að fyrirbyggja misskilning milli kjördæma. Síðari bókstafurinn væri þá tilvísun í þá flokka, M og N, sem að bandalaginu standa.

Gert hefur verið ráð fyrir breytingum á kosningalögum í þessu tilliti svo að það verði raunhæfur kostur annars vegar fyrir lista að bjóða fram undir sérgreindum merkjum innan

stjórnmálaflokks og hins vegar fyrir stjórnmálaflokka að bjóða fram saman í kosningabandalagi.

III. Tvö atkvæði – persónukjör úr hópi kjördæmamanna.

Með þessu frumvarpi og fylgiskjali er gert ráð fyrir að kjósendur geti greitt tvö atkvæði við kosningar til Alþingis. Annað atkvæðið verður líkt og nú er greitt lista en hitt atkvæðið getur kjósandi ákveðið að greiða einum einstaklingi óháð framboðslistum. Ef kjósandi nýtir ekki annað atkvæðið fellur það niður. Frambjóðendur geta því náð kosningu með tvennu móti. Annars vegar með hinu nýja persónukjöri, þannig að sá telst hafa náð kosningu sem hlýtur flest atkvæði í persónukosningu af listum. Hins vegar, líkt og nú er, með listakosningu í kjördæmissæti, þannig að þeir frambjóðendur koma einir til greina sem skipa efstu sæti lista.

Miðað er við persónukjör að ákveðnu marki í kjördæmum, þannig að eitt af kjördæmissætunum sé persónusæti í minni kjördæmunum en tvö persónusæti verði í stóru kjördæmunum þremur. Þá verður listakjörnum kjördæmissætum fækkað að sama skapi. Þeir sem samtals yrðu kosnir persónukjöri yrðu níu talsins. Jöfnunarsætin yrðu óbreytt. Í frumvarpsdrögum í fylgiskjali er miðað við að fjöldi þingsæta yrði óbreyttur í hverju hinna sex kjördæma frá því sem nú er.

Tök forustu flokkanna mun með þessu móti minnka á hverjir verði kosnir. Ef sá sem fær hæsta atkvæðatölu í persónukjöri skipar þegar eitt af þeim sætum sem reiknast framboðslista þá fær sá sem fær næsthæsta atkvæðatölu sætið og þannig koll af kolli uns lokið er úthlutun kjördæmissæta og sæta varamanna. Varaþingmaður mun geta verið hvort tveggja varamaður persónukjörins þingmanns og kjördæmakjörins þingmanns. Hann getur þá ýmist farið á þing fyrir hinn persónukjörna eða hinn kjördæmakjörna þingmann.

Vegna úthlutunar á jöfnunarsætum verður skv. 4. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar að telja hina persónukjörnu til viðkomandi stjórnmálasamtaka áður en jöfnunarsætum verður útdeilt. Það eitt tryggir þann jöfnuð sem 4. mgr. krefst. Þar sem kjósendur mega velja persónumennina óháð því hvaða flokka þeir kjósa, felst sá möguleiki í útfærslunni að frambjóðandi sem nýtur þverpólitískra vinsælda getur þannig komist fram fyrir sína eigin flokksfélaga á leið til þings.

Frambjóðendur sem hljóta jöfnunarsæti teljast þingmenn þess kjördæmis þar sem þeir eru í framboði og gildir 108. gr. kosningalaga um röð þeirra. Röðun þeirra mun þó ekki breytast, gildi kosninga eða röðunar dregin í efa, eða túlkuð sem misfella enda þótt varamaður persónukjörins þingmanns geti komið úr öðrum flokki.

Að öðru leyti er bent á ítarlega greinargerð um persónukjör sem finna má á vef landskjörstjórnar, landskjor.is, nánar tiltekið á síðunni:

http://www.landskjor.is/media/frettir/Personukjor9feb2009a.pdf.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um a-lið. Með ákvæðinu er nú tekið upp kerfi tvöfaldrar kosningar, þar sem hver kjósandi til Alþingis hefur tvö atkvæði, annað til að kjósa framboðslista í kjördæmi og hitt til að kjósa frambjóðanda persónukosningu af framboðslista í kjördæmum. Vísast nánar til greinargerðar í þessum efnum.

Um b-lið. Með ákvæðinu er beitt sömu aðferðafræði við uppskiptingu kjördæmissætanna og gert er nú varðandi jöfnunarsætin. Þá er átt við að fyrst sé kjördæmissætunum úthlutað til samtaka eða flokka í kjördæminu miðað við samanlagða atkvæðatölu lista þeirra og síðan

útdeilt innanbúðar milli lista þeirra, t.d. með sama hætti og sætum er skipt nú milli lista innan hvers kjördæmis, þ.e. með reglu d'Hondt.

Með breytingunni mun kosningabandalag flokka eða uppskipting framboða í undirlista ekki rýra þingsætatölu þeirra umfram það sem viðkomandi kosningabandalag eða flokkur fengi með einum hefðbundnum lista í hverju kjördæmi. Samkvæmt ákvæðum gildandi kosningalaga getur sú staða komið upp að kosningabandalag eða flokkur fengi færri kjördæmissæti sé framboðinu skipt í undirlista með umræddum hætti heldur en bandalagið eða flokkurinn fengi sem einn heildarlisti. Í núgildandi kerfi er það svo, ef sæti, eitt eða fleiri, fara til lista annars kosningabandalags, samtaka eða flokks sem við það væri búinn að fá fleiri kjördæmissæti en landsfylgi hans gæfi tilefni til, ná jöfnunarsætin ekki að jafna metin. Ef samtökin með sérlistana fá þá ekki réttan skerf jöfnunarsæta hafa þau tapað þingsætum á því að bjóða þetta listaval. Með ákvæðinu er ráðin bót á þessu vandamáli og þannig gert að raunhæfum kosti að bjóða fram lista flokka undir merkjum bandalaga án þess að þau eigi á hættu að „tapa“ kjördæmissætum.

Um 2. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum (drög).

1. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Þingsæti eru 63 og skiptast þannig milli kjördæma:

Norðvesturkjördæmi	1 persónusæti	7 kjördæmissæti	1 jöfnunarsæti
Norðausturkjördæmi	1 persónusæti	8 kjördæmissæti	1 jöfnunarsæti
Suðurkjördæmi	1 persónusæti	8 kjördæmissæti	1 jöfnunarsæti
Suðvesturkjördæmi	2 persónusæti	8 kjördæmissæti	2 jöfnunarsæti
Reykjavíkurkjördæmi suður	2 persónusæti	7 kjördæmissæti	2 jöfnunarsæti
Reykjavíkurkjördæmi norður	2 persónusæti	7 kjördæmissæti	2 jöfnunarsæti

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað „5. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 6. mgr.
b. Í stað „3. mgr.“ í 3. mgr. kemur: 4. mgr.

3. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Á framboðslista skulu vera nöfn allt að því tvöfalt fleiri frambjóðenda en nemur þingsætum í kjördæminu.

4. gr.

1. málsl. 2. mgr. 32. gr. laganna orðast svo:

Með stjórnmálasamtökum er í lögum þessum átt við kosningabandalög eða samtök sem bjóða eða boðið hafa fram einn eða fleiri lista innan sinna vébanda við alþingiskosningar.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „um listabókstafi stjórnmálasamtaka“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: og framboðslista.
b. Á eftir 4. málsl. 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Listabókstafi framboðslista innan hvers kosningabandalags eða stjórnmálasamtaka skal ákveða með sambærilegum hætti, þannig að listabókstafur stjórnmálasamtakanna fer á undan en bókstafur framboða innan samtakanna kemur á eftir. Listabókstafirnir skulu vera þeir sömu í öllum kjördæmum þar sem boðið er fram.
c. Á eftir orðunum „bókstaf nýrra samtaka“ í 6. málsl. 2. mgr. kemur: eða framboðslista.

6. gr.

2. mgr. 43. gr. laganna orðast svo:

Nú hafa stjórnmálasamtök, hvort sem er flokkar innan kosningabandalags eða undirlistar innan flokks, fleiri lista en einn í sama kjördæmi og skal þá merkja þá eftir því sem við á, sbr. 38. gr.

7. gr.

Við 1. mgr. 82. gr. laganna bætist: og kross í ferning fyrir framan nafn þess frambjóðanda á kjörseðlinum sem hann vill kjósa persónukosningu.

8. gr.

Á eftir orðinu „kjördæmissætum“ í 1. málsl. 106. gr. laganna kemur: persónusætum.

9. gr.

Á eftir 106. gr. laganna kemur ný grein, 106. gr. a, svohljóðandi:

Úthlutun persónusæta.

Til þess að finna hvaða frambjóðendur hafa verið kosnir persónukjöri skal finna hæstu atkvæðatölu í persónukjöri af framboðslistum í hverju kjördæmi. Í þeim kjördæmum þar sem kjósa skal tvo menn persónukjöri hlýtur sá síðari sæti sem hefur næsthæsta atkvæðatölu í persónukjöri.

Finna skal varamenn þingmanna sem kosnir hafa verið persónukjöri skv. 1. mgr. með sama hætti, þ.e. að finna næsthæstu eða þriðju og fjórðu hæstu atkvæðatölu eftir sem við á.

Ef tveir eða fleiri frambjóðendur fá jafnháa atkvæðatölu í persónukjöri skv. 1. og 2. mgr. skal hluta um röð þeirra.

Sá sem nær persónukjöri sem aðalmaður kemur ekki til álita við frekari úthlutun þingsæta.

Nú nær varamaður persónukjörins manns kjöri sem þingmaður samkvæmt ákvæðum 107.–108. gr. og kemur hann þá ekki til álita sem varamaður hins persónukjörna og skal finna annan varamann í samræmi við ákvæði 2. mgr.

10. gr.

107. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

Úthlutun kjördæmissæta.

Til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu í kjördæmi af lista stjórnmálahreyfinga skal fara þannig að:

1. Deila skal í samanlagða atkvæðatölur lista stjórnmálahreyfinganna svo og í atkvæðatölur einstakra lista þeirra með tölunum 1, 2, 3, 4 o.s.frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hverja stjórnmálahreyfingu og síðan hvern lista.
2. Fyrsta kjördæmissæti fær sú stjórnmálahreyfing og innan hennar sá listi sem hæsta útkomutölu hefur. Þær tölur eru síðan felldar niður. Annað kjördæmissæti fær sú stjórnmálahreyfing og innan hennar sá listi sem nú hefur hæsta útkomutölu. Þessu skal fram haldið uns úthlutað hefur verið jafnmörgum kjördæmissætum og kjósa á, að frádregnum þeim sætum sem ráðstafað er á grundvelli persónukjörs, sbr. 2. mgr. 8. gr. og 106. gr. a.
3. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur skv. 2. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 108. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og kjördæmissæti þeirra skv. 107. gr.“ í 2. mgr. kemur: auk atkvæða við persónukjör skv. 106. gr. a.
b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Enn fremur skal leggja saman tölu persónusæta og kjördæmissæta þeirra skv. 106. gr. a og 107. gr. á landinu öllu.
c. Í stað orðanna „með tölu kjördæmissæta þeirra“ í 1. tölul. 3. mgr. kemur: með tölu persónusæta auk kjördæmissæta þeirra.

12. gr.

Á eftir orðunum „þingmenn og varaþingmenn“ í 1. mgr. 110. gr. laganna kemur: í kjördæmis- eða jöfnunarsæti.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 113. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „endurúthluta kjördæmissætum“ kemur: og persónusætum.
b. Á eftir orðunum „skv. 107. gr.“ kemur: og 106. gr. a.

14. gr.

Í stað orðanna „109. og 110. gr.“ í 122. gr. laganna kemur: 106. gr. a, 109. og 110. gr.

15. gr.

Í stað „6. mgr.“ í 2. mgr. 129. gr. laganna kemur: 7. mgr.

16. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Við næstu kosningar til Alþingis eftir gildistöku laganna skal landskjörstjórn ákveða upp á nýtt listabókstafi allra stjórnmálasamtaka og framboðslista þeirra yfir landið. Listabókstafir hverrar stjórnmálahreyfingar og framboðslista skulu vera þeir sömu í öllum kjördæmum þar sem boðið er fram, eftir því sem við á.

749. Svar [300. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um þróun efnahagsmála.

1. *Hver hefur þróunin verið á eftirfarandi sviðum á árunum 1991–2009:*
   a. *hagvexti,*
   b. *vergri landsframleiðslu, og*
   c. *kaupmætti?*

   Óskað er eftir að upplýsingar séu birtar fyrir hvert ár, í heild og á íbúa og umreiknað á föstu verðlagi í febrúar 2009.

Í töflu 1 má sjá þróun hagstærða fyrir Ísland. Fast verðlag er reiknað á grundvelli verðlags í febrúar 2009.

Tafla 1. Hagstærðir fyrir Ísland.

	Verg landsframleiðsla				Hagvöxtur	Kaupmáttur ráðstöfunartekna	
	Alls		Á mann			Alls	Á mann
	Verðlag hvers árs	*Á verðlagi 2009*	*Verðlag hvers árs*	*Á verðlagi 2009*			
1991	401.610	990.220	1.557	3.839	-0,2	..	..
1992	401.445	956.811	1.537	3.663	-3,4	..	..
1993	414.168	969.379	1.570	3.675	1,3	..	..
1994	440.286	1.004.361	1.655	3.775	3,6	..	..
1995	454.013	1.005.533	1.698	3.761	0,1	4,3	3,8
1996	487.509	1.053.648	1.813	3.918	4,8	4,5	3,9
1997	526.322	1.105.416	1.943	4.081	4,9	6,7	5,9
1998	588.367	1.175.242	2.149	4.293	6,3	8,2	7,0
1999	632.399	1.223.353	2.282	4.414	4,1	6,0	4,7
2000	683.747	1.276.222	2.432	4.539	4,3	6,7	5,2
2001	771.893	1.326.273	2.708	4.653	3,9	0,2	-1,2
2002	816.450	1.328.117	2.839	4.618	0,1	1,1	0,2
2003	841.322	1.360.120	2.908	4.701	2,4	4,8	4,2
2004	928.889	1.464.906	3.175	5.007	7,7	6,5	5,3
2005	1.026.397	1.573.824	3.469	5.320	7,4	9,2	8,0
2006	1.167.887	1.644.028	3.839	5.403	4,5	11,1	8,0
2007	1.293.167	1.734.679	4.179	5.570	5,5	7,7	5,3
2008*	1.414.000	1.740.681	4.588	5.451	0,3	-5,1	-7,5
2009*	1.518.000	1.572.821	4.913	4.913	-9,6	-13,1	-13,5

Heimild: Hagstofa Íslands

** Spá fjármálaráðuneytisins (nema landsframleiðsla 2008)*

2. *Hvernig hafa á sama tíma þróast:*
   a. *útgjöld ríkisins til heilbrigðisþjónustu,*
   b. *útgjöld til menntamála, og*
   c. *framlög til rannsókna og nýsköpunar?*

Svar við spurningunni er að finna í töflu 2. Hún sýnir hvernig útgjöld ríkisins til menntamála og heilbrigðisþjónustu hafa þróast sem hlutfall af landsframleiðslu á tímabilinu 1998–2007 en nýrri tölur liggja ekki fyrir hjá Hagstofunni. Útgjöld ríkissjóðs eingöngu til rannsóknar- og þróunarvinnu liggja ekki fyrir, en heildarútgjöld til rannsóknar- og þróunarvinnu liggja fyrir og eru upplýsingar birtar í svari við 4. lið fyrirspurnarinnar.

Tafla 2. Útgjöld ríkisins til mennta- og heilbrigðismála.

	Menntamál	Heilbrigðismál
	Hlutfall af vlf.	
1998	2,9	7,3
1999	3,0	8,1
2000	2,9	7,8
2001	3,2	7,7
2002	3,3	8,5
2003	3,4	8,8
2004	3,4	8,3
2005	3,4	8,0
2006	3,3	7,8
2007	3,3	7,8

Heimild: Hagstofa Íslands

3. *Hvert hefur atvinnuleysi og atvinnuþátttaka verið á árunum 1991–2009? Óskað er eftir að upplýsingar séu birtar fyrir hvert ár og tilgreint hvaða skilgreining sé notuð við mælinguna.*

Atvinnuleysi er skilgreint sem hlutfall atvinnulausra af vinnuaflinu, en vinnuaflið samanstendur af starfandi og atvinnulausum. Atvinnulausir teljast þeir sem geta hafið störf innan tveggja vikna frá því að rannsóknin er gerð og uppfylla auk þess eitthvert eftirfarandi skilyrða:

1. Hafa verið virkir í atvinnuleit sl. fjórar vikur að viðmiðunarviku meðtalinni.
2. Hafa fundið starf sem byrjar seinna, þó ekki síðar en innan þriggja mánaða.
3. Bíða eftir að vera kallaðir til vinnu.

Vinnutími er heildarvinnutími svaranda í aðal- og aukastarfi í viðmiðunarvikunni. Atvinnuþátttaka er hlutfall vinnuaflsins af heildarmannfjöldanum.

Tafla 3. Atvinnuþátttaka og atvinnuleysi á Íslandi.

	Atvinnuþátttaka	Atvinnuleysi
1991	81	2,5
1992	81,8	4,3
1993	81,1	5,3
1994	81,3	5,3
1995	82,9	4,9
1996	81,6	3,7
1997	81	3,9
1998	82,3	2,7
1999	83,2	2,0
2000	83,5	2,3
2001	83,6	2,3
2002	82,8	3,3
2003	82,1	3,4
2004	80,7	3,1
2005	81,9	2,6
2006	83,1	2,9
2007	83,3	2,3
2008	82,6	3,0

Heimild: Hagstofa Íslands

4. *Hver hefur þróunin verið á sömu sviðum og sama tímabili í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi og á Kúbu? Óskað er eftir að tölulegar upplýsingar verði á föstu verðlagi og umreiknaðar á íbúa.*

Umbeðnar upplýsingar eru birtar í töflum 4–11. Einungis eru birtar upplýsingar um hagvöxt og atvinnuleysi á Kúbu þar sem upplýsingar um landið eru af skornum skammti. Útgjöld til heilbrigðis- og menntamála, sem og útgjöld til rannsókna og nýsköpunar, eru birt sem hlutfall af vlf., og fyrir hið opinbera í heild sinni. Samanburður á landsframleiðslu, alls og á mann, er reiknaður á föstu verðlagi í bandaríkjadölum og jafnvirðisgildi[1] (PPP: Purchasing Power Parity) er notað til að færa landsframleiðslutölur til sambærilegs verðlags í umræddum ríkjum.

[1] Jafnvirðisgildi (PPP: Purchasing Power Parity) er notað til að færa landsframleiðslutölur til sambærilegs verðlags í ýmsum ríkjum. Það er einnig notað til að bera saman hlutfallslegt verðlag milli landa. Jafnvirðisgildi er umreikningstala fyrir mismunandi gjaldmiðla notuð í stað gengis. Jafnvirðisgildi sýnir hve mikið þarf í gjaldmiðlum einstakra ríkja til að kaupa sama magn vöru og þjónustu í öðrum löndum.

Tafla 4. Hagvöxtur.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð	Kúba
1991	1,3	-6,1	-0,2	3,1	-1,1	..
1992	2,0	-3,9	-3,4	3,5	-1,2	..
1993	-0,1	-0,9	1,3	2,8	-2,0	..
1994	5,5	3,5	3,6	5,1	3,8	..
1995	3,1	3,8	0,1	4,2	4,2	2,5
1996	2,8	3,7	4,8	5,1	1,5	7,8
1997	3,2	6,1	4,9	5,4	2,7	2,5
1998	2,2	5,2	6,3	2,7	3,7	1,2
1999	2,6	3,9	4,1	2,0	4,3	6,2
2000	3,5	5,0	4,3	3,3	4,5	5,6
2001	0,7	2,5	3,9	2,0	1,2	3,0
2002	0,5	1,6	0,1	1,5	2,4	1,8
2003	0,4	1,9	2,4	1,0	2,1	3,8
2004	2,3	3,8	7,7	3,9	3,5	5,4
2005	2,5	2,9	7,5	2,7	3,3	..
2006	3,9	4,8	4,4	2,5	4,4	..
2007	1,7	4,4	4,9	3,7	2,9	..
2008	0,2	2,1	0,3	2,7	0,8	..
2009	-0,5	0,6	-9,6	1,3	0,0	..

Heimild: OECD og World Bank (Kúba)

Tafla 5. Landsframleiðsla á mann á föstu verðlagi í bandaríkjadölum, PPP-leiðrétt.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
1991	23.411	20.377	24.361	27.248	23.162
1992	23.758	19.507	23.256	28.050	22.749
1993	23.655	19.236	23.322	28.658	22.151
1994	24.880	19.833	23.962	29.932	22.862
1995	25.525	20.534	23.866	31.034	23.647
1996	26.089	21.224	24.864	32.446	23.954
1997	26.806	22.474	25.895	34.009	24.530
1998	27.292	23.588	27.241	34.709	25.451
1999	27.896	24.456	28.009	35.174	26.599
2000	28.789	25.638	28.807	36.084	27.726
2001	28.889	26.271	29.526	36.623	27.943
2002	28.921	26.618	29.312	36.960	28.524
2003	28.957	27.037	29.838	37.122	28.962
2004	29.550	27.960	31.760	38.338	30.037
2005	30.183	28.636	33.752	39.124	30.904
2006	31.090	29.925	34.266	39.681	32.036
2007	31.468	31.051	34.776	40.534	32.610
2008	..	31.194	..	40.812	..

Heimild: OECD

Tafla 6. Landsframleiðsla á föstu verðlagi í bandaríkjadölum, PPP-leiðrétt.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
1991	120.474	102.169	6.284	116.130	199.591
1992	122.854	98.353	6.072	120.221	197.189
1993	122.744	97.449	6.152	123.572	193.131
1994	129.526	100.931	6.374	129.814	200.754
1995	133.496	104.890	6.381	135.248	208.730
1996	137.280	108.771	6.687	142.145	211.778
1997	141.671	115.514	7.015	149.811	216.989
1998	144.731	121.550	7.458	153.830	225.265
1999	148.437	126.317	7.764	156.946	235.616
2000	153.675	132.704	8.099	162.052	245.981
2001	154.758	136.294	8.417	165.277	248.583
2002	155.479	138.438	8.429	167.760	254.577
2003	156.076	140.944	8.631	169.460	259.446
2004	159.660	146.154	9.292	176.009	270.153
2005	163.564	150.201	9.986	180.830	279.064
2006	169.034	157.595	10.428	184.954	290.914
2007	171.817	164.218	10.829	190.751	298.313
2008	..	165.727	..	194.591	..

Heimild: OECD

Tafla 7. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála, sem hlutfall af vlf.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
1990	6,6	5,8	..	..	..
1991	6,7	6,6	..	..	..
1992	6,7	6,8	..	..	..
1993	7,1	6,6	..	..	..
1994	7,0	6,2	..	..	..
1995	6,9	6,2	..	..	6,2
1996	6,9	6,4	..	6,9	6,5
1997	6,8	6,2	6,8	7,0	6,3
1998	6,9	5,9	7,5	7,7	6,2
1999	6,8	5,8	8,3	7,7	6,3
2000	6,6	5,8	8,0	6,9	6,2
2001	6,8	5,8	7,9	7,2	6,6
2002	7,0	6,1	8,7	7,9	6,9
2003	7,0	6,5	8,9	8,1	7,1
2004	7,0	6,6	8,7	7,7	6,8
2005	7,1	6,8	8,3	7,3	6,8
2006	7,1	6,8	8,1	6,9	6,8
2007	7,3	..	..	..	..

Heimild: OECD

Tafla 8. Útgjöld hins opinbera til menntamála, sem hlutfall af vlf.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
1990	7,0	6,2	..	..	..
1991	7,0	7,2	..	..	..
1992	7,5	7,4	..	..	..
1993	7,7	7,3	..	..	..
1994	7,4	6,7	..	..	..
1995	7,5	7,0	..	..	7,0
1996	7,5	6,8	..	6,3	7,0
1997	7,3	6,4	6,5	6,5	7,1
1998	7,6	6,1	7,4	6,7	7,4
1999	8,1	6,0	7,5	6,4	7,5
2000	8,0	5,8	7,5	5,7	6,8
2001	8,1	5,9	7,7	5,9	7,2
2002	8,2	5,9	8,3	6,3	7,3
2003	8,2	6,2	8,3	6,7	7,3
2004	8,2	6,1	8,2	6,2	7,1
2005	8,0	6,1	8,3	5,7	7,1
2006	7,7	5,8	8,3	5,5	7,0
2007	7,4	..	..	..	..

Heimild: OECD

Tafla 9. Útgjöld alls til rannsókna og nýsköpunar, sem hlutfall af vlf.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
1990	1,6	1,8	1,0	..	..
1991	1,6	2,0	1,2	1,6	2,7
1992	1,6	2,1	1,3	..	..
1993	1,7	2,1	1,3	1,7	3,2
1994	..	2,3	1,4	..	..
1995	1,8	2,3	1,5	1,7	3,3
1996	1,8	2,5	..	..	..
1997	1,9	2,7	1,8	1,6	3,5
1998	2,0	2,9	2,0	..	..
1999	2,2	3,2	2,3	1,6	3,6
2000	..	3,3	2,7	..	..
2001	2,4	3,3	3,0	1,6	4,3
2002	2,5	3,4	3,0	1,7	..
2003	2,6	3,4	2,8	1,7	4,0
2004	2,5	3,5	2,8	1,6	3,7
2005	2,5	3,5	2,8	1,5	3,9
2006	2,4	3,5	3,0	1,5	3,8

Heimild: OECD

Tafla 10. Atvinnuleysi.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð	Kúba
1991	7,9	8,0	2,6	5,5	3,8	..
1992	8,7	13,0	4,3	5,9	6,7	..
1993	9,5	17,6	5,3	6,0	10,9	..
1994	7,6	17,9	5,3	5,4	11,3	..
1995	6,7	16,7	4,7	4,9	10,6	8,3
1996	6,3	15,9	3,7	4,8	11,6	7,6
1997	5,2	12,7	3,9	4,0	11,8	7,1
1998	4,8	11,4	2,7	3,2	9,9	6,2
1999	5,0	10,3	2,0	3,2	8,3	6,3
2000	4,3	9,8	2,3	3,4	6,9	5,4
2001	4,4	9,2	2,3	3,5	5,9	4,1
2002	4,5	9,1	3,3	3,9	6,1	3,3
2003	5,3	9,0	3,4	4,5	6,8	2,3
2004	5,5	8,9	3,1	4,5	7,7	1,9
2005	4,8	8,4	2,6	4,6	7,7	1,9
2006	3,9	7,7	2,9	3,4	7,1	1,9
2007	3,7	6,9	2,3	2,5	6,1	1,8
2008	3,1	6,2	2,8	2,6	6,1	..
2009	4,0	6,5	7,4	3,0	7,0	..

Heimild: OECD og ILO (Kúba)

Tafla 11. Atvinnuþátttaka.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
1991	82,1	75,2	84,5	77,1	73,5
1992	81,6	73,5	85,1	76,9	72,3
1993	80,9	72,6	85,1	76,5	71,1
1994	80,3	72,1	85,1	76,8	70,6
1995	79,8	72,5	86,6	77,7	70,8
1996	79,8	72,6	85,1	79,2	71,2
1997	79,8	72,3	84,4	80,4	70,8
1998	80,5	72,6	85,6	81,1	70,4
1999	81,2	73,8	86,8	80,8	70,7
2000	81,0	74,5	87,4	80,7	70,9
2001	81,7	74,8	87,5	80,5	71,2
2002	81,8	74,8	86,2	80,5	71,1
2003	81,5	74,4	85,7	79,7	70,8
2004	81,1	74,1	83,6	79,2	70,6
2005	81,0	74,6	84,6	79,1	70,7
2006	81,3	75,2	85,7	79,7	70,8
2007	82,2	75,7	86,4	80,5	71,1
2008	82,5	76,5	86,7	82,7	71,2
2009	81,8	76,8	87,0	83,6	70,7

Heimild: OECD

750. Nefndarálit [365. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 88/2005, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti, Snorra Olsen frá tollstjóra, Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins og Andrés Magnússon frá Samtökum verslunar og þjónustu. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, ríkisendurskoðun, Seðlabanka Íslands, tollstjóra, Viðskiptaráði Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda og sameiginlega frá Samtökum iðnaðarins og Samtökum verslunar og þjónustu.

Í frumvarpinu er lagt til að aðilar sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum og vörugjöldum geti óskað eftir breytingu á fyrirkomulagi gjalddaga vegna uppgjörstímabila á árinu 2009. Einnig er lögð til breyting sem á að tryggja fullan innskattsrétt þrátt fyrir umræddar breytingar á fyrirkomulagi gjalddaga aðflutningsgjalda.

Fram kom á fundi nefndarinnar að frumvarpið væri í samræmi við tillögur Samtaka iðnaðarins og Samtaka verslunar og þjónustu sem settar voru fram í ljósi þess að stór hluti fyrirtækja ætti erfitt með að standa í skilum með opinber gjöld vegna efnahagsástandsins. Samtökin óskuðu einnig eftir því að greiðsluaðlögun í anda ákvæða frumvarpsins yrði látin taka til virðisaukaskatts í innanlandssölu.

Eftir ábendingu fjármálaráðuneytis og tollstjóra leggur nefndin til þá breytingu að í stað þess að gera greiðsluaðlögun aðflutningsgjalda og vörugjalda samkvæmt ákvæðum frumvarpsins valkvæða skuli greiðsluaðlögun (þ.e. dreifing gjalddaga) vera hin almenna regla vegna uppgjörstímabila aðflutningsgjalda og vörugjalda á árinu 2009 og gilda sjálfkrafa um þá sem njóta greiðslufrests á tolli. Þannig verður jafnræði með greiðendum meira auk þess sem ekki verður þörf á að reikna vexti frá hefðbundnum gjalddaga til hinna nýju gjalddaga eins og ákvæði frumvarpsins gera ráð fyrir.

Að því gefnu að breytingin verði samþykkt ræddi nefndin um stöðu þeirra greiðenda sem að fullu hafa staðið skil á aðflutningsgjöldum sem koma áttu til greiðslu 15. mars 2009. Nefndin leggur til að frumvarpið gildi afturvirkt frá og með þeim degi og að umræddir aðilar geti farið fram á hlutfallslega endurgreiðslu og þar með hagað greiðslu samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Vegna samkomulags stjórnvalda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn var á fundi nefndarinnar óskað eftir upplýsingum um hver áhrif umræddra breytinga yrðu á tekjur ríkissjóðs.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ellert B. Schram var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. mars 2009.

Björgvin G. Sigurðsson, form., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Gunnar Svavarsson.
Bjarni Benediktsson.	Árni Þór Sigurðsson.	Ragnheiður E. Árnadóttir.
Jón Bjarnason.		Birkir J. Jónsson.

751. Breytingartillögur [365. mál]

við frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 88/2005, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, III, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir ákvæði 122. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda, hjá aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, vegna uppgjörstímabila á árinu 2009 vera sem hér segir:
   1. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
   2. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
   3. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 5. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds, hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., vegna uppgjörstímabila á árinu 2009 vera sem hér segir:
   1. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
   2. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 15. mars 2009.

752. Svar [285. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um tölvupóst til breska fjármálaráðuneytisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hljóðar tölvupóstur sá frá viðskiptaráðuneytinu dags. 14. ágúst 2008 sem vísað er til í bréfi til breska fjármálaráðuneytisins 20. ágúst, sbr. svar á þskj. 503 við fyrirspurn um bréf til breska fjármálaráðuneytisins?

Texti tölvupósts frá 14. ágúst 2008 sem vísað er til í bréfi til breska fjármálaráðuneytisins dags. 20. ágúst 2008 er eftirfarandi:

„Ágæti hr. Maxwell.

Þakka yður fyrir bréf yðar dags. 7. ágúst.

Skilningur yðar á íslenskum lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta er að flestu leyti réttur. Við viljum hins vegar benda á að lagaleg greiðsluábyrgð samkvæmt kerfinu takmarkast við þá fjármuni sem tiltækir eru þegar um er að ræða fjárhæðir umfram 20.887 evrur (fjárhæðin 1,7 millj. kr. samkvæmt lögunum er bundin kaupgengi evrunnar 5. janúar 1999, sem var 20.887 evrur). Það ætti einnig að svara 1. spurningu yðar. Það er alveg skýrt samkvæmt lögunum að sjóðnum ber að greiða út kröfur allt að 20.887 evrum og því mundi stjórnin ávallt leita eftir láni til þess að tryggja að sjóðurinn greiði út það lágmark.

Að því er varðar 2. og 5. spurningu hefur stjórnin ekki tekið neina ákvörðun um þetta og áður en við getum gefið ákveðið svar um hvað stjórnvöld kynnu að gera yrði að ræða málið í ríkisstjórninni.

Svo að svarað sé 3. spurningu eru engar reglur skv. 10. gr. um það hvernig frekari gjaldtökur verði notaðar, en ljóst er að ef kröfuhafi fær ekki greiddar fullar bætur (alla innstæðu sína) þegar krafa hans er greidd út, heldur aðeins lágmarksgreiðsluna 20.887 evrur, getur hann ekki síðar haft uppi kröfur á hendur sjóðnum um greiðslu eftirstöðva. Efni 10. gr. ber að skilja í ljósi þeirrar grundvallarreglu laganna um að kröfuhafi skuli alltaf fá greiddar a.m.k. 20.887 evrur. Í 6. gr. er skýrt hvernig viðskiptabankar og sparisjóðir skuli inna af hendi greiðslur til sjóðsins, engar frekari reglur er að finna í lögunum eða reglugerð um hvernig greiðslum til sjóðsins skuli háttað ef eignir hans hrökkva ekki til og krafa kemur til greiðslu.

Í 4. spurningu spyrjið þér um skilgreiningu á ábyrgðaryfirlýsingum. Ábyrgðaryfirlýsingar þær sem nefndar eru „guarantee pledges“ í ársskýrslunni en „declarations of liability“ í lögunum eru eitt og hið sama, þ.e. yfirlýsingar sem aðildarfélög gefa til þess að tryggja að 1% lágmarkinu sé náð.

Til þess að upplýsa yður um uppfærða stöðu tryggðra innstæðna, var heildarfjárhæð innstæðna hinn 31. maí 2008 2.170.179 millj. kr. Innstæður undir 2 millj. kr. voru 421.910 millj. kr.

Loks, til þess að svara spurningu nr. 7, er fjárhæðin 1,7 millj. kr. sem kveðið er á um í lögunum tengd gengi evrunnar hinn 5. janúar 1999 og nemur því 20.887 evrum; gengi evrunnar gagnvart íslenskri krónu hefur ekki áhrif á þessi mörk.

Ég vona að þetta sé fullnægjandi svar við spurningum yðar. Ef frekari upplýsinga er þörf kynni að vera gott ráð að halda símafund.“

Texti tölvupóstsins hljóðar svo á ensku:

„Dear Mr. Maxwell.

Thank you for your letter dated 7 August.

Your understanding of the Icelandic legislation on The Icelandic Depositor's and Investor's Guarantee Fund is in most ways correct. We would however like to point out that the liability in law under the scheme to make a payout is limited to the resources available when it comes to amounts higher than 20.887 Euros (the amount of 1.7 m krona in the law is linked to the EUR exchange rate of 5 January 1999, and is 20.887 Euros). This should also answer your first question. It is absolutely clear according to the law that the fund has to pay out claims up to 20.887 Euros and therefore the Board would always seek a loan to ensure that the scheme pays out to that minimum.

Regarding questions number 2 and 5, the Board has not made any decision on this and before we can give you a definite answer on what the authorites would to this would have to be discussed by the Government.

To answer question number 3 there are no rules in Article 10 about how future levies will be used, but it is clear that if a claimant does not get full compensation (all his deposits) when his claim is paid out, but only the minimum of 20.887 Euros or more he cannot make a claim against the Fund at a later stage to get the rest. Article 10 should be read in the light of the basic principle of the law that a claimant will always get at least his 20.887 Euros. In Article 6 it is explained how commercial and savings banks shall contribute to the Fund, there are no further rules in the law or the regulation on how payments shall be made to the fund in case it is emptied out and has a loan to pay.

In question number four you ask for a definition of guarantee pledges. The guarantee pledges referred to in the Annual Report and the declarations of liability referred to in Articles 6 and 7 of the Act are the same thing; pledges that the Members of the Fund make to ensure that the required 1% minimum is met.

To give you an updated figure of the level of guaranteed deposits the total amount of deposits on 31 May 2008 was 2.170.179 m krona. Deposits under 2 m krona were 421.910 m krona.

Finally to answer question number seven the 1.7 m krona referred to in the Act is linked to the EUR exchange rate of 5 January 1999, and is 20.887 Euros, this limit is not affected by the Krona-Euro exchange rate.

I hope this answers your questions sufficiently. If you need further explanations a conference call could be a good idea.“

753. Svar [425. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um lánafyrirgreiðslu til Icelandic Glacial.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hafði ráðherra áhrif á að fyrirtækið Icelandic Glacial fékk lán í lok síðasta árs eða síðar? Ef svo er:

a. komu aðrir ráðherrar að málinu, og þá hverjir?

b. var sú lánveiting u.þ.b. 3 millj. evra eða um 450 millj. kr.?

Nei.

754. Skýrsla [440. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra, Ástu R. Jóhannesdóttur, um aðgerðaáætlun gegn mansali.

(Lögð fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

Í skýrslu þessari er að finna fyrstu aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn mansali ásamt greinargerð sem ríkisstjórn Íslands samþykkti á fundi sínum 17. mars 2009. Aðdraganda hennar er að rekja til samþykktar ríkisstjórnarinnar frá 7. desember 2007 um að ráðist yrði í gerð hennar að tillögu félagsmálaráðherra og dómsmálaráðherra. Félags- og tryggingamálaráðherra skipaði starfshóp í janúar 2008 sem ætlað var það hlutverk að fjalla um með hvaða hætti standa mætti að gerð og framkvæmd heildstæðrar áætlunar um aðgerðir gegn mansali á Íslandi. Starfshópurinn skilaði tillögum sínum til félags- og tryggingamálaráðherra 16. mars 2009 sem lagði þær fyrir ríkisstjórnina daginn eftir til samþykktar.

Markmið aðgerðaáætlunarinnar er að koma betra skipulagi á þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir mansal hér á landi og að mansal verði rannsakað nánar. Enn fremur er að finna aðgerðir sem miða að forvörnum og fræðslu um málefnið sem og að aðstoð við þolendur og vernd þeirra verði tryggð. Þá er áhersla lögð á aðgerðir sem miða að því að gerendur verði sóttir til saka.

Jafnframt er miðað við að ráðist verði í nauðsynlegar lagabreytingar til að fullgilda megi samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi frá árinu 2000 og bókun við hann um mansal, samning Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali frá 2005 og samning Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun frá 2007 og aðgerðir til að framfylgja efni þeirra. Að auki verði lögð fram frumvörp sem miði að því að gera kaup á vændi refsiverð og að undanþáguheimild í 4. mgr. 4. gr. laga nr. 85/2007 til starfrækslu nektarstaða verði felld brott.

Félags- og tryggingamálaráðherra mun setja á laggirnar sérfræði- og samhæfingarteymi sem kemur til með að hafa yfirumsjón með mansalsmálum á Íslandi og tryggi að ætluðum fórnarlömbum mansals, þar á meðal börnum, sé veitt aðstoð, öruggt skjól og vernd. Aðild að slíku teymi eiga meðal annarra frjáls félagasamtök sem veita fórnarlömbum ofbeldis aðstoð, lögregla og fulltrúar viðeigandi ráðuneyta. Meðal verkefna þess verða fræðsla til fagstétta og opinberra starfsmanna sem aðkomu hafa að mansalsmálum, fræðsluherferð sem meðal annars hefur það að markmiði að koma í veg fyrir að ungir karlmenn gerist neytendur á kynlífsmarkaði, yfirumsjón með rannsóknum og skráningu mansalsmála. Þá lúta nokkrar aðgerðir að því að auka sérhæfingu lögreglu þannig að hún verði betur í stakk búin til að rannsaka mansalsmál, vændi og barnaklám. Loks er gert ráð fyrir að samþykktar verði siðareglur fyrir Stjórnarráðið og stofnanir ráðuneyta sem meðal annars kveði á um að kaup fulltrúa íslenskra stjórnvalda á hvers kyns kynlífsþjónustu verði ekki liðin.

Aðgerðaáætlunin gildir til ársloka 2012 en miðað er við að hún verði endurskoðuð tveimur árum eftir samþykkt hennar að undangengnu mati á árangri.

AÐGERÐIR

Aðgerðaáætlun þessi skiptist í níu kafla. Þeir eru:

1. Fullgilding alþjóðasáttmála og aðlögun íslenskrar löggjafar.
2. Sérfræði- og samhæfingarteymi og yfirumsjón mansalsmála.
3. Fræðsla fagstétta og opinberra starfsmanna.
4. Vernd fórnarlamba og aðstoð.

5. Viðbúnaður lögreglu og rannsókn ætlaðra mansalsmála.
6. Aðgerðir gegn eftirspurn á vændis- og klámmarkaði.
7. Alþjóðlegt samstarf.
8. Virk leit og neyðarnúmer.
9. Skráning upplýsinga og þekkingaröflun.

1. Fullgilding alþjóðasáttmála og aðlögun íslenskrar löggjafar.

Markmið: *Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi frá 2000 og bókunin við hann um mansal, samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali frá 2005 og samningur Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun frá 2007 verði fullgiltir.*

Aðgerð 1: Undirbúningi viðkomandi ráðuneyta að fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi frá 2000 og bókun við hann um mansal, samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali frá 2005 og samnings Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun frá 2007 verði lokið. Að því marki sem fullgilding kallar á lagabreytingar verði frumvörp um slíkt lögð fram.

Aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar gegn mansali byggir á því að samningur Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi frá 2000 og svokölluð Palermobókun við hann[1] og samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali[2] verði fullgiltir hér á landi. Undirbúningur þess hefur staðið um nokkra hríð og lagði dómsmálaráðherra á 135. löggjafarþingi 2007–2008 fram frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, meðal annars til að samræma skilgreiningu almennra hegningarlaga á mansali við efni þessara samninga. Frumvarpið var ekki afgreitt á þinginu en hefur nú verið lagt fram á 136. löggjafarþingi og er nú til meðferðar hjá allsherjarnefnd þingsins. Ljóst er að færa þarf ýmsa aðra löggjöf til samræmis við samningana svo unnt verði að fullgilda þá, svo sem lög um útlendinga, nr. 96/2002, og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Einnig þarf að hefja undirbúning að fullgildingu samnings Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun frá árinu 2007[3] og samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi sem nú er í vinnslu og íslensk stjórnvöld styðja heilshugar. Fyrsta markmið þessarar aðgerðaáætlunar tekur mið af þessu.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti, félags- og tryggingamálaráðuneyti.

2. Sérfræði- og samhæfingarteymi og yfirumsjón mansalsmála.

Markmið: *Innlent samstarf gegn mansali verði samhæft og formlegri yfirumsjón með málaflokknum komið á fót.*

---

[1] The Convention against Transnational Organized Crime (UN, 2000a) og Protocol to Prevent, Suppress and Punish Trafficking in Persons, Especially Women and Children (UN, 2000b).
[2] Council of Europe Convention on Action against Trafficking in Human Beings, Varsjá 16. maí 2005.
[3] Council of Europe Convention on the Protection of Children against Sexual Exploitation and Sexual Abuse, Lanzarote 25. október 2007.

Aðgerð 2: Stofnað verði teymi viðeigandi ráðuneyta, stofnana og frjálsra félagasamtaka sem hafi yfirsýn yfir mansalsmál á Íslandi og umsjón með þeim.

Til að tryggja yfirsýn og þekkingu á mansalsmálum á Íslandi verði stofnað sérfræði- og samhæfingarteymi með fulltrúum þeirra sem starfa á þessum vettvangi, svo sem viðeigandi ráðuneyta, lögreglu, stofnana og frjálsra félagasamtaka, þar með talin Stígamót og Kvennaathvarf. Hlutverk þess verði að fylgja eftir vísbendingum um mansal, bera kennsl á möguleg fórnarlömb samkvæmt viðurkenndum gátlistum sem teymið gefur út og veita þeim viðurkennda stöðu sem slíkum, tryggja þeim vernd og aðstoð, halda til haga upplýsingum og sinna fræðslu um mansalsmál. Slíkt teymi yrði stjórnvöldum jafnframt til ráðgjafar í málaflokknum og hafi eftirlit með framkvæmd aðgerðaáætlunar gegn mansali. Teymið yrði í formi tilraunaverkefnis og metið að þremur árum liðnum hvort festa beri það í sessi með lögum.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Aðgerð 3: Neyðarteymi starfi innan sérfræði- og samhæfingarteymis um mansal sem sé fært um að koma fórnarlömbum til aðstoðar innan 24 tíma.

Hlutverk þessa neyðarteymis er að grípa til fyrstu aðgerða fórnarlambi mansals til stuðnings og verndar, svo sem með því að veita því neyðarþjónustu skv. 1. gr. reglugerðar um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um sjúkratryggingar og greiðslur þeirra fyrir heilbrigðisþjónustuna, nr. 1206/2008, öruggt skjól, túlkaþjónustu og lögfræðiráðgjöf. Lögð er áhersla á að hver sem er innan sérfræði- og samhæfingarteymisins geti virkjað neyðarteymið með stuttum fyrirvara, en til þess yrðu kallaðir aðrir aðilar til samstarfs eftir atvikum máls á hverjum tíma.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.

3. Fræðsla fagstétta og opinberra starfsmanna.

Markmið: *Viðeigandi fagstéttir og starfsfólk stjórnvalda fái fræðslu um mansal, einkenni þess, greiningaraðferðir og aðstoð við fórnarlömb.*

Aðgerð 4: Gerð verði heildstæð fræðsluáætlun fyrir fagstéttir og starfsfólk hins opinbera sem aðkomu hafa að mansalsmálum.

Í 10. gr. samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali er kveðið á um að stjórnvöld skuli tryggja að til staðar sé fagfólk með þekkingu á forvarnastarfi, greiningu mögulegra fórnarlamba og á aðferðum sem hafa reynst fórnarlömbum vel.[4] Því er nauðsynlegt að viðeigandi fagstéttir fái fræðslu um mansal, einkenni þess, aðstoð við fórnarlömb og greiningaraðferðir samkvæmt viðurkenndum gátlistum sem sérfræði- og samhæfingarteymi um mansalsmál gefur út. Þessi þekking þarf jafnframt að vera þverfagleg, þannig að unnt sé að taka heildrænt á málefnum hvers fórnarlambs. Þetta er sérstaklega mikilvægt sökum þess að fórnarlömb geta komist í snertingu við yfirvöld eða aðra aðila vegna annarra brota, svo sem við landamæraverði eða lögreglu vegna falsaðra ferðaskilríkja, eða við hjálparsamtök kvenna vegna ofbeldis. Að baki getur mansal leynst. Ólíklegt er talið að fórnarlömb stígi fram gagnvart þessum aðilum nema þeir geti kynnt viðkomandi fyrir þeim stuðningsúrræðum og vernd sem stendur til boða.

[4] Council of Europe Convention on Action against Trafficking in Human Beings, article 10 – Identification of the victims.

Markhóparnir eru eftirtaldir:

- *Lögregla, landamæraverðir og tollverðir:* Fræðsla um mansal verði sett inn í aðalnámskrá Lögregluskóla ríkisins og stjórnendafræðslu hans og verði einnig hluti af endur- og símenntunaráætlunum lögregluembætta, landamæravarða og tollvarða. Fræðslan innihaldi þjálfun í beitingu viðurkennds gátlista sem tryggi að grunsemdum um mansal og vísbendingum um tengd brot sé fylgt eftir af þar til bærum aðilum.
- *Ákærendur og dómarar:* Til að unnt sé að koma lögum yfir gerendur í mansalsmálum er brýnt að allar fagstéttir réttarvörslukerfisins fái fræðslu um eðli mansalsmála og þeirra margvíslegu brota sem geta komið til kasta yfirvalda en fela í sér vísbendingar um að mansal leynist að baki þeim. Efnt verði til námskeiða fyrir ákærendur og dómara í þessu skyni.
- *Starfsfólk viðeigandi stofnana:* Starfsfólk viðeigandi stofnana, svo sem Útlendingastofnunar og Vinnumálastofnunar, fái fræðslu um mansal og einkenni þess, enda geta mögu-leg fórnarlömb mansals verið á meðal þeirra sem eiga erindi við þær stofnanir. Efnt verði til námskeiða fyrir starfsfólk slíkra stofnana í þessu skyni.
- *Starfsfólk í heilbrigðisþjónustu:* Reynsla erlendis bendir til að fórnarlömb mansals leiti til heilbrigðisstétta með mörg líkamleg og andleg einkenni sem svipa til einkenna áfalla-röskunar og langvarandi kynferðisofbeldis. Heilbrigðisstéttir þurfa að vera vakandi fyrir slíkum einkennum, einkum þegar í hlut eiga einstaklingar af erlendum uppruna og/eða þeir sem starfa í kynlífsþjónustu. Gátlista, greiningarviðmiðanir og aðrar leiðbeiningar sem fyrir hendi eru þarf að þýða og staðfæra og þjálfa heilbrigðisstarfsfólk í að beita. Fræðsla um mansal verði hluti grunnnáms og endurmenntunar heilbrigðisstétta.
- *Starfsfólk félagsþjónustu og barnaverndar og stuðnings- og meðferðaraðilar:* Til þess markmiðum um að veita fórnarlömbum stuðning og endurhæfingu verði náð er nauðsyn-legt að allir þeir sem að slíku starfi koma, þ.e. starfsmenn félagsþjónustu og barnaverndar, meðferðaraðilar og ráðgjafar innan hjálparsamtaka kvenna, hljóti fræðslu og þjálfun í að vinna með fórnarlömbum mansals. Einkum er brýnt að auka þekkingu á réttindum barna sem óska hælis, en vegalaus börn hér á landi sem koma erlendis frá kunna að vera fórnarlömb mansals. Þau þurfa langtímastuðning og sérhæfð úrræði og þarf að styrkja þá aðila sem að því starfi koma. Fræðsla um mansal verði hluti af félagsráðgjafarnámi, sem og af endur- og símenntun þeirra.
- *Starfsfólk ráðuneyta:* Starfsfólk utanríkisþjónustunnar og viðeigandi ráðuneyta sem mansalsmál heyra undir, svo sem félags- og tryggingamálaráðuneytis, heilbrigðisráðu-neytis og dómsmálaráðuneytis, fái fræðslu um mansal.

Ábyrgð: Viðkomandi fagráðuneyti, sérfræði- og samhæfingarteymi.

4. Vernd fórnarlamba og aðstoð.

Markmið: *Þolendum mansals verði veitt nauðsynleg heilbrigðisþjónusta, viðeigandi stuðningur og vernd sem og aðstoð til að tryggja örugga endurkomu til heimalands.*

Aðgerð 5: Hlutverk frjálsra félagasamtaka við að veita fórnarlömbum mansals aðstoð verði viðurkennt og styrkt.

Viðurkennt er að sjálfshjálparsamtök kvenna og þolenda hvers kyns ofbeldis reynast afar vel við að koma þolendum til aðstoðar, enda er stuðningurinn veittur á forsendum þolend-anna sjálfra án skilyrða. Sama gildir um aðila sem veita innflytjendum aðstoð og ráðgjöf. Slíkir aðilar skulu eiga sæti í bæði sérfræði- og samhæfingarteymi gegn mansali svo og í neyðarteymi sem kemur fórnarlömbum mansals til fyrstu hjálpar. Þetta hlutverk þeirra þarf

að viðurkenna með formlegum samningum og opinberri fjármögnun. Liður í aðstoð við fórnarlömb er að tryggja þeim öruggan dvalarstað í dvalarlandi eða athvarf. Góð reynsla er af athvörfum sem frjáls hjálparsamtök kvenna reka með stuðningi stjórnvalda, auk þess sem þau eru oft í tengslum við systursamtök í heimalöndum þolendanna sem geta veitt áframhaldandi athvarf, stuðning og endurhæfingu kjósi þeir að snúa heim.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Aðgerð 6: Fórnarlömbum mansals verði veitt tímabundið dvalarleyfi í skilgreindan umþóttunartíma til að gera upp hug sinn um framtíðardvalarstað og samstarf við lögreglu.

Lögum um útlendinga, nr. 96/2002, verði breytt þannig að stofnað verði til sérstaks flokks dvalarleyfa sem ætluð eru fórnarlömbum mansals. Útlendingi, sem lögregla hefur tilkynnt Útlendingastofnun um að rökstuddur grunur leiki á að sé fórnarlamb mansals, má veita tímabundið dvalarleyfi í skilgreindan umþóttunartíma til að vega og meta hvort hann starfi með stjórnvöldum við að koma lögum yfir gerendurna. Lengd umþóttunartíma skal vera sambærileg við það sem gerist meðal nágrannaríkjanna.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Aðgerð 7: Fórnarlömbum mansals verði á umþóttunartíma tryggt öruggt skjól og fjárhagsleg og félagsleg aðstoð.

Fórnarlömbum verði á umþóttunartíma veitt félagsleg aðstoð í dvalarsveitarfélagi þrátt fyrir að þau eigi ekki lögheimili á Íslandi. Félags- og tryggingamálaráðuneyti endurgreiði sveitarfélagi kostnað vegna aðstoðarinnar í samræmi við a-lið 2. mgr. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, enda hafi til þess bærir aðilar lagt mat á grundvelli viðurkenndra gátlista á hvort viðkomandi sé fórnarlamb mansals eða rökstuddur grunur sé fyrir hendi. Þörf fyrir þjónustu og aðstoð yrði metin af félagsráðgjöfum sveitarfélags í samvinnu við sérfræði- og samhæfingarteymi um mansal og eftir atvikum öðrum fagaðilum svo fljótt sem verða má. Settar verði sérstakar reglur um aðstoð og ráðgjöf sveitarfélags við fórnarlömb mansals, sbr. heimild í 1. mgr. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.[5]

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Aðgerð 8: Fórnarlömbum mansals verði á umþóttunartíma tryggð nauðsynleg heilbrigðisþjónusta og sálgæsla.

Fórnarlömbum mansals verði á umþóttunartíma veitt nauðsynleg heilsugæsla og sálgæsla á vegum heilsugæslustöðvar og/eða hjá öðrum viðeigandi sérfræðingum. Meta skal andlega og líkamlega heilsu fórnarlambs í samvinnu við viðkomandi heilsugæslu og nauðsynleg þjónusta veitt í samræmi við þörf og aðstæður allar.

Heilbrigðisþjónustan mun aðstoða fólk eftir þörfum þess. Varðandi fórnarlömb mansals sem eru ríkisborgarar í ríkjum utan Evrópska efnahagsvæðisins og hafa verið í landinu skemur en sex mánuði, mun sérfræði- og samhæfingarteymi tryggja fórnarlömbum mansals neyðarþjónustu skv. 1. gr. reglugerðar um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkra-

---

[5] **15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, hljóðar svo:**
Erlendum ríkisborgurum sem ekki eiga lögheimili í landinu skal í sérstökum tilvikum veitt fjárhagsaðstoð hér á landi. Aðstoð skal veitt af dvalarsveitarfélagi að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið, enda hafi áður verið leitað eftir aðstoð frá heimalandi. Félagsmálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um aðstoð samkvæmt ákvæði þessu. Ríkissjóður skal endurgreiða sveitarfélagi veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í eftirfarandi tilvikum:

a. Aðstoð við erlenda ríkisborgara sem ekki eiga lögheimili í landinu, sbr. 1. mgr.
b. Aðstoð við erlenda ríkisborgara skv. 12.–13. gr. laganna sem átt hafa lögheimili í landinu skemur en tvö ár.

tryggðir samkvæmt lögum um sjúkratryggingar og greiðslur þeirra fyrir heilbrigðisþjónustu, nr. 1206/2008. Til að unnt sé að tryggja fórnarlömbum mansals þessa neyðarþjónustu verði 15. gr. reglugerðar nr. 1206/2008 breytt.

Ábyrgð: Heilbrigðisráðuneyti.

Aðgerð 9: Þolendum mansals verði tryggð örugg endurkoma til heimalands ásamt endurhæfingu á heimaslóðum.

Tryggja skal að mögulegu fórnarlambi mansals sé aldrei snúið til baka til heimalands nema öryggi þess í heimalandinu sé tryggt. Það yrði á ábyrgð sérfræði- og samhæfingarteymis um mansal, sbr. aðgerð 2, í samvinnu við félagsþjónustu þess sveitarfélags sem viðkomandi fórnarlamb dvelur í að tryggja örugga endurkomu fórnarlamba mansals til heimalands óski þau þess ásamt viðeigandi stuðning. Lögð skal áhersla á að virkja samstarf og úrræði á vegum Alþjóðlegu fólksflutningastofnunarinnar (International Organization of Migration, IOM), Rauða kross Íslands, félagsmálayfirvalda í viðkomandi ríkjum og systursamtaka hjálparsamtaka þolenda ofbeldis.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Aðgerð 10: Aðferðir og verkferlar til að greina og styðja ætluð fórnarlömb mansals undir 18 ára aldri verði bættar.

Aðstæður ætlaðra fórnarlamba mansals sem eru á barnsaldri eru mismunandi. Um getur verið að ræða börn sem sækja um hæli, börn sem eru án umönnunaraðila og/eða heimilis, þar með talin börn sem finnast á landamærum án forsjáraðila, og börn sem dvelja hér á landi án dvalarleyfis, til dæmis börn sem eru „búsett“ hér á landi og búa hjá ættingjum. Reglur Útlendingastofnunar, sem nú er unnið að um meðferð mála umsækjenda undir 18 ára aldri, taki til eftirfarandi atriða:

- Yfirumsjón með máli er í höndum dómsmálaráðuneytis en skal jafnframt unnið í samræmi við barnaverndarlög, nr. 80/2002. Lögregla og Útlendingastofnun tilkynni ævinlega hlutaðeigandi barnaverndarnefnd án tafar um málið og skal fulltrúa hennar gefinn kostur á að vera viðstaddur viðtöl þau sem fram fara við barnið. Enn fremur skal upplýsa Barnaverndarstofu um mál barns svo og sérfræði- og samræmingarteymi um mansal, sbr. aðgerð 2. Á sama hátt ber barnaverndarnefnd að tilkynna Útlendingastofnun og lögreglu ef mál kemur fyrst upp hjá nefndinni. Þegar mál koma upp í Flugstöð Leifs Eiríkssonar skal barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar tilkynnt um málið. Barni verði komið í öruggar hendur meðan á rannsókn stendur. Eldri börn (16–17 ára) fari á Fit, sbr. samning Útlendingastofnunar og Reykjanesbæjar um umönnun Reykjanesbæjar, dags. 9. mars 2005, en yngri börn og þau börn sem finnast utan svæðis Reykjanesbæjar fari í tímabundið fóstur á einkaheimili eða á stofnun í samræmi við barnaverndarlög.
- Rannsókn og greining á barni og aðstæðum þess fari fram í samræmi við barnaverndarlög og tryggt verði að barnaverndarnefnd eigi aðgang að nauðsynlegri sérþekkingu. Í ljósi hagsmuna barns skal Barnahús notað eftir atvikum við skýrslutökur og rannsókn máls þar sem grunur er um mansal. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélagi útlagðan kostnað sem af máli hlýst, sbr. 5. mgr. 15 gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002.
- Ef barni er veitt hæli eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum skal gengið frá varanlegu fóstri í samræmi við barnaverndarlög. Kannað verði hvort gera þurfi breytingar á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, í því skyni að tryggja fósturúrræði fyrir vegalaus börn á Íslandi.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti, félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Aðgerð 11: Örugg heimferð ætlaðra fórnarlamba mansals undir 18 ára aldri verði tryggð.

Meginverkefni stjórnvalda er að finna foreldra eða forráðamenn barns í heimalandi og tryggja örugga heimferð þess. Áður en ákvörðun er tekin um að barn fari til heimalands er nauðsynlegt að aðstæður þess í heimalandi séu kannaðar. Samstarf barnaverndaryfirvalda og útlendingayfirvalda á Íslandi og í heimalandi er forsenda öruggrar heimferðar og móttöku í heimalandi, en það er á ábyrgð barnaverndaryfirvalda í heimalandi að ganga úr skugga um að forráðamenn geti veitt barni viðunandi vernd og umönnun. Barnaverndarstofa, í samvinnu við hlutaðeigandi barnaverndarnefnd, skal sjá um samskipti við barnaverndaryfirvöld í heimalandi barns. Ef um er að ræða refsivert athæfi eða grun um það koma lögregluyfirvöld í báðum löndum að málinu.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti, félags- og tryggingamálaráðuneyti.

5. Viðbúnaður lögreglu og rannsókn ætlaðra mansalsmála.

Markmið: *Gerendur í mansalsmálum verði sóttir til saka.*

Aðgerð 12: Verklagsreglur fyrir lögreglu.

Lögregla setji sér verklagsreglur um það þegar hún nálgast ætluð fórnarlömb mansals, sem meðal annars tryggi að ætluð fórnarlömb séu upplýst um þau úrræði sem tiltæk eru þeim til aðstoðar. Leitast skal við eftir fremsta megni að fulltrúar hjálparsamtaka sem aðild eiga að sérfræði- og samhæfingarteymi, sbr. aðgerð 2, séu kallaðir til aðstoðar svo fljótt sem verða má. Efla þarf samvinnu lögreglu og þeirra einkaaðila sem sérhæfa sig í að nálgast og aðstoða fórnarlömb kynferðisbrota og mansals. Slíkt samstarf er mikilvægt, meðal annars til að auka líkurnar á því að fórnarlömbin séu reiðubúin til að aðstoða yfirvöld við að upplýsa ætluð mansalsmál og til að styðja fórnarlömbin með öllum tiltækum ráðum.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Aðgerð 13: Heimildir lögreglu til forvirkra rannsókna verði metin og áhersla lögð á að nýta til fulls rannsóknarheimildir sakamálaréttarfars.

Í tengslum við rannsókn og kortlagningu mansalsmála hér á landi og tengsl við erlenda og skipulagða brotastarfsemi verði þörf lögreglu fyrir heimildir til forvirkra rannsókna metin. Með slíkum heimildum væri unnt að kortleggja betur af hálfu lögreglu umfang starfseminnar og umsvif einstakra aðila og skapa um leið betri grundvöll undir að sækja þá aðila til saka sem skipuleggja og eru á bak við skipulagða glæpastarfsemi á borð við mansal. Þá er lögð áhersla á að lögregla nýti til fulls rannsóknarheimildir sem þegar eru fyrir hendi og er beitt meðal annars við rannsókn fíkniefnabrota.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Aðgerð 14: Rannsókn mansalsmála og vettvangseftirlit í tengslum við mansal og skipulagt vændi verði í höndum sérhæfðra lögregluteyma.

Auka skal sérhæfingu og þjálfun innan lögreglunnar vegna eftirlits og rannsókna á málum sem tengjast vændi og mansali. Sérhæfðum hópi rannsóknarlögreglumanna sem sinni vettvangseftirliti í tengslum við mansal og skipulagt vændi verði komið á fót í þeim tilgangi að draga úr vændisstarfsemi og safna upplýsingum inn í rannsóknir stærri brotamála. Fyrirmynd að slíku starfi verði sótt til eftirlitshóps fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Jafnframt starfi sérþjálfaðir rannsóknarlögreglumenn innan kynferðisbrotadeildar lögreglunnar sem sinni rannsóknum einstakra mansalsmála. Samvinna þarna á milli verði tryggð.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Aðgerð 15: Fórnarlömbum í mansalsmálum verði skipaður réttargæslumaður og veitt vitnavernd og nafnleynd.

Til þess hníga bæði rannsóknarhagsmunir lögreglu sem og þeir hagsmunir sem felast í að veita fórnarlömbum mansals vernd og aðstoð að þeim sé einnig tryggð aðstoð í réttarvörslukerfinu við meðferð mansalsmála. Slík aðstoð er mikilvæg til að auka líkurnar á því að fórnarlömbin séu tilbúin til að aðstoða yfirvöld við að upplýsa ætluð mansalsmál. Í því sambandi verði þeim sem bera vitni gegn gerendum og öðrum sem sætt geta ógnunum gerenda einnig veitt vernd.

Með lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, hefur verið gerð sú breyting að lögreglu er skylt sem endranær eftir ósk brotaþola að tilnefna honum réttargæslumann, meðal annars þegar um mansalsbrot er að ræða og ætla megi að brotaþoli hafi orðið fyrir verulegu tjóni á líkama eða andlegu heilbrigði af völdum brotsins.

Undanfarin ár hefur Ísland tekið þátt í vitnaverndarsamstarfi Norðurlandanna sem sett var á laggirnar árið 2001. Samkvæmt því eiga Norðurlöndin þess kost að senda vitni til og taka við vitnum frá öðrum Norðurlöndum þegar um er að ræða alvarlegustu brotin á borð við hryðjuverk og skipulagða glæpastarfsemi, þar á meðal mansal. Í slíkri vernd felst meðal annars að vitni er komið fyrir á nýjum stað, viðkomandi fær ný persónuauðkenni (nafn, kennitölu o.s.frv.) og upplýsingum um viðkomandi og dvalarstað hans er að öðru leyti haldið leyndum.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

6. Aðgerðir gegn eftirspurn á vændis- og klámmarkaði.

Markmið: *Komið verði í veg fyrir mansal með því að vinna gegn eftirspurn á vændis- og klámmarkaði.*

Aðgerð nr. 16: Lagt verði fram frumvarp sem miði að því að gera kaup á vændi refsiverð.

Mikilvægt er að löggjafinn sendi þau skýru skilaboð út til samfélagsins að vændi og hvers kyns kynlífsþjónusta falli undir skilgreiningu okkar á kynferðislegu ofbeldi og setji kaupendur vændis þar með á bekk með öðrum gerendum kynferðisofbeldis.[6] Með því væri einnig gengið út frá því grundvallargildi að mannslíkaminn eigi ekki að vera söluvara þar sem kaupandinn í krafti fjár og aðstöðumunar getur keypt kynlífsþjónustu og að ábyrgðin á viðskiptunum liggi hjá þeim sem halda uppi eftirspurninni. Með þessu yrði fetað í fótspor nágrannaþjóða sem þegar hafa gert kaup á vændi refsiverð. Leiða má líkur að því að bann við kaupum á vændi geti auðveldað lögreglu að hafa upp á þeim sem skipuleggja og hafa milligöngu um vændi, enda væri unnt að búa svo um hnúta að það yrði kaupendum til refsilækkunar upplýsi þeir um skipuleggjendur vændisins.

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti.

---

[6] European Women´s Lobby hefur skilgreint kynlífsþjónustu sem ofbeldi gegn konum. Sjá O´Connor og Healy. The Links between Prostitution and Sex Trafficking. A Briefing Handbook. Unnið fyrir Coalition Against Trafficking in Women (Samstarfsverkefni sænskra og bandarískra stjórnvalda) og European Women´s Lobby, 2006.

Aðgerð 17: Lagt verði fram frumvarp til breytinga á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, sem felli brott undanþáguheimild 4. gr. laganna.

Megintilgangur 4. mgr. 4. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, er að banna hvers kyns nektarsýningar á skemmtistöðum og að koma í veg fyrir að þeir staðir geri út á nekt starfsmanna. Ætla má að vilji löggjafans hafi óhikað staðið til þess en ekki til að undanþáguheimild ákvæðisins yrði í reynd meginregla. Sveitarstjórnir tveggja stærstu sveitarfélaga landsins hafa hvatt löggjafarvaldið til að taka af öll tvímæli í lögum að þessu leyti.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Aðgerð 18: Fræðsluherferð sem beinist að kaupendum vændis, kláms og hvers konar kynlífsþjónustu annarri verði hrundið af stokkunum.

Kaupendur kynlífsþjónustu skáka gjarnan í því skjólinu að vændiskonur, klámmyndaleikarar, nektardansmeyjar og jafnvel börn sem lokkuð hafa verið til framleiðslu á barnaklámi stundi iðju sína af fúsum og frjálsum vilja og því séu kaup þeirra réttlætanleg. Framleiðsla og neysla á barnaklámi er undir öllum kringumstæðum glæpsamleg, en líkur benda til þess að hluti fullorðinna á þessum markaði sé fórnarlömb mansals í einhverri mynd. Mikilvægt er að upplýsa kaupendur um tengsl milli mansals, kláms og kynlífsþjónustu. Sérstaklega er brýnt að uppfræða unga karlmenn áður en þeir gerast kaupendur á þessum markaði. Sambærilegum fræðsluherferðum hefur verið hleypt af stokkunum í nágrannalöndum okkar, meðal annars með þeim árangri að karlmenn hafa í vaxandi mæli gengið fram fyrir skjöldu og lýst opinberlega yfir andúð sinni á kynlífsmarkaðnum.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Aðgerð 19: Baráttan gegn útbreiðslu barnakláms verði efld.

Mikilvægt er að lögreglan efli áfram aðgerðir sínar gegn útbreiðslu barnakláms. Nýjustu tækniaðferðir sem gætu gagnast í þessari baráttu verði kannaðar svo unnt verði að koma í veg fyrir brotin og böndum komið yfir þá sem fremja þau. Lögreglan á Íslandi taki virkan þátt í samstarfi lögreglu á Norðurlöndum í þessum málaflokki í samræmi við sameiginlegar tillögur ríkislögreglustjóra Norðurlandanna sem dómsmálaráðherrar landanna hafa samþykkt. Hið norræna samstarf ríkislögreglustjóra mun miða að því að koma á sameiginlegum gagnabanka, starfa saman að tækniþróun, koma upp ábendingafarvegi í hverju landi og loks taka þátt í alþjóðlegu lögreglusamstarfi og rannsóknum á brotum sem framin eru utan Norðurlanda. Þá taki embætti ríkislögreglustjóra yfir ábendingalínu samtakanna Barnaheill og efli samstarfið við samtökin í þessum málaflokki.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

Markmið: *Eftirlit með vændisstarfsemi verði aukið og lögum komið yfir þá sem stuðla að, skipuleggja eða hafa ábata af henni.*

Aðgerð 20: Eftirlit og rannsókn á skipuleggjendum, auglýsendum og öðrum sem hafa beinan eða óbeinan ábata af vændi annarra verði aukið með það að markmiði að þeir verði sóttir til saka.

Mansal getur ekki þrifist nema til sé markaður fyrir vændi, klám og hvers konar kynlífsþjónustu, þar á meðal barnaklám. Vestrænn markaður fyrir fórnarlömb mansals er að verulegu leyti kynlífsmarkaðurinn í öllum sínum myndum og kaupendur á slíkum markaði finnast hér á landi. Eitt helsta markmið manseljenda, hvort sem það eru alþjóðlegir glæpahringir eða

einstakir manseljendur innan ríkja, er að svara eftirspurn á þessum markaði. Líkur benda til að hér á landi gerist það einkum með þeim hætti að ferðir vændiskvenna hingað til lands eru skipulagðar og að ágóðinn af starfsemi þeirra lendi í höndum skipuleggjendanna. Baráttan gegn mansali hér á landi verður því ekki aðgreind frá baráttunni gegn kynlífsmarkaðnum, þar á meðal vændi. Sú staðreynd að kaup á vændi voru ekki gerð refsiverð með breytingum sem gerðar voru á almennum hegningarlögum árið 2007 má ekki yfirskyggja þá staðreynd að það er refsivert að stuðla að vændi annarra, auglýsa það og hafa af því hvers kyns ágóða, svo sem í formi húsaleigu og greiðslu fyrir auglýsingar, þar á meðal á Netinu. Þessi brot þarf að rannsaka og sækja til saka.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti.

7. Alþjóðlegt samstarf.

Markmið: *Íslensk stjórnvöld vinni markvisst að því á alþjóðavettvangi að koma í veg fyrir að fórnarlömb ánetjist manseljendum.*

Aðgerð 21: Íslensk stjórnvöld taki virkan þátt í alþjóðasamstarfi og stefnumótun sem miðar að því að koma í veg fyrir að fórnarlömb ánetjist manseljendum.

Íslensk stjórnvöld hafa til margra ára tekið virkan þátt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) og Evrópuráðsins í aðgerðum gegn mansali, meðal annars með þátttöku í ályktanagerð. Stjórnvöld munu halda áfram baráttunni gegn mansali á alþjóðavettvangi. Á formennskuári Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2009 eru aðgerðir gegn mansali eitt af helstu áherslumálunum undir hatti samstarfs grannríkja og viðbragða við hnattvæðingu. Þá mun Ísland áfram taka þátt í starfi Eystrasaltsráðsins (Council of Baltic Sea States, CBSS) gegn mansali.

Að vinna gegn því að fórnarlömb ánetjist manseljendum krefst alþjóðlegrar samvinnu og starfs innan þeirra ríkja sem eru heimalönd fórnarlamba mansals. Stjórnvöld hafa í gegnum norrænt samstarf veitt fé til forvarnastarfs meðal áhættuhópa í Eystrasaltsríkjum og í Norðvestur-Rússlandi og fjármagnað verkefni í löndunum á Balkanskaganum gegnum ÖSE. Þessu starfi verði fram haldið.

Ábyrgð: Utanríkisráðuneyti, félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Aðgerð 22: Stjórnvöld tryggi að kaup fulltrúa íslenskra stjórnvalda á hvers konar kynlífsþjónustu verði ekki liðin.

Forsætisráðuneyti hafi forgöngu um setningu siðareglna fyrir Stjórnarráðið og stofnanir ráðuneyta þar sem meðal annars verði kveðið á um að kaup fulltrúa íslenskra stjórnvalda á hvers kyns kynlífsþjónustu verði ekki liðin. Við þá vinnu verði meðal annars litið til tilmæla Norðurlandaráðs um setningu siðareglna, nr. 9/2003, sjá einnig 14. og 21. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, þar sem segir meðal annars að starfsmaður ríkisins skuli „forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á það starf eða starfsgrein er hann vinnur við“.

Ábyrgð: Forsætisráðuneyti.

8. Virk leit og neyðarnúmer.

Markmið: *Kynnt verði neyðarnúmer vegna gruns um mansal.*

Aðgerð 23: Kynning fari fram á neyðarnúmerinu 112 vegna gruns um mansal.

Gerð verði áætlun í samvinnu við Neyðarlínuna um móttöku símtala í neyðarnúmerið 112 vegna gruns um mansal og starfsmönnum hennar veitt þjálfun í að taka við slíkum símtölum og koma þeim í réttan farveg. Jafnframt verði neyðarnúmerið kynnt í fræðslubæklingi um mansal og einkenni þess ætluðum bæði almenningi og ætluðum fórnarlömbum mansals sem gefinn verði út á nokkrum tungumálum og liggi frammi á viðeigandi stöðum, svo sem við landamærastöðvar.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneyti, félags- og tryggingamálaráðuneytið.

9. Skráning upplýsinga og þekkingaröflun.

Markmið: *Öll mál þar sem grunur um mansal er fyrir hendi eða er staðfestur verði skráð með samræmdum hætti.*

Aðgerð 24: Sérfræði- og samhæfingarteymi um mansal komi upp skráningarkerfi um mansalsmál á Íslandi.

Sett verði á laggirnar samræmt skráningarkerfi á málum þar sem grunur er um mansal og mál sem koma til meðferðar vegna aðstoðar við fórnarlömb mansals eða í réttarvörslukerfinu. Slík skráning er nauðsynleg til að fylgst verði með stöðu og þróun þessara mála hér á landi og unnt verði að sinna skýrslugjöf til innlendra yfirvalda og alþjóðlegra stofnana.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Markmið: *Þekking á umfangi og eðli mansals á Íslandi verði efld.*

Aðgerð 25: Rannsóknir á umfangi og einkennum mansals á Íslandi.

Efnt verði til rannsókna á eðli og umfangi mansals á Íslandi, hvort sem er í formi kynlífsþjónustu, neyslu á klámi eða nauðungarvinnu. Yfirvöld hafa fengið vísbendingar um vændi hér á landi úr nokkrum rannsóknum og skýrslum sem unnar hafa verið hér á landi, en þær eru *Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess (2001), Skýrsla nefndar sem falið var að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis (2002)* og *Skýrsla starfshóps sem kynnti sér mismunandi löggjöf um vændi o.fl. á Norðurlöndum og víðar (2006)*. Í þessum skýrslum eru tengsl milli mansals og kynlífsþjónustu hérlendis talin til staðar en umfangið er óþekkt. Þá er lítið vitað um mansal í formi nauðungarvinnu hér á landi, hvort það er til staðar, í hvaða mæli og hver eru einkenni þess. Viðurkennt er innan fræðasamfélagsins að rannsóknir á mansali eru erfiðleikum háðar því starfsemin fer mjög dult og fórnarlömbin leitast við að starfa í felum. Nauðsynlegt er að fylgja betur eftir þeim vísbendingum og grunsemdum sem vaknað hafa hérlendis með rannsóknum og tryggja fjármagn til þeirra.

Ábyrgð: Félags- og tryggingamálaráðuneyti.

GREINARGERÐ

I. Hvað er mansal?

Mansal er verslun með fólk með ábata að markmiði til að svara eftirspurn eftir konum, körlum og börnum til starfa á kynlífsmarkaði, í nauðungarvinnu, við glæpastarfsemi og hernað og einnig í þeim tilgangi að nema úr því líffæri sem seld eru á ólöglegum markaði. Börn sem seld eru til ólöglegrar ættleiðingar eru einnig talin til fórnarlamba mansals. Gerendur starfa einir eða í litlum hópum eða í stórum, skipulögðum og jafnvel alþjóðlegum glæpahringjum.

Að mati Sameinuðu þjóðanna er mansal sú skipulagða glæpastarfsemi sem nú vex hvað hraðast í heiminum. Hundruð þúsunda einstaklinga, aðallega konur og stúlkubörn, verða fórnarlömb mansals á hverju ári. Mansal er glæpsamlegt athæfi og gróft brot á mannréttindum þeirra einstaklinga sem fyrir því verða og tengist annarri skipulagðri alþjóðlegri glæpastarfsemi, svo sem ólöglegri verslun með vopn og eiturlyf, peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Hér er yfirleitt um vel skipulagða glæpastarfsemi að ræða og margt bendir til þess að starfsemi glæpamanna á þessum sviðum verði sífellt þróaðri, tæknivæddari og miskunnarlausari, enda er hagnaðarvonin mikil. Mansal er glæpastarfsemi sem virðir ekki landamæri. Ekkert ríki getur eitt og sér spornað gegn þessari vá og krefst baráttan gegn mansali fjölþættrar og skilvirkrar alþjóðasamvinnu ef hún á að ná tilætluðum árangri.

Alþjóðasamfélagið hefur skorið upp herör gegn mansali. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins, Evrópusambandsins, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) og Norðurlandaráðs hafa verið gerðir alþjóðlegir og svæðisbundnir samningar um að berjast gegn mansali með öllum tiltækum ráðum.

Íslensk stjórnvöld hafa til margra ára beitt sér í þágu hinnar alþjóðlegu baráttu gegn mansali,[7] sérstaklega á vettvangi Sameinuðu þjóðanna (3. nefndar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna og mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna), ÖSE, Evrópuráðsins og Norrænu ráðherranefndarinnar, meðal annars með ræðuflutningi og þátttöku í gerð ályktana á vettvangi þessara stofnana um aðgerðir gegn mansali.

Stjórnvöld á Íslandi taka fullan þátt í þessari baráttu alþjóðasamfélagsins en hafa ákveðið að gera enn betur og samþykkja aðgerðaáætlun gegn mansali á Íslandi byggða á alþjóðlegum skuldbindingum Íslands.

Íslenska orðið *man* þýddi til forna þræll, en var einkum notað um ambáttir þótt það þekktist einnig í merkingunni kona, sbr. Hið ljósa man Laxness. Í dag er hugtakið *mansal* (e. *human trafficking, trafficking in human beings, trafficking in persons*) notað um verslun með fólk af báðum kynjum. Því er hugtakið nútímaþrælasala nærtækt, en þessir þrælar nútímans starfa ekki í sýnilegum hlekkjum við að tína bómull eins og forðum. Frelsissviptingin og nauðungin getur farið mjög leynt. Vegna ógnana og skorts á upplýsingum um möguleg úrræði gera fórnarlömbin sjálf sér far um að leynast.

Umfang og ábati

Mansal teygir anga sína um veröld alla. Umfangið er ekki ljóst og ekki alltaf samhljómur milli þeirra sem reyna að meta það. Því eru tölur um fórnarlömb mansals nokkuð á reiki en Sameinuðu þjóðirnar áætla að mörg undanfarin ár hafi um 2,5 milljónir manna á hverjum tíma verið fórnarlömb mansals. Að mati Sameinuðu þjóðanna eru flest fórnarlambanna innan Asíu og á Kyrrahafseyjum eða um 1,4 milljónir. Nokkur hundruð þúsund fórnarlömb eru talin vera í hverri heimsálfu til viðbótar – á Vesturlöndunum um 270 þúsund. Ábatinn af mansali er í heild áætlaður um 32 milljarðar bandaríkjadala á ári hverju sem þýðir að hagnaður af mansali er talinn koma næst hagnaði af ólöglegri vopnasölu og fíkniefnasölu. Þótt rétt ríflega 10% fórnarlamba mansals á heimsvísu séu talin vera á Vesturlöndunum þá kemur um helmingur ábatans þaðan.[8]

Birtingarmyndir mansals í hinum ýmsu heimshlutum eru margvíslegar. Samkvæmt Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO) er algengast að fórnarlömbin starfi á kynlífsmarkaði eða

---

[7] Sjá skjalið „Mannréttindi í íslenskri utanríkisstefnu“, utanríkisráðuneytið 2007.

[8] Tölur frá Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO). Sjá UN.GIFT. Human Trafficking: An overview. United Nations. New York, 2008, bls. 6–7.

um 43% og um 32% í nauðungarvinnu í verksmiðjum, landbúnaði og á heimilum. Önnur 25% fórnarlamba eru neydd til hernaðar, til að stunda glæpastarfsemi, sæta brottnámi líffæra eða eru seld til ólöglegrar ættleiðingar. Bandarísk stjórnvöld telja að 55% fórnarlamba starfi á kynlífsmarkaði, Alþjóðlega fólksflutningastofnunin (IOM)[9] telur hlutfallið 81% en Fíkniefna- og afbrotamálaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna (UNODC)[10] telur það 87%.[11] Samkvæmt flestum matsaðilum eru um 80% fórnarlamba kvenkyns og allt að helmingur börn undir 18 ára aldri.[12] Á Vesturlöndum er höfuðtilgangur mansals að sinna eftirspurn eftir vændi og annarri kynlífsþjónustu, klámi og barnaklámi sérstaklega.

Hvernig fer mansal fram?

Mansal gerist með margvíslegum hætti, allt eftir því hver tilgangur þess er. Ein alvarlegasta birtingarmynd þess felst í að gerendur sem oft starfa þvert á landamæri stunda mannrán á fórnarlömbum eða lokka þau í net sín með gylliboðum um ábatasöm störf í stórborgum innan lands eða utan og festa þau síðan í ánauð með hótunum, blekkingum og valdbeitingu í ýmsum myndum, bæði gagnvart þeim sjálfum og fjölskyldum þeirra. Sé kynlífsþjónusta markmiðið er algengt að fyrsta skrefið felist í að ættingjar, kærastar eða jafnvel starfsmannaskrifstofur afhendi fórnarlömbin til milliliða sem síðan selja þau áfram til vændishúsa sem rekin eru af skipulögðum glæpahringjum. Rannsóknir benda til að sum fórnarlömb viti að þeirra bíði vændi og að jafnvel geti legið fyrir einhvers konar samþykki fórnarlambs. Með eftirfarandi skuldaánauð og ógnunum eru sum þeirra njörvuð í ánauðarsamband sem þau losna ekki úr. Þegar mansal á sér stað innan ríkis, til dæmis með flutningum frá landsbyggð í vændishús stórborga, getur verið erfitt að greina milli fórnarlamba mansals og vændis.

Mansal með nauðungarvinnu að markmiði getur gerst þannig að fórnarlömb fái fyrirheit um löglegt starf innan lands eða utan, en að lög, kjarasamningar, reglur um vinnutíma eða aðrar reglur sem gilda um löglega atvinnu séu þverbrotnar. Um leið er viðkomandi fórnarlamb einatt krafið um flutningskostnað eða óhóflegan annan kostnað, svo sem vegna húsnæðis, sem stendur í engu samhengi við tekjur viðkomandi. Í slíkum tilvikum getur upphaflega legið fyrir samþykki viðkomandi fórnarlambs, en það breytir þó ekki því að um mansal samkvæmt skilgreiningum alþjóðasáttmála sé að ræða. Á heimsvísu er algengt að finna fórnarlömb mansals í nauðungarvinnu inni á heimilum, þar sem vinnutími er óhóflegur, réttindi og tryggingar engar, laun lítil sem engin og ofbeldi einatt beitt.

Manseljendur leita einkum fanga meðal barna og ungra kvenna sem eru í veikri efnahagslegri og félagslegri stöðu, frá brotnum heimilum eða illa stöddum fjölskyldum. Samkvæmt IOM þekkja 46% fórnarlamba þann sem fyrst ánetjar þau í mansalshringi meðan 54% eru ánetjuð af einstaklingum sem eru þeim ókunnugir. Bæði konur og karlar eru meðal gerenda sem mynda fyrsta hlekk mansalskeðjunnar, karlmenn þó sýnu fleiri.[13] Keðja seljenda og kaupenda hvers fórnarlambs getur verið löng, þau eru iðulega seld aftur og aftur á meðan eitthvað er á þeim að græða. Algengt er að við hverja sölu krefji kaupandinn fórnarlambið um endurgreiðslu kaupverðs og flutningskostnaðar þannig að fórnarlambið festist í neti skuldar sem stofnast og magnast æ ofan í æ með þeim afleiðingum að sjaldnast nýtur fórnarlambið nokkurs ábata sjálft.

---

[9] International Organisation for Migration. Counter-Trafficking Database, 78 countries, 1999–2006.
[10] United Nations Office on Drugs and Crime (UNODC).
[11] ILO Minimum Estimate of Forced Labour in the World (ILO, apríl 2005).
[12] *UN.GIFT. Human Trafficking: An overview. United Nations. New York, 2008, bls. 16.*
[13] International Organisation for Migration. Counter-Trafficking Database, 78 countries, 1999–2006.

Alþjóðleg glæpastarfsemi

Mansal getur átt sér stað innan ríkis eða með sölu og flutningi á fórnarlömbum milli landa. Sama ríkið getur í senn verið upprunaland, viðkomuland eða áfangastaður fórnarlamba. Samkvæmt skýrslu UNODC eru svæði innan Samveldis sjálfstæðra ríkja (SSR – CIS, Commonwealth of Independent States), Mið- og Suðaustur-Evrópa, Vestur-Afríka og Suðaustur-Asía algengust sem upprunalönd fórnarlamba. Algengustu áfangalöndin eru ríki Vestur-Evrópu, Norður-Ameríku og Vestur-Asíu. Viðkomulönd innan Evrópu eru einkum Mið- og Suðaustur-Evrópa og Vestur-Evrópulönd. Utan Evrópu eru Suðaustur-Asía, Mið-Ameríka og Vestur-Afríka einnig algengir viðkomustaðir fórnarlamba.[14]

Flutningur yfir landamæri getur ýmist verið sýnilegur eða falinn, löglegur eða ólöglegur. Fórnarlömbin eru til dæmis ferjuð af bræðrum, kærustum eða einstaklingum sem þykjast vera fulltrúar atvinnumiðlunarskrifstofa. Í ýmsum heimshlutum er þekkt að spilltir embættismenn, þar á meðal lögregla og landamæraverðir, haldi hlífiskildi yfir gerendum gegn mútum eða öðrum ábata. Oftast koma margar tegundir afbrota við sögu, svo sem að brotið sé gegn útlendingalögum, ferðast með fölsuð ferðaskilríki meðan réttum vegabréfum er haldið eftir af gerendum og margvíslegum þvingunum og frelsissviptingu beitt. Algengt er að fórnarlömbin komist sjálf í kast við lögin, til dæmis vegna ólöglegra ferðaskilríkja og hljóti jafnvel brottvísun eða dóma án þess að staða þeirra sem fórnarlambs komi í ljós.

Mansal sem á sér stað með flutningi fórnarlamba milli landa þar sem seljandi og kaupandi eru hvor í sínu landi krefst skipulagningar og samstarfsnets gerenda þvert á landamæri. Þess vegna er mansal flokkað með alþjóðlegri glæpastarfsemi og því kallar rannsókn og saksókn slíkra mála á alþjóðlega lögreglusamvinnu.

II. Mansal á Íslandi.

Stjórnvöld á Íslandi eru sannfærð um að mansal teygir anga sína til Íslands í þeirri mynd að Ísland sé í einhverjum tilvikum viðkomuland manseljenda eða áfangastaður. Engin staðfest tilvik eru þekkt um að Ísland sé upprunaland fórnarlamba mansals í þeirri merkingu að fórnarlömb séu send héðan til annarra landa. Reynsla landamæravarða, lögreglu, ýmissa stofnana og frjálsra félagasamtaka staðfestir þessa trú. Samkvæmt matsskýrslu ríkislögreglustjóra á skipulagðri glæpastarfsemi og hættu á hryðjuverkum frá febrúar 2009 er skipulagðri vændisstarfsemi haldið uppi hér á landi. Í henni upplýsir lögreglan á höfuðborgarsvæðinu að hingað til lands komi vændiskonur erlendis frá. Mikinn hluta tekna sinna sendi stúlkurnar úr landi. Tengist starfsemi þessi oft fíkniefnaheiminum. Efnahagsörðugleikum og vaxandi atvinnuleysi fylgi sú hætta að slík starfsemi eflist hér á landi. Mansal eða verslun með fólk sé þekkt fyrirbæri um allan heim og sé talin vera sú glæpastarfsemi sem er í hvað örustum vexti nú um stundir. Grunur um mansal á Íslandi hefur löngum verið tengdur nektardansstöðum og vændi. Þá kemur þar fram að Ísland virðist einkum vera gegnumstreymisland hvað varðar smygl á fólki.

Þau tilvik sem fyrrnefndir aðilar þekkja til og benda til mansals eru flest tengd kynlífsþjónustu og í örfáum tilfellum nauðungarvinnu meðan engin vitneskja er um mansal í öðrum tilgangi. Umfangið hefur ekki verið staðfest með rannsóknum, en á árinu 2007 skýrðu fulltrúar ýmissa félagasamtaka frá því að á undangengnu ári hafi hvert þeirra komist í kynni við frá þremur upp í 20 möguleg fórnarlömb mansals. Fulltrúar Alþjóðahúss,[15] sem er sá aðili

---

[14] United Nations Office on Drugs and Crime, Trafficking in Persons Report 2007.

[15] Alþjóðahús er málsvari fólks af erlendum uppruna á Íslandi. Þar fer fram margvísleg starfsemi sem á að stuðla að fjölmenningarlegum samskiptum, svo sem upplýsingamiðlun, ráðgjöf og aðstoð.

sem útlendingar leita einkum til, töldu sig á sama ári hafa komist í snertingu við nokkra tugi fórnarlamba þeirrar tegundar mansals sem felst í nauðungarvinnu sem og tilvik þar sem erlendar eiginkonur íslenskra karlmanna voru krafðar um kynlífsþjónustu og nauðungarvinnu.

Árið 2003 var almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, breytt, sbr. lög nr. 40/2003, þannig að við bættist nýtt ákvæði, 227. gr. a, sem hljóðar svo:

Hverjum þeim sem gerist sekur um eftirfarandi verknað í þeim tilgangi að notfæra sér mann kynferðislega eða til nauðungarvinnu eða til að nema á brott líffæri hans skal refsa fyrir mansal með allt að 8 ára fangelsi:

1. *Að útvega, flytja, hýsa eða taka við einhverjum sem beittur er eða hefur verið beittur ólögmætri nauðung skv. 225. gr., eða frelsissviptingu skv. 226. gr., eða hótun skv. 233. gr., eða ólögmætum blekkingum með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér villu viðkomandi um aðstæður eða annarri ótilhlýðilegri aðferð.*
2. *Að útvega, flytja, hýsa eða taka við einstaklingi yngri en 18 ára eða láta af hendi greiðslu eða annan ávinning til að afla samþykkis frá þeim sem hefur umsjón með barni.*

Sömu refsingu skal sá sæta sem tekur við greiðslu eða öðrum ávinningi skv. 2. tölul. 1. mgr.

Einstakir þættir þess margslungna brots sem í heild sinni nefnist mansal hafa lengi verið refsiverðir, svo sem frelsissvipting, ólögmæt nauðung, blekkingar og hótanir, auk þess sem í því getur jafnframt falist brot gegn öðrum lögum, svo sem lögum um útlendinga, nr. 96/2002, og ákvæði hegningarlaga um vændi (206. gr.). Þetta er þó í fyrsta sinn sem lagaákvæði gegn mansali í heild sinni er fellt inn í almenn hegningarlög. Þótt þessi lagabreyting sé til bóta dugir hún þó ekki ein og sér til að íslensk stjórnvöld geti staðist kröfur alþjóðasamfélagsins um hertar aðgerðir gegn mansali og vernd fórnarlamba.[16]

Aldrei hefur verið ákært fyrir brot gegn framangreindu ákvæði. Í Leifsstöð hafa verið afhjúpuð tilvik þar sem einstaklingar eða hópar fólks og fylgdarmenn þeirra hafa millilent á leið til Bandaríkjanna með fölsuð ferðaskilríki. Grunur hefur kviknað um að viðkomandi einstaklingar væru fórnarlömb mansals og þeirra biði nauðungarvinna. Í einu slíku tilviki féllu dómar yfir sex einstaklingum og var þá sakfellt fyrir skjalafals skv. 155. gr. hegningarlaga, enda þótti ekki unnt að reisa það mál á grundvelli mansalsákvæðisins frá 2003.[17] Ekki er þó hægt að líta fram hjá því að í þessu tilviki voru fimm kínverskar stúlkur, sem dómstólar skilgreindu sem fórnarlömb mansals, dæmdar til refsingar þrátt fyrir að vera fórnarlömb glæps. Í öðru tilviki var eigandi nuddstofu talinn hafa haldið starfsmanni við aðstæður sem líkt var við nauðungarvinnu. Starfsmaðurinn vann einkamál[18] þar sem krafist var vangreiddra launa auk þess sem eigandinn hlaut dóm í sakamáli fyrir brot á hegningarlögum með fölsun undirskriftar starfsmannsins á ráðningarsamningi.[19] Þriðja tilvikið er þekkt þar sem grunur lék á að matreiðslumenn og þjónar ynnu við sambærileg skilyrði á veitingahúsi. Rannsókn þess máls féll niður þar sem þeir hurfu úr landi um leið og grunur vaknaði og viðkomandi veitingastaður skipti um hendur strax í kjölfar þess. Þá hóf lögregla rannsókn svokallaðs Bóhem-máls á árinu 2001 í kjölfar kvörtunar nokkurra dansara um að þeir væru þvingaðir til

---

[16] Dómsmálaráðherra lagði fram frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, á 135. löggjafarþingi. Frumvarpið var ekki afgreitt á þinginu og var lagt fram öðru sinni á 136. löggjafarþingi. Í frumvarpinu er að finna ýmsar breytingar á 227. gr. a almennra hegningarlaga. Frumvarpið er nú til umfjöllunar í allsherjarnefnd Alþingis. Sjá einnig aðgerð 1.

[17] Hæstaréttardómar nr. 449/2003, 450/2003, 451/2003, 452/2003, 453/2003 og 454/2003.

[18] Dómur Héraðsdóms Reykjaness frá 5. janúar 2006 í máli nr. E-2498/2004.

[19] Dómur Héraðsdóms Reykjaness frá 11. nóvember 2005 í máli nr. S-1068/2005.

vændis. Ráðningarsamningar þeirra sem urðu opinberir í kjölfarið báru ýmis einkenni sem geta átt við um mansal. Rannsókn þessa máls féll niður þar sem ólíklegt þótti að hægt væri fyrir dómi að færa sönnur á ætluð brot.

Vændi

Á undanförnum árum hafa komið upp vísbendingar um að vændi sé stundað hér á landi, einkum með þeim hætti að vændiskonur komi hingað erlendis frá til dvalar í nokkrar vikur í senn og heimsóknir á hótelherbergi þeirra skipulagðar fyrirfram, í gegnum Netið og með símaskilaboðum. Lögregla hefur í fjölda tilvika haft afskipti af erlendum vændiskonum á hótelum eftir ábendingu frá hótelstarfsmönnum, án þess þó að takist hafi að leiða í ljós hvort milligöngumaður eða -menn hafi hagnast á viðskiptunum, enda hafa viðkomandi vændiskonur horfið af landi brott strax eftir afskipti lögreglu. Þessi tilhögun getur falið í sér að skipulögð glæpasamtök standi á bak við starfsemina og er líklegt að þau fái aðstoð frá innlendum aðilum. Því er ekki unnt að útiloka að fórnarlömb mansals hafi verið send hingað til lands í þeim tilgangi að stunda hér vændi.[20]

Í ljósi nútímaskilgreiningar á mansali getur verið ástæða til að endurskoða niðurstöður fyrri rannsókna á vændi á Íslandi þar sem fram hafa komið vísbendingar um að menn hafi notfært sér fíkn og bága stöðu ungmenna undir 18 ára aldri með því að selja að þeim kynferðislegan aðgang.[21] Sömuleiðis getur verið ástæða til að skoða í ljósi ákvæða hegningarlaga um mansal og vændi tilvik sem þekkt eru um hjónabönd íslenskra karlmanna við konur utan Evrópska efnahagssvæðisins þannig að hin erlenda eiginkona hefur verið krafin um greiðslu í formi vændis, annarrar kynlífsþjónustu eða nauðungarvinnu.

Ísland telst til þess hluta heims þar sem vændi er einna ábatasamast enda kaupgeta mikil og eftirspurn og tengsl við glæpahringi erlendis fyrir hendi. Erfitt er að áætla umfang þess. Almennum hegningarlögum var breytt árið 2007 þannig að ekki er lengur refsivert að stunda vændi sér til framfærslu, sbr. lög nr. 61/2007. Áfram er refsivert að hafa atvinnu eða viðurværi sitt af vændi annarra, ginna, hvetja eða aðstoða barn yngra en 18 ára til vændis, stuðla að því að nokkur maður flytji úr eða til landsins til að stunda vændi sér til viðurværis, ginna, hvetja eða hafa milligöngu um kynferðismök gegn greiðslu og einnig að hafa óbeinar tekjur af vændi annarra, svo sem með útleigu húsnæðis eða öðru. Þá er sömuleiðis refsivert að birta auglýsingar þar sem kynmök eru boðin, þeim miðlað eða óskað eftir þeim gegn greiðslu (sjá nánar 206. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940). Síðast en ekki síst er refsivert að greiða barni yngra en 18 ára endurgjald fyrir samræði eða önnur kynferðismök, sbr. 4. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

Sé vændi erlendra kvenna á íslenskum hótelum skoðað í ljósi 206. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þá eru sterkar líkur til þess að þeir sem stuðla að komu erlendra vændiskvenna til landsins, standa að því að auglýsa þjónustu þeirra, svo sem á netsíðum, eða hafa tekjur af því vitandi vits sem rekstraraðilar hótela og gistihúsa séu a.m.k. brotlegir gegn þessari grein hegningarlaganna.

Allt frá árinu 2000 hafa reglulega komið fram frumvörp á Alþingi í þá átt að kaup á vændi verði gerð refsiverð að fordæmi Svía og nú síðast Norðmanna, en þau hafa ekki náð fram að ganga. Í nefndaráliti allsherjarnefndar vegna breytinga á kynferðisbrotakafla hegningarlag-

---

[20] Sjá meðal annars skýrsluna *Mat ríkislögreglustjóra á skipulagðri glæpastarfsemi og hættu á hryðjuverkjum*. Ríkislögreglustjóri, febrúar 2009.

[21] Sjá skýrslurnar *Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess* Reykjavík: Rannsókn og greining (2001), og *skýrslu nefndar sem falið var að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis*. Reykjavík, dómsmálaráðuneytið.

anna á árinu 2007 er tekið fram að „vændi [sé] ein birtingarmynd kynferðisofbeldis“ en um leið lagst gegn því að gera kaup á vændi refsiverð. Þar segir:

Sú leið hefur þó þá ótvíræðu annmarka að hún færir vændið af götunum niður í undirheimana og að einhverju leyti yfir á veraldarvefinn og gerir það þannig ósýnilegra. Um leið verður erfiðara að ná til þeirra sem hafa milligöngu um það. Slíkt mundi hafa í för með sér aukningu á eftirliti lögreglu með brotum sem engir kærendur væru að. Nefndin bendir á að vændi er félagslegt vandamál og efast verður um að það verði leyst með refsingum. Niðurstaða nefndarinnar varð því sú að leggja þá breytingu að gera kaup á vændi refsinæm ekki til að svo komnu máli. Nefndin hvetur hins vegar til þess að fylgst verði með því af hálfu lögreglu og annarra opinberra aðila hversu umfangsmikið vandamál vændi er hér á landi og þeim sem það stunda vísað á þar til bæra aðila sem geta veitt viðeigandi aðstoð og meðferð.[22]

Krafan um að gera kaup á vændi refsiverð hefur meirihlutastuðning meðal almennings ef marka má símakönnun Capacent Gallup fyrir Ríkisútvarpið dagana 21.–27. mars 2007 um viðhorf almennings til þess hvort gera ætti kaup á vændi refsiverð. Sjötíu prósent svarenda voru þessu hlynnt eða mjög hlynnt meðan aðeins 20% voru andvíg eða mjög andvíg. Meiri hluti bæði karla og kvenna voru banninu fylgjandi. Þau rök sem færð eru því til stuðnings að gera kaup á vændi refsiverð hvíla á því viðhorfi að vændi sé ein birtingarmynd kynferðisofbeldis, eins og fallist er á í nefndaráliti allsherjarnefndar, og að ótækt sé að skilgreina það sem ofbeldi án þess að það sæti refsingu eins og aðrar tegundir ofbeldis. Að auki sé ekki ásættanlegt að líta á mannslíkamann sem söluvöru og að ábyrgð á vændi eigi að hvíla á kaupandanum en ekki seljandanum. Þar á milli sé aðstöðumunur sem felist í því að kaupandinn í krafti peninganna hafi val um kaupin. Tekið er undir það sjónarmið að vændi sé félagslegt vandamál, en að það vandamál sé fyrst og fremst þeirra sem leiðast út í vændi, en ekki þeirra sem kaupa það. Að auki er þeim rökum hafnað að með því að gera kaup á vændi refsiverð muni vændi færast af götunum og niður í undirheima – hér á landi tíðkist ekki götuvændi heldur fari það hvort sem er fram í því umhverfi sem tengist veraldarvefnum og hinum svokölluðu undirheimum.

Nú liggur fyrir Alþingi þingmannafrumvarp þar sem lagt er til að kaup á vændi verði gerð refsiverð.[23] Í því kemur meðal annars fram að: „[L]ögfest verði ákvæði um refsinæmi þess að kaupa vændi þannig að hver sá sem greiðir eða heitir greiðslu eða öðrum ávinningi fyrir vændi skuli sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári. Jafnframt er lagt til að ef greitt er fyrir vændi barns yngra en 18 ár varði það þyngri refsingu, allt að tveggja ára fangelsi. Ekki skiptir máli í hvaða formi greiðslan er. Hún getur verið peningar, áfengi eða fíkniefni, hlutir eða eitthvert viðvik, greiði eða þjónusta. Þá er ekki áskilið að greiðslan eða loforð um hana renni til þess sem veitir þjónustuna enda háttsemi milligöngumanns refsiverð skv. 4. mgr. 206. gr. hegningarlaga. Að sama skapi er athæfið saknæmt ef vændið er keypt fyrir þriðja aðila. Er frumvarpinu ætlað að lögfesta svokallaða sænska leið sem gerir kaup á vændi refsivert en Norðmenn fetuðu nýlega í fótspor Svía með því að kveða á um refsinæmi þess að kaupa vændi.“ Það er talið mikilvægt skref í baráttunni gegn mansali að Alþingi samþykki frumvarpið sem fyrst.

---

[22] Nefndarálit allsherjarnefndar, 133. löggjafarþing 2006–2007, þskj. 1151 – 20. mál.

[23] Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, þskj. 583 – 342. mál, 136. löggjafarþing 2008–2009.

Nektardans

Íslensk stjórnvöld hafa á ýmsum vettvangi lýst áhyggjum sínum af mögulegum tengslum milli vændis og íslenskra nektardansstaða, enda koma dansararnir oft frá þeim hlutum heims sem eru þekktir fyrir að vera upprunalönd mansals. Í yfirlýsingu sem Páll Pétursson þáverandi félagsmálaráðherra og Sólveig Pétursdóttir þáverandi dómsmálaráðherra lögðu fram af Íslands hálfu á fundi Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2002 í aðdraganda þess að efnt var til samstarfs Norðurlanda og Eystrasaltsríkja gegn mansali segir:[24]

Ísland hefur verið notað sem viðkomuland í flutningi kvenna frá Evrópu til Bandaríkjanna og fjöldi erlendra kvenna kemur ár hvert til Íslands til þess að vinna sem nektardansmeyjar á næturklúbbum. Viðvörunarbjöllur hringdu þegar niðurstöður rannsóknar, sem gerð var að frumkvæði dómsmálaráðherra, leiddu í ljós tengsl milli nektardansstaða í Reykjavík og vændis. Athygli var beint að því að sumar hinna erlendu kvenna sem vinna sem nektardansmeyjar geti verið neyddar til að stunda vændi.

Dregið hefur úr starfsemi nektarstaða hin síðustu ár, einkum vegna stefnumótunar ýmissa sveitarfélaga sem hafa lagst gegn þeim. Talið er að starfsemin hafi náð hámarki um síðustu aldamót, en samkvæmt upplýsingum frá Stígamótum var þá á einu ári einn dansari fluttur hingað til lands fyrir hverja 100 íslenska karlmenn. Nektarsýningar voru síðan bannaðar með lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, en þar segir í 4. mgr. 4. gr.:

Á veitingastöðum er hvorki heimilt að bjóða upp á nektarsýningar né með öðrum hætti að gera út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru. Leyfisveitandi getur þó heimilað í rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum að fram fari nektardans í atvinnuskyni á veitingastað, að fengnum jákvæðum umsögnum umsagnaraðila skv. 10. gr. Á slíkum stöðum er sýnendum óheimilt að fara um á meðal áhorfenda og jafnframt eru hvers konar einkasýningar bannaðar.

Þrátt fyrir að megintilgangur ákvæðisins sé að banna nektarsýningar eða með öðrum hætti að gera út á nekt starfsmanna eru nektarstaðir áfram starfræktir í skjóli þeirrar undanþáguheimildar sem ákvæðið geymir. Aðeins einu sinni á gildistíma þessa lagaákvæðis hefur reynt á möguleika lögboðinna umsagnaraðila til að leggjast gegn því að leyfisveitandi nýti undanþáguheimild sína samkvæmt ákvæðinu til að leyfa rekstraraðila að bjóða upp á nektardans. Hinn 31. október 2007 hafnaði sýslumaðurinn í Kópavogi beiðni nektardansstaðarins Goldfinger um áframhaldandi rekstrarleyfi á grundvelli neikvæðrar umsagnar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007. Sú ákvörðun sýslumanns var kærð til dómsmálaráðuneytisins sem felldi ákvörðun sýslumanns úr gildi. Var það mat ráðuneytisins í meginatriðum að umsögn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu hafi verið haldin verulegum efnisannmörkum. Í úrskurði ráðuneytisins var tekið fram að þrátt fyrir að umsögn umsagnaraðila sé bindandi beri leyfisveitanda að ganga úr skugga um að umsögnin sé byggð á málefnalegum og lögmætum rökum. Í bréfi lögmanns kæranda var dregið í efa að stjórnvaldi sé heimilt að leggja huglægt mat á starfsemi eins og nektardansstaði, enda sé þess hvergi getið í lögum að umsagnaraðilar geti látið gildisdóm um starfsemina stýra afstöðu sinni.

Í kjölfar þessa úrskurðar dómsmálaráðuneytisins skoraði borgarráð Reykjavíkur og bæjarráð Kópavogs á Alþingi að fella út úr 4. mgr. 4. gr. laga nr. 85/2007 heimild til leyfisveitanda að veita nektarstöðum rekstrarleyfi, enda gengi slík heimild gegn megintilgangi ákvæðisins.

---

[24] http://www.nordicbalticcampaign.org/icelandic/index.html (sjá nánar síðar).

Í 1. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007, sbr. athugasemdir við 10. gr. í frumvarpi er varð að lögunum, og 1. mgr. 24. gr. reglugerðar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 585/2007, er sérstaklega tilgreint að hlutverk sveitarstjórna sé meðal annars að staðfesta að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um. Ekki hefur reynt á þetta ákvæði hingað til og má telja að sveitarstjórnir hafi svigrúm að gildandi rétti til þess að rökstyðja umsögn með þeim hætti að nektardans verði ekki heimilaður, sé það afstaða þeirra.

Klám og barnaklám

Rík tengsl eru milli framleiðslu á hvers kyns klámi og mansals. Líta má á klámefni sem *myndað vændi*. Neytandi klámefnis hefur engin tök á að greina á milli þeirra sem eru fórnarlömb mansals í klámiðnaði og hinna sem ekki eru það, en klámefni með þátttakendum innan 18 ára aldurs er í öllum tilfellum ólöglegt og telst mansal í ljósi samþykktrar skilgreiningar á því. Talið er að framleiðsla barnakláms fari vaxandi, einkum í ríkjum Suðaustur-Evrópu og innan SSR (Samveldis sjálfstæðra ríkja) og kaupendamarkaðir sömuleiðis stækkandi. Markaðurinn og eftirspurnin er einnig hér á landi. Því eru íslenskir neytendur á þessum markaði kaupendur á framleiðslu alþjóðlegra glæpa- og mansalshringja þegar kemur að neyslu á klámi. Sé litið til þeirrar skilgreiningar á mansali sem Sameinuðu þjóðirnar[25] styðjast við þá eru þessir neytendur skilgreindir sem gerendur mansals.

Ríkislögreglustjórar Norðurlanda lögðu fram í byrjun september 2008 sameiginlegar tillögur til dómsmálaráðherra Norðurlanda um samstilltar aðgerðir gegn barnaklámi. Ráðherrarnir samþykktu tillögurnar sem eru: að koma á sameiginlegum gagnabanka, að styrkja samstarf lögreglu á Norðurlöndum í þessum málaflokki, að starfa saman að tækniþróun, að koma upp ábendingafarvegi í hverju landi og loks að taka þátt í alþjóðlegu lögreglusamstarfi og rannsóknum á brotum sem framin eru utan Norðurlanda.

Málefni tengd ofbeldi gegn börnum með atbeina Netsins hafa verið til skoðunar um nokkurt skeið hjá embætti ríkislögreglustjóra. Til stendur að embættið yfirtaki ábendingalínu Barnaheilla og embættið hefur af þeim sökum styrkt samstarfið við samtökin, tekið þátt í ráðstefnu á þeirra vegum og unnið að framtíðarsýn í málaflokknum. Fulltrúar lögreglu í Noregi hafa komið á vegum embættisins hingað til lands og haldið fundi með lögreglu. Starfsmenn í alþjóðadeild ríkislögreglustjóra hafa hlotið sérstaka starfsþjálfun á vegum Bandarísku alríkislögreglunnar (FBI) og Evrópulögreglunnar (Europol) og unnið er að hugmyndum sem miða að því að styrkja löggæslu á Netinu. Þá hefur kynferðisbrotadeild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu unnið mikið og gott starf við rannsókn brota sem framin eru gegn börnum með atbeina Netsins.

Þá undirrituðu dómsmálaráðherra, lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu og íslenska sprotafyrirtækið Eff2 Technologies í janúar 2009 tímabundinn verksamning um þróun, uppsetningu og afnot á hugbúnaðarkerfi fyrir embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem gerir lögreglunni kleift að bera kennsl á barnaklám og annað ólögmætt efni í tölvum sem hafa verið haldlagðar. Með þessu samstarfi lögreglunnar og Eff2 Technologies verður Ísland fyrsta landið í heiminum sem notar slíka lausn í baráttunni gegn barnaklámi og öðru ólögmætu efni. Ávinningur af tækninni er bæði vinnusparnaður hjá lögreglu og aukin skilvirkni við rannsóknir barnaklámsmála. Býður tæknin upp á aukna möguleika til að rannsaka upp-

[25] Sjá síðar í III. kafla um alþjóðlegar skuldbindingar.

runa og dreifingu barnakláms og ná þannig frekar til þeirra sem framleiða slíkt efni og dreifa í stórum stíl. Slíkt yrði þá unnið í náinni samvinnu við lögregluyfirvöld í öðrum löndum.

Mikilvægt er að áfram verði unnið markvisst gegn útbreiðslu barnakláms og að nýjustu tækniaðferðir sem gætu gagnast í þessari baráttu verði kannaðar svo unnt verði að koma í veg fyrir brotin og til að koma böndum yfir þá sem fremja þau.

Börn

Sama skilgreining á við um mansal á börnum og mansal á fullorðnum. Börn eru seld mansali til vændis, framleiðslu á barnaklámi, nauðungarvinnu, brottnáms líffæra, til glæpastarfsemi, þar á meðal til betls, hernaðar og ólöglegra ættleiðinga. Börn undir lögaldri sem látin eru leyna ungum aldri með fölsuðum skilríkjum eru á vændismarkaði í flestum nágrannalöndum okkar. Þar eru líka fórnarlömb mansals meðal vegalausra barna og hælisleitenda. Birtingarmyndir mansals á börnum hérlendis eru þó aðallega óbeinar, í formi neyslu á barnaklámi. Líklegt er að Íslendinga sé að finna meðal þeirra sem stunda svokallaða kynlífsferðamennsku til að fá aðgang að börnum í öðrum löndum sem eru fórnarlömb mansals. Eins og áður er getið, í ljósi skilgreiningar Sameinuðu þjóðanna á mansali, kann að vera tilefni til að endurskilgreina tilvik sem þekkt eru hérlendis um að gerendur hafi notfært sér fíkn unglinga og bága stöðu þeirra til að afla sér tekna með vændi þeirra.[26]

Götubörn og vegalaus börn eru af alþjóðasamfélaginu talin til sérstaks áhættuhóps þegar kemur að mansali. Gerendur nýta sér bága stöðu þeirra, svo sem fátækt og fíkn, og gera þau háð sér með margvíslegum hætti til að þvinga þau til vændis, framleiðslu á klámi eða til annarrar nauðungar, sums staðar til líffæragjafar. Fá dæmi eru þekkt þar sem vegalaus börn hafa komið til Íslands erlendis frá og engin þar sem grunur hefur vaknað um glæpsamlega starfsemi.[27]

Dómsmálaráðuneytið hefur yfirumsjón með verkferlum varðandi úrlausn mála þar sem erlend börn eru ein síns liðs, óska hælis eða finnast óskráð í landinu. Í 89. gr. reglugerðar um útlendinga, nr. 53/2003, með síðari breytingum, er kveðið á um að hafi umsækjandi um hæli undir 18 ára aldri komið til landsins án foreldra eða forsjármanna skal farið með málið samkvæmt aðgerðaáætlun á vegum dómsmálaráðuneytisins sem birt er í skýrslu um vegalaus börn (2004) og skal Útlendingastofnun setja nánari reglur um meðferð slíkra mála. Útlendingastofnun vinnur nú að slíkum reglum og mun stofnunin taka tillit til þessarar aðgerðaáætlunar við setningu reglnanna. Í skýrslunni er ekki fjallað sérstaklega um tilvik þar sem grunur er um mansal, en ef grunur vaknar um refsivert athæfi fer lögreglan áfram með þann þátt málsins. Verkferli er lýst þegar barn með erlent ríkisfang er vegalaust hér á landi og þar segir að lögregla beri ábyrgð á frumrannsókn máls sem flyst til Útlendingastofnunar eftir að henni lýkur.

Ljóst er að lögregla og Útlendingastofnun bera hér skýra ábyrgð. Það gera barnaverndaryfirvöld einnig. Samkvæmt barnaverndarlögum, nr. 80/2002, taka lögin til allra barna sem eru á yfirráðasvæði íslenska ríkisins án tillits til ríkisfangs, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna. Það er því mikilvægt að lögreglan hafi án tafar samband við barnaverndarnefnd á því svæði þar sem barn kemur í leitirnar, sbr. IV. kafla barnaverndarlaga. Mikilvægt er að Barnaverndarstofa fái upplýsingar um málið svo yfirsýn náist yfir öll mál sem upp kunna að koma. Enn fremur á stofan reglubundin samskipti og tengsl við erlend barnaverndaryfirvöld sem mikil-

---

[26] Sjá skýrslurnar *Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess* Reykjavík: Rannsóknir og greining (2001), og *skýrslu nefndar sem falið var að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis*. Reykjavík, dómsmálaráðuneytið (2002).

[27] Sjá skýrslu starfshóps um málefni vegalausra barna. Dómsmálaráðuneytið (apríl 2004).

vægt er að nýta í þeim tilvikum að barn fer aftur til upprunalands/heimalands, enda leita barnaverndarnefndir ævinlega til Barnaverndarstofu þegar samskipti eru milli íslenskra og erlendra barnaverndaryfirvalda vegna einstakra barna og annarra sérstakra mála.

Meginverkefni stjórnvalda varðandi börn með erlent ríkisfang sem hér finnast og eru án foreldra sinna er að finna uppruna þeirra og sameina þau fjölskyldu í heimalandi með öruggum hætti. Þegar um er að ræða grun eða staðfestingu um mansal er enn brýnna að ganga rækilega úr skugga um að heimferð barns sé trygg og barnið fari í hendur þeirra sem treystandi er fyrir velferð þess. Slík könnun yrði í höndum barnaverndaryfirvalda í heimalandi barns, sem meta hvort barn fari til foreldra eða annarra ábyrgra aðila. Ef ekki reynist unnt að senda barn til heimalands skulu barnaverndaryfirvöld finna því viðeigandi heimili til frambúðar á Íslandi með varanlegt fóstur í huga í samræmi við barnaverndarlög. Útlendingastofnun veitir barni dvalarleyfi eða hæli eftir því sem við á.

Í framangreindri skýrslu dómsmálaráðuneytis er lagt til að ábyrgð á umönnun barns verði hjá Reykjanesbæ þegar barn finnst við komu til landsins í Leifsstöð þar til máli lýkur annaðhvort með því að barn fer til heimalands eða fær varanlega búsetu hér á landi. Þannig yrði barnaverndarnefnd Sandgerðis ekki kölluð til þrátt fyrir að flugvallarsvæðið heyri til sveitarfélagsins. Ef barn finnst í öðru barnaverndarumdæmi er gert ráð fyrir að hlutaðeigandi barnaverndarnefnd beri ábyrgð á umönnun barns í samræmi við barnaverndarlög. Gerð var breyting á 89. gr. reglugerðar um útlendinga, nr. 53/2003, með reglugerð nr. 769/2004 þar sem fellt var brott ákvæði um að fulltrúi barnaverndaryfirvalda skuli vera viðstaddur viðtal þegar barn sem sækir um hæli á í hlut og vísað til aðgerðaáætlunar um vegalaus börn, sbr. það sem áður kom fram um það efni. Er gert ráð fyrir að fulltrúi félagsþjónustu Reykjanesbæjar, sem ber ábyrgð á umönnun barns sem sækir um hæli, taki þetta hlutverk að sér og sé viðstaddur viðtal ásamt fulltrúa Rauða kross Íslands, sem er málsvari barns. Í þessari aðgerðaáætlun um aðgerðir gegn mansali er aftur á móti lagt til að fulltrúi barnaverndarnefndar verði ævinlega kallaður til þegar viðtal fer fram við erlent barn sem finnst forsjálaust hér á landi eða óskar hér hælis og allt málið unnið í samræmi við barnaverndarlög, enda er það í samræmi við meginreglur barnaverndarlaga. Sú málsmeðferð, hvað barnaverndarhlið málsins varðar, breytir engu um það að ákvörðun um hvort og með hvaða hætti barni verði heimiluð dvöl á Íslandi eða komið til heimalands er á ábyrgð dómsmálaráðuneytis.

Nauðungarvinna

Nauðungarvinna er skilgreind sem öll vinna eða þjónusta sem er innt af hendi af einstaklingi undir hótunum um refsingu og ekki veitt af fúsum og frjálsum vilja.[28] Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO) telur að um 12,3 milljónir manna séu hnepptar í nauðungarvinnu í heiminum í dag og að um 20% þeirra séu fórnarlömb mansals. Samkvæmt sömu heimild er algengast að þau sé að finna í starfi inni á heimilum, í byggingariðnaði og mannvirkjagerð, landbúnaði og hótel- og veitingahúsageiranum. Ólöglegir innflytjendur eru sérstakur áhættuhópur. Erfitt getur verið að greina milli þeirra sem vinna við bágar vinnuaðstæður og ólögleg kjör og hinna sem eru fórnarlömb mansals. Bágar og ólöglegar vinnuaðstæður einkennast af brotum á lögum um aðbúnað og hollustuhætti og þar með öryggisreglugerðum, óhóflega löngum vinnudegi og kjörum undir ákvæðum kjarasamninga. Til slæmra aðstæðna getur líka talist að fórnarlömb búi mörg saman við óhollar og ólöglegar aðstæður í húsnæði á vegum atvinnurekanda, jafnvel gegn óhóflega háu gjaldi. Þrátt fyrir að gráu svæðin séu mörg þá er

---

[28] UNODC. Trafficking in Persons. Global Patterns, bls. 6.

sjaldnast um nauðung eða frelsissviptingu að ræða, en hvorki nauðung né frelsissvipting er forsenda þess að tilvik geti fallið undir mansalsákvæði laga. Einkenni eins og flókið skuldasamband við atvinnurekanda, krafa um endurgreiðslu ferðakostnaðar o.þ.h. geta hins vegar nægt til að um mansal sé að ræða í skilningi alþjóðasamninga og laga einstakra ríkja.

Á Íslandi hafa komið upp tilvik um slæman aðbúnað erlendra verkamanna, bæði hafa verið greidd laun undir lágmarkstöxtum og skort á að réttindi varðandi öryggi og hollustuhætti, hvíldartíma og vinnuskilyrði séu virt. Vinnumálastofnun sinnir eftirliti með aðstæðum erlendra verkamanna undir merkinu *Allt í ljós* og nýtur þar góðrar samvinnu við samtök launafólks.

III. Alþjóðlegar skuldbindingar Íslands og alþjóðasamstarf.

Alþjóðasamfélagið hefur um langt skeið barist gegn ýmsum birtingarmyndum mansals og gert alþjóðlega samninga og samþykktir sem eru liður í þeirri baráttu. Þessir samningar lúta að þræla- eða nauðungarvinnu, vernd barna, vernd og réttindum kvenna, aðgerðum gegn vændi og banni gegn hvers konar verslun með fólk í þessu skyni. Þá hefur alþjóðasamfélagið á seinni árum samþykkt ýmsa samninga sem beinast gegn skipulagðri, fjölþjóðlegri glæpastarfsemi og smygli á fólki.

Fyrstu slíku samningarnir sem undirritaðir voru af Íslands hálfu eru samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) sem lúta að afnámi á þræla- eða nauðungarvinnu bæði barna og fullorðna, svo sem *samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 29 um afnám nauðungarvinnu og skylduvinnu* frá 1930, *nr. 105 um afnám nauðungarvinnu frá 1957 og síðar nr. 182 um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana* frá 1999.[29] Í 4. gr. *mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna* (UDHR) frá 1948 er kveðið á um engum skuli haldið í þrældómi eða þrælkun og hvers konar þrældómur eða þrælaverslun skuli bönnuð. Þá tekur 8. gr. *alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi* (CCPR) frá 1966 til banns gegn þrælahaldi og nauðungarvinnu af hvaða tegund sem er og öll sala eða verslun með fólk í þeim tilgangi er einnig bönnuð samkvæmt samningnum.[30] Þá inniheldur *samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (*CRC-*barnasáttmálinn)* frá 1989 ákvæði til verndar börnum auk þess sem íslensk stjórnvöld hafa fullgilt *valfrjálsa bókun við samninginn um réttindi barnsins um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám* frá árinu 2000.[31] Samkvæmt 6. gr. *samnings um afnám allrar mismununar gegn konum* (CEDAW) frá 1979 skulu aðildarríki gera viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal með lagasetningu, til að hamla gegn hvers konar verslun með konur og gróðastarfsemi tengdri vændi kvenna.[32] Í samningnum er mansal talið til kynbundins ofbeldis gegn konum.

Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi og bókun um mansal

Þáttaskil urðu í baráttu alþjóðasamfélagsins gegn mansali á árinu 2000 þegar Sameinuðu þjóðirnar samþykktu *samninginn gegn fjölþjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi* og þrjár

---

[29] Samþykkt ILO nr. 105 var fullgilt af Íslands hálfu árið 1957, nr. 29 árið 1958 og nr. 182 árið 2000.
[30] International Covenant on Civil and Political Rights (CCPR). UN 1966.
[31] Optional Protocol to the Convention on the Rights of the Child on the sale of children, child prostitution and child pornography frá árinu 2000, fullgiltur af Íslands hálfu árið 2001.
[32] Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women (CEDAW) Article 6. States Parties shall take all appropriate measures, including legislation, to suppress all forms of traffic in women and exploitation of prostitution of women.

bókanir við hann, en ein þeirra fjallaði sérstaklega um mansal. Er bókunin jafnan kölluð *Palermo-bókunin*. Þar er sett fram fyrsta heildstæða skilgreiningin á mansali sem alþjóðasamfélagið hefur komið sér saman um og viðurkennt að mansal er nú einn veigamesti og ábatasamasti þáttur skipulagðrar fjölþjóðlegrar glæpastarfsemi. Ísland undirritaði samninginn og bókunina 13. desember 2000, sem bíða fullgildingar.[33]

Markmið samningsins og mansalsbókunarinnar er annars vegar að brúa bilið milli ólíkra réttarkerfa aðildarríkjanna til að auðveldara sé að samræma aðgerðir, rannsaka og sækja mál þvert á landamæri og hins vegar að skapa alþjóðlegan lagalegan grundvöll fyrir baráttuna gegn mansali. Þá nær samningurinn og bókunin einnig til verndar fórnarlamba. Í þessum samningi er í fyrsta skipti í alþjóðlegum samningi vikið að því að eftirspurn eftir kynlífsþjónustu leiði til mansals og að aðildarríkin skuli grípa til aðgerða til að minnka eftirspurnina.

Skilgreining Palermo-bókunarinnar á mansali tekur til þriggja meginþátta, þ.e. verknaðarins, aðferðanna og tilgangsins, sbr. 3. gr. bókunarinnar um orðanotkun.

Skilgreiningin á mansali er svohljóðandi:

(a) Merkir „verslun með fólk“ það að útvega fólk, flytja það eða færa til, halda því eða taka við því í því skyni að notfæra sér það, og það er gert með hótunum, valdbeitingu eða annars konar nauðung, brottnámi, svikum, blekkingum, misnotkun á yfirburðastöðu eða því að maður er öðrum háður, eða með greiðslu eða öðrum ávinningi veittum eða þegnum í því skyni að fá fram samþykki manns er hefur annan mann á valdi sínu. Það að notfæra sér fólk felur í sér, að lágmarki, hagnýtingu á vændi annarra eða annarri kynferðislegri misnotkun, nauðungarvinnu eða nauðungarþjónustu, þrælahaldi eða háttsemi áþekkri þrælahaldi, ánauð og brottnámi líffæra;

(b) samþykki þess sem sætir verslun með fólk við því að aðrir hyggist notfæra sér hann á þann hátt sem fjallað er um í a-lið þessarar greinar skiptir ekki máli, ef beitt hefur verið einhverjum þeim aðferðum sem í þeim lið greinir;

(c) litið skal svo á að það að útvega barn, flytja það eða færa til, hýsa það eða taka við því í því skyni að notfæra sér það feli í sér „verslun með fólk“, jafnvel þótt ekki hafi verið beitt neinum þeim aðferðum sem tilgreindar eru í a-lið þessarar greinar;

(d) merkir „barn“ hverja þá manneskju sem ekki hefur náð átján ára aldri.

Hér fer á eftir samantekt yfir helstu atriði bókunarinnar:

– Í Palermo-bókuninni kemur fram að öll fórnarlömb skuli njóta verndar, ekki aðeins þau sem geta sýnt fram á að hafa verið beitt ofbeldi eða þvingunum. Samþykki fórnarlambs mansals skiptir ekki máli ef gerandi nýtir sér bágar aðstæður þess og þau þurfa ekki að sanna að þau séu fórnarlömb mansals.
– Bókunin tekur til fyrirbyggjandi aðgerða, rannsóknar og saksóknar í málum þegar um er að ræða brot sem ná til fleiri en eins lands og framin eru af skipulögðum glæpasamtökum.
– Vernd og aðstoð við fórnarlömb mansals er einn af meginþáttum mansalsbókunarinnar. Samkvæmt henni skulu stjórnvöld vinna í samvinnu við frjáls félagasamtök og aðrar viðeigandi stofnanir og einkaaðila að því að tryggja fórnarlömbum mansals ráðgjöf og upplýsingar um réttarstöðu þeirra á tungumáli sem einstaklingurinn skilur. Einnig eiga ríkin að tryggja öryggi fórnarlamba mansals, vernda nafnleynd þeirra, bjóða þeim lækn- is- og geðhjálp og húsnæði og aðstoða þau á annan hátt við að komast aftur inn í sam-

---

[33] The Convention against Transnational Organized Crime (UN, 2000a) og Protocol to Prevent, Suppress and Punish Trafficking in Persons, Especially Women and Children (UN, 2000b).

félagið, svo sem með vinnu, starfsþjálfun o.þ.h. Taka á tillit til þarfa fórnarlambanna og beita sérstökum úrræðum þegar börn eiga í hlut. Þá skulu fórnarlömb eiga bótarétt.
– Viðtökuríki eiga að tryggja fórnarlömbum mansals leyfi til að dvelja þar tímabundið eða jafnvel til frambúðar ef við á og ætíð skal hafa mannúðarsjónarmið að leiðarljósi.
– Upprunaríkjum ber að taka við fórnarlömbum mansals, hvort sem þau eru þar ríkisborgarar eða hafa þar haft dvalarleyfi, tryggja öryggi þeirra og veita þeim ferðaskilríki ef þarf svo þau geti snúið til baka.
– Aðildarríkin eiga að móta heildarstefnu og beita úrræðum til að koma í veg fyrir og berjast gegn mansali. Eiga ríkin að leitast við að styðja við rannsóknir, upplýsingaöflun, fjölmiðlaumfjöllun og félagslegar og efnahagslegar aðgerðir til að koma í veg fyrir og berjast gegn mansali. Ríkin eiga einnig með löggjöf og öðrum úrræðum að vinna gegn þeim félagslegu og efnahagslegu aðstæðum sem stuðla að því að einstaklingar, einkum konur og börn, verði fórnarlömb mansals, svo sem fátækt, vanþróun og skorti á jöfnum tækifærum. Unnið skal í samvinnu við frjáls félagasamtök og aðrar viðeigandi stofnanir og einkaaðila. Jafnframt skulu ríki, með löggjöf og öðrum úrræðum, ráðast gegn eftirspurninni sem viðheldur mansali.
– Lögregla, innflytjendayfirvöld og aðrar hlutaðeigandi opinberar stofnanir skulu skiptast á upplýsingum og þjálfa og mennta starfsfólk sitt til að fyrirbyggja mansal, sækja glæpamennina til saka, vernda réttindi fórnarlambanna og vernda þau fyrir manseljendum. Í þjálfuninni skal leggja áherslu á mannréttindasjónarmið, taka tillit til kynjasjónarmiða og séraðstæðna, svo sem ef um barn er að ræða. Unnið skal í samvinnu við frjáls félagasamtök og aðrar viðeigandi stofnanir og einkaaðila.
– Þá eiga ríki að viðhafa eftirlit við landamæri í því skyni að koma upp um mansal og leitast við að gefa út örugg ferðaskilríki sem erfitt er að falsa.

Skrifstofa mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna gaf út tilmæli um meginreglur og viðmið um mannréttindi og mansal á árinu 2002, auk þess sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti sama ár ályktun undir heitinu *Mansal á konum og stúlkum.* Þess skal getið til viðbótar að bæði 3. nefnd allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna og mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna hafa til marga ára samþykkt ályktanir um mansal, fyrir 2002 og fram til dagsins í dag. Ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 frá árinu 2000 um *Konur, frið og öryggi* markaði viss tímamót en ályktunin er fyrsta viðurkenning öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna á sérstöðu kvenna á átakasvæðum og mikilvægi framlags þeirra til friðar. Gerð hefur verið áætlun Íslands um framkvæmd á ályktun 1325.[34] Þá er vert að nefna að á vettvangi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna er starfandi sérstakur skýrslugjafi sem fjallar um mansal[35] og einnig er á vettvangi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna starfandi sérstakur skýrslugjafi sem fjallar um barnasölu, barnavændi og barnaklám.[36]

---

[34] Tilmæli skrifstofu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna frá 2002 um meginreglur og viðmið um mannréttindi og mansal, skjal E/2002/68/Add.1. Ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, númer 57/176 frá 18. desember 2002, sem ber heitið *mansal á konum og stúlkum*. Ályktun öryggisráðsins nr. 1325 og íslenska aðgerðaáætlun. Utanríkisráðuneytið 8. mars 2008.
[35] Sjá slóðina: http://www2.ohchr.org/english/issues/trafficking/standards.htm
[36] Sjá slóðina: http://www2.ohchr.org/english/issues/children/rapporteur/index.htm

Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali

Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali var samþykktur og lagður fram til undirritunar á þriðja leiðtogafundi ráðsins í Varsjá 16. maí 2005. Ísland var í hópi þeirra ríkja sem undirrituðu samninginn sama dag. Samningurinn liggur til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins, ríki utan ráðsins sem tóku þátt í samningu hans og Evrópusambandið. Samningurinn öðlaðist gildi 1. febrúar 2008. Af Íslands hálfu bíður samningurinn fullgildingar.

Bakgrunnur samningsins er sá að ráðið taldi nauðsynlegt að samþykkja bindandi samning sem tæki einkum til verndar fórnarlamba mansals og tryggði mannréttindi þeirra jafnframt því sem gerendur yrðu saksóttir. Í samanburði við aðra alþjóðasamninga til höfuðs mansali gengur samningur Evrópuráðsins lengra varðandi vernd fórnarlamba. Vægi og nýbreytni samnings Evrópuráðsins felst í fyrsta lagi í staðfestingu þess að mansal er brot á mannréttindum og ógn við mannlega reisn og að aukinnar lagalegrar verndar sé því þörf fyrir fórnarlömb mansals. Í öðru lagi nær samningurinn til hvers konar mansals, hvort sem það er innan lands eða milli landa og hvort sem það tengist skipulagðri glæpastarfsemi eða ekki, og tekur til hvers konar misnotkunar, svo sem kynlífsþrælkunar, nauðungarvinnu o.s.frv. Í þriðja lagi er með samningnum komið á fót eftirlitskerfi til að tryggja að aðilar sáttmálans framfylgi ákvæðum hans á skilvirkan hátt. Í fjórða lagi er í samningnum lögð áhersla á að jafnrétti kynjanna sé ætíð í forgrunni.

Hér á eftir er gerð grein fyrir meginefni samningsins:

– Í fyrsta kafla samningsins er gerð grein fyrir markmiðum hans um aukna vernd fórnarlamba, skilgreiningu á mansali úr Palermo-bókuninni er fylgt og áhersla lögð á að samningurinn taki til hvers konar mansals.
– Annar kafli hefur að geyma ítarleg ákvæði um fyrirbyggjandi aðgerðir og aðrar ráðstafanir gegn mansali. Þar eru meðal annars ákvæði um stefnumótun sem gætu falið í sér rannsóknir, upplýsingaherferðir, fræðslu, þjálfun og félagsleg og efnahagsleg úrræði sem beinast að þeim þjóðfélagshópum sem eru veikastir fyrir gagnvart mansali og þeim starfsmönnum sem berjast gegn því. Þá eru sérstök ákvæði sem miða að því að draga úr eftirspurn eftir mansali, meðal annars með upplýsingaherferðum og fræðslu. Styrking landamæravörslu og aukið öryggi ferðaskjala eru einnig hluti af fyrirbyggjandi aðgerðum.
– Þriðji kafli fjallar um verndun réttinda fórnarlamba. Fórnarlömbum undir 18 ára aldri er veitt sérstaklega rík vernd. Vernda skal persónuupplýsingar fórnarlamba. Kveðið er á um ýmiss konar aðstoð við fórnarlömb, svo sem lögfræðiaðstoð, ráðgjöf og upplýsingar um réttindi, túlkaþjónustu þar sem þess er þörf, framfærsluaðstoð, aðgang að heilsugæslu og aðgang að menntun fyrir börn. Jafnframt er kveðið á um samvinnu við frjáls félagasamtök eða aðra þá aðila sem veita fórnarlömbum stuðning, endurhæfingu og vernd. Ekki skal setja sem skilyrði fyrir aðstoð við fórnarlömb að þau beri vitni gegn skipuleggjendum mansals. Einnig eru ákvæði sem lúta að dvalarleyfi fórnarlamba og hvernig standa skal að heimför þeirra til upprunalands. Þá er kveðið á um að aðildarríki Evrópuráðsins skuli með lögum tryggja fórnarlömbum að lágmarki 30 daga umþóttunartíma til að losa sig úr tengslum við seljendur sína og taka upplýsta ákvörðun um samstarf við lögregluyfirvöld.
– Fjórði kafli snýr að refsilöggjöf og hvernig gera skal mansal og ólíka þætti sem snúa að mansali saknæma í hegningarlögum aðildarríkjanna samkvæmt skilgreiningu samningsins á mansali. Ríkin eru hvött til að íhuga hvort gera skuli nýtingu þjónustu fórnarlamba saknæma. Áhersla er lögð á að það leiði til þyngingar refsingar þegar lífi fórnarlamba

er stefnt í voða, þegar brot eru framin gagnvart börnum, þegar brot eru framin af opinberum starfsmönnum í starfi og þegar skipulagðir glæpahringir standa að baki brotum.
- Fimmti kafli snýr að rannsókn mála, saksókn og réttarfari. Þar er sérstaklega kveðið á um vernd vitna og fjölskyldna þeirra gegn hugsanlegum hefndarráðstöfunum. Þá er fjallað um lögsögu ríkja vegna brota á landsvæði þeirra, um borð í skipum eða flugvélum undir fána viðkomandi ríkis, og vegna brota ríkisborgara þess í öðrum ríkjum.
- Sjötti kafli felur í sér ákvæði um eflingu alþjóðlegrar samvinnu til þess að koma í veg fyrir mansal og vernda og veita fórnarlömbum aðstoð.
- Sjöundi kafli kveður á um eftirlitskerfi þar sem sérstökum sérfræðingahópi verði komið á fót til þess að fylgjast með framkvæmd samningsins.
- Áttundi kafli fjallar um stöðu samningsins gagnvart öðrum alþjóðlegum samningum á þessu sviði. Kveðið er á um að samningurinn hafi ekki áhrif á þau réttindi og skyldur sem aðildarríki hans hafa tekist á herðar í öðrum samningum.

Þá ber íslenskum stjórnvöldum einnig að líta til tilskipunar Evrópuráðsins frá 29. apríl 2004 um dvalarleyfi til ríkisborgara þriðju ríkja sem eru fórnarlömb mansals eða þeirra sem hefur verið smyglað ólöglega milli ríkja og vinna með viðeigandi yfirvöldum.[37] Sömuleiðis ber að líta til ákvörðunar Evrópuráðsins um stöðu fórnarlamba við meðferð refsimála frá 15. mars 2001.[38]

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE)

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) hefur verið virk í baráttunni gegn mansali. Í ÖSE eru 56 þátttökuríki í Evrópu, Norður-Ameríku og Mið-Asíu. Öryggis- og samvinnustofnunin samþykkti aðgerðaáætlun gegn mansali árið 2003 *(OSCE Action Plan to Fight Human Trafficking)* og árið 2005 var bætt við hana ákvæði um mansal á börnum. Í aðgerðaáætluninni eru þátttökuríki ÖSE hvött til að taka frumkvæði að því að koma í veg fyrir mansal, sækja gerendur til saka og vernda fórnarlömb, eftir atvikum með aðstoð stofnana ÖSE og sendinefnda á vettvangi sem staðsettar eru í 19 löndum í Suðaustur-Evrópu, Austur-Evrópu, Kákasus-löndunum og í Mið-Asíu. Þá skipaði ÖSE sérstakan fulltrúa árið 2004 til að berjast gegn mansali *(Special Representative and Coordinator for Combating Trafficking in Human Beings)* sem hefur það hlutverk að auka vitund um allar birtingarmyndir mansals og aðstoða við að efla pólitískan vilja til að eiga við vandann. Fulltrúinn aðstoðar einnig þátttökuríki ÖSE við að uppfylla skuldbindingar þeirra og veitir ráðgjöf, óski þau þess. Þá samhæfir fulltrúinn aðgerðir þátttökuríkja gegn mansali og vinnur með öðrum alþjóðastofnunum og félagasamtökum.

Ráðherrafundir ÖSE sem haldnir eru árlega hafa gert samþykktir um mansal sem eru pólitískt en ekki lagalega bindandi. Þær nýlegustu frá síðustu árum varða mansal til nauðungarvinnu *(Decision on Combating Trafficking in Human Beings for Labour Exploitation, MC. DEC/8/07),* aukna viðleitni til að vinna gegn mansali, meðal annars til nauðungarvinnu með yfirgripsmiklum og gagnvirkum hætti *(Decision on enhancing efforts to combat trafficking in human beings, including for labour exploitation, through a comprehensive and proactive approach, MC.DEC/14/06)* og um baráttuna gegn mansali *(Decision on combating trafficking in human beings. MC.DEC/13/05).*

Íslensk stjórnvöld hafa stutt baráttu ÖSE gegn mansali með því að greiða í þrígang valfrjáls framlög til verkefna. Árið 2003 veittu íslensk stjórnvöld fjárframlagi sem nam 2,5

---

[37] Tilskipun nr. 2004/81/EC.
[38] Council Framework Decision nr. 2001/220/JHA.

milljónum króna til eflingar starfsemi ÖSE í Bosníu og Hersegóvínu gegn mansali og kynlífsþrælkun kvenna og stúlkubarna þar sem vandamálið var landlægt og aðgerðir stjórnvalda gegn vandamálinu skammt á veg komnar. Þá var í febrúar 2005 veitt 2 milljónum króna til eflingar starfsemi ÖSE gegn mansali og kynlífsþrælkun kvenna og stúlkubarna í Bosníu og Hersegóvínu í ljósi þeirrar áherslu sem íslensk stjórnvöld leggja á þennan mikilvæga málaflokk á vegum ÖSE. Þá var í desember 2005 ákveðið að verja 3,2 milljónum króna til baráttunnar gegn mansali á vegum ÖSE í beina aðstoð til fórnarlamba mansals og til útgáfustarfsemi á nýrri ritröð á vegum stofnunarinnar um mansal í aðildarríkjunum.

Norræna ráðherranefndin

Á vettvangi hins norræna samstarfs hefur baráttan gegn mansali verið í forgangi frá því um síðustu aldamót. Á árinu 2002 hratt Norðurlandaráð af stað herferð undir heitinu *The Nordic Baltic Task Force against Trafficking in Human Beings.* Tilgangur hennar var að upplýsa almenning, sérstaklega kaupendur og hugsanlega kaupendur kynlífsþjónustu, um mansal með konur. Markmiðið með þátttöku Íslands í verkefninu var einnig að upplýsa þær konur sem sækja um atvinnuleyfi á Íslandi sem dansarar á næturklúbbum um lagaleg réttindi sín. Að þessari herferð lokinni var verkefninu *Nordic-Baltic Regional Inter-agency Network Support, protection, safe return, and rehabilitation of women VOT for sexual exploitation* hrundið úr vör. Af Íslands hálfu koma fjölmargar opinberar stofnanir að verkefninu sem og frjáls félagasamtök sem aðstoða fórnarlömb kynferðisofbeldis auk Evrópusamtaka kvenna, European Women's Lobby, sem heldur utan um verkefnið. Meginmarkmiðið er að festa í sessi samstarfsnet innan hvers lands og efla samstarf milli þeirra á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum. Þá er það einnig markmið þessa verkefnis að þróa samræmdar aðferðir til að veita fórnarlömbum lagalega, félagslega og heilsufarslega aðstoð, sálfræðiþjónustu og möguleika á öruggri endurkomu til heimalands með stuðningi til að hefja nýtt líf, óski fórnarlamb þess. Íslensk stjórnvöld hafa á þessum vettvangi átt þátt í að fjármagna fjöldamörg verkefni innan upprunalanda fórnarlamba mansals. Baráttan gegn mansali verður áfram eitt af forgangsverkefnum norræns samstarfs.

Samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við nágrannalöndin innan Evrópusambandsins, Eistland, Lettland og Litháen, byggir á samstarfsáætlun Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um jafnréttismál sem var samþykkt af jafnréttisráðherrum landanna árið 1998 og var 10 ára afmæli samkomulagsins fagnað á sameiginlegum ráðherrafundi ríkjanna átta í Eistlandi í maí 2008. Þá var ákveðið að halda samstarfinu áfram og er mansal eitt af meginþemum þess.

Eystrasaltsráðið

Á sjötta leiðtogafundi Eystrasaltsráðsins í Reykjavík 2006 var ákveðið að færa verkefnið Nordic-Baltic Task Force against Trafficking in Human Beings inn í starf Eystrasaltsráðsins í þeim tilgangi að stuðla að víðtækari samvinnu í aðildarlöndum Eystrasaltsráðsins og nágrannasvæðum. Í kjölfarið var stofnað viðbragðsteymi Eystrasaltsráðsins gegn mansali *(Council of Baltic Sea States Task Force against Trafficking in Human Beings* (CBSS-TF-THB)). Umboð þess nær fram á mitt ár 2011.

Meginmarkmið CBSS-TF-THB er að berjast gegn mansali á svæðinu með forvarnastarfi og aðgerðum til verndar og aðstoðar við fórnarlömb. Það einbeitir sér að fórnarlömbum yfir 18 ára aldri og kemur því til viðbótar starfi vinnuhóps að verkefninu *Children at Risk* sem fram fer á vegum Eystrasaltsráðsins *(Working Group for Children at Risk* (WGCR)). Barnaverndarstofa á Íslandi tók þátt í verkefninu Children at Risk á árunum 2002–2004, en þá fluttist það yfir til Útlendingastofnunar.

Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali (2005) er lagður til grundvallar starfsemi TF-THB. Greining mögulegra fórnarlamba, sem einatt finnast utan upprunalands, er meðal helstu áhersluatriða í starfinu sem og þjálfun starfsfólks sendiráða í uppruna-, viðkomu- eða áfangalandi, enda getur starfsfólk sendiráða verið fyrsti tengiliðurinn milli fórnarlamba og yfirvalda í upprunalandi þeirra.

Á næstu árum er áhersla lögð á samstarfsverkefni með UNODC með þátttöku frjálsra félagasamtaka, lögreglu og réttarkerfisins á svæðinu kringum Eystrasaltið um aðstoð við fórnarlömb, fræðslu- og upplýsingaherferð á svæðinu, verkefni um bætta upplýsingaöflun og rannsóknir og loks á skýrslu með samanburði á lagalegu umhverfi mansalsmála.

755. Frumvarp til laga [365. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 18. mars.)

I. KAFLI
Breyting á tollalögum, nr. 88/2005.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, III, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 122. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda, hjá aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, vegna uppgjörstímabila á árinu 2009 vera sem hér segir:

1. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
2. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
3. Þriðjungi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 5. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga vörugjalds, hjá aðilum sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr., vegna uppgjörstímabila á árinu 2009 vera sem hér segir:

1. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
2. Helmingi af vörugjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal skila eigi síðar en á 28. degi þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði VII. kafla og 7. mgr. 20. gr. er á gjalddaga virðisaukaskatts vegna reglubundinna uppgjörstímabila á árinu 2009, sbr. 1. mgr. 24. gr., heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þótt einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað, sbr. ákvæði til bráðabirgða III í tollalögum, nr. 88/2005.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. mars 2009.

756. Lög [405. mál]

um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 687.

757. Lög [365. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 18. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 755.

758. Svar [391. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Karls V. Matthíassonar um tilskipanir Evrópusambandsins um losun koltvísýrings (CO_2).

1. *Hvað hefur ráðuneytið gert til undirbúnings vegna væntanlegrar tilskipunar Evrópusambandsins um losunarheimildir koltvísýrings í flugi?*

Samgönguráðherra skipaði í janúar 2008 stýrihóp sem ætlað var að meta heildrænt áhrif kvótasetningar á losun koltvísýrings (CO_2) í flugi en á þeim tíma var til umfjöllunar tillaga Evrópusambandsins (ESB) um að flugsamgöngur yrðu felldar undir tilskipun 2003/87/EB um viðskiptakerfi með losun gróðurhúsaheimilda.

Stýrihópinn skipuðu eftirtaldir aðilar: Gunnlaugur Stefánsson, formaður Flugráðs, formaður, Högni Kristjánsson, skrifstofustjóri utanríkisráðuneytinu, Jóhann Guðmundsson, skrifstofustjóri utanríkisráðuneytinu, Pétur K. Maack flugmálastjóri og Stefán Einarsson, sérfræðingur umhverfisráðuneytinu.

Með stýrihópnum unnu einnig þeir Eiríkur Bjarnason, verkfræðingur í samgönguráðuneytinu, Sveinn V. Ólafsson, yfirmaður vottunar- og greiningarstofu Flugmálastjórnar Íslands, Sveinn Agnarsson, hagfræðingur hjá Hagfræðistofnun HÍ, og Sigurbergur Björnsson, sendiráðunautur við sendiráð Íslands í Brussel.

Stýrihópurinn skilaði í ágúst 2008 ítarlegri skýrslu þar sem farið er yfir alla helstu þætti málsins. Skýrsluna er að finna á vef samgönguráðuneytisins undir tenglinum: http://www.samgonguraduneyti.is/media/frettir/Losunarheimildir_a_koltvisyringi_i_flugi.pdf.

Í september 2009 sendi stýrihópurinn síðan samgönguráðherra minnisblað um sérstöðu Íslands og hugsanlegar undanþágur frá væntanlegri tilskipun. Sérstaða Íslands felst einkum í því að fyrir utan það meginmarkmið að draga úr losun koltvísýrings frá flugi er það eitt markmiða með kvótasetningunni að umferð frá flugi á stuttum vegalengdum (1–2 klst. flug) færist yfir á aðrar og umhverfisvænni samgöngugreinar eins og járnbrautarlestir og áætlunarbifreiðir (svokallað „modal shift“).

Sérstaða Íslands hvað þetta atriði varðar er augljós því að lestarsamgöngur eru engar og ekki er líklegt að þær verði teknar upp á næstu áratugum vegna fámennis þjóðarinnar og tiltölulega stórs lands. Áfangastöðum á aðalleiðum í flugi hefur fækkað á undanförnum árum vegna batnandi vegakerfis. Hefur umferð þannig flust frá flugi yfir á fólksbíla en að mjög litlu eða engu leyti yfir á áætlunarbifreiðar á styttri leiðum. Á lengstu leiðunum mun það tæplega gerast vegna langra vegalengda landleiðina. Forsendur tilskipunarinnar eru því ekki fyrir hendi í innanlandsfluginu og leiða má rök að því að sama eigi við um flug til nágrannaríkjanna Grænlands og Færeyja sem hefur fleira líkt með innanlandsflugi en millilandaflugi.

Varðandi efnahagsleg áhrif liggur það fyrir að flugrekstur á Íslandi vegur margfalt á við flest önnur Evrópulönd sem hlutfall af vergri landsframleiðslu eða jafnvel fjór- til sexfalt. Vægi millilandaflugsins er einnig margfalt á við innanlandsflugið. Það var ekki markmið tilskipunarinnar að hafa áhrif á efnahag einstakra aðildarþjóða eða skapa ójafnvægi í aðstöðu fyrirtækja á EES-svæðinu, heldur að stuðla að minnkun losunar koltvísýrings með hagrænum og tæknilegum aðgerðum. Líkur eru á því að tilskipunin geti dregið nokkuð úr landsframleiðslu á Íslandi og meira en í öðrum aðildarlöndum vegna mikils vægis flugsins í landsframleiðslunni. Þetta atriði er mikilvægt og getur haft verulega þýðingu þegar horft er til sérstöðu Íslands á þessu sviði.

Í minnisblaðinu eru nefndar ýmsar hugsanlegar undanþágur frá tilskipuninni og skulu nefndar hér þær helstar að kvótakerfið gildi ekki fyrir innanlandsflug og flug til og frá Grænlandi og Færeyjum.

2. Er í undirbúningi að slík tilskipun taki einnig gildi um siglingar?

Samgönguráðherra skipaði í nóvember 2008 stýrihóp sem ætlað er að fylgjast með þróun mála og undirbúa afstöðu Íslands varðandi hugsanlega kvótasetningu á losun koltvísýrings í siglingum, en fyrir liggur að áhugi er innan Evrópusambandsins á að siglingar verði felldar undir tilskipun 2003/87/EB um viðskiptakerfi með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda.

Stýrihópinn skipuðu eftirtaldir aðilar: Gunnlaugur Stefánsson, formaður Flugráðs, formaður, Hermann Guðjónsson siglingamálastjóri, Högni Kristjánsson, skrifstofustjóri utanríkisráðuneytinu, Jóhann Guðmundsson, skrifstofustjóri utanríkisráðuneytinu, Pétur K. Maack flugmálastjóri og Stefán Einarsson, sérfræðingur umhverfisráðuneytinu.

Með stýrihópnum unnu einnig þeir Eiríkur Bjarnason, verkfræðingur í samgönguráðuneytinu, Jón Bernódusson, skipaverkfræðingur hjá Siglingastofnun Íslands, og Sigurbergur Björnsson, sendiráðunautur við sendiráð Íslands í Brussel.

Stýrihópurinn skilaði í febrúar 2009 ítarlegri áfangaskýrslu og er hana að finna á vef samgönguráðuneytisins undir tenglinum: http://www.samgonguraduneyti.is/media/frettir/CO2_greinargerd_13_02_2009_Lokadrog.pdf.

Ekki liggja fyrir neinar formlegar tillögur innan Evrópusambandsins (ESB) eða Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um hvernig staðið verði að samdrætti í losun koltvísýrings frá siglingum og fiskveiðum. Ljóst er að unnið er að málinu á vettvangi beggja aðilanna og mun ESB væntanlega hafa tillögur að kvótakerfi tilbúnar ef IMO hefur ekki lagt fram raunhæfar tillögur innan tilskilins frests. Allt bendir til að Íslendingar komist ekki hjá því að taka upp tilskipun um viðskiptakerfi með losun á CO_2 frá skipum.

Í ljósi íslenskra hagsmuna er mikilvægt að tekið verði á losun CO_2 í siglingum heildrænt og á sanngjarnan og gegnsæjan hátt. Mikið er í húfi fyrir þjóð sem á svo mikið undir fiskveiðum og vöruflutningum á sjó varðandi lífsbjörg sína. Brýnt er að fylgjast vel með og taka þátt í undirbúningi málsins eins og aðstæður frekast leyfa. Mikilvægt er að stjórnvöld móti hér skýra stefnu og komi henni á framfæri innan stofnana sem um málið fjalla.

Fyrir Íslendinga eru talsverðir möguleikar á að breyta um gerð eldsneytis og bæði draga þannig úr losun á CO_2 og spara gjaldeyri.

Stýrihópurinn um losun CO_2 í siglingum mun fylgjast áfram með þróun mála í loftslagsviðræðunum og innan IMO og ESB.

759. Nefndarálit [421. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 91/2008, um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið sem hún lagði fram sjálf og leggur til að það verði **samþykkt óbreytt.**

Árni Páll Árnason, Katrín Júlíusdóttir og Jón Magnússon voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. mars 2009.

Einar Már Sigurðarson, form., frsm.	Þuríður Backman.	Höskuldur Þórhallsson.
Björk Guðjónsdóttir.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.	Ragnheiður E. Árnadóttir.

760. Nefndarálit [393. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 135 11. desember 2008, um embætti sérstaks saksóknara.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur og Gunnar Narfa Gunnarsson frá dómsmálaráðuneyti og Ólaf Þ. Hauksson sérstakan saksóknara.

Með frumvarpinu er m.a. lagt til að afmarkaðar verði með skýrari hætti og rýmkaðar þær heimildir sem sérstakur saksóknari hefur til öflunar upplýsinga og gagna vegna rannsóknar einstakra mála. Þá er einnig lagt til að skylt sé að verða við kröfu embættisins um að láta í té upplýsingar og gögn þótt þau séu háð þagnarskyldu samkvæmt reglum um starfsemi fjármálafyrirtækja.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem felur í sér að vikið verði frá skyldu 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, til að auglýsa störf hjá embætti sérstaks saksóknara til að ekki þurfi að fara í þungt ferli til að ráða starfsmenn sem nú eru einkum hjá embætti efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra og auðgunarbrotadeild lögreglustjóraembættisins á höfuðborgarsvæðinu. Sérstakur saksóknari er tímabundið embætti og því eru menn ekki ráðnir þangað til langframa og unnt þarf að vera að kalla menn til verkefna án mikillar fyrirhafnar og tíma við að fara í gegnum umsóknarferli. Ákvæðið tekur mið af heimild sem rannsóknarnefnd þingsins hefur til ráðningar fólks. Ekki er ætlunin með þessum breytingum að víkja frá málefnalegum sjónarmiðum og gagnsæi sem eftir sem áður þarf að gæta við ráðningu starfsmanna.

Þá leggur nefndin einnig til smávægilegar breytingar á frumvarpinu sem tengjast frumvarpi viðskiptaráðherra um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki á þskj. 693 í 409. máli, en þar eru lagðar til breytingar á hugtökum og er nauðsynlegt að taka breytingarnar upp í frumvarp þetta til þess að gæta samræmis.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ólöf Nordal og Ágúst Ólafur Ágústsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. mars 2009.

Árni Páll Árnason, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Birgir Ármannsson.
Árni Þór Sigurðsson.	Sigurður Kári Kristjánsson.	Siv Friðleifsdóttir.

Jón Magnússon.

761. Fyrirspurn [441. mál]

til heilbrigðisráðherra um fæðingar í Vestmannaeyjum.

Frá Ragnheiði E. Árnadóttur.

1. Hvernig hyggjast heilbrigðisyfirvöld tryggja öryggi fæðandi kvenna í Vestmannaeyjum á meðan sex vikna sumarlokun skurðstofunnar þar stendur yfir í sumar?
2. Hvað eru margar fæðingar áætlaðar í Vestmannaeyjum á því tímabili sem um ræðir?

762. Breytingartillögur [393. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 135 11. desember 2008, um embætti sérstaks saksóknara.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir orðunum „og aðrir sem vinna að greiðslustöðvun, nauðasamningi“ í a-lið komi: slitum.
   b. Á eftir orðunum „umsjónarmaður með nauðasamningi“ í b-lið komi: bráðabirgðastjórn, slitastjórn við slitameðferð.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ekki er skylt að fylgja 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, við ráðningu þess.

763. Nefndarálit [422. mál]

um frv. til l. um náms- og starfsráðgjafa.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin lagði frumvarpið fram og var því vísað aftur til hennar eftir 1. umræðu. Umsagnir bárust frá Félagi náms- og starfsráðgjafa, Guðrúnu H. Sederholm, formanni fagdeildar fræðslu- og skólafélagsráðgjafa hjá Félagsráðgjafafélagi Íslands, náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands og námsnefnd í MA-námi í náms- og starfsráðgjöf við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands.

Á fundi sínum ræddi nefndin fjölmörg atriði með hliðsjón af þeim athugasemdum sem fram komu í umsögnum. Telur nefndin að með frumvarpinu sé komið eins langt til móts við kröfur umsagnaraðila og eðlilegt er og leggur því ekki til breytingar á frumvarpinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Árni Páll Árnason, Katrín Júlíusdóttir og Jón Magnússon voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. mars 2009.

Einar Már Sigurðarson, form., frsm.	Þuríður Backman.	Höskuldur Þórhallsson.
Björk Guðjónsdóttir.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.	Ragnheiður E. Árnadóttir.

764. Nefndarálit [402. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur og Fanneyju Óskarsdóttur frá dómsmálaráðuneyti.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um íslenskan ríkisborgararétt sem lúta að undirbúningi og framkvæmd prófa í íslensku. Lagt er til að ráðherra geti falið Námsmatsstofnun eða öðrum sambærilegum aðila að annast undirbúning og framkvæmd prófa í íslensku og að ráðherra verði veitt heimild til að ákvarða prófgjald sem ætlað er að standa undir kostnaði við prófin og undirbúning þeirra, en ákvæði um þetta efni láðist að setja inn á sínum tíma.

Fram kom að umsækjendur um ríkisborgararétt geta þreytt prófin án þess að hafa undirbúið sig formlega, þ.e. með setu námskeiðs o.s.frv. Gert er ráð fyrir að prófgjaldið standi undir kostnaði við prófin og verði hóflegt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Ólöf Nordal og Árni Þór Sigurðsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. mars 2009.

Árni Páll Árnason, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Birgir Ármannsson.
Ágúst Ólafur Ágústsson.	Sigurður Kári Kristjánsson.	Siv Friðleifsdóttir.

Jón Magnússon.

765. Nefndarálit [20. mál]

um till. til þál. um rannsóknarstofnun um utanríkis- og öryggismál.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsögn barst frá Varnarmálastofnun.

Í þingsályktunartillögu þessari er lagt til að fela ríkisstjórn Íslands að setja á stofn rannsóknarstofnun um utanríkis- og öryggismál. Á undanförnum tveimur áratugum hafa orðið miklar breytingar á alþjóðlegu umhverfi Íslands. Áhrif þeirra hér á landi eru óumdeilanleg, allt frá hruni Sovétríkjanna fram að brotthvarfi varnarliðsins. Fyrrverandi kommúnistaríki hafa mörg hver gerst aðilar að Evrópusambandinu og NATO. Þá hefur aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu og Schengen-svæðinu haft miklar breytingar í för með sér.

Víða erlendis, þ.m.t. annars staðar á Norðurlöndum, starfa rannsóknarstofnanir sem sérhæfa sig í alþjóðamálum og þróun þeirra. Hérlendis starfaði öryggismálanefnd á árunum 1978–1991. Við Háskóla Íslands starfar Alþjóðamálastofnun sem sett var á laggirnar árið 1990 og hefur hún unnið ágætt starf. Hún er hins vegar ekki rannsóknarstofnun eins og hér er gerð tillaga um. Þá hefur þverfaglegur starfshópur um áhættumat fyrir Ísland nýlokið störfum. Sjálfstæð rannsóknarstofnun í utanríkis- og öryggismálum getur m.a. haft hliðsjón af störfum öryggismálanefndar og áhættumatshópsins.

Íslendingar búa yfir mikilli þekkingu á sviði utanríkis- og öryggismála og henni ber að koma á framfæri og nýta á skipulegan hátt. Þá geta ýmis verkefni sem nú eru vistuð ýmist hjá utanríkisráðuneyti eða stofnunum þess eða stofnunum annarra ráðuneyta eftir atvikum átt heima í rannsóknarstofnun af þessu tagi. Í því sambandi má m.a. nefna styrki Varnarmálastofnunar til rannsókna á sviði öryggis- og varnarmála.

Meiri hlutinn telur að tengsl Íslands við alþjóðasamfélagið hafi sjaldan verið jafnmikilvæg. Einn af lykilþáttum uppbyggingar eftir efnahagshrunið hérlendis er að endurvinna traust á alþjóðavettvangi og eiga náið samstarf við vinaþjóðir. Meiri hlutinn tekur því undir efni tillögunnar.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórn Íslands að kanna grundvöll þess að setja á stofn sjálfstætt rannsóknarsetur á sviði utanríkis- og öryggismála.

Alþingi, 18. mars 2009.

Árni Þór Sigurðsson, form., frsm.	Þórunn Sveinbjarnardóttir.	Siv Friðleifsdóttir.
Valgerður Sverrisdóttir.	Kristinn H. Gunnarsson.	Lúðvík Bergvinsson.

766. Nefndarálit [362. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Loga Kjartansson frá umhverfisráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landmælingum Íslands, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Náttúrufræðistofnun Íslands, Félagi landfræðinga, Landvarðafélagi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins, Landvernd og Umhverfisstofnun.

Frumvarpinu er ætlað að lögfesta gjaldtökuheimild fyrir námskeið fyrir landverði sem Umhverfisstofnun annast. Þá er lagt til að viðkomandi þurfi að hafa lokið námskeiði Umhverfisstofnunar um landvörslu til að mega starfa sem landvörður. Þó er stofnuninni veitt heimild til að veita öðrum réttindin hafi þeir öðlast menntun sem samsvarar efnisþáttum framangreinds námskeiðs.

Ljóst er að stöðugildum landvarða hefur fjölgað talsvert frá árinu 2008 og samhliða því ásókn í námskeið Umhverfisstofnunar um landvörslu. Stofnunin hefur innheimt námskeiðsgjald án þess að til þess væri ótvíræð lagaheimild. Tekjur af gjaldinu hafa þó ekki staðið undir kostnaði. Nefndin telur því rétt að lögfest sé gjaldtökuheimild enda sé kveðið á um að gjaldið sé ekki hærra en nemi kostnaði við námskeiðið.

Nefndin telur að ekki eigi að gera það að skilyrði fyrir rétti til að starfa sem landvörður að viðkomandi hafi lokið námskeiðinu enda sé óeðlilegt að Umhverfisstofnun sem haldi námskeið fyrir landverði setji jafnframt reglur um námskröfur þeirra. Þá er til staðar reglugerð umhverfisráðherra sem kveður á um námskröfurnar og ekkert því til fyrirstöðu að halda því fyrirkomulagi. Jafnframt er óeðlilegt að Umhverfisstofnun sé falið það hlutverk að meta menntun sem samsvarar efnisþáttum námskeiðsins án þess að stofnuninni séu settar skýrar reglur um slíkt mat. Samkvæmt frumvarpinu er ráðherra ekki lengur skylt að setja reglugerð um nánari ákvæði er varða nám og starfsskyldur þeirra sem starfa á náttúruverndarsvæðum, m.a. landvarða, heldur eingöngu heimilt. Nefndin leggur því til að óbreytt fyrirkomulag verði haft á þessu þannig að umhverfisráðherra setji í reglugerð að fengnum tillögum stofnunarinnar nánari ákvæði um menntun og starfsskyldur þeirra sem starfa á náttúruverndarsvæðum. Þá verði felld brott skilyrði um að hafa lokið landvörslunámskeiði Umhverfisstofnunar til að öðlast rétt til að starfa sem landvörður. Auk þess leggur nefndin til að við bætist ný málsgrein sem kveði á um skyldu Umhverfisstofnunar að halda námskeið í landvörslu í samræmi við reglugerð ráðherra. Ákvæðið veitir stofnuninni jafnframt heimild til gjaldtöku fyrir námskeiðið í samræmi við 3.–4. málsl. 1. gr. frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Umhverfisstofnun skal halda námskeið í landvörslu í samræmi við reglugerð umhverfisráðherra, sbr. 2. mgr. Umhverfisstofnun er heimilt að taka gjald fyrir námskeið í landvörslu og próftöku sem þátttakendur greiða. Upphæð gjalds má ekki vera hærri en sá kostnaður sem

hlýst af námskeiðshaldi og vinnu vegna próftöku. Ráðherra setur gjaldskrá að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar.

Karl V. Matthíasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. mars 2009.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Atli Gíslason.	Eygló Harðardóttir.
Katrín Júlíusdóttir.	Kjartan Ólafsson.	Árni M. Mathiesen.
Jón Gunnarsson.	Kristinn H. Gunnarsson.	

767. Nefndarálit [420. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hafstein Pálsson, Steinunni Fjólu Sigurðardóttur og Hrafnhildi Ástu Þorvaldsdóttur frá umhverfisráðuneyti, Ásbjörn Jóhannesson frá SART – Samtökum atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði, Jóhann Ólafsson frá rafmagnsöryggissviði Neytendastofu, Björn Karlsson frá Brunamálastofnun, Tryggva Axelsson og Helgu Sigurðardóttur frá Neytendastofu og Áslaugu Árnadóttur og Helgu Óskarsdóttur frá viðskiptaráðuneyti. Þá barst umsögn frá Samorku.

Markmiðið með frumvarpinu er að færa rafmagnsöryggissvið Neytendastofu til Brunamálastofnunar. Til að tryggja þetta eru lagðar til breytingar á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, sem heyra undir umhverfisráðuneytið, og tvennum lögum sem heyra undir viðskiptaráðuneytið, þ.e. lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996, og lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda, nr. 62/2005.

Sátt virðist vera um yfirfærsluna hjá hlutaðeigandi ráðuneytum sem og velflestum þeim aðilum sem nefndin ræddi við. Þar sem rafmagnsöryggi bygginga tengist óhjákvæmilega brunavörnum telur nefndin málaflokkinn eiga betur heima hjá Brunamálastofnun.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Karl V. Matthíasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. mars 2009.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Atli Gíslason.	Eygló Harðardóttir.
Katrín Júlíusdóttir.	Kjartan Ólafsson.	Árni M. Mathiesen.
Jón Gunnarsson.	Kristinn H. Gunnarsson.	

768. Svar [381. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Arnbjargar Sveinsdóttur um sjónvarpsútsendingar í dreifbýli.

1. *Hefur ráðherra áform um að knýja á um viðgerð á sjónvarpssendinum á Gagnheiði?*

Stöðin á Gagnheiði er í eigu Ríkisútvarpsins sem heyrir undir menntamálaráðuneytið, ekki samgönguráðuneytið, og því er rétt að beina spurningunni til menntamálaráðherra.

2. *Hefur Póst- og fjarskiptastofnun beitt sér gagnvart rekstraraðila Gagnheiðarstöðvarinnar í samræmi við heimildir í 5. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun?*

Í lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, er ekki að finna almennar kröfur um útbreiðslu og gæði fjarskiptaþjónustu, að undanskilinni svokallaðri alþjónustu, en það eru afmarkaðir þættir fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra. Er hér t.d. um að ræða talsímaþjónustu og lágmarksgagnaflutningsþjónustu. Sjónvarps- og hljóðvarpsþjónusta telst ekki til alþjónustu samkvæmt fjarskiptalögum. Samkvæmt þessu byggist framboð á fjarskiptaþjónustu og gæði hennar fyrst og fremst á markaðslögmálum. Þó er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að binda útgáfu tíðniheimilda skilyrðum um ákveðna lágmarksútbreiðslu, en það hefur t.d. verið gert varðandi farsímaþjónustu. Hins vegar eru tíðniréttindi Ríkisútvarpsins ohf. án slíkra kvaða, enda til komin í tíð eldra lagaumhverfis og annarra aðstæðna en nú eru, auk þess sem starfsemi fyrirtækisins hefur lotið sérstökum lögum á málefnasviði menntamálaráðuneytisins. Samkvæmt þessu eru því hvorki í fjarskiptalögum né í tíðniréttindum Ríkisútvarpsins ohf. gerðar kröfur um útbreiðslu eða gæði sjónvarps- eða útvarpsþjónustu fyrirtækisins. Þegar af þeim ástæðum kemur eftirfylgni af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar á grundvelli 5. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, ekki til álita.

3. *Hefur ráðherra áform um að bæta sjónvarpsútsendingar í dreifbýli?*

Eitt af markmiðum fjarskiptaáætlunar 2005–2010 var að dreifa sjónvarpsdagskrá RÚV, auk hljóðvarps rásar 1 og 2, til sjómanna á miðum við landið og til strjálbýlli svæða í gegnum gervihnött. Árið 2007 sömdu fjarskiptasjóður og RÚV við Telenor UK Ltd. um veitingu þjónustunnar til 1. apríl 2010. Á grundvelli samningsins hafa því nú rúmlega 700 staðir eða skip aðgang að stafrænum sjónvarpsútsendingum í gegnum gervihnött.

Nú stendur yfir endurskoðun fjarskiptaáætlunar fyrir árin 2009–2014. Vinnan við endurskoðunina er í miklu samráði við hina ýmsu hagsmunaaðila, en tillögur að verkefnum eða aðgerðum sem áætlunin mun taka til liggja ekki fyrir.

769. Nefndarálit [412. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hönnu S. Gunnsteinsdóttur og Bjarnheiði Gautadóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 431 kr. eða um 6,1% og nemi 7.534 kr. á hvern gjaldanda í stað 7.103 kr. samkvæmt gildandi lögum. Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu kemur fram að hækkunin sé í samræmi við verðlagsbreytingar á tímabilinu desember 2006 til desember 2007 og hækkun byggingarvísitölu á þessu tímabili.

Á fundum nefndarinnar kom meðal annars fram ábending um að leiðrétta þyrfti fjárhæð í 2. mgr. 10. gr. þar sem vísað er til tekjuviðmiðs sem notað er til að ákvarða þá sem undanþegnir eru gjaldinu. Álagningargjaldaviðmið þetta hefur hækkað samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytis og er því mikilvægt að leiðrétta viðmiðið. Auk þess telur nefndin að óeðlilegt sé að vísað sé í lagatexta til tekjuársins 2007.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. bætist nýr stafliður er verði b-liður, svohljóðandi:

Í stað orðanna „1.080.067 kr. á tekjuárinu 2007“ í 2. málsl. 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: 1.143.362 kr. á því ári sem næst er á undan álagningarárinu.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Ármann Kr. Ólafsson og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. mars 2009.

Þuríður Backman, varaform., frsm.	Helga Sigrún Harðardóttir.	Steinunn Valdís Óskarsdóttir.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir.		Atli Gíslason.

770. Nefndarálit [376. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hönnu S. Gunnsteinsdóttur og Bjarnheiði Gautadóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Árna Leóssyni, starfsmanni VR, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Tryggingastofnun ríkisins, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins sameiginlega og frá Viðskiptaráði Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að gildistími bráðabirgðaákvæðis til að greiða hlutfallslegar atvinnuleysisbætur á móti skertu starfshlutfalli verði framlengdur til 31. desember 2009. Að auki er lagt til að Vinnumálastofnun fái auknar heimildir til að stunda eftirlit með framkvæmd laganna og að kveðið sé nánar á um skyldur atvinnuleitenda til að upplýsa stofnunina um breytingar sem verða á högum þeirra. Þá eru lagðar til nokkrar breytingar sem varða sjálfstætt starfandi einstaklinga, m.a. þannig að þeir geti talist hlutfallslega tryggðir en ekki ávallt að fullu tryggðir óháð þeim fjárhæðum sem þeir greiða til skattyfirvalda. Skilgreining sjálfstætt starfandi er jafnframt þrengd þannig að hún eigi einungis við þá sem starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Þeir sem starfa hjá eigin einkahlutafélagi, hlutafélagi eða sameignarfélagi verða því skilgreindir sem launamenn. Auk þessara breytinga er lagt til að sá sem tekur fæðingarorlof geti geymt áunna atvinnuleysistryggingu í 24 mánuði.

Ákvæði um hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli var lögfest í nóvember sl. og ætlað að gilda út apríl 2009. Taldi nefndin við meðhöndlun þess máls rétt að hafa gildistímann afmarkaðan þar sem það byði upp á endurskoðun ákvæðisins miðað við þá reynslu sem fengist á gildistímanum. Nefndin lagði þó jafnframt áherslu á að þrátt fyrir afmarkaðan gildistíma væri vilji nefndarinnar að áframhaldandi úrræðum yrði beitt ef ástandið á vinnumarkaði kallaði á það. Ljóst er að nauðsynlegt er að framlengja gildistíma ákvæðisins enda hefur atvinnuleysi aukist mikið síðustu mánuði. Ákvæðinu er ætlað að hvetja vinnuveitendur til að lækka starfshlutfall starfsmanna frekar en að segja þeim upp og því telur nefndin um þarft vinnumarkaðsúrræði að ræða.

Nefndin telur þó nauðsynlegt að veita Vinnumálastofnun skýrari heimildir til að staðreyna upplýsingar um starfshlutfall þannig að komið sé í veg fyrir að tilgreint sé hærra starfshlutfall í vottorði vinnuveitanda en hinn tryggði gegndi þar sem tryggingahlutfall hans getur aldrei orðið hærra en sem nemur starfshlutfalli á ávinnslutímabili, sbr. 4. mgr. 15. gr. laganna. Á þetta einnig við um þá sem starfa hjá eigin einkahlutafélögum, en þá er miðað við að þeir séu í fullu starfi og hafi fengið greidd laun í samræmi við viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra fyrir reiknað endurgjald í viðkomandi starfsgrein, eins og skattyfirvöld gera ráð fyrir. Er með þessu leitast við að gæta betra jafnvægis milli inn- og útstreymis Atvinnuleysistryggingasjóðs og þá ekki síst á því tímabili þegar tekjutengdar atvinnuleysisbætur eru greiddar.

Þá leggur nefndin til breytingu á 25. gr. frumvarpsins þannig að sömu reglur gildi um sjálfstætt starfandi einstaklinga og gilda um launamenn hvað varðar ávinnslutímabil og rétt til geymslu áunninnar atvinnuleysistryggingar vegna minnkaðs starfshlutfalls.

Auk framangreindra breytinga er lögð til breyting til leiðréttingar á vísun milli lagagreina.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á eftir 10. gr. komi tvær nýjar greinar sem orðist svo:
   a. (11. gr.)
      Við 2. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þegar staðreyna skal starfshlutfall hins tryggða sem tilgreint er í vottorði vinnuveitanda skv. 1. mgr. skal Vinnumálastofnun meðal annars líta til þess hvort laun hins tryggða hafi verið í samræmi við tilgreint starfshlutfall á ávinnslutímabilinu og skal þá miða við ákvæði gildandi kjarasamnings í viðkomandi starfsgrein á því svæði sem hinn tryggði starfaði eða eftir atvikum viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra fyrir reiknað endurgjald í viðkomandi starfsgrein.
   b. (12. gr.)
      Í stað orðanna „3. mgr. 19. gr.“ í g-lið 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: 5. mgr. 19. gr.
2. Við 25. gr., er verði 27. gr., bætist nýr efnismálsliður, svohljóðandi: Ákvæði 24. gr. skal þó gilda um alla þá sem nýta sér heimild 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum eftir gildistöku laga þessara.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ármann Kr. Ólafsson og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. mars 2009.

Þuríður Backman, varaform., frsm.	Helga Sigrún Harðardóttir.	Steinunn Valdís Óskarsdóttir.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir.	Atli Gíslason.	Kristinn H. Gunnarsson.

771. Fyrirspurn [442. mál]

til heilbrigðisráðherra um notkun lyfsins Tysabri.

Frá Ástu Möller.

1. Hve margir MS-sjúklingar eru taldir geta haft gagn af lyfinu Tysabri við sjúkdómi sínum? Hve margir hafa þegar hafið slíka lyfjameðferð og hve margir eru á biðlista eftir henni?
2. Hver er kynja-, aldurs- og landfræðileg skipting þeirra sem hafa þegar fengið lyfið og þeirra sem eru á biðlista?
3. Hvaða ástæður eru fyrir því að MS-sjúklingar, sem talið er að geti haft gagn af lyfinu, hafa ekki hafið meðferð?
4. Hvaða viðmiðanir eru lagðar til grundvallar þegar ákvörðun er tekin um hvaða sjúklingar fá lyfið Tysabri og hvernig er jafnræði tryggt í vali milli sjúklinga?

5. Hver er árlegur kostnaður við lyfjameðferð með Tysabri í samanburði við önnur viðurkennd lyf við MS-sjúkdómnum?

772. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um breyt. á barnaverndarlögum og barnalögum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorgerði Benediktsdóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, Hrefnu Friðriksdóttur frá starfshópi félags- og tryggingamálaráðherra um endurskoðun barnaverndarlaga, Elnu Katrínu Jónsdóttur frá Kennarasambandi Íslands, Braga Guðbrandsson og Heiðu Björg Pálmadóttur frá Barnaverndarstofu og Salome Þórisdóttur frá Þroskaþjálfafélagi Íslands. Þá bárust umsagnir frá Persónuvernd, Fangelsismálastofnun ríkisins, umboðsmanni barna, ríkissaksóknara, Sátt – félagi um sáttamiðlun, Lögmannafélagi Íslands, Útlendingastofnun, Barnaheillum, Heimili og skóla, ríkislögreglustjóra, Prestafélagi Íslands, Jafnréttisstofu og Ákærendafélagi Íslands.

Frumvarpinu er ætlað að tryggja ýmis réttindi barna og tryggja stöðu þeirra gagnvart foreldrum og forsjáraðilum. Lagt er til að líkamlegar og andlegar refsingar gagnvart börnum verði gerðar óheimilar og kveðið á um refsinæmi slíks verknaðar. Á það við hvort sem ofbeldið er framið af foreldri, forsjármanni eða öðrum umsjónaraðila barns. Þá er lögð til breyting á barnaverndarlögum þar sem hugtökin óviðunandi aðstæður, uppeldisaðstæður og uppeldisskilyrði eru skilgreind og að lokum er lögð til sú breyting að nota orðið vændi í stað lauslætis í 99. gr. barnaverndarlaga sem kveður á um að refsivert sé að hvetja barn til lauslætis.

Allsherjarnefnd vísaði málinu til félags- og tryggingamálanefndar 5. mars sl. í samræmi við 3. mgr. 23. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991. Í júlí sl. skipaði félags- og tryggingamálaráðherra starfshóp sem falið var að meta reynsluna af barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og gera tillögur til breytinga eftir því sem talin yrði ástæða til. Eftir að dómur féll í Hæstarétti í máli nr. 506/2008 22. janúar 2009 fól félags- og tryggingamálaráðherra starfshópnum sérstaklega að meta hvernig heppilegt væri að breyta ákvæðum barnaverndarlaga til þess að taka af öll tvímæli um refsinæmi þeirrar háttsemi að beita börn líkamlegum refsingum á Íslandi. Nefndin fékk formann starfshópsins á fund sinn sem gerði ítarlega grein fyrir vinnu hópsins og sjónarmiðum þeirra. Þær breytingar sem nefndin leggur til á frumvarpinu eru í samræmi við vinnu og álit starfshópsins.

Í dómi Hæstaréttar nr. 506/2008 kemst dómurinn að þeirri niðurstöðu að með 1. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga sé ekki lagt fortakslaust bann við því að foreldri eða annar maður með samþykki þess beiti barn líkamlegum aðgerðum til að bregðast við óþægð heldur sé refsinæmi slíkrar háttsemi háð því að gerðir hans séu til þess fallnar að skaða barnið andlega eða líkamlega. Málið snerist um flengingar sem maður notaði til að refsa sonum unnustu sinnar. Frumvarpinu er m.a. ætlað að bregðast við þessum dómi.

Nefndin telur ekki þörf á að breyta 1. mgr. 1. gr. barnaverndarlaga enda orðalagið í samræmi við ákvæði 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, og skuldbindingar Íslands að þjóðarétti, m.a. samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem fullgiltur var á Íslandi árið 1992, sbr. auglýsingu nr. 18/1992. Á Alþingi var samþykkt með þingsályktun 16.

mars sl. að undirbúa lögfestingu á samningnum þannig að frumvarp þess efnis liggi fyrir eigi síðar en 20. nóvember 2009. Nefndin telur því réttara, til að taka af öll tvímæli, að breyta orðalagi 2. mgr. 1. gr. og jafnframt, til að tryggja börnum enn frekari vernd, að bannákvæðið taki til þess að beita börn ofbeldi og vanvirðandi háttsemi, sbr. 19. gr., 34. gr. og 37. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um vernd barna gegn m.a. hvers kyns líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi, vanrækslu, pyndingum og vanvirðandi meðferð. Nefndin leggur áherslu á að með ofbeldi sé einnig átt við andlegar og líkamlegar refsingar og minnir á að barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur skilgreint líkamlegar refsingar sem allar þær refsingar þar sem beitt er líkamlegu valdi með það að markmiði að valda einhverjum sársauka eða óþægindum, sama hversu smávægilegum. Undir það falli meðal annars að slá barn, þ.m.t. löðrunga, lemja og rassskella, ýmist með hendi eða öðru. Gengið er út frá því að öll háttsemi af þessu tagi sé skaðleg fyrir börn. Barnaréttarnefndin hefur undirstrikað að ekki þurfi líkamlega snertingu til að refsing eða háttsemi teljist grimmileg og/eða vanvirðandi, undir það falli m.a. að hóta barni eða hræða það, gera lítið úr barni og niðurlægja það. Vert er að geta þess að barnaréttarnefndin gerir sérstakan greinarmun á annars vegar ofbeldi og vanvirðandi háttsemi og hins vegar því að ala barn upp og beita nauðsynlegum aga. Viðurkennt er að foreldrum og öðrum beri að tryggja barni gott uppeldi, umönnun eða leiðsögn og setja því mörk sem stuðla að mestum hugsanlegum þroska barnsins. Einnig er ljóst að uppeldi og umönnun getur verið krefjandi og felur oft í sér meiri líkamlega snertingu og markasetningu en samskipti tveggja fullorðinna. Barnaréttarnefndin telur ljóst að í framkvæmd megi þó gera nokkuð skýran mun á annars vegar jákvæðum, uppbyggilegum aga og hins vegar líkamlegu valdi eða háttsemi sem ætlað er að meiða eða niðurlægja barn. Þá má geta þess að barnaréttarnefndin gerir einnig greinarmun á annars vegar refsingu eða vanvirðandi háttsemi og hins vegar nauðsynlegum líkamlegum viðbrögðum til að forða barni frá því að skaða sjálft sig eða aðra. Félags- og tryggingamálanefnd tekur undir þessi sjónarmið barnaréttarnefndarinnar og bendir einnig á tilmæli Evrópuráðsins til aðildarríkjanna, nr. 19/2006, um stefnu til eflingar foreldrahæfni þar sem lögð er áhersla á jákvæðar uppeldisaðferðir og aga án ofbeldis.

Í 3. gr. barnaverndarlaga eru skýringar á hugtökum og er í frumvarpinu lagt til að óviðunandi aðstæður, uppeldisaðstæður og uppeldisskilyrði verði skilgreind á þann hátt að barn búi við og sé misboðið með vanrækslu, ofbeldi eða annars konar illri meðferð, þ.m.t. heimilisofbeldi. Nefndinni hefur verið tjáð að endurskoðun barnaverndarlaga og mat á framkvæmd þeirra standi nú yfir og telur nefndin rétt að bíða með skilgreiningu hugtaksins fram að þeirri endurskoðun, enda snertir skilgreining á óviðunandi aðstæðum grundvöll að öllu barnaverndarstarfi og réttindum og skyldum barnaverndaryfirvalda.

Nefndin telur brýnt að gera breytingu á 18. gr. núgildandi barnaverndarlaga. Í 1. mgr. 18. gr. laganna er mælt fyrir um skyldu til að gefa barnaverndarnefnd kost á að fylgjast með rannsókn máls þegar grunur leikur á að framið hafi verið refsivert brot annaðhvort af eða gegn barni. Í framkvæmd hefur fulltrúa barnaverndarnefndar verið gefinn kostur á að vera viðstaddur skýrslutöku af barni hjá lögreglu og fyrir dómi enda talið mikilvægt að tryggja með þeim hætti hagsmuni barnsins. Með þessu er einnig tryggt að barnaverndarnefnd fái strax upplýsingar og geti brugðist við til að tryggja öryggi barnsins ef þörf krefur. Þessi framkvæmd á sér m.a. stoð í ákvæði reglugerðar nr. 321/1999, um tilhögun skýrslutöku fyrir dómi af brotaþola yngri en 18 ára, en hún var nýlega felld brott, og að nokkru í lögum um meðferð sakamála. Nefndin fékk þær upplýsingar að ríkissaksóknari hafi nýlega skoðað þær reglur sem gilda um skýrslutökur og talið að ekki væri nægilega sterkur lagagrundvöllur fyrir því að starfsmenn barnaverndaryfirvalda gætu verið viðstaddir skýrslutökur. Nefndinni þykir

því ástæða til lögfesta slíka heimild og tryggja í barnaverndarlögum rétt fulltrúa barnaverndarnefndar til að vera viðstaddur skýrslutöku af barni hjá lögreglu og fyrir dómi. Í 61. gr. laga um meðferð sakamála er sérstaklega fjallað um skýrslutöku hjá lögreglu af barni sem sakborningi og er vikið að því hér til áréttingar. Mikilvægt er að undirstrika að fulltrúi barnaverndarnefndar eigi einnig óskoraðan rétt á að vera viðstaddur skýrslutöku af barni sem er brotaþoli eða vitni að broti enda er hér oft um alvarleg mál að ræða.

Samkvæmt 1. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga er refsivert að beita barn refsingum, hótunum eða ógnunum ef ætla má að slíkt skaði barnið andlega eða líkamlega og varðar brot gegn þessu sektum eða fangelsi allt að þremur árum. Með síðari hluta ákvæðisins virðist ætlunin að koma í veg fyrir að öll háttsemi sem hugsanlega geti talist „refsing“ barns sé refsiverð enda sé það orð eitt og sér mjög víðtækt og geti vísað til uppeldisaðferða sem ekki eigi að varða refsingu fyrir þann sem beitir aðferðinni, svo sem að setja barni mörk eða takmarka réttindi barna. Hins vegar þykir nefndinni ljóst að ganga megi út frá því að háttsemi, sem felst í því að beita barn andlegum og líkamlegum refsingum, vanvirðandi háttsemi, hótunum og ógnunum, sé skaðleg fyrir barn. Nefndin leggur því til með hliðsjón af dómi Hæstaréttar í máli nr. 506/2008 að í 1. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga verði tekið fram berum orðum að það varði refsingu að beita barn andlegum eða líkamlegum refsingum eða annarri vanvirðandi háttsemi eða hótunum eða ógnunum. Þá þykir ekki ástæða til að milda refsingu við brotum af þessu tagi enda eigi börn rétt á sérstakri vernd. Nefndin áréttar að ákvæðið komi til fyllingar ákvæðum almennra hegningarlaga um ofbeldi og önnur brot gegn börnum. Nefndin leggur jafnframt til að breyting á 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins þar sem vændi er sett í stað lauslætis verði látin bíða nánari endurskoðunar laganna og beinir því jafnframt til félags- og tryggingamálaráðuneytis að skoða hvort nota eigi hugtakið vændi í stað lauslætis í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með lögum nr. 61/2007 en þá var hugtakið lauslæti afmáð úr lögunum og vændi sett þess í stað.

Með hliðsjón af áðurnefndum dómi Hæstaréttar og til að taka af öll tvímæli leggur nefndin til breytingar á 4. gr. frumvarpsins til að ákvæði barnalaga banni foreldrum að beita barn ofbeldi og vanvirðandi háttsemi, þ.m.t. andlegum og líkamlegum refsingum, auk þess að kveða skýrt á um að foreldrum beri að vernda barn sitt gegn ofbeldi eins og nú er mælt fyrir um í lögunum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Ármann Kr. Ólafsson og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. mars 2009.

Þuríður Backman, varaform., frsm.	Helga Sigrún Harðardóttir.	Steinunn Valdís Óskarsdóttir.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir.		Atli Gíslason.

773. Breytingartillögur [19. mál]

við frv. til l. um breyt. á barnaverndarlögum og barnalögum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:
   Allir sem hafa uppeldi og umönnun barna með höndum skulu sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   2. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:
   Gefa skal fulltrúa barnaverndarnefndar kost á að vera viðstaddur skýrslutöku af barni sem sakborningi í samræmi við ákvæði laga um meðferð sakamála, svo og af barni sem brotaþola og sem vitni. Á þetta við hvort sem skýrslutaka fer fram hjá lögreglu eða fyrir dómi. Um skýrslutöku af barni gilda að öðru leyti ákvæði laga um meðferð sakamála og reglugerða sem settar hafa verið með stoð í þeim.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   1. mgr. 99. gr. laganna orðast svo:
   Hver sem beitir barn andlegum eða líkamlegum refsingum eða annarri vanvirðandi háttsemi, hótunum eða ógnunum skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   2. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:
   Foreldrum er óheimilt að beita barn sitt andlegu, líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi, þ.m.t. andlegum eða líkamlegum refsingum. Þá felur forsjá í sér skyldu foreldra til að vernda barn sitt gegn ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi.

774. Frumvarp til laga [443. mál]

um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum.

Flm.: Helgi Hjörvar, Lúðvík Bergvinsson, Mörður Árnason, Ellert B. Schram, Einar Már Sigurðarson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Með kaupum og rekstri íbúðarhúsnæðis, þar á meðal útleigu.
b. Við bætist ný málsgrein, 10. mgr., svohljóðandi:
   Lífeyrissjóði er heimilt að stofna félag um rekstur íbúðarhúsnæðis skv. 11. tölul. 1. mgr. eða gera samning við einkaaðila um slíkan rekstur.

2. gr.

Við 38. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er lífeyrissjóði heimilt að fjárfesta í íbúðarhúsnæði í samræmi við 11. tölul. 1. mgr. 36. gr. Lífeyrissjóði er jafnframt heimilt að halda því íbúðarhúsnæði sem hann hefur eignast við yfirtöku skv. 2. mgr. og skal líta á slíkt sem fjárfestingu skv. 11. tölul. 1. mgr. 36. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lífeyrissjóðir fái heimild til að eiga og reka íbúðarhúsnæði. Með rekstri er m.a. átt við útleigu húsnæðisins. Í lögunum nú er blátt bann lagt við því að lífeyrissjóður fjárfesti í fasteignum nema það sé nauðsynlegt vegna starfsemi sjóðsins en frumvarpið leggur til undanþágu frá því þegar um íbúðarhúsnæði er að ræða. Þá er lagt til að lífeyrissjóðirnir geti stofnað félag um rekstur húsnæðisins eða gert samning við einkaaðila um hann. Með þessu er lífeyrissjóðum m.a. gert kleift að gera samning við leigumiðlanir um útleigu íbúða eða stofna leigumiðlun og/eða -félag. Um slíka starfsemi gilda þá lög þar um.

Fordæmi eru fyrir heimild af þessu tagi í öðrum löndum, m.a. á Norðurlöndum og í Þýskalandi. Aukið hlutfall fasteigna í félagslegri eigu er til þess fallið að stuðla að stöðugleika á fasteignamarkaði. Þar með er dregið úr þeim neikvæðum áhrifum sem verðsveiflur á fasteignamarkaði hafa á efnahagslífið.

Heimild til handa lífeyrissjóðunum að fjárfesta í íbúðarhúsnæði getur verið einn þáttur í því að koma hreyfingu á fasteignamarkaðinn ásamt því sem heimildin gæti orðið grundvöllur fyrir því að á Íslandi skapist traustur og góður leigumarkaður eins og má víða sjá í nágrannalöndum okkar. Þá verður ekki séð að íbúðarhúsnæði til handa fólkinu í landinu sé síðri fjárfesting en erlend hlutabréf sem sjóðirnir hafa lögfesta heimild til að fjárfesta í. Fjárfesting í fasteignum er kannski ekki til þess fallin að skila skammtímahagnaði en er góð langtímafjárfesting og ætti því að samrýmast vel fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna.

775. Nefndarálit [398. mál]

um frv. til l. um breyt. á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson og Helgu Barðadóttur frá iðnaðarráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að framkvæmd ákvæða raforkulaga varðandi aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisþátta verði frestað til 1. janúar 2010. Ákvæði þau sem hér um ræðir voru samþykkt á Alþingi með lögum nr. 58/2008, um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, en þau lög fólu m.a. í sér breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, í þá veru að gerð er krafa um að samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi orkufyrirtækja verði rekin í aðskildum fyrirtækjum frá og með 1. júlí 2009. Í kjölfar lagabreytinganna átti sér stað 1. janúar 2009 formleg uppskipting Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orka hf., sem annast virkjanir og raforku-

sölu, og HS Veitur hf., sem annast veitustarfsemi fyrirtækisins. Fram kom á fundi nefndarinnar að uppskiptingu væri ekki að fullu lokið hjá Hitaveitu Suðurnesja.

Orkuveita Reykjavíkur óskaði eftir því með bréfi 20. febrúar sl. að iðnaðarráðherra flytti frumvarp til laga um frestun gildistöku breytingar á 14. gr. raforkulaga. Taldi Orkuveita Reykjavíkur varhugavert að skipta fyrirtækinu upp meðal annars með vísan til þess að frá því að lögin um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði tóku gildi hafi orðið verulegar breytingar á fjárhagslegu umhverfi orkufyrirtækja, gengi íslensku krónunnar hafi veikst og erlendar skuldir Orkuveitu Reykjavíkur hafi hækkað mikið og eiginfjárhlutfall lækkað milli áranna 2008–2009. Þá telji Orkuveita Reykjavíkur að breytingar á rekstrarumhverfi hennar áður en fjármögnun er lokið kunni að tefja fyrir gerð lánasamninga.

Nefndin telur í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru á fjármálamörkuðum og viðkvæmrar stöðu orkufyrirtækjanna varðandi fjármögnun að eðlilegt sé að fresta tímabundið framkvæmd ákvæða 14. gr. raforkulaga varðandi aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisþátta til 1. janúar 2010.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Einar Már Sigurðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. mars 2009.

Katrín Júlíusdóttir, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Eygló Harðardóttir.
Helgi Hjörvar.	Herdís Þórðardóttir.	Kristján Þór Júlíusson.
Björk Guðjónsdóttir.		Grétar Mar Jónsson.

776. Skýrsla [444. mál]

Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins fyrir árið 2008.

1. Inngangur.

Það sem bar hæst á árinu var einkum þrennt. Í fyrsta lagi má nefna þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins um leitar- og björgunarsamstarf á Norður-Atlantshafi. Ráðstefnan var byggð á ályktun um aukið samstarf um björgunarmál á Norður-Atlantshafssvæðinu sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins árið 2007 og tekin á dagskrá Norðurlandaráðsþings 2007 á grundvelli samstarfssamnings ráðanna frá árinu 2006. Á ráðstefnunni komu saman helstu aðilar á sviði leitar- og björgunarmála á Vestur-Norðurlöndum til að ræða stöðu mála og möguleika á að styrkja fjölþjóðlegt samstarf um leitar- og björgunarmál á Norður-Atlantshafi. Einnig fór fram björgunaræfing í tengslum við ráðstefnuna sem Slysavarnafélagið Landsbjörg og systrasamtök þess í Færeyjum og Landhelgisgæsla Íslands og landhelgisgæsla Færeyja auk færeyskrar stjórnstöðvar danska sjóhersins héldu sameiginlega. Til að fylgja málum frekar eftir lagði Íslandsdeildin fram tillögu á ársfundi um eftirfylgni á vettvangi Norðurlandaráðs. Sú tillaga var samþykkt og lögð fram á fundi forsætisnefnda Vestnorræna ráðsins og Norðurlandaráðs á fundi þeirra á Norðurlandaráðsþinginu sem haldið var í lok október í Helsinki. Í ljósi þeirrar áherslu sem lögð hefur verið á leitar- og björgunarmál

í Norður-Atlantshafi innan Vestnorræna ráðsins undanfarin tvö ár var fagnaðarefni þegar tilkynnt var á Norðurlandaráðsþinginu að eitt helsta forgangsverkefni formennsku Íslands í Norðurlandaráði árið 2009 yrði gerð vákorts fyrir Norður-Atlantshafið.

Í öðru lagi var að beiðni landsdeildar Grænlands haldinn sérstakur fundur í tengslum við ársfund Vestnorræna ráðsins um reynslu Íslands og Færeyja af Hoyvíkursamningnum. Á þeim fundi setti þáverandi utanríkisráðherra Færeyja, Høgni Hoydal, fram þá hugmynd að stofna þingmannavettvang í kringum fríverslunarsamning Íslands og Færeyja. Núverandi utanríkisráðherra Færeyja, Jørgen Niclasen, fylgdi þeirri hugmynd síðan eftir þegar hann var staddur hérlendis í opinberri heimsókn í boði Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, utanríkisráðherra Íslands, og átti fund m.a. með utanríkismálanefnd Alþingis. Á forsætisnefndarfundi Vestnorræna ráðsins í lok árs fengu formaðurinn og framkvæmdastjórinn umboð til að fylgja þessu frumkvæði utanríkisráðherranna frá Færeyjum eftir við forseta vestnorrænu þjóðþinganna. Ákveðið var að þeir mundu leggja til við þingforsetana að Vestnorræna ráðið tæki til umræðu og ályktunar stöðu samningsins og einstakra mála sem undir hann falla eftir því sem tilefni gæfist til á ársfundum þess.

Í þriðja lagi var fyrsti formlegi fundur forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins og sendinefndar Evrópuþingsins (SIN/EEA-nefndin) haldinn hérlendis um vorið í kjölfar samþykktar forseta Evrópuþingsins á beiðni Vestnorræna ráðsins um að koma á fót formlegum samskiptum milli ráðsins og þingsins.

2. Almennt um Vestnorræna ráðið.

Þjóðþing Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga stofnuðu Vestnorræna þingmannaráðið í Nuuk á Grænlandi 24. september 1985. Með því var formfest samstarf landanna þriggja sem oft ganga undir nafninu Vestur-Norðurlönd (Vestnorden). Á aðalfundi ráðsins árið 1997 var nafninu breytt í Vestnorræna ráðið þegar samþykktur var nýr stofnsamningur í þjóðþingum aðildarlandanna. Við þær breytingar voru einnig samþykktar nýjar vinnureglur og markmið samstarfsins skerpt.

Markmið ráðsins eru að starfa að hagsmunum Vestur-Norðurlanda, gæta auðlinda og menningar Norður-Atlantshafssvæðisins, fylgja eftir samvinnu ríkisstjórna og landsstjórna landanna og vera þingræðislegur tengiliður milli vestnorrænna samstarfsaðila. Vestnorræna ráðið hefur ályktað um ýmis mál, þar á meðal umhverfismál, auðlinda- og samgöngumál, menningarmál og íþrótta- og æskulýðsmál, svo að fátt eitt sé nefnt.

Í Vestnorræna ráðinu sitja átján þingmenn, sex frá hverju aðildarríki. Vestnorræna ráðið kemur saman til ársfundar sem fer með æðsta ákvörðunarvald ráðsins. Þriggja manna forsætisnefnd, skipuð formanni landsdeildar hvers aðildarríkis, stýrir starfi ráðsins á milli ársfunda. Ráðið heldur árlega þemaráðstefnu þar sem sérstakt málefni er tekið fyrir og getur auk þess skipað vinnunefndir um tiltekin mál. Í starfi sínu í Vestnorræna ráðinu leitast þingmenn við að ná fram markmiðum sínum með ályktunum og tilmælum til ríkisstjórna og landsstjórna, virkri þátttöku í norrænu og evrópsku samstarfi, samvinnu við norðurheimskautsstofnanir og skipulagningu á ráðstefnum og fundum.

3. Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.

Í upphafi árs 2008 skipuðu Íslandsdeildina eftirtaldir þingmenn sem aðalmenn: Karl V. Matthíasson formaður, þingflokki Samfylkingarinnar, Árni Johnsen varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Guðni Ágústsson, þingflokki Framsóknarflokks, Guðjón A. Kristjánsson, þingflokki Frjálslynda flokksins, Guðbjartur Hannesson, þingflokki Samfylkingarinnar, og Jón Gunnarsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Varamenn voru Ásta R. Jóhannesdóttir, þing-

flokki Samfylkingarinnar, Herdís Þórðardóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Bjarni Harðarson, þingflokki Framsóknarflokks, Jón Magnússon, þingflokki Frjálslynda flokksins, Katrín Júlíusdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Kristján Þór Júlíusson, þingflokki Sjálfstæðisflokks. Þær mannabreytingar urðu í Íslandsdeild að Birkir J. Jónsson tók við af Guðna Ágústssyni eftir að Guðni tilkynnti 17. nóvember í bréfi til forseta Alþingis að hann hefði sagt af sér þingmennsku. Varamaður Birkis varð Höskuldur Þórhallsson. Magnea Marinósdóttir gegndi starfi ritara Íslandsdeildar.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins hélt þrjá fundi á árinu. Bar hæst undirbúning fyrir þemaráðstefnu um björgunarmál í Norður-Atlantshafi og ársfundinn sem haldinn var í Grundarfirði í lok sumars þar sem Íslandsdeildin lagði fram þrjár ályktunartillögur. Jafnframt lagði Íslandsdeildin fram tillögu um eftirfylgni á vettvangi Norðurlandsráðs við ályktun Vestnorræna ráðsins og þemaráðstefnu um björgunar- og öryggismál á Norður-Atlantshafi og tillögu um þema fyrir næstu þemaráðstefnu sem báðar voru samþykktar á fundinum. Að lokum tóku Færeyjar við formennsku Vestnorræna ráðsins af Íslandi á fundinum.

4. Fundir Vestnorræna ráðsins 2008.

Vestnorræna ráðið hélt að venju þemaráðstefnu í júní og ársfund í ágúst. Þá voru haldnir sex forsætisnefndarfundir á árinu auk þess sem forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins átti fund með sendinefnd Evrópuþingsins og forsætisnefnd Norðurlandaráðs. Að lokum var haldinn einn fundur á vegum endurskoðunarnefndar Vestnorræna ráðsins sem Árni Johnsen varaformaður átti sæti í.

Forsætisnefndarfundur 9. janúar í Kaupmannahöfn.

Fyrsti fundur forsætisnefndar undir forsæti Karls V. Matthíassonar var haldinn í húsakynnum sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn. Formenn landsdeilda Færeyja og Grænlands, þeir Hendrik Old og Jonathan Motzfeldt, voru einnig á fundinum auk ritara landsdeildanna og framkvæmdastjóra ráðsins, Þórðar Þórarinssonar.

Svavar Gestsson sendiherra bauð nefndarmenn velkomna í upphafi fundar. Hann gerði síðan stutta grein fyrir starfsemi sendiráðsins og greindi frá fyrirhuguðum fundi utanríkisráðherra Íslands og Grænlands í maí. Eftir að sendiherrann lauk máli sínu var fundur forsætisnefndar settur. Fyrsta mál á dagskrá voru tillögur að reglum fyrir afmælissjóð Vestnorræna ráðsins. Sjóðurinn var stofnaður í tilefni 10 ára afmælis ráðsins árið 2007. Markmið sjóðsins er að stuðla að gagnkvæmum heimsóknum vestnorrænna skólabarna milli Vestur-Norðurlandanna. Framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins kynnti drög að reglum um sjóðinn að fyrirmynd Vestnorræna barna- og unglingabókaverðlaunasjóðsins sem hann hafði unnið í samráði við formann og ritara landsdeildar Grænlands. Fundurinn samþykkti reglurnar að teknu tilliti til tveggja athugasemda sem komu fram á fundinum frá formanni landsdeildar Grænlands.

Næst voru teknar til umræðu ályktanir Vestnorræna ráðsins sem nokkurs misskilnings hefur gætt um. Má þar nefna ályktun ráðsins nr. 3/2007 um samvinnu á sviði öryggis- og björgunarmála. Sú ályktun var felld í grænlenska landsþinginu á grundvelli þess að björgunarmál væru ekki á forræði Grænlands heldur Danmerkur. Formenn landsdeilda Vestnorræna ráðsins voru á einu máli um að ályktunin hefði verið felld á röngum forsendum, þ.e. að þrátt fyrir að björgunarmál væru fyrst og fremst á forræði Danmerkur gætu Grænlendingar samt sem áður óskað eftir nánara samstarfi milli landa við Norður-Atlantshaf um björgunar- og öryggismál hafsins. Í því sambandi benti Jonathan Motzfeldt á að þrátt fyrir að Danmörk bæri formlega ábyrgð á björgunarmálum væri hvert sveitarfélag í landinu hluti af almanna-

varnakerfi Grænlands á sviði leitar og björgunar. Í framhaldinu var rætt um að leggja ályktunartillögur fram með góðum fyrirvara þannig að allar landsdeildir hefðu tök á því að kynna sér efni þeirra vel fyrir ársfund og skapa þar með forsendur fyrir góða málefnaumræðu og koma í veg fyrir misskilning. Framkvæmdastjórinn benti jafnframt á mikilvægi þess að landsdeildirnar kæmu tímanlega fram með tillögur að þeim málum sem ársfundurinn vildi leggja fram til umræðu á Norðurlandaráðsþingi á grundvelli samstarfssamnings ráðanna. Að lokum var rætt hvernig best væri hægt að tryggja framgang ályktana Vestnorræna ráðsins. Fundarmenn voru sammála um að eiga sérstaka fundi með ráðherrum þegar búið væri að leggja ályktanirnar formlega fram til þeirra. Einnig var samþykkt að formaður Vestnorræna ráðsins heimsækti öll löndin annað hvert ár til að kynna efni ályktana ráðsins og fá viðbrögð ráðherra við þeim.

Karl V. Matthíasson greindi því næst frá forsætisnefndarfundi Norðurlandaráðs um öryggis- og björgunarmál sem haldinn var í Reykjavík 14. desember og hann tók þátt í sem formaður Vestnorræna ráðsins. Að hans sögn var frumkvæði Vestnorræna ráðsins um öryggis- og björgunarmál með vísan í ályktun Vestnorræna ráðsins nr. 3/2007 lofað af Dagfinn Høybråten, forseta Norðurlandaráðs. Karl kynnti því næst drög að dagskrá þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins í Færeyjum um leitar- og björgunarmál í Norður-Atlantshafi. Dagskráin gerði ráð fyrir þátttöku ráðherra og þeirra sem sjá um landhelgisgæslu, björgun og leit á öllum Vestnorrænu löndunum, auk þátttakenda frá Danmörku, Noregi, Bandaríkjunum, Kanada og Rússlandi, Norðurlandaráði, norrænu ráðherranefndinni og norræna Atlantssamstarfinu (NORA). Fundurinn samþykkti að formaðurinn mundi vinna endanlega dagskrá þemaráðstefnunnar í samstarfi við framkvæmdastjóra ráðsins.

Þemadagur um sögu og menningu Vestur-Norðurlanda, sem búið var að ákveða að halda samhliða ársfundi ráðsins á Grundarfirði, kom næst til umræðu. Formaðurinn greindi frá því að allar líkur væru á því að aukafjárveiting upp á 500 þús. kr. yrði veitt frá Alþingi til að halda ráðstefnuna. Formenn annarra landsdeilda töldu einnig allar líkur á því að mótframlag upp á 250 þús. kr. yrði samþykkt í þeirra landsþingum. Framkvæmdastjóri ráðsins lagði áherslu á að afgreiðsla á fjárframlagi til þemadagsins yrði afgreitt sem fyrst til að hægt væri að hefja undirbúning. Hann greindi einnig frá því að vinna við bók um sögu Vestur-Norðurlandanna gengi vel en til stendur að bókin komi út haustið 2009.

Framkvæmdastjórinn upplýsti að val á verðlaunahafa Vestnorræna barna- og unglingabókaverðlaunanna hefði fengið mikla og jákvæða umfjöllun í fjölmiðlum og bókmenntatímaritum.

Formaðurinn greindi því næst frá efni bréfs dags 5. desember 2007 sem Bilyana Raeva, formaður SIN/EEA-sendinefndar Evrópuþingsins, hefði sent til Hans-Gert Pöttering, forseta Evrópuþingsins, eftir fundi hennar og Jens-Peter Bonde, varaformanns sendinefndarinnar, með formanni Vestnorræna ráðsins á Norðurlandaráðsþinginu í Osló í lok október 2007. Tilefni fundanna var tilmæli Vestnorræna ráðsins til Evrópuþingsins um að bæta upplýsingaflæði til Evrópuþingsins um málefni norðurslóða með því að koma á fót sérstakri upplýsingaskrifstofu eða formlegum samskiptum við Vestnorræna ráðið. Í bréfinu er lagt til að sendinefnd Evrópuþingsins, sem sér m.a. um formleg samskipti við Norðurlandaráð og þingmannaráðstefnuna um norðurskautsmál, taki einnig að sér formleg samskipti við Vestnorræna ráðið. Forsætisnefndarfundurinn samþykkti að fela formanninum að beita sér fyrir því að eiga fund með sendinefnd Evrópuþingsins til að ræða málið frekar þegar sendinefndin kæmi til fundar við þingmannanefnd EES á Íslandi í lok apríl. Jonathan Motzfeldt, sem átti frumkvæðið að tilmælum Vestnorræna ráðsins til Evrópuþingsins og Evrópusambandsins, lýsti yfir ánægju sinni með árangurinn en lagði samtímis áherslu á að reynt yrði að fá upp-

runalega tillögu sína um stofnun sérstakrar upplýsingaskrifstofu á vegum ESB um málefni norðurslóða samþykkta.

Áður en fundi var slitið voru Henrik Old, formanni færeysku landsdeildarinnar, þökkuð vel unnin störf en hann lét af þingmennsku eftir kosningarnar 19. janúar og hafði þá starfað með Vestnorræna ráðinu frá stofnun. Sem kveðjugjöf fékk hann ljósmyndabók um Ísland og kort frá árinu 1775 af Vestur-Norðurlöndunum. Jafnframt voru Ole Stavad færðar þakkir fyrir vel unnin störf í þágu Vestur-Norðurlandanna sem fulltrúa Norðurlandaráðs á fundum Vestnorræna ráðsins en hann hafði þá nýverið látið af þingmennsku í danska þinginu.

Forsætisnefndarfundur 28. apríl í Reykjavík.

Annar fundur forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins var haldinn í húsakynnum Alþingis. Formaður Vestnorræna ráðsins, Karl V. Matthíasson, stjórnaði fundi en auk hans voru á fundinum Kári P. Højgaard, nýr formaður landsdeildar Færeyja, og Ruth Heilmann, forseti Landsþings Grænlands og nýr formaður landsdeildar Grænlands. Auk formannanna voru á fundinum ritarar landsdeildanna og Þórður Þórarinsson, framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins.

Fyrir fund sinn átti forsætisnefnd fyrst fundi með Lasse Reimann, sendiherra Danmerkur á Íslandi, og Gunnvør Balle, sendiherra Færeyja á Íslandi. Fundirnir fóru fram í danska sendiráðinu og færeysku sendiskrifstofunni þar sem m.a. var rætt um fyrirhugaða þemaráðstefnu ráðsins um öryggis- og björgunarmál.

Fyrsta mál forstætisnefndarfundar var hins vegar umfjöllun um eftirfylgni og framkvæmd ályktana Vestnorræna ráðsins. Kom fram í máli formanns og framkvæmdastjóra að framkvæmdarvaldið héldi að sér höndum þangað til ályktanir Vestnorræna ráðsins hefðu hlotið formlega afgreiðslu í þingunum. Þannig hefði sein afgreiðsla í þingunum hamlandi áhrif á eftirfylgni og framkvæmd ályktana Vestnorræna ráðsins. Sem dæmi hefðu ályktanir Vestnorræna ráðsins frá ársfundinum 2007 fyrst verið endanlega afgreiddar frá Alþingi allt að ári síðar. Af því leiddi að ályktun kæmi ekki til framkvæmda fyrr en í fyrsta lagi ári eftir að hún væri upprunalega samþykkt. Fundurinn ákvað að forsætisnefnd mundi gera það að tillögu sinni á ársfundi að samþykkt yrðu tilmæli um að ályktanir Vestnorræna ráðsins yrðu afgreiddar fyrir áramót í þingunum til að flýta fyrir framkvæmd þeirra.

Formennirnir ræddu einnig mikilvægi þess að láta einstaka þingmenn landsdeildanna gera grein fyrir ályktunum Vestnorræna ráðsins í þingunum, m.a. til að koma í veg fyrir allan misskilning um efni þeirra. Einnig voru áréttuð þau tilmæli til landsdeildanna að koma ályktunartillögum sínum á framfæri hver við aðra með góðum fyrirvara þannig að hægt væri að koma á framfæri athugasemdum eða breytingartillögum a.m.k. mánuði fyrir ársfund.

Formanni ráðsins og framkvæmdastjóra var því næst falið að vinna greinargerð um ályktun ráðsins um stofnun norræns lýðháskóla á Vestur-Norðurlöndunum í samvinnu við þá sem áttu frumkvæði að málinu með það að markmiði að leiðrétta misskilning um efni hennar.

Framkvæmdastjórinn vék því næst að endurskoðunarnefnd ráðsins sem sett var á laggirnar til að endurskoða bæði gildar og ógildar ályktanir ráðsins með það fyrir augum að sameina efni þeirra í eina eða tvær nýjar ályktanir ef efni stæðu til. Upplýsti hann að nefndin mundi hittast fyrir þemaráðstefnuna í júní í Færeyjum. Á þeim fundi mundi nefndin skipta með sér verkum og hittast síðan aftur þremur vikum síðar á vinnufundi til að ljúka störfum sínum fyrir næsta ársfund. Í nefndinni átti Árni Johnsen sæti fyrir hönd Íslands, Andrias Petersen fyrir hönd Færeyja og Thomas Kristensen fyrir hönd Grænlands.

Stofnun afmælissjóðs Vestnorræna ráðsins var næst tekin á dagskrá. Kom fram að forsætisnefnd Alþingis hefði samþykkt stofnun sjóðsins fyrir sitt leyti og sent áleiðis tillögu til fjárlaganefndar fyrir fjárlagaárið 2009. Sömu sögu væri að segja frá Grænlandi en óvíst var um stöðuna í Færeyjum að sögn Kára Højgaard sem sagði jafnframt að hann mundi kanna málið fljótlega. Því næst vék framkvæmdastjórinn að því að ekkert þinganna hefði samþykkt aukafjárveitingu til að halda þemadag um sameiginlega sögu og menningu Vestur-Norðurlandanna í tengslum við næsta ársfund. Fundurinn ákvað að ganga í málið þar sem ekki væri hægt að hefja undirbúning og skipulagningu dagsins án þess að fyrir lægi fjárveiting. Í tengslum við umræðuna um þemadaginn stakk Ruth Heilmann upp á því að Vestnorræna ráðið stofnaði til vestnorræns dags sem haldinn yrði hátíðlegur árlega í öllum löndunum. Vísaði hún til vestnorræna dagsins sem haldinn var í annað sinn á Íslandsbryggju í Kaupmannahöfn helgina 26. og 27. apríl þar sem hvert Vestur-Norðurlandanna var með sinn landkynningarbás, auk þess sem matur og munir frá löndunum þremur voru seldir á staðnum, tónlistaratriði flutt og fleira. Rætt var um að halda fyrsta vestnorræna daginn hátíðlegan þegar bókin um sameiginlega sögu og menningu Vestur-Norðurlandanna verður gefin út haustið 2009. Síðar yrði tekin ákvörðun um hvaða dagur yrði fyrir valinu og hvernig hann yrði skipulagður. Ein hugmyndin var að halda árlega upp á daginn á öllum Vestur-Norðurlöndunum, en halda hann sérstaklega hátíðlegan í einu þeirra hvert ár. Einnig kom sú spurning fram hvort betra væri að ráða verkefnisstjóra til að skipuleggja daginn eða stofna undirbúningsnefnd. Fundurinn ákvað að forsætisnefnd mundi gera það að tillögu sinni á ársfundi að stofnað yrði til árlegs vestnorræns dags en láta frekari umræðu um skipulag bíða betri tíma.

Í umræðu um barna- og unglingabókaverðlaun Vestnorræna ráðsins kom fram í máli framkvæmdastjóra að verið væri að þýða bækurnar sem útnefndar voru frá hverju landi fyrir sig á tungumál hinna tveggja auk þess sem verið væri að þýða allar bækurnar á dönsku.

Framkvæmdastjórinn kynnti þarnæst endurskoðaða ársreikninga ráðsins. Í máli hans kom fram að tekjuafgangur væri um 60 þúsund danskar krónur frá árinu 2008. Hann væri tilkominn vegna styttri og þar af leiðandi ódýrari ferða á vegum ráðsins. Ferðir formanns og framkvæmdastjóra yrðu hins vegar dýrari árið 2008 þar sem áfangastaðir væru lengra í burtu en árinu áður og voru Alaska og Rússland nefnd sem dæmi. Formaður Vestnorræna ráðsins gerði það því að tillögu sinni við forsætisnefndarfund að tekjuafgangur ráðsins frá árinu 2007 yrði fluttur yfir til ársins 2008 til að standa straum af auknum kostnaði ef nauðsyn krefði. Fundurinn samþykkti tillögu formanns. Í sambandi við þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins í júní kom fram í máli framkvæmdastjóra að allur undirbúningur gengi vel og að verið væri að skipuleggja sameiginlega björgunaræfingu á lokadegi ráðstefnunnar þar sem leitar- og björgunarsveitir frá öllum Vestur-Norðurlöndunum mundu taka þátt.

Fundurinn ákvað að lokum að allir þingmenn Vestnorræna ráðsins ættu að hafa aðgang að fundargerðum frá forsætisnefndarfundum og að formleg tillaga þess efnis yrði borin upp á næsta forsætisnefndarfundi.

Fundur forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins og sendinefndar Evrópuþingsins 28. apríl í Reykjavík.

Forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins átti sinn fyrsta formlega fund með sendinefnd Evrópuþingsins (SIN/EEA-nefndinni) hérlendis 28. apríl. Fundurinn er hluti af reglulegum samskiptum sem ákveðið var að efna til að tillögu formanns Vestnorræna ráðsins við formann sendinefndarinnar, þingkonuna Bilyana Raeva frá Búlgaríu. Hún setti fundinn með þeim orðum að það væri þingmönnum Evrópuþingsins gleðiefni að vera mætt til fundar við Vestnorræna ráðið. Eftir formlega kynningu á sendinefnd Evrópuþingsins og forsætisnefnd Vest-

norræna ráðsins hófst umræða um þau mál sem voru á dagskrá þessa fyrsta fundar. Þingmenn sendinefndarinnar héldu framsögu um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á norðurslóðum, um stefnumótun á sviði siglinga og öryggismála í norðurhöfum og að lokum um viðgang og verndun þjóðmenningar innan ramma hinnar norðlægu víddar ESB.

Karl V. Matthíasson, formaður Vestnorræna ráðsins, tók næstur til máls. Hann tók undir orð formanns sendinefndarinnar og sagði að honum væri það sérstök ánægja að taka á móti sendinefndinni á Íslandi. Því næst vék hann að mikilvægi þess að Evrópusambandið kæmi í auknum mæli að tveimur málaflokkum. Í fyrsta lagi að björgunar- og öryggismálum í Norður-Atlantshafi og í öðru lagi að greiningu og úrlausn félagslegra vandamála frumbyggja á norðurslóðum, sem og mótun og framkvæmd fyrirbyggjandi aðgerða.

Þingmennirnir voru sammála um að margir snertifletir samstarfs væru til staðar milli Vestnorræna ráðsins og Evrópuþingsins. Formaður sendinefndarinnar lagði áherslu á að ráðstefnur Evrópuþingsins væru kjörinn vettvangur fyrir vestnorræna þingmenn til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Varaformaður sendinefndarinnar, Jens-Peter Bonde, bætti því við að gagnkvæm boð á fundi og ráðstefnur væru liður í því að tryggja sem best samstarf Evrópuþingsins og Vestnorræna ráðsins til frambúðar. Hann benti jafnframt á að Færeyjar og Grænland, jafnvel undir hatti Vestnorræna ráðsins, gætu stofnað sínar eigin sendiskrifstofur í Evrópuþinginu óháð danska utanríkisráðuneytinu. Það mundi veita þjóðunum möguleika á því að fylgjast millilíðalaust með umræðunni í Evrópuþinginu um mál sem snertu hagsmuni landanna beint. Föst viðvera innan þingsins gæfi jafnframt sendifulltrúum færi á að mynda sambönd við aðra sendifulltrúa og ekki síst þingmenn sem eiga sæti í fastanefndum þingsins þar sem unnið er að löggjöf ESB. Þar með væri opnað á þann möguleika að hafa áhrif á stefnumótun og löggjöf innan sambandsins þar sem Evrópuþingið gegnir sífellt mikilvægara hlutverki eftir því sem lýðræðishallinn svonefndi innan ESB er réttur af. Nefndi hann Lissabon-sáttmálann til sögunnar í því sambandi en hann tekur til breytinga á skipulagi og starfsháttum stofnana ESB og þar með valdahlutföllum innan bandalagsins. Sem dæmi um aðkomu að mikilvægum málaflokki fyrir Vestur-Norðurlöndin nefndi hann nefnd um loftslagsbreytingar sem nýverið hafið verið sett á stofn og einn þingmaður sendinefndarinnar ætti sæti í. Myndun slíkra tengsla væri mikið hagsmunamál þegar kæmi að upplýsingagjöf og áhrifum ekki síst í ljósi þess að um 300 nefndir og vinnuhópar starfa í þinginu og alls 3.094 á vegum framkvæmdastjórnar ESB.

Alyn Smith, skoskur þingmaður og framsögumaður um stefnumótun um málefni hafsins, tók undir orð Bonde. Hann lýsti því yfir að Vestnorræna ráðið hefði mikið fram að færa á ýmsum sviðum, ekki síst hvað málefni hafsins snerti. Hann bætti því við að skoska þingið hefði jafnvel áhuga á að fá aðild að Vestnorræna ráðinu og vísaði sérstaklega til Orkneyja og Hjaltlands í því sambandi. Samkvæmt því sem kom fram í máli framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins hefur aðild Skotlands í formi áheyrnaraðildar áður komið til tals en engar ákvarðanir verið teknar.

Formaður sendinefndarinnar bauð því næst þingmönnum Vestnorræna ráðsins á þingmannaráðstefnu um norðlægu víddina sem verður haldin vorið 2009. Að lokum kynnti formaður Vestnorræna ráðsins dagskrá þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins í júní og bauð sendinefnd Evrópuþingsins að senda fulltrúa sinn á ráðstefnuna sem formaðurinn þáði fyrir hönd sendinefndarinnar.

Þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins um leitar- og björgunarsamstarf á Norður-Atlantshafi 5.–8. júní í Þórshöfn í Færeyjum.

Vestnorræna ráðið hélt árlega þemaráðstefnu sína í Þórshöfn í Færeyjum dagana 5.–8. júní. Ráðstefnuna sóttu vestnorrænir þingmenn, ráðherrar utanríkismála í Færeyjum og Grænlandi, Høgni Hoydal og Aleqa Hammond, sjávarútvegsráðherra Færeyja, Tórbjørn Jacobsen, þingmenn annarra Norðurlanda og fulltrúar Norðurlandaráðs og yfirmenn leitar- og björgunarmála Vestur-Norðurlanda auk sérfræðinga. Fyrir hönd Íslandsdeildar sóttu fundinn Karl V. Matthíasson formaður, Árni Johnsen varaformaður, Guðni Ágústsson, Jón Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson og Ásta R. Jóhannesdóttir sem varamaður Guðbjarts Hannessonar, auk Magneu Marinósdóttur, ritara Íslandsdeildar.

Þema ráðstefnunnar var björgunarviðbúnaður á Norður-Atlantshafi og möguleikar á að styrkja fjölþjóðlegt samstarf um leitar- og björgunarmál. Í tengslum við ráðstefnuna fór einnig fram björgunaræfing 8. júní með þátttöku Slysavarnafélagsins Landsbjargar og færeyskra systrasamtaka þess, Landhelgisgæslu Íslands og færeysku landhelgisgæslunnar, auk færeyskrar stjórnstöðvar danska sjóhersins.

Formaður Vestnorræna ráðsins, Karl V. Matthíasson, setti ráðstefnuna. Í ræðu sinni vék hann að tíðari komum skemmtiferða- og flutningaskipa til Norður-Atlantshafssvæðisins sem skapaði aukna mengunar- og slysahættu. Lagði hann áherslu á mikilvægi þess að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða og eiga fjölþjóðlegt samstarf um gerð leitar- og björgunaráætlana sem tækju mið af þessum veruleika.

Trausti Valsson, skipulagsfræðingur og dósent við verkfræðideild við Háskóla Íslands, gerði því næst grein fyrir þeirri þróun sem er að verða á norðurslóðum vegna hlýnunar loftslags, einkum auknum aðgangi að náttúruauðlindum og tilkomu nýrra siglingaleiða yfir norðurpólinn. Máli sínu til stuðnings setti hann fram tölulegar upplýsingar um fjölda skemmtiferðaskipa sem komu til Reykjavíkur á tímabilinu 1986–2005. Árið 1986 komu 19 skip með 7.740 farþega um borð en árið 2005 komu 77 skip með 54.795 farþega.

Þórður Þórarinsson, framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins, gerði síðan grein fyrir valinu á þema ráðstefnunnar með vísan til mögulegra afleiðinga þeirra breytinga sem Trausti fjallaði um í erindi sínu, fyrir öryggi á hafi úti á norðurslóðum.

Að loknu erindi framkvæmdastjórans tóku yfirmenn landhelgisgæslu á Vestur-Norðurlöndunum til máls, þeir Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslu Íslands, Ásgrímur L. Ásgrímsson, yfirmaður Vaktstöðvar siglinga hjá Landhelgisgæslu Íslands, Robert Jørgen Olsen, forstjóri landhelgisgæslu Færeyja, Henrik Bunde Kudsk, yfirmaður grænlenskrar stjórnstöðvar danska sjóhersins, og Per Starklint, yfirmaður færeyskrar stjórnstöðvar danska sjóhersins, auk Bente Michaelsen frá norska dómsmálaráðuneytinu. Í erindum sínum veittu þau upplýsingar um þann björgunarviðbúnað sem fyrir hendi er hjá hverri stofnun fyrir sig og þar með yfirlit yfir stöðu öryggis- og björgunarmála á Norður-Atlantshafssvæðinu.

Í framsögu þeirra allra kom fram að nú þegar væri samkomulag til staðar milli stofnana um samvinnu um leit og björgun á hafi. Vestur-Norðurlöndin eiga samstarf á grundvelli tveggja samkomulaga frá árunum 1996 og 2007 sem gilda á milli Landhelgisgæslu Íslands og danska sjóhersins sem sér um landshelgisgæslu, leit og björgun, utan þriggja sjómílna lögsögu Grænlands og tólf mílna lögsögu eða landhelgi Færeyja. Færeyingar eiga síðan samstarf við danska sjóherinn og Skotland samkvæmt sérstöku samkomulagi sem var gert eftir að færeyska heimastjórnin tók við björgunarmálum af danska sjóhernum innan landhelgi Færeyja 2. apríl 2002 og almannavörnum 1. janúar 2007. Íslenska landhelgisgæslan á samvinnu við bandarísku landhelgisgæsluna samkvæmt sérstakri bókun og landhelgisgæslu Svíþjóðar og Noregs samkvæmt óformlegu samkomulagi en í máli Bente Michaelsen kom fram

að Norðmenn væru í auknum mæli að færa viðbúnað sinn norðar vegna þeirra breytinga sem nú verða vegna hlýnunar. Þá á Landhelgisgæsla Íslands aðild að Samtökum um landhelgisgæslu við Norður-Atlantshaf (e. North-Atlantic Coast Guard Forum) sem er vettvangur fyrir samráð og stefnumótun mismunandi vinnuhópa innan samtakanna. Landhelgisgæsla Íslands verður í formennsku í samtökunum árið 2009.

Bogi Elíason frá Færeyjum veitti yfirlit yfir samninga á sviði leitar og björgunar. Í erindi sínu gerði hann greinarmun á alþjóðlegum, svæðisbundnum og tvíhliða samningum milli ríkja og samningum sem stofnanir eða deildir gera sín á milli. Alþjóðlegir samningar sem hann tilgreindi voru hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna frá 1958, samningar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um flugslys og samningar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar frá 1974 um öryggi mannslífa á hafinu (SOLAS) og frá 1979 um leit og björgun á sjó (SAR). Sá síðastnefndi er rammasamningur þar sem kveðið er á um að nágrannaríki geri með sér nánari tvíhliða og svæðisbundna samninga. Í máli Boga kom fram að erfitt væri að fá yfirsýn yfir þá samninga sem ríki gera með sér á grundvelli rammasamninga. Eingöngu 29 slíkir sérsamningar væru skráðir hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni. Bogi nefndi að lokum sérstaklega samning sem Bretland, Bandaríkin og Kanada gerðu með sér á sínum tíma og Ísland, Spánn og Portúgal hefðu óskað eftir að fá aðild að. Að hans mati væri æskilegt að fá Færeyjar og Grænland einnig um borð ef til kæmi. Á sama tíma varaði hann við því að ganga inn í kerfi sem hugsanlega hentaði ekki öllum Vestur-Norðurlöndunum jafnt eða gerði það að verkum að þau misstu áhrif um sín eigin mál.

Niðurstaða ráðstefnunnar var að mikið og gott samstarf væri til staðar um björgunar- og öryggismál hafsins. Hins vegar væri þörf á að búa til heildstætt yfirlit yfir þau lög og reglur sem ná til siglinga, efla alþjóðlegt samstarf um björgunarmál og æfingar og gera aðgerðaáætlun um hvernig viðbrögðum og samstarfi skuli vera háttað milli landa í tilviki meiri háttar sjóslysa. Ferðir skemmtiferðaskipa við strendur Grænlands var tekið sem dæmi um nauðsyn aukins samstarfs og gerð neyðaráætlana. Þau sigla mörg hver mjög nálægt ísjökum og í sumum tilvikum sé ferðamönnum jafnvel leyft að klifra upp á ísjaka. Það skapaði augljóslega mikla slysahættu. Í máli yfirmanns stjórnstöðvar danska sjóhersins á Grænlandi kom fram að stöðin gæfi út viðvaranir til skipstjóra. Vandamálið væri hins vegar að engin bindandi lög eða reglur giltu um siglingar á hafsvæðinu við Grænland innan þriggja sjómílna og að sama skapi engin viðurlög. Það væri hlutverk heimastjórnarinnar að setja lög og reglur sem gilda innan þriggja sjómílna til að fyrirbyggja hugsanleg stórslys, til að mynda lög um mörkun viðkvæmra svæða, öruggar sjóleiðir og leiðsögumenn um borð. Það sama gilti um búnað skipa eins og það hvort skip eru með einfaldan eða tvöfaldan byrðing. Alþjóðlegar reglur vantaði um slíkan búnað sem skipti miklu máli þegar kemur að öryggi siglinga á hafissvæðum. Aleqa Hammond, utanríkisráðherra Grænlands, lýsti því yfir í kjölfarið að hún ætlaði að ræða stöðu björgunarmála við dönsk yfirvöld, enda væri von á um 55 skemmtiferðaskipum til Grænlands sumarið 2009. Í framhaldinu lagði Høgni Hoydal, utanríkisráðherra Færeyja, til nánari samvinnu á sviði leitar- og björgunarmála meðal Vestur-Norðurlandanna og Noregs sem yrði útvíkkuð til allra þeirra sem aðild eiga að Norðurlandaráði þegar fram liðu stundir, með það að markmiði að leggja fram sameiginlegar tillögur til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um siglingaöryggi.

Á lokadegi ráðstefnunnar gerði Jón Gunnarsson alþingismaður grein fyrir starfsemi og skipulagi Landsbjargar og leitar- og björgunarsveita á Íslandi. Voru menn sammála um að kanna skyldi möguleika á gerð samninga milli Vestur-Norðurlandanna um gagnkvæma björgunaraðstoð, sameiginlegar æfingar og samvinnu um kaup á björgunarbúnaði að fyrirmynd samkomulags sem er fyrir hendi á milli Íslands og Noregs.

Ársfundur Vestnorræna ráðsins 25.–28. ágúst í Grundarfirði.

Ársfundur Vestnorræna ráðsins fór fram dagana 25.–28. ágúst í Grundarfirði. Fundinn sóttu fyrir hönd Íslandsdeildar Karl V. Matthíasson, formaður, Árni Johnsen, varaformaður, Guðbjartur Hannesson, Guðjón A. Kristjánsson, Jón Gunnarsson og Siv Friðleifsdóttir, auk Magneu Marinósdóttur, ritara Íslandsdeildar. Gestir fundarins voru Björgvin G. Sigurðsson, samstarfsráðherra Norðurlandanna, Kent Olsson, varaforseti Norðurlandaráðs og áheyrnarfulltrúi þess hjá Vestnorræna ráðinu, Gunnar Olav Ballo, varaforseti norska þingsins, Lars Thostrup, forstöðumaður norræna Atlantssamstarfsins (NORA) og Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Sérstakur dagskrárliður var reynsla Íslands og Færeyja af Hoyvíkursamningnum þar sem Høgni Hoydal, þáverandi ráðherra utanríkismála í Færeyjum, og Martin Eyjólfsson, sviðsstjóri viðskiptasviðs utanríkisráðuneytis Íslands, voru með framsögu.

Ársfundurinn hófst á því að þingmenn skipuðu sér í vinnuhópa til að taka afstöðu til vinnu endurskoðunarnefndar Vestnorræna ráðsins um eldri ályktanir þess. Eftir að niðurstöður vinnuhópanna höfðu verið kynntar gerðu formenn landsdeilda ráðsins grein fyrir starfseminni undanfarið ár. Formaður Íslandsdeildar fjallaði um undirbúning deildarinnar fyrir þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins um öryggis- og björgunarmál og þakkaði sérstaklega þeim Jóni Gunnarssyni þingmanni og Kristni Ólafssyni, framkvæmdastjóra Landsbjargar, fyrir þeirra framlag. Því næst gerði hann grein fyrir þeim þremur tillögum sem Íslandsdeildin lagði fyrir ársfundinn. Það var í fyrsta lagi eftirfylgni við ályktun ráðsins um öryggis- og björgunarmál og þemaráðstefnuna í formi tilmæla til Norðurlandaráðs um stofnun vinnuhópa á vegum norrænu ráðherranefndarinnar sem hefðu það hlutverk að vinna að mati á stöðu öryggismála á Norður-Atlantshafi annars vegar og að sameiginlegri viðbragðsáætlun í tilviki alvarlegra sjóslysa hins vegar. Í öðru lagi gerði hann grein fyrir tillögu Árna Johnsen, varaformanns, um að námsleiðir fyrir ófaglærða yrði þema næstu þemaráðstefnu ráðsins. Að lokum greindi hann frá tillögu um stuðningsyfirlýsingu við sjálfbærar veiðar, þ.m.t. hval- og selveiðar, sem var sett fram í ljósi þess að Íslendingar hófu atvinnuhvalveiðar vorið 2008. Jafnframt lá fyrir fundinum ályktunartillaga frá landsdeild Grænlands um stofnun vestnorræns dags.

Kosning nýs formanns og varaformanna fór fram eftir að ársreikningar höfðu verið samþykktir. Í ræðu sinni gerði fráfarandi formaður, Karl V. Matthíasson, m.a. grein fyrir samkomulagi Vestnorræna ráðsins og Evrópuþingsins um formleg samskipti sem gengið var frá í upphafi árs. Fyrsti formlegi fundur forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins og sendinefndarinnar var haldinn á Íslandi 28. apríl og lagði formaðurinn áherslu á að forsætisnefnd hæfi undirbúning fyrir næsta fund með sendinefndinni, sem yrði í Brussel í lok febrúar árið 2009. Jafnframt hvatti Karl til þess að hafinn yrði undirbúningur að 15 ára afmælishátíð ráðsins árið 2012. Gerði hann að tillögu sinni að framleitt yrði upplýsingaefni í máli og myndum um Vestur-Norðurlöndin, jafnvel stutt heimildarmynd, í tilefni afmælisins. Í umfjöllun um samstarfið við Norðurlandaráð sagði Karl að hann vonaði að tilmæli Vestnorræna ráðsins til Norðurlandaráðs um eftirfylgni við ályktun ráðsins um öryggis- og björgunarmál mundi fá jafngóðar undirtektir og ályktunin sjálf fékk árinu áður á Norðurlandaráðsþingi. Hann fagnaði aðkomu og áhuga Norðmanna á vestnorrænum málum og upplýsti að Vestnorræna ráðið hefði ákveðið að leita eftir stuðningi NORA til að vinna að undirbúningi þess að auka samstarf björgunarsveita sjálfboðaliða á Vestur-Norðurlöndum annars vegar og að koma á fót björgunarsveitum á Grænlandi hins vegar. Sagði hann það vera von sína að bæði markmiðin gætu orðið að veruleika. Í umfjöllun um þátttöku sína á fundum þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál sagði Karl að hann hefði í máli sínu lagt áherslu á áhrif loftslagsbreytinga, öryggis- og björgunarmál á hafi úti og félagsleg vandamál íbúa á norðurskautssvæðum. Það

hefði verið honum gleðiefni þegar hann heyrði af því að öryggis- og björgunarmál væru eitt málanna á dagskrá þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál sem haldin var í Fairbanks í Alaska dagana 12.–14. ágúst. Hann gerði að tillögu sinni að Vestnorræna ráðið legði í nánustu framtíð aukna áherslu á jafnréttismál, stöðu veiðimannasamfélaga Vestur-Norðurlandanna og lausnir á félagslegum vandamálum. Að lokum bauð hann nýkjörinn formann Vestnorræna ráðsins, Kára P. Højgaard, velkominn til starfa.

Nýr formaður hóf innsetningarræðu sína á því að óska Íslendingum til hamingju með silfurverðlaunin í handbolta á Ólympíuleikunum. Hann sagði að Færeyingar upplifðu sigurinn nánast sem sinn eigin og silfurverðlaunin væru mikil hvatning fyrir Færeyinga vegna þeirra nánu banda sem væru á milli þjóðanna. Því næst þakkaði hann fráfarandi formanni og framkvæmdastjóranum starf þeirra á liðnu starfsári og vék að áherslum fyrir næsta starfsár. Hann gerði fyrst að umtalsefni eftirfylgni við ályktanir ráðsins. Svör ráðherra Vestur-Norðurlandanna við spurningum um framgang ályktana Vestnorræna ráðsins sýndu að vissar brotalamir væru í meðförum sumra ráðuneyta. Í þeim tilvikum vildi formaðurinn beita sér fyrir upplýsingaherferð í samvinnu við forsætisnefnd og framkvæmdastjóra ráðsins þar sem m.a. samstarfssamningur ráðsins og ráðuneytanna í löndunum þremur yrði betur kynntur fyrir viðkomandi ráðuneytum. Því næst sagði formaðurinn að hann mundi vinna áfram að því að koma hagsmunamálum Vestur-Norðurlandanna á dagskrá annarra fjölþjóðastofnana í samræmi við áherslur ráðsins og vitnaði í orð fráfarandi formanns um að svæðisbundið samstarf væri ein forsenda þess að styrkja stöðu smáþjóða í stærra alþjóðlegu samhengi. Fyrsta verkefnið í því sambandi yrði að leggja fyrir forsætisnefnd Norðurlandaráðs tilmæli Vestnorræna ráðsins um stofnun vinnuhópa um siglingaöryggi og viðbragðsáætlun við stórslysum á sjó á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Í því sambandi sæi hann einnig fyrir sér nánara samstarf Vestur-Norðurlandanna við Vestur-Noreg. Að lokum mælti hann fyrir því að gerður yrði samningur við Evrópuþingið þar sem kveðið yrði nánar á um hvernig hátta skyldi samskiptum á milli þingsins og Vestnorræna ráðsins. Í því samhengi benti hann á að þemaráðstefnan væri t.d. mikilvægt tæki til að koma vestnorrænum málum og sjónarmiðum á framfæri við Evrópuþingið.

Í máli áheyrnarfulltrúa Norðurlandaráðs, Kent Olsson, kom fram ánægja með aukið pólitískt inntak í samstarfi Vestnorræna ráðsins og Norðurlandaráðs og nefndi frumkvæði Vestnorræna ráðsins um öryggis- og björgunarmál í því samhengi. Varaforseti norska stórþingsins, Gunnar Olav Ballo, lagði mikla áherslu á mikilvægi norrænnar samvinnu almennt og vilja Noregs til að vinna með Vestur-Norðurlöndunum að sameiginlegum hagsmunamálum. Nefndi hann Barnahúsið á Íslandi sem dæmi um hvort tveggja en í Noregi hafa þrjú barnahús risið að íslenskri fyrirmynd.

Í ræðu Björgvins G. Sigurðssonar, samstarfsráðherra Norðurlandanna, kom fram ánægja með það góða og nána samstarf sem Íslendingar eiga við nágranna sína til vesturs innan Vestnorræna ráðsins sem auk funda norrænu samstarfsráðherranna væri mikilvægur vettvangur til að eiga samráð og samvinnu um mikilvæg hagsmunamál. Forstöðumaður NORA sagði frá hlutverki og helstu verkefnum NORA og fyrirhugaðri samvinnu NORA við Vestnorræna ráðið um aukna samvinnu vestnorrænna björgunarsveita. Fundinum lauk með erindi Kristins Ólafssonar, framkvæmdastjóra Landsbjargar, um skipulag björgunarsveita Landsbjargar og heimsókn á æfingasvæði Landsbjargar á Gufuskálum.

Að beiðni landsdeildar Grænlands var reynslan af Hoyvíkursamningnum sérstakur liður á dagskrá ársfundar Vestnorræna ráðsins 27. ágúst. Anthon Frederiksen, þingmaður frá Grænlandi, sagði að beiðnin væri m.a. tilkomin vegna takmarkana landsstjórnarinnar og embættismannakerfisins á Grænlandi til að meta samninginn út frá hagsmunum Grænlands.

Það væri því mikilvægt fyrir þingmennina að heyra um reynslu Íslendinga og Færeyinga af fríverslunarsamningnum milli landanna sem tók gildi í nóvember 2006.

Høgni Hoydal, þáverandi ráðherra utanríkismála í Færeyjum, og Martin Eyjólfsson, sviðsstjóri viðskiptasviðs utanríkisráðuneytis Íslands, voru frummælendur á fundinum. Þeir voru sammála um að samningurinn, sem nær til allra sviða að landbúnaði og sjávarútvegi undanskildum, virkaði almennt vel. Martin upplýsti að inn- og útflutningur hefði ekki aukist til muna eftir að samningurinn tók gildi. Ástæðan væri sú að viðskipti milli landanna hefðu þegar verið orðin nokkuð mikil áður en samningurinn tók gildi og að landbúnaður og sjávarútvegur væru ennþá undanskilin samningnum. Á sama tíma fengju úrlausnarefni á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs mesta opinbera umfjöllun, t.d. bann við innflutningi eggja frá Færeyjum til Íslands og útflutningi hvalkjöts frá Íslandi til Færeyja. Þetta skyggði nokkuð á ávinning samningsins sem að mati Martins væri mestur á tveimur sviðum enn sem komið væri.

Í fyrsta lagi væri ávinningur á sviði þjónustusamninga. Sem dæmi hefði samningurinn gert ríkisspítölum Íslands og Færeyja kleift að gera með sér þjónustusamning sem veitir m.a. krabbameinssjúklingum frá Færeyjum möguleika á meðferð hérlendis og felur í sér gagnkvæma kostnaðarhagkvæmni. Martin benti einnig á að samningurinn hefði ýtt undir samkeppni á öðrum sviðum, til að mynda á sviði fjarskiptamála sem væri mikilvægt neytendamál. Markmið til framtíðar væri að láta samninginn í auknum mæli ná til samvinnu á fleiri sviðum, ekki síst á sviði menntunar- og menningarmála.

Í öðru lagi hefði rammasamningurinn um fríverslun skapað forsendur fyrir reglubundnu samstarfi á milli embættismanna og ráðherra landanna sem var ekki fyrir hendi áður. Það ætti bæði við um svið sem heyrðu undir samningnum og svið sem lægju utan hans eins landbúnaður og sjávarútvegur. Þannig hafi samningurinn búið til betri stofnanaramma en áður til að finna lausnir á málum sem upp kæmu.

Høgni Hoydal vék að því í framsögu sinni að samningurinn fæli í raun og veru í sér aukið sjálfstæði fyrir Færeyjar og það sama mundi gilda um Grænland þar sem meiri samvinna milli Vestur-Norðurlandanna gerði löndin síður háð Danmörku. Høgni sagði jafnframt að það væri engin ástæða að óttast að Íslendingar eða Færeyingar „keyptu upp“ Grænland. Að öllum líkindum mundu fjárfestar beina sjónum sínum í einhverjum mæli að Grænlandi en samningurinn gæfi líka Grænlendingum kost á að fjárfesta á öðrum vestnorrænum löndum.

Ruth Heilmann, formaður landsnefndar Grænlands, þakkaði frummælendunum fyrir erindin. Hún benti á að bæði stjórnmálamenn og almenningur væri lítið meðvitaður um hugsanlegan ávinning samningsins fyrir Grænland sem með hliðsjón af reynslu Færeyja og Íslands gæti verið verulegur, t.d. á sviði heilsugæslu, vegna hinna stuttu vegalengda í samanburði við ferðir til Danmerkur. Guðbjartur Hannesson benti í því sambandi á hugmyndir um aukið samstarf á sviði heilbrigðisþjónustu á milli Vestfjarða og austurstrandar Grænlands. Anthon Frederiksen tók undir það sjónarmið að opnun hagkerfisins og aukin samkeppni gæti verið jákvæð. Tók hann sem dæmi hvernig aukin samkeppni frá Íslandi á sviði flugsamgangna á Grænlandi hefði verið af hinu góða fyrir neytendur hvað varðar bæði tíðni flugferða og verð. Karl V. Mattíasson taldi að nýta mætti samninginn betur til að auka samvinnu á sviði menntamála, t.d. með því að koma á kvóta fyrir vestnorræna nemendur í skólum á Vestur-Norðurlöndunum. Í sambandi við landbúnað benti Ruth á að engar hindranir væru á útflutningi hreindýrakjöts frá Grænlandi á markaði Evrópska efnahagssvæðisins vegna aðildar Danmerkur að ESB. Martin sagði að vandamál varðandi inn- og útflutning milli Íslands og Færeyja á sviði landbúnaðarafurða væru einkum tilkomin vegna mismunandi reglna um smitvarnir. Besta leiðin til þess að færa landbúnað undir Hoyvíkursamninginn,

sem væri æskilegt að mati Martins til að stuðla að auknum inn- og útflutningi landbúnaðarvara á milli landanna, væri að taka upp reglur ESB um smitvarnir en þær reglur ættu að taka gildi á Íslandi árið 2009.

Að lokum sagði Høgni Hoydal að samningurinn væri í raun og veru meira en samningur þar sem hann væri nokkurs konar innviður sameiginlegs vestnorræns markaðs- og menningarsvæðis sem hann óskaði að næði í framtíðinni til vesturstrandar Noregs og til fleiri málaflokka, eins og auðlinda- og orkumála. Martin tók undir orð ráðherrans og bætti því við að lokum að EES-samningurinn hefði verið bylting af hinu góða fyrir Ísland og ekkert mælti á móti því að Hoyvíkursamningurinn gæti haft sömu þýðingu fyrir Vestur-Norðurlöndin.

Fundur forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins og Norðurlandaráðs 26. október.

Í tengslum við þing Norðurlandaráðs sem haldið var 26.–29. október í Helsinki átti forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins fund með forsætisnefnd Norðurlandsráðs. Fundarstjóri var Árni Páll Árnason, formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs. Á fundinum varð mest umræða um tilmæli Vestnorræna ráðsins til norrænu ráðherranefndarinnar um stofnun vinnuhóps til að kortleggja öryggismál í Norður-Atlantshafi og gera sameiginlega viðbragsáætlun við alvarlegum sjóslysum sem mundi síðan liggja til grundvallar norrænum tillögum til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Formaður Vestnorræna ráðsins, Kári P. Højgaard, óskaði eftir stuðningi forsætisnefndar Norðurlandaráðs við tilmælin. Beiðni hans fékk góðar undirtektir enda féllu tilmælin vel að áherslum Norðurlandaráðs. Þau væru einnig í samræmi við formennskuáætlun Íslands í norrænu ráðherranefndinni fyrir árið 2009 en hún kveður m.a. á um gerð vákorts fyrir Norður-Atlantshafið sem liggi til grundvallar samræmdum og skipulögðum viðbrögðum skapist hættuástand fyrir lífríki hafsins. Karl V. Matthíasson benti í því sambandi á ályktun Vestnorræna ráðsins þar sem hvatt er til aukinnar samvinnu um rannsóknir á lífríki sjávar og Ruth Heilman, formaður landsdeildar Grænlands, bætti því við að Grænlendingar væru í auknum mæli að átta sig á mikilvægi öryggismála á Norður-Atlantshafi og mikilvægi þess að vera virkur þátttakandi í samvinnu um öryggismál. Að lokum kom fram að tilmælin yrðu tekin til afgreiðslu á forsætisnefndarfundi Norðurlandaráðs í desember.

Forsætisnefndarfundur Vestnorræna ráðsins 27. október.

Fyrsta mál á dagskrá fundarins var afmælissjóður Vestnorræna ráðsins. Formaður ráðsins og framkvæmdastjóri fengu umboð fundarins til að leita leiða við að koma sjóðnum upp. Formennirnir ræddu því næst hvaða mál ætti að setja í forgang á fyrirhuguðum fundum með fagráðherrum Vestur-Norðurlandanna næstu daga. Ákveðið var að árétta við ráðherrana mikilvægi samstarfssamnings Vestnorræna ráðsins og stjórnvalda. Jafnframt var ákveðið að formaðurinn mundi hvetja til norrænnar samstöðu með Íslandi á erfiðum tímum og fordæma að bresk stjórnvöld skyldu beita hryðjuverkalöggjöf sinni til að tryggja hagsmuni þeirra sem áttu innstæður í útibúi Landsbankans í Bretlandi í stað þess að fara samningaleiðina eða í versta falli dómstólaleiðina.

Framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins kynnti drög að verklagsreglum fyrir landsdeildir ráðsins sem eiga að flýta fyrir afgreiðslu ályktana þess á viðkomandi þjóðþingum. Einnig var rætt um þann möguleika að halda ársfund ráðsins í september í stað ágúst með það að markmiði að lengja tímabilið á milli þemaráðstefnu og ársfundar. Því næst ákvað fundurinn að halda vestnorræna daginn, sem kveðið er á um í ályktun ráðsins frá síðasta ársfundi, síðustu helgina í ágústmánuði. Að lokum voru kynntar hugmyndir um vestnorræna stjórnmálakvennaráðstefnu sumarið 2009 á Íslandi en ráðstefnan var fyrst haldin í Færeyjum árið 2004 og svo á Grænlandi árið 2006 í boði landsþinganna. Stefnt hefði verið að því að ráðstefnan

yrði haldin á Íslandi um miðjan júní 2009 og rætt um að tvö þemu yrðu tekin til umræðu, þ.e. staða kvenna í stjórnmálum á Vestur-Norðurlöndum og samspil stjórnmálakvenna eða hreyfinga þeirra annars vegar og hins vegar félagasamtaka og rannsóknarráða sem vinna á sviði jafnréttismála. Að lokum var upplýst að formlegt boð á ráðstefnuna mundi berast frá forsætisnefnd Alþingis til hinna þinganna þegar fram liðu stundir.

Fundir forsætisnefndar með vestnorrænum fagráðherrum á Norðurlandaráðsþingi 26.–29. október í Helsinki.

Fundur með menntamálaráðherrum. Á fundi með menntamálaráðherrum Vestur-Norðurlandanna lýstu ráðherrarnir sig reiðubúna að mæla með tilmælum Vestnorræna ráðsins við norrænu ráðherranefndina um stofnun vinnuhóps til að kanna forsendur þess að stofna norrænan lýðháskóla á Vestur-Norðurlöndunum eða vestnorræna námsbraut. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, bætti því við að verið væri að kanna með prófessorstöðu um vestnorræna sögu og menningu við háskóla á Íslandi í tengslum við útgáfu bókar um sama efni. Hún greindi einnig frá því að samkomulag hefði verið gert milli Vestur-Norðurlandanna um að koma vestnorrænni menningararfleifð á framfæri í öllum löndunum með sérstöku átaki árið 2008 á Íslandi, 2009 í Færeyjum og 2010 á Grænlandi. Að því loknu var þema næstu þemaráðstefnu ráðsins kynnt fyrir ráðherrunum, þ.e. námsmöguleikar fyrir ófaglærða. Karl V. Matthíasson og Ruth Heilmann töluðu um mikilvægi menntunar sem tækis til aðlögunar fyrir marga íbúa norðurslóða þar sem lífshættir tækju stakkaskiptum vegna loftslagsbreytinga og nýrra atvinnuhátta. Góðir námsmöguleikar og þar með ný atvinnutækifæri væru nauðsynleg mótvægisaðgerð til að vega upp á móti félagslegum vandamálum sem gætu komið til sögunnar ef ekkert væri að gert. Ráðstefnuþemað hlaut góðar undirteknir ráðherranna. Þorgerður Katrín sagði að ráðuneytið hefði verið í mikilli samvinnu við atvinnulífið undanfarin ár í þessum efnum og væri til í að miðla þeirri reynslu til annarra. Að lokum var rætt um hugmynd sem komið hefur fram í nefnd á vegum Norðurlandaráðs að sjálfstjórnarsvæðin, þ.e. Álandseyjar, Færeyjar og Grænland, verði svipt atkvæðisrétti innan norrænu tungumálanefndarinnar. Ráðherrarnir voru sammála forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins um að tillagan fæli í sér afturför og hefði slæmt fordæmisgildi. Þeir mundu beita sér fyrir því að tillagan yrði felld.

Fundur með sjávarútvegsráðherrum. Fyrsta mál á dagskrá var ályktun Vestnorræna ráðsins um aukna samvinnu á sviði rannsókna á sameiginlegum fiskistofnum. Finn Karlsen, grænlenski ráðherrann, greindi frá samkomulagi sem Ísland og Grænland hefðu gert með sér í ágúst 2008 um að koma á fót vinnuhópi. Hlutverk hans væri að gera tillögur til stjórnvalda um nýtingu úr sameiginlegum stofnum grálúðu, karfa og jafnvel þorsks. Færeyski utanríkisráðherrann og fyrrum sjávarútvegsráðherra Færeyja, Jørgen Niclasen, var sammála efni ályktunar Vestnorræna ráðsins um mikilvægi þess að koma rannsóknum á sameiginlegum stofnun í formlegri farveg en verið hefur, með það að markmiði að tryggja sjálfbærar veiðar og til að skera úr um nýtingarrétt eða eignarhaldsskiptingu milli landanna. Hið síðarnefnda væri hins vegar eflaust ástæða fyrir því að sumir vildu ekki sameiginlegar rannsóknir í eins miklum mæli og æskilegt væri. Finn Karlsen vék einnig að mikilvægi þess að samræma rannsóknaraðferðir til að hægt væri að gera raunhæfan samanburð á rannsóknarniðurstöðum. Í sambandi við tilmæli Vestnorræna ráðsins um árlegan samráðsfund sjávarútvegsráðherra Vestur-Norðurlandanna sagði fulltrúi íslenska sjávarútvegsráðherrans að þar sem hagsmunir landanna gagnvart ESB færu saman ættu löndin að móta sér sameiginlega stefnu. Framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins bætti því við að löndin gætu t.d. haft hag af því að vinna saman að upplýsingaherferðum.

Fundur með utanríkisráðherrum. Á fundinum kom Hoyvíkursamningurinn nokkuð til tals. Jørgen Niclasen, færeyski ráðherrann, hvatti Grænlendinga eindregið til að kanna kosti samningsins sem að hans mati væru ótvíræðir. Sagði hann að þjóðartekjur hækkuðu samhliða auknum erlendum viðskiptum og samhliða því væri skynsamlegt að koma á formlegu stjórnmálasambandi til að treysta m.a. viðskiptabönd. Sem dæmi tók hann að Færeyjar hefðu opnað sendiskrifstofu í Moskvu en árið 2007 hefði útflutningur frá Færeyjum til Rússlands sexfaldast. Ráðherrann var hlynntur tilmælum Vestnorræna ráðsins um að koma á fót formlegum og gagnkvæmu stjórnmálasambandi milli Grænlands og hinna Vestur-Norðurlandanna með svipuðu sniði og gert var í tilviki Íslands og Færeyja. Utanríkisráðherra Grænlands, Per Berthelsen, sagði að hugmyndin um stofnun sendiskrifstofa hefði fengið jákvæðar undirtektir en verið væri að kanna málið með hliðsjón af kostnaði og fleiri þáttum. Að lokum var rætt um hugsanlega stofnun björgunarsveita á Grænlandi og samstarf milli Vestur-Norðurlandanna í þeim efnum. Kom fram að tíu slökkviliðsmenn frá mismunandi stöðum á Grænlandi hefðu komið til Íslands og fengið þjálfun hjá Landsbjörg í Gufuskálum. Allir voru sammála um jákvætt gildi þessa samstarfs sem ætti að auka og styrkja til framtíðar eins og gert væri ráð fyrir í styrkumsókn Vestnorræna ráðsins til NORA. Utanríkisráðherra Íslands var ekki á fundinum vegna veikinda.

Símafundur forsætisnefndar 15. desember.

Forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins hélt símafund 15. desember. Á fundinum voru Kári P. Højgaard, formaður Vestnorræna ráðsins og færeysku landsdeildarinnar, Karl V. Matthíasson, formaður Íslandsdeildar, og Ruth Heilmann, formaður grænlensku landsdeildarinnar, auk ritara landsdeildanna og Þórðar Þórarinssonar, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins.

Fyrsta mál fundarins var tillaga um að formanni og framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins yrði veitt umboð til að ræða við menntamálaráðherra Vestur-Norðurlandanna og framkvæmdastjóra norrænu ráðherranefndarinnar, Halldór Ásgrímsson, um stofnsetningu vinnuhóps í samræmi við ályktanir ráðsins nr. 7/2007 og 8/2007. Hlutverk vinnuhópsins yrði að kanna forsendur þess að stofna norrænan lýðháskóla á Vestur-Norðurlöndunum. Framkvæmdastjórinn kynnti drög að bréfi til ráðherranna og framkvæmdastjóra norrænu ráðherranefndarinnar þar sem m.a. er gerð tillaga að skipan í vinnuhóp og kostnaðarskiptingu. Gert er ráð fyrir því að Vestnorræna ráðið eigi áheyrnaraðild að vinnuhópnum. Fundurinn samþykkti að veita formanni og framkvæmdastjóra umboð til að senda bréfið og beita sér fyrir stofnun vinnuhópsins.

Næsta mál á dagskrá var hugmynd að stofnun þingmannavettvangs fyrir fríverslunarsamning Íslands og Færeyja, Hoyvíkursamninginn. Hugmyndin var fyrst sett fram af Høgna Hoydal, þáverandi utanríkisráðherra Færeyja, á sérstökum fundi um samninginn á ársfundi Vestnorræna ráðsins 2008 í Grundarfirði. Núverandi utanríkisráðherra Færeyja, Jørgen Niclasen, fylgdi hugmyndinni síðan eftir á fundi með utanríkisráðherra Íslands, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, og utanríkismálanefnd Alþingis dagana18. og 19. nóvember þegar hann var staddur hérlendis í opinberri heimsókn í boði utanríkisráðherra.

Á forsætisnefndarfundinum fengu formaðurinn og framkvæmdastjórinn umboð til að fylgja frumkvæði færeyska utanríkisráðherrans eftir við forseta vestnorrænu þjóðþinganna. Hugmyndin er að landsdeildir Íslands og Færeyja í Vestnorræna ráðinu taki að sér að fylgjast með þróun og framkvæmd fríverslunarsamningsins og einstökum málum sem undir hann heyra. Vestnorræna ráðið fari árlega yfir stöðuskýrslu um samninginn sem utanríkisráðuneyti Íslands og Færeyja leggi fram. Skýrslur ráðuneytanna yrðu teknar til umræðu og ályktunar á tvíhliða fundi landsdeilda Íslands og Færeyja sem haldinn yrði í tengslum við ársfund Vest-

norræna ráðsins þar sem þingmenn grænlensku landsdeildarinnar hefðu hugsanlega áheyrnaraðild. Ruth Heilman, forseti grænlenska þingsins og formaður grænlensku landsdeildarinnar, tók vel í hugmyndina. Hún minnti á að Grænland hefði óskað eftir því sérstaklega að fá að fylgjast náið með þróun samningsins og fá upplýsingar um reynslu Íslendinga og Færeyinga af honum, sem væri liður í því að kanna forsendur fyrir aðild Grænlands. Reglubundin upplýsingagjöf stjórnvalda til íslenskra og færeyskra þingmanna á ársfundum Vestnorræna ráðsins þýddi aukið upplýsingaflæði til grænlenskra þingmanna og þar með væru skapaðar forsendur til að taka upplýsta ákvörðun um hugsanlega aðild Grænlands að fríverslunarsamningnum þegar fram liðu stundir. Karl V. Matthíasson, formaður Íslandsdeildar, tók undir orð formanns grænlensku landsdeildarinnar og bætti því við að með eftirliti þingmanna Vestnorræna ráðsins mætti einnig hafa áhrif á framvindu samningsins og jafnvel koma að lausn ágreiningsmála. Fundurinn veitti formanni og framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins umboð til að kanna hug forseta þinganna og stjórnvalda til hugmyndarinnar um að Vestnorræna ráðið yrðu jafnframt þingmannavettvangur Hoyvíkursamningsins.

Í umræðu um stöðu ályktana Vestnorræna ráðsins frá því á síðasta ársfundi kom fram að þær mundu líklega hljóta endanlega afgreiðslu í lok janúar 2009 í Færeyjum en að vori á Grænlandi og Íslandi.

Framkvæmdastjórinn gerði því næst grein fyrir næsta fundi forsætisnefndar í Brussel og fundi hennar með SIN/EEP-nefnd Evrópuþingsins, auk ráðstefnu um norðlægu víddina 24.–26 febrúar 2009.

Fundurinn ákvað að lokum að þemaráðstefna ráðsins yrði 9.–12. júní 2009 á Grænlandi. Einnig var ákveðið að seinka ársfundi ráðsins um einn dag og halda hann 25.–28. ágúst 2009 en þessa daga er beint flug frá Íslandi til Færeyja.

5. Eftirfarandi ályktanir Vestnorræna ráðsins beint til ríkisstjórna landanna voru samþykktar á ársfundi í Grundarfirði 25.–28. ágúst 2008.

- Ályktun um árlegan vestnorrænan dag.
- Ályktun um samkomulag milli Íslands og Grænlands um skipti á útsendum sendifulltrúum og milli Færeyja og Grænlands um skipti á opinberum sendifulltrúum.
- Ályktun um árlegan samráðsfund sjávarútvegsráðherra Vestur-Norðurlanda.
- Ályktun um aukið samráð Vestur-Norðurlandanna um sjálfbæra nýtingu lifandi náttúruauðlinda.

Alþingi, 11. mars 2009.

Karl V. Matthíasson, form.	Árni Johnsen, varaform.	Birkir J. Jónsson.
Guðjón A. Kristjánsson.	Guðbjartur Hannesson.	Jón Gunnarsson.

777. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 110/2000, um lífsýnasöfn, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur og Guðrúnu W. Jensdóttur frá heilbrigðisráðuneyti, Magnús Karl Magnússon og Höllu Hauksdóttur frá Landspítala, Jón Jóhannes Jónsson frá læknadeild Háskóla Íslands, Eirík Baldursson og Þórunni Halldórsdóttur frá vísindasiðanefnd, Þórð Sveinsson frá Persónuvernd og Guðrúnu Agnarsdóttur og Margréti Snorradóttur frá Krabbameinsfélagi Íslands. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Rannsóknastofunni Domus Medica, Heilbrigðisstofnuninni Ísafjarðarbæ, veirufræðideild Landspítala, lækningaforstjóra Landspítala, siðanefnd Landspítala, Félagi lífeindafræðinga, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Vefjarannsóknastofunni ehf., Frumurannsóknum ehf., Krabbameinsfélagi Íslands, læknadeild Háskóla Íslands, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, vísindasiðanefnd, Persónuvernd og Læknafélagi Íslands. Nefndinni hefur einnig borist tilkynning frá Landspítala (erfða- og sameindalæknisfræðideild).

Í frumvarpinu er lagt til að varsla, nýting, meðferð og eftirlit lífsýnasafna byggist á skýrri aðgreiningu lífsýna, þ.e. eftir því hvort þeirra er aflað í vísindalegum tilgangi eða vegna þjónustu við sjúklinga. Skilin þarna á milli hafa ekki verið skýr í gildandi lögum sem valdið hefur erfiðleikum við framkvæmd. Helstu breytinga er getið í almennum athugasemdum frumvarpsins, m.a. að heimilt verði að varðveita þjónustulífsýni með persónuauðkennum.

Nefndin bendir á að umsagnir sem henni hafa borist eru almennt jákvæðar í garð frumvarpsins og það talið horfa til bóta. Þó hafa komið fram athugasemdir við einstaka efnisþætti.

Nefndin ræddi ábendingu sem fram kom um að í sumum tilvikum væri eðlilegra við framkvæmd þjónusturannsóknar að lífsýnagjafi væri spurður beint hvort hann óskaði eftir að takmarka viðbótarnotkun lífsýnis í stað þess að hann þyrfti að tilkynna þessa ósk sína til landlæknis. Þetta gæti til að mynda átt við þegar sýni væru send til rannsókna erlendis en þá getur verið tafsamt að kanna hvort takmarkanir lífsýnagjafa komi fram í skrá landlæknisembættisins. Nefndin telur með hliðsjón af 9. gr. laganna um notkun lífsýna að umrædd athugasemd gefi ekki tilefni til breytinga en leggur til að fyrirkomulag við sendingu sýna til útlanda verði nánar útlistað í reglugerð.

Með hliðsjón af framansögðu áréttar nefndin einnig mikilvægi þess að lífsýnagjafar séu upplýstir um ætlað samþykki sitt og jafnframt að við gerð eyðublaða sem landlæknir annast skv. 4. mgr. 7. gr. laganna verði þeim gert kleift að binda bann við viðbótarnotkun við tilgreindar rannsóknir í stað þess að það taki undantekningarlaust til allra lífsýna.

Nefndin vekur athygli á að við umfjöllun málsins lýsti vísindasiðanefnd þeirri skoðun sinni að sérstök ástæða væri til að þjónustusýni væru varðveitt án persónuauðkenna en eins og áður segir er ein helsta breyting frumvarpsins sú að heimila varðveislu þjónustulífsýna með persónuauðkennum. Togast hér á tvenns konar sjónarmið, annars vegar krafan um leynd persónuupplýsinga og hins vegar um áreiðanleika upplýsinga.

Nefndin vekur athygli á því sem fram kom við umfjöllun hennar að í ákveðnum tilvikum getur verið ómögulegt að dulkóða persónuauðkenni á rannsóknarsýnum. Var í því sambandi rædd umsögn Krabbameinsfélags Íslands þar sem fram kemur að dulkóðun leghálsstrokusýna á glerplötum geti valdið ruglingshættu og dregið úr öryggi þeirra kvenna sem þangað leita. Nefndin vill taka fram að skv. 5. gr. frumvarpsins er í undantekningartilvikum, með leyfi Persónuverndar, heimilt að afhenda lífsýni með persónuauðkennum.

Nefndin ræddi þá tilhögun frumvarpsins að fela vísindasiðanefnd eftirlit með starfsemi lífsýnasafna. Lög um lífsýnasöfn gera ráð fyrir að landlæknir annist eftirlit með lífsýnasöfnum að því leyti sem það er ekki í höndum Persónuverndar og vísindasiðanefndar. Tekur nefndin undir sjónarmið í umsögn vísindasiðanefndar um að ástæða sé til að setja skýrar verklagsreglur um eftirlitið.

Nefndin leggur loks til í samræmi við ábendingar Persónuverndar að orðin „að jafnaði“ í 5. gr. frumvarpsins falli brott þar sem ekki verður séð að þau þjóni neinum tilgangi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Orðin „að jafnaði“ í 1. efnismálsl. 5. gr. falli brott.

Ásta Möller og Álfheiður Ingadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. mars 2009.

Þuríður Backman, form., frsm.	Ágúst Ólafur Ágústsson.	Ellert B. Schram.
Guðlaugur Þór Þórðarson.	Pétur H. Blöndal.	Eygló Harðardóttir.
	Kristinn H. Gunnarsson.	

778. Svar [431. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um Icesave-ábyrgðir og flýtimeðferð.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Eru til gögn í ráðuneytinu sem benda til þess að ef til vill hafi verið mögulegt að flýta því að Bretar tækju Icesave-ábyrgðirnar í breska lögsögu?

Nei.

779. Nefndarálit [397. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson og Helgu Barðadóttur frá iðnaðarráðuneyti.

Umsagnir bárust nefndinni frá Orkustofnun, Rarik, Samorku, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Norðurorku hf., Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Landsvirkjun og Friðfinni K. Daníelssyni.

Frumvarpinu er ætlað að draga úr húshitunarkostnaði íbúa á köldum svæðum og draga úr kostnaði ríkissjóðs til lengri tíma litið við að niðurgreiða húshitunarkostnað og hvetja til atvinnuskapandi verkefna. Þá eru lagðar til breytingar sem gera ráð fyrir að afnema takmörkun á hámarki niðurgreiðslna vegna raforkunotkunar á varmadælur til húshitunar, gera mögulegt að styrkja breytta orkuöflun til húshitunar og styrkja endurbætur á íbúðarhúsnæði á köldum svæðum. Til að mæta kostnaði vegna þessa er lagt til að 3% af því fé sem ákveðið er í fjárlögum til niðurgreiðslna á kostnaði við húshitun og til styrkja til nýrra hitaveitna verði veitt til orkusparnaðaraðgerða í stað 1% eins og er í gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að verði hlutfall þetta hækkað muni framlögum til verkefna innan fjárlagaliðar 11–373, Niðurgreiðslur á húshitun, verða forgangsraðað á þann veg að minna fé fari í stofnstyrki til nýrra hitaveitna og jarðhitaleitar auk þess sem verkefni um hagkvæmniúttekt á varmadælum og smávirkjunum er lokið.

Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að niðurgreiðslur falli niður vegna orkusparnaðar. Vísað er til þess að við undirbúning frumvarpsins hafi ekki verið gert ráð fyrir að niðurgreiðslur skyldu falla alveg niður heldur hafi verið gert ráð fyrir að lækka niðurgreiðslur í samræmi við þann árangur sem aðilar ná með öðrum orkugjöfum. Nefndin tekur undir þessa athugasemd og leggur því til breytingar á orðalagi 4. gr. frumvarpsins.

Einnig komu fram athugasemdir um að hugtakið „umhverfisvæn orkuöflun“ í 1. gr. frumvarpsins sé óljóst og ekki nægilega vel skilgreint og geti svo almennt orðalag kallað á umsóknir um styrki sem ekki er gert ráð fyrir að lögin nái yfir. Fellst nefndin á þetta viðhorf og leggur til að við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein þar sem „vistvæn orkuöflun“ verði skilgreind.

Í umsögn Orkustofnunar kom fram ábending um að rétt sé að setja í núgildandi lög ákvæði um að niðurgreiðslur geti verið mismunandi eftir svæðum og jafnframt því verði tryggt í lögunum að olíukynding geti ekki orðið ódýrari en rafhitun. Fellst nefndin á þau sjónarmið og leggur til breytingu á 6. gr. laganna til að tryggja að niðurgreiðslur geti verið mismunandi eftir svæðum svo að fyrir olíukyndingu húsnæðis verði ekki borgað minna en fyrir rafhitun húsnæðis.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kristján Þór Júlíusson, Herdís Þórðardóttir og Björk Guðjónsdóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Einar Már Sigurðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. mars 2009.

Katrín Júlíusdóttir, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Eygló Harðardóttir.
Grétar Mar Jónsson.	Kristján Þór Júlíusson, með fyrirvara.	Herdís Þórðardóttir, með fyrirvara.
Björk Guðjónsdóttir, með fyrirvara.	Helgi Hjörvar.	

780. Breytingartillögur [397. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við bætist ný grein sem verði 2. gr., svohljóðandi:
   Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Með vistvænni orkuöflun er í lögum þessum átt við hagkvæma nýtingu endurnýjanlegra orkulinda til húshitunar.
2. Við 2. gr., sem verði 3. gr., bætist nýr stafliður, a-liður, svohljóðandi: 1. mgr. orðast svo:
   Í samræmi við fjárhæð niðurgreiðslna sem samþykkt er í fjárlögum viðkomandi árs skal iðnaðarráðherra ár hvert ákveða upphæð niðurgreiðslna á raforku í kr./kWst, á vatni frá kyntum hitaveitum í kr./kWst eða kr./m^3 og á olíu í kr./l fyrir hverja dreifiveitu rafmagns, hitaveitu eða virkjun. Miða skal upphæð niðurgreiðslna á olíu við að kostnaður notenda verði svipaður við olíuhitun og þar sem hann er dýrastur með rafhitun.
3. Efnismálsliður 4. gr., sem verði 5. gr., orðist svo: Styrkir á grundvelli 4. tölul. 11. gr. skulu jafngilda átta ára áætluðum niðurgreiðslum sem lækka í réttu hlutfalli við orkusparnað tengdan umhverfisvænni orkuöflun og/eða aðgerðum sem leiða til bættrar orkunýtingar við húshitun.

781. Nefndarálit [259. mál]

um frv. til l. um greiðslur til líffæragjafa.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bjarnheiði Gautadóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti, Guðrúnu Björk Bjarnadóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Þóreyju Þórðardóttur frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Öglu K. Smith frá Tryggingastofnun ríkisins. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Samtökum atvinnulífsins, landlæknisembættinu, Krabbameinsfélagi Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Lyfjafræðingafélagi Íslands, vísindasiðanefnd, Læknafélagi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og heilbrigðisnefnd Alþingis.

Í frumvarpinu er kveðið á um að líffæragjöfum sem eru virkir þátttakendur á vinnumarkaði eða stunda nám verði að ákveðnum skilyrðum uppfylltum veittur réttur til tímabundinna greiðslna geti þeir ekki stundað vinnu sína eða nám vegna gjafarinnar. Lifandi líffæragjafar þurfa jafnan að leggja niður störf tímabundið eða, eftir atvikum, gera hlé á námi með tilheyrandi röskun og tekjutapi.

Þau atriði sem fengu hvað mesta umfjöllun í nefndinni voru heiti frumvarpsins og markmið þess, greiðslur til líffæragjafa sem verða óvinnufærir að hluta, greiðslur til lífeyrissjóða sem og framkvæmd greiðslna samkvæmt frumvarpinu. Þá var lyfjakostnaður líffæragjafa og annar kostnaður sem fylgir líffæragjöf talsvert ræddur ásamt réttindum námsmanna sem gefa líffæri, gildistíma frumvarpsins og fjárhagslegum grundvelli þess.

Í athugasemdum frumvarpsins er þess getið að alvarleg bilun lífsnauðsynlegra líffæra sé vaxandi heilbrigðisvandamál og eru nýru þau líffæri sem oftast eru grædd í sjúklinga. Í skýrslu vinnuhóps um stöðu lifandi líffæragjafa kemur fram að með hverri líffæragjöf sparist þjóðfélaginu mikið fé. Þá hefur nefndin fengið upplýsingar frá félags- og tryggingamálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti sem sýna fram á að nýrnaígræðsla sé mun ódýrari kostur en skilunarmeðferð (blóðhreinsun). Því þarf að tryggja að fjárhagslegt tap sem tímabundin óvinnufærni vegna líffæragjafar hefur í för með sér letji ekki fólk frá því að gefa líffæri sé þess kostur og þörf. Nefndin fagnar því að líffæragjafar fái fjárhagslegan stuðning hins opinbera ef til launataps kemur. Nefndin telur eðlilegt að vísa í heiti til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar í stað greiðslna enda ekki um að ræða eiginlegar greiðslur fyrir gjöfina heldur til að bæta fjárhagslegt tap sem verður af óvinnufærni gjafans. Þá telur nefndin eðlilegt að í heiti frumvarpsins sé vísað til þess að um lifandi gjafa sé að ræða.

Nefndin áréttar að þótt mikilvægt sé að líffæragjöf hafi ekki í för með sér fjárhagslega byrði fyrir gjafann sé jafnmikilvægt að tryggja að ekki sé fjárhagslegur ávinningur fyrir hendi við líffæragjöf. Þeim sjónarmiðum var komið á framfæri við nefndina að setja ætti sem skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð að líffæraþegi hafi áður nýtt sér greiðslur úr sjúkra- og styrktarsjóði stéttarfélags. Nefndin bendir á að ekki er um að ræða óskoraðan rétt til styrks úr slíkum sjóðum vegna líffæragjafar og mikilvægt sé að ekki sé skertur réttur líffæragjafa til annarra greiðslna úr sjúkrasjóði ef líffæragjöf hefur síðar veikindi í för með sér.

Í 11. gr. frumvarpsins er kveðið á um fjárhagsaðstoð samhliða minnkuðu starfshlutfalli, leiði líffæragjöf til þess að líffæragjafi sé einungis fær um að sinna starfi sínu að hluta. Við umfjöllun málsins var bent á að slík óvinnufærni geti komið upp áður en til líffæragjafar kemur, m.a. vegna rannsókna og lyfjagjafar. Leggur nefndin því til að ákvæðið gildi jafn-

framt um þá sem samkvæmt læknisvottorði þurfa að minnka starfshlutfall sitt fyrir líffæragjöf, enda uppfylli líffæragjafi önnur skilyrði ákvæðisins.

Þau sjónarmið voru kynnt nefndinni að þrátt fyrir ákvæði frumvarpsins um greiðslur og mótframlag í lífeyrissjóð yrði ekki séð að til kæmi greiðsla í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, LSR, hvorki í A- né B-deild. Frumvarpið kveður á um fast hlutfall sem er í samræmi við ákvæði um greiðslur af atvinnuleysisbótum. Samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, skal greiða 4% atvinnuleysisbóta í lífeyrissjóð og skal Atvinnuleysistryggingasjóður greiða 8% mótframlag. Þrátt fyrir ákvæðið er þessum greiðslum ekki skilað til LSR þar sem ákvæðið samræmist ekki lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997. Greiðslur af fæðingarorlofi hafa þó skilað sér til sjóðsins þrátt fyrir að lagaákvæði þar að lútandi samræmist ekki lögum um LSR. Er þar til staðar samningur um skil á greiðslunum og beinir nefndin því til aðila að gera sambærilegan samning vegna þessa frumvarps. Þó svo að oft vari óvinnufærni líffæragjafa einungis í stuttan tíma verður rof á skilum í sjóðinn sem geti skipt aðila máli hvað varðar réttindi þeirra, m.a. vegna 90 ára reglu um starfslok.

Lög um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006, voru höfð til hliðsjónar við gerð frumvarpsins og m.a. er gert ráð fyrir því að greiðslur vegna fjárhagsaðstoðar til líffæragjafa séu inntar af hendi fimmtánda virka dag mánaðar líkt og greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaða barna. Nefndinni bárust athugasemdir um að hentugra væri að miða við mánaðamót og leggur nefndin til breytingu því til samræmis.

Nefndinni voru kynnt sjónarmið um að skýra þyrfti hvernig færi með sjúkrakostnað sem fylgdi líffæragjöf og kostnað af lyfjum sem líffæragjafi þyrfti að taka fyrir og eftir líffæragjöf. Eins og sjá má af markmiðsgrein frumvarpsins kveða lögin einungis á um réttindi líffæragjafa þegar þeir geta hvorki stundað vinnu né nám vegna líffæragjafar. Nefndin áréttar að frumvarpinu er ætlað að bæta líffæragjafa fjárhagslegt tjón sem hann verður fyrir vegna óvinnufærni en þó megi ekki koma til dulinn kostnaður sem letji fólk frá því að gefa líffæri. Í 18. gr. reglugerðar um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, nr. 1204/2008, er þetta tryggt. Þar er kveðið á um að þeir sem gefa líffæri eða fyrirhugað er að gefi líffæri eru undanþegnir öllum gjöldum samkvæmt reglugerðinni vegna rannsókna og/eða meðferðar sem er í beinum tengslum við brottnám líffæris eða fyrirhugað brottnám líffæris. Sú reglugerð tekur þó ekki á lyfjakostnaði en nefndinni var tjáð að sá vani hefur komist á að sjúkrahúsin hafa greitt lyfjakostnað. Nefndin telur rétt að tryggt verði að líffæragjafar verði ekki fyrir auknum kostnaði af lyfjatöku sem fylgir líffæragjöf og beinir því til ráðuneytis að það beiti sé fyrir því að reglugerð heilbrigðisráðherra um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga við kaup á lyfjum, nr. 236/2009, verði breytt til að tryggja þetta.

Í 15. gr. frumvarpsins er kveðið á um að fjárhagsaðstoð til líffæragjafa sem gerir hlé á námi vegna líffæragjafar skuli ekki koma til greiðslu fyrr en að námsárangur liggur fyrir. Er þetta greiðslufyrirkomulag tilkomið vegna þess að fjárhagsaðstoðinni er einungis ætlað að bæta framfærslumissi. Miðað er við að námsmaður hafi þurft að gera hlé á námi sínu í a.m.k. eina önn og er því ekki gert ráð fyrir fjárhagsaðstoð til námsmanns sem gera þarf stutt hlé á námi sínu og skilar eingöngu hluta námsárangurs fyrir önnina. Nefndin telur reglurnar þrengja um of að námsmönnum og leggur til breytingar þannig að sama greiðslufyrirkomulag gildi og þegar líffæragjafi er á vinnumarkaði, enda hafi skóli staðfest námshlé. Þá verði ekki gert að skilyrði að hlé á námi sé í heila önn heldur verði jafnframt greitt fyrir styttri hlé. Nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins og þau gögn sem námsmaður þarf að skila inn verði í reglugerð, sbr. 18. gr. frumvarpsins.

Þó svo að með hverri líffæragjöf sparist þjóðfélaginu mikið fé hefur frumvarpið í för með sér greiðslur úr ríkissjóði sem ekki er heimild fyrir. Þá má leiða líkum að því að meiri hluti sparnaðar komi ekki fram fyrr en á næsta ári og því yrði aukning á ríkisútgjöldum ársins. Vegna þeirra aðstæðna sem nú ríkja og nauðsynjar á aðhaldi við útgjöld ríkisins leggur nefndin til að gildistaka frumvarpsins verði færð til 1. janúar 2010 og áréttar jafnframt að gert verði ráð fyrir kostnaði sem af því hlýst í fjárlagafrumvarpi næsta árs.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. mars 2009.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, form., frsm.	Þuríður Backman.	Magnús Stefánsson.
Ármann Kr. Ólafsson.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.	Steinunn Valdís Óskarsdóttir.
Atli Gíslason.		Kristinn H. Gunnarsson.

Fylgiskjal.

Umsögn frá heilbrigðisnefnd.

Hinn 10. febrúar 2009 barst heilbrigðisnefnd erindi félags- og tryggingamálanefndar þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um greiðslur til líffæragjafa, 259. mál.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hönnu S. Gunnsteinsdóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Í frumvarpinu er kveðið á um rétt líffæragjafa, sem eru virkir þátttakendur á vinnumarkaði eða stunda nám, til tímabundinna greiðslna að greindum skilyrðum geti þeir ekki stundað vinnu sína eða nám sitt vegna líffæragjafarinnar. Í athugasemdum frumvarpsins er þess getið að alvarleg bilun lífsnauðsynlegra líffæra sé vaxandi heilbrigðisvandamál og eru nýru þau líffæri sem oftast eru grædd í sjúklinga. Lifandi líffæragjafar þurfa jafnan að leggja niður störf tímabundið eða, eftir atvikum, gera hlé á námi með tilheyrandi röskun og tekjutapi og af þeim sökum er eðlilegt að þeir fái til þess fjárhagslegan stuðning hins opinbera.

Nefndin styður frumvarpið og bendir á að í skýrslu vinnuhóps um stöðu lifandi líffæragjafa er komist að þeirri niðurstöðu að nýrnaígræðsla er að jafnaði hagkvæmari kostur við meðferð lokastigsnýrnabilunar en skilun (blóðhreinsun).

Nefndin leggur áherslu á að líffæragjafi hafi ekki fjárhagslegan ávinning af líffæragjöf en verði jafnframt ekki fyrir tapi kjósi hann að gefa líffæri. Með fjárhagslegum stuðningi er stuðlað að fjölgun líffæragjafa til að mæta aukinni þörf. Telur nefndin að þetta til bóta enda séu hagsmunir sjúklinga hafðir í fyrirrúmi.

Alþingi, 5. mars 2009.

Þuríður Backman, form.,
Ásta Möller,
Ellert B. Schram,
Eygló Harðardóttir,
Pétur H. Blöndal.

782. Breytingartillögur [259. mál]

við frv. til l. um greiðslur til líffæragjafa.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

1. Við 10. gr. Í stað orðanna „fimmtánda virka dag hvers mánaðar, enda hafi líffæragjafi skilað inn nauðsynlegum gögnum til framkvæmdaraðila fyrir fimmta virka dag mánaðarins“ í 6. mgr. komi: fyrsta virka dag hvers mánaðar, enda hafi líffæragjafi skilað inn nauðsynlegum gögnum til framkvæmdaraðila innan frests sem ákveðinn skal í reglugerð.
2. Við 11. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, er verði 2. málsl., svohljóðandi: Líffæragjafi sem minnka þarf starfshlutfall sitt áður en til líffæragjafar kemur getur jafnframt átt rétt á hlutfallslegum greiðslum skv. 8. og 10. gr. í samræmi við minnkað starfshlutfall.
   b. Orðin „en áður“ í 2. málsl. 1. mgr. falli brott.
3. Við 13. gr. Orðin „í a.m.k. eina önn“ í 2. málsl. 2. mgr. falli brott.
4. Við 15. gr. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Þær skulu inntar af hendi í samræmi við 6. mgr. 10. gr.
5. Við 19. gr. Í stað orðanna „þegar gildi“ komi: gildi 1. janúar 2010.
6. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar.

783. Nefndarálit [335. mál]

um frv. til l. um visthönnun vöru sem notar orku.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson og Vigdísi Evu Líndal frá iðnaðarráðuneyti.

Umsagnir bárust nefndinni frá Landsvirkjun, Orkustofnun, Tæknimiðstöð Íslands, Viðskiptaráði Íslands, Umhverfisstofnun og Hönnunarmiðstöð Íslands ehf.

Frumvarpinu er ætlað að stuðla að þróun og notkun orkunýtinna vara með það að markmiði að tryggja visthönnun vöru með minni orkunotkun og draga úr áhrifum orkunotkunar á umhverfið. Þá er frumvarpinu ætlað að tryggja frjálst flæði slíkra vara um EES-svæðið. Því er ætlað að taka til hvers konar vöru sem notar orku að undanskildum farartækjum og tækjum sem þegar hafa verið tekin til notkunar, markaðssett eða verið flutt inn við gildistöku laga samkvæmt frumvarpinu.

Frumvarpið byggist á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB um vistvæna vöruþróun. Við samningu frumvarpsins voru höfð til hliðsjónar lög nr. 51/2000, um orkunýtnikröfur, lög nr. 72/1994, um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., auk danskra og sænskra laga um visthönnun vöru sem notar orku. Markmiðið er að draga úr raforkunotkun innan ríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

Frumvarpið felur ekki í sér efnisreglur um orkunýtnikröfur og umverfisálag heldur er lagt til í 12. gr. að iðnaðarráðherra verði veitt heimild til að setja reglugerðir um orkunýtni einstakra vöruflokka sem byggjast á áðurnefndri tilskipun og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB og 2000/55/EB. Lögin skapa grunninn að þessu fyrirkomulagi og þess vegna er í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 8. gr. notað orðalagið „samkvæmt lögum þessum og reglum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra“.

Með frumvarpinu er lagt til að eftirlit með því að vörur uppfylli kröfur laganna og reglugerða settra á grundvelli þeirra verði falið Neytendastofu samkvæmt þeim heimildum sem henni eru veittar í lögum nr. 134/1995, um öryggi og opinbera markaðsgæslu. Samkvæmt þeim lögum fara Neytendastofa og viðeigandi eftirlitsstjórnvöld með opinbera markaðsgæslu og taka stjórnvaldsákvarðanir í samræmi við ákvæði laganna. Einnig skulu þau hafa eftirlit með því að vörur á markaði hverju sinni uppfylli settar reglur um öryggi. Við markaðseftirlitið er heimilt að fela faggiltri skoðunarstofu að annast skoðun þeirra vörutegunda sem hún hefur faggildingu fyrir og annast auk þess skipulega öflun upplýsinga um vörur á markaði sem taldar eru hættulegar.

Á fundum sínum ræddi nefndin fjölmörg atriði, m.a. um gildissvið og inntak laganna, um hugtök, um samræmismat og eftirlit opinberra aðila með CE-samræmismerkingum áður en vara er sett á markað.

Fyrir nefndinni kom fram athugasemd varðandi hugtakið „háð orkuílagi“, það væri óþekkt í hugtakanotkun hér á landi. Nefndin tekur undir þessa athugasemd og leggur því til að í stað þess hugtaks komi „nýtir orku“ í a-lið 3. gr. frumvarpsins.

Þá var því einnig hreyft fyrir nefndinni að orðin „eða vara til framleiðslu, flutnings og mælingar á slíkri orku“ í a-lið 3. gr. feli í sér að frumvarpið nái einnig til búnaðar sem vinni orku eða er notaður til framleiðslu. Nefndin áréttar að frumvarpið er um visthönnun vöru sem

notar orku en tekur ekki til búnaðar til raforkuflutnings eða til raforkuframleiðslu. Leggur nefndin því til að sá liður í setningunni verði felldur brott úr ákvæðinu.

Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir um að Neytendastofu einni væri falið eftirlit og dagleg stjórnsýsla eins og fjallað er um í 10. gr. frumvarpsins. Nefndin bendir á að Neytendastofa fer með almenna markaðsgæslu og hefur eftirlit með því hvort tilteknar vörur uppfylli skilyrði og beri CE-samræmismerkingar. Ef vara sem notar orku ber ekki CE-merkingu tekur Neytendastofa vöruna til skoðunar. Komi upp tilvik þar sem markaðsgæslan leiðir í ljós hugsanlegt brot á lögunum getur Neytendastofa leitað álits hjá öðrum aðila sem hefur sérþekkingu á viðkomandi vöru. Nefndin áréttar að þessi þáttur frumvarpsins var sendur til ráðgjafarnefndar forsætisráðuneytis um opinberar eftirlitsreglur og gerði nefndin engar athugasemdir. Þá komu fram athugasemdir um að hugtakið „tekin til notkunar“ sé óljóst og ekki nægilega skilgreint í frumvarpinu. Nefndin leggur áherslu á að með frumvarpinu er verið að setja nýjar grunnkröfur sem vörur sem nota orku skulu uppfylla svo að þær fái CE-samræmismerkingar. Frumvarpinu er því ekki ætlað að taka til vöru sem er búið að framleiða, flytja inn, markaðssetja og taka til notkunar fyrir gildistöku laganna.

Nefndin telur nauðsynlegt að frumvarpið verði að lögum til að tryggja samræmda löggjöf innan EES og til að koma í veg fyrir að í framtíðinni verði hingað fluttar inn vörur sem uppfylla ekki kröfur annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

A-liður 3. gr. orðist svo: *Vara sem notar orku:* Vara sem, þegar henni hefur verið komið á markað og/eða hún tekin í notkun, nýtir orku (rafmagn, jarðefnaeldsneyti eða endurnýjanlega orkugjafa) til að virka sem skyldi eða vara til flutnings og mælingar á slíkri orku, þ.m.t. hlutir, sem nýta orku og ætlunin er að setja í vöru sem notar orku og fellur undir lög þessi, sem eru settir á markað og/eða teknir í notkun sem stakir hlutir fyrir notendur og unnt er að meta sérstaklega að því er varðar vistvænleika.

Einar Már Sigurðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. mars 2009.

Katrín Júlíusdóttir, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Eygló Harðardóttir.
Helgi Hjörvar.	Herdís Þórðardóttir.	Kristján Þór Júlíusson.
Björk Guðjónsdóttir.		Grétar Mar Jónsson.

784. Svar [348. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um útboð vegaframkvæmda á árinu 2009.

Fyrirspurnin var svohljóðandi:

Hvaða vegagerðarverkefni er ætlunin að bjóða út á árinu 2009? Svar óskast sundurliðað eftir kjördæmum.

Ekki hefur að öllu leyti verið ákveðið hvaða vegagerðarverkefni verður unnt að bjóða út árið 2009. Heildarfjárveiting til vegamála liggur fyrir á fjárlögum, en þróun verðlags getur haft töluverð áhrif á þau verk sem þegar eru í gangi og þar með á það rými sem verður til nýrra verkefna. Þá munu niðurstöðutölur úr útboðum ársins einnig hafa áhrif á það hvaða fjármagn verður til ráðstöfunar.

Þau stærri verkefni sem hafa verið boðin út á árinu 2009 eða reiknað er með að verði boðin út á næstu vikum og mánuðum eru eftirfarandi, sundurliðað eftir kjördæmum:

Suðurkjördæmi:

Bræðratunguvegur (með brú yfir Hvítá).
Suðurstrandavegur, seinni hluti.
Suðurlandsvegur (áfangi).

Suðvesturkjördæmi og Reykjavíkurkjördæmi:

Hringvegur í Mosfellsbæ.
Álftanesvegur.
Arnarnesvegur.

Bætt umferðarflæði og almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu, ýmis smærri verk en þau eru:

- Bústaðavegur – Kringlumýrarbraut: Tvöföldun rampa til suðurs í átt að Kringlumýrarbraut ásamt gerð undirganga fyrir gangandi og hjólandi.
- Bústaðavegur – Flugvallarvegur: Tvöföldun vinstri beygju til suðurs inn á Flugvallarveg og breikkun Flugvallarvegar.
- Hringbraut – Njarðargata: Breyting umferðarljósastýringa úr þremur fösum í fjóra fasa þannig að allar vinstribeygjur séu varðar.
- Hringbraut – Sæmundargata: Lagfæring gatnamóta, lenging vinstri beygjureinar. Vinstri beygja af Sæmundargötu til vesturs verður bönnuð.
- Kringlumýrarbraut – Laugavegur – Suðurlandsbraut: Breyting umferðarljósastýringa úr þremur fösum í fjóra fasa þannig að allar vinstri beygjur séu varðar. Einnig verður gerð sérstök strætórein.
- Kringlumýrarbraut – Borgartún: Breyting umferðarljósastýringa úr þremur fösum í fjóra fasa þannig að allar vinstri beygjur verði varðar. Einnig verður gerð sérstök strætórein.
- Miklabraut – Kringlumýrarbraut: Miklabraut breikkuð frá strætóútskoti vestan gatnamótanna til að strætó fái forgang á umferðarljósum til austurs.
- Kringlumýrarbraut – Listabraut: Lenging strætóútskots ásamt lagfæringum gönguleiðar yfir Kringlumýrarbraut frá Listabraut.

- Höfðabakki: Afköst gatnamótanna við Vesturlandsveg og Bíldshöfða verða aukin. Tilfærslur akreina til að greiða fyrir umferð.
- Breiðholtsbraut – Jaðarsel: Endurskoðun umferðarljósa til að auka afköst ásamt gerð hægri beygju framhjáhlaups til austurs fram hjá umferðarljósunum.
- Bústaðavegur – Reykjanesbraut: Lagfæring gatnamóta og lokun vinstri beygju af Bústaðavegi inn á Reykjanesbraut til norðurs á álagstímum. Sett verða upp sérstök upplýsingaskilti til að miðla upplýsingum um lokun.

Auk þessara framkvæmda verður ráðist í nokkrar aðrar af sama toga til að greiða fyrir umferð í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur. Ekki er lokið samningum milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaganna um framkvæmdirnar.

Norðvesturkjördæmi:
Vestfjarðavegur (Kjálkafjörður – Vatnsfjörður).
Brú á Haffjarðará.

Norðausturkjördæmi:
Vopnafjarðartenging.
Raufarhafnartenging.

785. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um ábyrgðarmenn.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hildi Jönu Júlíusdóttur frá Fjármálaeftirlitinu, Magnús Norðdahl frá Alþýðusambandi Íslands, Evu Bryndísi Helgadóttur frá Lögmannafélagi Íslands, Davíð B. Gíslason frá Momentum, Hildigunni Hafsteinsdóttur og Jóhannes Gunnarsson frá Neytendasamtökunum, Guðrúnu Björk Bjarnadóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Jónu Björk Guðnadóttur og Karl Óttar Pétursson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Gísla Tryggvason talsmann neytenda, Harald Birgisson frá Viðskiptaráði og Ástríði Jóhannsdóttur og Jónínu S. Lárusdóttur frá viðskiptaráðuneyti. Nefndinni bárust umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Fjármálaeftirlitinu, Íbúðalánasjóði, Lánasjóði íslenskra námsmanna, Lögmannafélagi Íslands, Momentum greiðsluþjónustu ehf., Neytendasamtökunum, réttarfarsnefnd, Seðlabanka Íslands, sýslumanninum í Reykjavík, talsmanni neytenda, Viðskiptaráði Íslands og Samtökum fjármálafyrirtækja.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði heildarlöggjöf um ábyrgðarmenn en í lögum er ekki er að finna reglur um ábyrgðir og hvernig skuli staðið að slíkri samningagerð. Þó má nefna samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga en að því standa viðskiptaráðuneyti, Neytendasamtökin og Samtök fjármálafyrirtækja en ekki öll aðildarfélög hinna síðastnefndu samtaka eru aðilar að því. Þá hafa verið kveðnir upp dómar sem lúta að ábyrgðum eins og vikið er að í greinargerð frumvarpsins.

Fyrsti kafli frumvarpsins.

Í fyrsta kafla frumvarpsins er gildissvið þess afmarkað og þar gert ráð fyrir því að frumvarpið taki til stofnana og fyrirtækja sem stunda útlánastarfsemi. Nefndin leggur til tvenns konar breytingar á 2. gr. frumvarpsins í þeim tilgangi að skýra betur gildissvið þess. Annars vegar þá að viðskiptaráðherra verði heimilt með reglugerð að undanskilja tiltekin form ábyrgða gildissviði laganna og hins vegar að ákvæði frumvarpsins eigi ekki við um tilvik þegar einstaklingur tekst á hendur ábyrgð í eigin þágu. Síðarnefnda breytingin felur í sér að utan ákvæðanna munu þá ekki einungis falla þau tilvik sem strangt til tekið eru í þágu atvinnurekstrar ábyrgðarmanns heldur einnig þau sem eru í þágu hans sjálfs. Mætti sem dæmi nefna það þegar ábyrgðarmaður hefur gengist í ábyrgð fyrir lánveitingu sem síðan er ráðstafað til kaupa á hans eigin íbúðarhúsnæði. Nefndin leggur þó áherslu á að undanþágur beri að skýra þröngt. Varðandi fyrri breytinguna telur nefndin að til greina komi að ráðherra beiti heimild sinni hvað varðar tilgreindar ábyrgðir sem til stofnast við framsal kröfuréttinda eða á grundvelli annarra málefnalegra ástæðna. Hugsanlegt er að einstaklingur framseldi kröfuréttindi með þeim réttaráhrifum að hann sjálfur gengist í ábyrgð fyrir efndum og að þá sé um að ræða ábyrgð í hans eigin þágu.

Nefndin bendir á að skv. c-lið 4. gr. laga um neytendalán merkir lánssamningur samning þar sem lánveitandi veitir eða lofar að veita neytanda lán í formi greiðslufrests eða svipaðrar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu og neytandi lofar að greiða samkvæmt ákvæðum samningsins.

Um muninn á einfaldri ábyrgð og sjálfskuldarábyrgð bendir nefndin á að í fyrra tilvikinu verður greiðsluskylda ábyrgðarmanns almennt ekki virk fyrr en kröfuhafi hefur árangurslaust reynt að innheimta skuld hjá aðalskuldara en í seinna tilvikinu verður skyldan virk þegar sýnt hefur verið fram á að skuldari hafi ekki efnt kröfuna á réttum tíma.

Annar kafli frumvarpsins.

Í öðrum kafla er mælt fyrir um stofnun, efni og form ábyrgðarsamninga. Er þar gengið út frá því að lánveitanda beri að tryggja ákveðna formfestu við samningsgerðina og að brestur í þeim efnum geti orðið til þess að ábyrgðarmaður verði laus úr ábyrgð sinni.

Í ljósi athugasemda um að raunhæf viðmið skorti við framkvæmd greiðslumats leggur nefndin til að við 1. mgr. 4. gr. verði bætt heimild til handa viðskiptaráðherra til að setja reglugerð þar að lútandi. Þar verði m.a. heimilt að kveða á um að skylda til greiðslumats geti verið undanþæg nái ábyrgðarsamningur ekki tilgreindri lágmarksfjárhæð. Nefndin leggur einnig til orðalagsbreytingu á 1. mgr. 4. gr.

Nefndin bendir á að við umfjöllun hennar hafi komið fram athugasemdir um að 2. og 3. mgr. 4. gr. fælu í sér of mikla forsjárhyggju og of mikil afskipti lánveitanda í garð ábyrgðarmanna. Nefndin fellst ekki á það sjónarmið og telur þessi ákvæði samræmast dómsúrlausnum Hæstaréttar og eðli máls.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á 5. gr. frumvarpsins. Í fyrsta lagi er lagt til að síðari hluti c-liðar falli brott að teknu tilliti til persónuverndarsjónarmiða. Þá er lagt til að ákvæði h-liðar 1. mgr. falli brott þar sem nefndin telur að hagsmunir ábyrgðarmanns séu að þessu leyti nægilega vel tryggðir með framkvæmd greiðslumats. Þá er lagt til að ákvæði k-liðar falli brott í ljósi athugasemda um að hans sé ekki þörf í ljósi upplýsinga sem tilgreind eru í öðrum stafliðum greinarinnar. Loks leggur nefndin til orðalagsbreytingu á f-lið í samræmi við ákvæði innheimtulaga.

Þriðji kafli frumvarpsins.

Þriðji kafli frumvarpsins tekur til réttarsambands lánveitanda og ábyrgðarmanns. Skv. 7. gr. skal lánveitandi tilkynna lánveitanda um tilgreind atvik sem máli skipta varðandi forsendur ábyrgðarinnar. Nefndin leggur til nokkrar breytingar á greininni. Í fyrsta lagi þá að upplýsingum skv. e-lið 1. mgr. skuli fylgja yfirlit um þær ábyrgðir sem ábyrgðarmaður stendur fyrir hjá lánveitanda, fjárhæðir þeirra og fyrir hvaða lán þær standa. Í öðru lagi að d-liður 1. mgr. falli brott þar sem ákvæðið sé of matskennt og feli í sér of víðfeðma skyldu lánveitanda. Í þriðja lagi að við bætist ný málsgrein þess efnis að verði ábyrgðarmaður fyrir tjóni vegna vanrækslu lánveitanda á tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. þá skuli hann ekki bera það tjón og að ábyrgðin falli niður sé vanræksla talin veruleg. Loks leggur nefndin til smávægilega orðalagsbreytingu á c-lið 1. mgr. og 2. mgr.

Nefndin vekur athygli á því að fram hafa komið athugasemdir um að 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins stangist á við 7. gr. innheimtulaga og 5. gr. laga um vexti og verðtryggingu. Af því tilefni bendir nefndin á að umræddu ákvæði frumvarpsins er ætlað að tryggja réttarstöðu ábyrgðarmanns við gjaldfellingu láns en tilvitnaðar lagagreinar eiga við um réttarsamband lánveitanda og lántaka.

Í 8. gr. er kveðið á um að lánveitandi geti ekki gert aðför í fasteign þar sem ábyrgðarmaður býr eða fjölskylda hans og að lánveitandi geti ekki krafist gjaldþrotaskipta á búi ábyrgðarmanns. Talsvert var fjallað um þýðingu þessarar greinar við umfjöllun nefndarinnar. Var því m.a. haldið fram að greinin mundi girða fyrir notkun ábyrgða. Nefndin tekur fram að umrætt ákvæði nær aðeins til persónulegra ábyrgða en á ekki við um það þegar ábyrgðarmaður veitir veðleyfi í fasteign sinni. Enn fremur miðast ákvæðið við það að sú fasteign þar sem ábyrgðarmaður og fjölskylda hans heldur heimili skuli undanþegin aðför. Haldi ábyrgðarmaður tvö heimili skal ekki gerð aðför í þeirri fasteign sem vegur þyngra í heimilishaldi fjölskyldunnar. Nefndin telur að eigi markmið þess að undanþiggja heimili ábyrgðarmanns aðför að nást verði jafnframt að takmarka möguleika lánveitanda til að krefjast gjaldþrotaskipta á búi ábyrgðarmanns. Gjaldþrotaskiptum verður því ekki við komið á búi ábyrgðarmanns á grundvelli fjárnáms, sem er árangurslaust sökum þess að eignin er undanþegin aðför, enda ekki um eignaleysi að ræða hjá gerðarþola í slíkum tilvikum. Þess meðalhófs er gætt að komi til gjaldþrotaskipta ábyrgðarmanns af öðrum ástæðum getur lánveitandi lýst ábyrgðarkröfu sinni í búið.

Fjórði kafli frumvarpsins.

Í 9. gr. er fjallað um ýmsar takmarkanir á ábyrgð og varðar 3. mgr. greinarinnar áhrif skuldaeftirgjafar á stöðu ábyrgðarmanns. Í ljósi frumvarps um greiðsluaðlögun sem nú er til umfjöllunar í allsherjarnefnd (281. mál) er lögð til sú breyting sem gerir ráð fyrir að þessir gerningar hafi sömu áhrif og nauðasamningur eða önnur eftirgjöf. Með breytingartillögu við 9. gr. leggur nefndin til að þrátt fyrir 4. mgr. 60. gr. laga um gjaldþrotaskipti leiði þau tilvik sem nefnd eru í 3. mgr. 9. gr. til lækkunar kröfu á hendur ábyrgðarmanni.

Fimmti kafli frumvarpsins.

Í 10. gr. er fjallað um brottfall ábyrgða og annarra tryggingaráðstafana. Nefndin leggur til að 3. mgr. greinarinnar falli brott með hliðsjón af 1. málsl. 2. mgr. 6. gr. þar sem fram kemur sú meginregla frumvarpsins að lánveitandi getur ekki breytt skilmálum einhliða ábyrgðarmanni í óhag.

Sjöundi kafli frumvarpsins.

12. gr. frumvarpsins er gildistökuákvæði. Nefndin leggur til að þau ákvæði frumvarpsins sem lúta að stofnun, efni og formi ábyrgðarsamninga gildi ekki um ábyrgðarsamninga sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku laganna og að það sama eigi við um þau ákvæði frumvarpsins sem takmarka aðför og gjaldþrotaskipti á búi ábyrgðarmanns. Breytingin er lögð til að gættum sjónarmiðum um afturvirkni laga og friðhelgi eignarréttar. Nefndin telur með hliðsjón af því að ábyrgðarsamningar eru oft gerðir til langs tíma eðlilegt að önnur ákvæði frumvarpsins nái til samninga sem þegar hafa verið gerðir enda séu þau í anda framkvæmdar sem viðhöfð hefur verið á grundvelli samkomulagsins um ábyrgðir og íþyngi lánveitendum ekki um of.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þá leggur nefndin til að við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða þess efnis að heimilt verði að víkja ábyrgð til hliðar í heild eða að hluta á grundvelli 36. gr. samningalaga og að teknu tilliti til þeirra atvika er leiddu til setningar laga um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, nr. 125/2008. Eins og fram kemur í ákvæðinu á það sér fyrirmynd í 36. gr. samningalaga. Lagagreinin veitir dómstólum m.a. heimild til að lýsa óskuldbindandi löggerninga, sem í upphafi voru gildir, vegna atvika sem upp komu eftir gerð þeirra. Nefndin telur að með upptöku umrædds ákvæðis til bráðabirgða felist árétting á að við mat á beitingu heimildarinnar verði í tilviki ábyrgðarmanna litið til þeirra aðstæðna á fjármálamarkaði sem voru undanfari laga nr. 125/2008. Að öðru leyti er ákvæðinu ekki ætlað að breyta núverandi réttarástandi. Nefndin bendir á að í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að fordæmi eru fyrir því að ábyrgð hafi verið vikið til hliðar með vísan til 36. gr. samningalaga. Einnig telur nefndin nýlega bráðabirgðagreiningu Seðlabanka Íslands frá 11. mars 2009 um áhrif yfirstandandi fjármálakreppu á efnahag heimilanna gefa tilefni til að ætla að svigrúm ábyrgðarmanna til að standa undir skuldbindingum lántaka sé verulega takmarkað. Er sýnt að staða margra heimila er viðkvæm vegna hækkunar á greiðslubyrði og lækkandi eignaverðs auk þess sem atvinnuleysi hefur aukist mjög.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Birgir Ármannsson, Höskuldur Þórhallsson og Árni M. Mathiesen skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Birkir J. Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. mars 2009.

Álfheiður Ingadóttir, form., frsm.	Gunnar Svavarsson.	Birgir Ármannsson, með fyrirvara.
Lúðvík Bergvinsson.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Höskuldur Þórhallsson, með fyrirvara.
Árni M. Mathiesen, með fyrirvara.		Jón Magnússon.

786. Breytingartillögur [125. mál]

við frv. til l. um ábyrgðarmenn.

Frá viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi gilda um lánveitingar stofnana og fyrirtækja þar sem ábyrgðarmaður gengst í ábyrgð til tryggingar efndum lántaka. Stofnanir og fyrirtæki geta m.a. verið viðskiptabankar, sparisjóðir, greiðslukortafyrirtæki, lánafyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, vátryggingafélög, lífeyrissjóðir, Íbúðalánasjóður og Lánasjóður íslenskra námsmanna.
   Með ábyrgðarmanni er átt við einstakling sem gengst persónulega í ábyrgð eða veðsetur tilgreinda eign sína til tryggingar efndum lántaka enda sé ábyrgðin ekki í þágu atvinnurekstrar ábyrgðarmanns eða í þágu fjárhagslegs ávinnings hans.
   Persónuleg ábyrgð er annaðhvort einföld ábyrgð eða sjálfskuldarábyrgð. Sé í ábyrgðarsamningi ekkert tekið fram um hvers konar ábyrgð sé að ræða skal hún álitin einföld.
   Viðskiptaráðherra er heimilt með reglugerð að undanskilja tiltekin form ábyrgða gildissviði laganna.
2. Við 4. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Lánveitandi skal meta hæfi lántaka til að standa í skilum með lán þar sem ábyrgðarmaður gengst í ábyrgð til tryggingar efndum lántaka. Greiðslumat skal byggt á viðurkenndum viðmiðum. Viðskiptaráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd greiðslumats.
3. Við 5. gr.
   a. Við a-lið 1. mgr. bætist: þ.m.t. um muninn á sjálfskuldarábyrgð og einfaldri ábyrgð.
   b. Orðin „og í hvaða tilgangi það er tekið“ í c-lið 1. mgr. falli brott.
   c. Í stað orðsins „vanskilakostnaði“ í f-lið 1. mgr. komi: innheimtukostnaði.
   d. H- og k-liður 1. mgr. falli brott.
4. Við 7. gr.
   a. Í stað orðsins „lát“ í c-lið 1. mgr. komi: andlát.
   b. D-liður 1. mgr. falli brott.
   c. Við e-lið 1. mgr. bætist: og yfirliti yfir ábyrgðir.
   d. Við bætist ný málsgrein er verði 2. mgr., svohljóðandi:
      Ábyrgðarmaður skal vera skaðlaus af vanrækslu lánveitanda á tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. og ef vanrækslu er veruleg skal ábyrgð falla niður.
   e. Í stað orðsins „vanskilakostnaði“ í 2. mgr. komi: innheimtukostnaði.
5. Við 9. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 60. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skal nauðasamningur eða önnur eftirgjöf, þ.m.t. nauðasamningur til greiðsluaðlögunar, sem kveður á um lækkun kröfu á hendur lántaka hafa sömu áhrif til lækkunar kröfu á hendur ábyrgðarmanni.
6. Við 10. gr. 3. mgr. falli brott.
7. Við 12. gr. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Lögin taka til ábyrgða sem stofnað hefur verið til fyrir gildistöku þeirra að frátöldum 4. gr., 5. gr., 1. mgr. 6. gr. og 8. gr.

8. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Heimilt er að víkja ábyrgð til hliðar í heild eða að hluta á grundvelli 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, og að teknu tilliti til þeirra atvika er leiddu til setningar laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008.

787. Frumvarp til laga [445. mál]

um breytingu á lögum nr. 97/2008, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðisnefnd.

1. gr.

Síðari málsliður 13. gr. laganna, sbr. lög nr. 120/2008, orðast svo: Þó skal ákvæði 10. gr., hvað varðar smásöluaðila, taka gildi 1. janúar 2010.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til að frestað verði enn hluta gildistöku 10. gr. laga nr. 97/2008, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994. Frestunin varðar eingöngu smásölu lyfja.

Gildistökunni hefur í tvígang verið frestað, fyrst með lögum nr. 120/2008, um breytingu á lögum nr. 97/2008, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, og þá til 1. janúar 2009. Með lögum nr. 146/2008 var gildistöku ákvæðisins að nýju frestað til 1. apríl 2009. Þegar það var gert var í undirbúningi nýtt greiðsluþátttökukerfi lyfja og ráðgert að það kæmi til framkvæmda í síðasta lagi 1. apríl 2009. Jafnframt var talið mikilvægt að afnám afslátta af lyfjum í smásölu héldist í hendur við innleiðingu hins nýja greiðsluþátttökukerfis. Nú er ljóst að það mun ekki líta dagsins ljós þann 1. apríl nk. og er því lagt til að gildistökunni verði frestað að nýju til áramóta svo að svigrúm skapist til að ljúka vinnu við nýtt greiðsluþátttökukerfi.

788. Skýrsla [446. mál]

Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um norrænt samstarf árið 2008.

1. Inngangur.

Fimm veigamestu málin í starfi Norðurlandaráðs 2008 voru hnattvæðing, samstarf Norðurlandaráðs við Norrænu ráðherranefndina, tengsl Norðurlandaráðs við Hvíta-Rússland og Norðvestur-Rússland, öryggismál og fjármálakreppa.

Norrænt samstarf í tengslum við hnattvæðingu, eða hnattvæðingarvinnan sem svo er nefnd, snýst um að samhæfa og gera skilvirkari aðgerðir Norðurlandanna til að mæta áskorunum hnattvæðingar, þ.m.t. að auka samkeppnishæfni Norðurlanda. Samstarfið byggist á ákvörðun forsætisráðherra Norðurlandanna frá 2007 og eru helstu áherslur þess loftslagsmál, umhverfismál, orkumál, þekking og nýsköpun, vinna gegn landamærahindrunum, þ.e. stjórnsýslu- eða kerfishindrunum sem hefta för einstaklinga og fyrirtækja milli Norðurlanda, og kynning á Norðurlöndunum. Norðurlandaráð lagði á árinu 2008 áherslu á fjögur atriði í umfjöllun sinni um hnattvæðingarvinnuna, þ.e. hnattvæðingarverkefni Norrænu ráðherranefndarinnar, hnattvæðingarráðstefnu hennar, landamærahindranir og fjárlög norræns samstarfs.

Síðastnefnda atriðið var samtvinnað umfjöllun Norðurlandaráðs um samstarf ráðsins við Norrænu ráðherranefndina. Forsætisnefnd Norðurlandaráðs og fjárlagahópur hennar fjallaði töluvert á árinu um vinnu ráðherranefndarinnar við norrænu fjárlögin, sem Norðurlandaráð hefur umsagnar- og tillögurétt um. Í upphafi ársins var fjárlagahópurinn gagnrýninn á atriði fjárlaga áranna 2008 og 2009 varðandi hnattvæðingarvinnunna. Ráðherranefndin gerði í kjölfar þess betur grein fyrir þeim og á haustdögum náðist samkomulag milli ráðherranefndarinnar og ráðsins um fjárlögin 2009. Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin voru einnig ósammála um það á árinu hvort koma ætti á fót nýjum norrænum verðlaunum fyrir nýsköpun. Tillaga ráðherranefndarinnar þess efnis var til umfjöllunar hjá ráðinu í september og október en svo fór að hún var felld á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki í lok október.

Norðurlandaráð jók á árinu tengsl sín við stjórnmálaöfl í Hvíta-Rússlandi og Norðvestur-Rússlandi. Upphaf þess má rekja til málþings í Vilnius haustið 2007, sem skipulagt var af Norðurlandaráði í samstarfi við Eystrasaltsþingið, um loftslagsmál og hlutverk þingmanna á breytingatímum og haldið var með þátttöku stjórnmálamanna frá Hvíta-Rússlandi. Í mars 2008 skipulagði Norðurlandaráð aftur málþing í Vilnius um orku, umhverfi, loftslagsbreytingar, rannsóknir og menntun, einnig með þátttöku stjórnmálamanna frá Hvíta-Rússlandi. Forsætisnefnd tók fyrir á árinu tillögu um að koma á fót norrænni upplýsingaskrifstofu í Minsk í Hvíta-Rússlandi, á svipaðan hátt og gert hefur verið í Eystrasaltsríkjunum, og ákvað leita umsagnar í norrænu löndunum um hana. Þá fóru fulltrúar Norðurlandaráðs í heimsókn til héraðsþinga Arkhangelsk og Murmansk í Norðvestur-Rússlandi í september til að styrkja tengsl ráðsins við héraðsþing svæðanna.

Umfjöllun Norðurlandaráðs um öryggismál árið 2008 var að nokkru leyti í framhaldi af umfjöllun þess 2007. Norræna ráðherranefndin gerði grein fyrir öryggismálum við umræður um utanríkismál á Norðurlandaráðsþingi í Helsinki í október. Lögð var fram tillaga í ráðinu um aukið samstarf norrænu ríkjanna í öryggis- og varnarmálum. Thorvald Stoltenberg var gestur á fundi forsætisnefndar í desember og gerði grein fyrir vinnu starfshóps undir hans forustu um öryggis- og varnarmál.

Hin alþjóðlega fjármálakreppa var mjög til umræðu meðal þingmanna á Norðurlandaráðsþinginu í október, svo og staða efnahagsmála á Íslandi. Norrænu forsætisráðherrarnir héldu sérstakan fund á þinginu um fjármálakreppuna. Í yfirlýsingu þeirra eftir fundinn lýstu þeir áhyggjum yfir neikvæðum áhrifum sem fjármálakreppan hefði á efnahagsmál í heiminum öllum og lögðu áherslu á þörf á alþjóðlegum reglum til að bæta starfsemi á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Varðandi alvarleika ástandsins á Íslandi lýstu forsætisráðherrarnir yfir stuðningi við Ísland og létu í ljós ánægju yfir að Ísland hefði gert bráðabirgðasamkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um neyðaráætlun.

Finnar fóru með formennsku í Norðurlandaráði 2008. Forseti ráðsins var Erkki Tuomioja og varaforseti Christina Gestrin.

2. Almennt um Norðurlandaráð.

Norðurlandaráð var stofnað árið 1952 og er samstarfsvettvangur þjóðþinga á Norðurlöndum. Sjálfstjórnarsvæðin Álandseyjar, Færeyjar og Grænland taka jafnframt þátt í samstarfinu. Alþingi hefur átt aðild að ráðinu frá stofnun þess. Norðurlandaráð kemur saman til þingfundar einu sinni á ári og ræðir og ályktar um norræn málefni. Auk þess kemur Norðurlandaráð saman til nefndarfunda þrisvar sinnum á ári. Á vegum Norðurlandaráðs er unnið að margvíslegum norrænum verkefnum sem þingmenn, nefndir eða flokkahópar ráðsins hafa átt frumkvæði að. Norðurlandaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um fjármagn sem er veitt til norrænnar samvinnu árlega. Norræna ráðherranefndin tekur verulegt tillit til þeirra ábendinga.

Í Norðurlandaráði sitja 87 þingmenn, þar af sjö alþingismenn. Hvert hinna landanna fjögurra (ásamt sjálfstjórnarsvæðunum) á 20 þingmenn í Norðurlandaráði. Hvert land skipar forseta Norðurlandaráðs á fimm ára fresti. Á árlegum þingfundi Norðurlandaráðs, sem stendur í þrjá til fjóra daga í senn um mánaðamótin október/nóvember, er fjallað um fram komnar tillögur og beinir þingið tilmælum til ríkisstjórna landanna eða Norrænu ráðherranefndarinnar. Forsætisráðherrar og utanríkisráðherrar Norðurlanda gefa Norðurlandaráðsþinginu skýrslu og samstarfsráðherrar svara fyrirspurnum í sérstökum fyrirspurnatíma. Fjárlög komandi starfsárs eru jafnframt ákveðin á þinginu og skipað er í nefndir og trúnaðarstöður. Í Norðurlandaráði starfa fjórir flokkahópar: jafnaðarmenn, miðjumenn, hægrimenn og vinstrisósíalistar og grænir. Flokkahóparnir móta sameiginlega afstöðu til einstakra mála og velja þingmenn í nefndir. Að öðru leyti byggist starf Norðurlandaráðs á landsdeildum aðildarríkjanna.

Málefnastarf Norðurlandaráðs fer að mestu fram í fimm málefnanefndum auk forsætisnefndar. Á milli þinga stýrir forsætisnefnd starfi ráðsins, vísar tillögum til nefnda eða afgreiðir þær. Forsætisnefnd fer jafnframt með utanríkis- og öryggismál svo og samskipti Norðurlandaráðs við aðrar alþjóðastofnanir. Þá fer eftirlitsnefnd yfir ársreikninga ráðsins og stofnana sem starfa innan Norðurlandastarfsins. Loks kemur kjörnefnd saman á þingum til að gera tillögu að skipan í nefndir og trúnaðarstöður á vegum Norðurlandaráðs.

3. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

Skipan Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Árið 2008 skipuðu Íslandsdeildina Árni Páll Árnason, formaður, þingflokki Samfylkingarinnar, Kjartan Ólafsson, varaformaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Helgi Hjörvar þingflokki Samfylkingarinnar, Kolbrún Halldórsdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Kristján Þór Júlíusson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ragnheiður Ríkharðsdóttir,

þingflokki Sjálfstæðisflokks og Siv Friðleifsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn voru Steinunn Valdís Óskarsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, Ólöf Nordal, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Einar Már Sigurðarson, þingflokki Samfylkingarinnar, Steingrímur J. Sigfússon, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Árni Johnsen, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Björk Guðjónsdóttir, þingflokki Sjálfstæðisflokks, og Jón Magnússon, þingflokki Frjálslynda flokksins.

Ritari Íslandsdeildar árið 2008 var Lárus Valgarðsson alþjóðaritari.

Nefndaskipan Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Kosið var í embætti og nefndir fyrir starfsárið 2008 á 59. þingi Norðurlandaráðs sem fram fór í Ósló 30. október til 1. nóvember 2007. Eftir kosningar í nefndir og ráð var nefndarseta fulltrúa Íslandsdeildar Norðurlandaráðs fyrir starfsárið 2007 sem hér segir: Árni Páll Árnason sat áfram í forsætisnefnd, Siv Friðleifsdóttir var áfram formaður velferðarnefndar, Kjartan Ólafsson var formaður eftirlitsnefndar og sat áfram í borgara- og neytendanefnd, Kolbrún Halldórsdóttir tók sæti í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd, Kristján Þór Júlíusson sat áfram í efnahags- og viðskiptanefnd, og Ragnheiður Ríkharðsdóttir var áfram í menningar- og menntamálanefnd.

Fulltrúar Íslandsdeildar sátu auk þess í vinnuhópum á vegum Norðurlandaráðs og voru fulltrúar þess út á við. Árni Páll Árnason átti sæti í fjárlagahóp forsætisnefndar. Hann var einnig fulltrúi Norðurlandaráðs í heimsókn ráðsins til héraðsþinga í Arkhangelsk og Murmansk í Norðvestur-Rússlandi 7.–13. september. Siv Friðleifsdóttir var fulltrúi Norðurlandaráðs á málþingi um orku, umhverfi, loftslagsbreytingar, rannsóknir og menntun í Vilnius 10. mars með þátttöku þingmanns og stjórnarandstæðinga frá Hvíta-Rússlandi, og fulltrúi Norðurlandaráðs á hnattvæðingarráðstefnu Norrænu ráðherranefndarinnar á ráðstefnu- og skíðastaðnum Riksgränsen í Norður-Svíþjóð 8.–9. apríl. Siv var einnig fulltrúi ráðsins í heimsókn þess til héraðsþinga í Arkhangelsk og Murmansk í Norðvestur-Rússlandi 7.–13. september og fulltrúi ráðsins á Eystrasaltsþingi í Tallinn 4.–6. desember. Helgi Hjörvar var fulltrúi umhverfis- og náttúruauðlindanefndar á Eystrasaltsdags ráðstefnunni 11.–15. mars í Pétursborg og á fundi umhverfisnefnda Eystrasaltsráðsins og Norðurlandaráðs 22.–23. maí í Tallinn.

Starfsemi Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs fundaði sjö sinnum á árinu. Undirbúin var þátttaka í fundum og þingi Norðurlandaráðs og fjallað um mál á verksviði nefndarinnar, ásamt gagnkvæmum upplýsingaskiptum meðlima Íslandsdeildar um stöðu mála í einstökum nefndum og starfshópum Norðurlandaráðs.

Í apríl fundaði Íslandsdeild með fulltrúum Norræna félagsins og Norræna hússins. Gestir nefndarinnar voru Þorvaldur S. Þorvaldsson, varaformaður Norræna félagsins, Úlfur Sigurmundsson, gjaldkeri Norræna félagsins, Óðinn Albertsson, framkvæmdastjóri Norræna félagsins, Alma Sigurðardóttir, verkefnisstjóri Halló Norðurlönd, Stefán Vilbergsson, verkefnisstjóri Nordjobb, og Max Dager, framkvæmdastjóri Norræna hússins. Þá fundaði Íslandsdeild í júní með Snjólaugu Ólafsdóttur, skrifstofustjóra Norðurlandaskrifstofu forsætisráðuneytisins. Í júní úthlutaði Íslandsdeild fréttamannastyrkjum Norðurlandaráðs 2008. Styrk hlutu Auðunn Arnórsson, Jóhannes Kr. Kristjánsson, Halla Gunnarsdóttir, Pálmi Jónasson, Pétur Halldórsson og Sveinn Helgason. Í ágúst voru Ole Norrback og Guðríður Sigurðardóttir gestir á fundi Íslandsdeildar. Norrback er formaður samstarfsvettvangs Norrænu ráðherranefndarinnar um

vinnu gegn stjórnsýsluhindrunum og Guðríður fulltrúi Íslands í samstarfsvettvanginum. Á fundinum var helst rætt um myndun nýrra hindrana við lagasetningar og innleiðingu ESB-tilskipana. Í september fundaði Íslandsdeild með Sigrúnu Grendal, formanni félags tónlistarkennara, og Árna Sigurbjarnarsyni, skólastjóra tónlistarskóla Húsavíkur. Þau kynntu verkefnið „The Cultural Greenhouse“, sem að standa Norræn samtök tónlistaruppalenda (Nordisk Union for Musikutbildare – NUMU) og Samráðsvettvangur fulltrúa norræna samtaka sem eru aðilar að EMU, Evrópusamtökum tónlistarskóla, (Nordisk Musik og Kulturskole Union – NMKU). Meginmarkmið verkefnisins er að leggja grunn að og vera tæki til frekari þróunar á gæði listakennslu, þróunar á starfsemi tónlistar- og listaskóla, og þróunar á menntakerfinu í heild.

Í október fundaði Íslandsdeild um fjármálakreppuna í aðdraganda Norðurlandaráðsþings. Karl M. Matthíasson, formaður Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins, sat einnig fundinn. Gestir fundarins voru Gréta Gunnarsdóttir, Auðunn Atlason og Högni Kristjánsson frá utanríkisráðuneyti, og Jón Sigurgeirsson frá Seðlabanka. Á fundinum kynnti einnig Snjólaug Ólafsdóttir, skrifstofustjóri Norðurlandaskrifstofu forsætisráðuneytisins, formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni árið 2009. Hún ræddi meðal annars áherslu Íslands á orkumál, hnattvæðingarráðstefnu ráðherranefndarinnar í febrúar og vinnslu vákorts um Norður-Atlantshafið. Í nóvember hélt Íslandsdeild fund þar sem lagt var mat á framkvæmd Norðurlandaráðsþings í Helsinki, og fjallaði um eftirfylgni þeirra tilmæla sem Norðurlandaráð samþykkti þar og fyrr á árinu. Íslandsdeild fjallaði einnig í nóvember um stöðu þýðinga hjá Norðurlandaráði í tilefni af bréfi Finnlandsdeildar ráðsins til framkvæmdastjóra Norðurlandaráðs um þörfina fyrir þýðingar á skjölum á finnsku.

4. Starfsemi nefnda Norðurlandaráðs.

Forsætisnefnd.

Árni Páll Árnason, formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, sat í forsætisnefnd á starfsárinu 2008.

Forsætisnefnd er skipuð forseta og tólf fulltrúum sem kosnir eru á þingi Norðurlandaráðs. Allar landsdeildir á Norðurlöndunum og allir flokkahópar skulu eiga fulltrúa í henni. Forsætisnefnd annast víðtæk pólitísk og stjórnunarleg málefni og hefur yfirumsjón með öllum málum í sambandi við Norðurlandaráðsþingið. Forsætisnefnd fjallar um norrænu fjárlögin en sérstakur vinnuhópur á vegum nefndarinnar tók þá vinnu sérstaklega að sér árið 2008, líkt og áður hafði verið gert. Þá sér forsætisnefnd um tengsl við svæðisbundnar og alþjóðlegar stofnanir og á í samstarfi við ESB/EES, ÖSE, Sameinuðu þjóðirnar og fleiri. Forsætisnefnd fjallar um tillögur sem til hennar er beint og vísar öðrum tillögum sem lagðar eru fyrir ráðið til viðeigandi málefnanefnda. Forsætisnefnd fer með æðsta vald Norðurlandaráðs á milli þinga og hefur vald til þess að samþykkja tillögur fyrir hönd þingsins í sérstökum tilvikum og taka til afgreiðslu ákveðin málefni sem ekki þykir fært að bíði næsta þings.

Forsætisnefnd fundaði sex sinnum árið 2008. Í janúar var sænski samstarfsráðherrann, Cristina Husmark Pehrsson, gestur nefndarinnar og kynnti formennskuáætlun Svía og samráð um fjárlagavinnu um norrænt samstarf 2009.

Forsætisnefnd átti einnig í janúar árlegan fund með fulltrúum Sambands norrænu félaganna sem undirstrikuðu mikilvægi norrænu félaganna við tengsl opinbers norræns samstarfs við almenning og lýstu yfir áhyggjum af boðuðum niðurskurði til norrænna upplýsingaskrifstofa á Norðurlöndum, m.a. á Akureyri.

Á fundi í apríl upplýsti forseti Norðurlandaráðs æskunnar, Lisbeth Sejer Gøtzsche, forsætisnefnd um þá samþykkt ráðsins að heimila notkun ensku á fundum þess, ásamt Norðurlandatungumálum, vegna skorts á fjárveitingum til túlkunar. Samþykkt Norðurlandaráðs æskunnar olli nokkurri umræðu á vettvangi norræns samstarfs á árinu 2008 og um tungumálanotkun innan þess.

Tungumál í norrænu samstarfi voru frekar til umfjöllunar hjá forsætisnefnd í júní, en lagt hafði verið til bréflega af hálfu flokkahóps vinstrisósíalista og grænna við framkvæmdastjóra ráðsins að þýdd yrðu yfir á grænlensku og færeysku skjöl sem snertu beint þeirra hagsmuni. Í umræðu um málið var Árni Páll Árnason sammála framkvæmdastjóra og ritarafundi ráðsins, sem áður höfðu fjallað um erindið, um að ekki skyldi taka upp slíkar þýðingar, en benti á að málið vekti upp ýmsar spurningar, t.d. hvaða skjöl í norrænu samstarfi skyldu þýdd og þá á hvaða tungumál? Niðurstaðan var sú að styðja ekki hugmyndir um þýðingar á grænlensku og færeysku en að hægt væri að taka afstöðu til þýðinga í einstökum tilvikum.

Forsætisnefnd fjallaði einnig í júní um tillögu A 1435/presidiet um að koma á fót norrænni upplýsingaskrifstofu í Minsk í Hvíta-Rússlandi á svipaðan hátt og gert var í Eystrasaltsríkjunum. Í umræðunum kom fram að slíkt mundi styðja við lýðræðisþróun en þörf væri fyrir meiri undirbúning og umfjöllun málsins. Árni Páll Árnason og aðrir kölluðu meðal annars eftir dýpri umfjöllun um stöðu norrænu upplýsingaskrifstofanna í nærsvæðasamstarfinu til austurs, sér í lagi við þær breyttu aðstæður að Eystrasaltsríkin væru nú meðlimir í ESB. Nefndin ákvað að senda tillöguna til umsagnar í norrænu löndunum áður en lengra yrði haldið.

Í september fjallaði forsætisnefnd um tillögur og nefndarumsögn sem snerta öryggis- og varnarmál. Tekin var til umræðu tillaga A 1450/præsidiet um aukið norrænt samstarf í varnar- og öryggismálum, t.d. af efnahagslegum ástæðum. Þar sem efni tillögunnar skaraðist að nokkru leyti við verksvið Stoltenberg-hópsins, sem vann undir forustu Thorvalds Stoltenbergs á seinni helmingi 2008 að skýrslu fyrir norrænu utanríkisráðherrana um hvernig þróa mætti samstarf Norðurlandanna í utanríkis- og öryggismálum á næstu 10–15 árum, var ákveðið að setja tillöguna aftur á dagskrá á desemberfundi nefndarinnar þegar skýrslan yrði að öllum líkindum tilbúin og bjóða Thorvald Stoltenberg til fundarins til að ræða efni hennar. Forsætisnefnd samþykkti síðan í desember breytta útgáfu tillögunnar, nr. A 1455/presidiet, þar sem Norðurlandaráð beindi tilmælum til ríkisstjórna norrænu landanna að beita sér fyrir auknu samstarfi á sviði öryggis- og varnarmála. Rolf Reikvam, frá flokkahópi vinstrisósíalista og grænna, upplýsti að flokkahópur hans legði fram sérálit (reservation) um að aðhafast ekki frekar varðandi tillöguna.

Einnig var til umræðu í september beiðni Vestnorræna ráðsins nr. 1/2008 til Norðurlandaráðs, samkvæmt samstarfssamningi Norðurlandaráðs og Vestnorræna ráðsins, um að Norðurlandaráð beindi þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að setja á fót tvo starfshópa til að vinna skýrslu um siglingaöryggi í Norður-Atlantshafi. Annars vegar til að greina siglingaöryggi og hins vegar til að leggja drög að sameiginlegri norrænni samstarfs- og aðgerðaáætlun um björgunarmál til sjós. Forsætisnefnd ákvað að taka beiðni Vestnorræna ráðsins til umfjöllunar í desember þegar fyrir lægi skýrsla Stoltenberg-hópsins um skyld efni, til að færa sér í nyt samlegðaráhrif í alþjóðastarfi og minnka líkur á tvíverknaði. Beiðnin var tekin fyrir á ný í desember og ákvað forsætisnefnd að bíða með umfjöllun beiðninnar þar til eftir birtingu Stoltenberg-skýrslunnar og eftir að Norðurskautsráðið hefði kynnt skýrsluna „Arctic Marine Shipping Assessment“ (AMSA) og ákveðið aðgerðir á grunni niðurstaðna hennar. Áætlað var að síðastnefnda skýrslan yrði kynnt í apríl 2009.

Þá var í september tekin fyrir umsögn forsætisnefndar um greinargerð Norrænu ráðherranefndarinnar um samfélagsöryggi, í framhaldi af tilmælum Norðurlandaráðs 5/2006 til Norrænu ráðherranefndarinnar, um starf ráðherranefndarinnar á sviði samfélagsöryggis, og skriflegri málaleitan ráðsins til ráðherranefndarinnar í kjölfar ákvörðunar forsætisnefndar í Reykjavík 2007 varðandi skýrslugerð og greiningu, auk ráðstefnu um borgaralegt öryggi í Norðurhöfum. Forsætisnefnd samþykkti umsögnina, en í henni kom fram að Norðurlandaráð teldi ófullnægjandi þau rök ráðherranefndarinnar, sem fram komu í greinargerðinni, að örðugt væri að reka starf á vegum ráðherranefndarinnar um samfélagsöryggi, meðal annars vegna þess að sum mál á verksviði samfélagsöryggis, á borð við varnar- og utanríkismál, væru ekki hluti af formlegu norrænu samstarfi. Norðurlandaráð áleit að Norrænu ráðherranefndinni væri mögulegt að vinna að samfélagsöryggi þrátt fyrir að svið þess samræmist illa hefðbundinni aðgreiningu milli utanríkismála, öryggismála og varnarmála. Sérstaklega þar sem greining á ytri og innri ógnum við samfélög hefði breyst á síðustu 10–20 árum og tæki nú aðeins að takmörkuðu leyti til hernaðarlegra eða landfræðilegra þátta. Ráðið lýsti í umsögninni yfir ánægju með ráðstefnu norska rannsóknarráðsins um samfélagsöryggi í september 2008 og gerði ráð fyrir að fá skýrslu um borgaralegt öryggi í Norðurhöfum frá sænska utanríkisráðherranum, fyrir hönd ráðherranefndarinnar, á Norðurlandaráðsþingi í Helsinki. Því afskrifaði ráðið tilmælin og málaleitanina varðandi skýrslugerð og ráðstefnu. Þar sem Norðurlandaráð taldi hins vegar viðbrögð ráðherranefndarinnar við tilmælum þess um að nefndin tæki afgerandi afstöðu um starf á hennar vegum á sviði samfélagsöryggis ófullnægjandi bjóst ráðið við nýrri greinargerð frá ráðherranefndinni um málið árið 2009.

Thorvald Stoltenberg var gestur forsætisnefndar í desember en honum hafði verið falið af norrænu utanríkisráðherrunum í júní 2008 að leiða greiningarvinnu um þarfir og möguleika á nánari samvinnu Norðurlanda á sviði öryggis- og varnarmála. Sú vinna fólst m.a. í samskiptum við ríkisstjórnir og stjórnarandstöðu í norrænu löndunum. Gert var ráð fyrir að niðurstöðurnar yrðu settar fram í skýrslu til utanríkisráðherranna í desember 2008 en úr varð að skýrslan kom út í febrúar 2009. Stoltenberg ræddi á fundi forsætisnefndar helstu umfjöllunarefni skýrslunnar og svaraði spurningum, en óskaði eftir því að farið yrði með upplýsingarnar sem trúnaðarmál. Meðal þess sem Stoltenberg fjallaði um var eftirlit í Norðurhöfum og Eystrasalti, norrænt friðargæslulið, útgjöld til varnarmála, norrænar rannsóknir á stríðsglæpum, samvinnu Norðurlanda um sendiráð, framlag Norðurlanda til Sameinuðu þjóðanna, og samstarf utanríkisráðherra Norðurlandanna.

Forsætisnefnd lagði í desember mat á Norðurlandaráðsþingið í Helsinki. Helstu sjónarmið sem fram komu voru að endurskoða ætti reglur um framkvæmd leiðtogafundar fulltrúa norrænna ríkisstjórna og stjórnarandstöðu ásamt reglum um framkvæmd þingsins í heild, þar á meðal reglur um ræðutíma. Enn fremur ætti að endurskoða fundi forsætisnefndar sem haldnir eru í tengslum við þingið með gestum og norrænum ráðherrum. Árni Páll Árnason og Marion Pedersen gagnrýndu þann árekstur sem varð í skipulagi þingsins í Helsinki þegar Geir H. Haarde forsætisráðherra þurfti að yfirgefa umræðu um formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2009 til að sitja hádegisverðarboð forseta Finnlands Törju Halonen.

Í júní og desember var til umfjöllunar hjá forsætisnefnd tillaga A 1439/presidiet um aukna tengingu og eftirfylgni (förankring) norræns samstarfs við norrænu þjóðþingin. Tillagan fól í sér að málefnanefndir og forsætisnefnd Norðurlandaráðs gætu tekið ákvörðun um að senda fastanefndum þjóðþinganna þær greinagerðir Norrænu ráðherranefndarinnar og norrænu ríkisstjórnanna sem þær hafa til umfjöllunar, til umsagnar með milligöngu landsdeildanna. Tillagan var samþykkt á fundi forsætisnefndar í desember.

Á fundi sínum í lok árs hafði forsætisnefnd samráð við Norrænu ráðherranefndina. Christina Husmark Pehrsson, samstarfsráðherra Norðurlanda í Svíþjóð, og Snjólaug Ólafsdóttir, skrifstofustjóri Norðurlandaskrifstofu forsætisráðuneytisins, voru gestir fundarins sem fulltrúar þeirra landa sem fara með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni 2008 og 2009. Á fundinum sagði Pehrsson að mikilvægt væri að ráðherranefndin og ráðið ættu greinargóðar samræður um vinnuna við norrænu fjárlögin sem fyrst á árinu 2009. Snjólaug tilkynnti að norræn frumkvöðlaverðlaun yrðu ekki afhent á hnattvæðingarráðstefnu ráðherranefndarinnar í Bláa lóninu í febrúar 2009 samkvæmt ákvörðun ráðsins á Norðurlandaráðsþinginu í Helsinki. Hún upplýsti einnig að umfjöllunarefni ráðstefnunnar yrði fjármálakreppan og að fimm fulltrúum Norðurlandaráðs yrði boðið að taka þátt í ráðstefnunni. Jan-Erik Enestam, framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs, kom því á framfæri varðandi hnattvæðingarráðstefnuna að Norðurlandaráð hefði óskað eftir að taka þátt í undirbúningi ráðstefnunnar en ekki hefði verið komið til móts við þær óskir. Einnig kom fram að gagnrýnt hefði verið að Norræna ráðherranefndin hefði ekki haft nægjanlegt samráð við Norðurlandaráð við undirbúning og þátttöku ráðsins á hnattvæðingarráðstefnu ráðherranefndarinnar í apríl 2008. Í kjölfarið ákvað forsætisnefnd að rita bréf til ráðherranefndarinnar um hvernig ráðið gæti komið að undirbúningi næstu hnattvæðingarráðstefnu.

Forsætisnefnd samþykkti sjö tilmæli af hálfu Norðurlandaráðs á tímabilinu janúar til október 2008. Tvö þeirra höfðu verið til umfjöllunar í nefndinni sem tillögur, þ.e. aðgerðir til að efla verkefnisþróun innan ramma framkvæmdaáætlunar um málefni Eystrasaltsins (tilmæli 3/2008), og samnorræn eftirlitskerfi á norðurskautssvæðum (tilmæli 6/2008). Þá voru fimm tillögur samþykktar sem tilmæli á Norðurlandaráðsþinginu í Helsinki fyrir tilstilli forsætisnefndar. Þær voru ráðherranefndartillaga um norræna áætlun um samstarf á norðurskautssvæðum 2009–2011 (tilmæli 8/2008), ráðherranefndartillaga um áætlun um samstarf við Eistland, Lettland og Litháen 2009–2013 (tilmæli 9/2008), ráðherranefndartillaga um norræna-baltneska ferðastyrkjaáætlun 2009–2013 (tilmæli 10/2008), ráðherranefndartillaga um áætlun um samstarf við Norðvestur-Rússland 2009–2013 (tilmæli 11/2008) og ráðherranefndartillaga um verkefna- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 (tilmæli 33/2008).

Menningar- og menntamálanefnd.

Fulltrúi Íslandsdeildar Norðurlandaráðs í menningar- og menntamálanefnd árið 2008 var Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Menningar- og menntamálanefnd annast málefni sem varða menningu og listir á Norðurlöndum og á alþjóðavísu, fjölmenningarleg Norðurlönd, kvikmyndir og fjölmiðla, tungumál, íþróttir, óháð félagasamtök, menningu barna og unglinga, grunnmenntun, framhaldsmenntun, fullorðinsfræðslu, rannsóknir, menntun vísindamanna og fræðimannaskipti.

Meðal þess sem höfuðáhersla var lögð á í menningar- og menntamálanefnd árið 2008 var menning og heilsa, menning og þróun, menning í skólum og menning og atvinnulífið. Í apríl sagði formaður nefndarinnar, Lars Wegendal, af sér í mótmælaskyni við fyrirhugaðan niðurskurð til menningarmála í fjárlögum norræns samstarfs árið 2009.

Fimm tillögur sem menningar- og menntamálanefnd hafði til umfjöllunar urðu að tilmælum Norðurlandaráðs á árinu 2008. Þær voru þingmannatillaga um menningarsamstarf innan norðlægu víddarinnar (tilmæli 12/2008), þingmannatillaga um menningu og heilsu (tilmæli 23/2008), þingmannatillaga um sameiginlegar norrænar rannsóknir á brottfalli úr námi og jaðarhópum í menntakerfum á Norðurlöndum (tilmæli 31/2008) og þingmannatillaga að breyttum reglum bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs (tilmæli 32/2008).

Efnahags- og viðskiptanefnd.

Kristján Þór Júlíusson var fulltrúi Íslandsdeildar í efnahags- og viðskiptanefnd á árinu.

Efnahags- og viðskiptanefnd annast málefni sem varða efnahags- og framleiðsluskilyrði, atvinnulíf, innri markað Norðurlanda, frjálsa fólksflutninga, afnám landamærahindrana, viðskipti, byggðastefnu, atvinnumál og vinnumarkað, vinnuvernd, innra skipulag, samgöngur og upplýsingatækni.

Helstu mál á borði efnahags- og viðskiptanefndar árið 2008 voru samgöngumál, landamærahindranir, skapandi iðnaður, loftslagsbreytingar frá efnahagslegu sjónarhorni og samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja.

Sjö tillögur sem efnahags- og viðskiptanefnd hafði til umfjöllunar urðu að tilmælum Norðurlandaráðs árið 2008. Það voru sameiginleg stjórnun rándýrastofna á Norðurlöndum (tilmæli 4/2008), sameinað norrænt átak til að bjarga fiskstofnum og sjávarútvegi (tilmæli 5/2008), þingmannatillaga um norræna framkvæmdaáætlun um loftslagsvæna stefnu í samgöngumálum (tilmæli 17/2008), ráðherranefndartillaga um stofnun norrænna nýsköpunarverðlauna (tilmæli 25/2008), þingmannatillaga um norræna nýsköpunarstefnu (tilmæli 26/2008), ráðherranefndartillaga um áætlun í vinnumálum 2009–2012 (tilmæli 27/2008), ráðherranefndartillaga um samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar í byggðamálum (tilmæli 28/2008) og þingmannatillaga um norræna nýsköpunarstefnu (tilmæli 36/2008).

Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd.

Á árinu 2008 voru Helgi Hjörvar og Kolbrún Halldórsdóttir fulltrúar Íslandsdeildar í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd.

Umhverfis- og nátturuauðlindanefnd annast málefni er varða umhverfismál, landbúnað og skógrækt, sjávarútveg, sjálfbæra þróun og orkumál.

Megináhersla umhverfis- og náttúruauðlindanefndar árið 2008 var á sjálfbæra og skilvirka orkunotkun, aðgerðaáætlanir Norrænu ráðherranefndarinnar 2009–2012 varðandi umhverfi, sjálfbæra þróun, landbúnað, skógrækt og fiskveiðar og sorphirðu. Nefndin fundaði m.a. með umhverfisnefnd Eystrasaltsþingsins um meðferð heimilissorps og skoðaði í því sambandi sorpvinnslustöð í Stavanger undir leiðsögn Kjell Øvind Pedersen framkvæmdastjóra.

Á árinu 2008 samþykkti Norðurlandaráð sex tillögur sem tilmæli fyrir tilstuðlan umhverfis- og náttúruauðlindanefndar. Þær voru sameiginleg stjórnun rándýrastofna á Norðurlöndum (tilmæli 4/2008), Sameinað norrænt átak til að bjarga fiskstofnum og sjávarútvegi (tilmæli 5/2008), ráðherranefndartillaga um framkvæmdaáætlun í umhverfismálum 2009–2012 (tilmæli 13/2008), ráðherranefndartillaga um stefnu um sjálfbæra þróun 2009–2012 (tilmæli 14/2008), ráðherranefndartillaga um rammaáætlun um samstarf á sviði sjávarútvegs, landbúnaðar, skógræktar og matvæla 2009–2012 (tilmæli 15/2008) og þingmannatillaga um norræna framkvæmdaáætlun um loftslagsvæna stefnu í samgöngumálum (tilmæli 17/2008).

Velferðarnefnd.

Siv Friðleifsdóttir var fulltrúi Íslandsdeildar og formaður í velferðarnefnd á starfsárinu 2008.

Velferðarnefnd sinnir velferðar- og tryggingamálum, félagsþjónustu- og heilbrigðismálum, málefnum fatlaðra, byggingar- og húsnæðismálum, fjölskyldumálum, málefnum barna og unglinga og baráttu gegn misnotkun vímuefna.

Aðaláhersla árið 2008 hjá velferðarnefnd var lögð á afleiðingar vanrækslu barna, transfitusýrur í matvælum og menningu og heilsu. Nefndin hélt í janúar ásamt menningar- og mennta-

málanefnd málþing um menningu og heilsu. Anna Luise Kirkengen, doktor í læknisfræði, var gestur á fundi velferðarnefndar í apríl í tengslum við umfjöllun nefndarinnar um hvernig vanræktum börnum vegnar á fullorðinsárum. Þá fór nefndin í heimsókn í apríl í K46 í Stavanger, miðstöð fyrir ungt fólk sem er að stíga fyrstu skref í átt til meðferðar, þar sem Lisbeth Skibenes verkefnastjóri og Terje Lie sérfræðingur kynntu starfsemi miðstöðvarinnar. Velferðarnefnd heimsótti einnig í Stavanger UNGBO, heimili fyrir ungt fólk sem hefur verið í umsjón barnaverndaryfirvalda, og kynnti Torgeir Fiskum verkefnastjóri starfsemi heimilisins. Í september var Ólöf Ásta Farestveit, forstöðumaður Barnahúss, gestur á fundi velferðarnefndar í Reykjavík.

Norðurlandaráð samþykkti sjö tillögur sem tilmæli á árinu 2008 sem voru til umfjöllunar í velferðarnefnd. Það voru norrænt heilbrigðissvið (tilmæli 7/2008), ráðherranefndartillaga um breytingar á stofnunum á heilbrigðis- og félagsmálasviði (MR-S) (tilmæli 18/2008), nefndartillaga um áhrif ofbeldis í æsku á fullorðinsárin (tilmæli 19/2008), þingmannatillaga um bann við transfitusýrum (tilmæli 20/2008), þingmannatillaga um menningu og heilsu (tilmæli 23/2008), þingmannatillaga um aðgerðir til að koma í veg fyrir kynfæralimlestingar á konum (tilmæli 24/2008), og þingmannatillaga um aðgerðir til að koma í veg fyrir kynfæralimlestingar á konum (tilmæli 35/2008).

Borgara- og neytendanefnd.

Fulltrúi Íslandsdeildar í borgara- og neytendanefnd Norðurlandaráðs á starfsárinu 2008 var Kjartan Ólafsson.

Borgara- og neytendanefnd annast málefni sem varða lýðræði, mannréttindi, borgararéttindi, jafnrétti, neytendamál, hollustu matvæla, baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi, löggjöf, innflytjendur, flóttafólk og baráttu gegn kynþáttafordómum.

Á starfsárinu 2008 voru þemu borgara- og neytendanefndar mannréttindi á Norðurlöndum, hryðjuverkalög og réttaröryggi, innflytjendastefna á Norðurlöndum og norrænt samstarf á sviði löggjafar.

Í janúar hóf borgara- og neytendanefnd umfjöllun um mögulegar leiðir til að draga úr landamærahindrunum með aukinni samhæfingu í innleiðingu laga og reglugerða sem eiga uppruna sinn hjá Evrópusambandinu. Í apríl var Hanne Kavli stjórnmálafræðingur gestur nefndarinnar og kynnti nýútkomna skýrslu, sem hún var annar aðalhöfundur að, um aðlögun innflytjenda og gagnkvæma aðlögun vinnumarkaða að þeim. Í apríl í Stavanger kynnti borgara- og neytendanefnd sér einnig, ásamt menningar- og menntamálanefnd, alþjóðleg samtök sveitarfélaga (ICORN) sem skjóta skjólshúsi yfir rithöfunda sem hafa verið ofsóttir í heimalandi sínu vegna skrifa sinna. Helge Lunde verkefnastjóri kynnti samtökin.

Af þeim tilmælum sem voru samþykkt hjá Norðurlandaráði á árinu 2008 höfðu tíu verið til umfjöllunar hjá borgara- og neytendanefnd. Þær voru aðgerðir gegn ránum og árásum á vöruflutningamenn á Norðurlöndum (tilmæli 1/2008), löggæsla vegna öryggis vöruflutningamanna á Norðurlöndum (tilmæli 2/2008), þingmannatillaga um notkun og merkingar á erfðabreyttum vörum og um Norðurlönd sem svæði án erfðabreyttra lífvera (tilmæli 16/2008), þingmannatillaga um bann við transfitusýrum (tilmæli 20/2008), nefndartillaga um vegalaus börn (tilmæli 21/2008), þingmannatillaga um mansal til nauðungarvinnu (tilmæli 22/2008), nefndartillaga um að efla norrænt samstarf á löggjafarsviði (tilmæli 29/2008), þingmannatillaga um norrænt átak varðandi óöryggi yfir landamæri (tilmæli 30/2008), þingmannatillaga um notkun og merkingar á erfðabreyttum vörum og um Norðurlönd sem svæði án erfða-

breyttra lífvera (tilmæli 34/2008) og nefndartillaga um að efla norrænt samstarf á löggjafarsviði (tilmæli 37/2008).

Eftirlitsnefnd.

Kjartan Ólafsson var fulltrúi Íslandsdeildar og formaður í eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs árið 2008.

Eftirlitsnefndin fylgist fyrir hönd Norðurlandaráðsþings með starfsemi sem fjármögnuð er úr sameiginlegum sjóðum Norðurlandanna. Nefndin hefur einnig umsjón með málefnum sem snerta túlkun samninga um norræna samvinnu, vinnutilhögun Norðurlandaráðs og önnur innri málefni. Hluti af fastri starfsemi nefndarinnar er að fara yfir skýrslur dönsku ríkisendurskoðunarinnar um ársreikninga Norðurlandaráðs, Norrænu ráðherranefndarinnar og Norræna menningarsjóðsins.

Umfjöllunarefni eftirlitsnefndar árið 2008 var skoðun verkefna hjá Norrænu ráðherranefndinni. Með tilliti til fjölda verkefna og áhuga nefndarinnar á að kynna sér upphaf, líftíma, lok og mat á verkefnum ákvað eftirlitsnefndin að líta nánar á verkefnameðferð ráðherranefndarinnar með því að skoða nánar fjögur verkefni. Það voru Nordplus, kortlaging lestrar- og skriftarkunnáttu, jákvæðir þættir í atvinnulífinu og tengslanet um orkumál á Eystrasaltsvæðinu. Eftir að hafa skoðað þessi verkefni komst eftirlitsnefnd að þeirri niðurstöðu að mörg verkefnanna væru góð, en bæta mætti verkefnastjórnina. Nefndin lagði því fram nefndartillögu þar sem ráðherranefndin var hvött til að einbeita sér að færri verkefnum, um að upphaf verkefna og meðferð stjórnist af raunverulegum markmiðum, að fram fari gagnrýnni yfirferð og mat á verkefnum og að skilgreining verkefna verði skýrari.

Tillaga eftirlitsnefndar varð að tilmælum Norðurlandaráðs á árinu 2008, Nefndartillaga um verkefnaumsjón hjá Norrænu ráðherranefndinni (tilmæli 38/2008).

5. Verðlaun Norðurlandaráðs.

Verðlaun Norðurlandaráðs eru fern, þ.e. bókmenntaverðlaun, tónlistarverðlaun, náttúru- og umhverfisverðlaun og kvikmyndaverðlaun. Þau eru að upphæð 350 þúsund danskar krónur. Verðlaunin fyrir árið 2008 voru afhent við hátíðlega athöfn í Kulturhuset í Helsinki 28. október í tengslum við 60. þing Norðurlandaráðs.

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.

Bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs hefur verið úthlutað á hverju ári frá 1962. Þau eru veitt fyrir fagurbókmenntir sem skrifaðar eru á einu af norrænu tungumálunum. Til greina koma skáldsögur, leikrit, ljóða-, smásagna- eða ritgerðasöfn og önnur bókmenntaverk. Verðlaunaverkin skulu hafa til að bera mikið listrænt og bókmenntalegt gildi. Markmið verðlaunaveitingarinnar er að auka áhuga Norðurlandabúa á bókmenntum og tungumáli nágrannalandanna og á sameiginlegri menningararfleifð Norðurlanda. Soffía Auður Birgisdóttir afhenti verðlaunin fyrir hönd dómnefndar.

Danski rithöfundurinn Naja Marie Aidt hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2008 fyrir smásagnasafnið *Bavian* (2006). Það hefur að geyma 15 smásögur sem fjalla um veröld sem svipar til hversdagsleikans. Í rökstuðningi dómnefndar kom fram: „Naja Marie Aidt skrifar þokkafullan og ískyggilegan raunsæistexta, sem dregur fram undirtóna raunveruleikans, svo lesandinn finnur að hversdagsleikinn hvílir á neti mögulegra hamfara. Það sem tengir smásögur Naja Marie Aidt er lífssýn sagnanna. En kannski einnig eitthvað sem kalla má hnattrænt lífsmyrkur. Því í gegnum bókina rennur straumur, púls, sem bæði er þokka-

fullur og ískyggilega þungbúinn. Eins konar tónlist sem getur fyrirfundist í ljóðasafni eða ljóðabálki. Og það er þrátt fyrir að það sem einkennir sögurnar er einnig hversu mismunandi þær eru – greinileg þekkjanleg og dramatísk rödd og skáldlegur fjölbreytileiki, ríkidæmi í sjálfri tjáningunni. Sorg og lífsgleði, sársauki, angist og huggun lýsa í gegnum smásögur Naja Marie Aidts á sígildan hátt, en jafnramt með nýskapandi röddun. Og svo fela þær í sér nokkuð svo sjaldgæft sem ekta visku.“

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs.

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs voru fyrst veitt árið 1965. Fram til ársins 1988 voru þau afhent annað hvert ár. Frá 1990 hafa þau hins vegar verið veitt á ári hverju, annað árið til tónskálds og hitt árið til tónlistarflytjenda. Tónlistarverðlaununum er ætlað að vekja athygli á tónlistarsköpun og tónlistarflutningi sem telst hafa mikið listrænt gildi. Að þessu sinni voru söngleikir og tónlistarleikrit tilnefnd til verðlaunanna.

Danska tónskáldið Peter Bruun hlaut tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs 2008 fyrir dramatíska söngleikinn *Miki Alone*, nýtt óperuverk sem fjallar um líf nútímakonu. Verkið, sem ber undirtitilinn Seven songs for a mad woman, er tónlistarleikrit fyrir kammersveit og sópransöngkonu. Dómnefndin rökstuddi ákvörðun sína á eftirfarandi hátt: „Það verk eftir norrænt samtímatónskáld sem hlýtur tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs að þessu sinni má skilgreina sem söngleik eða tónlistarleikhús. Margvísleg verk voru tilnefnd til verðlaunanna; söngleikir, rokkóperur, tónlistarleikrit og barna- og kammeróperur. Dómnefnd lagði áherslu á verkið uppfyllti ströngustu kröfur um listræn gæði og að það væri nýskapandi. Í glæsilegu samspili texta og tónlistar upplifir áhorfandinn kímni og töfra samhliða tilfinningaflæði og spennandi framvindu. Verkið einkennist af takföstum púlsi og tónmáli sem stundum er nútímalegt og tilraunakennt, stundum í anda „Tom Waits“, stundum norrænt með þjóðlagaívafi en ávallt jafn hrífandi. Við viljum einnig leggja áherslu á fallegar laglínur Peters Bruun sem henta vel til söngs og sterka söngtexta Ursulu Andkjær Olsen. Allt fléttast þetta vel saman og engu er ofaukið. Litla kammersveitin með klarínett, lágfiðlu, kontrabassa og ásláttarhljóðfærum er notuð á mjög nýstárlegan hátt í verkinu. Að tónlistarverðlaunin skuli koma í hlut Miki Alone er til merkis um að mesta nýsköpun í tónlistarleikhúsi er oft í kammerforminu, flutt af litlum sérhæfðum sveitum.“

Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs.

Náttúru- og umhverfisverðlaunum Norðurlandaráðs var komið á fót árið 1995. Verðlaunin eru veitt fyrirtæki, stofnun, samtökum eða einstaklingi sem skilað hefur sérstöku framlagi til náttúru- og umhverfisverndar. Þema verðlaunanna í ár var „Minni orkunotkun með bættum aðferðum“. Verðlaunin voru veitt fyrir norræna vöru, fyrir uppfinningu eða þjónustu sem stuðlað hafa að því að minnka orkunotkun almennings.

Íslenska fyrirtækið Marorka hlaut náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 2008 og veitti Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, verðlaununum viðtöku. Í rökstuðningi dómnefndar sagði: „Marorka hlýtur verðlaunin fyrir þróun upplýsingatækni sem minnkar orkunýtingu við siglingar verulega. Marorku hefur á einstakan hátt tekist að sameina rannsóknir og framleiðsluþróun sem mun til lengri tíma litið hafa jákvæð áhrif á loftslag jafnframt því að framleiðslan mun skila hagnaði. Bent hefur verið á það að undanförnu að losun frá siglingaiðnaðinum sé verulegur og valdi áhyggjum. Uppfinning Marorku mun nýtast til að minnka þetta alþjóðlega vandamál.“

Marorka þróar og framleiðir kerfi til orkustjórnunar og -framleiðslu fyrir skip. Fyrirtækið stundar einnig orkurannsóknir tengdar siglingum. Kerfin eru bæði orkusparandi og minnka losun. Marorka vinnur í samstarfi við helstu skipafélög á Norðurlöndunum og í heiminum öllum. Verkefnið er árangur fjölda árangursríkra rannsóknarverkefna sem hafa verið fjármögnuð með íslensku og norrænu fjármagni. Framleiðsla Marorku er gott dæmi um hagnýtar rannsóknir sem nýst hafa bæði iðnaðinum og umhverfinu. Nýsköpunin getur haft í för með sér verulegan sparnað meðal annars á losun koltvísýrings, CO_2, út í andrúmsloftið. Það skiptir verulegu máli, sérstaklega á norðurhveli jarðar, þar sem reiknað er með að siglingar muni aukast töluvert í framtíðinni.

Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráð veitti kvikmyndaverðlaun í fyrsta sinn á 50 ára afmælisþingi sínu árið 2002. Frá 2005 hafa þau verið veitt árlega til handritshöfunda, leikstjóra og framleiðenda og skipst jafnt milli þeirra. Til þess að hljóta verðlaunin verður viðkomandi að hafa gert kvikmynd sem á rætur í norrænni menningu, hefur til að bera listrænan frumleika og sameinar alla þætti myndarinnar í heilsteyptu verki. Sjón afhenti verðlaunin fyrir hönd dómnefndar.

Sænski kvikmyndaleikstjórinn Roy Andersson og Pernilla Sandström framleiðandi hlutu kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs 2008 fyrir meinfyndnu kvikmyndina *Þið, sem lifið*. Í rökstuðningi dómnefndar fyrir vali á verðlaunahafa ársins sagði: „Í þessari stórkostlegri kvikmynd *Þið, sem lifið* veltir Roy Andersson fyrir sér lífinu, dauðanum og veikleikum mannskepnunnar. Með einstökum stílþrifum í myndatöku og frásagnartakti vekur þessi sinfónía daglegs lífs okkur til umhugsunar um gildi kvikmynda, en kennir okkur líka að skynja kvikmyndarfrásögn á nýjan veg. Í stað hefðbundinnar línulegrar frásagnar er Þið, sem lifið gerð úr röð samsettra atriða, sögubrotum úr heimi sem er í senn dapur og afkáralega fyndinn. Þessar meinfyndnu og tragísku svipmyndir sýna okkur manninn í sinni fegurstu og ljótustu mynd, þær koma okkur til að hlæja og vekja okkur til umhugsunar. Í stuttu máli minnir Þið, sem lifið okkur á kosti kvikmyndarinnar til að miðla afar persónulegri sýn á heiminn.“

6. Sameiginlegir fundir Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráð kom saman til nefndarfunda þrisvar sinnum árið 2008, í janúar, apríl og september, eins og það gerir að jafnaði. Markmiðið með fundunum er að vinna þær tillögur og þau mál sem lögð eru fyrir Norðurlandaráðsþing á haustin. Í tengslum við nefndarfundina fara fram stuttir sameiginlegir fundir alls ráðsins þar sem tekin eru fyrir efni sem tengjast verksviðum nefndanna, auk þess sem ein eða fleiri nefndir í samstarfi standa fyrir málstofum um málefni sem eru inni á borði nefndanna.

Janúarfundir Norðurlandaráðs í Stokkhólmi.

Janúarfundir Norðurlandaráðs voru haldnir í Stokkhólmi dagana 29.–30. janúar. Fyrir hönd Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu fundina Árni Páll Árnason, formaður, Björk Guðjónsdóttir, Helgi Hjörvar, Kjartan Ólafsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Siv Friðleifsdóttir, auk Lárusar Valgarðssonar ritara.

Á fundunum voru kynningar á áætlunum í norrænu samstarfi á árinu 2008, annars vegar starfsáætlun Norðurlandaráðs undir forustu Finnlands og hins vegar formennskuáætlun Svíþjóðar hjá Norrænu ráðherranefndinni. Önnur helstu mál til umræðu voru norrænt samstarf varðandi hnattvæðingu, landamærahindranir og fjárlagavinna um norrænt samstarf 2009.

Haldinn var sameiginlegur fundur um áætlanir í norrænu samstarfi 2008. Erkki Tuomioja, forseti Norðurlandaráðs, kynnti starfsáætlun ráðsins. Meginstef áætlunarinnar var vinna vegna hnattvæðingar, en undir hana falla áhersluþættir á borð við loftslags- og umhverfismál og uppræting landamærahindrana. Tuomioja dró í máli sínu fram þrjú atriði. Í fyrsta lagi nefndi hann áframhaldandi starf til undirbúnings loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn 2009. Hann sagði að enn ríkti að einhverju leyti óvissa um forgangsatriði og innihald hnattvæðingarvinnu ráðherranefndarinnar á árinu. Í öðru lagi yrði lögð áhersla á nærsvæðasamstarf Norðurlandaráðs. Í þriðja lagi vék Tuomioja sérstaklega að vinnu Norðurlandaráðs í tengslum við fjárlög um norrænt samstarf. Tuomioja sagði að ráðið mundi veita fjárlagavinnunni sérstaka athygli á árinu, en í tengslum við hnattvæðingarvinnuna yrði þörf á skýrari forgangsröðun í fjárlögunum. Forsetinn lýsti yfir að forgangsröðun í fjárlögunum mætti þó ekki grafa undan samstarfi í menningarmálum.

Á sameiginlega fundinum kynntu einnig fjórir sænskir fagráðherrar áherslur í formennskuáætlun Svíþjóðar í Norrænu ráðherranefndinni árið 2008, undir forustu hins sænska samstarfsráðherra Norðurlanda, Cristina Husmark Pehrsson. Áætlun Svía 2008 tók mið af fjórum aðaláherslum; samkeppnishæfni (konkurrenskraft), loftslagsmálum (klimat), sköpunargáfu (kreativitet) og samhæfingu (koordinering).

Andreas Carlgren umhverfisráðherra kynnti fyrstur áherslur í umhverfismálum. Í máli hans undirstrikaði hann þrjú málefni; loftslag, haf og efnagerðir. Carlgren sagði að undirbúningi loftslagsráðstefnunnar í Kaupmannahöfn 2009 yrði haldið áfram, meðal annars varðandi samvinnu samningamanna landanna um nýja alþjóðlega samþykkt sem tæki gildi eftir árið 2012, eftir Kyoto-bókunina. Varðandi hafið væri vilji til að bæta ástand þess, þ.e. Eystrasaltsins, Skagerak og Kattegat. Stuðlað yrði að auknum upplýsingum um efnagerðir í framleiðsluvörum og unnið gegn útbreiðslu kvikasilfurs, en það getur borist langar leiðir með vindi, meðal annars til norðurslóða.

Menningarmálaráðherra, Lena Adelsohn Liljeroth, kynnti áætlun menningarmálageirans. Helsta einkunnarorð þess var sköpunargáfa. Liljeroth ræddi í því sambandi sköpun barna og ungmenna í skólum, sköpun yfir landamæri með samvinnu Norðurlanda við Eystrasaltslönd og Rússland í menningarmálum, og aukinni þátttöku fólks í sköpun og fjölbreytilegri menningu.

Eskil Erlandsson landbúnaðarráðherra kynnti áætlun varðandi landbúnað, matvæli og skógrækt. Hann lagði út af áherslu á samkeppnishæfni og talaði sérstaklega um áætlunina um ný norræn matvæli og um fiskveiðar í smáum stíl meðfram ströndum, en samkeppnishæfni þeirra mætti bæta með betri nýtingu orku og góðs innra skipulags varðandi sölu á afurðum.

Háskóla- og rannsóknarráðherra, og formaður sænska hnattvæðingarráðsins, Lars Leijonborg, lagði í ræðu sinni áherslu á hnattvæðingu. Að mati Leijonborg gæti hún verið öllum til góðs (win-win situation), en það krefðist þess að fólk mundi aðlagast nýjum kröfum. Hann sagði ástæðuna fyrir því að veðja í stórum stíl á vísindarannsóknir væri sú að ný þekking og nýjar hugmyndir ættu stóran þátt í framleiðsluskilyrðum og hagvexti. Þá þyrftu Norðurlönd að verða betri í að laða að sér alþjóðlegt vísindafólk í fremstu röð og auka mætti nemendaskipti innan norrænna háskóla.

Halldór Ásgrímsson, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar, var gestur á sameiginlega fundinum og á fundi forsætisnefndar. Hann kynnti áherslur og áætlanir hnattvæðingarvinnu ráðherranefndarinnar í átta liðum; vísindarannsóknir í fremstu röð, athugun á grundvelli fyrir norrænar nýsköpunarmiðstöðvar í Asíu, norræn nýsköpunarverðlaun, norræn orkusýning í tengslum við loftslagsráðstefnu SÞ í Kaupmannahöfn 2009, samstarf norrænu

básanna á heimsýningunni í Sjanghæ 2010 árleg norræn hnattvæðingarráðstefna, norrænt samstarf til að stuðla að nýrri alþjóðlegri samþykkt um loftslagsmál eftir 2012, og vinna gegn landamærahindrunum. Af hálfu Norðurlandaráðs sættu áætlanir ráðherranefndarinnar nokkurri gagnrýni fyrir að vera ekki nógu ítarlegar og skorta tímaáætlanir og upplýsingar um forgangsröðun í þeim niðurskurði sem yrði beitt til að mæta kostnaði við vinnuna.

Ole Norrback, sendiherra og forustumaður í vinnunni gegn landamærahindrunum, var einnig gestur á sameiginlega fundinum og á fundi forsætisnefndar. Norrback sagði ljóst að ekki væri hægt að ryðja öllum landamærahindrunum úr vegi því Norðurlöndin væru sjálfstæð ríki með sjálfstæða löggjöf. Hins vegar ætti að vera hægt að eyða óþörfum hindrunum og koma í veg fyrir að þær verði til. Í þeim tilgangi taldi hann þörf á auknum samanburði við lög annarra Norðurlanda við lagasetningu norrænu þinganna til að koma í veg fyrir ósamræmi. Þá væri einnig þörf á betri samræmingu þeirra aðila sem sinntu landamærahindrunum, þ.e. samnorrænu upplýsingaþjónustunnar Halló Norðurlönd, landamæraupplýsingaskrifstofum á borð við ØresundDirekt í Danmörku og Svíþjóð og Grensetjänsten í Svíþjóð og Noregi, sem og Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni (Nordisk InnovationCenter – NICe). Norrback leiddi á árinu 2008 sérstakan verkefnishóp, landamærahindranahópinn (Grænsehinderforumet), til að efla vinnuna gegn landamærahindrunum, sem Norræna ráðherranefndin skipaði og tók til starfa í upphafi ársins. Í hópnum voru fulltrúar Norðurlandanna, auk Norrback og Halldórs Ásgrímssonar, framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar. Fyrir Íslands hönd átti Guðríður Sigurðardóttir sæti í hópnum. Hópurinn setti þrjú verkefni í forgang, hindranir tengdar háskólamenntun, vísindarannsóknum og fjármögnun þeirra, hindranir í tengslum við almannatryggingar og hindranir í tengslum við byggingariðnaðinn.

Aprílfundir Norðurlandaráðs í Stavanger.

Aprílfundir Norðurlandaráðs voru haldnir í Stavanger dagana 14.–15. apríl 2008. Fyrir hönd Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu fundina Árni Páll Árnason, formaður, Helgi Hjörvar, Kjartan Ólafsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Kristján Þór Júlíusson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Siv Friðleifsdóttir, auk Lárusar Valgarðssonar ritara.

Helsta mál til umræðu á fundunum var norrænt samstarf í tengslum við hnattvæðingu. Á fundi forsætisnefndar og málefnanefnda var farið yfir stöðu mála varðandi hnattvæðingarvinnuna sem snýst um að samhæfa og gera skilvirkari aðgerðir Norðurlandanna til að mæta áskorunum hnattvæðingar. Umfjöllunin skiptist í fjórar hliðar samstarfsins, verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar, hnattvæðingarráðstefnu, landamærahindranir og fjárlög norræns samstarfs.

Forsætisráðherrar Norðurlandanna ákváðu á fundi sínum í Punkaharju í Finnlandi í júní 2007 að helstu áherslur hnattvæðingarsamstarfsins skyldu vera loftslagsmál, umhverfismál, orkumál, þekking og nýsköpun, vinna gegn landamærahindrunum, þ.e. kerfishindrunum sem hefta för einstaklinga og fyrirtækja milli Norðurlanda, og kynning á Norðurlöndunum. Á fundi forsætisnefndar Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í janúar sættu þær áætlanir sem Norræna ráðherranefndin hafði kynnt um hnattvæðingarvinnuna gagnrýni fyrir að vera óskýrar og áætlanir um niðurskurð til að mæta kostnaði við hana fyrir að vera óljósar. Í millitíðinni, fram að fundi forsætisnefndar í Stavanger, kynnti ráðherranefndin áætlanir sínar frekar. Þær byggðust á átta verkefnum sem Norræna ráðherranefndin gerði grein fyrir í október 2007 og janúar 2008 sem lið í að gera Norðurlöndin sem svæði samkeppnishæfari á alþjóðlegum vettvangi. Í febrúar 2008 kynnti ráðherranefndin sex verkefni til viðbótar, áætlanir um þróun norræna rannsókna- og nýsköpunarsvæðisins (NORIA), eflingu háskólamenntunar og aðdráttar-

afls hennar, aukna menntun ungmenna og fullorðinna eftir grunnskóla, áhrif loftslagsbreytinga á náttúruauðlindir og frumatvinnugreinar, styrkingu ímyndar Norðurlanda sem miðstöðvar skapandi iðnaðar (kreativa industrier) og samhæfingu norræna rafmagnsmarkaðarins.

Árleg hnattvæðingarráðstefna, sem var eitt af samtals fjórtán hnattvæðingarverkefnum ráðherranefndarinnar, var haldin í fyrsta skipti í Riksgränsen í Norður-Svíþjóð 8.–9. apríl 2008. Ráðstefnuna sóttu norrænir forsætisráðherrar, samstarfsráðherrar Norðurlandanna, þingmenn frá Norðurlandaráði og framkvæmdastjórar Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs, auk fulltrúa atvinnulífsins, iðnaðarins, mennta- og vísindageirans, frjálsra félagasamtaka og embættismanna. Af hálfu Norðurlandaráðs sóttu hnattvæðingarráðstefnuna Erkki Tuomioja, forseti ráðsins, Lisbeth Grönfeldt Bergman, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, og Siv Friðleifsdóttir, formaður velferðarnefndar, og Jan-Erik Enestam framkvæmdastjóri. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Samkeppnishæf Norðurlönd í hnattvæddum heimi“.

Eitt af því sem var til umræðu á hnattvæðingarráðstefnunni voru metnaðarfullar tillögur um öndvegisrannsóknir sem starfshópur sérfræðinga frá Norræna rannsóknarráðinu (Nordforsk), Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni (Nordisk InnovationsCenter) og Norrænum orkurannsóknum (Nordisk Energiforskning) lagði fram. Markmið tillagnanna var að Norðurlönd yrðu leiðandi afl á alþjóðavísu á ákveðnum sviðum orku-, loftslags- og umhverfismála þar sem þau gætu sem heild verið í fararbroddi með pólitískar lausnir og tæknilegar nýjungar. Leiðirnar að markmiðinu væru að setja þrjú málasvið í forgang og skipuleggja innan þeirra tólf verkefni. Málasviðin voru loftslagsrannsóknir á norðurslóðum, loftslags- og umhverfispólitík með norrænni og hnattrænni sýn, nýsköpun í orkumálum og kerfisbundnar lausnir og hrein orkubrennsla framtíðarinnar. Í yfirlýsingu sem forsætisráðherrarnir gáfu út eftir ráðstefnuna í Riksgränsen um áherslur hnattvæðingarsamstarfsins var sérstaklega vikið að mikilvægi öndvegisrannsókna og nýsköpunar, vinnunni gegn landamærahindrunum, forgöngu Norðurlandanna varðandi áskoranir loftslagsbreytinga og frumkvæði að nýrri samþykkt um loftslagsmál og vinnu við norrænar aðgerðaáætlanir um umhverfismál 2009–2012 og orkumál 2010–2013.

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs gaf út yfirlýsingu um hnattvæðingarráðstefnuna eftir fund sinn í Stavanger. Meginatriði hennar voru þrjú. Í fyrsta lagi að hnattvæðingarráðstefnan hefði verið skref fram á við í leitinni að sameiginlegum norrænnun lausnum við áskorunum hnattvædds heims. Í öðru lagi að mikilvægt væri í framhaldinu að norrænum þjóðþingum og Norðurlandaráði gæfist færi á ríkari þátttöku en raunin varð í Riksgränsen, hnattvæðingaráherslan sem mótuð var í Punkaharju hefði komið til eftir viljayfirlýsingar norrænna þingmanna. Í ráðstefnunni í Riksgränsen tóku þátt þrír þingmenn frá Norðurlandaráði af tæplega hundrað þátttakendum. Í þriðja lagi fór Norðurlandaráð þess á leit við Norrænu ráðherranefndina að settur yrði á laggirnar starfshópur fulltrúa ríkisstjórna og þingmanna til að kanna hvernig hnattvæðingaráherslur gætu á sem bestan hátt orðið hluti af opinberu norrænu samstarfi til lengri tíma litið.

Á aprílfundunum var staða vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar við fjárlög norræns samstarfs til umfjöllunar hjá forsætisnefnd Norðurlandaráðs og fjárlagahópi hennar. Í upphafi ársins var fjárlagahópur forsætisnefndar gagnrýninn á óljós atriði fjárlagavinnunnar, annars vegar hvernig fjárveitingu að upphæð u.þ.b. 60 milljónir danskra króna til hnattvæðingarvinnunnar yrði ráðstafað árið 2008 og hins vegar hvaða niðurskurði yrði beitt árið 2009 til að mæta kostnaði við fjárveitingu að sömu upphæð til sama verkefnis. Ráðherranefndin gerði betur grein fyrir báðum þáttum, í fyrsta lagi áðurnefndu hnattvæðingarverkefni og öðru lagi

tveggja þrepa niðurskurði, 2% eða 5%, eftir málaflokkum. Í tilefni af niðurskurðaráformunum til menningarmála vakti Árni Páll Árnason, sem sat í fjárlagahópnum, athygli á því að Norræna húsið í Reykjavík væri þá þegar varla starfhæft vegna fjárskorts. Norrænu húsin væru mikilvægir tenglar sem styrktu tengsl þeirra sem stæðu utan við málheild skandinavískra tungumála við hið norræna samstarf, þ.m.t. hnattvæðingarvinnuna. Vegna gagnrýni Norðurlandaráðs í upphafi árs á áætlanir Norrænu ráðherranefndarinnar um að skera niður fjárveitingu ársins 2009 til norrænu upplýsingaskrifstofanna á Norðurlöndum, þ.m.t. á Akureyri, innan sameiginlegrar upplýsingadeildar Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs, gerði ráðherranefndin nýja áætlun um að auknu fé verði veitt til norrænu félaganna sem síðan taki ákvarðanir um fjármögnun til upplýsingaskrifstofanna.

Einnig var haldinn í apríl sameiginlegur fundur allra nefnda þar sem kynnt var staða Stavanger sem olíuhöfuðborgar Noregs og evrópskrar menningarborgar 2008. Kynningin var í höndum borgarstjóra Stavanger, Leif Johan Sevland, framkvæmdastjóra norsku olíustofnunarinnar, Bente Nyland, og Mary Miller, verkefnastjóra Stavangerborgar sem evrópskrar menningarborgar 2008.

Septemberfundir Norðurlandaráðs í Reykjavík.

Septemberfundir Norðurlandaráðs voru haldnir á Grand Hótel í Reykjavík dagana 23.–24. september 2008 og var Íslandsdeild gestgjafi þeirra. Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu fundina Árni Páll Árnason, formaður, Helgi Hjörvar, Kjartan Ólafsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Kristján Þór Júlíusson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Siv Friðleifsdóttir, auk Lárusar Valgarðssonar ritara.

Á sameiginlegum fundi allra nefnda í september var fjallað um þátttöku innflytjenda í norrænum samfélögum og þær áskoranir sem hún hefur í för með sér fyrir menntakerfi þeirra. Aðalfyrirlesarar voru Gestur Guðmundsson, prófessor við Háskóla Íslands, og Ingibjörg Hafstað, kennslustjóri Alþjóðahúss.

Gestur Guðmundsson fjallaði almennt um hvaða áhrif þátttaka barna innflytjenda hefði á menntakerfið. Hann sagði, fyrst og fremst með tilvísun til danskra aðstæðna, að áherslur menntakerfisins á bóklegt nám hefðu verri áhrif á börn innflytjenda en annarra samfélagshópa. Þar stæðu börn innflytjenda frá bóklega hneigðum heimilum betur að vígi en börn innflytjenda frá heimilum sem væru það ekki. Gestur benti á að til þess að tilheyra hópi nemenda í fremstu röð í menntakerfinu væri nauðsynlegt að hafa skilning á ýmsum menningarlegum þáttum, en sá skilningur væri hins vegar álitinn sjálfgefinn. Hann taldi meðal annars að það mundi bæta stöðu barna innflytjenda í menntakerfinu og minnka brottfall þeirra úr námi ef betur væri gerð grein fyrir menningarlegum þáttum í menntakerfinu og þeir settir í alþjóðlegt samhengi. Einnig gæti það bætt stöðu þeirra ef þeim væri frekar gert mögulegt að hefja fyrst starfsþjálfun í verknámi og taka bókleg fög að henni lokinni.

Ingibjörg Hafstað fjallaði um máltöku barna innflytjenda á öðru tungumáli, þ.e. öðru máli en eigin móðurmáli, á leikskólum. Hún fjallaði meðal annars um hvort ganga barna innflytjenda í leikskóla og nám þeirra þar í meirihlutatungumáli samfélagsins stuðlaði að bættum námsárangri þeirra síðar í menntakerfinu. Ingibjörg sagði að flestum fræðimönnum bæri saman um að börn næðu tökum á öðru tungumáli ef þau væru virk mjög ung í málumhverfi þess tungumáls, en fræðimönnum bæri hins vegar ekki saman um hvort góð kunnátta barna í móðurmáli væri forsenda þess að þau tileinkuðu sér annað tungumál það vel að þau gætu stundað nám á því máli. Ingibjörg fjallaði nánar um mikilvægi málörvunar og umgengni barna við þá sem eru færari í móðurmálinu og öðru tungumáli en þau við máltöku þeirra á

öðru tungumálinu. Virkur orðaforði barna á leikskólaaldri í báðum tungumálum væri undirstaða óvirks, þ.e. ólærðs, orðaforða síðar. Því litu margir fræðimenn svo á að mikilvægt væri að viðhalda og þroska orðaforða og menningartengda málhegðun í báðum tungumálum samtímis. Ef börn glötuðu hæfileikanum til að tileinka sér óvirkan hluta móðurmálsins við máltöku á öðru tungumáli gæti það haft þær sorglegu afleiðingar að foreldrar, sem ættu erfitt með að tileinka sér tungumál og menningu meiri hlutans í samfélaginu, misstu tungumálalega brú við börn sín þegar þau töluðu einungis saman barnamál á móðurmálinu.

7. 60. þing Norðurlandaráðs í Helsinki.

Norðurlandaráðsþing var haldið í Helsinki dagana 27.–29. október. Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu þingið Árni Páll Árnason, formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, Helgi Hjörvar, Kjartan Ólafsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Kristján Þór Júlíusson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Siv Friðleifsdóttir, auk Lárusar Valgarðssonar ritara.

Ísland var nokkuð í sviðsljósinu á þinginu vegna hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu og formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni árið 2009. Helstu mál á dagskrá Norðurlandaráðsþingsins voru þemaumræður norrænu forsætisráðherranna og leiðtoga stjórnarandstöðuflokka um hnattvæðinguna, fjármálakreppuna og norræna velferðarlíkanið, sjálfbær Norðurlönd, heilnæm Norðurlönd, hnattvædd Norðurlönd og Norðurlönd menntunar og þekkingar. Alls sóttu þingið um þúsund manns, þar á meðal norrænir þingmenn, norrænir ráðherrar og alþjóðlegir gestir.

Norðurlandaráðsþingið í Helsinki vakti töluverða athygli fjölmiðla vegna alþjóðlegu fjármálakreppunnar og stöðu efnahagsmála á Íslandi. Á fyrsta degi þingsins héldu norrænu forsætisráðherrarnir sérstakan fund um fjármálakreppuna, en hefðbundinn fund um önnur málefni daginn eftir. Í yfirlýsingu sem forsætisráðherrarnir gáfu út eftir fundinn um fjármálakreppuna lýstu þeir áhyggjum yfir neikvæðum áhrifum sem fjármálakreppan hefði á efnahagsmál í heiminum öllum og lögðu áherslu á þörfina á alþjóðlegum reglum til að bæta starfsemi á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Varðandi hið alvarlega ástand á Íslandi lýstu forsætisráðherrarnir yfir stuðningi við Ísland og létu í ljós ánægju yfir að Ísland hefði gert bráðabirgðasamkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um neyðaráætlun. Norðurlöndin mundu styðja tillögu um áætlunina þegar hún yrði tekin fyrir í stjórn sjóðsins og samningurinn og áframhaldandi náið samráð við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn væri mikilvæg undirstaða fyrir það starf sem fyrir höndum væri við að koma á stöðugleika í íslensku efnahagslífi. Ráðherrarnir ákváðu að setja á laggirnar norræna embættismannanefnd til að fylgjast með neyðaraðgerðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og til að ræða og samræma aðgerðir til að koma Íslandi út úr þeirri alvarlegu stöðu sem landið væri í.

Umræður á Norðurlandaráðsþinginu báru nokkurn keim af fjármálakreppunni. Í almennum umræðum á fyrsta degi þingsins var til að mynda hvatt til samstöðu og stuðnings við Ísland af hálfu færeyska lögmannsins, Kaj Leo Johannesens og norsku og færeysku þingmannanna Rolfs Reikvams og Høgna Hoydals, sem og gesta þingsins, formanns Vestnorræna ráðsins, Kára Páls Højgaard, og forseta Norðurlandaráðs æskunnar, Lisbeth Sejer Götzsche. Siv Friðleifsdóttir þakkaði norrænu samstöðuna og skilninginn á stöðu Íslands og sagði að Íslendingar mundu yfirstíga erfiðleikana en það tæki sinn tíma.

Í umræðu um utanríkismál á fyrsta degi þingsins var Árni Páll Árnason talsmaður forsætisnefndar Norðurlandaráðs varðandi öryggismál í Norður-Atlantshafi, í kjölfar framsögu Carls Bildts, utanríkisráðherra Svíþjóðar, fyrir hönd norrænu utanríkisráðherranna. Árni Páll minntist þess að Norðurlandaráð hefði fjallað um öryggismál í Norður-Atlantshafi frá því á

fundi forsætisnefndar Norðurlandaráðs í Reykjavík í desember 2007. Hann lýsti yfir ánægju með þann áhuga sem utanríkisráðherrar Norðurlanda sýndu öryggismálum og þróun norræns samstarfs á því sviði og það að forsætisnefnd hefði tækifæri til að ræða komandi samstarf í öryggismálum við Thorvald Stoltenberg á fundi forsætisnefndar Norðurlandaráðs í desember. Árni Páll tók einnig upp efnahagsleg öryggismál í tengslum við fjármálakreppuna. Hann sagði að ljóst væri að eftir kreppuna yrði þörf fyrir samnorrænar tillögur um hvernig hægt væri að verja íbúa Norðurlanda í þessu sambandi og hvaða aðgerða væri hægt að grípa til í þeim tilgangi að koma á betra evrópsku regluverki svo að ekki myndaðist togstreita milli alþjóðlegra banka og yfirstjórna bankamála í þjóðlöndum. Árni Páll sagði enn fremur að Ísland hefði orðið fyrir áhlaupi erlendra gjaldeyrisspákaupmanna sem landið hefði ekki haft bolmagn til að verjast. Því væri nauðsynlegt að velta fyrir sér hvort það væri vænlegt, í þeirri uppbyggingu sem fram undan væri á Íslandi, að hafa frjálsan fjármagnsmarkað án takmarkana og mjög lítinn gjaldmiðil sem auðvelt væri að hafa áhrif á. Afleiðingar slíkra aðstæðna væru greinilegar fyrir íslensku þjóðina um þær mundir.

Kolbrún Halldórsdóttir tók einnig þátt í umræðunni og benti á að umfjöllun Bildts um mansal hefði verið áfátt. Orsakir mansals væru fátækt og eftirspurn, og mikilvægt væri að taka betur á í baráttunni gegn því. Til viðbótar við það samstarf sem færi fram með samráði norrænu landanna og fyrirbyggjandi aðgerðum í þeim löndum sem fórnarlömbin kæmu frá þyrfti að huga sérstaklega að úrræðum fyrir fórnarlömb mansals með áætlun um fórnarlambavernd.

Formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2009 var kynnt á öðrum degi þingsins af Geir H. Haarde forsætisráðherra. Forsætisráðherra lagði áherslu á fjögur atriði, öndvegisrannsóknir, nýsköpun og samstarf norrænna háskóla og norrænna rannsóknastofnana, loftslagsbreytingar og alþjóðlegt samstarf í baráttunni gegn þeim, ástand hafsins og gerð vákorts fyrir viðkvæm svæði í Norður-Atlantshafi, og mikilvægi norrænu tungumálanna í norrænum samskiptum, norrænum skólakerfum og miðlun norrænnar menningar. Í andsvörum Rolf Reikvam og Kolbrúnar Halldórsdóttur við ræðu forsætisráðherra kom fram gagnrýni á að í formennskuáætluninni fælust áform um að opna fyrir einkavæðingu í heilbrigðismálum. Forsætisráðherra kvað svo ekki vera. Þá bentu Rolf Reikvam og Helgi Hjörvar á í andsvörum við ræðu forsætisráðherra að hugsanlega þyrfti að endurskoða formennskuáætlunina með hliðsjón af alþjóðlegu fjármálakreppunni, meðal annars ef fjármálakreppan þróaðist yfir í alþjóðlega efnahagskreppu árið 2009. Forsætisráðherra sagði að það gæti vel komið til umræðu, auk þess sem kreppan yrði á dagskrá á hinni árlegu norrænu hnattvæðingarráðstefnu sem haldin yrði á Íslandi í febrúar 2009. Ráðherra notaði einnig tækifærið til að lýsa þakklæti sínu fyrir þá samstöðu sem komið hefði fram í umræðum á þinginu og meðal norrænu ráðherranna, sérstaklega forsætisráðherranna. Line Barfoed og Marion Pedersen frá Danmörku gerðu í sínum andsvörum athugasemdir við fjarveru forsætisráðherra undir lok umræðunnar, sem þá hafði þurft að yfirgefa þingsalinn til að sækja hádegisverðarboð forseta Finnlands, Törju Halonen. Ráðherra svaraði því til í umræðum síðar um daginn að árekstrar í dagskrá þingsins gætu ekki skrifast á hans reikning og að umræðan hefði hafist á eftir áætlun.

Öðrum degi Norðurlandaráðsþingsins lauk með norrænum leiðtogafundi þar sem norrænu forsætisráðherrarnir og leiðtogar stjórnarandstöðuflokka ræddu hnattvæðinguna, fjármálakreppuna og norræna velferðarlíkanið. Geir H. Haarde forsætisráðherra fjallaði í sinni ræðu um velferðarkerfið frá ýmsum hliðum. Hann benti á að Norðurlöndin kæmu jafnan vel út í alþjóðlegum samanburði um efnahagslega samkeppnishæfni. Í augnablikinu væru efnahagslegar horfur ekki góðar, en því mætti ekki gleyma að Norðurlöndin hefðu búið við hagvöxt

og velsæld á síðustu árum og skiljanlegt væri að spurt væri hvernig Norðurlöndin færu að því að stuðla að hagvexti og samtímis viðhalda velferðarkerfinu. Forsætisráðherra benti á að tengsl væru milli félagslegs öryggis og jákvæðrar afstöðu til hnattvæðingar, að félagslegt öryggisnet drægi úr slæmum afleiðingum áfalla og að kjarkur væri lykilatriði í nýsköpun sem hefði mest að segja varðandi samkeppnishæfni í hnattvæddum heimi. Um þær mundir væri mikil þörf á sterkum velferðarkerfum á Norðurlöndum og norrænni samstöðu, á tímum þegar hætta á alþjóðlegu efnahagslegu hruni væri fyrir hendi.

Steingrímur J. Sigfússon, oddviti stjórnarandstöðu á Íslandi, fjallaði á leiðtogafundinum um ýmis atriði fjármálakreppunnar og afleiðingar hennar fyrir velferðarkerfið. Hann sagði að nú væri svo komið að tímabil nýfrjálshyggju, einkavæðingar og markaðshyggju væri á enda runnið. Það væri sorglegt að ekki hefði reynst unnt að standa vörð um velferðarsamfélög Norðurlanda og græðgi hefði orðið ráðandi. Vandi Íslands væri fyrst og fremst heimatilbúinn þó að alþjóðlega fjármálakreppan, fall Lehman Brothers bankans og aðgerðir Bretlands hefðu gert aukið enn á vandann. Steingrímur varpaði út skilaboðum úr ræðustól er hann sagði: „Shame on you Mr. Brown, this is not how a real statesman behaves.“ Hann hvatti stjórnmálaleiðtoga á Norðurlöndum til þess að auka norrænt samstarf í kjölfar fjármálakreppunnar, einnig efnahagslegt samstarf og samstarf í gjaldeyrismálum. Eftir fall nýfrjálshyggjunnar væri víðtækt endurmat tímabært. Norðurlöndin ættu að standa vörð um norrænu velferðarsamfélögin og umhverfið því svarið væri fólgið í lýðræðissamfélögum með samábyrgð, sjálfbærni og blönduðum hagkerfum þar sem markaðurinn væri þjónn en ekki herra.

Á þriðja degi þingsins voru sjálfbær Norðurlönd og heilnæm Norðurlönd á dagskrá. Helgi Hjörvar var talsmaður umhverfis- og náttúruauðlindanefndar Norðurlandaráðs um tillögu Norrænu ráðherranefndarinnar um framkvæmdaáætlun fyrir samstarf á sviði sjávarútvegs, landbúnaðar, skógræktar og matvæla fyrir árin 2009–2012. Helgi sagðist eiga von á því að þessar atvinnugreinar fengju meira vægi á næstunni, eftir fjármálakreppuna, þar sem áhersla á sjávarútveg ætti að vega þungt. Í því sambandi væri endurskoðun Evrópusambandsins á sjávarútvegsstefnu sinni mikilvæg, þar sem stefna sambandsins til 25 ára hefði beðið skipbrot. Norðurlöndin hefðu ólíka reynslu á sviði fiskveiðistjórnunar en ef þau gætu haft áhrif á fiskveiðipólitík ESB gæti það orðið hluti af umræðu um inngöngu Íslands og hugsanlega annarra landa í sambandið.

Kolbrún Halldórsdóttir tók þátt í umræðu um fulltrúatillögu um norrænt samstarf varðandi notkun og merkingu á erfðabreyttum vörum og fulltrúatillögu um Norðurlönd sem svæði án erfðabreyttra efna. Kolbrún fagnaði málinu og sagði að varðveita ætti líffræðilegan fjölbreytileika í kornrækt til þess að ekki væru einungis til fáar erfðabreyttar tegundir sem alþjóðasamsteypur hefðu einkaleyfi á, í krafti þekkingar í erfðavísindum. Reglur ESB á þessu sviði settu strik í reikninginn fyrir Norðurlönd þar sem reglur um markaðsaðgengi kæmu í veg fyrir að lönd gætu lýst yfir banni við ræktun erfðabreyttra tegunda. Kolbrún taldi mikilvægt að fara varlega og reyna að tryggja að þær matvörur sem neytendur legðu sér til munns hefðu ekki skaðleg áhrif á heilsuna. Upplýsingar til neytenda um innihald vara væru grundvöllur þess að neytendur gætu tekið sjálfstæðar ákvarðanir um neyslu sína. Það væri einnig óskandi að Norðurlöndin yrðu í framtíðinni talsmenn þess að lönd hafi það á eigin forræði vilji þau vera laus undan ræktun erfðabreyttra tegunda.

Siv Friðleifsdóttir, formaður velferðarnefndar Norðurlandaráðs, var talsmaður nefndarinnar um tillögu Norrænu ráðherranefndarinnar um nýtt skipulag stofnana ráðherranefndarinnar á sviði félags- og heilbrigðismála. Samkvæmt tillögunni tæki ný norræn velferðarstofnun til starfa 1. janúar 2009 í Stokkhólmi sem þar sem sameinaðar væru fjórar starfandi stofn-

anir; Norræni samstarfsvettvangurinn um málefni fatlaðra (NSH), Norræna menntunarmiðstöðin fyrir þá sem starfa með daufblindum (NUD), Norræna menntaáætlunin um þróun félagslegrar þjónustu (NOPUS) og Norræna samstarfsnefndin um rannsóknir á áfengis- og vímuefnaneyslu (NAD). Siv sagði að velferðarnefnd Norðurlandaráðs styddi skipulagsbreytingarnar þar sem þær mundu skerpa sýn í velferðarmálum.

Siv Friðleifsdóttir var einnig talsmaður velferðarnefndar Norðurlandaráðs um fulltrúatillögu um menningu og heilsu. Tillagan fjallaði um hin góðu áhrif sem menning hefur á heilsu fólks og hvernig megi styrkja þau áhrif meðal annars með auknum rannsóknum, ráðstefnuhaldi og norrænu tilraunaverkefni um hagnýt tengsl milli menningar og heilbrigðis. Siv lýsti yfir einróma stuðningi velferðarnefndar við tillöguna.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir lýsti einnig yfir stuðningi við tillöguna um tengsl menningar og heilsu. Hún taldi það skipta mjög miklu máli að þessir tveir ólíku þættir væru skoðaðir í heild og að líta þyrfti á þá báða frá barnæsku til fullorðinsára. Heilsa og menntun væru samtvinnaðir þættir og þeir skiptu máli í uppeldi barns vegna þess að þeir fylgdu barninu á fullorðinsárum. Ragnheiður sagði að menningin sem þáttur innan heilsugeirans hefði forvarnargildi sem mundi stuðla að heilsuvæðingu Norðurlandaþjóða. Þá skipti líka máli í þessu sambandi hin fjölfaglega samvinna innan menntunargeirans þannig að þeir sem menntuðu sig á heilbrigðissviði þyrftu að taka hluta af menningunni inn í sitt nám og að þeir sem menntuðu sig á menningarsviði tækju heilsusviðið inn í sitt nám. Hún sagði að tillagan væri áskorun til Norðurlandaþjóða um að skoða þessa tvo þætti sameiginlega, hvernig þeir gætu unnið saman, og hvatti þingheim til að veita tillögunni brautargengi.

Á þriðja degi voru einnig á dagskrá Norðurlandaráðsþingsins hnattvædd Norðurlönd og Norðurlönd samstöðu og þekkingar. Björgvin G. Sigurðsson, samstarfsráðherra Norðurlanda, flutti ræðu um hnattvæðingu Norðurlanda þar sem hann fjallaði um norrænt frumkvæði í hnattvæddum heimi, meðal annars varðandi framlag Norrænu ráðherranefndarinnar til vinnu við nýjan samning um loftslagsmál á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í desember 2009 og hnattvæðingarráðstefnu ráðherranefndarinnar á Íslandi í febrúar 2009.

Undir dagskrárliðnum hnattvædd Norðurlönd var einnig tekin fyrir tillaga Norrænu ráðherranefndarinnar um norræn nýsköpunarverðlaun. Frumkvæðið að slíkum verðlaunum kom frá forsætisráðherrum Norðurlandanna á fundi þeirra í Punkaharju í júní 2007 og var hluti af áherslum og áætlunum Norrænu ráðherranefndarinnar um hnattvæðingarvinnuna. Tillagan var tekin fyrir hjá efnahags- og viðskiptanefnd Norðurlandaráðs í september og október og var hún samþykkt þar með naumum meiri hluta. Á Norðurlandaráðsþinginu var tillagan hins vegar felld.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra gerði fyrir hönd Norrænu ráðherranefndarinnar grein fyrir áætlunum norrænu menntamálaráðherranna um menntun og rannsóknir 2008–2010 við umfjöllun þingsins um Norðurlönd samstöðu og þekkingar. Menntamálaráðherra tiltók nokkur atriði í áætluninni, sem báru rík merki áherslunnar á hnattvæðingarmál, þar á meðal öndvegisrannsóknir um loftslags-, orku- og umhverfismál, samanburðarrannsókn á kennaramenntun á Norðurlöndum, þróun norrænna meistarprófsgráðna og mat á framtíðarskipulagi tungumálasamstarfs.

Undir lok þriðja dags þingsins var Kjartan Ólafsson, formaður eftirlitsnefndar Norðurlandaráðs, talsmaður nefndarinnar um skýrslur dönsku ríkisendurskoðunarinnar um ársreikninga Norrænu ráðherranefndarinnar, Norðurlandaráðs og Norræna menningarsjóðsins. Hann lagði til að ársreikningarnir yrðu samþykktir. Kjartan gerði einnig grein fyrir störfum eftir-

litsnefndarinnar á árinu, en hún stóð á árinu fyrir skoðun á verkefnastarfi hjá Norrænu ráðherranefndinni. Með tilliti til fjölda verkefna og áherslu nefndarinnar á að kynna sér upphaf, líftíma, lok og mat á verkefnum skoðaði eftirlitsnefndin nánar fjögur verkefni. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að mörg verkefni væru góð en að verkefnaumsjón ráðherranefndarinnar mætti bæta. Eftirlitsnefndin lagði í því sambandi fram tillögu þar sem Norræna ráðherranefndin var hvött til að einbeita sér að færri verkefnum og sjá til þess að upphaf verkefna og meðferð stjórnaðist af skýrum markmiðum, að fram færi gagnrýnni yfirferð og mat á verkefnunum og að skilgreining verkefna yrði skýrari.

Eftir kosningar í nefndir og ráð er nefndarseta fulltrúa Íslandsdeildar Norðurlandaráðs árið 2009 sem hér segir: Árni Páll Árnason situr áfram í forsætisnefnd, Kjartan Ólafsson fer úr borgara- og neytendanefnd og eftirlitsnefnd og tekur sæti í forsætisnefnd, Siv Friðleifsdóttir er áfram formaður velferðarnefndar og tekur sæti í kjörnefnd, Kolbrún Halldórsdóttir flytur sig um set úr umhverfis- og náttúruauðlindanefnd í menningar- og menntamálanefnd, Helgi Hjörvar situr áfram í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd, Ragnheiður Ríkharðsdóttir er áfram í menningar- og menntamálanefnd og Kristján Þór Júlíusson situr áfram í efnahags- og viðskiptanefnd en tekur jafnframt sæti í eftirlitsnefnd.

Svíar fara með formennsku í Norðurlandaráði árið 2009. Í lok þingsins var Sinikka Bohlin kosin forseti Norðurlandaráðs fyrir næsta ár og Kent Olsson varaforseti. Næsta þing Norðurlandaráðs verður í Stokkhólmi 26.–28. október 2009.

8. Starfsáætlun og áherslur árið 2009.

Norðurlandaráð.

Norðurlandaráð hefur nú breytt áætlanagerð sinni þannig að ráðið myndar rammaáætlun til nokkurra ára í senn. Að auki gerir formennskuland ráðsins áætlun fyrir ár í einu, auk þess sem málefnanefndir gera sína starfsáætlun fyrir hvert ár. Samkvæmt rammaáætluninni eru markmið ráðsins að styrkja norrænu velferðina, að hafa áhrif á hnattvæðinguna, að auka hreyfanleika á Norðurlöndum, að bæta hafsumhverfi, að móta viðfangsefni Norðlægu víddarinnar og að stuðla að skilvirkara norrænu tungumálasamstarfi.

Til að styrkja velferðina vill Norðurlandaráð byggja upp stöðugan og sveigjanlegan vinnumarkað, vinna að góðri menntun á öllum stigum, draga úr félagslegri og efnahagslegri mismunun, þróa samfélögin þannig að konur og karlar eigi jafna möguleika á að gegna stjórnunarstöðum í kynskiptum atvinnugreinum og fögum og auka innflutning á vinnuafli.

Til að hafa áhrif á hnattvæðinguna vill Norðurlandaráð að norrænu ríkin nýti alþjóðlega samkeppni til að styrkja enn frekar norræna velferðarstefnu, að norrænu ríkin stuðli að því að ávinningar hnattvæðingarinnar dreifist hnattrænt á sem réttlátastan hátt, að norrænu ríkin vinni sem fyrr markvisst að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og að hnattvæðingarverkefni Norrænu ráðherranefndarinnar verði að veruleika.

Til að auka hreyfanleika á Norðurlöndum vill Norðurlandaráð ryðja úr vegi þeim landamærahindrunum sem eru til staðar og koma í veg fyrir að nýjar verði til. Forsenda þess er betri samhæfing og samræmi á milli löggjafar í norrænu ríkjunum.

Til að bæta hafsumhverfi vill Norðurlandaráð vinna að því að framkvæmdaáætlun HELCOM fyrir Eystrasalt verði framfylgt, hafa áhrif á Eystrasaltsstefnu Evrópusambandsins þannig að kastljósinu verði beint að sjálfbærri þróun á svæðinu, innleiða sjávar- og siglingamálastefnu ESB þannig að hún falli sem best að aðstæðum í Eystrasalti, Norðursjó og víðar, strangar reglur um siglingar og starfsemi á hafi úti á viðkvæmum hafsvæðum á norðurslóð, að Norðurlönd vinni að því að bæta umhverfi hafsins og grípi til verndaraðgerða, hvert fyrir

sig, saman og í svæðisbundnu og alþjóðlegu samstarfi, að rannsakað skuli hvaða áhrif loftslagsbreytingar hafa á lífríki hafsins og að haldið verði áfram að rannsaka ástand hafsvæða og líffræðilegan margbreytileika svo framfylgja megi verndarmarkmiðum og tryggja hreint haf með auðugu plöntu- og dýralífi.

Til að móta viðfangsefni Norðlægu víddarinnar vill Norðurlandaráð styrkja framþróun, framkvæmd og pólitískar tengingar í Norðlægu víddinni, byggja upp hagnýtt samstarf þingstofnana og annarra stjórnmálaafla í Rússlandi, sérstaklega Norðvestur-Rússlandi, að samstarfið innan Norðlægu víddarinnar stuðli að aukinni samhæfingu í Norður-Evrópu og komi í veg fyrir skörun á verkþáttum milli aðila í Norður-Evrópu og að unnið verði að nánari og nákvæmari samhæfingu milli Norðlægu víddarinnar og stefnu ESB fyrir Eystrasaltssvæðið.

Til að stuðla að skilvirkara norrænu tungumálasamstarfi vill Norðurlandaráð að yfirlýsing um norræna málstefnu frá 2006 verði innleidd og henni fylgt eftir, að ný Nordplus tungumála- og menningaráætlun verði mótuð þannig að hún stuðli að betri skilningi nemenda og kennara á tungumálum grannþjóða, að verkefnið „Norrænir tungumálafrumkvöðlar í skólanum/kennaramenntun á Norðurlöndum“ haldi áfram og aukið verði við það, að kennsla í tungumálum grannþjóða verði efld hefjist fyrr en áður, að norrænu tungumálin heyrist sem víðast á opinberum vettvangi og að unnið verði að útgáfu norrænna orðabóka, einnig á rafrænu formi.

Svíar, sem eru í forsæti í Norðurlandaráði 2009, og forseti þess, Sinikka Bohlin, leggja á árinu áherslu á þrjú atriði, í fyrsta lagi á samkennd Norðurlandabúa sem á rætur að rekja langt aftur í tímann, í öðru lagi á samstarf við Norðvestur-Rússland, ríki við Eystrasalt og norðurskautssvæðið og í þriðja lagi á loftslagsráðstefnuna í Kaupmannahöfn í desember 2009.

Alþingi, 20. mars 2009.

Árni Páll Árnason, form.	Kjartan Ólafsson, varaform.	Helgi Hjörvar.
Kristján Þór Júlíusson.	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.	Siv Friðleifsdóttir.

Fylgiskjal.

Tilmæli Norðurlandaráðs og ákvarðanir um innri málefni árið 2008.

Tilmæli samþykkt af forsætisnefnd janúar til október 2008.

- Tilmæli 1/2008: Aðgerðir gegn ránum og árásum á vöruflutningamenn á Norðurlöndum (A 1424/medborger).
- Tilmæli 2/2008: Löggæsla vegna öryggis vöruflutningamanna á Norðurlöndum (A 1424/medborger).
- Tilmæli 3/2008: Aðgerðir til að efla verkefnisþróun innan ramma framkvæmdaáætlunar um málefni Eystrasaltsins (A 1444 /presidiet).
- Tilmæli 4/2008: Sameiginleg stjórnun rándýrastofna á Norðurlöndum (A 1403/miljø/næring).

- Tilmæli 5/2008: Sameinað norrænt átak til að bjarga fiskstofnum og sjávarútvegi (A 1423/miljö/näring).
- Tilmæli 6/2008: Samnorræn eftirlitskerfi á norðurskautssvæðum (A 1437/presidiet).
- Tilmæli 7/2008: Norrænt heilbrigðissvið (A 1426/velferd).

Tilmæli samþykkt á 60. þingi Norðurlandaráðs.

- Tilmæli 8/2008: Ráðherranefndartillaga um norræna áætlun um samstarf á norðurskautssvæðum 2009–2011 (B 253/presidiet).
- Tilmæli 9/2008: Ráðherranefndartillaga um áætlun um samstarf við Eistland, Lettland og Litháen 2009–2013 (B 254/presidiet).
- Tilmæli 10/2008: Ráðherranefndartillaga um norræna-baltneska ferðastyrkjaáætlun 2009–2013 (B 258/presidiet).
- Tilmæli 11/2008: Ráðherranefndartillaga um áætlun um samstarf við Norðvestur-Rússland 2009–2013 (B 255/presidiet).
- Tilmæli 12/2008: Þingmannatillaga um menningarsamstarf innan Norðlægu víddarinnar (A 1440/kultur).
- Tilmæli 13/2008: Ráðherranefndartillaga um framkvæmdaáætlun í umhverfismálum 2009–2012 (B 257/miljø).
- Tilmæli 14/2008: Ráðherranefndartillaga um stefnu um sjálfbæra þróun 2009–2012 (B 256/miljø).
- Tilmæli 15/2008: Ráðherranefndartillaga: Rammaáætlun um samstarf á sviði sjávarútvegs, landbúnaðar, skógræktar og matvæla 2009–2012 (B 251/miljø).
- Tilmæli 16/2008: Þingmannatillaga um notkun og merkingar á erfðabreyttum vörum og um Norðurlönd sem svæði án erfðabreyttra lífvera (A 1428 og 1432/medborger).
- Tilmæli 17/2008: Þingmannatillaga um norræna framkvæmdaáætlun um loftslagsvæna stefnu í samgöngumálum (A 1447/näring/miljø).
- Tilmæli 18/2008: Ráðherranefndartillaga um breytingar á stofnunum á heilbrigðis- og félagsmálasviði (MR-S) (B 261/velferd).
- Tilmæli 19/2008: Nefndartillaga um áhrif ofbeldis í æsku á fullorðinsárin (A 1454/välfärd).
- Tilmæli 20/2008: Þingmannatillaga um bann við transfitusýrum (A 1411/medborger/velferd).
- Tilmæli 21/2008: Nefndartillaga um vegalaus börn (A 1452/medborger).
- Tilmæli 22/2008: Þingmannatillaga um mansal til nauðungarvinnu (A 1445/medborger).
- Tilmæli 23/2008: Þingmannatillaga um menningu og heilsu (A 1390/kultur/velferd).
- Tilmæli 24/2008: Þingmannatillaga um aðgerðir til að koma í veg fyrir kynfæralimlestingar á konum (A 1433/velferd).
- Tilmæli 25/2008: Ráðherranefndartillaga um stofnun norrænna nýsköpunarverðlauna (B 259/näring).
- Tilmæli 26/2008: Þingmannatillaga um norræna nýsköpunarstefnu (A 1441/näring).
- Tilmæli 27/2008: Ráðherranefndartillaga um áætlun í vinnumálum 2009–2012 (B 250/næring).
- Tilmæli 28/2008: Ráðherranefndartillaga: Samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar í byggðamálum (B 260/näring).
- Tilmæli 29/2008: Nefndartillaga um að efla norrænt samstarf á löggjafarsviði (A 1453/medborger).

- Tilmæli 30/2008: Þingmannatillaga um norrænt átak varðandi óöryggi yfir landamæri (A 1422/medborger).
- Tilmæli 31/2008: Þingmannatillaga um sameiginlegar norrænar rannsóknir á brottfalli úr námi og jaðarhópum í menntakerfum á Norðurlöndum (A 1436/kultur).
- Tilmæli 32/2008: Þingmannatillaga að breyttum reglum bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs (A 1429/kultur).
- Tilmæli 33/2008: Ráðherranefndartillaga um verkefna- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 (B 252/presidiet).
- Tilmæli 34/2008: Þingmannatillaga um notkun og merkingar á erfðabreyttum vörum og um Norðurlönd sem svæði án erfðabreyttra lífvera (A 1428 og 1432/medborger).
- Tilmæli 35/2008: Þingmannatillaga um aðgerðir til að koma í veg fyrir kynfæralimlestingar á konum (A 1433/velferd).
- Tilmæli 36/2008: Þingmannatillaga um norræna nýsköpunarstefnu (A 1441/näring).
- Tilmæli 37/2008: Nefndartillaga um að efla norrænt samstarf á löggjafarsviði (A 1453/medborger).
- Tilmæli 38/2008: Nefndartillaga um verkefnaumsjón hjá Norrænu ráðherranefndinni (A 1451/kk).

Ákvarðanir um innri málefni.

- Ákvörðun 1/2008: Nefndartillaga um að efla norrænt samstarf á löggjafarsviði (A 1453/medborger).
- Ákvörðun 2/2008: Þingmannatillaga um breytingar á starfsreglum Norðurlandaráðs, 73. grein um flokkahópa (A 1430/presidiet).

789. Nefndarálit [413. mál]

um frv. til l. um Bjargráðasjóð.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur ráðuneytisstjóra og Hermann Sæmundsson frá samgönguráðuneyti, Sigurgeir Þorgeirsson ráðuneytisstjóra og Jóhann Guðmundsson frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Harald Benediktsson og Eirík Blöndal frá Bændasamtökum Íslands og Karl Björnsson og Guðjón Bragason frá Samtökum íslenskra sveitarfélaga.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði ný heildarlög um Bjargráðasjóð. Lagt er til að Bjargráðasjóður starfi áfram í breyttri mynd, breyting sú sem lögð er til snýr að því að sveitarfélögin hætti aðkomu að sjóðunum og fái greiddan út eignahlut sinn.

Breyting þessi byggist meðal annars á því að hlutverk sjóðsins hefur breyst verulega frá stofnun hans, fjölmörg úrræði sem ekki voru til staðar við setningu upphaflegra laga um Bjargráðasjóð eru nú fyrir hendi til að bæta áföll sem einstök landsvæði kunna að verða fyrir. Bent hefur verið á að verkefni sjóðsins sé ekki tengt sveitarstjórnarmálum heldur atvinnumálum og því sé eðlilegt að ráðuneyti landbúnaðarmála fari með málefni sjóðsins í samvinnu við Bændasamtökin.

Unnið hefur verið að úttekt og endurmati á verkefnum og framtíðarhlutverki sjóðsins í nokkurn tíma en sú vinna skilar sér í þessu frumvarpi. Niðurstaðan er að hætt verði lögskyldri aðild sveitarfélaganna að sjóðnum og miðar frumvarp þetta að því að breyta reglum sjóðsins á þann veg. Gert er ráð fyrir að hlutur sveitarfélaganna í sjóðnum renni til Sambands íslenskra sveitarfélaga og að sú stjórn sjóðsins sem skipuð var 29. desember 2006 starfi þar til uppgjöri á hlut sveitarfélaganna hefur verið lokið.

Loks eru í frumvarpinu ákvæði sem heimila að Bjargráðasjóður geti veitt bændum stuðning til að draga úr hættu á uppskerubresti sem gæti leitt af sér óæskilegan samdrátt í búvöruframleiðslu. Vegna hins alvarlega ástands sem uppi er í íslensku efnahagslífi eru blikur á lofti varðandi áburðarkaup bænda og líkur á því að hækkandi áburðarverð og lausafjárskortur leiði til þess að fjöldi bænda geti ekki fjármagnað áburðarkaup.

Á fundum sínum ræddi nefndin skipulag sjóðsins og áhrif þessara breytinga á starfsemi hans og framtíðarhorfur, telur nefndin frumvarpið farsæla lausn á málefnum Bjargráðasjóðs. Samstaða hefur náðst milli helstu hagsmunaaðila um þá niðurstöðu að sveitarfélögin hætti þátttöku í sjóðnum. Einnig er samstaða um þá ráðstöfun að málefni sjóðsins flytjist í kjölfar þessara breytinga frá samgönguráðuneyti til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

Þar sem mikilvægt er að hægt sé að koma til móts við bændur og draga úr yfirvofandi uppskerubresti sem fyrst með aðkomu sjóðsins gerir nefndin breytingartillögu um gildistöku frumvarpsins á þann veg að lögin öðlist gildi nú þegar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Fyrri málsliður 16. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sturla Böðvarsson skrifar undir álitið með fyrirvara og Guðjón A. Kristjánsson skrifar undir álitið með fyrirvara um að ekki ætti að ganga alla leið hvað varðar brotthvarf sveitarfélaganna úr sjóðunum í einu lagi.

Karl V. Matthíasson og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. mars 2009.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Árni Þór Sigurðsson.	Björgvin G. Sigurðsson.
Helga Sigrún Harðardóttir.	Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.	Sturla Böðvarsson, með fyrirvara.

Ólöf Nordal.

790. Framhaldsnefndarálit [281. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21 26. mars 1991 (greiðsluaðlögun).

Frá allsherjarnefnd.

Málinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umræðu og hefur nefndin fjallað um málið að nýju. Nefndin fékk á sinn fund Bryndísi Helgadóttur og Ásu Ólafsdóttur frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Umsjón með nauðasamningi um greiðsluaðlögun.

Nefndin ræddi sérstaklega þá breytingu sem hún lagði til á frumvarpinu að umsjón með nauðasamningi um greiðsluaðlögun gæti verið á hendi sýslumanns, eins eða fleiri, eða annars opinbers aðila, samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra. Fyrir nefndinni komu fram upplýsingar um að þetta nýja hlutverk gæti skarast við innheimtuhlutverk sýslumanna og nauðsynlegt væri að hafa lengri tíma til að undirbúa þá breytingu þar sem slík breyting kallaði á tilfærslu verkefna milli sýslumanna. Í því gæti falist frekari endurskoðun verkefna milli sýslumanna, svo sem á þann veg að eitt embætti á höfuðborgarsvæðinu gæti sinnt þjónustuverkefnum gagnvart almenningi. Nefndin leggur því til breytingar á frumvarpinu um að ráðherra verði heimilt að fela einum sýslumanni eða opinberri stofnun umsjón með nauðasamningi um greiðsluaðlögun í stað þess að vera það skylt eins og nefndin lagði til í fyrri breytingartillögu sinni.

Mikið ríður á að greiðsluaðlögunarferlið geti hafist sem allra fyrst. Því telur nefndin rétt að lögmenn hafi þetta hlutverk með höndum fyrst um sinn eins og lagt er til í frumvarpinu. Þar er nú þegar fyrir hendi reynsla af búskiptum og þrotameðferð, sem nýtist vel í störfum umsjónarmanns. Nefndin telur þó rétt að leggja einnig til að kostnaður umsjónarmanns greiðist úr ríkissjóði, en kostnaður er háður ákvörðun dómara. Þá leggur nefndin einnig til að greiðsla fyrir umsjón með nauðasamningi til greiðsluaðlögunar verði ákveðin af dómara og geti að hámarki orðið 200 þús. kr. Jafnframt gerir nefndin þá tillögu að greiðslan verði innt af hendi í einu lagi eftir að starfi umsjónarmanns lýkur. Ástæða þess er sú að miklu skiptir að starf umsjónarmanns sé unnið með skilvirkum hætti og gangi hratt fyrir sig.

Ábyrgðarmenn.

Nefndin ræddi einnig að nýju réttaráhrif nauðasamnings til greiðsluaðlögunar gagnvart þriðja manni en skv. 4. mgr. 60. gr. gjaldþrotalaga haggar nauðasamningur ekki ábyrgð þriðja manns á kröfum skuldara. Í því sambandi ræddi nefndin frumvarp til laga um ábyrgðarmenn, þskj. 135, 125. mál. Þar er tekið sérstaklega fram í 3. mgr. 9. gr. að nauðasamningur eða önnur eftirgjöf sem kveður á um lækkun kröfu á hendur lántaka hafi sömu áhrif til lækkunar kröfu á hendur ábyrgðarmanni. Þannig ábyrgist ábyrgðarmaður lán lántaka eins og það stendur hverju sinni gagnvart lánveitanda þannig að ábyrgðarmaður verði ekki sóttur sérstaklega vegna greiðslna sem felldar eru niður í samningi lánveitanda og lántaka. Forsenda þriðjamannsábyrgðar er að kröfuhafi eigi val um að hverjum skuldara hann beini kröfu sinni er sú að ábyrgðarmaður á endurkröfu fyrir greiddri skuld á hendur aðalskuldara. Sú forsenda brestur ef aðalkrafan er lækkuð gagnvart aðalskuldara. Af þessum ástæðum telur nefndin óhjákvæmilegt að krafa lækki með sama hætti gagnvart ábyrgðarmanni og aðalskuldara í greiðsluaðlögun og að tryggingaréttindi fyrir upphaflegri fjárhæð falli þá jafnframt niður.

Þessi breyting haggar í engu rétti kröfuhafa samkvæmt gildandi lögum til að beina kröfu fyrst að þeim skuldara sem hann telur líklegastan til að greiða kröfuna.

Fyrir nefndinni kom fram að viðskiptanefnd Alþingis hefur lagt til breytingu á ábyrgðarmannafrumvarpinu í þá veru að tekið verði fram að þrátt fyrir ákvæði gjaldþrotalaga falli nauðasamningar og nauðasamningar til greiðsluaðlögunar undir ákvæði 9. gr. þess frumvarps um takmarkanir á ábyrgðum. Verði frumvarpið að lögum munu þau ganga framar gjaldþrotalögum við lögskýringu þar sem sérlög ganga framar almennum lögum, þ.e. „lex specialis“-reglan. Telur nefndin þessa tilhögun mun sanngjarnari gagnvart aðalskuldara og ábyrgðarmönnum og telur að annars nái úrræðið ekki tilgangi sínum. Það er því skilningur nefndarinnar að með fyrirhugaðri ábyrgðarmannalöggjöf verði með fullnægjandi hætti tryggt að lækkun kröfu gagnvart aðalskuldara í greiðsluaðlögun leiði til samsvarandi lækkunar kröfunnar gagnvart ábyrgðarmönnum. Þannig fellur brott ábyrgðaryfirlýsing þriðja manns að því marki sem hún er umfram það sem hin lækkaða krafa kveður á um.

Nefndin leggur til að 6. tölul. 3. mgr. g-liðar 2. gr. (63. gr. g) falli brott þar sem efni þess töluliðar tengist bráðabirgðaákvæði sem þegar hefur verið fellt brott að tillögu nefndarinnar.

Nefndin leggur einnig til að lögin öðlist gildi hinn 1. apríl nk. til þess að tími gefist til undirbúnings.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
   a. Í stað 3. mgr. d-liðar komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
      Um skipun og stöðu umsjónarmanns með greiðsluaðlögun fer skv. 2. mgr. 39. gr. Þóknun umsjónarmanns greiðist úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði af greiðsluaðlögun samkvæmt ákvörðun héraðsdómara. Þóknunin skal þó aldrei vera hærri en 200 þús. kr.
      Dómsmálaráðherra er heimilt að fela sýslumanni, einum eða fleiri, eða opinberri stofnun umsjón með nauðasamningi um greiðsluaðlögun.
   b. 6. tölul. 3. mgr. g-liðar falli brott.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2009.

Alþingi, 24. mars 2009.

Árni Páll Árnason, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Birgir Ármannsson.
Ágúst Ólafur Ágústsson.	Ólöf Nordal.	Árni Þór Sigurðsson.
Sigurður Kári Kristjánsson.	Siv Friðleifsdóttir.	Jón Magnússon.

791. Lög [390. mál]

um breytingu á lögum nr. 90/2008, um leikskóla, og lögum nr. 91/2008, um grunnskóla.

(Afgreidd frá Alþingi 24. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 656.

792. Frumvarp til laga [412. mál]

um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 24. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „7.103“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: 7.534.
b. Í stað orðanna „1.080.067 kr. á tekjuárinu 2007“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: 1.143.362 kr. á því ári sem næst er á undan álagningarárinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2009 vegna tekna ársins 2008.

793. Frumvarp til laga [19. mál]

um breytingu á barnaverndarlögum og barnalögum.

(Eftir 2. umr., 24. mars.)

I. KAFLI

Breyting á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Allir sem hafa uppeldi og umönnun barna með höndum skulu sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna.

2. gr.

2. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Gefa skal fulltrúa barnaverndarnefndar kost á að vera viðstaddur skýrslutöku af barni sem sakborningi í samræmi við ákvæði laga um meðferð sakamála, svo og af barni sem brotaþola og sem vitni. Á þetta við hvort sem skýrslutaka fer fram hjá lögreglu eða fyrir dómi. Um skýrslutöku af barni gilda að öðru leyti ákvæði laga um meðferð sakamála og reglugerða sem settar hafa verið með stoð í þeim.

3. gr.

1. mgr. 99. gr. laganna orðast svo:

Hver sem beitir barn andlegum eða líkamlegum refsingum eða annarri vanvirðandi háttsemi, hótunum eða ógnunum skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

II. KAFLI

Breyting á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum.

4. gr.

2. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:

Foreldrum er óheimilt að beita barn sitt andlegu, líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi, þ.m.t. andlegum eða líkamlegum refsingum. Þá felur forsjá í sér skyldu foreldra til að vernda barn sitt gegn ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

794. Frumvarp til laga [376. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 24. mars.)

1. gr.

B- og c-liður 3. gr. laganna orðast svo:

b. *Sjálfstætt starfandi einstaklingur:* Hver sá sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í því umfangi að honum sjálfum er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt reglum fjármálaráðherra, skil á staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjaldi vegna starfs síns.
c. *Nám:* Samfellt nám, verklegt eða bóklegt, í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi sem stendur yfir í a.m.k. sex mánuði. Enn fremur er átt við nám á háskólastigi og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.

2. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 4. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

3. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 2. og 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ þrívegis í 2. mgr. kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.
c. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ tvívegis í 3. mgr. kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.
d. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 5. mgr. kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.

5. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 1. mgr. kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ þrívegis í 2. mgr. kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.
c. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ tvívegis í 3. mgr. kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.
d. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 5. mgr. kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

   Sá er fær greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli umsóknar skv. 1. mgr. skal upplýsa Vinnumálastofnun um allar þær breytingar sem kunna að verða á högum hans á því tímabili sem hann fær greiddar atvinnuleysisbætur eða annað það sem kann að hafa áhrif á rétt hans samkvæmt lögum þessum, svo sem um námsþátttöku, tekjur sem hann fær fyrir tilfallandi vinnu og hversu lengi vinnan stendur yfir.
b. 3. mgr., sem verður 4. mgr., orðast svo:

   Skattyfirvöld, Tryggingastofnun ríkisins, sjúkratryggingastofnunin, Innheimtustofnun sveitarfélaga, hlutaðeigandi lífeyrissjóðir, viðurkenndar menntastofnanir innan hins almenna menntakerfis og skólar á háskólastigi skulu láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ tvívegis í 1. mgr. kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.
b. Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 5. mgr. kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.

9. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 5. mgr. 14. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 5. mgr. orðast svo:

Verkfall eða verkbann sem tekur til starfa launamanns á ávinnslutímabilinu telst til starfstíma á því tímabili. Við mat á starfshlutfalli launamanns í verkfalli eða verkbanni skal miða við starfshlutfall hans í almanaksmánuðinum áður en verkfall eða verkbann hófst.

b. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 10. mgr. kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

11. gr.

Við 2. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þegar staðreyna skal starfshlutfall hins tryggða sem tilgreint er í vottorði vinnuveitanda skv. 1. mgr. skal Vinnumálastofnun meðal annars líta til þess hvort laun hins tryggða hafi verið í samræmi við tilgreint starfshlutfall á ávinnslutímabilinu og skal þá miða við ákvæði gildandi kjarasamnings í viðkomandi starfsgrein á því svæði sem hinn tryggði starfaði eða eftir atvikum viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra fyrir reiknað endurgjald í viðkomandi starfsgrein.

12. gr.

Í stað orðanna „3. mgr. 19. gr.“ í g-lið 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: 5. mgr. 19. gr.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. Í stað 1. og 2. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. b-lið 3. gr., telst að fullu tryggður samkvæmt lögum þessum eftir að hafa greitt mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi er nemur að lágmarki viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein og tryggingagjald samfellt á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum, sbr. þó einnig 4. og 6. mgr.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sem greitt hefur mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi er nemur að lágmarki viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein og tryggingagjald skemur en tólf mánuði en þó lengur en þrjá mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar, telst tryggður hlutfallslega í samræmi við fjölda þeirra mánaða sem hann hefur greitt staðgreiðsluskatt að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum, sbr. þó einnig 4. og 6. mgr. Hið sama gildir um sjálfstætt starfandi einstakling sem hefur greitt mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi sem er lægra en viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein og tryggingagjald á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar en þá ákvarðast tryggingahlutfall hans af hlutfalli fjárhæðar reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið af og viðmiðunarfjárhæðar, sbr. þó einnig 4. og 6. mgr.

Til að reikna út tryggingahlutfall sjálfstætt starfandi einstaklings sem greiðir staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi og tryggingagjald einu sinni á ári skal finna mánaðarlegar meðaltekjur hins tryggða í formi reiknaðs endurgjalds yfir síðasta tekjuár áður en að hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar. Telst hann að fullu tryggður samkvæmt lögum þessum hafi hann greitt staðgreiðsluskatt af mánaðarlegum meðaltekjum á síðasta tekjuári sem nemur að lágmarki viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra fyrir viðkomandi starfsgrein í hverjum mánuði og tryggingagjald. Hafi hann greitt staðgreiðsluskatt af mánaðarlegum meðaltekjum á sama tímabili sem eru lægri en viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein í hverjum mánuði skal tryggingahlutfall hans ákvarðast af hlutfalli fjárhæðar reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið af og viðmiðunarfjárhæðar, sbr. þó einnig 4. og 6. mgr.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur sem greiðir mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi sem er lægra en 25% af viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum. Hið sama gildir um sjálfstætt starfandi einstakling sem greiðir staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi einu sinni á ári sem er að meðaltali lægra en 25% af viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein í hverjum mánuði á síðasta tekjuári áður en hann sótti um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar.

b. 4. og 5. málsl. 3. mgr., sem verður 5. mgr., falla brott.

c. 4. mgr., sem verður 6. mgr., orðast svo:

Tryggingahlutfall sjálfstætt starfandi einstaklings getur þó aldrei orðið hærra en sem nemur því starfshlutfalli sem hann er reiðubúinn að ráða sig til, sbr. 4. mgr. 14. gr.

d. 5. mgr. fellur brott.

e. Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 9. mgr., sem verður 10. mgr., kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

14. gr.

Við 1. mgr. 23. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hið sama á við þegar sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum tekur ólaunað leyfi frá störfum samkvæmt lögum, kjarasamningi eða ráðningarsamningi.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Sama á við um sjálfstætt starfandi einstakling, sbr. b-lið 3. gr., sem greiðir staðgreiðsluskatt af lægra reiknuðu endurgjaldi en áður sem jafnframt er lægra en viðmiðunarfjárhæð fjármálaráðherra í viðkomandi starfsgrein, sbr. 2. mgr. 19. gr., eða ræður sig til starfa sem launamaður í hlutastarf, sbr. 22. gr.

b. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sama á við um þann tíma er sjálfstætt starfandi einstaklingur greiðir staðgreiðsluskatt af hærra reiknuðu endurgjaldi þannig að hann greiði af sömu eða hærri fjárhæð en áður.

c. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Á sama hátt fyrir sjálfstætt starfandi einstakling skal líta til þeirra tólf mánaða sem hinn tryggði greiddi staðgreiðsluskatt af hæsta reiknaða endurgjaldi á síðustu 36 mánuðum fyrir móttöku umsóknar.

16. gr.

Á eftir 24. gr. laganna kemur ný grein, 24. gr. a, sem orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Fæðingarorlof.

Sá sem telst tryggður samkvæmt lögum þessum og tekur fæðingarorlof samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof getur geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu í allt að 24 mánuði frá þeim degi er hann sannanlega hóf töku fæðingarorlofs.

Sá tími sem hinn tryggði starfar á innlendum vinnumarkaði á tímabilinu skv. 1. mgr. telst til ávinnslutímabils skv. 15. eða 19. gr. eftir því sem við á.

Við útreikninga á ávinnslutímabili skv. 15. eða 19. gr. þegar kemur til geymdrar atvinnuleysistryggingar skal líta til síðustu tólf mánaða sem hinn tryggði hefur starfað á innlendum vinnumarkaði á síðustu 36 mánuðum fyrir móttöku umsóknar enda leiði ekki annað af lögum þessum.

Sæki hinn tryggði ekki um atvinnuleysisbætur innan 24 mánaða frá þeim degi er hann sannanlega hvarf af vinnumarkaði fellur réttur hans til að geyma atvinnuleysistrygginguna niður.

Ákvæði þetta á ekki við um þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur í öðrum ríkjum eða samkvæmt ákvæðum VIII. kafla fyrir sama tímabil.

17. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ tvívegis í 3. mgr. 33. gr. laganna kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.

18. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ tvívegis í 2. mgr. 36. gr. laganna kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.

19. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 4. mgr. 39. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

20. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 6. mgr. 42. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „telst ekki tryggður“ í 1. mgr. kemur: samkvæmt lögum þessum.
b. 3. mgr. orðast svo:

Vinnumálastofnun skal meta sérstaklega hvort sá er stundar nám í framhaldsskóla eða háskóla uppfylli skilyrði laganna þrátt fyrir námið enda um svo lágt námshlutfall að ræða að námið telst ekki lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Umsækjandi um atvinnuleysisbætur skal leggja fram staðfestingu frá viðkomandi menntastofnun um námshlutfallið.

22. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 2. mgr. 62. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

23. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 63. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

24. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 64. gr. laganna kemur: Félags- og tryggingamálaráðherra.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða V í lögunum:

a. 2. mgr. orðast svo:

Þegar atvinnuleysisbætur eru greiddar samhliða minnkuðu starfshlutfalli skv. 17. og 22. gr. skulu föst laun frá vinnuveitanda fyrir hið minnkaða starfshlutfall ekki koma til skerðingar á fjárhæð atvinnuleysisbóta skv. 36. gr. enda hafi fyrra starfshlutfall verið lækkað um 10% hið minnsta og hinn tryggði haldið að lágmarki 50% starfshlutfalli. Á þetta við hvort sem hinn tryggði fær greiddar tekjutengdar atvinnuleysisbætur eða grunnatvinnuleysisbætur skv. 33. gr. Aðrar greiðslur sem hinn tryggði kann að fá fyrir sama tímabil frá vinnuveitanda skulu koma til frádráttar greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði án tillits til frítekjumarks skv. 2. mgr. 36. gr. Hið sama gildir um greiðslur frá öðrum aðilum en vinnuveitanda.

b. 4. mgr. orðast svo:

Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir upplýsingum og gögnum frá viðkomandi vinnuveitanda hafi hinn tryggði misst starf sitt að hluta vegna samdráttar í starfsemi vinnuveitanda sem hann starfar hjá vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði þar sem fram komi nánari rökstuðningur fyrir samdrætti í starfseminni, svo sem fækkun verkefna eða samdráttur í þjónustu. Skal þá trúnaðarmaður stéttarfélags eða fulltrúi starfsmanna þar sem trúnaðarmaður er ekki til staðar staðfesta upplýsingarnar og gögnin.

c. Í stað orðanna „1. maí“ í 5. mgr. kemur: 31. desember.

26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða VI í lögunum:

a. Við 2. mgr. bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Þegar tilfallandi verkefni stendur yfir í lengri tíma en einn mánuð en endurgjaldið fyrir verkefnið er greitt einu sinni eða óreglulega skal dreifa tekjunum jafnt yfir tímabilið sem verkefnið stóð yfir og koma þær þannig til frádráttar atvinnuleysisbótum hins tryggða á því tímabili að teknu tilliti til frítekjumarks skv. 2. málsl. í hverjum mánuði. Vinnumálastofnun skal meta hvort verkefni geti talist tilfallandi og hvort um verulegan samdrátt er að ræða í rekstri sjálfstætt starfandi einstaklings. Við matið skal stofnunin þá meðal annars líta til viðmiðunarfjárhæða fjármálaráðherra fyrir reiknað endurgjald í viðkomandi starfsgrein sem og reksturs hlutaðeigandi á allt að þremur síðustu tekjuárum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til stofnunarinnar.

b. Í stað orðanna „1. maí“ í 4. mgr. kemur: 31. desember.

27. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þær breytingar sem mælt er fyrir um í lögum þessum skulu ekki gilda um þá sem þegar fá greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði við gildistöku laga þessara, nema breytingarnar leiði til betri réttar fyrir hinn tryggða og skal hann þá óska leiðréttingar á greiðslum úr sjóðnum hjá Vinnumálastofnun fyrir 1. júní 2009. Ákvæði 24. gr. skal þó gilda um alla þá sem nýta sér heimild 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögunum eftir gildistöku laga þessara.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

795. Nefndarálit [406. mál]

um frv. til l. um listamannalaun.

Frá 1. minni hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðnýju Helgadóttur frá menntamálaráðuneyti.

Umsagnir bárust frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Fjármálaeftirlitinu, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Rithöfundasambandi Íslands, stjórn listamannalauna.

Með frumvarpinu er lagt til að þeim mánaðarlaunum sem úthlutað er sem starfslaunum til listamanna fjölgi á þriggja ára tímabili um alls 400 þannig að á árinu 2012 verði samtals 1.600 mánaðarlaun til ráðstöfunar til starfslauna og styrkja í stað 1.200 mánaðarlauna nú. Þá er lögð til sú breyting að mánaðarlaun starfslauna verði ákveðin upphæð, 266.737 kr., sem komi til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga hvert ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Gert er ráð fyrir tveimur nýjum launasjóðum, þ.e. fyrir hönnuði og sviðslistafólk, og að heiti á Tónskáldasjóði verði breytt í Launasjóð tónlistarflytjenda. Þá er enn fremur lagt til að stjórn listamannalauna fái heimild til að flytja umsóknir á milli launasjóða og að breyting verði á störfum stjórnarinnar, m.a. varðandi áherslur við úthlutun og mótun stefnu.

Við meðferð frumvarpsins í nefndinni kom í ljós að í 13. gr. þarf að laga tilvísun þar sem ekki er vísað til 11. gr. um launasjóð tónskálda. 1. minni hluti gerir því breytingartillögu til lagfæringar á þessum lagatæknilegu mistökum.

1. minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað „6.–10. gr.“ í 13. gr. komi: 6.–11. gr.

Jón Magnússon, Höskuldur Þórhallsson og Björk Guðjónsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. mars 2009.

Einar Már Sigurðarson, form., frsm.	Þuríður Backman.	Katrín Júlíusdóttir.

Björgvin G. Sigurðsson.

796. Fyrirspurn [447. mál]

til fjármálaráðherra um erlent eignarhald á íslenskum fyrirtækjum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hver eru talin hafa verið áhrif erlends eignarhalds á íslenskum félögum á tekjur ríkissjóðs og hver er helsta skýringin á þeim?

797. Fyrirspurn [448. mál]

til fjármálaráðherra um hækkun á eigin fé fjármálafyrirtækja.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hvað er talið að eigið fé fjármálafyrirtækja hafi samtals hækkað mikið með lögum nr. 38/2008 sem felldu niður tekjuskattsskuldbindingu fyrirtækjanna vegna söluhagnaðar af hlutabréfum sem hafði verið frestað? Svar óskast sundurliðað eftir viðskiptabönkum, fjárfestingarbönkum, sparisjóðum og öðrum fjármálafyrirtækjum.

Skriflegt svar óskast.

798. Nefndarálit [410. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur, Ingibjörgu Helgu Helgadóttur og Sigurð Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti, Guðlaug Stefánsson frá Samtökum atvinnulífsins og Marinó G. Njálsson frá Hagsmunasamtökum heimilanna. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá ríkisskattstjóra, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Hagsmunasamtökum heimilanna, Viðskiptaráði Íslands, Ríkisendurskoðun, Samtökum atvinnulífsins, Félagi eldri borgara og Alþýðusambandi Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á tilgreindum viðmiðunarfjárhæðum vaxtabóta sem koma til framkvæmda á árinu 2009 vegna tekna, eigna og skulda frá árinu áður. Er því um að ræða afturvirka aðgerð sem er ívilnandi og gerð til að létta fjárhagsstöðu heimilanna.

Á fundum nefndarinnar var rætt um heildarkostnað vegna frumvarpsins og hvernig ríkissjóður mundi standa undir honum. Þá var rætt hvort aðrar leiðir hefðu verið æskilegri til að ná markmiðum þess, t.d. með því að hækka framlög ríkissjóðs til atvinnuleysistrygginga. Fram komu sjónarmið um að frumvarpinu væri ekki beint nægilega að stöðu þeirra heimila sem verst væru stödd í fjárhagslegu tilliti, t.d. þeirra sem tekið hefðu húsnæðislán í erlendum gjaldeyri og þeirra sem þola hefðu mátt atvinnumissi.

Nefndin bendir á að umsagnir sem henni bárust eru almennt jákvæðar. Þó komu fram ábendingar um að róttækari aðgerða væri þörf til bjargar heimilunum og í því sambandi vísað til nýlegrar úttektar Seðlabanka Íslands um áhrif fjármálakreppu á efnahag heimilanna. Nefndin tekur fram að nú þegar hefur verið gripið til margháttaðra aðgerða í þágu heimilanna og mörg önnur úrræði eru til meðferðar hjá Alþingi eða hafa þegar verið samþykkt.

Á fundum nefndarinnar var rætt um nokkrar útfærslur til breytinga á vaxtabótakerfinu, m.a. þá að hækka hámarksvaxtabætur um 55% í stað 25% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Að óbreyttu hefði heildarkostnaður frumvarpsins eftir þá breytingu verið áætlaður 4 milljarðar kr. Nefndin ræddi einnig hvort samfara þessu væri tilefni til að hækka viðmiðunarhlutfall þeirrar fjárhæðar sem draga skal frá vaxtagjöldum af samanlögðum tekjuskattsstofni til að heildarkostnaður vegna frumvarpsins héldist óbreyttur þrátt fyrir hækkun hámarksvaxtabóta. Við nánari athugun var fallið frá þessari hugmynd þar sem hún hefði leitt til þess að tilteknir hópar yrðu fyrir skerðingu á vaxtabótum, en það er ekki tilgangur frumvarpsins.

Nefndin leggur til að viðmið hámarksvaxtabóta hækki um 30% í stað 25% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Frumvarpið gerir enn fremur ráð fyrir að hámarksviðmið vaxtagjalda hækki um 25% en nefndin leggur til að frá því verði fallið. Nefndin leggur til að viðmiðunarhlutfall hámarksvaxtagjalda af skuldum hækki úr 5% í 7%.

Tilgangurinn með þeim breytingum sem nefndin leggur til er að gera frumvarpið markvissara og að það nýtist betur þeim tekjuminni. Hækkun á viðmiðunarhlutfalli hámarksvaxtagjalda af skuldum er enn fremur ætlað að koma til móts við þær fjölskyldur sem þurft hafa að taka dýr skammtímalán til að mæta greiðsluerfiðleikum á undanförnum mánuðum. Nefndin tekur einnig fram að með þessum breytingum er stefnt að því að enginn fái minni bætur en hann hefði fengið samkvæmt núgildandi lögum.

Fjármálaráðuneytið áætlar að verði frumvarpið að lögum með þeim breytingum sem nefndin leggur til muni heildarkostnaður ríkissjóðs verða um 2 milljarðar kr. en í kostnaðar-

umsögn fjárlagaskrifstofu ráðuneytisins sem fylgdi frumvarpinu var gert ráð fyrir að hann yrði rúmir 2 milljarðar kr. Gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs vegna úttektar séreignarsparnaðar verði umfram þann kostnað.

Álitinu fylgja yfirlit um áhrif þeirra breytinga sem nefndin leggur til og unnin voru af fjármálaráðuneyti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 3. mgr. B-liðar 68. gr. laganna skal viðmiðunarhlutfall hámarksvaxtagjalda af skuldum, sem þar er tilgreint, vera 7% við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2009 vegna tekna, eigna og skulda á árinu 2008.
2. Þrátt fyrir ákvæði 10. og 12. málsl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. laganna skulu viðmiðunarfjárhæðir, sem þar eru tilgreindar, vera 246.944, 317.589, 408.374 og 900 við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2009 vegna tekna, eigna og skulda á árinu 2008.

Pétur H. Blöndal og Ragnheiður E. Árnadóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.
Bjarni Benediktsson og Jón Bjarnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur álitinu.

Alþingi, 31. mars 2009.

Björgvin G. Sigurðsson, form., frsm.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Ellert B. Schram.
Árni Þór Sigurðsson.	Ragnheiður E. Árnadóttir, með fyrirvara.	Birkir J. Jónsson.
	Katrín Júlíusdóttir.	

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneytið, tekju- og lagaskrifstofa.
(Apríl 2009.)


Áhrif breytinga á vaxtabótum eftir tekjubilum.
Árstölur 2008, kr.

	Stofn til vaxtabóta			Vaxtabætur			Áhrif á vaxtabætur	
		Hjón			Hjón		Hjón	
Tekjur	Núv. kerfi	Frv. 1	Frv. 2	Núv. kerfi	Frv. 1	Frv. 2	Frv. 1	Frv. 2
3.000.000	570.000	570.000	720.000	314.134	392.668	408.374	78.534	94.240
3.500.000	540.000	540.000	690.000	314.134	392.668	408.374	78.534	94.240
4.000.000	510.000	510.000	660.000	314.134	392.668	408.374	78.534	94.240
5.000.000	450.000	450.000	600.000	314.134	392.668	408.374	78.534	94.240
6.000.000	390.000	390.000	540.000	314.134	390.000	408.374	75.866	94.240
7.000.000	330.000	330.000	480.000	314.134	330.000	408.374	15.866	94.240
8.000.000	270.000	270.000	420.000	270.000	270.000	408.374	0	138.374
9.000.000	210.000	210.000	360.000	210.000	210.000	360.000	0	150.000
10.000.000	150.000	150.000	300.000	150.000	150.000	300.000	0	150.000
11.000.000	90.000	90.000	240.000	90.000	90.000	240.000	0	150.000
12.000.000	30.000	30.000	180.000	30.000	30.000	180.000	0	150.000
13.000.000	0	0	120.000	0	0	120.000	0	120.000
14.000.000	0	0	60.000	0	0	60.000	0	60.000
15.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0
16.000.000	0	0	0	0	0	0	0	0

Forsendur:

Íbúðarskuldir í árslok, kr.	15.000.000	15.000.000	15.000.000
Greidd vaxtagjöld, kr.	900.000	900.000	900.000
Greidd vaxtagjöld, %	6,0	6,0	6,0
Hámark vaxtagjalda, kr. af íbúðarskuldum, %	5	5	**7**
Nettóeign í árslok, kr.	11.000.000	11.000.000	11.000.000
Tekjuskerðingarhlutfall, %	6	6	6
Hámarksvaxtagjöld, kr.	901.158	**1.126.448**	901.158
Hámarksvaxtabætur, kr.	314.134	**392.668**	**408.374**

Fylgiskjal II.



799. Tillaga til þingsályktunar [449. mál]

um undirbúning jarðganga undir Fjarðarheiði.

Flm.: Arnbjörg Sveinsdóttir, Einar Már Sigurðarson,
Birkir J. Jónsson, Ólöf Nordal.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hefja nú þegar undirbúning að gerð jarðganga undir Fjarðarheiði. Miðað verði við að rannsóknum og undirbúningi verði lokið í tæka tíð til að hægt verði að hefja framkvæmdir í beinu framhaldi af Norðfjarðargöngum eða ekki síðar en sumarið 2011.

Greinargerð.

Í fjöldamörg ár hefur verið í athugun að leysa samgöngumál á milli Seyðisfjarðar og annara hluta Austurlands með jarðgöngum. Erfiðleikar við að halda uppi samgöngum yfir Fjarðarheiði hafa sífellt aukist. Vegurinn yfir Fjarðarheiði er í 620 m hæð og verður þar með hæsti fjallvegur til þéttbýlisstaðar þegar Norðfjarðargöng hafa orðið að veruleika, en undirbúningi að gerð þeirra er lokið og talað um að bjóða framkvæmdina út næsta haust, 2009.

Mikilvægi vegarins um Fjarðarheiði felst ekki síst í því að hann er eina vegtengingin við ferjusiglingarstað út úr landinu. Reglubundnar ferðir Norrænu frá Seyðisfirði er eina tenging landsins við meginland Evrópu með farþegasiglingum. Því þarf vegurinn um Fjarðarheiði að þjóna mikilli umferð ferðamanna og flutningabíla í tengslum við siglingar ferjunnar. Ekkert verður ofsagt um mikilvægi þess að slíkur vegur uppfylli ströng skilyrði varðandi öryggi vegfarenda.

Í þessari þingsályktunartillögu er gert ráð fyrir því að undirbúningi og rannsóknum vegna jarðganga undir Fjarðarheiði verði lokið þannig að hægt sé að ráðast í gerð þeirra strax í kjölfar Norðfjarðarganganna. Mörgum kann að þykja tímaramminn þröngur en á það ber að líta að mikið gagnamagn er til nú þegar vegna vinnu sem í áranna rás hefur verið lagt í m.a. af Seyðisfjarðarkaupstað, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi og Vegagerðinni. Þá ber einnig að líta á að með tilliti til sögulegrar þróunar umræðunnar um jarðgöng á Austurlandi eru Norðfjarðargöng aðeins fyrsti áfangi stærri framkvæmdar sem hefur það að markmiði að gera Austfirði og Hérað að einu atvinnu- og þjónustusvæði og gjörnýta þannig möguleika þjónustustofanana á Austurlandi. Göng undir Fjarðarheiði yrðu annar áfangi þeirrar framkvæmdar og því rökrétt framhald jarðganga milli Eskifjarðar og Norðfjarðar.

Þróun umræðu.

Menn hafa lengi gælt við hugmyndir um jarðgöng til þess að leysa samgönguvanda Seyðfirðinga. Upp og ofan hefur gengið í þeim efnum og umræðan risið mishátt eftir tímabilum. Er rétt að stikla hér á stóru í þróun hennar.

Á fundi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi árið 1980 var samþykkt ályktun þar sem kom fram ósk um tengingu byggðarlaganna meðfram strandlengjunni á Mið-Austurlandi og var í framhaldi af því lagt í vinnu við að kanna möguleikana á jarðgöngum milli Seyðisfjarðar, Mjóafjarðar og Norðfjarðar.


Haustið 1986 fór hópur áhugamanna um jarðgöng frá Austurlandi og Vestfjörðum til Færeyja þar sem hann kynnti sér jarðgangagerð. Má segja að í kjölfar þeirrar ferðar hafi nýr kraftur færst í málið.

Árið 1987 kom út á vegum samgönguráðuneytisins skýrsla um jarðgangaáætlun eftir nefnd undir stjórn Helga Hallgrímssonar hjá Vegagerðinni en auk hans voru í nefndinni Theodór Blöndal frá Seyðisfirði, Kristján Haraldsson frá Ísafirði og Benedikt Bogason frá Byggðastofnun. Í skýrslunni var vikið að þeim verkefnum sem njóta ættu forgangs við jarðgangagerð og var Fjarðarheiði ásamt Oddsskarði forgangsraðað á eftir göngum um Ólafsfjarðarmúla og göngum undir Botnsheiði og Breiðadalsheiði. Var gert ráð fyrir því að vinna við göng sem rjúfa ættu vetrareinangrun Seyðisfjarðar og Norðfjarðar gæti hafist 1998.[1] Öllum þessum verkefnum nema Austfjarðagöngunum er nú lokið.

Á árunum 1987–1988 réðu Seyðisfjarðarkaupstaður og Neskaupstaður jarðfræðinginn Björn Jóhannsson til þess að skoða jarðlög fjalla milli Seyðisfjarðar, Norðfjarðar og Héraðs. Ekki fengust peningar frá ríkinu til þessarar rannsóknar og var hún unnin á kostnað sveitarfélaganna.

---

[1] Skýrsla nefndar um jarðgangaáætlun. Samgönguráðuneytið, mars 1987.




Upphaflegar hugmyndir um jarðgöng undir Fjarðarheiði og Oddsskarð.

8. maí 1988 var haldin ráðstefna á vegum Seyðisfjarðarkaupstaðar og Sambands sveitarfélaga á Austurlandi undir yfirskriftinni „Byrjum að bora“ þar sem samgöngumál Seyðfirðinga voru til umræðu. Á henni var samþykkt áskorun til stjórnvalda um að hefja sem fyrst framkvæmdir. Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni voru Helgi Hallgrímsson frá Vegagerðinni, Bjarni Einarsson frá Byggðastofnun, Björn Jóhannsson jarðfræðingur og Jónas Hallgrímsson.

1988 skipaði þáverandi samgönguráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, nefnd sem vinna átti að undirbúningi jarðgangagerðar á Austurlandi og gera tillögur um leiðir til fjármögnunar. Í nefndinni voru Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri, Sveinn Guðmundsson, Vopnafirði, Þorvaldur Jóhannsson, Seyðisfirði, Ásgeir Magnússon, Neskaupstað, og Benedikt Bogason frá Byggðastofnun. Skilaði nefndin af sér skýrslu 1993. Tillaga hennar var að skipta framkvæmdum við jarðgangagerð á Austurlandi í þrjá áfanga. Í þeim fyrsta var að finna þrenn jarðgöng. Milli Héraðs og Mjóafjarðar, Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar og loks Mjóafjarðar og Norðfjarðar til þess að rjúfa vetrareinangrun Seyðisfjarðar og Norðfjarðar en í seinni áföngum skyldi farið í að stytta vegalengdir milli annara þéttbýlisstaða á Austurlandi og tengja þá þessu miðsvæði. Nefndin skoðaði fleiri jarðgangakosti til styttingar vegalengdum, m.a. göng á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar en gerð þeirra var lokið 9. september 2005. Var áætlað að koma mætti Austfjarðagöngunum inn á síðari hluta langtímasamgönguáætlunar, þ.e. árabilið 1998–2002. Taldi nefndin að ætla mætti að fjármögnun þessara jarðganga gæti

tekið 10–15 ár þó að æskilegt væri að þau væru kláruð á 6–8 árum.[2] Skemmst er frá því að segja að þessi jarðgangahugmynd hefur enn ekki komið til framkvæmda en lífinu hefur verið haldið í henni og hún þróuð í nýjar áttir eins og glöggt má sjá í starfi Samganga, sem eru samtök áhugafólks um jarðgöng á Mið-Austurlandi. Þá hefur Seyðisfjarðarkaupstaður lagt þónokkra fjármuni í undirbúningsvinnu vegna framkvæmdanna.

Á tímabilinu sem fór í hönd var það stefna ríkisstjórnarinnar að ekki yrði ráðist í frekari framkvæmdir við jarðgöng þar sem stór og mikil verkefni biðu við vegakerfið sjálft. Breyttist sú stefna með samþykkt þingsályktunar um langtímaáætlun í gerð jarðganga á Íslandi, en tillaga þar að lútandi var lögð fram að frumkvæði Arnbjargar Sveinsdóttur og Egils Jónssonar á 123. löggjafarþingi (356. mál).



Útfærsla á hugmyndum um svokölluð Samgöng á milli Egilsstaða, Seyðisfjarðar, Mjóafjarðar, Norðfjarðar og Eskifjarðar. Önnur útfærsla yrði þó í Norðfirði vegna ákvarðana sem þegar hafa verið teknar um Norðfjarðargöng.

Árið 2005 unnu Jón Þorvaldur Heiðarsson og Valtýr Sigurbjarnarson skýrslu fyrir Samband sveitarfélaga á Austurlandi. Þar er meðal annarra jarðgangamöguleika fjallað um jarðgöng milli Seyðisfjarðar og Héraðs. Er þar fjallað um arðsemi slíkra ganga, áhrif þeirra á

---

[2] Jarðgöng á Austurlandi – nefndarálit 1993. Vegagerðin.

umferðaröryggi, byggðaþróun og tengingu svæða.[3] Sömu aðilar unnu skýrslu sem kom út í júní 2006 á vegum Rannsókna- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri um samfélagsleg áhrif og arðsemi fernra jarðganga á Mið-Austurlandi. Niðurstöður hennar voru þær helstar að arðsemi verkefnisins yrði 1,75% en að göngin „myndu hafa í för með sér stórkostlega breytingu til batnaðar á möguleikum fólks í fjarðabyggðunum til innbyrðis samskipta og tengslum milli fjarðanna og Héraðs. Til yrði eitt atvinnusvæði sem teldi mörg þúsund íbúa“ eins og segir í skýrslunni.[4]

10. janúar 2007 boðaði stjórn Samganga til fundar á Reyðarfirði um jarðgangamál á Mið-Austurlandi. Þar mættu auk stjórnar Samganga, bæjarstjórar Fjarðabyggðar og Seyðisfjarðar og fulltrúi bæjarstjóra Fljótsdalshéraðs. Þá var á fundinum Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa. Framsöguerindi héldu Guðni Nikulásson, sem fjallaði almennt um jarðgangagerð á svæðinu, og Sigurður Gunnarsson, sem kynnti kosti heilborunar. Sigurður var í kjölfarið ráðinn til þess að vinna að málinu um skeið. Tók hann saman upplýsingar sem leggja átti fyrir samstarfsvettvang sveitarfélaganna þriggja um jarðgangagerð á svæðinu. Samantekt byggð á upplýsingum sem Sigurður safnaði um heilborun jarðganga kom síðan fyrir almenningssjónir 23. apríl sama ár.[5]

Í kjölfar skýrslu Sigurðar Gunnarsson var skipuð nefnd sem kanna átti möguleika á heilborun jarðganga og er hún enn að störfum. Í henni eiga sæti bæjarstjórar Seyðisfjarðar, Fjarðabyggðar og Fljótsdalshéraðs, Hreinn Haraldsson, núverandi vegamálastjóri, frá Vegagerðinni, og alþingismennirnir Einar Már Sigurðarson og Arnbjörg Sveinsdóttir.

Á fundi bæjarstjórnar Seyðisfjarðar 17. september 2008 tók málið nýja stefnu þegar bæjarstjórnin samþykkti eftirfarandi tillögu: „Bæjarstjórn Seyðisfjarðar samþykkir að leita allra leiða til að gerð verði jarðgöng á milli Seyðisfjarðar og Héraðs.“ Var þessi tillaga rökstudd með svohljóðandi greinargerð:

„Þjóðvegurinn frá Seyðisfirði til Egilsstaða er 27 km langur, en liggur hæst í meira en 600 metrum yfir sjávarmáli, hærra en nokkur annar vegur sem er eina vegasamband þéttbýliskjarna á Íslandi við nágrannana.

Vegurinn er eina samgönguleið Seyðfirðinga landleiðis og skiptir því gríðarlega miklu máli að hann sé greiðfær allt árið um kring. Í áratugi hefur hann þjónað þeirri miklu umferð sem skapast hefur með bílferjunni Norrænu. Með lengingu á árlegu siglingatímabili ferjunnar kemur enn betur í ljós hversu mikill farartálmi Fjarðarheiðin er. Jafnvel þótt á björtum sumardegi sé, er vegurinn varasamur, hvað þá þegar færð spillist og hálka, snjór og skafbyljir bætist við.

Seyðfirðingar hafa lengi þrýst á að gerð verði jarðgöng til staðarins. Hugmyndir um bestu framkvæmd þess verks hafa verið breytilegar í áranna rás, nú síðast stórhuga tenging þéttbýliskjarna Mið-Austurlands með jarðgöngum allt frá Eskifirði um firði til Héraðs, kynnt undir vinnuheitinu „Samgöng“. Það hefur verið sannfæring okkar og er ennþá að slík mann-

---

[3] Jón Þorvaldur Heiðarsson og Valtýr Sigurbjarnarson. Jarðgöng á Austurlandi: mat á samfélagsáhrifum og arðsemi. 2005. Akureyri. Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri fyrir Samband sveitarfélaga á Austurlandi.

[4] Jón Þorvaldur Heiðarsson og Valtýr Sigurbjarnarson. Fern jarðgöng á Mið-Austurlandi sem ein framkvæmd: mat á samfélagsáhrifum og arðsemi. 2006. Akureyri. Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri.

[5] Sigurður Gunnarsson. Jarðgöng á Austurlandi. Athugun á arðsemi heilborunar. 2007. Seyðisfjarðarkaupstaður.

virkjagerð væri hagkvæmari öll í einu lagi frekar en hver jarðgöng ein og ein. Erfitt virðist vera að afla svo stórhuga framkvæmd fylgis í einum áfanga.

Áratuga, stórhuga barátta Seyðfirðinga fyrir jarðgöngum hefur litlu skilað. Seyðfirðingar hafa sýnt öðrum jarðgangaframkvæmdum í landinu mikinn skilning og staðið heilshugar að baki þeim. *Nú er einfaldlega komið að Seyðfirðingum. Við óbreytt ástand í samgöngumálum geta Seyðfirðingar ekki lengur búið*.“[6]

Hér er tekin afdráttarlaus afstaða til þess að jarðgöng sem tengja Seyðisfjörð við nágrannabyggðir skuli liggja undir Fjarðarheiði. Var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum bæjarfulltrúa og lögð fram sameiginlega af oddvitum meiri og minni hluta.

Þess má einnig geta að á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haustið 2008 var samþykkt ályktun sem felur í sér stuðning við jarðgangagerð undir Fjarðarheiði.

Rökstuðningur.

Fjöldamörg rök hníga að því að farið sé í framkvæmdir við göng undir Fjarðarheiði í allra nánustu framtíð. Verður nú vikið að þeim helstu.

Veður.

Veður geta gerst válynd á Fjarðarheiðinni sem eðlilegt má teljast um veg sem liggur í 620 m hæð yfir sjávarmáli. Þarf ekki mikinn vindhraða til þess að aðstæður verði erfiðar minni bílum og jafnvel hættulegar sökum blindu vegna skafrennings. Getur slíkt ástand verið viðvarandi dögum saman yfir vetrartímann og hamlað för um heiðina.

Skýrsla Rannsókna- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri, sem unnin var fyrir Samband sveitarfélaga á Austurlandi 2005, snertir aðeins á veðurfarslega þættinum. Þar segir um það hvernig þátttakendur í könnun um samgöngur og ferðavenjur frá árinu 2002 svöruðu spurningu um áhættuþætti vegna reglubundinna ferða þeirra að vetrarlagi: „Hálka er sá áhættuþáttur sem vegfarendur á Austurlandi hafa oftast í huga vegna daglegra ferða og ófærð kemur næst í röðinni. Hvað þessi atriði snertir má fullyrða að þau jarðgöng sem hér eru til umfjöllunar mundu bæta öryggi í samgöngum og draga úr þeim áhættuþáttum sem helst eru nefndir á Austurlandi.“[7]

Guðni Nikulásson, rekstrarstjóri Vegagerðarinnar í Fellabæ, hefur 40 ára reynslu af snjómokstri og viðhaldi á veginum um Fjarðarheiði. Í bréfi dagsettu 20. mars 2009 segir Guðni um veðurfar á Fjarðarheiði: „Frá 1969 og til 1981 voru mjög erfiðir vetur flest árin að því er varðar snjóþyngsli á Fjarðarheiði með tilheyrandi skafrenningi og samgönguerfiðleikum. Síðan 1982 hafa vetur óneitanlega verið snjóminni ef litið er á heildina, þó hafa komið erfiðir vetur og sérstaklega erfiðir kaflar á Fjarðarheiði flesta vetur. Samkvæmt meðfylgjandi yfirliti fyrir árin 2006–2009 kemur fram að umferð um Fjarðarheiði á undir högg að sækja 20–40 daga hvern vetur vegna skafrennings. Sérstaklega er erfitt að vera á ferð í skafrenningi fyrir minni bíla þegar snjógöng eru orðin samfelld 10–15 km. Mín skoðun er sú að Fjarðarheiði sé í dag lang erfiðasti fjallvegur landsins sem nýtur daglegrar vetrarþjónustu. Fjarðarheiði er í 550–620 m hæð yfir sjó á meira en 10 km löngum kafla. Í miklum skafrenningi er oft mjög hættulegt að vera á ferð á þessum fjallvegi.“

---

[6] Fundargerð 1620. fundar bæjarstjórnar Seyðisfjarðar.

[7] Jón Þorvaldur Heiðarsson og Valtýr Sigurbjarnarson. Jarðgöng á Austurlandi: mat á samfélagsáhrifum og arðsemi. 2005. Akureyri. Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri fyrir Samband sveitarfélaga á Austurlandi. (Bls. 44.)

Kostnaður við snjómokstur á Fjarðarheiði er talsverður eins og sjá má í eftirfarandi töflu sem byggist á upplýsingum frá Vegagerðinni.

Kostnaður við snjómokstur á Fjarðarheiði.

	Beinn kostnaður	Með 15% álagi
2006	31 millj. kr.	36 millj. kr.
2007	30 millj. kr.	35 millj. kr.
2008	32 millj. kr.	37 millj. kr.

Lokunardagar.

Samkvæmt upplýsingum frá Guðna Nikulássyni, rekstrarstjóra Vegagerðarinnar í Fellabæ, varð röskun á umferð um Fjarðarheiði í 21 dag árið 2006, 35 daga árið 2007, 39 daga árið 2008 og 17 daga það sem af er þessu ári, til mars 2009, sbr. eftirfarandi töflu. Er þá ekki endilega um að ræða að vegurinn sé lokaður heilan dag heldur getur einnig verið um að ræða lokun hluta úr degi. Þessar tölur gefa hins vegar að mati þeirra sem til þekkja raunsannasta mynd af ástandinu.

Ljóst er að um umtalsverða röskun er að ræða sem stefnir öryggi íbúa Seyðisfjarðar í nokkra hættu enda er vegurinn um Fjarðarheiði sá eini sem liggur til bæjarins.

Röskun á umferð um Fjarðarheiði.

2006		2007		2008		2009	
Dags.	**Klst.**	**Dags.**	**Klst.**	**Dags.**	**Klst.**	**Dags.**	**Klst.**
15. jan.	14	3. jan.	16,5	5. jan.	16	11. jan.	10,5
16. jan.	12	7. jan.	10	18. jan.	17,5	15. jan.	10,5
17. jan.	12	8. jan.	16,5	19. jan.	16	18. jan.	12
18. jan.	10	9. jan.	9,5	20. jan.	15	20. jan.	10
23. mar	12	11. jan.	14,5	22. jan.	12	22. jan.	13,5
26. mars	9,5	15. jan.	12,5	1. feb.	15,5	23. jan.	12,5
28. mars	20	11. feb.	15	2. feb.	16,5	4. feb.	15
29. mars	16	14. feb.	17	3. feb.	17,5	13. feb.	12
30. mars	9	15. feb.	15	4. feb.	13,5	25. feb.	19
31. mars	8	21. feb.	16,5	6. feb.	19	2. mars	15,5
1. apríl	14,5	22. feb.	16	7. feb.	12,5	3. mars	10
16. apríl	13,5	23. feb.	10	8. feb.	11,5	4. mars	15
17. apríl	12	24. feb.	13,5	23. feb.	9	5. mars	14
21. maí	11,5	25. feb.	11	28. feb.	11	9. mars	13,5
22. maí	15	27. feb.	14	6. mars	14	11. mars	Mokstri hætt
23. maí	9	2. mars	16,5	13. mars	10,5	12. mars	14,5
27. okt.	9,5	3. mars	10	14. mars	16,5	14. mars	12
28. okt.	9,5	5. mars	15	24. mars	10		
29. okt.	10	6. mars	13,5	26. mars	13		
13. nóv.	10	9. mars	22	28. mars	18,5		
14. nóv.	15,5	10. mars	10	29. mars	16		
15. nóv.	15	13. mars	11	31. mars	19,5		
		18. mars	16,5	1. apríl	18		
		19. mars	14	2. apríl	14		

2006		2007		2008		2009	
Dags.	**Klst.**	**Dags.**	**Klst.**	**Dags.**	**Klst.**	**Dags.**	**Klst.**
		10. apríl	13	3. apríl	16,5		
		18. maí	12,5	4. apríl	16		
		19. maí	10	5. apríl	14,5		
		25. maí	10,5	11. apríl	15,5		
		23. sept.	11	12. apríl	8		
		24. sept.	11,5	10. maí	10		
		24. nóv.	10	26. nóv.	14		
		30. nóv.	10	27. nóv.	Mokstri hætt		
		2. des.	13	28. nóv.	11,5		
		3. des.	11,5	29. nóv.	10,5		
		4. des.	17,5	1. des.	12		
				7. des.	13,5		
				12. des.	12,5		
Dagar alls	**21**		**35**		**39**		**17**

Umferðaröryggi.

Á aðalfundi björgunarsveitarinnar Ísólfs á Seyðisfirði í desember 2008 kom fram að af 28 neyðarútköllum sveitarinnar vegna aðstoðar á landi árið 2006 hafi 23 verið vegna ökumanna sem þurftu aðstoðar við á Fjarðarheiði. Það gerir 82% neyðarútkalla ársins. Árið 2007 voru útköllin vegna Fjarðarheiðar 21 og 2008 voru þau um 40, þar af eitt útkall þar sem 10 bílar voru í vandræðum á sama tíma. Að auki má geta þess að björgunarsveitin á Héraði sinnir einnig útköllum á Fjarðarheiði þannig að heildarfjöldi útkalla björgunarsveita vegna aðstoðar á Fjarðarheiði er meiri. Vinnustundir björgunarsveita vegna útkalla á Fjarðarheiði eru því fjöldamargar og ljóst að ávinningur af jarðgöngum yrði þónokkur hvað þetta atriði varðar.

Mikil þróun hefur orðið í vegagerð og í tækni við snjómokstur. Það leiðir til þess að nauðsyn jarðganga til að rjúfa vetrareinangrun hefur minnkað. Á móti kemur að þó að talið sé fært yfir heiðina leggur almenningur ekki í fara yfir á dögum eins og lýst hefur verið hér að framan, þegar skafrenningur og blinda valda mjög hættulegum aksturskilyrðum. Fjöldi árekstra hefur orðið á heiðinni við þessi skilyrði. Má því segja að huglægt sé heiðin lokuð almenningi, þó svo að hörðustu atvinnubílstjórar láti slíkar aðstæður alla jafna ekki tefja sig.

Byggðasjónarmið.

Það sýnir sig í byggðaþróun á Austurlandi að nauðsynlegt er að stytta vegalengdir til að skapa betri atvinnu- og þjónustusvæði. Reynslan af Fáskrúðsfjarðargöngum hvað þetta varðar er góð. Þar var unnt að tengja suðurfirði Austfjarða við atvinnusvæðið á Mið-Austurlandi og naut svæðið þannig góðs af þeim stórframkvæmdum sem farið var í á Reyðarfirði og óumdeilanlegt er að efldu mjög atvinnulíf og treystu búsetuskilyrði á svæðinu. Með jarðgöngum undir Fjarðarheiði yrði unnt að tengja Seyðisfjörð með tryggari hætti sama atvinnu- og þjónustusvæði, með þúsundum íbúa.

Að þessum þætti málsins er vikið í flestum þeim skýrslum sem unnar hafa verið um málið enda ljóst að byggðasjónarmið vega þungt við ákvörðun jarðgangaframkvæmda. Þannig segir í skýrslu nefndar samgönguráðherra frá 1993: „…en mikilvægasti þátturinn í þessu samhengi eru samgöngubætur, sem tengja saman byggðarlög með þeim hætti að úr verði allfjölmenn

atvinnu- og þjónustusvæði. Líta má á slík svæði sem þróunar- og vaxtarsvæði, sem geti haft aðdráttarafl, þegar fólk velur sér búsetu. Til að svo megi verða, þurfa þessi vaxtarsvæði að vera allfjölmenn og fjarlægðir milli einstakra byggðarkjarna innan þeirra mega ekki vera of miklar.“[8]

Í skýrslu þeirri sem Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri vann fyrir Samband sveitarfélaga á Austurlandi segir um áhrif jarðganga undir Fjarðarheiði á byggðaþróun: „Göng undir Fjarðarheiði mundu efalítið stuðla að mun meiri þjónustusókn til Héraðs en nú er og styðja með því við það markmið „að treysta búsetuskilyrði á landsbyggðinni með því að efla þau byggðarlög sem eru fjölmennust, hafa mest aðdráttarafl fyrir fólk og bestu möguleika til uppbyggingar atvinnulífs, skóla, menningarlífs og opinberrar þjónustu“. Þess vegna er byggðaþróun metin sem tveir plúsar, ++.“

Mannaflaþörf.

Með vaxandi atvinnuleysi hefur það verið stefna stjórnvalda að forgangsraða samgönguframkvæmdum þannig að mannaaflafrekar framkvæmdir miðað við kostnað á hvert ársverk verði settar í forgang. Í skýrslu Vegagerðarinnar og Háskólans á Akureyri kemur fram að hvað það varðar eru jarðgangaframkvæmdir í öðru sæti, á eftir brúargerð og á undan almennri vegagerð og yfirlögn. Það er því augljóst að við þær aðstæður sem nú eru uppi í þjóðfélaginu er skynsamlegt að hafa jarðgangaframkvæmdir framarlega í forgangsröðinni.[9]

---


[8] Jarðgöng á Austurlandi – nefndarálit 1993. Vegagerðin. (Bls. 11.)

[9] Jón Þorvaldur Heiðarsson. Mannaflaþörf og tækjanotkun í vegagerð. Áfangaskýrsla, apríl 2008. Rannsókna- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri fyrir rannsóknarsjóð Vegagerðarinnar.

Fylgiskjal I.

Vegagerðin:


Norðfjarðargöng. Ýmsar mögulegar jarðgangaleiðir.



Fylgiskjal II.

Línuhönnun:

Jarðgöng á Austurlandi. Langsnið Seyðisfjörður – Egilstaðir.



800. Nefndarálit [322. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um aðför, nr. 90/1989, lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bryndísi Helgadóttur og Ásu Ólafsdóttur frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Evu Bryndísi Helgadóttur frá laganefnd Lögmannafélags Íslands, Snorra Olsen frá tollstjóranum í Reykjavík, Guðgeir Eyjólfsson frá Sýslumannafélagi Íslands, Þórð Björn Sigurðsson frá Hagsmunasamtökum heimilanna, Stefán Aðalsteinsson frá Bandalagi háskólamanna, Sonju Ýri Þorbergsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Hildigunni Hafsteinsdóttur frá Neytendasamtökunum, Gísla Tryggvason talsmann neytenda, Ástu S. Helgadóttur frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Einar Jónsson og Gunnhildi Gunnarsdóttur frá Íbúðalánasjóði, Guðrúnu Björk Bjarnadóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Jónu Björk Guðnadóttur og Karl Óttar Pétursson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Helga Sigurðsson frá Nýja Kaupþingi, Lúðvík Elíasson frá Nýja Landsbanka, Davíð B. Gíslason frá Momentum, Harald I. Birgisson frá Viðskiptaráði Íslands, Stefán Árna Auðólfsson frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Tómas Möller frá Lífeyrissjóði verzlunarmanna og Bjarna Þór Óskarsson frá Intrum.

Umsagnir um málið bárust frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Sýslumannafélagi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, sýslumanninum í Keflavík, Fjármálaeftirlitinu, tollstjóranum í Reykjavík, Hagsmunasamtökum heimilanna, Momentum greiðsluþjónustu ehf., Intrum á Íslandi ehf., sýslumanninum í Reykjavík, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum verslunar og þjónustu (SVÞ), Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bændasamtökum Íslands, Viðskiptaráði Íslands, Íbúðalánasjóði, Neytendasamtökunum, Bandalagi háskólamanna og talsmanni neytenda.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar með það að markmiði að bæta stöðu skuldara við gjaldþrotaskipti og frestun á nauðungarsölu svo skuldari fái tækifæri til að endurskipuleggja fjármál sín. Lagt er til að aðfararfrestur verði lengdur, nauðungarsölu frestað um sex mánuði og að kveðið verði skýrar á um almenna leiðbeiningarskyldu dómara varðandi þau úrræði sem skuldurum standa til boða. Þá er lagt til að frestur sem dómari má veita við meðferð kröfu um gjaldþrotaskipti verði lengdur og geti að hámarki orðið þrír mánuðir. Loks er lagt til að fyrningarfrestur verði styttur í tvö ár.

Aðfararfrestur.

Nefndin ræddi þau úrræði sem lögð eru til í frumvarpinu. Með lengingu aðfararfrests úr 15 dögum í 40 daga er markmiðið að gefa skuldurum meiri tíma til að bregðast við innheimtuaðgerðum og til þess að endurskipuleggja fjármál sín. Úrræðið er tímabundið til 1. janúar 2010 og er afmarkað við kröfur sem eru með beina aðfararheimild og miðast við þann dag er greiðsluáskorun er send. Þannig gildir 40 daga fresturinn ef að greiðsluáskorunin er send á gildistíma laganna. Með ákvæðinu er ekki verið að lengja aðfararfrest á kröfum sem eru byggðar á árituðum stefnum, dómum og úrskurðum en fyrir nefndinni kom fram að þegar um slíkar kröfur er að ræða hafa skuldarar haft rýmri tíma og eiga að vera upplýstir um slíkar kröfur. Nefndin fellst því á að ekki sé þörf á að lengja aðfararfrest þeirra krafna.

Upplýsingarskylda sýslumanns og héraðsdómara.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að sýslumaður skuli leiðbeina gerðarþola sérstaklega um þann kost að ráðstafa megi eign með nauðungarsölu á almennum markaði. Slík skylda er nú þegar fyrir hendi samkvæmt stjórnsýslulögum en fram kom að gerðarþolar mæta sjaldnast við fyrstu fyrirtöku og því í reynd ekki unnt að upplýsa þá. Þá er einnig tekið sérstaklega fram í 4. gr. að héraðsdómara beri að leiðbeina skuldara sem sækir þing um þau úrræði sem kveðið er á um í 3. þætti laganna. Þannig skal gerðarþoli sem sætir beiðni um gjaldþrotaskipti á búi sínu njóta leiðbeininga héraðsdómara um þau úrræði sem honum standa til boða, þ.e. um nauðasamninga og nauðasamninga til greiðsluaðlögunar. Nefndin tekur sérstaklega undir mikilvægi þess að leggja aukna áherslu á upplýsingaskyldu og upplýsingagjöf til skuldara.

Fyrningarfrestur.

Í frumvarpinu er lagt til að þegar kröfu er lýst í þrotabú hefjist nýr fyrningarfrestur sem sé tvö ár og eigi þetta við um allar lýstar kröfur óháð því hver upphaflegur fyrningartími kröfunnar var. Hér er um styttingu á fyrningarfresti að ræða frá því sem verið hefur, en hann er mislangur eftir eðli krafna, þ.e. 4, 10 eða 20 ár, en algengasti fyrningarfrestur viðskiptakrafna er 4 ár, sbr. lög um fyrningu kröfuréttinda. Nokkurs misskilnings hefur gætt varðandi þetta ákvæði frumvarpsins, þ.e. um að kröfur falli endanlega niður við þetta tveggja ára tímamark verði frumvarpið að lögum og að ekki sé unnt að halda þeim við. Nefndin telur rétt að taka fram að svo er ekki.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að þessi stutti fyrningarfrestur gæti orðið til þess að allflestir kröfuhafar, meira að segja þeir sem hafa látið sér 4 ára fyrningarfrest nægja, mundu rjúfa fyrningarfrest krafna. Þá kom einnig fram að mörg dæmi eru um að gjaldþrotaskiptameðferð taki meira en tvö ár og ákvæði 6. gr. frumvarpsins er einnig til þess fallið að fjölga slíkum tilfellum. Þessi sérstaki fyrningarfrestur getur því orðið til þess að kröfur fyrnist áður en gjaldþrotaskiptum lýkur og því nauðsynlegt fyrir kröfuhafa að rjúfa fyrningu. Við rof þessa sérstaka fyrningarfrests fengju kröfur því sinn hefðbundna fyrningarfrest samkvæmt fyrningarlögum. Það mundi því í reynd fela í sér lengingu fyrningarfrests gagnvart skuldurum þ.e. þessi tvö ár og svo 4, 10 eða 20 ár til viðbótar. Markmið frumvarpsins um að bæta stöðu skuldara myndu því ekki nást. Þá bendir nefndin á að nauðsynlegt er að skoða þessar breytingar í samhengi við frumvarp til laga um greiðsluaðlögun, þskj. 507 – 281. mál. Með því úrræði gefst þrotamanni kostur á að ljúka gjaldþrotaskiptum með greiðsluaðlögun. Í því felst að hann greiði á greiðsluaðlögunartíma, sem almennt stæði í nokkur ár, í samræmi við greiðslugetu en að greiðsluaðlöguninni lokinni féllu eftirstöðvar krafna á hendur honum niður. Við þær aðstæður falla þá réttaráhrif gjaldþrotsins niður gagnvart þrotamanni. Nefndin telur eðlilegt að líta svo á að greiðsluaðlögun verði hin almenna leið fyrir þrotamenn sem vilja taka ábyrgð á eigin skuldbindingum til að efna þær eftir því sem greiðslugeta þeirra leyfir og til að ljúka gjaldþrotaferli með skilvirkum hætti. Svo er um mikinn meiri hluta þrotamanna, en þeir hafa hingað til ekki átt skýran kost á því að ljúka málum sínum með skilvirkum hætti. Í ljósi þessa úrræðis telur nefndin ekki ástæðu til að viðhalda í lögum sérstökum fyrningarfresti krafna við gjaldþrot. Ber þar að hafa í huga að eina þýðing slíkrar sérreglu, í ljósi nýja greiðsluaðlögunarúrræðisins, yrði að umbuna þeim þrotamönnum sem ekki væru tilbúnir að axla ábyrgð á eigin gerðum og að torvelda þolendum í bótamálum að halda uppi kröfum gagnvart þrotamanni. Nefndin telur því ekki ástæðu til að hafa sérreglu um fyrn-

ingarfrest krafna við gjaldþrot og leggur því til að þessi grein, þ.e. 5. gr. frumvarpsins, falli brott.

Frestun á byrjun uppboðs eða nauðungarsölu eignar.

Nefndin ræddi einnig þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu á lögum um nauðungarsölu, en þar er lagt til að sýslumanni beri að verða við ósk gerðarþola um að fresta töku ákvörðunar um byrjun uppboðs eða ráðstöfun eignar á almennum markaði fram yfir 31. ágúst 2009 ef um ræðir fasteign þar sem gerðarþoli heldur heimili og hefur skráð lögheimili. Þá er lagt til að hafi þegar verið ákveðin ráðstöfun slíkrar fasteignar skuli sýslumaður verða við ósk gerðarþola um að fresta þeim aðgerðum fram yfir 31. ágúst 2009. Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að sú dagsetning sem lögð er til í frumvarpinu geti verið óhentug, bæði vegna starfstíma Alþingis, sem óvíst er að verði starfandi á þessum tíma, og þess að þeir sem hafa lent í vandræðum með skuldbindingar sínar í tengslum við bankahrunið verða í fæstum tilfellum komnir með eignir sínar á uppboðsstig í haust og mun fresturinn því í reynd ekki nýtast þeim. Nefndin leggur því til þá breytingu að miðað verði við 31. október 2009 í báðum tilfellum.

Þá telur nefndin rétt að taka fram að ef sölu eða ákvörðun um sölu er frestað fram yfir 31. október, eins og nefndin leggur til, þarf að ákveða söluna eða aðra fyrirtöku eftir þann tíma. Sá frestur sem þar myndast telst ekki inni í ársfrestinum skv. 27. gr. laganna sem byrjar að líða við þingfestingu málsins. Þegar skiptum lýkur eftir gildistöku nýrra laga gilda nýju lögin og fyrningarfrestur krafna verður í samræmi við það. Nefndin tekur hins vegar fram að reglan er ekki afturvirk.

Nefndin ræddi einnig um stöðu eigenda lögbýla, en í 3. gr. er skilyrði um að húsnæðið sem þar um ræðir sé ætlað til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda. Lögbýli fellur undir þá skilgreiningu, sbr. skipulagsreglugerð, og því tekur þessi frestur einnig til uppboðs á lögbýlum.

Nefndin ræddi einnig um ákvæði 6. gr. frumvarpsins um að skiptastjóri geti með samþykki veðhafa heimilað skuldara að búa áfram í húsnæði í eigu búsins í allt að tólf mánuði. Í frumvarpinu er lagt til að ákvæðið verði til bráðabirgða og heimildin falli niður 1. mars 2010. Fram kom við meðferð málsins fyrir nefndinni að skiptastjóri hefði almennt slíka heimild samkvæmt gildandi lögum, en breytingin sem hér um ræðir lyti fyrst og fremst að því að unnt væri að taka slíka ákvörðun sem gilti fram yfir skiptalok. Nefndin leggur því til að þetta ákvæði standi óbreytt.

Sérregla um vexti.

Nefndin ræddi einnig ákvæði 3. gr. um að við frestun nauðungarsölu skuli kröfur, sem trygging er fyrir í viðkomandi eign og tilheyra ríkinu eða stofnun eða fjármálafyrirtæki í eigu þess aðeins bera þá vexti fram til 1. september 2009 sem þær hefðu ella borið ef ekki hefði komið til vanskila á þeim. Nefndin leggur til að miðað verði við 1. nóvember 2009.

Nefndin telur að í orðalagi greinarinnar felist að skattkröfur beri enga vexti frá því að nauðungarsölu er frestað og þá fram til 1. nóvember 2009, þar sem skattkröfur í vanskilum bera enga aðra vexti en dráttarvexti og í undantekningartilfellum sérstakt vanskilaálag. Telur nefndin því ljóst að fyrirkomulag þetta muni skapa mikið ójafnræði milli skuldara skattkrafna. Þannig gæti myndast óeðlileg eftirspurn eftir gjaldþrotameðferð gagnvart innheimtumönnum ríkissjóðs í þeim tilgangi að komast hjá dráttarvaxtareikningi. Nefndin telur að það

hafi ekki verið ætlunin og leggur því til breytingar á greininni þannig að skattkröfur verði undanskildar þessu ákvæði.

Nefndin leggur einnig til að við frumvarpið bætist nýr kafli um breytingar á lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, og að við þau lög bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða. Í ákvæðinu er lagt til að um álagningu dráttarvaxta á skattkröfur gildi sérregla í tiltekinn tíma eða til 31. desember 2009, þ.e. að dráttarvextir fari úr 25% eins og þeir eru nú í 15% með þeim fyrirvara að þeir geti aldrei orðið hærri en almennir dráttarvextir. Nefndin tekur fram að lækkun dráttarvaxta með þessum hætti mundi hafa verulega þýðingu fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem eru í vanskilum með skattkröfur. Hér er um að ræða almenna ráðstöfun sem kæmi öllum sem í vanskilum eru til góða óháð því hvar krafa þeirra er stödd í innheimtuferlinu. Breytingin er því mjög þýðingarmikil fyrir skuldara og telur nefndin að með henni sé komið til móts við skuldara á sanngjarnan hátt. Nefndin telur enn fremur að þessi breyting uppfylli meginreglu stjórnarskrár, stjórnsýslu- og skattaréttar um jafnræði aðila þar sem allir skuldarar skattkrafna njóta góðs af.

Tengsl við önnur úrræði.

Nefndin telur að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu ásamt þeim úrræðum sem lögð eru til í frumvarpi um greiðsluaðlögun, þskj. 507 – 281. máli, séu til þess fallnar að koma til móts við einstaklinga sem eiga í miklum erfiðleikum með að efna fjárhagsskuldbindingar sínar. Nefndin leggur áherslu á að markmiðið með þessu er að viðkomandi skuldarar nýti tímann til þess að endurskipuleggja fjármál sín og leiti ráðgjafar um það hvaða úrræði henti þeim best.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir skrifar undir álitið með fyrirvara.

Birgir Ármannsson, Árni Þór Sigurðsson, Sigurður Kári Kristjánsson og Jón Magnússon voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. mars 2009.

Árni Páll Árnason, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, með fyrirvara.		Siv Friðleifsdóttir.

801. Breytingartillögur [322. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um aðför, nr. 90/1989, lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „31. ágúst 2009“ tvívegis í 1. efnismgr. komi: 31. október 2009.
   b. Á eftir orðunum „skulu kröfur“ í 2. efnismgr. komi: aðrar en skattkröfur.
   c. Í stað orðanna „1. september 2009“ í 2. efnismgr. komi: 1. nóvember 2009.
2. 5. gr. falli brott.
3. Á eftir 6. gr., er verði 5. gr., komi nýr kafli, IV. kafli, **Breyting á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001,** með einni nýrri grein, 6. gr., svohljóðandi:
   Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laganna skulu dráttarvextir sem leggjast á skattkröfur nema fimmtán hundraðshlutum á ársgrundvelli, þó aldrei hærri en almennir dráttarvextir, frá og með 1. apríl til og með 31. desember 2009.
4. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðför, nr. 90/1989, lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

802. Svar [389. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Þorgerðar K. Gunnarsdóttur um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

1. *Hversu há voru útlán Lánasjóðs íslenskra námsmanna skólaárið 2007–2008 og hversu há verða þau fyrir skólaárið 2008–2009?*

Á fjárlögum eru heildarútlán sjóðsins áætluð á viðkomandi fjárlagaári en raunútlán koma fram í ríkisreikningi ár hvert. Áætluð útlán á árinu 2009 eru að langstærstum hluta vegna skólaársins 2008–2009. Þetta skýrist af því að námslán vegna haustannar 2008 koma meira og minna til greiðslu í janúar 2009. Í einstaka tilfellum eru greidd út námslán fyrir áramót vegna styttri námsanna í námi erlendis og/eða vegna skólagjaldalána.

Lánasjóður íslenskra námsmanna	**2007**	**2008**	**2009**
Veitt löng lán – áætlun samkvæmt fjárlögum	9.506,0	10.871,5	14.476,0
Veitt löng lán – rauntölur samkvæmt ríkisreikningi*	8.712,3	11.061,6	–

* Rauntala 2008 samkvæmt upplýsingum frá LÍN. Ekki er búið að gefa út ríkisreikning.

2. Hver voru og eru heildarframlög til Lánasjóðsins á árunum 2007, 2008 og 2009?

Heildarframlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna á fjárlögum 2007, 2008 og 2009 voru eftirfarandi á verðlagi hvers árs:

Fjárveitingar á fjárlögum	2007	2008	2009
Lánasjóður íslenskra námsmanna	5.244	5.938	6.985

Undanfarin ár hefur framlag ríkissjóðs miðast við 51% af áætluðum útlánum sjóðsins, auk framlags til að standa undir rekstri og vaxtastyrk til námsmanna. Á fjárlögum 2009 var framlag úr ríkissjóði lækkað um 1.000 millj. kr. vegna aðstæðna í efnahagsmálum. Áætlaðar lántökur sjóðsins voru auknar á móti. Þannig er tímabundið gengið á eigið fé sjóðsins en útlán til námsmanna eru í samræmi við áætlanir og því ekki skert.

803. Svar [388. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur um fjölda háskólanema.

1. *Hver var fjöldi háskólanema hér á landi hvert áranna 2005–2008 og 2009?*

Haustið 2008 voru 17.738 skráðir nemendur í háskólum á Íslandi. Þeim fjölgaði um rúmlega sex hundruð frá árinu 2005, en þá voru þeir 17.107. Skólaárið 2006–2007 voru þeir 17.171 og skólaárið 2007–2008 voru þeir 17.728. Þessar tölur gefa þó ekki rétta mynd af fjölda einstaklinga sem eru við nám á háskólastigi vegna þess að eitthvað er um tvítalningar í nemendaskrám háskólanna. Endanlegar tölur um fjölda nemenda á yfirstandandi skólaári munu ekki koma í ljós fyrr en seinna á þessu ári. Miðað við fyrri tölur er mismunurinn á bilinu eitt þúsund til fimmtán hundruð nemendur sem eru oftaldir eða tvítaldir. Ekki liggja fyrir nýrri tölur en frá október 2008. Sjá töflu 1.

Tafla 1. Fjöldi háskólanema 2005–2008.

Ár	Fjöldi eintaldra nemenda	Fjöldi skráðra nemenda**
2005–2006	15.604	17.107
2006–2007	15.594	17.171
2007–2008	16.366	17.728
2008–2009	*	17.738

Heimild: Hagstofa Íslands.

* Endanlegur fjöldi nemenda við háskólanám á yfirstandandi skólaári mun ekki liggja fyrir fyrr en síðar á árinu.

** Nemendur geta verið skráðir við nám í fleiri en einum skóla, fagi eða námsbraut.

2. Hver var fjöldi meistaranema hér á landi og Íslendinga í meistaranámi í útlöndum sömu ár?

3. Hver var á sama tíma fjöldi doktorsnema hér á landi og Íslendinga í doktorsnámi í útlöndum?

Haustið 2008 voru 3.821 meistaranemar skráðir í nám við háskóla hér á landi á yfirstandandi skólaári. Skólaárið 2005–2006 voru þeir 2.080, skólaárið 2006–2007 voru þeir 2.517 og skólaárið 2007–2008 voru þeir 3.433. Fjölgunin frá árinu 2005 til 2008 var 83%. Nýjustu tölur um fjölda meistaranema eru frá október 2008. Sjá töflu 2.
Þegar litið er til íslenskra háskólanema í meistaranámi við erlenda háskóla þá voru þeir 562 árið 2005–2006, 592 árið 2006–2007 og 647 árið 2007–2008. Sjá töflu 3.

Haustið 2008 voru 283 doktorsnemar skráðir við háskóla hér á landi. Skólaárið 2005–2006 voru þeir 156, skólaárið 2006–2007 voru þeir 201 og skólaárið 2007–2008 voru þeir 261. Fjölgunin frá árinu 2005 til 2008 var 81%. Nýjustu tölur um fjölda doktorsnema á Íslandi eru frá október 2008. Sjá töflu 2.

Þegar litið er til íslenskra háskólanema í doktorsnámi við erlenda háskóla þá voru þeir 133 árið 2005–2006, 119 árið 2006–2007 og 108 árið 2007–2008. Ekki liggja fyrir samsvarandi tölur fyrir haustið 2008. Sjá töflu 3.

Tafla 2. Fjöldi háskólanema á Íslandi eftir námsstigi.

Ár	Diplómanám	Grunnnám	Meistaranám	Doktorsnám
2005–2006	243	13.281	2.080	156
2006–2007	210	12.867	2.517	201
2007–2008	153	12.780	3.433	261
2008–2009	164	12.437	3.821	283

Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 3. Fjöldi háskólanema erlendis eftir námsstigi.

Ár	Grunnnám	Meistaranám	Doktorsnám
2005–2006	1.885	562	133
2006–2007	1.924	592	119
2007–2008	1.873	647	108

Heimild: Lánasjóður íslenskra námsmanna.

4. Hversu margir störfuðu við kennslu og rannsóknir á háskólastigi hér á landi sömu ár?

Fjöldi starfsfólks háskóla sem sinnti kennslu og rannsóknum á skólaárinu 2007–2008 var 2.337. Tölur um samsvarandi fjölda fyrir yfirstandandi skólaár munu ekki liggja fyrir fyrr en haustið 2009. Skólaárið 2005–2006 var starfsfólk við kennslu og rannsóknir 2.068, og 2.178 skólaárið 2006–2007. Til nánari glöggvunar má benda á að skólaárið 2007–2008 voru stöðugildi við kennslu og rannsóknir 1.635 talsins. Ástæðan fyrir því að stöðugildi eru svo miklu færri en fjöldi starfsfólks skýrist af því að við háskólana starfar fjöldi stundakennara og aðjúnkta sem eru í hlutastörfum. Starfsfólki fjölgaði um 13% og stöðugildum um 10% frá árinu 2005 til 2008. Inni í þessum tölum eru bæði kennarar og sérfræðingar og sérhæft starfsfólk, en stjórnendur og annað starfsfólk er undanskilið. Sjá töflu 4.

Tafla 4. Fjöldi starfsfólks við kennslu og rannsóknir í háskólum.

Ár	Starfsfólk	Stöðugildi
2005–2006	2.068	1.491
2006–2007	2.187	1.512
2007–2008	2.337	1.635

Heimild: Hagstofa Íslands.

804. Nefndarálit [366. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorláksson og Ingibjörgu Helgu Helgadóttur frá fjármálaráðuneyti, Skúla Eggert Þórðarson, Ingvar J. Rögnvaldsson og Guðrúnu Jennýju Jónsdóttur frá ríkisskattstjóra, Bryndísi Kristjánsdóttur frá skattrannsóknarstjóra ríkisins, Jónu Björk Guðnadóttur og Friðgeir Sigurðsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Harald I. Birgisson frá Viðskiptaráði, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Einar Karl Haraldsson, Þórð H. Haraldsson, Pál Jóhannesson og Ernu Bryndísi Halldórsdóttur frá Fjárfestingarstofu, Evu Bryndísi Helgadóttur frá Lögmannafélagi Íslands og Garðar Valdimarsson frá Deloitte hf. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá skattstjóra Suðurlandsumdæmis, Ríkisendurskoðun, Deloitte hf., skattstjóra Norðurlandsumdæmis vestra, skattstjóra Vestfjarðaumdæmis, Seðlabanka Íslands, Viðskiptaráði Íslands, ríkisskattstjóra, Samtökum atvinnulífsins, KPMG Endurskoðun hf., skattrannsóknarstjóra ríkisins, Samtökum fjármálafyrirtækja, Félagi viðurkenndra bókara, Fjárfestingarstofu, tollstjóranum í Reykjavík, Lögmannafélagi Íslands og Persónuvernd.

Í eftirfarandi umfjöllun verður fjallað um helstu breytingar frumvarpsins þar sem lagt er til:

1. Að vaxtagreiðslur íslenskra skattaðila til aðila sem ekki hafa heimilisfesti hér á landi og bera því takmarkaða skattskyldu verði skattlagðar.
2. Að eftirgjöf skulda samkvæmt nauðasamningi um greiðsluaðlögun skuli ekki teljast til skattskyldra tekna.
3. Að heimilt verði að skattleggja tekjur félags sem heimilisfesti hefur á lágskattasvæði með tekjum íslensks skattaðila sem á eða fer með umráð yfir því félagi.
4. Að sjálfvirk upplýsingaskylda banka og fjármálafyrirtækja gagnvart skattyfirvöldum verði útvíkkuð frá því sem verið hefur frá samþykkt laga nr. 164/2008 og að hún taki til hvers kyns vaxtaberandi eigna og hvers kyns skulda.
5. Að íslensku móðurfélagi verði skylt að veita skattyfirvöldum upplýsingar um viðskipti erlendra dótturfélaga eða útibúa sinna sem varða íslenska skattaðila eða lögaðila í lágskattaríkjum.
6. Að aðilum sem veita alþjóðlega skattaráðgjöf verði skylt að halda skrá yfir viðskiptavini sína sem skattyfirvöldum sé heimill aðgangur að.

Skattlagning vaxtagreiðslna úr landi.

Á fundum nefndarinnar var um það rætt hvort skattlagning vaxta úr landi í samræmi við 1. gr. frumvarpsins væri almenn regla í skattalöggjöf í okkar heimshluta eins og haldið er fram í almennum athugasemdum frumvarpsins. Sumir töldu þvert á móti að þessi skattlagning væri undantekning. Fjármálaráðuneytið gaf þá skýringu að í ljósi tvísköttunarsamninga sem Ísland hefur gert væri óhætt að tala um almenna reglu í þessu sambandi.

Nefndin ræddi sjónarmið sem fram komu að skattlagning vaxtagreiðslna úr landi mundi torvelda aðgang innlendra fyrirtækja að erlendu lánsfé. Að fengnum upplýsingum frá fjármálaráðuneyti bendir nefndin á í þessu sambandi að vegna tvísköttunarsamninga sem Ísland

hefur gert megi ætla að erlendi lánveitandinn muni í flestum tilvikum ekki bera neinn íslenskan skatt.

Í tilefni af athugasemdum Samtaka fjármálafyrirtækja telur nefndin eðlilegt að almenn staðgreiðsla gildi um afdráttarskattinn eins og II. kafli frumvarpsins gerir ráð fyrir.

Nefndin ræddi almennt um þær röksemdir sem liggja að baki skattlagningu vaxtagreiðslna úr landi m.a. í ljósi þess að slíkum hugmyndum hafa stjórnvöld áður hafnað. Þá var rætt hvort ástæðulaust hefði verið að taka upp skattlagningu af þessum toga ef hér á landi giltu reglur um lágmarks eigið fé fyrirtækja. Nefndin vekur athygli á því að yfirlýstur tilgangur 1. gr. frumvarpsins er að draga úr undanskotum frá skatti, koma á meira jafnræði í skattframkvæmd og auka tekjur ríkissjóðs.

Eftirgjöf skulda.

Á fundum nefndarinnar kom fram almenn ánægja með að eftirgjöf skulda samkvæmt nauðasamningi um greiðsluaðlögun yrði skattfrjáls, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Hins vegar voru gerðar athugasemdir við þau ummæli í athugasemdum að 3. tölul. 28. gr. laga um tekjuskatt bæri að skilja samkvæmt orðanna hljóðan og á það bent að á liðnum árum hefði niðurfelling afskriftanefnda fjármálafyrirtækja ekki verið talin til skattskyldra tekna.

Að höfðu samráði við fjármálaráðuneyti og ríkisskattstjóra og í ljósi núverandi aðstæðna í efnahagsmálum leggur nefndin til að umrædd grein tekjuskattslaga verði skýrð nánar og að ráðherra fái heimild til að samræma matsferli skuldaeftirgjafar, þ.m.t. afskriftir afskriftanefnda fjármálafyrirtækja, þannig að uppfyllt séu skilyrði umræddrar undanþágu, í því tilviki þegar eignir eru ekki til fyrir skuldum.

CFC-löggjöf (Controlled Foreign Corporation).

Á fundum nefndarinnar var því hreyft að CFC-reglur frumvarpsins sem fram koma í 3. gr. væru ekki eins skýrar og vera ber og í ljósi þess hversu sérhæft og flókið svið skattaréttarins þær snertu hefði verið æskilegt að viðhafa meira samráð við atvinnulífið við gerð þeirra. Vísað var til þess að óljóst orðalag greinarinnar gerði íslenskum skattaðilum erfitt fyrir að meta hvaða fjárfestingar féllu þar undir og að huga þyrfti að því að beiting þeirra samrýmdist meðalhófi.

Í athugasemdum ríkisskattstjóra kemur fram að CFC-reglur séu mikilvægar í baráttunni við skattundanskot og þann feluleik sem viðgengst hefur í kringum eignarhald á íslenskum lögaðilum. Telur nefndin í því ljósi og, ekki síður, í skugga efnahagshruns, tímabært að þessar reglur verði lögfestar.

Nefndin bendir á að málefni tengd skattaskjólum hafa lengi verið til umfjöllunar, sbr. skýrslu um umfang skattsvika sem kynnt var á Alþingi árið 2004. Þá hafi komið fram að lögfesting þessara reglna sé í samræmi við þróun innan OECD-ríkja og byggist á norskri fyrirmynd sem falli vel að uppbyggingu tekjuskattslaganna.

Nefndin leggur til í ljósi athugasemda sem fram hafa komið að í reglugerð sem ráðherra setur á grundvelli lokamálsgreinar 3. gr. frumvarpsins verði m.a. tilgreind þau ríki og svæði sem greininni er ætlað að taka til og að nánar verði gerð grein fyrir hugtökunum eignarhald og stjórnunarleg yfirráð.

Sjálfvirk upplýsingaskylda.

Í tengslum við 5. gr. frumvarpsins komu fram athugasemdir þar sem áréttað var mikilvægi þess að upplýsingaskylda fjármálafyrirtækja væri ekki umfram það sem skattyfirvöld hefðu eðlilega eftirlitshagsmuni af. Samtök fjármálafyrirtækja tóku jafnframt fram að upplýsingar sem fyrirtækin búa yfir um viðskiptamenn sína væru viðkvæmar persónuupplýsingar sem almennt væri talið að væru bundnar þagnarskyldu starfsmanna, sbr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Nefndin bendir á að Persónuvernd hafi talið að 5. gr. frumvarpsins ætti við gild rök að styðjast en lagt jafnframt til, að gættum sjónarmiðum um friðhelgi einkalífs, að ákvæðinu yrði markaður gildistími til þriggja ára.

Nefndin vekur athygli á því að í áliti frá 18. desember sl. hafnaði efnahags- og skattanefnd að láta sjálfvirka upplýsingaskyldu eiga við um upplýsingar um skuldir og hvers konar sjóðsreikninga, sbr. lög nr. 164/2008. Nefndin telur nú að hagsmunir skattyfirvalda af umræddri upplýsingaskyldu séu ótvíræðir en tilgangur hennar er að stuðla að bættum framtalsskilum og gera skatteftirlit virkara. Einnig má gera ráð fyrir að þessi grein eins og aðrar reglur frumvarpsins um upplýsingamiðlun auðveldi rannsókn á bankahruninu.

Upplýsingaskylda íslensks móðurfélags.

Fram komu athugasemdir um að a-liður 6. gr. frumvarpsins sem varðar upplýsingaskyldu móðurfélags gæti skarast á við löggjöf í heimaríki þess dótturfélags sem hlut ætti að máli. Fjármálaráðuneytið færði þau rök fyrir ákvæðinu að móðurfélög væru ráðandi um starfsemi dótturfélaga sinna og gætu þar af leiðandi ráðið því hvernig miðlun upplýsinga væri háttað þeirra á milli. Til að hægt væri að afla upplýsinga um viðskipti íslenskra aðila við útibú íslenskra fjármálafyrirtækja þyrfti ákvæðið að vera í lögum. Skoða þyrfti í hverju tilviki fyrir sig hvort þetta ákvæði færi í bága við löggjöf í ríki dótturfélagsins.

Upplýsingaskylda aðila sem veita skattaráðgjöf.

Fram komu athugasemdir um að b-liður 6. gr. frumvarpsins væri ósamrýmanlegur þeim trúnaðarskyldum sem aðilar sem undir ákvæðið heyra bera gagnvart viðskiptavinum sínum. Þá var vísað til þess að aðilar sem krafnir væru upplýsinga af skattyfirvöldum ættu lögvarinn rétt til að bera faglegan ágreining undir dómstóla, sbr. 4. mgr. 94. gr. laga um tekjuskatt. Einnig kom fram að trúnaðarskyldan væri grundvöllur í viðskiptum endurskoðenda, lögmanna og fjármálafyrirtækja og því gæti ákvæðið orðið til þess að fyrirtæki sem veita hér alþjóðlega skattaráðgjöf flyttust úr landi.

Í umsögn skattrannsóknarstjóra kemur fram að við rannsókn ætlaðra refsiverðra brota hafi embættinu verið neitað um afhendingu gagna og upplýsinga, t.a.m. af hálfu endurskoðenda og lögmanna. Nefndin bendir jafnframt á að upplýsingaskylda b-liðar 6. gr. sé skýrt afmörkuð og að baki henni búi ríkir almannahagsmunir sem gangi framar ákvæðum um trúnaðar- og þagnarskyldu umræddra stétta.

Að lokum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvæði þess um upplýsingaskyldu og upplýsingagjöf komi þegar til framkvæmda sem hafa mun þýðingu við rannsókn bankahrunsins. Þau ákvæði sem varða skattskyldu sem ekki var áður fyrir hendi koma til framkvæmda síðar að teknu tilliti til sjónarmiða um afturvirkni laga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:
   a. Á eftir orðinu „Eignaauki“ í 3. tölul. kemur: eða aukning ráðstöfunartekna.
   b. Við 3. tölul. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hið sama á við um eftirgefnar skuldir sem mælt er fyrir um í nauðasamningi til greiðsluaðlögunar skv. X. kafla a í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með áorðnum breytingum, eða á annan fullnægjandi hátt er sannað að eignir eru ekki til fyrir, að uppfylltum skilyrðum samkvæmt reglugerð sem fjármálaráðherra setur um hlutlægt mat á forsendum eftirgjafar, skilyrði þess að eftirgjöf teljist ekki til tekna, upplýsingagjöf skv. 92. gr. o.fl.
2. Við 3. gr. Við lokamálsgrein greinarinnar bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra skal birta lista yfir þau lönd og svæði sem skattlagning samkvæmt þessari grein tekur til.
3. Við bætist ný grein, er verði 5. gr., svohljóðandi:
   Í stað orðanna „5.–8. tölul.“ í 3. mgr. 75. gr. laganna kemur: 5.–9. tölul.
4. Við 11. gr. Á eftir orðinu „Ákvæði“ í 4. mgr. komi: 5.

Pétur H. Blöndal og Ólöf Nordal skrifa undir álitið með fyrirvara.
Gunnar Svavarsson og Ragnheiður E. Árnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og styður álitið.

Alþingi, 24. mars 2009.

Björgvin G. Sigurðsson, form., frsm.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Ellert B. Schram.
Árni Þór Sigurðsson.	Jón Bjarnason.	Ólöf Nordal, með fyrirvara.

Helga Sigrún Harðardóttir.

805. Breytingartillaga [385. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Frá Helga Hjörvar, Atla Gíslasyni, Birki J. Jónssyni,
Ármanni Kr. Ólafssyni og Grétari Mar Jónssyni.

Við bætist ný grein er verði 1. gr., svohljóðandi:
Á eftir orðinu „ætternis“ í 1. mgr. 65. gr. laganna kemur: fötlunar.

Greinargerð.

Jafnræðisreglan er skýrt orðuð í alþjóðlegum mannréttindasamningum sem Ísland er aðili að. Hún er afdráttarlaust orðuð í 26. gr. alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Hún er einnig orðuð í 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem veitt var lagagildi með lögum nr. 62 frá 19. maí 1994, en í lögunum ber ákvæðið fyrirsögnina: „Bann við mismunun“.

Í 65. gr. stjórnarskrárinnar eru talin upp sérstaklega nokkur atriði sem óheimilt er að byggja mismunun á. Upptalningin tekur að miklu leyti mið af orðalagi fyrrnefndra greina.

Frá því að hinu mikilvæga ákvæði um jafnræðisregluna var bætt inn í stjórnarskrána hefur komið fram nýr alþjóðasamningur, um réttindi fólks með fötlun. Markmið þessa samnings er að útfæra jafnræðisregluna með ítarlegri hætti en áður hefur verið gert í tengslum við fatlaða, sem eru einn sá hópur sem sérstaklega þykir hætta á að geti sætt mismunun.

Af þessum sökum þykir einnig rétt að fötluðum verði sérstaklega bætt við upptalningu 65. gr. stjórnarskrárinnar, enda er þeim nú ætluð sérstök vernd að alþjóðalögum. Sérstaklega er í þessu sambandi bent á alþjóðasamning um réttindi fólks með fötlun, sem undirritaður var af Íslands hálfu 30. mars 2007 og tók gildi 3. maí 2008. 137 þjóðir hafa nú undirritað samninginn og 81 þjóð valfrjálsa bókun við hann. Þessi samningur er mannréttindasáttmáli líkt og barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, en hann skýrir réttarstöðu fatlaðra og kveður á um rétt þeirra til að standa jafnfætis öðrum.

Nú liggur fyrir íslensk þýðing á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun (http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Samningur_fatladra.pdf) og valfrjálsu bókuninni við hann (http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Samningur_fatladra_-_valfrjals_bokun.pdf). Unnið er að fullgildingu samningsins hér á landi þar sem m.a. er kannað hvort lög og reglugerðir hér á landi uppfylli kröfur sem lagðar eru á þau ríki sem fullgilda hann.

806. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur ráðuneytisstjóra, Unni Gunnarsdóttur og Ólaf Pál Vignisson frá samgönguráðuneyti, Friðrik Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Guðjón Ármann Einarsson frá Félagi skipstjórnarmanna, Dagmar Sigurðardóttur og Ásgrím Ásgrímsson frá Landhelgisgæslunni, Finn Jónsson frá Sumarbyggð, Elías Guðmundsson frá Hvíldarkletti og Gunnar Val Sveinsson frá Samtökum ferðaþjónustu.

Umsagnir bárust frá Félagi skipstjórnarmanna, Landhelgisgæslunni, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Siglingastofnun Íslands og Ferðamálastofu.

Tilgangur frumvarpsins er að efla öryggi og setja reglur um frístundafiskiskip. Lagt er til að frístundafiskiskip verði sérstaklega skilgreind í lögunum auk þess sem gerðar eru ákveðnar kröfur um hæfi þeirra sem stjórna slíkum skipum og ber eigandi frístundafiskiskips ábyrgð á því að stjórnendur hafi fullnægjandi réttindi á skipið. Loks er lagt til að ráðherra hafi heimild til að setja nánari reglur um frístundafiskiskip í reglugerð.

Það kom fram á fundum nefndarinnar að þau skip sem notuð eru við frístundaveiðar falla flest í þann flokk að krafist er 30 tonna réttinda til að stjórna þeim. Einnig kom fram að ef gerðar verða kröfur um slík réttindi af stjórnendum frístundafiskiskipa verður grundvellinum kippt undan fyrirtækjum sem stunda þann atvinnurekstur að leigja út fiskiskip til ferðamanna. Þessi fyrirtæki eru flest lítil sprotafyrirtæki á landsbyggðinni og telur nefndin mikilvægt að styðja við atvinnusköpun og uppbyggingu í ljósi erfiðra aðstæðna í efnahagslífi þjóðarinnar.

Gerðar voru athugasemdir þar sem bent var á nauðsyn þess að tryggja jafnræði milli sjófarenda hvort heldur sem um er að ræða veiðar í atvinnuskyni eða frístundaveiðar og mikilvægi þess að ekki sé dregið úr kröfum. Nefndin bendir á að málefni frístundaveiða hafa verið í ólestri frá upphafi veiðanna árið 2005 og hefur verið litið svo á að þar sem um frístundaiðju sé að ræða þurfi engin tilskilin réttindi til að stjórna frístundafiskiskipi. Nefndin vekur því athygli á að með frumvarpi þessu er verið að lögfesta hæfisreglur fyrir stjórnendur frístundafiskiskipa þar sem gerðar eru ríkari kröfur til aðila en áður, auk þess sem settur er lagarammi utan um þessa starfsemi, sem hingað til hafa staðið fyrir utan kerfið.

Í ljósi þessa telur nefndin frumvarpið vera skref í rétta átt og mikilvægt að það verði að lögum sem fyrst þannig að lagaramminn sé fyrir hendi þegar veiðitímabil frístundaskipanna hefst. Nefndin hvetur þó til áframhaldandi vinnu að þessum málum, og beinir því til ráðuneytis að regluverk þetta verði tekið til endurskoðunar sem fyrst með öryggi og jafnræði sjófarenda að leiðarljósi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt.**

Karl V. Matthíasson, Árni Þór Sigurðsson, Árni Johnsen og Guðjón A. Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. mars 2009.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Björgvin G. Sigurðsson.	Helga Sigrún Harðardóttir.
Sturla Böðvarsson.		Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

807. Frumvarp til laga [322. mál]

um breytingu á lögum um aðför, nr. 90/1989, lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

(Eftir 2. umr., 25. mars.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um aðför, nr. 90/1989, með síðari breytingum.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. og 1. málsl. 8. gr. skal þargreindur aðfararfrestur frá gildistöku laga þessara til 1. janúar 2010 vera fjörutíu dagar í stað fimmtán daga.

II. KAFLI

Breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum.

2. gr.

Á eftir 1. málsl. 2. mgr. 21. gr. laganna kemur nýr málsliður sem orðast svo: Skal sýslumaður meðal annars leiðbeina gerðarþola sérstaklega um þann kost að ráðstafa megi eign með nauðungarsölu á almennum markaði.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Frá gildistöku laga þessara ber sýslumanni að verða við ósk gerðarþola um að fresta fram yfir 31. október 2009 töku ákvörðunar um byrjun uppboðs eða ráðstöfun eignar á almennum markaði ef leitað er nauðungarsölu á grundvelli 6. gr. á fasteign þar sem gerðarþoli heldur heimili og hefur skráð lögheimili, enda sé um að ræða húsnæði sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda. Hafi þegar verið ákveðin ráðstöfun slíkrar fasteignar til fullnustu kröfu skv. 6. gr. við byrjun uppboðs eða framhald þess eða á almennum markaði en uppboði hefur ekki verið lokið eða boð á almennum markaði samþykkt í eign skal sýslumaður verða við ósk gerðarþola um að fresta þeim aðgerðum fram yfir 31. október 2009.

Verði nauðungarsölu frestað samkvæmt því sem segir í 1. mgr. skulu kröfur, aðrar en skattkröfur, sem trygging er fyrir í viðkomandi eign og tilheyra ríkinu eða stofnun eða fjár-

málafyrirtæki í eigu þess, aðeins bera þá vexti fram til 1. nóvember 2009 sem þær hefðu ella borið ef ekki hefði komið til vanskila á þeim.

Tímabil sem nauðungarsölu er frestað skv. 1. mgr. skal undanskilið þeim fresti sem um ræðir í 2. mgr. 27. gr.

III. KAFLI

Breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum.

4. gr.

3. mgr. 70. gr. laganna orðast svo:

Ef skuldarinn sækir þing skal héraðsdómari leiðbeina honum um þau úrræði sem kveðið er á um í 3. þætti. Ef skuldari og lánardrottinn sem krefst skipta á búi hans æskja þess má dómari verða við sameiginlegri beiðni þeirra um að fresta meðferð kröfunnar. Slíka fresti má ekki veita til lengri tíma en samtals eins mánaðar nema skuldari sé einstaklingur sem ekki stundar atvinnurekstur, en fresturinn má þá lengstur verða samtals þrír mánuðir.

5. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 87. gr. getur skiptastjóri með samþykki veðhafa heimilað skuldara að búa áfram í húsnæði í eigu búsins í allt að tólf mánuði. Fyrir þau afnot skal hann greiða leigu sem nemur a.m.k. þeim kostnaði sem er af eigninni, en það sem umfram er gengur til greiðslu krafna sem tryggðar eru með veði í eigninni. Heimild þessi fellur niður 1. mars 2010, en ákvörðun sem skiptastjóri hefur tekið fyrir þann dag stendur til loka þess tíma sem ákveðinn var.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

6. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laganna skulu dráttarvextir sem leggjast á skattkröfur nema fimmtán hundraðshlutum á ársgrundvelli, þó aldrei hærri en almennir dráttarvextir, frá og með 1. apríl til og með 31. desember 2009.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

808. Lög [322. mál]

um breytingu á lögum um aðför, nr. 90/1989, lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

(Afgreidd frá Alþingi 25. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 807.

809. Frumvarp til laga [393. mál]

um breyting á lögum nr. 135 11. desember 2008, um embætti sérstaks saksóknara.

(Eftir 2. umr., 25. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað 3. málsl. 2. mgr. koma fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sé þess óskað skulu þessar stofnanir, svo og skilanefndir og aðrir sem vinna að greiðslustöðvun, nauðasamningi, slitum eða gjaldþrotaskiptum fjármálafyrirtækja, láta hinum sérstaka saksóknara í té upplýsingar um stöðu annarra mála en greinir í 1. málsl. og gögn sem þessir aðilar hafa undir höndum og hinn sérstaki saksóknari telur að hafi þýðingu við rannsókn sakamáls eða ákvarðanatöku um hvort rétt sé að hefja slíka rannsókn. Sama skylda hvílir á þeim fjármálafyrirtækjum sem stofnuð voru um hluta af rekstri framangreindra fjármálafyrirtækja á grundvelli 5. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Með gögnum er meðal annars átt við skýrslur, minnisblöð, bókanir og samninga. Skylt er að verða við kröfu hins sérstaka saksóknara um að láta í té upplýsingar eða gögn þótt þau séu háð þagnarskyldu, t.d. samkvæmt reglum um starfsemi fjármálafyrirtækja, og er slík afhending óháð því hvort meint brot hafi verið kærð til lögreglu.

b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ef skilanefnd, aðstoðarmaður við greiðslustöðvun, umsjónarmaður með nauðasamningi, bráðabirgðastjórn, slitastjórn við slitameðferð eða skiptastjóri fjármálafyrirtækis fær vitneskju í starfi sínu um atvik sem talið er að geti gefið tilefni til rökstudds gruns um að fjármálafyrirtæki eða aðrir kunni að hafa gerst sekir um refsivert athæfi skal tilkynningu um slíkt beint til embættisins í samræmi við ákvæði þetta.

2. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ekki er skylt að fylgja 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, við ráðningu þess.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

810. Frumvarp til laga [362. mál]

um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 25. mars.)

1. gr.

Við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Umhverfisstofnun skal halda námskeið í landvörslu í samræmi við reglugerð umhverfisráðherra, sbr. 2. mgr. Umhverfisstofnun er heimilt að taka gjald fyrir námskeið í landvörslu og próftöku sem þátttakendur greiða. Upphæð gjalds má ekki vera hærri en sá kostnaður sem hlýst af námskeiðshaldi og vinnu vegna próftöku. Ráðherra setur gjaldskrá að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

811. Frumvarp til laga [123. mál]

um breytingu á lögum nr. 110/2000, um lífsýnasöfn, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 25. mars.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætast fimm nýir töluliðir sem verða 2., 3., 4., 6. og 7. tölul. og breytist númeraröð annarra töluliða í samræmi við það:

2. *Persónugreinanlegt lífsýni:* Sýni sem unnt er að rekja beint eða óbeint til lífsýnisgjafa.
3. *Vísindasýni:* Lífsýni sem aflað er í vísindalegum tilgangi.
4. *Þjónustusýni:* Lífsýni sem tekin eru vegna heilbrigðisþjónustu við einstaklinginn.
6. *Lífsýnasafn vísindasýna:* Safn vísindasýna sem varðveita skal lengur en fimm ár.
7. *Lífsýnasafn þjónustusýna:* Safn þjónustusýna sem varðveita skal lengur en fimm ár.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 5. gr. laganna:

a. Á eftir 7. tölul. kemur nýr töluliður sem orðast svo: Séu bæði vísindasýni og þjónustusýni í sama lífsýnasafni skulu þau vera skýrt aðgreind og merkt þannig að tryggt sé að varsla, meðferð og nýting þeirra sé í samræmi við ákvæði laganna og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru á grundvelli þeirra.
b. Í stað orðanna „sem Persónuvernd setur“ í 8. tölul., sem verður 9. tölul., kemur: Persónuverndar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „lífsýnasafni“ í 1. og 2. málsl. 1. mgr. kemur: lífsýnasafni vísindasýna.
b. Í stað orðsins „lífsýnasafni“ í 3. mgr. og 1. málsl. 4. mgr. kemur: lífsýnasafni þjónustusýna.
c. Í stað orðanna „4. mgr. 9. gr.“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: 5. mgr. 9. gr.
d. Á eftir orðunum „varðað öll“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: persónugreinanleg.
e. Í stað 6. málsl. 4. mgr. koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Landlæknir skal halda dulkóðaða skrá um einstaklinga sem lagt hafa bann við notkun lífsýna úr þjónusturannsóknum til vísindarannsókna og við vistun þeirra í lífsýnasafni vísindasýna. Skráin skal vera aðgengileg ábyrgðarmönnum lífsýnasafna og skulu þeir tryggja að vilji einstaklingsins sé virtur.

4. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Lífsýni skulu tryggilega geymd og merkt. Vísindasýni skulu varðveitt án persónuauðkenna og skulu tengsl lífsýna við persónuauðkenni vera í samræmi við reglur Persónuverndar.

5. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. og orðast svo:

Þegar veittur er aðgangur að þjónustusýnum til vísindarannsókna skulu þau afhent án persónuauðkenna. Í undantekningartilvikum er heimilt, með leyfi Persónuverndar, að afhenda lífsýni með persónuauðkennum. Tengsl lífsýna við persónuauðkenni skulu vera í samræmi við reglur Persónuverndar.

6. gr.

Orðið „og“ á eftir orðinu „Persónuverndar“ í síðari málslið 3. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Vísindasiðanefnd hefur eftirlit með starfsemi lífsýnasafna vísindasýna. Landlæknir hefur eftirlit með starfsemi lífsýnasafna þjónustusýna. Um eftirlit landlæknis fer samkvæmt lögum um landlækni.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

812. Frumvarp til laga [397. mál]

um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 25. mars.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Við 2. tölul. bætist: og yfirtöku starfandi einkaleyfisveitna á einkahitaveitum.
b. Við bætist nýr töluliður sem orðast svo: Greiðslu styrkja vegna umhverfisvænnar orkuöflunar og/eða aðgerða sem leiða til bættrar orkunýtingar við húshitun.

2. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Með vistvænni orkuöflun er í lögum þessum átt við hagkvæma nýtingu endurnýjanlegra orkulinda til húshitunar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Í samræmi við fjárhæð niðurgreiðslna sem samþykkt er í fjárlögum viðkomandi árs skal iðnaðarráðherra ár hvert ákveða upphæð niðurgreiðslna á raforku í kr./kWst, á vatni frá kyntum hitaveitum í kr./kWst eða kr./m^3 og á olíu í kr./l fyrir hverja dreifiveitu rafmagns, hitaveitu eða virkjun. Miða skal upphæð niðurgreiðslna á olíu við að kostnaður notenda verði svipaður við olíuhitun og þar sem hann er dýrastur með rafhitun.

b. Lokamálsliður 2. mgr. fellur brott.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Niðurgreiðslur til notenda sem hljóta styrk vegna umhverfisvænnar orkuöflunar og/eða aðgerða sem leiða til bættrar orkunýtingar við húshitun skulu skerðast í samræmi við þau markmið um orkusparnað sem samið er um milli notanda og Orkustofnunar.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Til íbúðareigenda sem vilja taka upp umhverfisvæna orkuöflun og/eða ráðast í aðgerðir sem leiða til bættrar orkunýtingar við húshitun.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Skilyrði styrkja vegna stofnunar nýrra hitaveitna, umhverfisvænnar orkuöflunar og bættrar orkunýtingar.*

5. gr.

Á eftir 3. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Styrkir á grundvelli 4. tölul. 11. gr. skulu jafngilda átta ára áætluðum niðurgreiðslum sem lækka í réttu hlutfalli við orkusparnað tengdan umhverfisvænni orkuöflun og/eða aðgerðum sem leiða til bættrar orkunýtingar við húshitun.

6. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Umsóknir um styrki skulu sendar Orkustofnun. Umsóknum skulu eftir atvikum fylgja upplýsingar um umsækjanda, fyrirhugaðar framkvæmdir, ráðstöfun styrks og önnur atriði sem máli skipta varðandi afgreiðslu styrkumsóknar. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um styrkumsóknir.

7. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Styrkir á grundvelli 4. tölul. 11. gr. greiðast íbúðareiganda samkvæmt nánara samkomulagi milli Orkustofnunar og íbúðareiganda.

8. gr.

Fyrirsögn III. kafla laganna verður: **Stofnun nýrra hitaveitna, umhverfisvæn orkuöflun og bætt orkunýting.**

9. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „1%“ í 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: 3%.

10. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Iðnaðarráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd laga þessara, m.a. um útreikning niðurgreiðslna, íbúðarflokka, úthlutun styrkja til nýrra hitaveitna vegna yfirtöku starfandi einkaleyfisveitna á einkahitaveitum, úthlutun styrkja vegna umhverfisvænnar orkuöflunar til húshitunar sem leiðir til lækkunar á orkuþörf til hitunar og eftirlit. Þá skal ráðherra í reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag styrkja vegna endurbóta á húsnæði.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

813. Frumvarp til laga [335. mál]

um visthönnun vöru sem notar orku.

(Eftir 2. umr., 25. mars.)

1. gr.

Markmið.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að visthönnun vöru sem notar orku með það að markmiði að efla hönnun, framleiðslu, markaðssetningu og notkun á vörum sem eru umhverfisvænar, með minni orkunotkun og umhverfisálag að leiðarljósi.

2. gr.
Gildissvið.

Í lögum þessum er að finna grunnkröfur sem vörur sem nota orku skulu uppfylla svo að setja megi þær á markað og taka í notkun. Ef ekki er annað tekið fram er með hugtakinu vara í lögum þessum eingöngu átt við vöru sem notar orku, sbr. skilgreiningu í 3. gr.

Lögin taka til nýrrar vöru og íhluta og undireininga hennar, sem nýta orku, og flutt er inn, tekin í notkun eða framleidd hér á landi eftir gildistöku laga þessara.

Lögin taka ekki til farartækja eða vöru sem notar orku og hefur þegar verið tekin til notkunar.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér segir:

a. *Vara sem notar orku:* Vara sem, þegar henni hefur verið komið á markað og/eða hún tekin í notkun, nýtir orku (rafmagn, jarðefnaeldsneyti eða endurnýjanlega orkugjafa) til að virka sem skyldi eða vara til flutnings og mælingar á slíkri orku, þ.m.t. hlutir, sem nýta orku og ætlunin er að setja í vöru sem notar orku og fellur undir lög þessi, sem eru settir á markað og/eða teknir í notkun sem stakir hlutir fyrir notendur og unnt er að meta sérstaklega að því er varðar vistvænleika.
b. *Íhlutir og undireiningar:* Hlutir sem ætlunin er að setja í vörur sem nota orku, en eru ekki settir á markað og/eða teknir í notkun sem stakir hlutir fyrir notendur eða ekki er unnt að meta sérstaklega að því er varðar vistvænleika.
c. *Framleiðandi:* Einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir vörur sem falla undir þessi lög og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við þessi lög með tilliti til þess að setja þær á markað og/eða taka þær í notkun undir eigin nafni framleiðanda eða vörumerki eða til eigin notkunar framleiðanda. Ef framleiðandi eða innflytjandi er ekki til staðar skal hver einstaklingur eða lögaðili sem setur á markað og/eða tekur í notkun vörur sem falla undir lög þessi teljast framleiðandi.
d. *Viðurkenndur fulltrúi:* Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á EES-svæðinu sem hefur skriflegt umboð frá framleiðanda til að uppfylla, að öllu leyti eða að hluta til, skuldbindingar og formsatriði fyrir hans hönd að því er varðar lög þessi.
e. *Innflytjandi:* Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á EES-svæðinu sem setur vöru frá þriðja landi á markað á EES-svæðinu sem lið í starfsemi sinni.
f. *Vistferill:* Samfelld og samtengd stig á ferli vöru frá notkun sem hráefni til endanlegrar förgunar.
g. *Visthönnun:* Að fella umhverfisþætti inn í vöruhönnun í því skyni að bæta vistvænleika vöru allan vistferil hennar.

4. gr.
Orkunýtnikröfur.

Eingöngu er heimilt að setja á markað vöru sem uppfyllir reglur um orkunýtni og umhverfisálag samkvæmt lögum þessum og reglum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra og:

a. farið hefur fram mat á því hvort varan eða hluti hennar sé í samræmi við kröfur laga þessara eða reglna sem settar hafa verið á grundvelli þeirra,

b. lögð hefur verið fram samræmisyfirlýsing þess efnis að varan uppfylli þær kröfur sem gerðar eru, og
c. varan eða hluti hennar er merktur CE-samræmismerkingu.

Óheimilt er að banna markaðssetningu vöru sem uppfyllir kröfur um orkunýtni og umhverfisálag samkvæmt lögum þessum og reglum sem settar hafa verið, enda uppfylli hún skilyrði annarra laga og reglna.

Ef vara telst uppfylla orkunýtnikröfur annars EES-lands verður hún talin uppfylla orkunýtnikröfur hérlendis. Í reglum sem Neytendastofa setur skal birtur listi yfir samræmda evrópska staðla sem samþykktir hafa verið og gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

5. gr.

Samræmisyfirlýsingar.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal gefa út samræmisyfirlýsingu sem tryggir að vara samrýmist reglugerðum settum á grundvelli laga þessara.

6. gr.

Samræmismat.

Framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans er skylt að tryggja að samræmismat vöru hafi farið fram áður en vara er flutt inn eða markaðssett.

Framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans er skylt að geyma samræmismat sem hefur verið framkvæmt og útgefnar samræmisyfirlýsingar í að minnsta kosti 10 ár eftir að framleiðslu vöru lýkur. Berist framleiðanda eða fulltrúa hans beiðni um gögn þar að lútandi frá Neytendastofu skulu þau gerð aðgengileg innan 10 daga frá viðtöku beiðninnar.

7. gr.

Samræmismerkingar.

Vara skal bera CE-samræmismerki, sem samansett er af upphafsstöfunum „CE“, áður en hún er sett á markað.

Ef vara ber nú þegar CE-samræmismerki skal litið svo á að samræmismerkið sé staðfesting á því að hún fullnægi kröfum sem gerðar eru í lögum þessum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra að þessu leyti.

Að öðru leyti fer um samræmismerkingar og samræmismat samkvæmt lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og reglum settum á grundvelli þeirra.

8. gr.

Ábyrgð framleiðanda, fulltrúa hans eða innflytjanda.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans, sem flytur inn vörur, ber ábyrgð á að vörur hans uppfylli orkunýtnikröfur samkvæmt lögum þessum og reglum sem settar hafa verið.

Ef hvorki framleiðandi né viðurkenndur fulltrúi hans er staðsettur innan EES-svæðisins ber innflytjandi ábyrgð á því að markaðssettar vörur séu í samræmi við orkunýtnikröfur sem gerðar hafa verið. Innflytjandi ber einnig ábyrgð á því að samræmisyfirlýsing og tæknilegar upplýsingar séu aðgengilegar eins og gert er ráð fyrir í lögum þessum eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra.

9. gr.

Upplýsingaskylda framleiðanda og seljanda.

Framleiðandi skal tryggja að neytendur fái upplýsingar um umhverfiseiginleika og afköst vöru sem notar orku og ráðleggja þeim hvernig skuli nota vöruna á umhverfisvænan hátt.

10. gr.

Eftirlit.

Iðnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Eftirlit og dagleg stjórnsýsla á því sviði sem lögin ná til skal þó vera í höndum Neytendastofu. Neytendastofa tekur við tilkynningum um vörur sem ekki eru í samræmi við kröfur laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim og annast samskipti vegna þeirra við önnur eftirlitsstjórnvöld á Evrópska efnahagssvæðinu.

Við framkvæmd eftirlits skal að öðru leyti farið eftir lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eftir því sem við á.

11. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum sem renna í ríkissjóð. Um meðferð slíkra mála fer að hætti opinberra mála.

12. gr.

Reglugerðarheimildir.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja reglugerðir um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal reglur um hvaða vörur falli innan gildissviðs laganna, hvaða flokkar vöru sem notar orku þurfi að uppfylla kröfur um orkunýtni og hvaða kröfur vara þurfi að uppfylla. Einnig er ráðherra heimilt að kveða nánar á um upplýsingaskyldu framleiðanda og/eða innflytjanda í reglugerð.

Þá er ráðherra heimilt að kveða í reglugerð nánar á um önnur atriði er varða framkvæmd laganna, svo sem varðandi samræmismat, -merkingar og -yfirlýsingar.

13. gr.

Innleiðing tilskipunar.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB frá 6. júlí 2005 um ramma til að setja fram kröfur um visthönnun vöru að því er varðar vörur sem nota orku og um breytingu á tilskipun ráðsins 92/42/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB og 2000/55/EB eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2007 sem birt var 28. september 2007 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44/2006, ásamt frekari tilskipunum sem innleiddar verða með reglugerðum samkvæmt heimild í lögum þessum.

14. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 51/2000, um orkunýtnikröfur. Reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga halda gildi sínu með þeim breytingum sem leiðir af lögum þessum.

814. Frumvarp til laga [125. mál]

um ábyrgðarmenn.

(Eftir 2. umr., 25. mars.)

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og framsal.

1. gr.

Markmið þessara laga er að setja reglur um ábyrgðir einstaklinga, draga úr vægi ábyrgða og að stuðla að því að lánveitingar verði miðaðar við greiðslugetu lántaka og hans eigin tryggingar.

2. gr.

Lög þessi gilda um lánveitingar stofnana og fyrirtækja þar sem ábyrgðarmaður gengst í ábyrgð til tryggingar efndum lántaka. Stofnanir og fyrirtæki geta m.a. verið viðskiptabankar, sparisjóðir, greiðslukortafyrirtæki, lánafyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, vátryggingafélög, lífeyrissjóðir, Íbúðalánasjóður og Lánasjóður íslenskra námsmanna.

Með ábyrgðarmanni er átt við einstakling sem gengst persónulega í ábyrgð eða veðsetur tilgreinda eign sína til tryggingar efndum lántaka enda sé ábyrgðin ekki í þágu atvinnurekstrar ábyrgðarmanns eða í þágu fjárhagslegs ávinnings hans.

Persónuleg ábyrgð er annaðhvort einföld ábyrgð eða sjálfskuldarábyrgð. Sé í ábyrgðarsamningi ekkert tekið fram um hvers konar ábyrgð sé að ræða skal hún álitin einföld.

Viðskiptaráðherra er heimilt með reglugerð að undanskilja tiltekin form ábyrgða gildissviði laganna.

3. gr.

Lánveitandi skal tilkynna ábyrgðarmanni um framsal réttinda sem reist eru á ábyrgðinni eða láni því sem ábyrgðin stendur til tryggingar á.

Lög þessi gilda um framsalshafa eftir því sem við á.

II. KAFLI
Stofnun, efni og form ábyrgðarsamninga.

4. gr.

Lánveitandi skal meta hæfi lántaka til að standa í skilum með lán þar sem ábyrgðarmaður gengst í ábyrgð til tryggingar efndum lántaka. Greiðslumat skal byggt á viðurkenndum viðmiðum. Viðskiptaráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd greiðslumats.

Lánveitandi skal með skriflegum hætti ráða ábyrgðarmanni frá því að gangast í ábyrgð ef greiðslumat bendir til þess að lántaki geti ekki efnt skuldbindingar sínar.

Með sama hætti skal lánveitandi ráða ábyrgðarmanni frá því að undirgangast ábyrgð ef aðstæður ábyrgðarmanns gefa tilefni til.

5. gr.

Fyrir gerð ábyrgðarsamnings skal lánveitandi upplýsa ábyrgðarmann skriflega um þá áhættu sem ábyrgð er samfara. Í því felst meðal annars að veita upplýsingar um:

a. almennar reglur sem um ábyrgðir gilda, þ.m.t. um muninn á sjálfskuldarábyrgð og einfaldri ábyrgð,
b. greiðslugetu lántaka,
c. lán það sem ábyrgð er ætlað að tryggja,
d. gildistíma ábyrgðar,
e. höfuðstól ábyrgðar, hlutfall eða hámarksfjárhæð sem henni er ætlað að tryggja,
f. hvort ábyrgð standi til tryggingar innheimtukostnaði og hvernig hann er reiknaður út,
g. tryggingar sem lántaki hefur útvegað hjá öðrum en ábyrgðarmanni og virði þeirra,
h. hvort ábyrgðarmaður geti orðið sér úti um ábyrgðartryggingu í stað ábyrgðar,
i. leiðir sem ábyrgðarmanni standa til boða til að fá leyst úr ágreiningi vegna ábyrgðar.

Ábyrgðarmaður á rétt á að fá afhent eintak af ábyrgðarsamningi og lánssamningi sem ábyrgðin stendur til tryggingar á áður en hann gengst undir ábyrgð.

6. gr.

Ábyrgðarsamningur skal vera skriflegur. Í honum skal getið þeirra upplýsinga sem nefndar eru í 5. gr. og skoðast þær sem hluti samningsins.

Lánveitandi getur ekki einhliða breytt skilmálum ábyrgðarsamnings, þ.m.t. lánssamnings, ábyrgðarmanni í óhag. Ákvæði þetta gildir þó ekki um breytingar á vöxtum eða eðlilegum kostnaðarliðum sem lánveitandi hefur rétt til að breyta samkvæmt lánssamningi sem ábyrgð stendur í tengslum við.

III. KAFLI
Réttarsamband lánveitanda og ábyrgðarmanns.

7. gr.

Lánveitandi skal senda ábyrgðarmanni tilkynningu skriflega svo fljótt sem kostur er:
a. um vanefndir lántaka,
b. ef veð eða aðrar tryggingar eru ekki lengur tiltækar,
c. um andlát lántaka eða að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta,
d. eftir hver áramót með upplýsingum um stöðu láns sem ábyrgð stendur fyrir og yfirliti yfir ábyrgðir.

Ábyrgðarmaður skal vera skaðlaus af vanrækslu lánveitanda á tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. og ef vanræksla er veruleg skal ábyrgð falla niður.

Ábyrgðarmaður verður ekki krafinn um greiðslur á dráttarvöxtum eða öðrum innheimtukostnaði lántaka sem fellur til eftir gjalddaga nema liðnar séu tvær vikur frá því að ábyrgðarmanni var sannanlega gefinn kostur á að greiða gjaldfallna afborgun.

Lánveitandi getur ekki þannig að gildi hafi gagnvart ábyrgðarmanni gjaldfellt lán í heild sinni nema ábyrgðarmanni hafi áður verið gefinn kostur á að greiða gjaldfallnar afborganir lánsins.

8. gr.

Ekki verður gerð aðför í fasteign þar sem ábyrgðarmaður býr eða fjölskylda hans ef krafa á rót sína að rekja til persónulegrar ábyrgðar.

Lánveitandi getur ekki krafist gjaldþrotaskipta á búi ábyrgðarmanns ef krafa hans á rót sína að rekja til persónulegrar ábyrgðar nema hann geri sennilegt að um sviksamlegt undanskot eigna ábyrgðarmanns hafi verið að ræða.

IV. KAFLI
Takmarkanir á ábyrgð.
9. gr.

Hafi lánveitandi keypt tryggingu vegna hugsanlegs greiðslufalls lántaka og greiðsluskylda fellur til samkvæmt skilmálum tryggingar takmarkar sú greiðsla ábyrgð ábyrgðarmanns sem nemur þeirri fjárhæð sem greidd er inn á lánið.

Ef lánveitandi vanrækir að lýsa kröfu í gjaldþrota- eða dánarbú lántaka lækkar krafa á hendur ábyrgðarmanni sem nemur þeirri fjárhæð sem ella hefði fengist greidd úr þrota- eða dánarbúi lántaka.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 60. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skal nauðasamningur eða önnur eftirgjöf, þ.m.t. nauðasamningur til greiðsluaðlögunar, sem kveður á um lækkun kröfu á hendur lántaka hafa sömu áhrif til lækkunar kröfu á hendur ábyrgðarmanni.

V. KAFLI
Brottfall ábyrgðar eða annarra tryggingarráðstafana.
10. gr.

Ábyrgðarmaður verður ekki skuldbundinn af ábyrgðarsamningi hafi lántaki aldrei orðið skuldbundinn til að inna greiðslu af hendi samkvæmt samningi við lánveitanda.

Ef lánveitandi samþykkir að veð eða aðrar tryggingarráðstafanir sem gerðar voru til að tryggja efndir samnings skuli ekki lengur standa til tryggingar, og breytingin hefur í för með sér að staða ábyrgðarmanns er þá mun verri en hún var, er ábyrgðarmaður ekki lengur bundinn af samningi sínum.

VI. KAFLI
Reglugerðarheimild.
11. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

VII. KAFLI
Gildistaka.
12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lögin taka til ábyrgða sem stofnað hefur verið til fyrir gildistöku þeirra að frátöldum 4. gr., 5. gr., 1. mgr. 6. gr. og 8. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að víkja ábyrgð til hliðar í heild eða að hluta á grundvelli 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, og að teknu tilliti til þeirra atvika er leiddu til setningar laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008.

815. Nefndarálit [406. mál]

um frv. til l. um listamannalaun.

Frá 2. minni hluta menntamálanefndar.

Með frumvarpinu er lagt til að fjölga mánaðarlaunum sem úthlutað er sem starfslaunum úr 1.200 í 1.600 eða um 400. Þá er og lögð til sú breyting að mánaðarlaun starfslauna verði ákveðin upphæð, 266.737 kr., sem komi til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga hvert ár með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir tveimur nýjum launasjóðum, fyrir sviðslistafólk og hönnuði, þá er og lagt til að stjórn listamannalauna fái heimild til að flytja umsóknir á milli launasjóða og lagðar til breytingar á störfum stjórnarinnar, m.a. varðandi stefnumótun og áherslur við úthlutun.

Helsta ákvæðið sem hefur áhrif á útgjöld ríkisins er fjölgun mánaðarlauna um 400 og miðað við að fyrirhuguð mánaðarlaun verði 266.737 kr. þýðir það 107 millj. kr. aukningu á útgjöldum ríkisins. Einnig er talið að útgjöld ríkisins gætu aukist vegna aukinnar umsýslu vegna fjölgunar mánaðarlauna og vinnu við stefnumörkum.

Ekki er gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum í fjárlögum ársins 2009 né í áætluðum útgjöldum næstu fjögur árin. Því þarf vegna mikils halla ríkissjóðs að fjármagna útgjöldin með lántökum.

2. minni hluti fellst ekki á að það sé raunhæf leið til atvinnu- og verðmætasköpunar að auka útgjöld ríkisins með þessum hætti.

2. minni hluti leggur til að ekki verði hróflað við núgildandi lögum um listamannalaun.

Alþingi, 24. mars 2009.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir. Einar K. Guðfinnsson.

816. Nefndarálit [30. mál]

um till. til ál. um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, Landssambandi sjálfstæðiskvenna, Viðskiptaráði Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Jafnréttisstofu og menntamálaráðuneyti. Þá barst tilkynning frá félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Í tillögunni er kveðið á um að Alþingi skuli álykta að félagsmálaráðherra feli Jafnréttisstofu að hrinda af stað aðgerðum í því skyni að efla hlut kvenna í sveitarstjórnum. Mikið hefur verið rætt um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum á undanförnum missirum. Sveitarstjórnarkosningar verða haldnar vorið 2010 og telur nefndin rétt að leggja í aðgerðir fyrir þær enda hefur hlutur kvenna í sveitarstjórnum aukist hægt.

Nefndin hefur kynnt sér sjónarmið umsagnaraðila sem eru að mestu jákvæð, þá styður Jafnréttisstofa framgang tillögunnar en stofunni er ætlað virkt hlutverk samkvæmt henni.

Nefndin telur um þarft verkefni að ræða og leggur til að ályktunin verði **samþykkt óbreytt**.

Ármann Kr. Ólafsson, Árni Johnsen og Ragnheiður Ríkharðsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. mars 2009.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, form., frsm.	Steinunn Valdís Óskarsdóttir.	Þuríður Backman.
Atli Gíslason.	Helga Sigrún Harðardóttir.	Kristinn H. Gunnarsson.

817. Nefndarálit [43. mál]

um till. til þál. um úttekt á aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir frá Landssambandi eldri borgara, Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Þroskahjálp, Samtökum eldri sjálfstæðismanna, Öldrunarráði Íslands, Viðskiptaráði Íslands, Tryggingastofnun ríkisins og Félagi eldri borgara. Þá barst tilkynning frá félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Tillögunni er ætlað að fela félags- og tryggingamálaráðherra að gera úttekt á aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði með hag fatlaðra, aldraðra, barnafólks og annarra sem þarfnast bætts aðgengis í huga. Á úttektin að vera gerð með það að leiðarljósi að þessum einstaklingum verði gert kleift að búa lengur í íbúðum sínum en nú er hægt eða festa kaup á hentugum íbúðum í eldra húsnæði.

Nefndin fagnar tillögunni enda mikilvægt að skapa öllum aðgengilegt samfélag og ryðja úr vegi þeim hindrunum sem aldraðir og fatlaðir einstaklingar búa við. Nefndin áréttar mikilvægi þess að allir hafi jafnan rétt til þátttöku í daglegu lífi og til að velja búsvæði sitt eða búa áfram á heimili sínu breytist aðstæður. Í þessu sambandi áréttar nefndin mikilvægi þess að reglur um aðgengi gildi jafnt í nýbyggingum sem eldra húsnæði þar sem því verður við komið. Þá telur nefndin mikilvægt að úttektin leiði til aðgerða og leggur því til að bætt verði við tillögugreinina að ráðherra skuli að lokinni úttekt leggja fyrir Alþingi tillögur til úrbóta á aðgengi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Við tillögugreinina:

a. Orðin „mikilvægi þess að bæta“ falli brott.
b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt verði ráðherra falið að leggja fyrir Alþingi tillögur til úrbóta.

Ármann Kr. Ólafsson, Árni Johnsen og Ragnheiður Ríkharðsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. mars 2009.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, form., frsm.	Steinunn Valdís Óskarsdóttir.	Þuríður Backman.
Atli Gíslason.	Helga Sigrún Harðardóttir.	Kristinn H. Gunnarsson.

818. Nefndarálit [407. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðrúnu Þorleifsdóttur frá iðnaðarráðuneyti.

Umsagnir bárust frá Kvikmyndamiðstöð Íslands, stjórn Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda og fjármálaráðuneytinu, auk minnisblaðs frá iðnaðarráðuneytinu.

Endurgreiðslulögunum var síðast breytt með lögum nr. 159/2006 sem tóku gildi 31. desember 2006. Þá var endurgreiðsluhlutfallið hækkað úr 12% í 14%.

Með frumvarpinu er lagt til að endurgreiðsluhlutfall samkvæmt lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, verði hækkað úr 14% í 20 %. Ekki er um aðrar breytingar á lögunum að ræða. Þá er gert ráð fyrir í ákvæði til bráðabirgða að þeir sem fengið hafa vilyrði fyrir endurgreiðslu fyrir gildistöku laga þessara eigi þess kost að sækja um aftur eftir að endurgreiðsluhlutfallið hefur verið hækkað ef framleiðsla kvikmyndar eða sjónvarpsefnis er ekki hafin. Markmið þessara breytinga er að jafna samkeppnisstöðu íslensks kvikmyndaiðnaðar gagnvart sambærilegri starfsemi í sumum öðrum ríkjum og laða að fleiri erlend verkefni.

Nefndin telur mjög mikilvægt að efla kvikmyndagerð á Íslandi og eðlilegt að horft verði til hennar á næstunni þar sem verkefni af þessum toga eru atvinnuskapandi, gjaldeyrisskapandi og mikilvæg jákvæð landkynning sem getur skilað auknum fjölda ferðamanna til landsins. Fyrir liggur að í samanburði við ýmis önnur lönd er endurgreiðsluhlutfallið hér á landi of lágt og hefur ekki laðað að fleiri erlend kvikmyndaverkefni eins og vonast var til þegar endurgreiðsluhlutfallið var hækkað úr 12% í 14%.

Í núgildandi lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar er kveðið á um þau skilyrði sem uppfylla þarf til að hljóta endurgreiðslu samkvæmt lögunum og hvert umsóknarferlið er. Eitt af skilyrðum laganna er að senda skal umsóknir til iðnaðarráðuneytis áður en framleiðsla kvikmyndar eða sjónvarpsefnis hefst. Í framkvæmd hefur aldrei verið vikið frá þessu skilyrði laganna og umsóknum sem berast eftir að framleiðsla er hafin er hafnað. Næsta stig í ferlinu er að nefnd sem skipuð er fulltrúum frá iðnaðarráðuneyti, fjármálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og Kvikmyndamiðstöð fer yfir umsóknina og metur

hvort öll skilyrði laganna eru uppfyllt. Í framhaldinu er gerð tillaga til iðnaðarráðherra um afgreiðslu málsins. Teljist öll skilyrði laganna uppfyllt gefur iðnaðarráðuneytið út vilyrði fyrir endurgreiðslu. Í vilyrðinu kemur fram að endurgreiðslufjárhæð sé ekki greidd út fyrr en framleiðslu kvikmyndaverkefnis er lokið og uppgjör og ársreikningur liggja fyrir. Endurgreiðslufjárhæðin er því aldrei greidd út fyrr en uppgjör liggur fyrir og hin sérstaka endurgreiðsla er oft í reynd síðasti liður í uppgjörsferlinu vegna framleiðslu kvikmyndar.

Samkvæmt rannsóknum sem unnar hafa verið fyrir iðnaðarráðuneytið á áhrifum endurgreiðslnanna á ríkissjóð, fyrst af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands árið 2006 og af Fjárfestingarstofu árið 2009, er talið að ríkissjóður beri ekki byrði vegna endurgreiðslnanna og er þar horft til þess að skatttekjur ríkissjóðs eru að öllum líkindum meiri en endurgreiðslunum nemur. Telja verður að þær tekjur sem ríkið hefur af framleiðslunni falli að mestu til á framleiðslutímanum í gegnum staðgreiðslu launa og óbeina skatta, svo sem virðisaukaskatt af aðföngum til framleiðslunnar.

Í umsögn fjármálaráðuneytis um frumvarpið kemur fram að vegna halla á ríkissjóði muni að óbreyttu þurfa að fjármagna viðbótarútgjöld með lántökum. Nefndin telur orðalagið óheppilegt vegna þess að það gefur til kynna að reiknað sé með halla á ríkissjóði vegna endurgreiðslnanna. Í því samhengi vill nefndin benda á að ef horft er til þeirra skatttekna sem skapast með aukinni veltu vegna kvikmyndaverkefnanna er ekki rétt að líta á endurgreiðslurnar eingöngu sem viðbótarútgjöld. Þegar um er að ræða stór verkefni getur tíminn frá útgáfu vilyrðis og fram til útborgunar endurgreiðslunnar verið á bilinu eitt til tvö ár eða jafnvel meiri. Ríkissjóður ætti því að hafa fengið til sín stærstan hluta skatttekna vegna framleiðslunnar þegar til útborgunar kemur.

Nefndin telur að sú ráðstöfun sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu geti orðið veruleg lyftistöng fyrir íslenskan kvikmyndaiðnað og skapað fleiri sóknarfæri á þessu sviði. Nefndin bendir á mikilvægi þess að nýta öll úrræði í landinu sem geta fjölgað störfum og aukið gjaldeyristekjur þjóðarinnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Eygló Harðardóttir og Grétar Mar Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Björk Guðjónsdóttir, Herdís Þórðardóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 25. mars 2009.

Katrín Júlíusdóttir, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Björk Guðjónsdóttir, með fyrirvara.
Helgi Hjörvar.	Herdís Þórðardóttir, með fyrirvara.	Kristrún Heimisdóttir.
	Ragnheiður Ríkharðsdóttir, með fyrirvara.	

819. Fyrirspurn [450. mál]

til fjármálaráðherra um ný skattþrep í tekjuskatti einstaklinga.

Frá Birgi Ármannssyni.

Hver yrði tekjuauki ríkissjóðs ef hugmyndir fjármálaráðherra um nýtt 3% viðbótarskattþrep á allar tekjur einstaklinga yfir 500 þús. kr. næðu fram að ganga?

Hver yrði tekjuaukinn ef þessu til viðbótar yrði komið á sérstöku 5% skattþrepi á allar tekjur einstaklinga yfir 700 þús. kr. þannig að skattgreiðendur með slíkar tekjur þyrftu samanlagt að greiða 8% hærra tekjuskattshlutfall en almennt gerist?

Óskað er eftir upplýsingum um tekjuaukann á einu ári miðað við endurskoðaðar forsendur fjármálaráðuneytisins um skattskyldar tekjur einstaklinga á árinu 2009.

Skriflegt svar óskast.

820. Fyrirspurn [451. mál]

til dómsmálaráðherra um skipun skiptastjóra.

Frá Helgu Sigrúnu Harðardóttur.

1. Eru fordæmi fyrir því að skipaðir séu fleiri en einn skiptastjóri fyrir þrotabú hérlendis, sbr. 75. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, þar sem segir að ef sýnt þyki að störf skiptastjóra verði umfangsmikil geti héraðsdómari skipað tvo menn eða fleiri til að gegna þeim, og ef svo er, í hvaða tilvikum var það gert?
2. Hvernig er hæfi skiptastjóra metið innan dómstólanna? Telur ráðherra í anda reglu 6. tölul. 1. mgr. 75. gr. laga nr. 21/1991 að skipa skiptastjóra í þrotabúi mann sem hefur unnið að verkefnum tengdum félaginu sem tekið er til gjaldþrotaskipta eða öðrum verkefnum tengdum því í gegnum sama eignarhald? Telur ráðherra hætt við að slíkur skiptastjóri sé farinn að dæma í eigin málum?
3. Hvaða reglur gilda um úthlutun þrotabúa til skiptastjóra hjá héraðsdómstólum og eru þær nægjanlega gagnsæjar?

Skriflegt svar óskast.

821. Skýrsla [452. mál]

Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál.

(Lögð fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

INNGANGUR

Utanríkisstefna á erfiðleikatímum

Hin alþjóðlega efnahagskreppa skall á Íslandi fyrr og harðar en á öðrum ríkjum. Áhrif hennar mögnuðust ekki síst vegna smæðar hagkerfisins í hlutfalli við fjármálastofnanirnar og erfiðleika þess fyrir litla þjóð að notast við sjálfstæðan gjaldmiðil í alþjóðavæddum heimi. Undir þessum kringumstæðum reynir á allar grunnstoðir samfélagsins og stöðu Íslands meðal annarra þjóða.

Kreppan hefur grafið um sig í hinu alþjóðlega hagkerfi og breiðist út um allan heim. Það þýðir að ekki er hægt að takast á við afleiðingar hennar nema með samstilltu átaki þar sem styrkur ríkja og ríkjabandalaga skiptir sköpum. Aðgerðir, sem gripið er til innan landamæra í alþjóðavæddu kerfi, hafa afleiðingar í öðrum löndum og ákvarðanir, sem teknar eru á vettvangi alþjóðasamfélagsins, hafa áhrif á daglegt líf íbúa.

Ísland naut fyrir ári virðingar og athygli vegna þess árangurs sem lítil þjóð hafði náð samkvæmt alþjóðlegum mælistikum en nú er staða Íslands mikið breytt. Kastljós annarra ríkja og alþjóðlegra fjölmiðla hefur dregið upp mun neikvæðari mynd af stöðu landsins en Íslendingar hafa átt að venjast og orðsporið á undir högg að sækja. Í stöðunni birtast þó fjölmörg tækifæri sem geta, ef rétt er staðið að málum, leitt Íslendinga út úr kreppunni fyrr en aðrar þjóðir.

Ísland býr vel að náttúrugæðum og mannauði og fáar þjóðir eiga eins sterkar undirstöður og Íslendingar sem gagnast í baráttunni við kreppuna. Hinar endurnýjanlegu orkulindir, sem sjá þjóðinni fyrir um 80 prósentum af orkunni og öllu sínu rafmagni, vekja eftirtekt í öðrum löndum. Umtalsverð eftirspurn er eftir íslenskri þekkingu í nýtingu endurnýjanlegrar orku og sjávarútvegs víðs vegar um heiminn. Sjávarútvegurinn á fjölmörg sóknarfæri þar sem vísbendingar úr hafinu eru betri en oft áður. Þá eiga aðrar útflutningsgreinar, ferðaþjónusta og útflutningur á nýsköpun og hugviti ný tækifæri. Auk þess er aldurssamsetning þjóðarinnar mun hagfelldari fyrir endurreisn en hjá þjóðum þar sem meðalaldur er hærri. Næstu misseri verða erfið en endurreisnin mun skila árangri.

Evrópusambandið er í brennidepli umræðunnar á Íslandi enda skipta samskiptin við það miklu máli við lausn efnahagsvandans. Yfirgnæfandi hluti utanríkisviðskipta Íslands, eða um 75%, er við ríki sambandsins sem sýnir nauðsyn þess fyrir Íslendinga að ákveða sem fyrst framtíðarstöðu þjóðarinnar gagnvart því og gjaldmiðli þess. Þar þarf að ráða ferðinni yfirvegað mat á hagsmunum lands og þjóðar, byggt á sterkustu rökum og skynsemi.

Hinn lýðræðislegi vilji þjóðarinnar sjálfrar varðar leiðina til framtíðar í Evrópusamstarfinu. Innan utanríkisþjónustunnar er saman komin mikil þekking á störfum Evrópusambandsins og reynsla af samskiptum við það. Utanríkisþjónustan er því vel í stakk búin að takast á við aðildarviðræður þar sem gætt verður ítrustu hagsmuna þjóðarinnar verði ákveðið að hefja þær.

Samhliða þessu heldur utanríkisráðuneytið áfram að gæta hagsmuna Íslands í víðara samhengi. Kapp verður lagt á að endurheimta orðstír Íslands í alþjóðasamfélaginu með virkri og ábyrgri þátttöku í alþjóðastofnunum. Ljóst er að það starf verður utanríkisþjónustan að

ræka með takmarkaðri fjárheimildum en undanfarin ár. Þá nýtist vel það tengslanet sem myndast hefur á undanförnum árum bæði í tvíhliða og marghliða samskiptum.

Vegna nauðsynlegs sparnaðar verður lögð áhersla á skýra forgangsröðun í utanríkisþjónustunni. Það mun þó ekki hafa áhrif á að Ísland verður áfram talsmaður þeirra gilda sem það hefur talað fyrir á alþjóðavettvangi eins og mannréttinda og lýðræðislegra stjórnunarhátta, sjálfbærrar þróunar og umhverfisverndar, verndunar hafsins, útrýmingu fátæktar og friðsamlegra lausna deilumála. Íslensk stjórnvöld eru einbeitt í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Áhersla verður lögð á stöðu Íslands á norðurslóðum vegna vaxandi sóknar í auðlindir norðursins og opnun nýrra siglingaleiða. Þar þarf að horfa til framtíðar og meta þær hættur og tækifæri sem felast í hnattrænum breytingum.

Í almennri skýrslu utanríkisráðherra um utanríkismál er að þessu sinni lögð áhersla á Evrópumál, samhliða því að fjalla um önnur mikilvæg alþjóðamál. Í því sambandi er rétt að taka fram að á síðasta ári lagði utanríkisráðherra fram tvær skýrslur á Alþingi, aðra um utanríkis- og alþjóðamál en hina um Evrópumál. Hér er þeim steypt saman í eina í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi eru og þess skamma tíma sem Alþingi hefur til að ljúka málum fyrir þingrof.

Viðbrögð utanríkisþjónustunnar við bankahruninu

Þáttur utanríkisráðuneytisins í viðbrögðum stjórnvalda við afleiðingum bankahrunsins hefur einkum falist í samskiptum við önnur ríki og alþjóðastofnanir. Sendiráð Íslands erlendis hafa haldið málstað Íslands á lofti gagnvart erlendum stjórnvöldum og átt samskipti við hagsmunasamtök, fyrirtæki, sveitarfélög, almenning og fjölmiðla í viðkomandi ríkjum.

Þegar bankahrunið varð í byrjun október skall líka á gjaldeyriskreppa. Kastljós erlendra ríkisstjórna og fjölmiðla beindist að Íslandi með áður óþekktum hætti en neikvæð áhrif bankahrunsins teygðu anga sína víða um heim. Ljóst var að Ísland yrði að setja sem höfuðmarkmið á alþjóðavettvangi að skapa skilning meðal annarra ríkja og alþjóðastofnana á stöðu sinni og afla sjónarmiðum Íslands stuðnings.

Utanríkisráðherra hefur lagt áherslu á að eiga tvíhliða fundi og samtöl við erlenda ráðherra og leitað stuðnings við sjónarmið Íslands. Slíkir fundir voru haldnir með utanríkisráðherrum Norðurlandanna, Bretlands, Bandaríkjanna, Frakklands, Þýskalands, Hollands, Spánar og fleiri þjóða auk þess sem rætt var við aðra ráðherra og háttsetta embættismenn eftir því sem tilefni þótti til. Þessir fundir voru nauðsynlegir til að tryggja hagsmuni Íslands, mótmæla beitingu Breta á hryðjuverkalögum gegn Íslendingum og til að greiða fyrir lánafyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og vinveittum ríkjum.

Utanríkisráðuneytið fól sendiherrum og ræðismönnum að hafa samband við sem háttsettasta tengiliði í stjórnkerfum sinna gistiríkja og útskýra stöðu Íslands. Síðan þá hafa sendiherrar Íslands erlendis átt fjölda funda með ráðamönnum og háttsettum embættismönnum, en einnig hagsmunasamtökum og fjölmiðlum, til að útskýra stöðuna, tryggja Íslandi stuðning, leiðrétta rangfærslur og koma í veg fyrir að bankahrunið á Íslandi og áhrif þess á önnur ríki skaði samskipti Íslands og annarra þjóða.

Utanríkisþjónustan gætti einnig hagsmuna Íslands gagnvart alþjóðastofnunum og kom á framfæri upplýsingum gagnvart Evrópusambandinu, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu og Atlantshafsbandalaginu. Fastafulltrúi Íslands kom á framfæri hörðum mótmælum gegn beitingu Breta á hryðjuverkalögum gagnvart Íslendingum á fundi Atlantshafsbandalagsins í október.

Á fundum með breskum stjórnvöldum hafa stjórnvöld lagt þunga áherslu á hina pólitísku hlið Icesave-málsins og að málið varði grundvallarhagsmuni íslensku þjóðarinnar og samskipti ríkjanna. Því sé ekki hægt að líta á málið eins og hefðbundið uppgjör vegna bankagjaldþrots. Í lok febrúar og byrjun mars átti utanríkisráðuneytið fundi með háttsettum embættismönnum úr forsætis- og utanríkisráðuneytum Bretlands um Icesave-málið þar sem fram kom ríkari skilningur en áður á þessu sjónarmiði.

Við efnahagsáfallið veittu borgaraþjónusta utanríkisráðuneytisins og sendiráðin almenningi upplýsingar og leystu úr margvíslegum vandamálum Íslendinga erlendis. Þar má nefna að sendiskrifstofur veittu Íslendingum fjárhagslega fyrirgreiðslu, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í ljósi frétta af því að Íslendingar hafi orðið fyrir ósanngjarnri meðferð erlendis óskaði utanríkisráðuneytið eftir staðfestum upplýsingum um slík tilvik. Sendiráð Íslands hafa haldið reglulega upplýsingafundi með félögum Íslendinga í gistiríkjum sínum.

Utanríkisráðuneytið hefur einnig átt samskipti við íslensk fyrirtæki og hagsmunasamtök þeirra í því skyni að aðstoða þau vegna neikvæðra áhrifa fjármálakreppunnar. Utanríkisráðuneytið og sendiráð Íslands erlendis hafa veitt fyrirtækjum margvíslega aðstoð, s.s. vegna vandkvæða við fjármagnsflutninga, greiðsluábyrgða og vandræða sem skapast hafa vegna neikvæðrar fjölmiðlaumfjöllunar og skorts á trausti. Viðskiptafulltrúar utanríkisþjónustunnar hafa verið í sambandi við íslensk fyrirtæki í sínum ríkjum til að átta sig á stöðunni og þörfum þeirra og lagt þeim lið af fremsta megni.

Utanríkisþjónustan mun áfram gæta hagsmuna Íslendinga og gætir þess að afleiðingar efnahagshrunsins bitni sem minnst á þegnum landsins. Áfram verður unnið með öðrum ráðuneytum við að leysa úr málum er varða alþjóðleg samskipti þjóðarinnar.

1 EVRÓPUMÁL

1.1 Inngangur

Í janúar 2008 kynnti utanríkisráðherra sérstaka skýrslu fyrir Alþingi um stöðu Íslands á innri markaði Evrópu og í framhaldinu fór fram gagnleg umræða um Evrópumál. Í ljósi þeirra miklu áhrifa sem löggjöf Evrópusambandsins hefur á Íslandi er eðlilegt að Alþingi fjalli með reglubundnum hætti um stöðu Íslands í Evrópusamstarfinu. Alþingi hefur undanfarna mánuði unnið að setningu nýrra reglna um meðferð EES-mála sem er til marks um það að Alþingi hyggst taka þessi mál fastari tökum og koma með beinni hætti að ákvarðanatöku á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins (EES) en verið hefur hingað til. Að þessu sinni er Evrópuskýrslan hluti af reglulegri skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis um utanríkismál.

Evrópumálunum eru hér einnig gerð skil vegna mikilvægis þeirra í íslenskum efnahags- og stjórnmálum. Nauðsynlegt er fyrir stjórnmálaumræðuna að sérfræðiþekking, sem utanríkisráðuneytið býr yfir, sé kynnt fyrir þingheimi og gerð grein fyrir stöðu mála er varðar peningamál, landbúnaðar- og sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins og áhrifa Evrópusambandsaðildar á íslenska hagsmuni.

Efnistök, að því er varðar Evrópumál í þessari skýrslu, lúta að þeim þáttum er falla undir EES og Schengen-samstarfið og þeim sem falla utan þessara samninga og taka þyrfti á hefjist aðildarviðræður við ESB. Í því efni er m.a. byggt á vinnu nefnda utanríkisráðherra um einstök afmörkuð svið, sjávarútvegsmál, landbúnaðarmál og byggðamál, en þessir þrír málaflokkar munu skipta Ísland miklu máli komi til aðildarviðræðna við ESB.

Auk þessara nefnda starfar enn á vegum forsætisráðherra nefnd allra þingflokka og aðila vinnumarkaðarins sem ætlað er að skila áliti sínu um hagsmuni Íslands gagnvart spurningunni um aðild að ESB innan tíðar.

1.2 Ísland og Evrópa

Ísland hefur verið virkur þátttakandi í evrópsku samstarfi um áratugaskeið. Hefur sú þátttaka einkum byggst á þremur grunnsamningum sem gerðir hafa verið í ákveðnum skrefum á þessu tímabili: EFTA-sáttmálanum 1970, EES-samningnum 1994 og Schengensamningunum 1996 og 1999. Þegar haft er í huga að um 2/3 hlutar utanríkisviðskipta Íslands eru við aðildarríki ESB, um 6% við önnur EFTA-ríki og 2% við önnur ríki sem Ísland hefur gert fríverslunarsamninga við er ljóst að meginstoðir utanríkisviðskipta Íslands eru framangreindir samningar.

Utanríkisviðskipti eru grundvallarforsenda fyrir velmegun í landinu, enda nemur virði þeirra alls um 35% af vergri landsframleiðslu og standa líkur til þess að það hlutfall fari vaxandi næstu árin. Hér er ekki einvörðungu um að ræða útflutning á hefðbundnum vörum, heldur hafa þjónustuviðskipti skipað æ stærri sess í utanríkisviðskiptum Íslands þótt úr því muni draga næstu misserin. Lykillinn að verðmætasköpun, til lengri tíma litið, felst í auknum útflutningi á vörum og þjónustu og eitt markmið er að gera enn frekari verðmæti úr auðlindum landsins. Í þeim efnum er frekari markaðsaðgangur, einkum fyrir fullunnar vörur, grundvallaratriði í því skyni að greiða fyrir frekari verðmætasköpun í lykilatvinnuvegum hér á landi.

Allar þessar staðreyndir undirstrika mikilvægi þeirra samninga sem gerðir hafa verið á viðskiptasviðinu við Evrópuþjóðir á umliðnum árum. Auk þess byggjast öryggismál landsins í vaxandi mæli á samvinnu við Evrópuþjóðir. Þetta sýnir einnig að Ísland hefur tekið skrefin á sviði alþjóðamála varlega og í raun og veru aðeins eitt skref í einu. Í því ljósi er rökrétt að íhuga nú, 15 árum eftir gildistöku EES-samningsins, hvort full aðild að ESB falli best að íslenskum hagsmunum til lengri tíma litið. Þá er mikilvægt að líta til þess hvort hagsmunir Íslands standi til þess að samþætta efnahagsmálin í ríkari mæli með ESB en þegar hefur verið gert. Ljóst er að ekki verður gengið lengra með sérstökum samningum við ESB nema með aðild að sambandinu.

Sú spurning vaknar hvaða áhætta fylgi því að taka þátt í innri markaði Evrópu án fullrar aðildar að myntbandalaginu þar sem Ísland hafi þá ekki aðgang að öryggisneti og efnahagslegum stuðningi sem aðild að evrunni og ESB veitir.

Í þessu sambandi má víkja að þeirri mynd sem birtist nú um stundir í samanburði vaxta á Íslandi við vaxtakjörin sem bjóðast innan ESB. Við núverandi aðstæður í rekstri fyrirtækja, heimila og ríkissjóðs skiptir hvert prósentubrot í vöxtum miklu máli.

Miðað við þá bráttóskuldastöðu sem blasir við þjóðarbúinu næstu mánuði og ár gæti umsókn um aðild að ESB sparað ríkissjóði milljarða og jafnvel milljarðatugi í formi betri lánskjara. Er þá ekki minnst á þann stöðugleika og trúverðugleika í augum annarra þjóða sem umsókn Íslands að ESB kynni að hafa á þessum tíma í lýðveldissögu þjóðarinnar.

Þrátt fyrir að mörg ríki á Balkanskaga séu á leið inn í ESB á næstu árum eða áratugum, eins og lýst er síðar í þessari skýrslu, er ljóst að nokkuð er farið að bóla á „stækkunarþreytu“ („enlargement fatigue“) innan ESB. Þetta birtist m.a. í gagnrýni á að nokkur þeirra tólf ríkja, sem fengu aðild 2004 og 2007, hafi í raun ekki verið í stakk búin fyrir inngöngu, sem og strangari kröfum um innleiðingu og framkvæmd löggjafar fyrir núverandi umsóknarríki.

Það mat virðist ráðandi meðal sérfræðinga í þróun Evrópusambandsins að eftir inngöngu Króatíu, sem líklega fær aðild í ársbyrjun 2012, muni ný ríki ekki verða tekin inn í ESB fyrr en eftir 2015. Olli Rehn, núverandi stækkunarstjóri ESB, hefur nýlega lýst því yfir að möguleiki sé fyrir Ísland að gerast aðili að ESB um leið og Króatía. Leiða má líkur að því að sá möguleiki minnki með hverjum mánuðinum sem líður.

Að mörgu leyti væri það stórt skref fyrir Íslendinga að sækja um aðild að ESB, en þó má hafa hugfast að á grunni þeirra samninga, sem að framan greinir, er Ísland, ásamt Noregi og Liechtenstein, það ríki sem hvað lengst er komið í aðlögun að reglu- og samningaumhverfi ESB. EFTA-ríkin innan EES eru í því sambandi langt á undan þeim ríkjum sem nú eru í viðræðum um aðild að sambandinu. Fróðlegt er í þessu sambandi að horfa til yfirlitsins í skýrslu utanríkisráðherra á síðasta ári. Þar kom í ljós að í raun hefur Ísland þegar yfirtekið langflestar reglur ESB er lúta að meirihluta þeirra 35 kafla sem semja þarf um í aðildarviðræðum við sambandið. Yfirlitið var sett fram til að sýna hve þétt Ísland er í raun ofið í Evrópusamrunann án þess að vera aðildarríki sambandsins. Hafa ber í huga að yfirlitið felur ekki í sér að hver einstakur málaflokkur, sem tilgreindur er, falli að fullu undir EES-samninginn eða aðra samninga. Í yfirlitinu felst þó mikilvæg vísbending. Að því er varðar þá þætti sem falla utan EES-samningsins er sérstök grein gerð fyrir þeim í þessari skýrslu og með því dregin fram þau sértæku atriði sem huga þarf að komi til aðildarviðræðna.

1.3 Stækkun ESB

Segja má að frekari stækkun ESB fari nú fram í þremur áföngum. Í fyrsta lagi er um að ræða hinar formlegu stækkunarviðræður sem standa yfir við Króatíu og Tyrkland. Í öðru lagi hefur Makedónía fengið viðurkenningu ESB sem mögulegt aðildarríki en hefur ekki hafið aðildarviðræður. Í þriðja lagi bíða önnur ríki Balkanskaga í röðinni og hafa þau öll, utan Kósóvós, lokið gerð samstarfssamninga við ESB.

Framkvæmdastjórn ESB gefur árlega út skýrslur um stöðu mála í þessum ríkjum. Þar er leitast við að leggja mat á hve langt þau hafa komið til móts við þau skilyrði sem uppfylla þarf fyrir aðild og meta nauðsynlegar aðgerðir út frá því. Hagsmunir Íslands í þessu efni eru augljósir vegna skyldubundinnar stækkunar EES í kjölfar stækkunar ESB. Er því nauðsynlegt að EFTA-ríkin innan EES fylgist grannt með þróun þessa ferlis, ekki síst í ljósi þeirra skuldbindinga sem ESB hefur krafist af EFTA-ríkjunum samhliða fyrri stækkunum EES-svæðisins.

Framkvæmdastjórn ESB gaf í byrjun nóvember sl. út skýrslur þar sem staða ríkjanna, sem stefna á aðild, er metin. Ítarlega var vikið að stöðu þessara mála í skýrslu utanríkisráðherra árið 2008 og er því einvörðungu vikið að nýlegri þróun mála í þessari skýrslu og byggt á tilvitnuðu mati framkvæmdastjórnar ESB í því sambandi.

Ef fyrst er horft til *Tyrklands* má segja að nokkur spenna hafi verið í samskiptum Tyrklands og ESB undanfarin misseri af ýmsum ástæðum sem rakin voru í skýrslu utanríkisráðherra á árinu 2008. Pólitísk spenna hefur verið í Tyrklandi undanfarið m.a. vegna þess að ríkissaksóknari landsins kaus að skjóta til dómstóla kröfu um að Umbótaflokkurinn, sem er við stjórnvölinn, yrði bannaður vegna aðgerða flokksins á grundvelli íslams sem saksóknari taldi stríða gegn veraldlegum grunni samfélagsins. Kröfunni var hafnað en flokkurinn samt sem áður sektaður. Grunnur að frekari framgangi viðræðna Tyrkja og ESB um aðild að sambandinu byggist annars vegar á framþróun innanlands í Tyrklandi og hins vegar lausn Kýpurdeilunnar. Nokkur þróun hefur orðið í því fyrrnefnda þar sem tilteknar breytingar hafa verið gerðar á stjórnarskránni en umdeilt hefur verið hvort slíkar breytingar skili sér í raun. Nýjustu breytingar lúta að tjáningarfrelsi og réttindum trúarhópa annarra en múslíma. Ljóst er að frekari aðgerða er þörf til að styrkja lýðræðisumbætur og mannréttindi og til að þróa samfélagið frekar í átt að réttarreglum og ramma ESB. Í því efni er sérstaklega horft til atriða sem tengjast stöðu stjórnmálaflokka, umbótum á stjórnarskrá, tjáningafrelsi og réttindum kvenna. Tyrkir hafa hafið viðræður sem varða 10 kafla af 35 og lokið viðræðum um einn

kafla. Fyrir liggur áframhald umbóta á ýmsum grundvallarsviðum samfélagsins. Á sama tíma verður ekki hjá því komist að leysa Kýpurdeiluna ef Tyrkjum á að verða ágengt með aðildarviðræður sínar. Þetta helgast af því að aðildarríki ESB hafa ákveðið að viðræður verði ekki hafnar um tiltekna kafla fyrr en framgangur verður í viðræðum um lausn deilunnar og að Tyrkir efni að fullu skyldur sínar gagnvart Kýpur sem aðildarríki ESB. Vonir standa til að framgangur verði til lausnar deilunni á árinu þar sem aðstæður virðast vera að skapast fyrir vaxandi trausti á milli deiluaðila.

Aðildarviðræður *Króatíu* virðast ganga vel þó að snurða hafi hlaupið á þráðinn nýverið vegna óleystra landamæradeilna við Slóveníu sem nú er leitað lausnar á. Hafa Króatar þegar hafið viðræður um 22 kafla, lokið viðræðum um sjö kafla og eru komnir mjög langt með að uppfylla skilyrði til að ljúka nokkrum til viðbótar. Skilyrði eru uppfyllt fyrir því að hefja viðræður um flesta útistandandi kafla. Framkvæmdastjórn ESB telur gerlegt að ljúka viðræðum á yfirstandandi ári og hefur lagt til ákveðnar áætlanir í því sambandi. Ljóst er að þær áætlanir geta raskast vegna framangreindrar deilu við Slóveníu, en Slóvenar koma nú í veg fyrir að viðræður hefjist um einstaka samningskafla eða að þeim ljúki vegna deilunnar. Gangi hins vegar allt að óskum fyrir Króata má ætla að full aðild þeirra geti orðið að veruleika á árinu 2011.

Það voru *Makedónum* mikil vonbrigði að framkvæmdastjórn ESB mælti ekki með því í skýrslu sinni sl. haust að hefja aðildarviðræður við þá. Sú ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar byggðist fyrst og fremst á því að almennar kosningar, sem nýverið fóru fram, voru haldnar í skugga ofbeldis og að almennar grundvallarreglur voru ekki virtar við framkvæmd þeirra. Telur framkvæmdastjórnin að almennum skilyrðum sé enn ekki fullnægt til að hefja aðildarviðræður. Á hinn bóginn hafa orðið framfarir á ýmsum öðrum sviðum, s.s. á sviði dóms- og innanríkismála.

Forsenda í framþróun verðandi aðildarríkja í átt til aðildar að ESB er að þau hafi gert svokallaðan samstarfssamning við sambandið. Markmið samninganna er að festa í sessi samskipti ESB og viðkomandi ríkja og miða að nauðsynlegum umbótum innan þeirra í því skyni að uppfylla skilyrði aðildar að sambandinu. Í þessu felst t.d. aðlögun löggjafar ríkjanna að löggjöf ESB. Mat á framkvæmd samninganna er mikilvægur þáttur í mati framkvæmdastjórnar ESB á hæfi ríkjanna til að hefja formlegar aðildarviðræður.

Svartfjallaland hefur nú formlega sótt um aðild að ESB og vænta má umsókna frá fleiri ríkjum Balkanskaga á næstunni. Framgangur umsóknar verður metinn á grunni stöðu viðkomandi ríkis og hvernig því hefur gengið að uppfylla ákvæði samstarfssamnings við sambandið. Framkvæmdastjórnin mun leggja mat á umsóknina að ósk ráðherraráðsins en líklegt er að nokkur ár muni líða þar til aðildarviðræður hefjast. Má því t.d. ganga út frá því að aðildarviðræður hefjist fyrr við Makedóníu en við Svartfjallaland. Að sama skapi er ekki ástæða til að ætla annað en að Ísland yrði framar í röðinni.

Samstarfssamningur hefur verið undirritaður við *Bosníu og Hersegóvínu* og bráðabirgðasamningur um framkvæmd hans gengið í gildi. Ferlið er mjög þungt í vöfum innan Bosníu af pólitískum ástæðum þar sem erfiðlega hefur gengið að ná samstöðu á milli þjóðarbrota í landinu. Frekari samstaða er nauðsynleg til að hrinda í framkvæmd markmiðum samstarfssamningsins. Ljóst er að enn er langt í land að ríkið komist á þröskuld aðildarviðræðna.

Serbía hefur undirritað samstarfssamning við ESB ásamt bráðabirgðasamningi til að hrinda honum í framkvæmd. Gildistaka þeirra er hins vegar háð samþykki allra aðildarríkja ESB og eru þau ekki öll reiðubúin til þess meðan stríðsglæpamenn ganga enn lausir. Að öðru leyti er Serbía talin vel undirbúin til að hefja aðildarviðræður og aðlagast frekar regluverki

ESB. Ef skilyrði um handtöku stríðsglæpamanna verða uppfyllt á árinu sér framkvæmdastjórnin ekkert því til fyrirstöðu að veita Serbíu sömu stöðu og Makedóníu, þ.e. stöðu verðandi aðildarríkis, sem er síðasta skrefið í átt til formlegra aðildarviðræðna.

Kósóvó hefur einnig verið lofað framgangi að því er varðar aðild að ESB. Var það síðast staðfest af leiðtogum ESB í júní sl. Sambandið hvetur til nauðsynlegra umbóta í Kósóvó í því skyni að uppfylla nauðsynleg skilyrði aðildar að ESB þegar fram líða stundir.

EES-samningurinn hefur að geyma sérstakt ákvæði er snýr að því þegar ný ríki gerast aðildarríki að samningnum, annaðhvort með aðild að ESB eða EFTA. Hefur á skömmum tíma reynt á þetta í tvö skipti þegar alls 12 ný aðildarríki bættust við ESB-hlið EES-samningsins árin 2004 og 2007. Við þessar stækkanir EES-svæðisins varð niðurstaða samninga sú að EFTA-ríkin innan EES féllust á að leggja fram sameiginlega alls 672 milljónir evra í framlög til þeirra ríkja ESB sem lakast stæðu. Úr varð svonefndur þróunarsjóður EFTA sem nær til nýrra aðildarríkja ESB auk Spánar, Portúgals og Grikklands. Jafnframt lagði Noregur sérstaklega fram ríflega 600 milljónir evra í sama skyni en það framlag náði einvörðungu til nýrra aðildarríkja ESB. Á sama tíma samþykkti ESB annars vegar fulla fríverslun með síldarsamflök og hins vegar aukna tollfrjálsa kvóta á öðrum tilteknum tegundum sjávarfangs, einkum humri og karfa. Þótt stækkun EES sem slík sé ótímabundin þá gilda þeir samningar, sem gerðir voru um fjárframlög EFTA-ríkjanna innan EES og um aukna innflutningskvóta fyrir sjávarafurðir inn á markað ESB, einungis til loka apríl 2009. Nú standa samningaviðræður yfir við ESB um framhald sjóðanna og hina tollfrjálsu kvóta.

1.4 Lissabonsáttmálinn

Ítarleg grein var gerð fyrir helstu þáttum Lissabonsáttmálans í skýrslu utanríkisráðherra síðasta ári og er ekki ástæða til að endurtaka það hér. Þróun mála hefur hins vegar orðið sú að eitt aðildarríkja ESB, Írland, felldi sáttmálann í þjóðaratkvæðagreiðslu og er gildistaka hans því í óvissu. Vegna þessa tekur umfjöllun skýrslunnar mið af núverandi ástandi, þ.e. ekki er tekið mið af þeim breytingum sem Lissabonsáttmálinn hefur í för með sér, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Alls hafa 24 aðildarríkjanna nú fullgilt sáttmálann og þjóðþing tveggja annarra samþykkt hann. Virðist svo sem eftir standi hvernig farið skuli með sáttmálann að því er varðar Írland. Hefur verið leitað leiða til að búa svo um hnútana að sáttmálinn geti tekið gildi. Svo virðist sem samkomulag hafi náðst milli aðildarríkja um að gera tilteknar breytingar á sáttmálanum svo fljótt sem kostur er taki hann gildi. Búist er við að kosið verði um sáttmálann á ný síðar á árinu á Írlandi og má ætla að með því verði örlög hans ráðin. Veigamesta breytingin, sem ætlunin er að gera miðað við stefnumið sáttmálans, er að ákveðið verður að framkvæmdastjórar komi áfram frá hverju aðildarríki og verði því áfram 27 og fleiri eftir því sem aðildarríkjum fjölgar. Jafnframt er gert ráð fyrir því að frekari tryggingar verði gefnar er lúta að því að sáttmálinn feli ekki í sér breytingar að því er varðar valdmörk ESB á sviði skattamála. Einnig að hann hafi ekki áhrif á stefnu einstakra aðildarríkja í öryggis- og varnarmálum, þ.m.t. stefnu þeirra ríkja sem kosið hafa hlutleysi. Að lokum er vikið að tryggingum er lúta að ákvæðum stjórnarskrár viðkomandi ríkis varðandi fjölskyldumálefni.

1.5 Meginsvið ESB sem standa utan EES-samningsins

1.5.1 Landbúnaðarstefnan

Einn af hornsteinum samstarfs aðildarríkja ESB er hin sameiginlega landbúnaðarstefna sambandsins (CAP). Landbúnaðarstefnan er eitt þeirra meginsviða í samstarfi aðildarríkjanna

sem fellur ekki undir EES-samninginn. Þetta er því einn af þeim málaflokkum sem krefðist ítarlegrar skoðunar vegna hagsmuna Íslands kæmi til aðildarviðræðna við sambandið.

Markmið landbúnaðarstefnu ESB eru:

- að tryggja viðunandi lífsviðurværi landbúnaðarsamfélaga,
- að auka framleiðni í landbúnaði,
- að tryggja stöðugleika á mörkuðum,
- að tryggja nægt framboð matvæla og
- að tryggja sanngjarnt verð til neytenda.

Til þess að ná þessum markmiðum gilda sameiginlegar samkeppnisreglur um landbúnaðinn, markaðsskipulag er samhæft, stuðningskerfi landbúnaðarins er sameiginlegt eða samhæft og sameiginlegum markaði komið á fót. Allt frá upphafi hefur landbúnaðarstefnan verið í stöðugri þróun og síðustu heildarendurskoðun stefnunnar lauk árið 2003 og með henni var heildarrammi hennar mótaður allt til ársins 2013. Í þessari endurskoðun felst mesta breyting sem gerð hefur verið á landbúnaðarstefnu ESB í fjóra áratugi. Aðalmarkmiðið var að horfið yrði frá framleiðslutengdum stuðningi í landbúnaði og stuðningur veittur án markaðstruflandi áhrifa, s.s. með hliðsjón af umhverfisþáttum, dýravernd og heilbrigði dýra og afurða. Að lokinni endurskoðuninni er langstærstur hluti stuðnings við landbúnað innan sambandsins veittur án tillits til framleiðslu. Að auki var breytingunum ætlað að vera liður í aðlögun að viðskiptaumhverfi með landbúnaðarafurðir í kjölfar nýrra samninga innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og koma böndum á útgjöld vegna sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar. Í þessu samhengi var tekin ákvörðun um fjárhagsramma landbúnaðarstefnunnar til ársins 2013 með hliðsjón af stækkun sambandsins.

Í árslok 2008 var lokið úttekt á breytingunum frá árinu 2003 (e. Health Check) og gerðar ýmsar breytingar sem miða að því að einfalda kerfið, auka sveigjanleika þess og að stefnan taki meira mið af þörfum markaðarins. Í skýrslu framkvæmdastjórnar ESB um framkvæmd breytinganna kom m.a. fram að tilfærsla stuðnings frá framleiðslutengingu til stuðnings, sem er óháður framleiðslu, hafi síst haft neikvæð áhrif á rekstrarafkomu bænda, en hins vegar aukið frelsi og markaðsvitund þeirra. Einnig hefði reynst flókið að halda úti að hluta til framleiðslutengdum greiðslum og ætti að reyna að hverfa frá tvöföldu kerfi þar sem það væri hægt. Breytingar, sem voru gerðar í kjölfar endurskoðunarinnar, koma til framkvæmda á yfirstandandi ári og því næsta og munu gilda til loka ársins 2013.

1.5.1.1 Stuðningur við landbúnað

Fjölbreyttur stuðningur er veittur vegna búvöruframleiðslu og landnýtingar sem miðar að því að tryggja fæðuöryggi innan ESB og viðhalda búsetu í dreifbýli. Hin almenna landbúnaðarstefna byggist á tveimur stoðum. Stoð I er ætlað að tryggja fæðuframboð og grunnafkomu bænda. Í henni felst stuðningur við framleiðslu og markaðssetningu með beingreiðslum til framleiðenda og sameiginlegu skipulagi markaðarins. Stoð II skal vera til stuðnings dreifbýli og búsetu þar en fjallað verður um þá síðarnefndu í kafla um byggðastefnu og dreifbýlisstefnu sambandsins.

Aðalmarkmið núverandi heildarstefnu var að horfið yrði frá framleiðslutengdum styrkjum í landbúnaði. Greiðslur til bænda eru aðallega fólgnar í árlegri eingreiðslu. Í þessari greiðslu eru sameinaðar hinar ýmsu stuðningsgreiðslur sem bændur fengu áður eftir mismunandi styrkjakerfum fyrir hverja búgrein eða afurð. Eingreiðslukerfinu er ætlað að tryggja bændum sveifluminni afkomu með því að stuðningur verði ekki lengur tengdur framleiðslu. Ákvarðanir bænda, sem tengjast framleiðslunni, hafa því ekki lengur áhrif á hlut þeirra í framlögum

úr sameiginlegum sjóðum ESB eða aðildarríkjanna og ákvarðast frekar af markaðsþörf fyrir afurðina.

Framleiðslutengdur stuðningur hefur þó ekki verið afnuminn að fullu. Frá 2003 gátu aðildarríkin ákveðið að halda tilteknum hluta stuðnings, sem tengdist framleiðslu, en heimildir til þess eru nú almennt takmarkaðar. Ríki gátu þannig valið að viðhalda fjórðungi stuðnings (25%) út á akurlendi og helmingi stuðnings (50%) við sauðfjárrækt, geitarækt og til framleiðslu á nautgripakjöti sem framleiðslutengdum á móti öðrum greiðslum, fremur en að breyta alfarið yfir í stuðning sem er ótengdur framleiðslu. Á næstu árum er stefnt að því að falla frá framleiðslutengdum stuðningi, að undanskildum stuðningi við sauðfjárrækt, geitarækt og framleiðslu á nautakjöti.

Enn fremur gátu ríkin veitt sem svarar allt að 10% af stuðningsheimild sinni samkvæmt landbúnaðarstefnunni til annarra skilgreindra, framleiðslutengdra verkefna. Má þar helst nefna styrki til að bregðast við sérstökum aðstæðum kúa-, nautgripa-, sauðfjár- og geitabænda vegna efnahags- og umhverfisþátta. Einnig má nefna sem dæmi stuðning til gæðastýringar, markaðssetningar, dýravelferðar, heilbrigðis og umhverfisvænni framleiðsluaðferða. Ríkjunum er þá heimilað að halda óbreyttu fyrirkomulagi við veitingu framlaga til harðbýlla svæða (e. *Less Favored Areas*).

Að þessu viðbættu mega þær opinberu greiðslur, sem nýta má til framleiðslutengds stuðnings, ekki fara yfir tiltekið hámark hvort heldur sem þær eru fjármagnaðar úr sjóðum ESB eða aðildarríkjanna, m.a. til að tryggja að ESB standi við skuldbindingar sínar á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og til að jafna samkeppnisstöðu milli framleiðenda innan sambandsins.

Af einstökum sviðum má nefna að markaðskerfi mjólkurafurða hefur breyst umtalsvert. Horfið hefur verið frá lágmarksverði fyrir mjólk og hafa uppkaup til að tryggja lágmarksverð fyrir útfluttar mjólkurafurðir verið skert. Til að mæta þessari skerðingu voru teknar upp tímabundnar, framleiðslutengdar beingreiðslur til mjólkurbænda. Áætlað var að þessar greiðslur legðust af árið 2007 en þær hafa nú verið framlengdar út yfirstandandi ár. Mjólkurkvótar verða auknir um samtals 5%, eitt prósent á ári, til að stuðla að „mjúkri lendingu“ þegar kvótakerfið verður aflagt árið 2015 og koma í veg fyrir sveiflu á verði mjólkur til bænda.

1.5.1.2 Skilyrði greiðslna og eftirfylgni

Til að eiga rétt á greiðslum úr sjóðum ESB verða bændur að uppfylla kröfur sem settar eru á sviði landbúnaðar um heilbrigði fólks, dýra og jurta, umhverfisvernd og dýravernd. Jafnframt verður að tryggja að landið sé varðveitt sem landbúnaðarland og tekið mið af umhverfisvernd. Þetta á við hvort sem um er að ræða greiðslur samkvæmt eingreiðslukerfinu eða aðrar stuðningsgreiðslur sem landbúnaðurinn á rétt á. Séu skilyrði ekki uppfyllt eiga bændur á hættu að stuðningur verði ekki greiddur eða hann skerðist fyrir viðkomandi tímabil.

Eftirlit með reglufylgni er á ábyrgð hvers ríkis og hverju ríki ber að skilgreina og setja reglur um hvað telst vera vel starfræktur landbúnaður og umhverfisvænn búskapur. Þetta skal gert með hliðsjón af þeim landkostum sem eru fyrir hendi, að teknu tilliti til jarðvegsgæða og veðurfars, framleiðsluhátta, landnotkunar, sáðskipta, framleiðsluvenja og búskaparhátta, s.s. stærðar búa. Aðildarríkin hafa ríka upplýsingaskyldu gagnvart bændum vegna þessara skilyrða og almennt varðandi það regluverk sem þeir skulu starfa eftir. Hverju aðildarríki er þá skylt að starfrækja samþætt stjórnunar- og eftirlitskerfi sem sér m.a. um framkvæmd

stuðningskerfisins og eftirfylgni á landsvísu og á vettvangi þess eru teknar ákvarðanir um skerðingu eða brottfall stuðnings sé reglum ekki fylgt.

1.5.1.3 Sérlausnir

Landbúnaðarstefnunni er ætlað að taka mið af heildarhagsmunum í landbúnaði innan alls Evrópusambandsins. Niðurstaða samninga um þróun hennar og útfærslu getur því haft mismunandi áhrif á einstök ríki eða svæði. Þrátt fyrir að almenni ramminn sé hinn sami fyrir allt sambandið má finna fjölmörg dæmi þar sem sérstakt tillit er tekið til einstakra ríkja og héraða.

Í aðildarsamningum vegna undangenginna stækkana ESB hafa komið fram ný ákvæði og þannig nýtt lagaumhverfi til að bregðast við nýjum aðstæðum. Þetta gildir um aðild Bretlands, Danmerkur og Írlands upp úr 1970, aðild Finnlands, Svíþjóðar og Austurríkis á tíunda áratugnum, sem og við stækkun ESB til Austur-Evrópulanda og eyjanna í Miðjarðarhafi.

Skýrt dæmi eru þær sérlausnir sem Finnar og Svíar fengu framgengt í aðildarsamningum sínum. Þar er ríkjunum veitt varanleg heimild til að veita landbúnaðinum innlendan stuðning til viðbótar við stuðning úr sjóðum ESB, umfram önnur aðildarríki, með það að markmiði að tryggja landbúnað á norðlægum svæðum ríkjanna. Svæðin eru miðuð við landbúnaðarland norðan 62. breiddargráðu, þó með þeim frávikum að nærliggjandi svæði, þar sem veðurfar og framleiðsluskilyrði eru hliðstæð, falli einnig undir þessa heimild. Þetta þýðir í raun að Finnum og Svíum er heimilt að styrkja landbúnað sinn u.þ.b. 35% umfram önnur aðildarríki ESB.

Meginforsenda Evrópusambandsins fyrir veitingu þessarar heimildar var að opinber stuðningur og vernd fyrir landbúnaðinn á viðkomandi svæðum mundi minnka við aðild að ESB með tilsvarandi áhrifum á afkomu bænda. Ýmis atriði valda því að landbúnaður á norðurslóðum stendur verr að vígi varðandi fjárhagslega afkomu. Vaxtartími gróðurs innan þessara svæða er innan við 180 dagar og verulega styttri en í suðlægari ríkjum ESB sem leiðir af sér hlutfallslega lítinn jarðargróða og háan framleiðslukostnað. Landslagi er oft þannig háttað að land býla er takmarkað og dreift. Búseta er mjög dreifð, á mörgum svæðum innan við 10 íbúar á ferkílómetra, sem takmarkar markaðsþróun og jafnframt eru flutningsleiðir með afurðir oft langar og flutningurinn kostnaðarsamur.

Ýmis svæði innan ESB hafa verið skilgreind harðbýl og nýtur landbúnaður þar sérstaks stuðnings (e. *Less Favoured Areas*) en reglur um slíkan stuðning mótuðust í aðildarsamningum Bretlands frá árinu 1973. Tilgangurinn er að tryggja áframhaldandi búskap og búsetu á þessum svæðum. Allt landsvæði Finnlands fellur undir þessa skilgreiningu og nýtur því góðs af styrkjum úr sjóðum ESB á þessu sviði. Þess má þá geta að frá 2005 hefur Finnland reitt af hendi eigin greiðslur til viðbótar við harðbýlisstuðning ESB í samræmi við sérstakt samkomulag við framkvæmdastjórnina frá 2003.[1]

Sem dæmi er gagnlegt að taka mið af stuðningskerfi Finnlands. Landinu er skipt upp í sjö svæði og taka styrkgreiðslur mið af þessari svæðaskiptingu. Hreinar greiðslur úr sjóðum ESB, umhverfisstuðningur og harðbýlisstyrkir, ásamt innlendri viðbót, eru greiddar á öllum svæðum, en norðurslóðastuðningur er einungis til staðar norðan 62. breiddargráðu. Samtals

---

[1] Greiðslur vegna ræktarlands mega nema allt að 25 evrum á hektara. Uppbót vegna búfjárræktar má þó ekki vera umfram 80 evrur á hektara. Í samkomulaginu er einnig kveðið á um að samanlagðar greiðslur úr sameiginlegum sjóðum og innlendar viðbótargreiðslur megi ekki vera hærri en 250 evrur á hektara. Árið 2007 námu greiðslur um 95% af heildarheimild.

voru greiddir um tveir milljarðar evra til landbúnaðar í Finnlandi árið 2008, sem skiptist þannig að 40% eru greidd alfarið úr sameiginlegum sjóðum ESB en finnsk stjórnvöld greiða 60% upphæðarinnar. Almennar greiðslur, sem tengjast landbúnaðarstefnunni, námu 1.334 milljónum evra. Þar er um að ræða afkomustuðning (557 millj. evra), sem ESB greiðir að fullu, harðbýlisstuðning (423 millj. evra) og umhverfisstuðning (354 millj. evra) þar sem ESB greiðir fjórðung upphæðar. Sérstakur stuðningur til landbúnaðar og garðyrkju sem fjármagnaður var af finnska ríkinu samkvæmt aðildarsamningi þeirra nam um 560 milljónum evra í Finnlandi árið 2008. Þar af er norðurslóðastuðningurinn um 330 milljónir evra, stuðningur við Suður-Finnland 94 milljónir evra og viðbótargreiðslur við harðbýlisstyrki ESB nema 120 milljónum evra.

Norðurslóðastuðningur í Finnlandi er mjög víðtækur. Um 55,5% af öllu ræktarlandi eru innan þessa skilgreinda svæðis og njóta greiðslna í samræmi við það. Norðurslóðastuðningurinn samanstendur af greiðslum fyrir mjólkurframleiðslu, greiðslum eftir fjölda gripa (heimild vegna nautgripa, sauðfjár, geita, svína, hænsna, hesta og hreindýra) og greiðslum eftir stærð lands (á hvern hektara). Stuðningurinn felur einnig í sér greiðslur til ræktunar í gróðurhúsum, geymslustuðning í garðyrkju, berja- og svepparækt, sem og stuðning við unga bændur. Fyrirkomulagið er háð samþykki framkvæmdastjórnarinnar og áhrif norðurslóðastuðningsins í heild eru metin á fimm ára fresti. Árið 2007 fór fram slíkt mat og hafa Finnland og ESB náð samkomulagi um að halda stuðningnum áfram. Heimill norðurslóðastuðningur árið 2008 var 330 milljónir evra líkt og áður sagði, þar af um 170 milljónir evra til mjólkurframleiðslu og um 100 milljónir evra til gripagreiðslna. Norðurslóðastuðningur, sem er framleiðslutengdur, þarf að vera innan hámarks sem sett er fyrir hvert ríki.

1.5.1.4 Íslenskur landbúnaður

Innganga Íslands í ESB hefði án efa töluverð áhrif á landbúnaðinn og tengdar atvinnugreinar. Þar hefur ekki síst áhrif sú staðreynd að íslenskur markaður mundi opnast fyrir landbúnaðarvörur frá ESB, sem mundi auka samkeppni á markaðnum, en sú tollvernd sem nú er fyrir hendi mundi hverfa.

Ljóst er að íslenskur landbúnaður er talsvert fábrotnari og umfangsminni en í flestum löndum ESB. Hnattstaða Íslands er sem kunnugt er vel norðan 62° og því öll skilyrði fyrir því að íslenskur landbúnaður gæti fallið undir hliðstæðar undantekningar frá hinni almennu landbúnaðarstefnu og t.d. Finnland samdi um. Enn fremur hafa íslensk búfjárkyn lifað við nær algera einangrun frá landnámi, eru ræktuð við íslensk skilyrði og hafa ýmis sérkenni sem ekki finnast annars staðar. Segja má að hér sé um norræna arfleifð að ræða. Stofnarnir eru taldir næmir fyrir utanaðkomandi sýkingum eins og vel sást með hraðri útbreiðslu mæðiveiki, sem barst hingað með innfluttu sauðfé. Þessar forsendur skipta miklu máli við greiningu á hagsmunum í íslenskum landbúnaði.

Landbúnaðurinn hefur tekið miklum stakkaskiptum á undanförnum árum. Búin stækka, bændum fækkar og framleiðni hefur aukist í kjölfar tæknivæðingar. Tekjur bænda hafa þar til nýlega ekki dregist markvert saman en stóraukinn fjármagnskostnaður undanfarinna ára hefur nú veruleg áhrif á afkomu bænda. Bæði hér og erlendis eykst hluti hliðarbúgreina og ástundun annarrar vinnu með fram búskap. Vænta má að sú þróun haldi áfram og er tekið mið af því við mótun landbúnaðarstefnu ESB og við úthlutun fjármagns.

Kæmi til aðildar að ESB mundi tollvernd gagnvart ESB hverfa og innflutningur frá öðrum aðildarlöndum ESB yrði gerður frjáls. Hugsanleg sérákvæði vegna sérstöðu íslensks landbúnaðar gætu leitt til einhverra frávika. Þetta mundi líklega leiða til þess að verðlag til neyt-

enda færðist nær verðlagi sambandsins en alltaf verður þó óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir talsverðum verðmun vegna landfræðilegrar legu landsins og smæðar markaðarins. Enn fremur er talið að vegna tryggðar neytenda við innlenda framleiðslu geti hún staðið undir nokkuð hærra verðlagi án þess að tapa markaðshlutdeild. Framleiðendur og afurðastöðvar myndu því þurfa að mæta slíku með hagræðingu en að einhverju leyti kæmi til stuðningur til að mæta hinu nýja samkeppnisástandi. Um er að ræða almenna styrki til landbúnaðar í samræmi við landbúnaðarstefnuna, styrki til markaðssetningar, styrki til byggðaþróunar og flutningsstyrki vegna fjarlægðar framleiðenda við markaðssvæði, en einnig er veittur geymslustuðningur á sömu forsendum. Viðbrögð við sérstökum aðstæðum koma jafnan fram í aðildarsamningum, líkt og umfjöllun um samninga Finnlands hér að framan sýnir. Þar var leitast við að láta finnskan landbúnað standa sem næst jafnfætis fyrir og eftir aðild að sambandinu með samanlögðum stuðningi Finnlands og ESB. Eftir aðild hafa tekjur finnskra bænda að meðaltali dregist saman og búum fækkað nokkuð. Umdeilt er þó hvort um sé að ræða þróun sem hefði átt sér stað þrátt fyrir aðild þar sem finnska landbúnaðarkerfið hefði að öllum líkindum sætt endurskoðun hvort eð er. Afurðastöðvar hafa hins vegar styrkst og erlend markaðstækifæri aukist. Norðlægari svæði eru talin geta vel við unað en sumum búgreinum, sérstaklega kjöt- og mjólkurframleiðslu, hefur farnast betur en öðrum.

1.5.1.5 Vinnuhópur um landbúnaðarstefnuna

Í janúar 2008 skipaði utanríkisráðherra vinnuhóp til þess að fjalla um stöðu íslensks landbúnaðar gagnvart ESB, ásamt því að meta þær breytingar sem orðið hafa á landbúnaðarstefnu ESB frá síðustu úttekt sem gerð var árið 2003.[2]

Hópurinn hefur leitast við að greina hvernig íslenskum landbúnaði mundi farnast innan ramma hinnar sameiginlegu landbúnaðarstefnu ESB, s.s. hvaða breytingar yrðu á skipulagi landbúnaðar hér á landi, einkum að því er varðar styrki og skipulag markaðsmála, og hver sérstaða íslensks landbúnaðar sé sem nauðsynlegt væri að halda til haga við mat af þessu tagi. Eitt af verkefnum hópsins er að greina landbúnaðarstefnu ESB, ekki síst þær ólíku útfærslur sem er að finna meðal aðildarríkjanna, og meta fordæmin sem kynnu að felast í þeim fyrir íslenskan landbúnað. Í því tilliti hefur sérstaklega verið horft til Finnlands vegna norðlægrar legu og sérlausna sem fengust fyrir finnskan landbúnað í aðildarsamningum við ESB.

Á vegum nefndarinnar hefur Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hafið vinnu við hagfræðilega greiningu á íslenskum landbúnaði í samhengi við hina sameiginlegu landbúnaðarstefnu ESB. Þessari vinnu er ætlað að leiða í ljós hvort almennar ályktanir úttekta, sem unnar voru á árunum 2002–2003,[3] um hugsanlegan stuðning við íslenskan landbúnað innan ESB séu enn í góðu gildi eða hvort breytingar hafi orðið þar á. Tekið er tillit til fjölmargra þátta sem hafa áhrif á hagsmuni í íslenskum landbúnaði og leitast við að hafa greininguna eins ítarlega og kostur er þrátt fyrir að ýmsir óvissuþættir séu ávallt til staðar.

---

[2] Áfangaskýrsluna má nálgast á heimasíðu utanríkisráðuneytisins: http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/IslenskurLandbunAlthjodaumhverfi.pdf.

[3] Hagfræðistofnun vann skýrslu um efnið árið 2002 og það gerði einnig endurskoðunarskrifstofan Deloitte & Touche árið 2003, sjá fyrrnefnda áfangaskýrslu utanríkisráðuneytisins, Íslenskur landbúnaður í alþjóðlegu umhverfi, nóvember 2003.

1.5.2 Sjávarútvegsstefnan

Sjávarútvegsmál hafa verið á dagskrá ESB frá 1970, en hin sameiginlega sjávarútvegsstefna var fyrst mótuð heildstætt árið 1983 þegar hún tók á sig núverandi mynd. Þá sömdu aðildarríkin m.a. um að skipta heildarkvóta helstu fiskistofna sín á milli á grundvelli veiðireynslu og drógu þar með úr viðvarandi deilum um sókn í sameiginlega stofna. Þessi skipting hefur síðan haldist á grundvelli reglunnar um hlutfallslegan stöðugleika. Árið 1992 var sjávarútvegsstefnan endurskoðuð og mótuð til næstu 10 ára. Hið sama var gert í lok ársins 2002 og vinna við endurskoðun stendur nú yfir sem mun ljúka fyrir 2012.

Markmið hinnar sameiginlegu sjávarútvegsstefnu eru að auka framleiðni, tryggja sjómönnum sanngjörn lífskjör, stuðla að jafnvægi á mörkuðum, tryggja stöðugt framboð á vörum og tryggja neytendum sanngjarnt verð. Áhersla er lögð á að tryggja sjálfbærni sjávarútvegsins, bæði efnahagslega, umhverfislega og félagslega, sem og að vernda fiskistofna, tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra og draga úr áhrifum veiða á lífríki sjávar.

Sameiginleg sjávarútvegsstefna ESB er víðtæk stefna. Undir hana fellur ekki einungis fiskveiðistjórnun heldur einnig aðgerðir sem lúta að vernd fiskistofna, umhverfisáhrifum af fiskveiðum, flotastjórnun, aðgangi að hafsvæðum og höfnum, eftirliti og reglufylgni, fiskeldi, markaðsstefnu og alþjóðlegum veiðum.

1.5.2.1 Íslenskur sjávarútvegur

Sjávarútvegur er þjóðfélagslega mikilvægasta atvinnugrein Íslendinga og því forræði yfir sjávarútvegsauðlindinni mörgum hugleikið. Ljóst er að komi til aðildarviðræðna við ESB verður eitt helsta úrlausnarefnið hvernig hægt sé að tryggja íslenska hagsmuni innan sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar.

Íslenskur sjávarútvegur er að mörgu leyti þróaðri en sjávarútvegur í flestum aðildarríkjum ESB. Ástand fiskistofna við landið er gott og eftirlit með því besta sem þekkist. Ekkert bendir til að þessi árangur í fiskveiðistjórnun mundi glatast við aðild að ESB enda gæti fiskveiðistjórnunarkerfið að mestu staðið óbreytt eftir aðild. Eftirlit yrði sömuleiðis á hendi íslenskra yfirvalda.

Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, kynnti í Berlín árið 2002 hugmyndir um sérstakt fiskveiðistjórnunarsvæði innan íslensku lögsögunnar. Innan þess svæðis væru ákvarðanir um nýtingu staðbundinna stofna teknar af Íslendingum en samráð haft við aðildarríki ESB um nýtingu deilistofna. Við þessum hugmyndum þáverandi utanríkisráðherra fengust jákvæð viðbrögð frá ýmsum aðildarríkjum ESB. Þessi mál hafa hins vegar ekki verið til lykta leidd en ljóst er að þessar hugmyndir myndu falla vel að því að tryggja hagsmuni Íslands í sjávarútvegi gagnvart ESB.

1.5.2.2 Ákvarðanataka

Reglusetning og kvótaákvarðanir heyra undir ráðherraráð ESB en framkvæmdastjórnin gegnir lykilhlutverki í framkvæmd sjávarútvegsstefnunnar.

Ákvarðanir um aflamark tekur ráðherraráð ESB á grundvelli tillagna frá framkvæmdastjórninni. Við vinnslu tillagna sinna hefur framkvæmdastjórnin víðtækt samráð við svæðisbundin ráð (e. *Regional Advisory Council*) sem í sitja fulltrúar útgerða og sjávarbyggða, umhverfissamtaka og vísindamanna, auk þess sem vísindaráðgjafar er leitað hjá Alþjóðahafrannsóknaráðinu (ICES) og vísindaráði ESB á sviði sjávarútvegs. Hafrannsóknarstofnun starfar náið með Alþjóðahafrannsóknaráðinu og hafa Íslendingar þar fulltrúa í auðlindastjórnunarnefnd.

Formlega séð eru ákvarðanir teknar með auknum meirihluta í ráðherraráðinu. Raunin er þó sú að einungis þau ríki, sem deila viðkomandi stofnum og hafa þannig beina hagsmuni af ákvörðuninni, koma þar að. Því mætti t.d. segja að ákvörðun um aflamark í Svartahafi sé í raun ekki tekin af öðrum en fulltrúum Rúmeníu og Búlgaríu þó að önnur aðildarríki geti komið sínum athugasemdum að. Framkvæmd ákvarðana ráðsins er í höndum framkvæmdastjórnarinnar, en í vissum tilfellum getur ráðið einnig framselt reglusetningarvald til framkvæmdastjórnarinnar.

Aðildarríki ákveða sjálf hvaða kerfi þau nota við ráðstöfun á sínum landskvóta. Af aðildarríkjum ESB hafa einungis Holland og Danmörk tekið upp kerfi með framseljanlegum kvótum, líkt og Íslendingar, en flest þeirra vilja tengja sjávarútveginn við sjávarbyggðir með tryggum hætti og heimila því ekki framsal. Þar sem löggjöf um úthlutun kvóta er ekki samræmd gæti íslenska kvótakerfið staðið í óbreyttri mynd innan ESB.

1.5.2.3 Hlutfallslegur stöðugleiki

Samkvæmt reglunni um hlutfallslegan stöðugleika á hvert aðildarríki ESB rétt á að fá ákveðinn hluta af heildarkvóta sambandsins á grundvelli veiðireynslu. Reglan felur í sér að við aðild Íslands að ESB myndu aðrar þjóðir ekki fá veiðiheimildir á Íslandsmiðum, enda engri veiðireynslu erlendra skipa fyrir að fara á síðustu árum. Í aðildarviðræðum er samið um hvaða tímabils skuli litið til við ákvörðun á veiðireynslu. Hefur komið fram í viðræðum við sérfræðinga ESB að reynt yrði að finna tímabil sem sýnir eðlilega mynd af veiðum síðustu ára. Við aðildarsamning Norðmanna frá 1994 var almennt litið til veiðireynslu síðustu 1–10 ára á undan eftir því um hvaða stofna var að ræða.

Sjávarútvegsstefna ESB byggist ekki á sameiginlegu eignarhaldi yfir auðlindinni heldur á sameiginlegri nýtingu hennar og samráði við ákvörðun aflamarks. Því er reglan um hlutfallslegan stöðugleika ein af grundvallarstoðum sameiginlegu fiskveiðistefnunnar. Raunar er reglan líka ein af grundvallarreglum í skiptingu deilistofna um allan heim. Hafa ber í huga í þessu sambandi að meginreglur ESB fela í sér að aðildarríkjum er heimilt að veiða hlutdeild sína í deilistofnum í lögsögu annarra aðildarríkja sambandsins sem fæli að óbreyttu í sér heimild ríkja ESB til að veiða sína hlutdeild í íslenskri lögögu en að sama skapi rétt íslenskra skipa til veiða slíkra stofna í lögsögu aðildarríkja ESB.

Þetta þýðir þó ekki að reglan sé óbreytanleg enda á hún sér stoð í afleiddum rétti ESB.[4] Framkvæmdastjórn ESB hefur kannað afstöðu aðildarríkja sambandsins til endurskoðunar reglunnar sem hluta af endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar árið 2012. Svörin hafa verið á þá leið að 26 af 27 aðildarríkjum höfnuðu því með öllu. Einungis Holland, sem býr við öfluga útgerð, var tilbúið að íhuga slíkar breytingar. Því má ljóst vera að ekki verður hróflað við þessari grundvallarreglu til lengri tíma litið.

1.5.2.4 Fjárfestingar í sjávarútvegi og kvótahopp

Lög um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri takmarka heimildir útlendinga til fjárfestinga í sjávarútvegi hér á landi. Við gerð EES-samningsins var fallist á þessa undanþágu frá meginreglum samningsins um frjálsar fjárfestingar og bann gegn mismunun á grundvelli þjóðernis. Markmið þessa var að koma í veg fyrir að kvóti væri seldur úr landi (kvótahopp) og stuðla að því að afrakstur sjávarútvegsins héldi áfram að styðja við atvinnu í dreifðum byggðum landsins enda um að ræða lykilatriði í efnahagslífi þjóðarinnar.

---

[4] 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 2371/2002.

Meginregla Evrópusambandsins er að ekki sé heimilt að banna fjárfestingar erlendra aðila. Á sviði sjávarútvegs hafa aðildarríki ESB því gripið til annarra ráðstafana til að koma í veg fyrir kvótahopp. Kvótahopp hefur verið mest áberandi á Englandi vegna þess að þarlend löggjöf gerði erlendum aðilum það auðvelt að kaupa þar skip og fá úthlutað kvóta. Við þessu var brugðist með setningu löggjafar sem gerir útgerðum skylt að sýna fram á raunveruleg efnahagsleg tengsl við það ríki þar sem skip er skráð og kvóta úthlutað. Er þá gert að skilyrði að ákveðnum hluta afla sé landað á Englandi, áhöfn þar búsett eða að ákveðinn hluti útgjalda viðkomandi útgerðar falli þar til. Önnur ríki ESB hafa ekki orðið fyrir barðinu á kvótahoppi í sama mæli. Sem dæmi má nefna að Skotar telja að innan við 5% af heildarkvóta þeirra sé úthlutað til fiskiskipa í eigu erlendra aðila.

Hættan á kvótahoppi ræðst nær eingöngu af innlendri löggjöf. Það verkefni bíður stjórnvalda að setja upp girðingar gegn kvótahoppi komi til aðildar Íslands að ESB.

1.5.2.5 Meðafli og brottkast

Afli fiskiskipa samanstendur ætíð af blöndu tegunda. Þetta skapar vandamál við úthlutun kvóta þar sem hætta er á að skip veiði tegundir, sem það á ekki kvóta fyrir, sem meðafla. Samkvæmt íslenskum lögum er bannað að kasta meðafla. Skipum er skylt að landa honum og kaupa kvóta fyrir þær tegundir sem þau landa en eiga ekki kvóta fyrir.

Slíku er ekki fyrir að fara í ESB þar sem fjölmörg aðildarríki hafa ekki framseljanlegar aflaheimildir. Til þess að skip sæki ekki sérstaklega í meðafla er þeim því gert skylt að kasta þeim tegundum sem þau veiða en eiga ekki kvóta fyrir. Þetta fyrirkomulag er umdeilt og sætir mikilli gagnrýni. Framkvæmdastjórnin hefur því stigið ákveðin skref í átt að brottkastsbanni. Sem dæmi má nefna að í nýlegum samningi ESB við Noreg um veiðar úr sameiginlegum stofni er kveðið á um brottkastsbann auk þess sem framkvæmdastjórnin skuldbindur sig til að endurskoða núverandi reglur fyrir árið 2012. Bendir flest til þess að brottkastið verði úr sögunni innan ekki mjög langs tíma.

1.5.2.6 Stuðningur við sjávarútveg

Innan ESB njóta útgerðir, sjómenn og sjávarbyggðir margvíslegs stuðnings. Á þetta m.a. við um kaup útgerða á nýjum veiðarfærum, aðlögun flota eða annarra aðgerða til að draga úr veiðigetu. Sjómenn njóta stuðnings til menntunar eða til að snúa sér að öðru starfi þar sem þeir hafa þurft að láta af sjómennsku. Þá njóta sjávarbyggðir, sem orðið hafa fyrir tekju- og atvinnutapi vegna minnkandi fiskgengdar, stuðnings til uppbyggingar atvinnustarfsemi.

Útgjöld til sjávarútvegsmála hafa farið vaxandi undanfarin ár en hlutfallslegt vægi sjávarútvegs í efnahagskerfi Evrópusambandsins er þó lítið. Í samræmi við það eru fjárframlög Evrópusambandsins til sjávarútvegsstefnunnar lítill hluti af heildarútgjöldum sambandsins. Fyrir tímabilið 2007–2013 hljóða fjárlög sambandsins upp á 864 milljarða evra,[5] en sjávarútvegssjóðurinn (e. *European Fisheries Fund*) hefur aðeins um 4,3 milljarða evra til ráðstöfunar. Mestur stuðningur fer til Spánar og Póllands en árlega fá aðilar í hvoru ríki um sig yfir 100 milljónir evra.

1.5.2.7 Markaðsaðgangur

Sjávarafurðir falla ekki undir EES-samninginn. Þrátt fyrir þetta nýtur Ísland mikilla tollfríðinda fyrir sjávarafurðir sem seldar eru til aðildarríkja ESB á grundvelli tvíhliða samninga

---

[5] *Portal on EU Funding* 2007–2013: http://www.2007-2013.eu/.

við ESB. Fullir tollar eru greiddir af 2% útflutnings til ESB og lægri tollar af öðrum tegundum. Engu að síður getur verið um verulegar upphæðir að ræða í vissum tilfellum og árið 2007 voru heildartollgreiðslur yfir 420 milljónir íslenskra króna miðað við þáverandi gengi evru. Almennt séð hækka tollar eftir því sem vörur eru meira unnar og hefur reynst mjög erfitt að semja við ESB um tilslakanir á tollum á fullunnar vörur. Kæmi til aðildar Íslands að ESB mundu tollar á sjávarafurðir falla niður að fullu.

1.5.2.8 Samningar við þriðju ríki og fyrirsvar hjá alþjóðastofnunum

Stofnanir ESB fara með óskorað vald í málefnum, tengdum sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni, þegar kemur að samningum við þriðju ríki. Framkvæmdastjórnin kemur fram fyrir hönd aðildarríkjanna og semur í umboði þeirra. Slíkt framsal á samningsforræði til framkvæmdastjórnar ESB hefur þó ekki áhrif á úthlutun veiðiréttinda á grundvelli veiðireynslu. Þannig myndu veiðiréttindi á grundvelli núverandi samninga Íslands við þriðju ríki standa óhögguð við aðild að ESB.

Framkvæmdastjórnin kemur fram fyrir hönd aðildarríkjanna hjá alþjóðastofnunum þar sem til umfjöllunar eru mál sem tengjast sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni. Er þar fyrst og fremst um að ræða stofnanir þar sem samið er um veiðar úr deilistofnum, s.s. Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin (NEAFC) og Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunin (NAFO). Af þessu leiðir að kæmi til aðildar Íslands að ESB myndu samningaviðræður við aðildarþjóðir ESB eiga sér stað innan stofnana ESB frekar en innan framangreindra stofnana (NEAFC og NAFO). Að því er varðar samninga við þriðju ríki mundi framkvæmdastjórninni vera falið að gæta hagsmuna Íslendinga í samningaviðræðum, þ.m.t. innan Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar og Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar.

1.5.2.9 Endurskoðun sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu ESB

Þeir þættir sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar, sem varða verndun nytjastofna og stjórnun fiskiskipaflotans, eru bundnir endurskoðun fyrir lok árs 2012. Þetta eru einnig þeir tveir þættir stefnunnar sem hafa helst verið gagnrýndir.

Markmið sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar er að tryggja nýtingu lifandi auðlinda sjávar á þann hátt að tryggð séu sjálfbær umhverfis- og félagsleg skilyrði. Sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni hefur mistekist að ná þessum markmiðum sínum og nú er svo komið að 30% nytjastofna sambandsins eru nýttir umfram líffræðileg öryggismörk og 80% eru veiddir umfram hámarksveiðiþol (e. *maximum sustainable yield*).[6] Fiskiskipaflotinn er enn þá of stór og tækniframfarir hafa aukið afkastagetu skipanna um 2–4% á ári en þeim hefur hins vegar ekki fækkað að sama skapi. Þá hefur framboð á hráefni inn á evrópskan markað minnkað.

Framkvæmdastjórnin telur að það sem leitt hafi til þessarar stöðu séu einkum óhóflegir ríkisstyrkir, ófullnægjandi eftirlit, tækniframfarir og skortur á pólitískum vilja til að taka á vandamálinu. Bent hefur verið á að eftirlit með fiskveiðum er ófullnægjandi og því ekki tekið á of mikilli afkastagetu fiskiskipa ESB. Ákvarðanir ráðsins um heildaraflamark hafa jafnframt í mörg ár einkennst af efnahagslegum skammtímasjónarmiðum.[7]

Við núverandi endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar leggur framkvæmdastjórnin einna helst áherslu á vistfræðilega sjálfbærni fiskveiða. Stefnt er að því að þeir sem starfi innan at-

---

[6] Skv. upplýsingum frá Matvæla- og landbúnaðarstofnun SÞ (FAO) eru stundaðar veiðar umfram hámarksveiðiþol á um 25% nytjastofna í heiminum.

[7] Sérstök skýrsla Endurskoðunarréttarins (e. *Court of Auditors*) nr. 7/2007, (OJ 2007/C 317/01).

vinnugreinarinnar axli sjálfir ábyrgð á sjálfbærri nýtingu auðlinda. Því er nauðsynlegt að finna hvata fyrir þá sem starfa við greinina til að umgangast auðlindina á ábyrgan hátt og snúa núverandi ástandi við. Í þessu samhengi er helst litið til úthlutunar varanlegrar aflahlutdeildar, en þannig hafi útgerðir beinan hag af viðhaldi fiskistofna. Á hinn bóginn mundi það raska reglunni um hlutfallslegan stöðugleika sem nánast öll aðildarríkin vilja viðhalda. Loks telur framkvæmdastjórnin nauðsynlegt að taka tillit til svæðisbundinna þátta, t.d. strandsvæða sem byggja afkomu sína að mestu leyti á fiskveiðum.

Framkvæmdastjórnin telur að þar til endurskoðun stefnunnar verði lokið sé nauðsynlegt að grípa til aðgerða innan ramma núverandi regluverks. Fyrri endurskoðun leiddi til trúverðugri vísindaráðgjafar, aukins samráðs við hagsmunaaðila og viðurkenningar á nauðsyn langtímalausna. Nú hafa verið settar reglur sem eiga að taka á ólöglegum fiskveiðum, unnið er að nýrri stefnu um brottkast og unnið er að heildarendurskoðun eftirlitskerfisins. Innan núverandi regluverks er því ákveðið svigrúm til að gera betur.

Stefnt er að kynningu á grænbók um endurskoðunina í apríl 2009 en þar verður vandinn greindur og lagðar fram tillögur að úrbótum. Þá fer í gang samráðsferli þar sem hagsmunaaðilar hafa tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri. Formlegra tillagna er síðan að vænta árið 2010 þegar ný framkvæmdastjórn hefur tekið við völdum. Lagasetningarferlið hefst síðan árið 2011. Endurskoðuninni á að vera lokið fyrir árslok 2012, en gert er ráð fyrir því að íslenskur sérfræðingur vinni við hana næstu misserin.

1.5.2.10 Vinnuhópur um sjávarútvegsstefnuna

Utanríkisráðuneytið hefur á liðnum árum fylgst gaumgæfilega með þróun sjávarútvegsstefnu ESB. Árið 2004 kom út skýrsla starfshóps á vegum utanríkisráðuneytisins, sjávarútvegsráðuneytisins og hagsmunasamtaka í íslenskum sjávarútvegi þar sem mat var lagt á stöðu og horfur í íslenskum sjávarútvegi andspænis framþróun Evrópusambandsins.[8] Þar sem sjávarútvegsstefna ESB er í stöðugri mótun, og stefnt er að endurskoðun hennar fyrir árið 2012, hefur á ný verið settur saman vinnuhópur á vegum ráðuneytisins. Hefur hópurinn leitast við að útskýra þær breytingar sem hafa orðið frá því fyrri skýrslan var unnin og greina íslenska hagsmuni í því samhengi. Það efni, sem þegar hefur verið unnið fyrir hópinn um ákveðna þætti stefnunnar, er aðgengilegt á heimasíðu utanríkisráðuneytisins.[9]

1.5.3 Byggðastefnan og dreifbýlisstefnan

Í byggðastefnu og dreifbýlisstefnu ESB er Lissabonferlið haft að leiðarljósi þar sem áhersla er m.a. lögð á framþróun á sviði rannsókna og tækni, þekkingarsamfélag, nýsköpun, verndun umhverfisins og aðlögunarhæfni vinnuafls. Við mótun núverandi stefna, sem gilda fyrir tímabilið 2007–2013, var leitast við að einfalda ferlið við framkvæmd þeirra, útdeilingu styrkja og eftirlit. Í meginatriðum móta stofnanir sambandsins þann ramma sem unnið er innan, en aðildarríkin eða svæðin hafa svigrúm til að móta áherslur út frá eigin hagsmunum og aðstæðum.

1.5.3.1 Byggðamál

Þrjú meginmarkmið einkenna byggðastefnuna: í fyrsta lagi að auka samleitni svæðisins í heild, í öðru lagi að tryggja samkeppnishæfni og atvinnu á tilteknum svæðum og í þriðja

---

[8] Skýrslan er aðgengileg á eftirfarandi vefslóð: http://www.utanrikisraduneyti.is/utgefid-efni/2004/.
[9] http://www.utanrikisraduneyti.is/nyr-starfssvid/vidskiptasvid/verkefni/vinnuhopur2.

lagi að auka samvinnu milli hinna ýmsu landsvæða sambandsins. Til þess að ná fram þessum markmiðum veitir Evrópusambandið tæplega 350 milljörðum evra til byggðamála á árunum 2007–2013 sem er um þriðjungur heildarfjárlaga sambandsins. Það eru aðallega þrír uppbyggingarsjóðir sem veita styrki til verkefna í aðildarríkjunum, þ.e. samstöðusjóður, byggðaþróunarsjóður og félagsmálasjóður.

Ráðherraráð ESB samþykkti í byrjun október 2006 heildarramma núverandi stefnu á grundvelli tillagna frá framkvæmdastjórn sambandsins.[10] Tillögur framkvæmdastjórnarinnar voru lagðar fram að höfðu nánu samráði við aðildarríkin. Ákveðin grundvallarsjónarmið liggja stefnunni til grundvallar, s.s. að styrkveiting frá ESB komi til viðbótar við framlög aðildarríkjanna en ekki í þeirra stað. Jafnframt er lögð áhersla á meðalhóf og jafnrétti kynjanna við ákvörðun verkefna. Á grunni heildarrammans unnu öll aðildarríkin rammaáætlanir þar sem forgangsmál þeirra eru tilgreind ásamt lykilþáttum varðandi framkvæmd stefnunnar. Þar er m.a. að finna greiningu á félagshagfræðilegum aðstæðum í ríkjunum og lýsingu á því hvernig ríkin stuðla að því með sínum áherslumálum að markmiðum Lissabonferlisins verði náð.

Í rammaáætlunum aðildarríkjanna eru jafnframt tilteknar áætlanir sem aðildarríkin telja að geti stuðlað að því að ná þeim markmiðum sem stefnt er að á viðkomandi svæðum. Sérhver áætlun spannar allt tímabil stefnunnar, þ.e. árin 2007–2013, og varðar yfirleitt einungis eitt af þremur meginmarkmiðum byggðastefnunnar. Sú nýbreytni er í núverandi byggðastefnu að sérhver áætlun fær einungis styrki úr einum sjóði sambandsins. Þetta er gert til þess að einfalda alla yfirsýn og eftirfylgni. Framkvæmdastjórn ESB þarf að samþykkja sérhverja áætlun með það fyrir augum að hún stuðli að heildarmarkmiðum sambandsins og falli innan rammaáætlunar viðkomandi ríkis. Þegar slíkt samþykki liggur fyrir er það í höndum aðildarríkjanna sjálfra að framkvæma áætlanirnar, velja þau verkefni sem rétt er að styrkja, ásamt því að fylgjast með og meta árangur þeirra.

Greiðslur styrkja fara fram einu sinni á ári og í þremur áföngum til hverrar áætlunar um sig. Eftirlit er aðallega í höndum aðildarríkjanna sjálfra en framkvæmdastjórnin fylgist jafnframt með framvindu mála. Fyrir sérhverja áætlun ríkis þarf að koma upp nokkrum fjölda eftirlitsaðila til þess að fylgja á eftir verkefnum og miðla upplýsingum til framkvæmdastjórnarinnar.[11]

1.5.3.2 Dreifbýlismál

Dreifbýlisstefna ESB er í raun annar meginstólpi landbúnaðarstefnu sambandsins, en rétt þykir að fjalla um hana í tengslum við byggðastefnuna vegna samtvinnunar við hana og sameiginlegs mikilvægis fyrir dreifbýl svæði sambandsins. Stefnan er mótuð í kringum þrjú meginmarkmið: a) samkeppnishæfni, b) umhverfissjónarmið og c) lífsgæði. Þvert á þessi markmið gengur svokallað LEADER-verkefni (e. *links between actions for the development of the rural economy*), sem er ætlað að virkja almenning og fyrirtæki á viðkomandi svæðum til að koma að hugmyndavinnu og taka þátt í verkefnum sem þar eru unnin. Til að ná þessum markmiðum veitir sambandið um 100 milljörðum evra í styrki úr einum meginsjóði (e. *European Agricultural Fund for Rural Development*) á tímabilinu 2007–2013, en einnig er

---

[10] http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2006:291:0011:0032:EN:PDF.

[11] Sem dæmi má nefna umsjónarstjórnvald, sem ber ábyrgð á skilvirkni og réttri framkvæmd viðkomandi áætlunar, vottunaryfirvald, sem er ætlað að miðla til framkvæmdastjórnarinnar staðfestum upplýsingum um fjármagnsnotkun og beiðnir um útgreiðslur styrkja, og eftirfylgnisnefnd sem á að tryggja skilvirkni áætlananna og í sitja efnahagslegir og félagslegir fulltrúar þeirra aðila sem að þeim koma.

að finna sérstaka sjóði til stuðnings landbúnaði annars vegar og sjávarútvegi hins vegar sem báðir nýtast strjálbýlum svæðum sambandsins vel og fjallað er stuttlega um í köflum skýrslunnar um landbúnaðarstefnu og sjávarútvegsstefnu sambandsins.

Gert er ráð fyrir ákveðnum sveigjanleika í kerfinu. Þannig geta aðildarríkin sjálf ákveðið hversu mikið fjármagn fer í sérhvert markmið stefnunnar eftir aðstæðum og áherslum á hverju svæði. Þó er gert ráð fyrir því að hvert markmið um sig nái lágmarkshlutdeild en ákveðin lágmarksprósenta heildarfjármagns til byggðamála þarf að tengjast tilteknum markmiðum: 10% til styrkingar samkeppnishæfni, 25% í umhverfismál, 10% til að auka lífsgæði og 5% í Leader-verkefnið. Að þessum kröfum uppfylltum er aðildarríkjunum að miklu leyti í sjálfsvald sett hvernig fjárframlögum er dreift til verkefna svo framarlega sem þau samræmast grundvallarsjónarmiðum í stefnu ESB.

Skipulag varðandi mótun stefnunnar er sambærilegt því sem áður hefur verið sagt um mótun byggðastefnunnar. Þannig samþykkti ráðherraráð ESB heildarramma í febrúar 2006 en þar eru meginlínurnar dregnar til viðmiðunar og eftirfylgni fyrir aðildarríkin. Jafnframt er lögð sú skylda á aðildarríkin að vinna landsáætlun í dreifbýlisþróun, sem er ætlað að draga fram þau svið þar sem stuðningur ESB getur komið að sem bestum notum, ásamt því að tryggja samræmi við aðrar stefnur ESB, sérstaklega í byggðamálum og umhverfismálum.

Eftirlit með framkvæmd stefnunnar er mestmegnis í höndum aðildarríkjanna líkt og í byggðamálum. Sérhverju aðildarríki ber að koma upp tengslaneti aðila sem vinna að dreifbýlisþróun í viðkomandi ríki, með það að markmiði að greina virkni stefnunnar, skiptast á upplýsingum og undirbúa þjálfun á þessu sviði. Á vettvangi ESB er svo að finna samevrópskt net til stuðnings og samræmingar.

1.5.3.3 Nánar um sjóði og framlög

Fjárframlög til aðildarríkjanna á sviði byggðamála koma úr þremur sjóðum sem eru eftirfarandi: byggðaþróunarsjóður (e. *regional and development fund*) sem hefur 203 milljarða evra til ráðstöfunar á því tímabili sem vinna skal að núverandi stefnu, félagsmálasjóður (e. *social fund*) með 75 milljarða evra og samstöðusjóður (e. *cohesion fund*) með 70 milljarða evra á sama tímabili. Þessu til viðbótar er að finna sjóði sem varða dreifbýlisstefnuna. Er þar helst um að ræða dreifbýlisþróunarsjóðinn (e. *agricultural fund for rural development*), sem hefur um 100 milljarða evra til ráðstöfunar á núverandi tímabili en einnig eru til sjóðir til stuðnings sjávarútvegsstefnunni og landbúnaðarstefnunni sem ekki verður fjallað sérstaklega um hér.

Hlutverk byggðaþróunarsjóðs ESB er að jafna það bil sem er á milli þróunar hinna ólíku svæða sambandsins. Áhersluatriði sjóðsins eru m.a. rannsóknir, nýsköpun, umhverfismál og uppbygging innviða samfélagsins. Sjóðurinn veitir styrki í öllum löndum sambandsins og í reglum hans eru sérstök ákvæði um styrki til strjálbýlla, afskekktra svæða sem Ísland mundi að einhverju leyti falla undir. Sem dæmi má nefna að gert er ráð fyrir að sjóðurinn veiti tæplega einum milljarði evra til verkefna í Finnlandi og um 450 milljónum evra til verkefna á Möltu á þessu sviði á tímabilinu 2007–2013.

Félagsmálasjóðurinn stuðlar að bættum atvinnumöguleikum, hærra atvinnustigi og betri starfshæfni vinnuafls á viðkomandi svæðum. Þetta markmið tengist sterklega Lissabonferlinu sem er m.a. ætlað að auka samkeppnishæfni sambandsins og gera ESB að framsæknasta þekkingarhagkerfi veraldar. Sjóðurinn veitir styrki í öllum löndum sambandsins og m.a. er gert ráð fyrir því að um 600 milljónir evra renni til verkefna í Finnlandi og rúmlega 100 milljónir evra til verkefna á Möltu á núverandi tímabili.

Hlutverk samstöðusjóðsins er að styrkja efnahagslega og félagslega samstöðu og auka þannig stöðugleika og sjálfbæra þróun svæðisins. Slíkt felst m.a. í því að bæta samgöngur, auka umhverfisvitund og leggja áherslu á endurnýjanlega orku. Sjóðurinn styrkir einungis verkefni frá aðildarríkjum þar sem vergar þjóðartekjur á mann eru undir 90% af meðaltali sambandsins í heild.[12] Á núverandi tímabili, 2007–2013, er m.a. gert ráð fyrir því að Malta fái um 285 milljónir evra og Pólland um 22 milljarða evra úr sjóðnum.

Dreifbýlisþróunarsjóðurinn veitir stuðning til verkefna sem stuðla að aukinni samkeppnishæfni, umhverfisvernd og bættum lífsgæðum íbúa viðkomandi svæðis en þessir þrír þættir eru meginmarkmið dreifbýlisstefnu ESB. Öll dreifbýlissvæði sambandsins geta sótt um stuðning úr sjóðnum en einungis ákveðin svæði eru hluti af fyrrnefndu LEADERverkefni, sem samanstendur af forgangsverkefnum allra þriggja markmiða og er ætlað að bæta stjórnsýslu og virkja þróunarmöguleika viðkomandi svæða. Sjóðurinn veitir styrki í öllum löndum sambandsins og sem dæmi má nefna að gert er ráð fyrir því að rúmir 2 milljarðar evra renni til svæða í Finnlandi og um 76 milljónir evra til svæða á Möltu á núverandi tímabili.

1.5.3.4 Íslensk byggðastefna

Starf stjórnvalda að byggðamálum er fyrst og fremst skilgreint í byggðaáætlun. Lögum samkvæmt lýsir áætlunin markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu. Í núgildandi byggðaáætlun (fyrir 2006–2009) er lýst eftirfarandi þremur meginmarkmiðum:

a. Að landshlutakjarnar verði efldir en jafnframt hugað sérstaklega að leiðum til þess að treysta búsetu í þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun.
b. Að byggðarlög nái að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum á atvinnuháttum.
c. Að atvinnulíf, menntun, menning og félagslegt jafnræði verði styrkt á landsbyggðinni. Til að ná þessum markmiðum er í verkefnavali sérstök áhersla lögð á gildi menntunar og menningar, aukna nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfsemi, ásamt bættum samgöngum og fjarskiptum.

Byggðastofnun vinnur að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Stofnunin fylgist jafnframt með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum.

Fjárframlög til byggðamála hér á landi voru um einn milljarður króna á árinu 2008. Skiptist þessi upphæð til helminga í framlög til byggðaáætlunar annars vegar og Byggðastofnunar hins vegar. Ef tekið er mið af þeim fjármunum sem Finnland fær samkvæmt núverandi stefnu ESB, miðað við þær forsendur sem gefnar voru árið 2003, mætti gera ráð fyrir því að Ísland fengi um 16–20 milljónir evra á ári úr sjóðum Evrópusambandsins sem gera um 2,4–3 milljarða íslenskra króna miðað við gengi evru 150. Þessu til viðbótar mætti gera ráð fyrir samsvarandi mótframlagi íslenskra stjórnvalda þar sem stuðningur ESB kemur ekki í stað annars stuðnings heldur til viðbótar. Þannig er gert ráð fyrir því að ef Ísland gerði ráð fyrir að nýta að fullu framlag ESB mundu íslensk stjórnvöld leggja samsvarandi fjárhæð fram í mótframlag.

---

[12] Fyrir núgildandi tímabil eru það Búlgaría, Kýpur, Tékkland, Eistland, Grikkland, Ungverjaland, Lettland, Litháen, Malta, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Slóvakía og Slóvenía sem uppfylla þetta skilyrði.

Af framansögðu er ljóst að aðild að Evrópusambandinu mundi hafa mikinn ávinning í för með sér fyrir byggðir landsins. Er þar um að ræða verulega aukið fjármagn til byggðamála en ekki síður aðgang að þekkingu, reynslu og tengslaneti sem byggðir sambandsins búa yfir. Að því er stjórnsýslu og mótun stefnunnar hér á landi varðar liggur fyrir að kæmi til aðildar að sambandinu yrðu ríkar kröfur gerðar til stjórnvalda í þessum efnum. Stefna sambandsins er unnin til lengri tíma en gert er hér á landi og gerð er krafa um víðtæka greiningu á stöðu og hagsmunum einstakra svæða, sem og ströngu eftirliti og eftirfylgni með þeim verkefnum sem hljóta stuðning úr sjóðum sambandsins.

1.5.3.5 Vinnuhópur um stefnu í byggða- og dreifbýlismálum

Utanríkisráðherra skipaði nefnd í því skyni að greina stefnu Evrópusambandsins í byggða- og dreifbýlismálum. Er þetta liður í því að fylgjast með þróun mála og leggja mat á breytingar út frá hagsmunum Íslendinga, að höfðu samráði við innlenda sérfræðinga og hagsmunaaðila. Mun nefndin m.a. skoða sérstaklega hvernig stefna sambandsins fellur að byggðastefnu íslenskra stjórnvalda og hvaða áhrif hugsanleg aðild Íslands að sambandinu kynni að hafa í því sambandi.

1.5.4 Norðurslóðir

Áhugi Evrópusambandsins á málefnum norðurslóða fer vaxandi í kjölfar aukins mikilvægis auðlinda svæðisins og opnun þess fyrir siglingum. ESB hefur mikla hagsmuni af opnun Norður-Íshafsins fyrir siglingum og bættum aðgangi að auðlindum þess. Haustið 2008 gaf framkvæmdastjórnin út stefnuyfirlýsingu um norðurslóðir og var m.a. leitað til íslenskra sérfræðinga við undirbúning hennar.

Halda má því fram að öll málefni Íslands séu á einn eða annan hátt norðurslóðamál. Íslensk stjórnvöld fagna því aukinni áherslu ESB á málefni norðurslóða og yfirlýstum áformum um stuðning og samstarf við samfélög norðurslóða. Ekkert aðildarríki ESB á land að Norður-Íshafi nema Danmörk vegna Grænlands sem þó er ekki aðili að ESB.

Norðurslóðastefna ESB skiptist í þrjá meginþætti sem allir skipta Ísland verulegu máli:

1) Náttúruvernd og rannsóknir í samvinnu við íbúa svæðisins.

Meginmarkmiðið er að draga úr eyðileggjandi áhrifum loftslagsbreytinga á náttúru og lífríki svæðisins og auðvelda aðlögun að þeim. Lagðar eru fram tillögur að fyrirbyggjandi aðgerðum og viðbrögðum við óhjákvæmilegum breytingum. Þar er lögð áhersla á auknar rannsóknir og vöktun sem skiptir miklu máli fyrir Íslendinga. Enn fremur er ítrekað mikilvægi fjölþjóðlegs samstarfs til að ná sem bestum árangri á þessu sviði.

2) Sjálfbær auðlindanýting og siglingar.

Í sjávarútvegsmálum er yfirlýst markmið norðurslóðastefnu ESB „að tryggja sjálfbæra nýtingu fiskistofna á norðurskautssvæðinu jafnframt því sem réttur strandsamfélaga skuli virtur“. Bent er á að ESB sé einn mikilvægasti markaðurinn fyrir sjávarafurðir frá norðurslóðum jafnvel þótt tiltölulega lítill hluti þeirra sé veiddur af skipum ESB-ríkja.

ESB hefur lýst því yfir að ekki verði hafnar veiðar á svæðum Norður-Íshafsins, sem opnast vegna minnkandi hafíss, án sjálfbærs veiðistjórnunarkerfis. Þetta er í samræmi við stefnu íslenskra stjórnvalda um að sjálfbær veiðistjórnun með langtímahagsmuni í sjávarútvegi að leiðarljósi sé grunnskilyrði fyrir inngöngu í ESB.

ESB hefur mikilla hagsmuna að gæta varðandi auðlindanýtingu á norðurslóðum. Ríki ESB eru flest háð innflutningi á olíu og gasi og tilkoma nýrra vinnslusvæða í norðri skiptir miklu máli fyrir orkuöryggi sambandsins. Rík áhersla er lögð á notkun umhverfisvænna vinnslu-

aðferða sem verndi viðkvæma náttúru norðurslóða og bent er á ágæti evrópskrar tækniþekkingar á því sviði. Íslendingar hafa langa reynslu og umfangsmikla þekkingu á sjálfbærri auðlindanýtingu á norðurslóðum sem mikilvægt er að miðla.

Tilkoma nýrra siglingaleiða í norðri hefur mikla þýðingu fyrir ESB. Í stefnuyfirlýsingu framkvæmdastjórnar sambandsins er bent á að aðildarríki þess eigi samanlagt stærsta flutningaflota í heimi sem hafi hagsmuni af opnun Norður-Íshafsins fyrir siglingum. Ísland liggur landfræðilega vel við úthafsleiðum á Norður-Atlantshafi og væri kjörinn staður fyrir umskipun á norðurskautsleiðinni sem geti jafnt þjónað strandsiglingum til Evrópu og Bandaríkjanna.

3) Efling marghliða samstarfs og stjórnunar.

ESB hefur lýst yfir stuðningi við Norðurskautsráðið sem höfuðvettvang fyrir svæðasamvinnu á norðurslóðum. Framkvæmdastjórn ESB hefur nú ákveðið að sækja um fasta áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu og taka virkari þátt í starfi ráðsins eftir því sem kostur er. Jafnframt er stefnt er að því að taka upp nánara samstarf við ráðið innan Norðlægu víddarinnar (e. Northern Dimension) sem snýst um svæðisbundna samvinnu nyrsta hluta ESB til norðurs við nágrannasvæðin í Rússlandi. Þá er lýst vilja til viðræðna við Íslendinga og Norðmenn um leiðir til að útvíkka stefnu ESB í málefnum hafsins til norðurs á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Sérstaklega er tekið fram að ESB leggist gegn stofnun nýrra samráðsferla eða samtaka um málefni norðurslóða sem útiloki einstök ríki svæðisins, sem séu aðilar að ESB, eða EFTA-ríki Evrópska efnahagssvæðisins. Yfirlýsing framkvæmdastjórnar ESB áréttar því stuðning sambandsins við þátttöku Íslendinga í öllu samráði um málefni norðurslóða.

1.5.5 Evran

Þegar kemur að gjaldmiðilsmálum til lengri tíma litið hafa þrír kostir verið í umræðunni hér á landi; áframhaldandi notkun íslensku krónunnar, einhliða upptaka evru (eða annars gjaldmiðils) og upptaka evru með aðild að Evrópusambandinu.

1.5.5.1 Íslenska krónan áfram gjaldmiðill

Það hefur ekki dulist neinum að íslenska krónan hefur átt undir högg að sækja um nokkurt skeið. Skýrist þetta m.a. af smæð hennar og viðkvæmni fyrir utanaðkomandi áhrifum sem hefur valdið miklum sveiflum á genginu. Þetta hefur valdið íslensku atvinnulífi verulegum vandkvæðum og aukið á óvissu í þeirra starfsumhverfi. Einnig má segja að smæð gjaldmiðilsins feli í sér viðskiptahindrun þar sem hún dregur úr umfangi utanríkisviðskipta og fjárfestinga erlendra aðila hér á landi. Smæð gjaldmiðilsins hefur enn fremur þær afleiðingar að vextir hér á landi eru almennt hærri en t.d. á evrusvæðinu. Jafnframt skorti íslensk fjármálafyrirtæki sterkan bakhjarl sem lánveitanda til þrautavara í stærstu viðskiptamyntum sínum í þeim ólgusjó sem reið yfir fjármálamarkaðinn á síðasta ári. Á hinn bóginn má segja að stjórn íslenskra stjórnvalda á eigin peningastefnu auki líkur þess að hægt sé að bregðast skjótt við breyttum aðstæðum í efnahagslífinu.

1.5.5.2 Einhliða upptaka evru

Nokkuð hefur verið rætt um einhliða upptöku evru eða annars erlends gjaldmiðils hér á landi með þeim hætti að grunnfé í íslenskum krónum væri skipt út fyrir viðkomandi gjaldmiðil. Er horft til þessa sem lausnar á gjaldeyriskreppunni og tækifæris til þess að auka trúverðugleika íslensks hagkerfis.

Segja má að kostir þess að taka einhliða upp evru sem gjaldmiðil séu helstir þeir að það væri tiltölulega einfalt í framkvæmd og tæki stuttan tíma. Með því væri hægt að bregðast við vissum þáttum núverandi vanda í efnahagslífinu á skjótan hátt. Líklegt er að grunnvaxtastig á Íslandi tæki í framhaldinu mið af vöxtum á evrusvæðinu en óhætt er að fullyrða að viðbótarvaxtaálag yrði þó nokkuð.

Varðandi galla þess að taka einhliða upp evru hefur í fyrsta lagi verið á það bent að slíkt mundi hugsanlega breyta kreppunni hér á landi úr gjaldeyriskreppu í jafnvel enn alvarlegri bankakreppu vegna þess að bankarnir hefðu engan þrautalánveitanda. Þeir gætu hvorki reitt sig á Seðlabanka Evrópu né Seðlabanka Íslands þar sem sá síðarnefndi hefði einungis takmarkað aðgengi að evrum og gæti þannig ekki tryggt nægilegt fjármagn í umferð. Í öðru lagi hafa sérfræðingar haldið því fram að einmitt vegna þessa væri einhliða upptaka háð ströngum gjaldeyrishöftum þar sem framboð seðla og myntar í umferð yrði ekki nægjanlegt til að breyta innstæðum í reiðufé.[13] Ljóst er að slíkt fyrirkomulag mundi ganga gegn grundvallarreglum EES-samningsins. Í þriðja lagi er hætta á því að einhliða upptaka evru á þessum tímapunkti mundi leiða til þess að það yrði gert á verulega óhagstæðu skiptigengi gagnvart íslensku krónunni. Í fjórða lagi má nefna að kæmi til einhliða upptöku evru hefði Ísland enga aðkomu að stýrivaxtaákvörðunum Seðlabanka Evrópu. Þá er ljóst er að einhliða upptaka evru gengur þvert gegn skýrri stefnu Evrópusambandsins. Því er ekki hægt að útiloka að slíkar aðgerðir myndu torvelda samskipti við sambandið og stofnanir þess, s.s. Seðlabanka Evrópu, sem gætti leitt til vandkvæða við framkvæmd EES-samningsins og haft áhrif á framtíðarmöguleika Íslands varðandi tengsl við Evrópu. Þá þyrfti að skipta út grunnfé í hagkerfinu. Hagfræðingar hafa nefnt að kostnaður við upptökuna gæti verið á bilinu 30–125 milljarðar,[14] en sá kostnaður kæmi ekki til við aðild að Efnahags- og myntbandalaginu, auk þess sem ríkið yrði af svokölluðum myntsláttuhagnaði upp á 2–5 milljarða á ári ef um einhliða upptöku væri að ræða.

1.5.5.3 Upptaka evru með aðild að ESB

Aðildarríki ESB, sem vilja taka upp evru, þurfa að fara í gegnum strangt ferli sem felur í sér aðhald í ríkisfjármálum og stöðugleika í gengismálum. Á þeim tíma verða ríkin að uppfylla hin ströngu skilyrði sem er að finna í Maastricht-sáttmálanum og fjallað verður um síðar. Uppfylling þeirra er forsenda þess að ríki geti komist á lokastig Myntbandalagsins sem felur í sér upptöku evru en eins og fram kemur hér síðar má ætla að það ferli tæki a.m.k. fimm ár frá þeim tíma að sótt er um aðild að sambandinu.

1.5.5.4 Söguleg þróun

Efnahags- og myntbandalag Evrópu á rætur að rekja allt til ársins 1969, en í raun var því ekki komið á fyrr en Maastricht-sáttmálinn tók gildi 1993. Hugmyndin að baki bandalaginu var að tengja gengi gjaldmiðla, með það að markmiði að taka upp sameiginlegan gjaldmiðil og stuðla að verðstöðugleika og jafnvægi í ríkisfjármálum. Evrópska gengiskerfið (e. *Euro-*

---

[13] Sjá skýrslu Jóns Daníelssonar og Gylfa Zoega „Hagkerfi bíður skipbrot, sem útgefin var 9. febrúar 2009 og nálgast má á vefslóðinni: http://www.hi.is/files/skjol/felagsvisindasvid/deildir/hagfraedi/2008_2009/Hagkerfib____ur_skipbrot.pdf.

[14] Sjá m.a. blaðagrein 32 hagfræðinga: Einhliða upptaka evru er engin töfralausn, birt í Morgunblaðinu 7. janúar sl.

pean exchange rate mechanism, ERM) var kynnt til sögunnar í mars árið 1979, en markmið þess var að draga úr gengismun og koma á myntstöðugleika.

Þróun Efnahags- og myntbandalagsins átti sér stað í þremur stigum. Í einfölduðu máli laut hið fyrsta að því að gera fjármagnsflutninga frjálsa og komst það til framkvæmdar árið 1990. Annað stigið hófst árið 1994 með undirbúningi á upptöku hinnar sameiginlegu myntar. Það var gert með stofnun Peningamálastofnunar Evrópu (e. *European Monetary Institute, EMI*), sem var undanfari Seðlabanka Evrópu. Þriðja stigið var upptaka hinnar sameiginlegu myntar, evrunnar, sem varð að veruleika 1. janúar 1999. Þann dag tók ERM II við af ERM en hlutverk ERM II er að tryggja að gengisflökt milli evru og annarra gjaldmiðla ESB-ríkja hafi ekki áhrif á efnahagsstöðugleika á innri markaðnum. Einnig er því ætlað að styðja ríki sem undirbúa upptöku evru.[15]

1.5.5.5 Hvað felur aðild að ERM II í sér?

Til þess að ríki geti tekið upp evru þarf það að gera samning um þátttöku í ERM II en það getur gerst um leið og ríki er orðið aðili að ESB. Aðilar að slíkum samningi eru ráðherrar evrulanda, Seðlabanki Evrópu, viðkomandi umsóknarríki og aðildarríki (ráðherrar og seðlabankar) ERM II. Þessir aðilar taka sameiginlega ákvörðun um ósk ríkis um aðild. Samningur er gerður að undangengnu samráði við efnahags- og félagsmálanefnd ESB, auk þess sem framkvæmdastjórn ESB á hlut að máli. Slíkur samningur felur í sér ákvörðun um gengi (e. *central rate*) og ákvörðun um þau mörk sem gjaldmiðill viðkomandi ríkis má sveiflast innan.

ERM II er í raun fastgengiskerfi, þ.e. gengi sjálfstæðs gjaldmiðils ESB-ríkis er tengt evru og má einungis flökta innan ákveðinna marka.[16] Aðild að ERM II felur jafnframt í sér miklar skyldur að því er varðar stjórn efnahagsmála. Fyrst og fremst verður að tryggja stöðugleika gjaldmiðilsins sem er tengdur við evru. Þetta er gert í samvinnu við Seðlabanka Evrópu sem tekur að sér að verja viðkomandi gjaldmiðil í samvinnu við viðkomandi seðlabanka og grípa inn í ef hann sveiflast út fyrir þau mörk sem honum eru sett. Sammælast bankarnir um þetta og samræma aðgerðir sínar þegar á reynir með því að grípa inn í markaðinn með mismunandi hætti en til að fjármagna slíkt opna bankarnir gagnkvæmar skammtímalánalínur. Seðlabankar ríkjanna geta einungis leitað á náðir Seðlabanka Evrópu vegna sveiflna innan vikmarka þegar þeir hafa fyrst beitt sínum eigin varasjóðum. Það lánsfjármagn, sem lagt er til með þessum hætti, ber vexti og ber að endurgreiða innan tilskilins tíma.

ERM II hefur því ekki eingöngu þann tilgang að vera undanfari evruupptöku heldur einnig að aðstoða ríkin við að ná þeim markmiðum sem nauðsynlegt er að ná til að geta tekið upp evru; að þau nái fram stöðugleikamarkmiðum sínum og að vernda þau gegn þrýstingi á alþjóðlegum gjaldeyrismörkuðum.

Aðild að ERM II er valkvæð en forsenda þátttöku er stöðugleiki gjaldmiðilsins. Haldist gjaldmiðill innan vikmarka í a.m.k. tvö ár er litið á það sem sönnun fyrir sjálfbærni hagkerfisins og því að aðildarríkin geti tekið fullan þátt í hagkerfi evrusvæðisins. Þá þarf að ákveða hvert endanlegt gengi gjaldmiðilsins verður gagnvart evru. Sú ákvörðun er tekin sameiginlega af umsóknarríkinu annars vegar og Seðlabanka Evrópu og evruríkjunum hins vegar.

---

[15] Þau ríki sem nú taka þátt í ERM II eru Danmörk, Eistland, Lettland og Litháen.

[16] Gjaldmiðill má flökta um ±15% út frá þessu gengi. Í raun festa aðildarríki gjaldmiðil sinn þrengri böndum og leyfa ekki nema um 1% vikmörk. Undantekning á þessu er Slóvakía sem leyfði sínum gjaldmiðli að flökta um ±15%.

1.5.5.6 Maastricht-skilyrðin og upptaka evru

Til þess að taka megi upp evru þarf að uppfylla hin svonefndu samleitniskilyrði (e. *convergence criteria*), öðru nafni Maastricht-skilyrðin sem snúa að verðbólgu, gengisstöðugleika, fjármálum hins opinbera og vöxtum.

Skilyrðin eru í raun hagvísar sem lúta að eftirfarandi fjórum þáttum:

Verðstöðugleiki. Sýna þarf fram á að ríkin hafi stjórn á verðbólgu. Sett er skilyrði um að verðbólga megi ekki vera 1,5% meiri en í þeim þremur ESB-ríkjum sem hafa minnsta verðbólgu á undangengnu ári.

Jafnvægi í fjármálum hins opinbera. Sett eru takmörk á lántöku hins opinbera og innlendar skuldir til þess að komast hjá miklum fjárlagahalla. Þannig má fjárlagahalli ekki vera meiri en 3% af vergri landsframleiðslu. Einnig mega heildarskuldir hins opinbera ekki vera meiri en 60% af vergri landsframleiðslu.

Stöðugleiki gjaldmiðils. Ríkið verður að vera þátttakandi í ERM II í a.m.k. tvö ár án þess að gjaldmiðillinn sveiflist meira en +/- 15% frá hinu ákveðna gengi.

Vextir á langtímalánum. Vextir mega ekki vera meira en 2% hærri en í þeim ríkjum sem hafa minnsta verðbólgu.

Á árinu 2009 er hér á landi gert ráð fyrir allt að 11,5% fjárlagahalla, að hreinar skuldir hins opinbera verði um það bil 60% af vergri landsframleiðslu og að verðbólga verði nærri 11% milli ársmeðaltala en lækki hratt þegar líður á árið. Langtímagengisstöðugleiki er ekki fyrir hendi og stýrivextir Seðlabanka eru 17%.

Sé reynt að leggja mat á hversu langan tíma það gæti tekið Ísland að uppfylla skilyrði til upptöku evru hefur verið reiknað með a.m.k. 5 árum frá aðildarumsókn. Er þá miðað við að samningaviðræður tækju um ár, fullgilding um ár, gildistaka samningsins einhvern tíma og þátttaka í ERM II tvö ár.

1.5.5.7 Kostir og gallar

Helstu kostir þess að taka upp evru með aðild að Evrópusambandinu tengjast auknum stöðugleika, einföldun utanríkisviðskipta, sem og hag fyrirtækja og neytenda. Í fyrsta lagi má nefna að með því að verða aðili að stærra myntsvæði minnkar gengisáhætta og flökt gjaldmiðilsins verulega sem leiðir til mun meiri stöðugleika í starfsumhverfi fyrirtækja. Aukinn stöðugleiki hefur ekki síður jákvæð áhrif á hag heimilanna í landinu ásamt lækkun vaxtastigs og afnámi verðtryggingar fjárskuldbindinga sem fylgir í kjölfar aðildar að ESB og síðar upptöku evru. Vaxtastig mun þá fylgja því sem er innan ESB og á evrusvæðinu sem ætla má að styrki samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs til lengri tíma litið. Skjól Seðlabanka Evrópu sem lánveitanda til þrautavara hefur í öðru lagi verið nefnt sem mikilvægur kostur upptöku evru með ESB-aðild. Það er ljóst að skortur á slíku öryggi getur reynst þrándur í götu fjármálastofnana, líkt og reynslan sýnir með bankahrunið hér á landi í október sl. Í þriðja lagi auðveldar notkun evru sem gjaldmiðils utanríkisviðskipti Íslendinga og fjárfestingar ríkja á milli, m.a. vegna minni áhættu. Í fjórða lagi mætti nefna lægri vexti en tíðkast hafa hér á landi vegna minna áhættuálags.

Rök á móti upptöku evru með aðild að Evrópusambandinu hafa helst verið nefnd áhrifaleysi á peningastefnu svæðisins. Ísland mundi þó hafa formlega aðkomu að ákvörðunum Seðlabanka Evrópu en bent hefur verið á að vegna smæðar landsins í hagkerfi sambandsins myndu áhrifin vera hverfandi lítil. Jafnframt myndu íslensk stjórnvald missa peningastefnuna sem stjórntæki til viðbragða við aðstæðum í efnahagslífi þjóðarinnar. Svo ber einnig að hafa í huga að þó nokkur kostnaður mun felast í upptöku evru í byrjun, t.d. vegna endurfjár-

mögnunar Íbúðalánasjóðs. Enn fremur getur tímalengd aðildarviðræðna og skilyrði upptöku með tilheyrandi þátttöku í ERM II leitt til þess að um 5 ár líði frá því að aðildarumsókn berst þar til upptaka evru getur orðið að veruleika. Því er ljóst að þessi leið felur ekki í sér skammtímalausn á þeim efnahagslega vanda sem nú er glímt við, heldur langtímasýn á framtíðarfyrirkomulag efnahags- og peningamála hér á landi. Þó gæti Ísland tengt sig við evru með bakstuðningi Seðlabanka Evrópu nokkrum vikum eftir aðild að ESB sé jafnvægi komið á efnahagslíf landsins sem greiði fyrir þátttöku í ERM II.

1.5.6 Sameiginleg viðskiptastefna

Evrópusambandið heldur úti sameiginlegri viðskiptastefnu sem felur m.a. í sér samræmda tolla sambandsins og sameiginlega viðskiptasamninga gagnvart ríkjum utan ESB.

1.5.6.1 Tollar

Með aðild að ESB verða ríki hluti af tollabandalagi ríkja sambandsins. Þetta felur í sér að allir tollar eru afnumdir gagnvart öðrum aðildarríkjum og viðkomandi ríki verður aðili að sameiginlegri tollastefnu ESB gagnvart ríkjum utan sambandsins.

Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að nú þegar hafa verið felldir niður tollar af innfluttum vörum frá ESB í það miklum mæli að ólíklegt er að tekjuleg áhrif þessa yrðu mikil. Á hinn bóginn skal haft hugfast að á sama tíma myndu tollar á vörur eins og landbúnaðarvörur falla niður sem hefði áhrif á íslenskan landbúnað og landbúnaðarafurðir. Við aðild að sambandinu kæmi hins vegar til full fríverslun með íslenskar sjávarafurðir inn á markað ESB sem ætla má að yrði nokkur búbót fyrir íslenskan sjávarútveg sem í dag greiðir ríflega 400 milljónir árlega í toll til sambandsins. Gæti það m.a. skapað forsendur fyrir íslenskan sjávarútveg til að huga að frekari fullvinnslu sjávarafurða en einkenni á tollastefnu ESB hefur verið að leggja hærri tolla á fullunnar vörur.

Aðild að sambandinu hefur á sama tíma í för með sér að allt að 75% af innheimtum tolltekjum hér á landi mundu renna til ESB þar sem einn af tekjustofnum ESB eru innheimtir tollar á ytri landamærum sambandsins. Það sem út af stendur mundi áfram renna til íslenska ríkisins.

1.5.6.2 Viðskiptasamningar

ESB er ein stærsta viðskiptablokk heims og veitir það ESB sterka samningsstöðu gagnvart þriðju ríkjum. Fá ríki eða ríkjasamtök hafa jafn umfangsmikið net viðskiptasamninga og ESB, auk þess sem pólitískt vægi sambandsins, bæði í tvíhliða samskiptum og á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, hefur oft úrslitaáhrif á lausn mála.

Stofnanir ESB hafa í ákveðnum tilvikum einar vald til þess að gera samninga, m.a. á sviði sameiginlegu viðskiptastefnunnar, en völdin skiptast á milli ESB og aðildarríkjanna á sviði þjónustuviðskipta, hugverkaréttinda og fjárfestinga. Þess má geta að bæði ESB og aðildarríkin eru aðilar að öllum flóknari og umfangsmeiri viðskiptasamningum, s.s. EES-samningnum og yfirgripsmeiri fríverslunarsamningum.

Framkvæmdastjórnin kemur fram í samningaviðræðum við þriðju ríki eftir að ráðherraráðið hefur samþykkt samningsumboð henni til handa. Að lokum samþykkir ráðherraráðið samninginn, eftir atvikum eftir að hafa leitað samþykkis eða ráðfært sig við Evrópuþingið, en slíkt er ekki nauðsynlegt í öllum tilfellum. Í Lissabonsáttmálanum, sem ekki hefur gengið í gildi, er lagt til að Evrópuþinginu verði falið aukin aðkoma að því er varðar málsmeðferð við gerð viðskiptasamninga við þriðju ríki. Með vísan til þessa forræðis stofnana ESB tak-

markast sjálfstæður réttur aðildarríkjanna til samningsgerðar við önnur ríki. Þeim er þó heimilt að stofna til samninga um efnahagslega samvinnu við ríki utan sambandsins, að ákveðnum málsmeðferðarreglum uppfylltum.

Fyrstu fríverslunarsamningar ESB voru samningar af fyrstu kynslóð, sem ná aðeins til vöruviðskipta og upprunareglna, en þróunin hefur orðið sú að í ríkari mæli er farið að semja um samninga af annarri kynslóð sem ná m.a. einnig til þjónustuviðskipta, fjárfestinga, samkeppnismála og verndar höfundaréttar. Aðeins í fáum fríverslunarsamningum ESB er a finna ákvæði um fjárfestingar en það er vegna þess að vald til þess að semja um fjárfestingar liggur hjá aðildarríkjunum en ekki hjá ESB. Í Lissabonsáttmálanum er lagt til að vald til að semja um erlendar fjárfestingar verði flutt frá aðildarríkjunum til ESB.

Inntak fríverslunarsamninga ESB við þriðju ríki er breytilegt eftir því hvaða samningsríki á í hlut. ESB leitast við að full fríverslun nái til allra iðnaðarvara og flestallra sjávarafurða, auk þess sem ríkulegur markaðsaðgangur sé veittur fyrir landbúnaðarvörur. Sum samningsríki sambandsins eru hins vegar ekki reiðubúin til að veita svo ríkan markaðsaðgang.

Samkvæmt EES-samningnum hafa EFTA-ríkin innan EES sjálfræði til samningagerðar við þriðju ríki. Þrátt fyrir þessa grundvallarreglu hefur samningurinn í raun og veru þrengt svigrúm ríkjanna í samskiptum sínum við þriðju ríki á þeim sviðum sem EES-samningurinn tekur til. Ástæða þessa er sú að misræmi við stefnu ESB gæti haft neikvæð áhrif á viðskiptaumhverfi fyrirtækja í EFTA-ríkjunum innan EES. Því hafa EFTA-ríkin og ESB í mörgum tilvikum gert fríverslunarsamninga við sömu ríki. Helsti munurinn á fríverslunarsamningum er að EFTA-ríkin hafa sett fram sem skilyrði að full fríverslun gildi að meginstefnu til með sjávarafurðir, en ESB gengur ekki jafnlangt í þessum efnum. Jafnframt er gerður sérstakur tvíhliða samningur milli hvers og eins EFTA-ríkis og þriðja ríkis um viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur en slíkir samningar eru almennt ekki gerðir af hálfu ESB.

1.5.7 Skattamál

Meðal mikilvægra atriða sem huga þarf að í stefnumótun ESB eru heimildir sambandsins til að setja reglur á sviði skattamála. Vald ESB á þessu sviði er afar takmarkað og má í raun segja að samstarf ríkjanna á þessu sviði sé í formi hefðbundins milliríkjasamstarfs þar sem samkomulag allra aðildarríkja þarf til að setja með einhverjum hætti samræmdar reglur milli aðildarríkjanna á sviði skattamála. Mun það ekki breytast við gildistöku Lissabonsáttmálans.

Samræming innan ESB á sviði skattamála hefur orðið á afmörkuðum sviðum og má þar helst nefna virðisaukaskatt þar sem ákveðin samræming er að því er varðar andlag skattsins og hlutfall hans. Hið sama á við varðandi vörugjöld. Hvort tveggja er byggt á þeim rökum að slíkt sé nauðsynlegt til að jafna samkeppnisstöðu á innri markaðnum. Þessu til viðbótar hafa aðildarríkin náð samkomulagi um skattlagningu fjármagnstekna ESB-borgara í öðrum ESB-ríkjum en það er gert til að fyrirbyggja fjármagnsflótta frá einu aðildarríki til annars.

Lengra hefur ekki verið gengið en framkvæmdastjórn ESB vinnur í samvinnu við aðildarríkin að hugmyndum um samræmingu skattgrunns (e. *Tax Base*) fyrirtækja í því skyni að jafna samkeppnisstöðu þeirra á innri markaðnum og einfalda uppgjör og starfsemi fyrirtækja sem eru með skattskylda starfsemi í fleiri en einu aðildarríki ESB.

Rétt er að taka fram í þessu sambandi að aðildarríkjum ESB sem og EES ber að haga skattalegri framkvæmd sinni í samræmi við meginreglur þeirra sáttmála sem í gildi eru. Til að mynda er öll mismunun á grundvelli þjóðernis á sviði skattamála óheimil auk þess sem takmörk eru sett við stuðningi við atvinnustarfsemi í gegnum skattareglur eða skattalega meðferð.

Hafa ber í huga að samstarf aðildarríkja ESB á sviði skattamála er einnig verulegt, m.a. í því skyni að koma í veg fyrir tvísköttun, miðlun upplýsinga, skattundanskot (skattaparadísir) o.fl. Jafnframt hafa verið samþykkt ýmis leiðbeinandi tilmæli á skattasviðinu í því skyni að tryggja samkeppni yfir landamæri en fyrirbyggja á sama tíma skaðlega skattasamkeppni.

1.5.8 Utanríkis- og öryggismál

Sameiginleg utanríkis- og öryggismálastefna ESB á rætur sínar að rekja til Maastrichtsáttmálans frá árinu 1992. Meginmarkmið stefnunnar er að standa vörð um sameiginleg gildi og hagsmuni ESB í samræmi við meginreglur stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og tryggja öryggi aðildarríkja ESB með því að standa vörð um frið á alþjóðavettvangi. Þrátt fyrir að aðildarríki ESB reki áfram sjálfstæða utanríkisstefnu hefur sameiginlegri utanríkis- og öryggismálastefnu ESB vaxið fiskur um hrygg á síðustu árum. Í krafti þess að vera ríkjasamband 27 ríkja með um 500 milljónir íbúa og um fjórðung af vergri þjóðarframleiðslu veraldar skipar sambandið sér nú á bekk með Bandaríkjunum sem meginafl á alþjóðavettvangi og tekur þátt í friðarstarfi á helstu átakasvæðum. Í lok ársins 2008 stóð ESB fyrir 21 friðargæsluverkefni. Af þeim verkefnum eru fimm hernaðarleg, þrjú bæði hernaðarleg og borgaraleg og þrettán borgaraleg að öllu leyti.

Samt sem áður hefur ekki ræst úr þeim væntingum sem margir höfðu til hinnar sameiginlegu stefnu. Bæði hefur þótt skorta á samræmingu milli utanríkis- og öryggismálastefnunnar og aðgerða framkvæmdastjórnarinnar á sviði utanríkismála (s.s. varðandi þróunaraðstoð, mannúðaraðstoð og viðskiptastefnu) og að rödd ESB heyrðist á alþjóðavettvangi í þeim mæli sem skyldi miðað við stærð og efnahagslegt vægi sambandsins.

Í Lissabonsáttmálanum, sem enn er í fullgildingarferli í aðildarríkjunum, er kveðið á um skýrara og öflugra hlutverk ESB á alþjóðavettvangi. Breytingarnar, sem þar eru gerðar, hafa það að markmiði að efla samræmingu milli aðgerða sem eru á forræði ráðsins annars vegar og framkvæmdastjórnarinnar, með aðkomu Evrópuþingins, hins vegar. Kristallast þetta m.a. í því að gert er ráð fyrir því að háttsettur fulltrúi ESB á sviði utanríkismála verði jafnframt varaforseti framkvæmdastjórnar ESB. Með Lissabonsáttmálanum er ESB jafnframt veitt umboð til starfa á öllum sviðum utanríkis- og öryggismála. Umfjöllun þessa kafla tekur í meginatriðum mið af því að Lissabonsáttmálinn öðlist gildi í aðildarríkjunum.

1.5.8.1 Almennt um stefnu ESB í utanríkis- og öryggismálum

Grundvallarmarkmið utanríkisstefnu ESB eru nánar útfærð í sérstökum kafla í Lissabonsáttmálanum um aðgerðir ESB á sviði utanríkismála. Þar er m.a. tiltekið að ESB skuli standa vörð um grundvallargildi sambandsins, öryggi og sjálfstæði, styrkja lýðræði, réttarríki, mannréttindi og alþjóðalög, stuðla að sjálfbærri þróun í þróunarríkjum með það að markmiði að útrýma fátækt, vinna að því að afnema viðskiptahömlur, standa vörð um umhverfið o.fl.

Ákvarðanir í utanríkis- og öryggismálum þarf að taka einróma og ekki er hægt að þvinga aðildarríki með atkvæðagreiðslu til að taka þátt í aðgerðum, friðargæslu eða til að fylgja ákveðinni stefnu. Ríki geta hins vegar valið „uppbyggilega hjásetu“ ef þau vilja ekki standa í vegi fyrir vilja meiri hlutans. Ákvarðanir um þvingunaraðgerðir verða jafnframt teknar með auknum meiri hluta þegar ráðið hefur tekið einróma ákvörðun um beitingu þvingunaraðgerða gegn ákveðnu ríki.

Stjórnmála- og öryggisnefndin sér um daglegan rekstur stefnunnar og í nefndinni sitja sérstaklega skipaðir sendiherrar aðildarríkjanna sem hafa aðsetur í Brussel. Henni til aðstoðar eru um 20–30 sérfræðinganefndir sem fjalla um einstök mál, lönd og landsvæði.

1.5.8.2 Háttsettur fulltrúi ESB á sviði utanríkismála

Ein róttækasta breytingin, sem Lissabonsáttmálinn gerir ráð fyrir, er breytt hlutverk og staða háttsetts fulltrúa um utanríkismál. Sú staða, sem var upphaflega komið á með Amsterdamsáttmálanum árið 1997, hefur verið efld. Leiðtogaráð ESB kýs hinn háttsetta fulltrúa með auknum meirihluta og með fyrirvara um samþykki forseta framkvæmdastjórnarinnar, en fulltrúinn gegnir um leið embætti varaforseta framkvæmdastjórnar ESB. Þetta tryggir ákveðin tengsl milli ráðherraráðsins og framkvæmdastjórnarinnar.

Hinn háttsetti fulltrúi ber ábyrgð á heildarframkvæmd utanríkisstefnu sambandsins. Hann hefur tillögurétt í leiðtogaráðinu, stýrir fundum utanríkisráðherraráðs ESB og er auk þess fulltrúi ESB í utanríkismálum gagnvart öðrum ríkjum og samtökum. Hann sér jafnframt um samráð um utanríkismál við Evrópuþingið.

Gert er ráð fyrir því að til aðstoðar verði stofnuð utanríkisþjónusta ESB. Komi til þessa mun hinn háttsetti fulltrúi hafa yfir að ráða starfsliði, bæði í Brussel og erlendis (framkvæmdastjórnin er þegar með u.þ.b 150 sendiskrifstofur í 120 löndum). Þess er ekki vænst að starfsmönnum, sem starfa að utanríkismálum, verði fjölgað heldur verður um sameiningu núverandi starfsliðs ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar að ræða. Ráðgert er að sendiskrifstofur ESB muni m.a. veita ríkisborgurum aðildarríkja aðstoð þar sem viðkomandi ríki hefur ekki sjálft sendiráð.

1.5.8.3 Aðstoð til þróunarríkja

Evrópusambandið og aðildarríki þess eru stærsti veitandi þróunaraðstoðar í heiminum. Stefna Evrópusambandsins í þróunarmálum nær aftur til Rómarsáttmálans en var lögfest með Maastricht-sáttmálanum og er efld enn frekar í Lissabonsáttmálanum. Yfirlýst meginmarkmið þróunaraðstoðar ESB er að útrýma fátækt.

Sambandið hefur samþykkt að framlög til þróunaraðstoðar nemi að meðaltali 0,56% af vergum þjóðartekjum árið 2010 og 0,7% fyrir árið 2015. Að því er varðar markmið einstakra ríkja stefna þau 15 ríki er gengu í sambandið fyrir 2002 að því að ná 0,51% af vergum þjóðartekjum árið 2010. Þau ríki, sem gengu í sambandið eftir 2002 og hafa ekki enn náð 0,17% af vergum þjóðartekjum, munu stefna að 0,17% markmiðinu fyrir árið 2010 og 0,33% fyrir árið 2015.

1.5.8.4 Öryggis- og varnarmálastefna ESB

Lissabonsáttmálinn kveður á um að öryggis- og varnamálastefna ESB verði óaðskiljanlegur hluti af utanríkis- og öryggismálastefnu ESB. Meginverkefni stefnunnar eru friðargæsla, friðaruppbygging, áhættustjórnun, mannúðar- og neyðaraðstoð. Sáttmálinn skuldbindur einnig aðildarríkin til að móta til lengra tíma litið sameiginlega varnarstefnu. Ef ráðist er á aðildarríki eru önnur ríki skuldbundin til að veita aðstoð eins og unnt er. Jafnframt er tekið fram að slík stefna skuli virða að fullu skuldbindingar við Atlantshafsbandalagið.

Ráðherraráðið fer með æðsta vald í öryggis- og varnarmálum. Leiðtogaráðið mótar grundvallaratriði stefnunnar einróma en utanríkisráðherraráðið ber ábyrgð á framkvæmd hennar og nánari útfærslu. Utanríkisráðherrar taka allar formlegar ákvarðanir um varnarmál, þar á meðal aðgerðir á sviði hættustjórnunar. Varnarmálaráðherrar fara hins vegar með fjárlög

heima fyrir á sviði hermála og leggja drög að ákvörðunum ráðherraráðsins á óformlegum fundum sínum sem haldnir eru í tengslum við utanríkisráðherrafundina. Komið hefur verið á fót Evrópskri varnarmálastofnun sem er opin öllum aðildarríkjunum og er ætlað að stuðla að þróun og samræmingu á hernaðargetu þeirra. Framkvæmdastjórnin og Evrópuþingið hafa takmarkaða aðkomu að stefnunni. Evrópuþingið hefur ráðgefandi hlutverk og haft er samráð við framkvæmdastjórnina vegna verkefnavals og ákvarðanatöku en hún hefur yfir að ráða miklum fjármunum til uppbyggingarstarfs, efnahagsaðstoðar o.fl.

ESB hefur sett saman sameiginlegt viðbragðslið aðildarríkjanna til að bregðast við óvæntum aðstæðum í öryggismálum. Um 60 þúsund manna herlið getur sinnt verkefnum í um eitt ár og hægt er að senda það til verkefna með um tveggja mánaða fyrirvara, en aðildarríkin leggja bæði til mannskap og búnað. Borgaralegan liðsafla, lögreglusveitir og réttarfarssérfræðinga (s.s. lögfræðinga og dómara), sem og hættumatsteymi, er hægt að senda á vettvang innan nokkurra klukkustunda. Um 5000 lögreglumenn eru tiltækir og samtals um 2.200 manns í önnur borgaraleg verkefni. Um 2000 manna lið er svo til taks til mannúðaraðgerða eða vegna almannavarna/björgunaraðgerða og neyðaraðstoðar.

Til að efla getu sína á sviði hættuástandsstjórnunar hefur ESB sett sér nýtt meginmarkmið fyrir árið 2010, bæði varðandi herafla aðildarríkjanna og borgaralega hættuástandsstjórnun. Markmiðið er að aðildarríkin geti brugðist enn hraðar við með aukinni samhæfingu og upplýsingasöfnun. Söfnun upplýsinga um borgaralega sérfræðinga á viðbragðslista hefur staðið yfir um nokkurn tíma, en um er að ræða m.a. sérfræðinga á sviði löggæslu, réttarfars, stjórnsýslu, sjúkrahjálpar, almannavarna o.þ.h. Ísland hefur lagt til upplýsingar um 15–20 sérfræðinga sem hægt væri að leggja til í verkefni ef kallað yrði eftir slíku.

Öryggis- og varnarmál voru eitt af megináhersluatriðum á formennskutímabili Frakklands seinni hluta árs 2008. Á leiðtogafundi Evrópusambandsins í Brussel í desember 2008 samþykktu leiðtogarnir m.a. að styrkja samstarf ESB við Atlantshafsbandalagið og Sameinuðu þjóðirnar, sem og að gera ESB kleift að skipa stærra hlutverk á alþjóðavettvangi í baráttunni við hryðjuverk, gegn útbreiðslu gjöreyðingarvopna, skipulagðri glæpastarfsemi og tölvuglæpum.

Þá kom Evrópusambandið af stað fjórum nýjum aðgerðum á árinu 2008. EULEX-verkefnið í Kósóvó er stærsta borgaralega aðgerð sem sambandið hefur ráðist í og EUMM-verkefninu í Georgíu er ætlað að stuðla að stöðugleika á svæðinu. EU Navfor í Sómalíu er hernaðarleg aðgerð til að sporna gegn sjóránum og Eufor Tchad-aðgerðinni var komið á vegna ástandsins í Tsjad.

1.5.8.5 Núverandi samstarf Íslands og ESB

Utanríkismál falla ekki undir gildissvið EES-samningsins. Hins vegar hefur verið samkomulag milli EFTA-ríkjanna innan EES og ESB um samráð á sviði utanríkismála. Utanríkisráðherrar EFTA-ríkjanna innan EES halda fundi, samhliða fundum EES-ráðsins um helstu utanríkismál, með svokölluðu þríeyki ESB, utanríkisráðherrum formennskuríkis og verðandi formennskuríkis, ásamt fulltrúum ráðherraráðsins og framkvæmdastjórnarinnar. Jafnframt býður formennskuríki ESB sérfræðingum EFTA-ríkjanna innan EES tvisvar á ári til samráðsfunda um helstu utanríkismál, m.a. um málefni Mið-Austurlanda, Austur-Evrópu, Rússlands, Afríku o.fl.

EFTA-ríkjunum innan EES er einnig gefinn kostur á að taka undir yfirlýsingar ESB um utanríkismál, hvort sem þær eru gefnar út í Brussel eða á vettvangi alþjóðastofnana, s.s. Sameinuðu þjóðanna, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og Evrópuráðsins. Á árinu

2008 gaf ráðherraráð ESB út 145 yfirlýsingar um afstöðu til mála víðs vegar í heiminum, en þar af tók Ísland undir allar nema níu talsins.[17]

Ísland hefur litla aðkomu að umræðu um öryggismál eða friðargæsluverkefni á meðan þau eru á mótunarstigi, en er boðið, eins og öðrum samstarfsríkjum ESB, að taka þátt í sumum þeirra og þau þá kynnt á undirbúningsstigi þegar við á. Evrópusambandið metur og ákveður hverju sinni hvort það býður samstarfsríkjum þátttöku. Stundum er Ísland upplýst um ESB-verkefni vegna aðildar sinnar að Atlantshafsbandalaginu. Þetta á við í þeim tilvikum þegar ESB hefur leitað eftir stuðningi varðandi búnað eða samstarfi við Atlantshafsbandalagið. Þá er bæði skýrt frá verkefninu á samráðsvettvangi fastaráðs Atlantshafsbandalagsins og í stjórnmála- og öryggisnefnd ESB.

Ísland tekur nú þátt í einu friðargæsluverkefni á vettvangi ESB. Um er að ræða alþjóðlegt lögreglulið sem styður við heimamenn í Bosníu og Hersegóvínu. Áður tók Ísland þátt í verkefni í Makedóníu sem nú er lokið.

Ísland á kost á þátttöku í tveimur öðrum lögreglu- og réttarfarsverkefnum með ESB. Annars vegar er það EULEX-verkefnið í Kósóvó, sem felur í sér útsendingu sérfræðinga á sviði löggæslu, réttarfars, dómstóla og fangelsismála til uppbyggingar í Kósóvó. Hins vegar er það EUPOL-verkefnið í Afganistan þar sem þjálfun og uppbygging lögregluliðs afganskra stjórnvalda er meginverkefnið.

1.5.9 Önnur atriði

Rétt er að hafa hugfast að innan ramma EES-samningsins má finna málaflokka sem ekki hafa verið teknir upp í samninginn og nauðsynlegt mun verða að fara yfir komi til viðræðna um aðild að sambandinu.

Á þeim málefnasviðum, sem falla undir EES-samninginn, hefur meginhluti ESB-gerða verið tekinn upp og innleiddur hér á landi. Falli gerð undir gildissvið EES-samningsins er stefnt að upptöku hennar í samninginn og gildistöku á sama tíma og gerðin tekur gildi innan ESB eða svo fljótt sem auðið er eftir það, en undirbúningur að því hefst meðan gerðir eru enn á mótunarstigi innan ESB. Ákvarðanatökuferlið í EES tekur þó alla jafna nokkra mánuði og má almennt reikna með því að á hverjum tíma séu nýjustu gerðir á hverju málefnasviði EESsamningsins útistandandi enda þótt þær séu gengnar í gildi innan ESB.

Þegar gerðir ESB eru teknar upp í EES-samninginn er skoðað hvort þær þurfi sérstakrar aðlögunar við, t.d. vegna gildissviðs samningsins eða sérstakra aðstæðna í EFTA-ríkjunum innan EES. Sérstökum aðlögunum má skipta í tæknilegar og efnislegar aðlaganir við einstakar gerðir og síðan víðtækari aðlaganir sem ná til fleiri gerða eða málaefnasviða. Sem dæmi má nefna að tilgreind séu landsyfirvöld í hverju samningsríki sem fari með tiltekinn málaflokk og hefur þá verið bætt við tilgreiningu á íslensku landsyfirvaldi með tæknilegri aðlögun þegar gerðin var tekin upp í EES-samninginn. Almennt má reikna með því að slíkar tæknilegar aðlaganir feli í sér efnislega afstöðu ESB til aðstöðu Íslands sem kæmi ekki til endurskoðunar í mögulegum aðildarviðræðum. Má alla jafna reikna með því að sama eigi við um víðtækari aðlaganir og sérstakar, efnislegar aðlaganir en slíkt þarf þó að skoða í hverju tilviki fyrir sig og ræða við ESB. Því er nauðsynlegt að yfirfara allan EES-samninginn og

---

[17] Algengasta ástæðan fyrir því að ekki var tekið undir yfirlýsinguna var að ESB gaf of stuttan frest til svars. Ekki var tekið undir yfirlýsingu um Sri Lanka vegna sérstöðu Íslands í eftirlitsverkefninu og ekki var tekið undir yfirlýsingu um lokun *British Council* þar sem um tvíhliða mál milli Bretlands og Rússlands var að ræða.

greina hvort aðlaganir við einstakar gerðir séu þess eðlis að vænta megi að þær verði teknar upp að nýju af öðrum hvorum samningsaðila. Sem dæmi um þetta mætti nefna aðlögun við gerðir um matvælalöggjöf og heilbrigði dýra, sem veitir Íslandi m.a. almenna undanþágu frá reglum sambandsins varðandi innflutning lifandi dýra og erfðaefnis, en undanþágan tekur mið af sérstakri sóttvarnarstöðu Íslands vegna landfræðilegrar stöðu þess og langvarandi einangrunar innlendra stofna. Annað dæmi er aðlögun við gerð um flugvernd sem undanþiggur innanlandsflug á Íslandi frá gildissviði gerðarinnar. Til viðbótar má nefna undanþágu Íslands frá staðfesturétti vegna fjárfestinga útlendinga hér á landi, m.a. í sjávarútvegi og raforkuframleiðslu. Að lokum má nefna að regluverk ESB á sviði náttúruverndar er ekki hluti af EES-samningnum en þar má m.a. finna reglur er lúta að verndun villtra dýra, þ.m.t. fugla.

Þá eru ótalin þau tilvik þar sem Ísland hefur verið undanþegið með öllu gildissviði einstakra gerða eða gerða á ákveðnum málefnasviðum. Sem dæmi um hið fyrra er tilskipun um sumartíma, sem gildir ekki á Íslandi þrátt fyrir að hún hafi verið tekin upp í EES-samninginn, og tilskipun um orkunýtingu bygginga. Sem dæmi um hið síðara er að Ísland er almennt undanþegið gerðum á sviði heilbrigðisverndar húsdýra. Enn fremur þarf að meta hvort freista eigi að fá framlengingu á aðlögun að einstökum gerðum í þeim tilvikum þar sem hún er tímabundin.

Samkvæmt framansögðu má reikna með því að aðildarviðræður við ESB á þeim málefnasviðum, sem EES-samningurinn nær til, yrðu í aðalatriðum einfaldar og markaðar af fyrri afgreiðslu við upptöku gerða í EES-samninginn. Þó yrði að fara skipulega yfir alla löggjöfina með tilliti til eftirfarandi atriða:

a. gerða sem enn hefðu ekki verið teknar upp í EES-samninginn,
b. gerða sem hingað til hafa annaðhvort verið taldar utan gildissviðs EESsamningsins eða ekki taldar ná til Íslands og
c. aðlagana sem áður hafa verið taldar nauðsynlegar við gerðir sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn svo að meta mætti hvort þær þarfnist breytinga.

1.6 Málefni innan EES

1.6.1 Inngangur

Á vettvangi EES-samningsins eru ýmis viðamikil mál sem hafa krafist talsverðrar eftirfylgni af hálfu stjórnvalda síðustu misseri. Ekki gefst tækifæri til að fjalla um öll málin í þessari skýrslu til Alþingis og er því vísað til skýrslna frá sendiráðinu í Brussel sem koma út tvisvar á ári til frekari upplýsinga.[18]

Af málaflokkum er fyrst til að taka umhverfismál, en á árinu 2008 ber þar hæst orku- og loftslagsstefnu ESB sem kynnt var fyrir réttu ári og samþykkt í lok ársins. Með henni voru samþykktar ýmsar tillögur að löggjöf sem m.a. varða EES-samninginn. Eins og síðar verður vikið að voru miklir hagsmunir í húfi fyrir ESB að ljúka því máli vegna stefnumörkunar sambandsins fyrir alþjóðlegu loftslagsráðstefnuna. Þá fylgdust íslensk stjórnvöld vel með samþykkt tilskipunar um að fella flugstarfsemi undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins með gróðurhúsalofttegundir enda getur þar verið á ferðinni mikið hagsmunamál fyrir íslenska flugrekendur.

Evrópusambandið greip til ýmissa aðgerða og ráðstafana vegna fjármálakreppunnar sem gerð verður grein fyrir í sérstökum kafla skýrslunnar. Enn fremur má nefna upptöku mat-

---

[18] Skýrslurnar má nálgast á heimasíðu sendiráðsins http://www.iceland.org/eu/

vælalöggjafarinnar í EES-samninginn í október 2007 en frumvarp til innleiðingar reglnanna í íslenska löggjöf liggur nú fyrir Alþingi í annað sinn.

Ísland greip til verndarráðstafana skv. 43. gr. EES-samningsins um frjálsa fjármagnsflutninga hinn 28. nóvember sl. vegna þeirra reglna sem þá voru settar og takmarka tilfærslu gjaldeyris til og frá landinu. Tilgreint ákvæði EES-samningsins veitir heimild til að grípa til fyrirbyggjandi verndaraðgerða við tilteknar aðstæður í efnahagslífi viðkomandi ríkis sem snertir vanda við greiðslujöfnuð þess eða yfirvofandi hættu á slíkum vanda. Var það tilkynnt til EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnar ESB sama dag og Alþingi setti lög um breytingu á lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál. Er um að ræða verulegt frávik frá einum af grunnþáttum EES-samningsins. Í samræmi við EES-samninginn gáfu EFTA-ríkin, Noregur, Liechtenstein og Ísland álit sitt þar sem fallist er á nauðsyn þess að grípa til slíkra tímabundinna aðgerða með vísan til þess ástands sem ríkir í efnahagsmálum hér á landi eftir hrun bankanna í október sl.

Í raun má segja að við núverandi aðstæður taki Ísland ekki fullan þátt í innri markaði ESB vegna þessara takmarkana sem snúa að einu atriði í fjórfrelsi EES-samningsins (fjármagnsfrelsinu) en hafa einnig snertifleti við önnur svið hans. Af þeim sökum m.a. eru aðgerðir sem þessar tilkynningaskyldar en ljóst er að þær geta haft mikil áhrif á fulla þátttöku ríkja í innri markaði ESB. Íslensk stjórnvöld hafa því haldið samningsaðilum vel upplýstum um þróun mála.

Loks skal þess getið að sameiginlega EES-nefndin hittist átta sinnum á árinu 2008 og tók 130 ákvarðanir um upptöku 230 gerða í samninginn. Þá hittist EES- ráðið tvisvar á árinu 2008, í maí og í nóvember. Á fundum ráðsins var, auk hefðbundinnar umræðu um efstu mál á baugi í EES-samstarfinu, m.a. rætt um orku- og loftslagspakkann, norðurslóðastefnu ESB, fjármálakreppuna og stefnu ESB í málefnum siglinga og sjávar. Á sviði utanríkis- og öryggismála var fjallað um málefni Kósóvós, Rússlands, Mið-Austurlanda, Afganistans og Simbabves. Þá var fjallað um framtíð þróunarsjóðs EFTA en gildistími núverandi fyrirkomulags rennur út vorið 2009 og standa samningaviðræður yfir við framkvæmdastjórn ESB um framhaldið.

1.6.2 Umhverfismál

Umhverfismál er óumdeilanlega sá málaflokkur sem vaxið hefur mest síðustu ár innan Evrópusambandsins. Er hann jafnframt nú einna fyrirferðarmestur í samstarfinu á vettvangi EES. Er fyrirsjáanlegt að mikilvægi hans muni stóraukast á næstu árum enda hefur Evrópusambandið sett sér markmið um að vera leiðandi í umhverfismálum og telja margir að styrkur þess liggi ekki síst á því sviði. Þá eru umhverfissjónarmið samþætt nánast öllum sviðum löggjafar ESB þar sem við á. Langmestur þungi í starfsemi ESB í umhverfismálum á árinu 2008 var á orku- og loftslagsstefnu sambandsins enda um eitt stærsta stefnumál ESB að ræða á síðari árum á vettvangi umhverfismála.

1.6.2.1 Orku- og loftslagsstefna ESB.

Hinn 17. desember sl. samþykkti Evrópuþingið svonefnda orku- og loftslagsstefnu ESB. Stefnan var fyrst lögð fram fyrir réttu ári síðan en með henni voru lagðar fram tillögur að löggjöf sem ætlað er að marka stefnu ESB á þessu sviði. Er óhætt að segja að þessi skjóta málsmeðferð sæti ákveðnum tíðindum hjá Evrópusambandinu sem skýrist af því að sambandið ætlar sér að vera leiðandi í loftslagsviðræðum á alþjóðavettvangi.

Helstu tillögur stefnunnar eru eftirfarandi:

a. tillaga að endurskoðun á tilskipun 2003/87 um viðskipti með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda, merkt EES-tæk,
b. tillaga að tilskipun um endurnýjanlega orku, merkt EES-tæk,
c. tillaga að tilskipun um föngun og geymslu koltvísýrings (CO_2), merkt EES-tæk,
d. ákvörðun ESB um skiptingu byrðarinnar, ekki merkt EES-tæk.

Þessi löggjöf bíður nú aðeins formlegs samþykkis stofnana ESB enda hefur náðst um hana samkomulag milli þeirra. Er því gert ráð fyrir að hún verði endanlega samþykkt og birt í maí eða júní nk.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir tilskipun 2003/87 um viðskipti með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda og helstu breytingum við hana. Í kafla um orkumál verður fjallað um tillögu að tilskipun um endurnýjanlega orku. Um ákvörðun ESB um skiptingu byrðarinnar er það að segja að hún fjallar um aðra losun gróðurhúsalofttegunda en þá sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Þar eru sett markmið fyrir hvert og eitt aðildarríki ESB um samdrátt í losun. Gerðin er sem fyrr segir ekki EES-tæk og verður því ekki fjallað frekar um hana.

1.6.2.2 Tillaga til breytingar á tilskipun 2003/87

Tilskipun 2003/87 um viðskipti með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda var tekin upp í EES-samninginn haustið 2007. Hún er mikilvægasta tæki ESB til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við markmið bæði einstakra aðildarríkja ESB þar um og sambandsins í heild. Með henni var komið á fyrsta alþjóðlega viðskiptakerfinu af þessu tagi og hefur það verið starfrækt síðan árið 2005. Til þess að hægt sé að eiga viðskipti með losunarheimildir er sett þak á losun í sérhverju ríki, að því er tiltekna starfsemi og lofttegundir varðar, þannig að úr verði til takmörkuð gæði. Þannig eru búnar til losunareiningar þar sem ein losunareining samsvarar losun á einu tonni af koltvísýringi (CO_2).

Þegar tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn var fallist á að Ísland tæki ekki þátt í viðskiptakerfinu enda engin starfsemi sem bæði fellur undir tilskipunina og losar meira en 25 þúsund tonn á ári. Á þessu verður hins vegar breyting þegar fleiri svið verða felld inn í kerfið, líkt og verður með flugstarfsemi sem mun falla undir tilskipunina frá og með árinu 2012, sem og um leið og einhver starfsemi á Íslandi mun losa meira.

Þær breytingar, sem gerðar voru á tilskipun 2003/87 með orku- og loftslagsstefnunni í desember sl., munu gilda frá og með 1. janúar 2013. Verður þessi pakki framlag sambandsins í loftslagsviðræðunum í Kaupmannahöfn í desember nk. Rauði þráðurinn í breytingunum er samræming reglna og framkvæmd viðskiptakerfisins. Þá verður sett eitt þak á alla losun innan ESB í stað þaks á losun fyrir sérhvert aðildarríki líkt og á yfirstandandi viðskiptatímabili. Sú starfsemi, sem núna fellur undir tilskipunina, losar allt að helmingi af heildarlosun ESB á koltvísýringi (CO_2). Það er jafnframt um 40% af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í sambandinu. Meðal annarra breytinga, sem nefna má, er að tekið verður upp uppboðsfyrirkomulag við úthlutun losunarheimilda en unnið er að útfærslu þessa innan sambandsins. Gert er ráð fyrir árlegum 1,74% línulegum samdrætti í losun frá árinu 2013, viðskiptatímabilið er lengt úr fimm árum í átta, ítarlegri reglur verða settar um orkufrekan iðnað, úthlutun á losunarheimildum verður samræmd og helmingur af tekjum af losunarheimildum skal eyrnamerktur ákveðnum, loftslagsvænum verkefnum sem ríkin sjálf ráðstafa.

Flugstarfsemi

Í lok október 2008 samþykkti ráðherraráðið endanlega tillögu að breytingu á tilskipun um viðskipti með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda þess efnis að flug verði fellt undir kerfið frá og með árinu 2012. Er átt við alla flugumferð um flugvelli á EES-svæðinu en undanþága er gerð varðandi flug heryfirvalda, leit og björgun og aðra sambærilega starfsemi.

Í tilskipuninni felst að losunarheimildir til flugstarfsemi verði ákvarðaðar á grundvelli meðaltalslosunar áranna 2004–2006. Þá er kveðið á um að 15% kvótans skuli boðinn upp frá og með árinu 2012. Að auki er 3% kvótans lagður í sérstakan sjóð sem lítil flugfélög í örum vexti eða ný flugfélög á markaði geta sótt um. Samkvæmt þessu fá flugfélög úthlutað 82% kvótans án endurgjalds. Flugfélög þurfa því að kaupa viðbótarkvóta fyrir allri aukningu í flugi frá árunum 2004–2006 ofan á þau 82% sem þau fá úthlutað án endurgjalds. Losunarkvóti, sem úthlutað er til milliríkjaflugs, er ekki framseljanlegur til annarra atvinnugreina. Hins vegar er flugfélögum heimilt að kaupa losunarkvóta á almennum markaði.

Í aðdraganda þess að tilskipunin var samþykkt leituðu íslensk stjórnvöld eftir því að tekið yrði tillit til séraðstæðna eyja sem eiga ekki kost á öðrum samgöngumáta. Ráðherrar og embættismenn kynntu þessa afstöðu fjölmörgum aðilum sem bera ábyrgð á málinu á vettvangi ráðsins, þingsins og framkvæmdastjórnarinnar. Þá vann nefnd samgönguráðherra að málinu og skilaði ítarlegri skýrslu um tilskipunina, hagsmuni af flugi og möguleg áhrif á Íslandi. Mikil umræða fór fram um hugsanlegar sérlausnir fyrir jaðarsvæði en á endanum var slíkt ekki samþykkt. Stjórnvöld eru að meta það, í samráði við viðeigandi hagsmunaaðila, hvert framhaldið verður varðandi mögulegar aðlaganir við upptöku gerðarinnar í EES-samninginn.

Önnur starfsemi

Samkvæmt tillögum um breytingu á tilskipun um viðskipti með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda er gert ráð fyrir að eftirfarandi starfsemi á Íslandi falli undir tilskipunina frá og með árinu 2013:

a. *Álstarfsemi:* Norðurál í Hvalfirði losar um 570 þúsund tonn á ári, Alcan í Straumsvík um 300 þúsund tonn á ári og Fjarðarál á Reyðarfirði um 90 þúsund tonn.
b. *Járnblendi:* Losun frá Járnblendiverksmiðjunni er um 400 þúsund tonn á ári.
c. *Steinullarframleiðsla:* Steinullarverksmiðjan mun falla undir tilskipunina þar sem hún losar 36 tonn á sólarhring en lágmarkið samkvæmt tilskipuninni er 20 tonn á sólarhring.
d. *Sementsframleiðsla:* Slík framleiðsla mun almennt falla undir tilskipunina en það mun ekki eiga við um starfsemi Sementsverksmiðjunnar vegna lítillar losunar.
e. *Losun frá skipum:* Losun frá skipasamgöngum hefur ekki enn verið felld undir viðskiptakerfið en hugsanlega verður tekið á því með einhverjum hætti síðar náist ekki um það samkomulag á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Hlutur þeirra í heildarlosun gróðurhúsalofttegunda er talinn 4–5% en flugið er talið standa fyrir 3–4%. ESB mun í loftslagsviðræðunum leggja áherslu á að tekið verði á siglingum í nýjum loftslagssamningi frá og með 2013.

1.6.3 Stefna ESB um málefni siglinga og sjávar

Þrátt fyrir að stefna ESB um málefni siglinga og sjávar falli ekki nema að litlu leyti undir gildissvið EES-samningsins þykir rétt að nefna hana hér vegna mikilvægis hennar fyrir íslenska hagsmuni. Ítarlega var fjallað um stefnuna í skýrslu utanríkisráðherra um Evrópumál á síðasta þingi. Þar var m.a. sagt frá umsögn íslenskra stjórnvalda um grænbók framkvæmda-

stjórnarinnar sem hlaut góðar viðtökur innan sambandsins. Hér verður leitast við að upplýsa um þróun mála frá því fyrri skýrsla var flutt þinginu.

Ísland tekur þátt í vinnu sérfræðinefndar framkvæmdastjórnarinnar um málefni siglinga og sjávar. Það er sjávarútvegsskrifstofa ESB sem heldur utan um vinnu nefndarinnar en hún hefur til þessa einkum fjallað um samræmingu og einföldun vöktunarkerfa, skipulags- og nýtingaráætlanir hafsins og stjórnunarhætti. Fyrirhugað er að auglýsa eftir þátttöku í frumherjaverkefni á sviði vöktunar á Miðjarðarhafinu og síðar öðru í Eystrasalti. Þá eru fjórar ráðstefnur og fundir áformaðir um skipulagsáætlanir hafsins sem ætlað er að móta aðferðafræði við slíka vinnu. Ísland er þátttakandi í verkefni sem snýr að því að samhæfa vöktunarkerfi á Norður-Atlantshafi með þátttöku Dana, Breta, Norðmanna, Færeyinga og áheyrnaraðild Íra og Siglingastofnunar Evrópu. Þetta verkefni er ekki á vegum ESB en engu að síður af sama meiði og vinnan við stefnu í málefnum hafsins. Verkefnið byggist mjög á upplýsingakerfi ESB um skipaferðir. Einnig nýtist vinna ESB á þessu sviði, s.s. ýmis lögfræðiálit og úttektir sem koma til góða fyrir verkefnið. Ísland mun leggja til í þessa vinnu upplýsingakerfi um veður og sjólag sem Siglingastofnun hefur þróað en ESB hefur óskað eftir því að kerfið verði kynnt fyrir sérfræðinganefnd sinni um málefnið.

1.6.4 Matvælamál

Hinn 26. október 2007 var löggjöf Evrópusambandsins um meginreglur á sviði matvælaöryggis felld inn í EES-samninginn með fyrirvara um samþykki Alþingis. Meginstoð matvælastefnunnar er að finna í reglugerð EB nr. 178/2002, um almennar meginreglur og kröfur um matvæli og um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.

Markmið matvælastefnunnar er víðtæk heilsuvernd. Lagður er grunnur að því að tryggja heilbrigði matvæla og veita hagsmunum neytenda víðtæka vernd á þessu sviði. Löggjöfin nær til allra stiga ferlisins; frá framleiðslu matvæla til afhendingar þeirra til neytanda (frá haga til maga).

Upptaka framangreindrar löggjafar ESB kallaði á endurskoðun á undanþágu Íslands frá löggjöf um dýraafurðir, þ.e. I. og II. viðauka við EES-samninginn. Undanþágur Íslands skulu þó gilda áfram um löggjöf er varðar lifandi dýr, að undanskilinni löggjöf um lifandi fisk sem hefur gilt fyrir Ísland frá árinu 2000, nema í þeim tilfellum þar sem slíkt getur mögulega haft áhrif á dýraafurðir og öryggi þeirra. Enn fremur var samið um tilteknar undanþágur frá þeim gerðum sem gert er ráð fyrir að yfirtaka fáist til þess samþykki Alþingis. Þannig mun Ísland áfram viðhalda banni á innflutningi á kjöt- og beinamjöli, áfram verður leyfilegt að fóðra jórturdýr með íslensku fiskimjöli og reglur ESB um útrýmingu á sauðfjárriðu eru aðeins að litlu leyti yfirteknar.

Samið var um að Ísland hefði átján mánuði að lokinni afléttingu stjórnskipulegs fyrirvara til að innleiða löggjöfina sem varðar landbúnaðarafurðir og aðlaga matvælaframleiðsluna að henni. Á þeim tíma er gert ráð fyrir því að Ísland útfæri sérstaka aðgerðaráætlun vegna salmonellu í nautakjöti, svínakjöti, alifuglakjöti og eggjum til að viðhalda heimild til að rannsaka ofangreind matvæli m.t.t. salmonellumengunar við innflutning til Íslands og eiga möguleika á að stöðva matvælin standist þau ekki skoðun.

Lagafrumvarp til innleiðingar á matvælalöggjöfinni liggur nú fyrir Alþingi í annað sinn og er til afgreiðslu í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. Löggjöfin er byggð á þeim grunni að gera lagaumhverfið samræmdara, gegnsærra og heillegra, með virku eftirliti í öllu ferlinu, ásamt því að efla vísindalegar leiðbeiningar við ákvarðanatöku stjórnvalda og setningu laga. Samkvæmt 103. gr. EES-samningsins ber íslenskum stjórnvöldum að aflétta fyrirvara um

samþykki Alþingis í síðasta lagi sex mánuðum eftir að ákvörðun um upptöku í samninginn er tekin í sameiginlegu EES-nefndinni. Í tilviki matvælapakkans var ákvörðunin tekin 26. október 2007 og frestur til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara rann því út í lok apríl 2008. Ljóst er að sú mikla töf, sem nú hefur orðið á því að aflétta fyrirvaranum vegna umræddrar löggjafar, getur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir framkvæmd samningsins. Í 5. mgr. 102. gr. samningsins er kveðið á um að við ákveðnar aðstæður skuli litið svo á að viðkomandi hluta samningsins sé frestað til bráðabirgða á meðan lausn er fundin. Þetta þýðir að töf á afgreiðslu málsins frá Alþingi getur leitt til þess að I. viðauka um heilbrigði dýra og plantna yrði tímabundið vikið til hliðar með alvarlegum afleiðingum fyrir fiskútflytjendur hér á landi. Utanríkisráðuneytið hefur lagt áherslu á það við ESB að stöðu mála á Íslandi væri sýndur skilningur og hefur ESB gert það en leggur á sama tíma áherslu á að málið verði sett í nauðsynlegan forgang. Er það mat ráðuneytisins að ákveðin biðlund verði sýnd af hálfu ESB a.m.k. næstu vikur.

1.6.5 Orkumál

1.6.5.1 Tilskipun um aukna notkun orku frá endurnýjanlegum orkulindum

Í janúar 2008 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögu að tilskipun um aukna notkun orku frá endurnýjanlegum orkulindum. Er tilskipunin hluti af fyrrgreindri orku- og loftslagsstefnu ESB. Tilskipuninni er ætlað að leysa af hólmi tvær fyrri tilskipanir, annars vegar tilskipun 2003/30/EB um að auka framleiðslu á lífrænu eldsneyti, sem er ekki hluti af EES-samningnum, og hins vegar tilskipun 2001/77/EB um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði en hún hefur þegar verið tekin upp í EES-samninginn og innleidd hér á landi.

Evrópuþingið samþykkti breytingar á tillögunni í fyrstu umræðu hinn 17. desember sl.[19] og byggjast þær breytingar á samkomulagi við ráðherraráð ESB. Því er gert ráð fyrir að ráðherraráðið samþykki þessar breytingarnar formlega innan skamms.

Í tilskipuninni eru sett fram bindandi markmið fyrir einstök aðildarríki um aukna notkun endurnýjanlegra orkugjafa.[20] Markmiðunum er ætlað að stuðla að því að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í heildarorkunotkun sambandsins verði 20% árið 2020 sem og því að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum verði 10% árið 2020. Sérstakt ákvæði er um útreikninga þessara hlutfalla og sérviðmið gilda varðandi flugsamgöngur.[21]

Þá er hverju aðildarríki skylt að gera sérstaka aðgerðaáætlun fyrir endurnýjanlega orku í samræmi við fyrirmynd sem framkvæmdastjórnin mun gefa út á næstunni, en þessar áætlanir þarf að tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar fyrir 30. júní 2010 auk þess sem ákveðnar upplýsingar þurfa að liggja fyrir hálfu ári áður. Jafnframt þarf hvert aðildarríki frá og með desember 2011 að skila inn sérstakri framvinduskýrslu á tveggja ára fresti.

Tilskipunin hefur verið til umfjöllunar í vinnuhópi EFTA um orkumál en ekki hefur enn verið tekin afstaða til þess hvort tilskipunin falli undir EES-samninginn.

---

[19] Textann sem Evrópuþingið samþykkti má finna á: http://www.europarl.europa.eu/sides/getDoc.do?language=EN&type=TA&reference=20081217&secondRef=TOC

[20] Sem dæmi má nefna að Svíþjóð, sem er það aðildarríki ESB sem er með hæst hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í dag, er ætlað að auka notkun endurnýjanlegra orkugjafa úr 40% árið 2005 í 49% árið 2020.

[21] Gert er ráð fyrir að hlutfall flugsamgangna í útreikningum á heildarorkunotkun ríkja verði lægra fyrir Möltu og Kýpur vegna einangrunar og fjarlægðar frá öðrum ríkjum. Á viðmiðunarárinu 2005 var almennt hlutfall fyrir ríki ESB 6,18%, en miðað er við 4,12% hjá Möltu og Kýpur vegna séraðstæðna þeirra.

1.6.5.2 Tillögur til að auka samkeppni á orkumarkaði (þriðji orkupakkinn)

Í september 2007 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögur sem ætlað er að auka enn frekar samkeppni á orkumarkaði. Tillögurnar, sem hafa verið nefndar þriðji orkupakkinn, fela í sér ítarlegri útfærslu á núgildandi löggjöf í orkumálum, með breytingu á tilskipun um sameiginlegar reglur fyrir innri raforkumarkað, tillögu um að sett verði upp sérstök stofnun fyrir samstarf eftirlitsaðila, tillögu varðandi raforkuviðskipti milli landa og tvær tillögur varðandi gasmarkaðinn.

Á fundi orkumálaráðherra ESB hinn 10. október 2008 náðist pólitískt samkomulag um helstu efnisatriði þriðja orkupakkans.[22] Helsta deiluefnið snerist um aðskilnað á eignarhaldi flutningskerfa frá samkeppnisstarfsemi en þar var samþykkt að leggja til nýjan valkost, sjálfstæða flutningsaðila (e. *independent transmission operators*). Á grunni samkomulagsins var síðan sameiginleg afstaða ráðherraráðsins formlega samþykkt 12. janúar 2009 og gert er ráð fyrir því að önnur umræða um málið í Evrópuþinginu fari fram í apríl 2009. Evrópuþingið vill gera strangari kröfur en ráðherraráðið um aðskilnað á eignarhaldi þannig að óvíst er á þessari stundu hver endanleg útkoma málsins verður. Ef upphaflegar tillögur yrðu samþykktar óbreyttar þá gætu verið gerðar strangari kröfur um aðskilnað flutningsfyrirtækisins (sem á Íslandi er Landsnet hf.) frá samkeppnisþáttum. Náist samkomulag milli þingsins og ráðherraráðsins um endanlegan texta, m.a. varðandi sjálfstæða flutningsaðila, ætti orkupakkinn að verða endanlega samþykktur á fyrri hluta ársins 2009.

1.6.6 Þjónusta

1.6.6.1 Þjónustutilskipunin

Heildartilskipun um þjónustuviðskipti var samþykkt innan ESB í lok árs 2006. Tilskipunin myndar almennan lagaramma um þjónustuviðskipti og er ætlað að ryðja úr vegi þeim hindrunum sem standa í vegi fyrir frjálsri þjónustustarfsemi og koma á raunverulegum innri markaði með þjónustuviðskipti. Ítarlega var fjallað um tilskipunina í skýrslu utanríkisráðherra um Evrópumál á síðasta þingi og verður hér aðeins gerð grein fyrir þróun mála frá þeim tíma.

Unnið hefur verið að upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn. Vinnuhópur ráðuneyta var settur á fót til að fjalla um upptöku tilskipunarinnar og innleiðingu hér á landi. Leitað var athugasemda yfir 20 hagsmunaaðila eftir að tilskipunin var samþykkt og hefur vinnuhópurinn haft við vinnu sína hliðsjón af þeim athugasemdum sem bárust. Viðskiptaráðuneytið hefur nú með höndum undirbúning að rammalöggjöf til innleiðingar tilskipuninni. EFTA-ríkin hafa sótt fjölmarga fundi sem framkvæmdastjórnin hefur haldið til að aðstoða aðildarríki ESB við innleiðingu tilskipunarinnar, sem og samráðsfundi með Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum, en ljóst er að innleiðing tilskipunarinnar kallar á umtalsverða vinnu og undirbúning hér á landi.

Andstaða var við tilskipunina í Noregi og fól ríkisstjórn Noregs óháðri sérfræðinganefnd að meta hvaða áhrif innleiðing tilskipunarinnar hefði þar í landi. Niðurstaða nefndarinnar liggur nú fyrir á þá leið að hún muni ekki hafa verulega neikvæð áhrif þar í landi. Málið var í framhaldinu sent til umræðu í þinginu sem lauk í lok október 2008.[23] Í kjölfarið hefur norska ríkisstjórnin samþykkt að taka skuli gerðina upp í EES-samninginn. Ísland og Liech-

---

[22] Tengla á textana sem ráðherraráðið samþykkti má finna á vefslóðinni: http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=PRES/09/5&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en

[23] http://www.regjeringen.no/nb/dep/nhd/dok/Horinger/Horingsdokumenter/2008/horing---konsekvenser-avgjennomforing-a/horingsnotat.html?id=520357

tenstein hafa fyrir sitt leyti samþykkt að taka tilskipunina upp í samninginn og eru drög að ákvörðun um upptöku tilskipunarinnar til formlegrar umfjöllunar hjá framkvæmdastjórninni.

Má búast við að tilskipunin verði hluti af EES-samningnum á næstu vikum og er stefnt að því að EFTA-ríkin innan EES muni innleiða tilskipunina fyrir lok árs 2009 eins og aðildarríki ESB.

1.6.6.2 Almannaþjónusta

Undanfarin ár hefur farið fram mikil umræða innan ESB um heilbrigðisþjónustu á innri markaði sambandsins. Upphaflega var að finna ákvæði um heilbrigðisþjónustu í tillögu að þjónustutilskipuninni en ekki var pólitísk samstaða um að fjalla um þetta viðfangsefni með þeim hætti. Þjónustutilskipunin var því samþykkt án ákvæða er lúta að heilbrigðisþjónustu á árinu 2006. Framkvæmdastjórnin taldi hins vegar mikilvægt að halda málinu áfram. Hún hóf því samráðsferli um það álitamál hvort þörf væri á að setja sérstakar reglur um heilbrigðisþjónustu sem sótt er yfir landamæri og þá hvers efnis þær skyldu vera. Sumarið 2007 var niðurstaðan úr því samráðsferli kynnt og boðað að tillaga að sérstakri tilskipun væri í undirbúningi.

Í júlíbyrjun 2008 samþykkti síðan framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tillögu að tilskipun sem miðar að því að auðvelda íbúum Evrópu að sækja læknisþjónustu til annarra landa innan sambandsins, auk orðsendingar um aukið samstarf aðildarríkjanna á þessu sviði.[24] Þrátt fyrir að nokkrir úrskurðir Evrópudómstólsins staðfesti að stofnsáttmálinn veiti einstaklingum rétt til þess að leita sér heilbrigðisþjónustu í öðru aðildarríki og fá hana greidda í heimalandinu er enn til staðar almenn óvissa um lagalegar forsendur nýtingar þessara réttinda. Tilgangur framkvæmdastjórnarinnar með tillögunni er að skapa lagaleg skilyrði fyrir þessum rétti. Hugmyndin er sú að sjúklingar geti við tilteknar aðstæður valið hvert þeir leiti heilbrigðisþjónustu innan sambandsins en geti orðið að greiða mismuninn á kostnaði í viðkomandi ríki og heimaríkinu úr eigin vasa þegar það á við. Þetta á fyrst og fremst við í tilvikum þegar biðlistar eru langir og ekki eru tök á að veita þjónustu innan ákveðins tíma í heimalandinu. Einnig mun væntanlega þurfa fyrirframsamþykki ef um mjög kostnaðarsamar aðgerðir er að ræða. Verði tilskipunin samþykkt af ráðherraráðinu og Evrópuþinginu mun hún skapa ramma um réttindi fólks til þess að sækja sér heilbrigðisþjónustu yfir landamæri á öllu EES-svæðinu.

Fyrsta umræða um tillöguna fór fram í Evrópuþinginu og í ráðherraráðinu undir lok síðasta árs. Á vettvangi beggja stofnana komu fram skiptar skoðanir um ágæti tilskipunartillögunnar og hvernig standa bæri að framkvæmd hennar. Tillagan hefur síðan verið til frekari umfjöllunar í Evrópuþinginu og í vinnuhópi á vegum ráðherraráðsins. Stefnt er að því að greidd verði atkvæði um málið í sameinuðu Evrópuþingi (e. *plenary session*) 23. apríl nk. eða í síðasta lagi fyrstu vikuna í maí. Fjallað verður um tillöguna á fundi ráðherraráðsins 8.–9. júní 2009.

1.6.7 Lyfjamál

Evrópusambandið starfrækti á tímabilinu 2005–2008 umræðuvettvang um lyfjamál (e. *Pharmaceautical Forum*). Þar komu saman fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkja ESB, ásamt fulltrúum EFTA, lyfjaframleiðenda og annarra hagsmunaaðila. Meginmarkmiðið var að stuðla að bættu almennu heilsufari og framþróun á sviði lyfjamála. Ísland tók

---

[24] http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=COM:2008:0414:FIN:EN:PDF

virkan þátt í starfsemi vinnuhópa sem störfuðu á vegum lyfjavettvangsins og kom jafnframt sínum sjónarmiðum á framfæri gegnum EFTA. Af hálfu Íslands var því haldið fram að fleiri hindranir væru í vegi frjálsrar verslunar með lyf milli Evrópulanda en í viðskiptum með aðrar vörur og ætti þetta sérstaklega við smærri markaðssvæði í Evrópu. Þessum sjónarmiðum hefur einnig ítrekað verið komið á framfæri við forsvarsmenn og sérfræðinga framkvæmdastjórnar ESB við önnur tækifæri.

Frá árinu 2000 hefur staðið yfir umfangsmikil endurskoðun á lyfjareglum ESB. Tvær tilskipanir frá 2001 höfðu að markmiði að bæta ferli við markaðssetningu lyfja og auka um leið samkeppnishæfni evrópska lyfjaiðnaðarins á heimsvísu.[25] Árið 2004 samþykkti Evrópusambandið nokkrar gerðir sem var ætlað að ná fram enn frekari framþróun lyfjamála á innri markaði ESB.[26]

EFTA-skrifstofan hefur staðið fyrir mikilli vinnu, í samstarfi við sérfræðinga ríkjanna, við að meta upptöku tilskipananna í EES-samninginn og var tillaga þess efnis send til framkvæmdastjórnarinnar 18. nóvember 2008. Er þess vænst að hægt verði að leggja málið fyrir sameiginlegu EES-nefndina á fyrri hluta ársins 2009 þannig að fljótlega verði unnt að hefjast handa við innleiðingu lyfjapakkans í löggjöf EFTA-ríkjanna.

Hinn 11. desember 2008 samþykkti framkvæmdastjórn ESB orðsendingu og þrjár lagatillögur í lyfjamálum sem nú fara til umfjöllunar á Evrópuþinginu og í ráðherraráðinu.[27] Saman mynda umræddar tillögur nýjan lyfjapakka sem gera má ráð fyrir að verði tekinn upp í EES-samninginn þegar niðurstaða ESB liggur fyrir. Tillögurnar miða, líkt og fyrri lyfjapakkar, að því að tryggja að evrópskir borgarar geti notið góðs af samkeppnishæfum lyfjamarkaði sem sjái þeim fyrir öruggum, áhrifaríkum og aðgengilegum lyfjum. Í orðsendingunni er fjallað um nýlega skýrslu yfirmanna lyfjastofnana í Evrópu og lyfjavettvangs ESB um skort á framboði lyfja á vissum svæðum álfunnar. Þetta á sérstaklega við þar sem heimamarkaðurinn er lítill og lyfjafyrirtækin telja að arðsemi fjárfestinga sé takmörkuð.

1.6.8 Rannsóknir og þróun

Tvö ár eru liðin frá því að sjöundu rammaáætlun ESB var komið á fót. Í árslok 2008 var búið að undirrita og/eða gefa vilyrði fyrir 55 samningum um verkefni með íslenskri þátttöku. Heildarstyrkir til þessara verkefna nema um 146 milljónum evra og er hlutur íslenskra aðila a.m.k. 14 milljónir evra. Árangurshlutfall íslenskra umsókna er 26% sem er yfir meðaltali aðildarríkjanna.

Ef miðað er við fjölda verkefna og upphæðir styrkja er árangur íslenskra aðila bestur á sviði heilbrigðisrannsókna, þar sem ellefu verkefni skila íslenskum þátttakendum rúmum 8 milljónum evra í styrki. Þar á eftir koma verkefni á sviði umhverfisrannsókna, sem styrktar eru um 1,5 milljónir evra, upplýsingatæknirannsókna, sem styrktar eru um 800 þúsund evrur, matvælarannsókna, sem styrktar eru um 700 þúsund evrur og um 600 þúsund evrum er varið til félags-, hag- og hugvísindarannsókna.

Í yfirlýsingu óformlegs fundar rannsóknaráðherra Evrópu í Slóveníu 15. apríl sl. ítrekuðu ráðherrarnir mikilvægi evrópska rannsóknasvæðisins sem forsendu þess að Evrópusambandið næði þeim markmiðum um samkeppnishæfni evrópska þekkingarhagkerfisins sem samþykkt voru í Lissabon árið 2000. Ráðherrarnir sammæltust um mikilvægi þess að ná samkomulagi

---

[25] Tilskipanir 2001/82/EB og 2001/83/EB.
[26] Sjá m.a. tilskipanir 2004/27/EB og 2004/28/EB.
[27] http://ec.europa.eu/enterprise/pharmaceuticals/pharmacos/pharmpack_en.htm

um sameiginlega framtíðarsýn fyrir Evrópska rannsóknasvæðið fram til 2020, að þróa vegvísi fyrir aðgerðir til að undirbyggja samstarfið og að koma á virkari stýringu og eftirliti af hálfu ráðherranna. Áform um aukna stýringu og eftirlit ráðherra kallar á landfræðilega skilgreiningu evrópska rannsóknasvæðisins og mun þar vera horft til stöðu allra þeirra ríkja sem nú eru aðilar að rammaáætlun ESB um rannsóknir og þróun og ekki síður til væntanlegra samstarfslanda, s.s. Rússlands.[28]

Ný framtíðarsýn fyrir evrópska rannsóknasvæðið var samþykkt 2. desember 2008.[29] Einnig var samþykkt að hrinda af stað samstarfi á fimm sviðum sem á að renna stoðum undir evrópska rannsóknasvæðið.[30] Þrátt fyrir að yfirlýsing óformlegs fundar ráðherra rannsóknarmála ESB og EFTA-ríkjanna í apríl 2008 hafi tekið til EFTA-ríkjanna innan EES, er aðkoma þeirra að þessari vinnu enn óljós.[31]

1.6.9 Fjölmiðlar, mennta- og menningarmál

Árangur af þátttöku í samstarfsáætlunum ESB á sviði menningar-, mennta- og æskulýðsmála, svo og fjölmiðlunar, á síðasta ári er vel viðunandi og hefur þátttakan aukist milli ára. Fá verkefni undir íslenskri stjórn hlutu brautargengi en íslenskir aðilar tóku þátt í fjölmörgum verkefnum sem samstarfsaðilar. Alls komu um 7100 Íslendingar að ESBverkefnum. Erlendir þátttakendur á Íslandi voru yfir 800 talsins. Íslendingar tóku þátt í a.m.k. 240 samstarfsverkefnum og um 340 einstaklingsverkefnum. Samtals veitti sambandið 12,2 milljónum evra til Íslands árið 2008 en aðildargjöldin voru 8 milljónir evra að því er varðar áætlanir á sviði menntamálaráðuneytis.

Einkaaðilar í útvarps- og sjónvarpsrekstri og stjórnardeild samkeppnismála ESB þrýsta á um að búa starfsemi ríkisstyrktra fjölmiðla þrengri ramma en nú gildir. Lagðar hafa verið fram tillögur þess efnis. Ef þær ná fram að ganga mun eftirlit og stjórnsýsla, er varðar ríkisfjölmiðla, aukast. Ekki er talið að möguleikar RÚV til að afla tekna rýrist svo neinu nemi við slíka breytingu en um er að ræða atriði er varða nýja þjónustu þessara miðla, t.d. netmiðlun, sölu á efni o.fl.

1.6.10 Aðgerðir Evrópusambandsins vegna fjármálakreppu

Á vettvangi ESB hefur verið gripið til fjölmargra aðgerða til að bregðast við yfirstandandi fjármálakreppu. Hér má nefna hina efnahagslegu endurreisnaráætlun fyrir Evrópu, breytingar á löggjöf og reglum varðandi ríkisstyrki og breytingar á reglum um fjármálaþjónustu.

1.6.10.1 Efnahagsleg endurreisnaráætlun fyrir Evrópu

Hinn 26. nóvember 2008 lagði framkvæmdastjórn ESB fram efnahagslega endurreisnaráætlun fyrir Evrópu (e. *European Economic Recovery Plan*).[32] Áætlunin var í framhaldinu rædd og samþykkt á fundi leiðtoga ESB-ríkjanna 11.–12. desember 2008.

---

[28] Sjá yfirlýsingu ráðherrafundarins: http://www.eu2008.si/en/News_and_Documents/download_docs/April/0414_COMPET/070Summary_Research.pdf

[29] http://ec.europa.eu/research/era/pdf/era_vision_2020_en.pdf

[30] Um er að ræða eftirfarandi svið: meðferð hugverkaréttinda opinberra rannsóknastofnana, aukinn hreyfanleika rannsóknarfólks innan Evrópu, mótun nýrra, sameiginlegra rannsókna- og þróunaráætlana, uppbygging samevrópskra rannsóknarinnviða og samstarf um eflingu alþjóðlegs rannsóknasamstarfs.

[31] EFTA-ríkin hafa fulltrúa í stýrihóp um hreyfanleika rannsóknarfólks en flestum öðrum nefndum er falið að taka sjálfstæða afstöðu til aðkomu EFTA-ríkjanna innan EES.

[32] http://ec.europa.eu/commission_barroso/president/pdf/Comm_20081126.pdf

Áætlunin, sem nær yfir fjölmörg málefnasvið, byggist á tveimur undirstöðum. Þar er annars vegar um að ræða innspýtingu á 200 milljörðum evra (1,5% af vergri landsframleiðslu) inn í efnahagslífið til að auka eftirspurn og skapa aukið traust. Hins vegar er um að ræða skammtímaaðgerðir sem er ætlað að styrkja samkeppnishæfni Evrópu til lengri tíma litið. Þar er m.a. um ræða fjárfestingar í framtíðartækni (e. *smart investments*) sem eiga að stuðla að aukinni orkunýtni til að skapa störf og spara orku, sem og fjárfestingar í hreinni tækni til að hvetja byggingar- og bílaiðnaðinn til nýsköpunar að því er varðar tækninýjungar til að draga úr losun koltvísýrings.

Megináherslan er á samstöðu og félagslegt réttlæti og aðgerðirnar eiga því að hjálpa þeim sem eru í mestri neyð, m.a. með nýjum atvinnutækifærum og endurmenntun fyrir þá sem misst hafa vinnuna með aðstoð sjóða ESB (m.a. *European Globalisation Adjustment Fund og European Social Fund*). Einnig er stefnt að því að lækka orkukostnað þeirra sem verst eru settir með sérstökum aðgerðum og auka tölvu- og netfærni þeirra hópa sem dregist hafa aftur úr á því sviði.

Að auki hefur Seðlabanki Evrópu lækkað vexti sína verulega til að auka fjárhagslegan stöðugleika og styðja við aukinn hagvöxt.

1.6.10.2 Ríkisstyrkir vegna fjármálakreppunnar

Á síðari hluta ársins 2008 var kröftum framkvæmdastjórnarinnar á vettvangi ríkisstyrkja einkum beint að ríkisstyrkjum til þess að bregðast við erfiðleikum á fjármálamörkuðum.

Um miðjan október samþykkti framkvæmdastjórnin leiðbeiningar um ríkisstyrki vegna fjármálastofnana í erfiðleikum.[33] Með leiðbeiningunum er leitast við að koma í veg fyrir röskun samkeppnisforsendna á innri markaðnum með veitingu ríkisstyrkja til fjármálastofnana. Þær eru í aðalatriðum byggðar á gildandi leiðbeiningum um endurskipulagningu og björgun fyrirtækja í rekstrarerfiðleikum. Skilyrði ríkisstyrkja samkvæmt leiðbeiningunum eru í aðalatriðum eftirfarandi:

- Ráðstafanir mega ekki fela í sér mismunun aðila á grundvelli þjóðernis.
- Ráðstafanir verða að vera tímabundnar vegna aðstæðna á fjármálamörkuðum og endurskoðun skal fara fram um leið og aðstæður breytast.
- Ráðstafanir mega ekki vera þess eðlis að hluthafar hagnist á kostnað skattborgaranna.
- Stefnt skal að því að tryggja hæfilega þátttöku einkamarkaðarins í ráðstöfunum til stuðnings fjármálastofnunum.
- Styrkþegar skulu virða tilteknar hátternisreglur sem miða að því að lágmarka hættu á misnotkun veittra ríkisstyrkja.
- Stefnt skal að endurskipulagningu einstakra fjármálastofnana og fjármálakerfisins í heild til eftirfylgni við veitta ríkisstyrki.
- Í desember sl. samþykkti framkvæmdastjórnin leiðbeiningar um endurfjármögnun fjármálastofnana til þess að auka framboð lánsfjár í umferð.[34] Leiðbeiningarnar eru til fyllingar ofangreindum leiðbeiningum frá því í október. Lúta þær einkum að aðgreiningu fjármálastofnana, sem eru í nokkuð góðum rekstri, en þurfa á einhverri aðstoð að halda vegna aðstæðna á markaði, og fjármálastofnana sem eiga í talsvert meiri erfiðleikum.

---

[33] Sjá orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar nr. 2008/C 270/02: http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:C:2008:270:0008:0014:EN:PDF

[34] Sjá orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar nr. C(2008) 8259: http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:C:2008:270:0008:0014:EN:PDF.

Í leiðbeiningunum er mælt fyrir um að aðstoð við hinar síðarnefndu lúti strangari skilyrðum.

Þá sendi framkvæmdastjórnin frá sér orðsendingu hinn 17. desember sl. um tímabundnar heimildir fyrir aðildarríkin í baráttunni við neikvæð áhrif lánsfjárþurrðar á efnahagslífið.[35] Aðgerðirnar eru hluti af fyrrgreindri aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar til endurreisnar efnahagslífsins sem samþykkt var hinn 26. nóvember sl. Samkvæmt orðsendingunni eru eftirtaldar aðgerðir heimilar á þessu ári og því næsta:

a. Veiting styrkja að fjárhæð allt að 500.000 evrum vegna áranna 2009 og 2010 til þess að lina erfiðleika fyrirtækja vegna efnahagsástandsins.
b. Veiting skuldatrygginga á sérkjörum.
c. Veiting lána á sérkjörum, einkum til fyrirtækja sem framleiða umhverfisvænar vörur, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.
d. Veiting styrkja í formi áhættufjárfestingar til lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjárhæð allt að 2,5 milljónum evra á ári, en samkvæmt almennum reglum mega slíkir styrkir nema að hámarki 1,5 milljónum evra. Veiting styrkja er háð því að a.m.k. 30% af fjárfestingarkostnaði komi frá einkaaðilum í stað 50 % skv. almennum reglum.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) gaf út samsvarandi leiðbeiningar hinn 29. janúar sl.[36]

1.6.10.3 Breytingar á löggjöf á sviði fjármálaþjónustu

Fjölmargar tillögur að lagabreytingum á sviði fjármálaþjónustu hafa verið til umræðu á vettvangi ESB síðastliðna mánuði og falla þær breytingar flestar undir gildissvið EES-samningsins. Til að vernda innstæðueigendur, viðhalda trausti þeirra á bankastofnunum og tryggja aukinn stöðugleika á fjármálamörkuðum lagði framkvæmdastjórn ESB hinn 15. október 2008 fram tillögu að breytingu á tilskipun 94/19/EB um innstæðutryggingar (e. *Deposit Guarantee Schemes*).[37] Þar er m.a. lagt til að lágmarkstryggingarfjárhæðin, sem tryggingarsjóðum innstæðueigenda beri að greiða, ef banki eða annað aðildarfyrirtæki að viðkomandi tryggingarsjóði verður gjaldþrota eða er ekki fært um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu, verði hækkuð verulega. Evrópuþingið og ráðherraráðið hafa náð samkomulagi um meginefni þessarar tillögu, m.a. um að hækka lágmarksinnstæðutrygginguna úr 20.000 evrum í a.m.k. 50.000 evrur frá 30. júní 2009. Einnig er samkomulag um að lágmarkstryggingin skuli hækka úr a.m.k. 50.000 evrum í 100.000 evrur og að sú hækkun taki gildi eigi síðar en 31. desember 2010. Þá verður einnig samræmd hámarksupphæð um allt svæðið, þ.e. einstökum aðildarríkjum verður ekki heimilt að hafa innstæðutrygginguna hærri en 100.000 evrur, þó með ákveðnum undantekningum, t.d. varðandi lífeyrissparnað.

Nokkrum öðrum tillögum framkvæmdastjórnarinnar er einnig ætlað að treysta lagaumhverfi fjármálamarkaða þó að flestar hafi þær verið komnar fram áður en fjármálakreppan

---

35 http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=IP/08/1993&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en

36 Sjá fréttatilkynningu ESA á vefslóðinni http://www.eftasurv.int/information/pressreleases/2009pr/dbaFile15994.html. Um er að ræða eftirtaldar leiðbeiningar sem eru á vefslóðinni http://www.eftasurv.int/fieldsofwork/fieldstateaid/state_aid_guidelines/:*1) The application of state aid rules to measures taken in relation to financial institutions in the context of the global financial crisis; 2) The recapitalisation of financial institutions in the current financial crisis: limitation of aid to the minimum necessary and safeguards against undue distortions of competition; 3) The temporary framework for state aid measures to support access to finance in the current financial and economic crisis.*

37 http://ec.europa.eu/internal_market/bank/guarantee/index_en.htm

skall á af fullum þunga í október.[38] Gert er ráð fyrir því að samkomulag náist milli ráðherraráðsins og Evrópuþingsins um þessar tillögur á fyrri hluta ársins 2009 og að þær taki gildi 2010 eða 2011.

Flestar þessar tillögur fela m.a. í sér ákvæði um styrkingu eftirlits á fjármálamarkaði og nánari samvinnu eftirlitsaðila milli landa. Hinn 25. febrúar 2009 var gefin út skýrsla með tillögum frá hópi háttsettra sérfræðinga (Larosière-hópnum) til framkvæmdastjórnar ESB um hvernig styrkja megi eftirlit með fjármálamarkaðnum enn frekar og efla samvinnu eftirlitsaðila.[39] Hinn 4. mars sendi framkvæmdastjórn ESB frá sér orðsendingu[40] með tillögum fyrir leiðtogafund ESB, þar sem fram kemur að framkvæmdastjórnin styður tillögur Larosière-hópsins og hvetur leiðtoga ESB til að gera slíkt hið sama. Framkvæmdastjórnin vill líkt og Larosière-hópurinn sjá endurbætt eftirlitskerfi sem byggist á aukinni yfirsýn á vettvangi ESB en jafnframt skýru hlutverki eftirlitsstofnana aðildarríkjanna. Framkvæmdastjórnin styður einnig tillögur Larosière-hópsins um breytingar á regluverki ESB varðandi fjármálamarkaði og mun í apríl leggja fram nýjar tillögur um m.a. vogunarsjóði og launakjör stjórnenda. Fyrir leiðtogafund ESB í júní hyggst framkvæmdastjórnin að auki leggja fram nákvæma tímaáætlun um frekari aðgerðir á grundvelli tillagna Larosière-hópsins, m.a. um nýtt eftirlitskerfi, aðgerðir til að styrkja vernd fyrir innstæðueigendur og skilvirk refsiúrræði fyrir brot á reglum. Framkvæmdastjórnin tekur einnig undir tillögur Larosièrehópsins um breytingar á alþjóðakerfinu, m.a. um aukna alþjóðlega samvinnu og að starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verði styrkt, en þær tillögur verða ræddar á G20-fundinum í London 2. apríl 2009.

Framkvæmdastjórnin hafði einnig fyrr á árinu boðað frekari aðgerðir varðandi framtíðarskipan fjármálamarkaða og vænta má tillagna þar að lútandi síðar á árinu (e. *Financial markets for the future package*), m.a. um yfirsýn og gagnsæi varðandi alla þátttakendur á fjármálamarkaði, sem og um afleiður (e. *derivatives*). Tilskipanir um útboðs- og skráningarlýsingar og um innherjasvik og markaðsmisnotkun verða einnig endurskoðaðar á árinu.

1.7 Schengen-samstarfið

Ísland hóf þátttöku í Schengen-samstarfinu ásamt öðrum norrænum ríkjum árið 1996 en full þátttaka hófst í mars 2001.[41] Í fullri þátttöku felst að persónueftirlit er afnumið á innri landamærum þátttökuríkjanna og sameiginlegar reglur gilda um vörslu ytri landamæra Schengen-svæðisins. Opnun landamæra milli aðildarríkjanna kallar á náið samstarf lögreglu og annarra yfirvalda og greið skipti á upplýsingum þeirra á milli.

Schengen-samstarfið fellur undir starfsemi og stefnu ESB á sviði dóms- og innanríkismála, sem á sér ekki langa sögu, en hefur þróast hratt undanfarin ár frá því að vera hefðbundið milliríkjasamstarf yfir í samstarf sem fellur nú í flestum atriðum undir stofnanaramma

---

[38] Nefna má tillögu um breytingu á tilskipunum 2006/48 og 2006/49 um eiginfjárkröfu lánastofnana og fjárfestingarfélaga (e. *Capital Requirements*). Einnig hefur verið til umræðu tillaga um breytingar á tilskipun um verðbréfasjóði (UCITS), tillögur að breytingum á tilskipunum um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum (e. *settlement finality*) og fjárhagslegar tryggingaráðstafanir (e. *financial collateral*), tillaga að breytingu á tilskipun um gjaldþol tryggingarfélaga (e. *Solvency II*) og tillaga að reglugerð um starfsemi matsfyrirtækja (e. *credit rating agencies*).

[39] Skýrslan er á vefslóðinni: http://ec.europa.eu/internal_market/finances/docs/de_larosiere_report_en.pdf

[40] http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=IP/09/351&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en

[41] Viðeigandi samninga er að finna á vefslóðinni: http://www.utanrikisraduneyti.is/samningar/schengen/nr/548

ESB. Undanfarin ár, ekki síst frá árinu 2001, hefur áhersla ESB á dóms- og innanríkismál aukist mjög og nýjum tillögum á sviðinu fjölgað til muna. Ekki teljast þó allar nýjar tillögur á sviðinu falla undir Schengen-samstarfið en ákvörðun um það er í höndum ESB. Það er hluti af hagsmunagæslu íslenskra stjórnvalda að fylgjast með þessari flokkun og gera athugasemdir ef við á.

Í skýrslu utanríkisráðherra um Evrópumál, sem lögð var fyrir Alþingi á síðasta ári, er að finna almenna umfjöllun um Schengen-samstarfið og inntak þess og er vísað til þess sem þar segir. Hér er hins vegar ætlunin að gera grein fyrir því markverðasta sem hefur átt sér stað frá útgáfu hennar.

Þau ríki, sem eru fullir þátttakendur í Schengen-samstarfinu, eru nú 24 talsins (22 aðildarríki ESB ásamt Noregi og Íslandi). Í desember sl. hóf Sviss þátttöku í Schengen-samstarfinu að hluta er persónueftirlit á innri landamærum á landi var fellt niður en Sviss tekur þátt að fullu í mars 2009 þegar persónueftirlit á innri landamærum á flugvöllum fellur niður. Í febrúar 2008 undirritaði Liechtenstein samstarfssamning við ESB um aðild að Schengen-samstarfinu og gert er ráð fyrir því að það verði fullur þátttakandi í lok ársins 2009. ESB-ríkin Kýpur, Rúmenía og Búlgaría hafa jafnframt lýst yfir vilja til fullrar þátttöku í Schengen á næstu árum og eru fyrstu Schengen-úttektir áætlaðar í tveimur síðasttöldu ríkjunum í mars og apríl 2009. Afstaða Bretlands og Írlands til Schengen-aðildar hefur ekki breyst en bæði ríkin taka þátt í lögreglusamvinnunni og munu tengjast nýrri útgáfu Schengen-upplýsingakerfisins (SIS II).

Stækkun Schengen-upplýsingakerfisins hefur verið fyrirhuguð um nokkra hríð og hefur nauðsynleg ESB-löggjöf vegna þessa þegar verið samþykkt. Tæknivinna og þróun kerfisins hefur hins vegar ekki gengið sem skyldi og hefur ítrekað þurft að seinka gangsetningu þess. Samkvæmt fyrirliggjandi tímaáætlun stendur til að taka kerfið í notkun í september 2009, en útlit er þó fyrir að sú áætlun muni ekki standast. Stækkun kerfisins felst í því að unnt verður að skrá fleiri atriði í kerfið, s.s. ljósmyndir og fingraför. Þannig verður unnt að bera kennsl á fólk með öruggari hætti en nú er þannig að eftirlit á landamærum getur gengið hraðar fyrir sig sem minnkar óþægindi og tafir fyrir fólk sem ferðast í löglegum tilgangi. Stækkunin kallar á breytingar á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi og mun dómsmálaráðherra mæla fyrir slíkum breytingum á Alþingi.

Auk þess sem persónueftirlit á landamærum hefur verið afnumið milli Íslands og þeirra ríkja sem taka fullan þátt í samstarfinu markast stefna Íslands varðandi vegabréfsáritanir af þeirri stefnu sem Schengen-ríkin móta í sameiningu. Árið 2004 var ákveðið innan ESB að setja á fót upplýsingakerfi í áritanamálum (VIS) og hefur verið unnið að því hörðum höndum síðan. Áætlað er að taka kerfið í notkun um mitt ár 2009 en enn hefur ekki tekist að samþykkja allar nauðsynlegar lagabreytingar innan ESB vegna kerfisins. Kerfið mun auðvelda nauðsynlega yfirsýn og samráð vegna vegabréfsáritana, ásamt því að sporna gegn áritanasvindli (e. *visa-shopping*) og ólöglegri dvöl útlendinga á Schengen-svæðinu. Í kerfið verða m.a. skráð fingraför allra einstaklinga eldri en 12 ára sem óska eftir áritun inn á Schengensvæðið.

Beinn aðgangur að upplýsingakerfum hefur styrkt stöðu íslenskrar lögreglu í baráttunni gegn skipulagðri, alþjóðlegri afbrotastarfsemi og auðveldað stjórnvöldum eftirlit með ólöglegri umferð útlendinga. Þess ber að geta að um upplýsingaskipti af þessu tagi gilda strangar reglur um vernd persónuupplýsinga.

Á síðastliðnu ári var unnið að gerð samninga um útgáfu vegabréfsáritana og um endurviðtöku þeirra sem dvelja ólöglega hér á landi, til samræmis við samninga Evrópusambands-

ins. Í þeim samningum, sem ESB hefur gert, hefur verið að finna sameiginlega yfirlýsingu um þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu og fýsileika þess að sambærilegir samningar yrðu gerðir á milli Íslands og viðkomandi ríkis. Samningar við Rússland og Albaníu voru undirritaðir á árinu og eru nú í fullgildingarferli. Drög að samningum voru jafnframt send til sex Evrópuríkja í Suðaustur-Evrópu og munu viðræður halda áfram á þessu ári.[42]

Þegar mál tengist Schengen-samstarfinu efnislega, en fellur ekki formlega undir samstarfið, hafa stundum verið gerðir sérstakir samstarfssamningar á þeim sviðum til að styrkja samvinnuna enn frekar. Nýjasti samningurinn í farvatninu er um aðild að svonefndum Prümsamningi en hann fjallar um aukið samstarf lögreglu, s.s. aðgang að lífkennagagnabönkum í aðildarríkjunum þegar tiltekin skilyrði eru uppfyllt.[43] Samningaviðræðum Noregs og Íslands við ESB er lokið og stendur til að undirrita samninginn innan skamms.

Schengen-samstarfinu tengist einnig samningur Íslands og ESB um meðferð hælisumsókna, svokallað Dyflinnarsamstarf, sem m.a. er ætlað að tryggja að aðeins sé fjallað um sérhverja hælisumsókn í einu aðildarríki samstarfsins og þannig komið í veg fyrir tvíverknað. Í Dyflinnarsamstarfinu felst einnig þátttaka í sameiginlegum fingrafaragagnagrunni (EURODAC) sem auðveldar stjórnvöldum að bera kennsl á þá sem þegar hafa sótt um hæli í öðrum aðildarríkjum og framfylgja reglum Dyflinnarsamstarfsins. Framkvæmdastjórn ESB lagði í desember fram tillögur sem miða að breytingum á Dyflinnarsamkomulaginu og verða þær á næstu mánuðum ræddar í sérfræðinganefndum sem Ísland á aðkomu að.

2 ALÞJÓÐAMÁL

Ísland á mikið undir alþjóðlegu samstarfi á öllum sviðum og þarf líkt og önnur ríki að leggja sitt af mörkum til að slíkt samstarf beri árangur. Það að viðhalda góðu orðspori og trúverðugleika er hagsmunamál hverrar þjóðar. Á grundvelli þessa er mikilvægt að standa við alþjóðaskuldbindingar og leggja ekki síður áherslu á hvað Ísland getur lagt af mörkum heldur en hvað það getur fengið út úr samstarfi.

Þeir tveir áratugir sem liðnir eru síðan kalda stríðinu lauk hafa ekki fært alþjóðasamfélaginu þann frið og stöðugleika sem vonir stóðu til. Nýjar ógnir hafa risið samfara því að ekki hefur tekist að finna lausn á fjölda erfiðra deilumála. Viðfangsefni öryggis- og varnarmála samtímans eru víðfeðmari og margbreytilegri en áður. Maðurinn, atferli hans og umhverfi eru ríkur þáttur nútímaskilgreiningar á öryggi eins og fram kemur í vaxandi umræðu um mannöryggi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og í öðrum alþjóðastofnunum.

Hin hraða hnattvæðing hefur vissulega skapað ný tækifæri en samfara þeirri þróun hafa þær hættur sem steðja að hinu alþjóðlega samfélagi orðið flóknari og jafnvel innbyrðis tengdari. Alþjóðleg glæpastarfsemi, hryðjuverk, farsóttahætta, efnahagsvá, auðlindadeilur og neikvæð áhrif loftslagsbreytinga eru dæmi um nýja vá sem ekki verður tekist á við með viðunandi árangri nema að til komi alþjóðlegt samstarf. Vægi stoðviða samfélagsins, s.s. upplýsinga- og fjarskiptakerfa, orkuframleiðslu og flutninga, hefur einnig margfaldast og jafnframt orðið viðkvæmara.

---

[42] Ríkin sem um ræðir eru: Bosnía og Hersegóvína, Makedónía, Moldóva, Serbía, Svartfjallaland og Úkraína.

[43] Í samningnum eru tekin upp ákvæði ákvörðunar 2008/615/DIM um aukna landamærasamvinnu, einkum til að sporna við hryðjuverkum og glæpastarfsemi yfir landamæri og ákvörðunar 2008/616/DIM um innleiðingu fyrrnefndu ákvörðunarinnar.

Ísland verður ekki einangrað frá þessum öryggisvandamálum samtímans og þarf að tryggja öryggi þegnanna gagnvart þeim. Þessi ábyrgð stjórnvalda hefur í raun vaxið og orðið flóknari.

Þær hættur sem að Íslandi steðja í nútíð og framtíð verða best og tryggilegast leystar í fjölþjóðlegu samstarfi. Það er því mikilvægt að Ísland taki virkan þátt í því fjölþjóðasamstarfi sem stuðlar að betra alþjóðlegu öryggi í víðasta skilningi. Hér á ekki síst við þátttaka Íslands í norrænu samstarfi og starfi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins og ÖSE.

2.1 Norrænt samstarf

Ísland gegnir formennsku í ráðherranefnd Norðurlandaráðs á árinu 2009 og fer með skipulag samráðsfunda norrænna ráðherra og embættismanna á tímabilinu. Skoðanakannanir á Norðurlöndum hafa sýnt að þetta samstarf nýtur meiri stuðnings almennings en nokkurt annað alþjóðasamstarf. Þessi norræna samstaða kom berlega í ljós í kjölfar fjármálahrunsins og hafa Íslendingar fundið fyrir miklum stuðningi af hálfu hinna Norðurlandanna, bæði frá almenningi og stjórnvöldum sem hafa veitt Íslendingum bæði fjárhagslegan og pólitískan stuðning.

Þessi samstaða kemur einnig fram í nánu norrænu samráði á sviði utanríkismála þrátt fyrir mismunandi aðild einstakra Norðurlanda að mikilvægustu stofnunum Evrópu, eins og ESB og NATO. Nýlegt dæmi um vilja til að styrkja enn frekar samstarfið á þessu sviði, ekki síst að því er varðar málefni Norðurslóða, er þegar utanríkisráðherrar Norðurlandanna fólu Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkis- og varnarmálaráðherra Noregs, það verkefni á síðasta ári að gera tillögur um nánara samstarf Norðurlandanna á sviði utanríkis- og öryggismála. Skýrsla Stoltenbergs var kynnt á utanríkisráðherrafundi Norðurlandanna í Osló 9. febrúar sl. og er nánar fjallað um efni hennar í kafla hér á eftir um grannríkjasamstarf.

2.2 Sameinuðu þjóðirnar

Stærstu viðfangsefni samtímans, eins og útrýming fátæktar, loftslagsbreytingar, matvælaöryggi, skipulögð glæpastarfsemi, hryðjuverk, útbreiðsla gjöreyðingarvopna og fólksflutningar, þekkja engin landamæri. Í hnattvæddum heimi gegna alþjóðastofnanir lykilhlutverki við úrlausn þessara verkefna sem og annarra sem ekki verða leyst án alþjóðlegrar samvinnu. Stærst allra alþjóðlegra stofnana eru Sameinuðu þjóðirnar (SÞ) sem 192 ríki eiga aðild að.

2.2.1 Virk þátttaka Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna

Í ljósi þess að Ísland náði ekki kjöri til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og fækkunar starfsmanna í fastanefnd Íslands í New York mun þátttaka Íslands á þessum mikilvæga vettvangi óhjákvæmilega taka breytingum.

Á allsherjarþinginu sem og á öðrum vettvangi innan SÞ, eins og í mannréttindaráðinu, nefndinni um sjálfbæra þróun og kvennanefndinni, mun Ísland halda áfram að tala fyrir aðaláherslumálum sínum og leggja sitt af mörkum til að vinna að framgangi þeirra mála sem Sameinuðu þjóðirnar standa fyrir í þágu heildarinnar. Ísland mun þannig leggja áherslu á hafréttarmál og málefni hafsins, umhverfismál og sjálfbæra þróun, mannréttindamál, jafnréttismál, loftslagsmál, afvopnunarmál og friðsamlega lausn deilumála. Ísland mun einnig halda áfram að taka þátt í umræðum um ákveðin mál innan öryggisráðsins, eins og Palestínumálið og ályktun öryggisráðsins nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Ísland tekur einnig, ásamt hinum Norðurlöndunum, þátt í umræðunni sem nú fer fram innan SÞ um endurskipulagningu

og endurbætur á öryggisráðinu, en rík áhersla er nú lögð á nauðsyn þess innan Sameinuðu þjóðanna að hreyfing komist á það mikilvæga mál.

Það þjónar hagmunum Íslands sem smáríkis að styrkja hið alþjóðlega laga- og stofnanaumhverfi og tryggja lýðræðislega stjórnunarhætti innan alþjóðastofnana. Ástandið í efnahagsmálum á alþjóðavísu er til þess fallið að hafa áhrif á pólitískt valdajafnvægi milli ríkja. Fyrir smáríki skiptir miklu að þetta verði ekki til þess að styrkja vægi fárra ríkja til að taka ákvarðanir sem snerta heildina utan hins fjölþjóðlega stofnanalega ramma. Hyggja þarf að lausn vandans innan núverandi stofnana. Það er því mikilvægt hagmunamál fyrir Ísland að tryggt verði að Sameinuðu þjóðirnar séu skilvirkar og í stakk búnar til að takast á við þau vandamál sem heimurinn stendur frammi fyrir.

2.2.2 Árangur af framboði til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna

Framboð Íslands, í október á síðasta ári, til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, eitt stærsta viðfangsefni í sögu íslenskrar utanríkisþjónustu, fékk ekki brautargengi þrátt fyrir að næg loforð um stuðning höfðu verið gefin. Ljóst er að röð atburða í kjölfar bankahrunsins á Íslandi síðastliðið haust, nokkrum dögum fyrir kosningar til öryggisráðsins, hafði þar mikil áhrif. Þó að settu marki hafi ekki verið náð styrkti framboðið stöðu Íslands á alþjóðavettvangi, auðveldaði gæslu grundvallarhagsmuna og gaf tækifæri til að halda fram megináherslum utanríkisstefnu Íslands. Samvinna á alþjóðavettvangi um sameiginleg úrlausnarefni, sem varða hagsmuni Íslands, s.s. á sviði alþjóðaviðskipta og umhverfis- og auðlindamála, krefst bæði formlegra og óformlegra samskipta milli ríkja. Hin nýju sambönd, sem urðu til samhliða framboðinu, m.a. með því að koma á stjórnmálasambandi við nær öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna, hafa styrkt tengslanet Íslands til muna. Þessi sambönd mun utanríkisþjónustan nýta sér í því mikilvæga verkefni sem hún nú stendur frammi fyrir, að auka orðspor Íslands á alþjóðavettvangi.

2.2.3 Framkvæmd þvingunaraðgerða öryggisráðsins

Alþingi samþykkti síðastliðið vor lög nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða. Lögunum, sem tóku gildi 24. júní 2008, er fyrst og fremst ætlað að framfylgja þvingunaraðgerðum öryggisráðsins, sem getur tekið ákvörðun um að beita slíkum aðgerðum til að varðveita heimsfrið og öryggi. Nýju lögin skapa Íslandi einnig betri forsendur til að taka þátt í þvingunaraðgerðum í samstarfi við Evrópusambandið.

2.3 Öryggis- og varnarmál

Íslensk stjórnvöld axla nú sjálfstæða ábyrgð á öryggis- og varnarmálum. Í samræmi við það samþykkti Alþingi, í lok apríl 2008, varnarmálalög sem eru fyrsta heildstæða löggjöfin um varnarmál á Íslandi. Samkvæmt lögunum ber utanríkisráðherra ábyrgð á stefnu Íslands í öryggis- og varnarmálum á alþjóðavettvangi og er falin yfirstjórn varnarmála á Íslandi.

Með varnarmálalögum var sett á fót sérstök varnarmálastofnun sem tók til starfa 1. júní sl. og sinnir varnartengdum verkefnum sem íslensk stjórnvöld bera nú ábyrgð á. Þar ber hæst rekstur íslenska loftvarnakerfisins, en íslensk stjórnvöld tóku við yfirstjórn þess og rekstri Ratsjárstofnunar úr hendi Bandaríkjanna 15. ágúst 2007.

Á árinu 2007 skipaði utanríkisráðherra þverfaglegan starfshóp til að vinna að faglegu áhættumati fyrir Ísland. Formaður starfshópsins skilaði skýrslu hópsins til utanríkisráðherra 11. mars sl. Í skýrslunni er fjallað um öryggi út frá þremur greiningarþáttum: þjóðaröryggi, samfélagslegu/borgaralegu öryggi og hnattrænum þáttum. Eftirfarandi áhættuþættir voru

skoðaðir sérstaklega í skýrslunni: öryggi fjármálakerfisins, hernaðarógnir, heilbrigðisöryggi og farsóttir, umhverfisógnir, náttúruhamfarir og loftslagsbreytingar, alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi, gereyðingarvopn, skipulögð glæpastarfsemi, mansal, fólksflutningar til Íslands, aðlögun útlendinga að íslensku samfélagi, netöryggi, öryggi orkukerfisins, fjarskiptaöryggi, siglingaöryggi og mengunarvarnir og matvæla- og vatnsöryggi.

Þessir áhættuþættir eru metnir út frá líkum á því að hættuástand skapist og samfélagslegum áhrifum þess, veikleikum og styrkleikum Íslands og aðstæðum á Íslandi samanborið við aðstæður í öðrum löndum.

Í skýrslunni er m.a. komist að þeirri niðurstöðu að engar vísbendingar séu um að hernaðarógn muni í náinni framtíð steðja að Íslandi. Hætta á hryðjuverkaárás á Ísland telst einnig lítil. Hins vegar er skipulögð glæpastarfsemi sögð vera vaxandi öryggisvandamál og snertir hún marga þætti, eins og fíkniefnasmygl, ofbeldi, peningaþvætti og mansal. Í skýrslunni eru settar fram ábendingar um viðbrögð við hættum, um aukið samstarf stofnana innanlands sem sinna öryggismálum, um stefnumótun á sviði öryggis- og varnarmála og einstök viðbrögð við tilteknum hættum. Áhættumatsskýrslan er nú til nánari skoðunar í utanríkisráðuneytinu sem mun vinna úr tillögum starfshópsins og koma ábendingum skýrsluhöfunda á framfæri við aðra aðila innan stjórnkerfisins til frekari athugunar og úrvinnslu.

Varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna og aðildin að Atlantshafsbandalaginu fela í sér varnartryggingar Íslands. Breytt öryggisumhverfi, bæði nær og fjær, kallar hins vegar á aukið frumkvæði og ábyrgð í alþjóðlegri samvinnu á sviði öryggismála. Á umliðnu ári hefur verið unnið að því að styrkja samstarfið við nágrannaríki á sviði öryggis- og varnarmála. Íslensk stjórnvöld og Atlantshafsbandalagið stóðu að ráðstefnu um öryggishorfur á norðurslóðum hér á landi í byrjun árs. Utanríkisráðuneytið sá um undirbúning og framkvæmd ráðstefnunnar í samvinnu við bandalagið.

Varnarmálalögin

Samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 177/2007 eru varnarmál hluti af verksviði utanríkisráðuneytisins. Hinn 17. janúar 2008 mælti þáverandi utanríkisráðherra fyrir frumvarpi til varnarmálalaga (135. löggjafarþing, þskj. 565 – 331. mál.).[44] Lögin (nr. 34/2008), sem tóku gildi 31. maí 2008, byggja á þeirri meginforsendu að Íslendingar eru herlaus þjóð og að ekki er vilji til þess af hálfu stjórnvalda að breyta því. Varnarmálastofnun rekur í dag öryggissvæði við Keflavíkurflugvöll, Miðnesheiði, Helguvík, Bolafjall, Gunnólfsvíkurfjall og Stokksnes og annast rekstur mannvirkja Atlantshafsbandalagsins hérlendis. Stofnunin vinnur úr upplýsingum frá bandalaginu og veitir gistiríkisstuðning vegna loftrýmisgæslu sem hófst hérlendis í maí 2008 með komu franska flughersins.

Loftrýmisgæsla Atlantshafsbandalagsins við Ísland

Eftir brotthvarf varnarliðsins frá Íslandi haustið 2006 fór forsætisráðherra fram á það við Atlantshafsbandalagið að gerðar yrðu tillögur um hvernig haga bæri loftrýmisgæslu við Ísland í ljósi þess að hér er enginn her. Framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins fól hermálayfirvöldum þess að þróa slíkar tillögur í samvinnu við íslensk stjórnvöld. Í upphafi var tekin sú ákvörðun að fara ekki fram á viðvarandi loftrýmisgæslu líkt og á sér stað í Eystrasaltsríkjunum heldur stefna að reglubundinni viðveru orrustuflugvéla.

---

[44] Frumvarpið er aðgengilegt á heimasíðu Alþingis: http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=135&mnr=331

Hermálayfirvöld Atlantshafsbandalagsins lögðu til að bandalagsríki myndu senda orrustuflugvélar til loftrýmisgæslu á Íslandi, a.m.k. ársfjórðungslega, og að íslenska loftvarnakerfið yrði samþætt loftvarnakerfi NATO í Evrópu. Þessar tillögur voru samþykktar í fastaráði bandalagsins 27. júlí 2007. Í nóvember 2007 buðust Frakkar og Bandaríkjamenn til að senda orrustuflugvélar til loftrýmisgæslu við Ísland árið 2008 og Danir, Norðmenn og Bandaríkjamenn leggja til flugsveitir í ár. Þá hafa ýmis önnur ríki lýst áhuga á loftrýmisgæslu hér á landi næstu árin og unnið verður áfram að því að tryggja nægjanleg framlög frá bandamönnum okkar eftir því sem þurfa þykir. Þá hafa þjóðirnar orðið að taka á sig aukinn kostnað í kjölfar efnahagsástandsins hér á landi.

Frá brottför varnarliðsins hafa rússneskar langdrægar sprengjuflugvélar flogið alls 21 sinni inn að og/eða í gegnum loftrýmisgæslusvæði Íslands, svæði sem skilgreint er sem sameiginlegt loftrýmiseftirlitssvæði Atlantshafsbandalagsins. Í sex tilvikum hefur verið flogið umhverfis landið og mesta nálægð verið innan við 35 mílur frá landi. Varnarmálastofnun hefur fylgst með þessum flugvélum og sent upplýsingar um viðkomandi flug inn í loftvarnakerfi NATO og til Flugstoða sem sinna flugumferðarstjórn í kringum landið.

Flug rússnesku herflugvélanna gengur ekki gegn alþjóðalögum. Íslensk stjórnvöld hafa hins vegar ítrekað komið þeirri skoðun á framfæri, beint við rússnesk stjórnvöld og á vettvangi samstarfsráðs Atlantshafsbandalagsins og Rússlands, að slíkt herflug nálægt íslenskri lofthelgi, sem rússnesk stjórnvöld hafa ekki tilkynnt, sé í hæsta máta óviðeigandi, auk þess sem af því getur stafað hætta fyrir borgaralegt flug.

Mannvirki Atlantshafsbandalagsins

Varnarmálastofnun hefur, fyrir hönd íslenskra stjórnvalda, tekið að fullu við svokallaðri gistiríkisábyrgð á öllum mannvirkjum Atlantshafsbandalagsins á Íslandi. Í því felst að stjórnvöld eru skuldbundin til að sjá um rekstur og viðhald þeirra mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið af Mannvirkjasjóði bandalagsins, en alls 154 mannvirki voru skráð á eignalista. Við brotthvarf varnarliðsins varð ljóst að ýmis NATO-mannvirki væru óþörf. Með það í huga, og til að létta á fjárhagslegri byrði, voru 49 mannvirki afskráð af mannvirkjaskrá bandalagsins í nóvember 2007. Afskráning mannvirkja er forsenda þess að hætt sé hernaðarlegri notkun þeirra og þau síðan rifin eða tekin til borgaralegra nota.

Samhliða því að gegna nú hlutverki gistiríkis hefur Ísland gerst aðili að Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Hlutverk sjóðsins er að fjármagna búnað og mannvirki sem eru nauðsynleg varnarhagsmunum bandalagsins í heild.

2.3.1 Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna

Samstarf Íslands og Bandaríkjanna grundvallast sem fyrr á varnarsamningi ríkjanna. Gengið hefur verið frá ýmsum þáttum varðandi áframhaldandi samstarf í kjölfar brottfarar varnarliðsins, s.s. vegna varnaræfinga, þátttöku Bandaríkjanna í loftrýmiseftirliti og gerð þjónustusamninga vegna varnarbúnaðar. Fyrstu reglubundnu viðræður ríkjanna, undir formerkjum samkomulags þeirra frá því í lok september 2006, fóru fram í Reykjavík í júní 2007. Ráðgert er að næst verði slíkar viðræður haldnar hér á landi í júní nk. Samstarf Íslands og Bandaríkjanna tekur nú skýrt mið af breyttum aðstæðum. Sameiginlegir hagsmunir eru eftir sem áður grunnurinn að tvíhliða samstarfi sem og samvinnu á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Gera má ráð fyrir að á fundinum í júní verði m.a. til umræðu þau atriði sem snúa að varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna sem getið er í skýrslu starfshóps um áhættumat fyrir Ísland.

2.3.2 Grannríkjasamstarf

Hinn 12. maí 2008 var undirritað samkomulag um samstarf á sviði öryggis- og varnarmála við Bretland. Áður hafði verið gert svipað samkomulag við Noreg og Danmörku. Síðan hefur verið unnið að því að útfæra nánar einstök verkefni og skilgreina samstarfsfleti enn frekar. Einkum hefur, af Íslands hálfu, verið lögð áhersla á aukið samstarf um öryggismál á norðurslóðum. Jákvæðar viðræður um grannríkjasamstarf hafa farið fram við Þýskaland og Frakkland.

Samstarf Norðurlandanna á sviði hefðbundinna varnar- og öryggismála hefur einnig farið vaxandi. Á fundi varnarmálaráðherra Norðurlandanna, 11.–12. nóvember 2008, var undirritað samkomulag um aukið samstarf á sviði varnarmála. Tilgangurinn með auknu samstarfi ríkjanna fimm er að ná fram samlegðaráhrifum í uppbyggingu aðgerðagetu þegar brýn verkefni á sviði öryggis eru margþætt en fjármagn þverrandi. Ætlunin er að efla stefnumótun og samstarf til langs tíma og tryggja að Norðurlöndin, sem eiga sameiginlegra öryggishagsmuna að gæta og deila sömu grundvallargildum í öryggismálum þrátt fyrir mismunandi aðild að alþjóðastofnunum, vinni saman á markvissan, hagkvæman og raunhæfan hátt.

Fyrir liggur verulegur áhugi á meðal Norðurlandanna um að efla frekar norrænt samstarf á sviði friðargæslu, þróunarsamvinnu og mannúðarmála, enda fara saman markmið og leiðir. Þannig er unnið að aukinni samvinnu og samhæfingu ríkjanna varðandi aðstoð við Afganistan.

Í skýrslu Thorvalds Stoltenberg, fyrrverandi utanríkis- og varnarmálaráðherra Noregs, um norrænt samstarf í utanríkis- og öryggismálum, er horft til næstu 10–15 ára og lagðar fram þrettán tillögur um nánara samstarf Norðurlandanna. Í fyrsta lagi er um að ræða tillögur sem varða beinlínis hernaðarlegt samstarf. Í öðru lagi eru einstakar ólíkar tillögur sem varða samfélagsvarnir, eins og varnir gegn stafrænni árás á borgaralegt kerfi og stofnun norrænnar viðbragðssveitar til að liðsinna Sameinuðu þjóðunum við að koma á friði þar sem röstur verða. Þessi síðasta tillaga gæti fallið vel að störfum og framlagi Íslensku friðargæslunnar. Í þriðja lagi er flokkur tillagna sem allar varða aukið mikilvægi heimskautasvæðanna og samnorræn viðbrögð vegna þeirra breytinga sem þar eiga sér stað.

Sú tillaga sem vakið hefur hvað mesta eftirtekt hér á landi er tillaga sem snýr sérstaklega að þátttöku allra Norðurlandanna í loftrýmisgæslu á Íslandi. Tillagan, sem helgast af sameiginlegum hagsmunum Norðurlandanna af auknu eftirliti í kringum Ísland vegna aukins áhuga á norðurslóðum, gerir ráð fyrir að Norðurlöndin beri ábyrgð á einu loftrýmisgæslutímabili innan áætlunar Atlantshafsbandalagsins um loftrýmisgæslu yfir Íslandi. Tillagan gerir ráð fyrir að loftrýmiseftirliti verði komið á í áföngum og fyrst verði þátttaka Norðurlandanna í varnaræfingunni Norður-Víkingur skoðuð. Þessi tillaga, ásamt öðrum tillögum Stoltenbergs, er nú til skoðunar hjá stjórnvöldum í hverju landi fyrir sig, en utanríkisráðherrar Norðurlandanna munu fjalla um skýrslu Stoltenbergs í heild sinni á næsta fundi sínum í Reykjavík í júní nk.

2.3.3 Atlantshafsbandalagið (NATO)

Öryggisumhverfi Evrópu er gjörbreytt frá því sem áður var, þegar Atlantshafsbandalagið var stofnað, en markmiðin eru þau sömu, þ.e. að tryggja öryggi og frið í álfunni. Innan bandalagsins er rík áhersla lögð á baráttuna gegn alþjóðlegum hryðjuverkum og útbreiðslu gereyðingavopna. Á vettvangi þess er unnið að því að byggja upp getu til að mæta nýjum ógnum. Í þessu ljósi hefur bandalagið m.a. mótað stefnu í orkuöryggismálum og vörnum gegn netógnum sem Varnarmálastofnun hefur sérstaklega kynnt sér með hliðsjón af öryggis-

hagsmunum Íslendinga. Í nýlegri Áhættumatsskýrslu er sérstök áhersla lögð á að Íslendingar komi sér upp viðbúnaði gegn netárásum.

Þótt á undanförnum árum hafi verið lögð áhersla á nýjar ógnir í starfi Atlantshafsbandalagsins eru hefðbundin hlutverk þess á sviði öryggismála heimsins áfram mikilvæg. Bandalagið gegnir áfram lykilhlutverki sem pólitískt bandalag lýðræðisríkja beggja vegna Atlantshafsins.

Leiðtogafundurinn í Strassborg/Kehl

Á leiðtogafundi NATO á landamærum Frakklands og Þýskalands í Strassborg/Kehl, sem fer fram dagana 3.–4. apríl, verður 60 ára afmælis bandalagsins minnst. Á fundinum er gert ráð fyrir að Króatía og Albanía verði orðin fullgild aðildarríki að bandalaginu. Á leiðtogafundinum verða efst á baugi málefni Afganistans og samskipti NATO og Rússlands. Þá verður lögð fram yfirlýsing um öryggi aðildarríkja.

Afganistan

Stærsta verkefni Atlantshafsbandalagsins á undanförnum árum hefur verið að stjórna aðgerðum alþjóðaliðsins í Afganistan (ISAF). Á árinu 2003 fór öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fram á að bandalagið tæki yfir friðargæslu og tryggði öryggi og stöðugleika í landinu eftir fall Talibanastjórnarinnar. Nú starfa um 56 þúsund manns frá 41 ríki á vettvangi ISAF. Þar af eru sex Íslendingar, þrír á alþjóðaflugvellinum í Kabúl, tveir í höfuðborginni sjálfri og einn í norska héraðsuppbyggingarteyminu í norðurhluta landsins í Meymanah.

Verkefni ISAF er að skapa nægjanlegt öryggi til að uppbyggingar- og endurreisnarstarf geti fylgt í kjölfarið. NATO hefur lagt ríka áherslu á samvinnu við stjórnvöld og önnur alþjóðasamtök, ekki síst Sameinuðu þjóðirnar og Evrópusambandið. Í þessu augnamiði hefur bandalagið eflt enn frekar efnahagslegt og félagslegt endurreisnarstarf sem hluta af aðgerðum ISAF.

Íslensk stjórnvöld hafa stutt þessar áherslur, enda ljóst að efnahagsleg og félagsleg uppbygging í kjölfar hernaðaraðgerða er lykilatriði ef tryggja á frið til frambúðar. Víðtæk samstaða er um að stöðugleiki í Afganistan skipti verulegu máli ef tryggja á stöðugleika og öryggi í okkar heimshluta. Því tekur Ísland virkan þátt í verkefni alþjóðasamfélagsins í Afganistan.

Kósóvó

Aðgerðir Atlantshafsbandalagsins í Kósóvó (KFOR) hafa nú staðið yfir í um áratug og núna eru staðsettir í Kósóvó um 15.500 KFOR-liðar frá 34 ríkjum.

Tveir Íslendingar eru að störfum í Kósóvó. Íslenskur friðargæsluliði hefur starfað að fjölmiðlamálum á skrifstofu NATO í Prístína og annar veitt skrifstofu Evrópuráðsins í landinu forstöðu undanfarið ár. Þá hafa íslensk flugmálayfirvöld veitt yfirvöldum og UNMIK ráðgjöf í flugmálum á umliðnum árum.

Fyrsta ár sjálfstæðis í Kósóvó hefur gengið stóráfallalaust. Þar ríkir friður og stöðugleiki þótt öryggisástandið sé ótryggt í norðurhluta landsins þar sem Kósóvó-Serbar eru fjölmennir. Ahtisaari-áætlunin er í framkvæmd og forræði lögreglu og réttarmála er nú á hendi Evrópusambandsins (EULEX) sem tók við verkefnum af Sameinuðu þjóðunum. (UNMIK). Til að byrja með er gert ráð fyrir að um 2.200 manns starfi á vegum ESB í landinu. KFOR hefur sömuleiðis tekið að sér ný verkefni í samræmi við Ahtisaari-áætlunina og þjálfar nú nýjar öryggissveitir Kósóvó, auk þess að gæta öryggis í landinu í þágu allra íbúa, án tillits til þjóðernis.

Aðrar aðgerðir NATO

Í nóvember sl. samþykkti Atlantshafsbandalagið beiðni aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um að fylgja skipum á vegum Matvælaáætlunar SÞ (WFP) undan ströndum Sómalíu, en þar hefur fjöldi sjórána farið vaxandi. Fylgdu skip á vegum bandalagsins á öðrum tug skipa WFP með matvælaaðstoð til Sómalíu. Aðgerðin var tímabundin þar til í desember sl. þegar aðgerð undir stjórn ESB tók við.

Atlantshafsbandalagið sinnir að auki fjórum öðrum aðgerðum, eftirliti til varnar hryðjuverkum á Miðjarðarhafi, þjálfunarverkefni í Írak, loftrýmisgæslu í Eystrasaltsríkjunum og loftrýmisgæslu við Ísland.

Samskipti Atlantshafsbandalagsins og Rússlands

Margt hefur áunnist í samstarfi Rússlands og bandalagsins í gegnum tíðina, ekki síst þar sem aðilar hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta. Má þar nefna baráttuna gegn hryðjuverkum og aðgerð ISAF í Afganistan. Hins vegar eru ágreiningsefnin mörg. Má þar nefna eldflaugavarnir, samninginn um hefðbundinn herafla, sjálfstæði Kósóvó, stækkun NATO til austurs og nú síðast djúpstæðan ágreining vegna átakanna í Georgíu í ágúst sl.

Ekki hefur verið fundað formlega í NATO-Rússlandsráðinu frá því að átökin í Georgíu stóðu yfir. Samskiptin hafa því verið mjög stirð, en á fundi utanríkisráðherra bandalagsins í Brussel 5. mars sl. var ákveðið að taka upp formleg samskipti á nýjan leik.

Nýlega komu fram tillögur Rússlandsforseta um nýjan öryggissáttmála í Evrópu. Tillögurnar hafa enn ekki verið útfærðar af hálfu Rússlands, en fyrirhugað er að tillögurnar verði ræddar á vettvangi NATO-Rússlandsráðsins á næstu vikum. Ljóst er þó að ÖSE verður meginvettvangur til frekari umfjöllunar um þetta frumkvæði Rússlands.

Stækkunarmál og samstarfsríki

Makedónía er nú á sínu tíunda ári í aðildarferli NATO (Membership Action Plan – MAP) eftir að Grikkland stóð í vegi fyrir aðildarboði á leiðtogafundinum í Búkarest á síðasta ári vegna nafnadeilunnar svokölluðu. Á þeim fundi ákváðu leiðtogar bandalagsins að lausn nafnadeilunnar væri eina útafstandandi skilyrðið fyrir aðild Makedóníu. Lítið hefur hins vegar þokast í nafnadeilunni á vettvangi SÞ þar sem málið er til umræðu.

Á leiðtogafundinum í Búkarest á síðasta ári var ákveðið að Georgía yrði aðili að NATO, án þess að tímasetningar eða aðild að MAP væru tilgreindar. Hins vegar fól ákvörðun leiðtoganna í sér að fyrsta mat á MAP-aðild Georgíu færi fram á fundi utanríkisráðherra bandalagsins í desember sl. Ekki náðist samstaða um aðild að MAP á áðurnefndum fundi í desember, en samþykkt var að nota NATO-Georgíunefndina, sem sett var á fót í kjölfar átakanna í Georgíu í ágúst sl., í auknum mæli í umbótaferlinu.

Líkt og með Georgíu var ákveðið á leiðtogafundinum í Búkarest að Úkraína yrði aðili að bandalaginu, án þess að tímasetningar eða aðild að MAP væru tilgreindar. Fyrsta mat á hugsanlegri MAP-aðild Úkraínu fór fram á fundi utanríkisráðherra bandalagsins í desember. Nú fer fram vinna við að uppfæra stofnskrána frá 1997 um samstarf Atlantshafsbandalagsins og Úkraínu til að auka vægi hennar í samræmi við það sem jafnframt var gert í NATO-Georgíunefndinni.

Svartfjallaland og Bosnía-Hersegóvína hafa óskað eftir aðild að MAP og verður aðildarumsókn þeirra tekin fyrir í aðdraganda leiðtogafundarins í Strassborg/Kehl.

NATO og norðurslóðir

Norðurslóðir hafa frá stofnun Atlantshafsbandalagsins verið bandalaginu mikilvægar og hinn 29. janúar sl. skipulögðu íslensk stjórnvöld, í samvinnu við NATO, málstofu um öryggishorfur á norðurslóðum. Þótti málstofan takast vel. Hana sóttu fulltrúar allra aðildarríkja bandalagsins, framkvæmdastjóri bandalagsins og æðstu embættismenn bandalagsins á sviði hermála, auk Albaníu og Króatíu.

Í samantekt málstofunnar kemur m.a. fram að mikilvægt sé að Atlantshafsbandalagið hafi vakandi auga með þeirri þróun sem nú á sér stað á norðurslóðum, enda kunni hlýnandi loftslag að hafa öryggispólitískar afleiðingar í för með sér. Jafnframt kom fram að mikilvægt væri að bandalagið auki vitund sína um og eftirlit með svæðinu og vinni náið saman með öðrum stofnunum og ríkjum sem hagsmuni eiga að gæta á norðurslóðum. Hægt væri að hugsa sér aðkomu bandalagsins, t.d. við að tryggja orkuöryggi og ef slys ber að höndum. Málstofunni er fylgt eftir af hálfu íslenskra stjórnvalda innan bandalagsins.

2.4 Mannréttindi

Mannréttindi eru óaðskiljanlegur þáttur í utanríkisstefnu Íslands, samofin öllu atferli á alþjóðavettvangi og hefur Ísland verið í framvarðasveit þjóða við að efla og vernda mannréttindi á alþjóðavísu. Ísland hefur margt að gefa og til málanna að leggja á þessu sviði, ekki síst vegna þess að ástand mannréttindamála á Íslandi er með því besta sem gerist í heiminum. Það er ljóst að hin alþjóðlega efnahagskreppa mun reyna á mannréttindi og lýðræðislega stjórnunarhætti í mörgum ríkjum. Þess vegna er enn mikilvægara fyrir ríki eins og Ísland, með sterka lýðræðishefð og virðingu fyrir mannréttindum, að standa vörð um þau í hvívetna.

Í alþjóðlegu mannréttindastarfi leggur Ísland áherslu á gildi alþjóðlegra mannréttindasamninga og að ríki virði skuldbindingar sínar gagnvart þeim. Ísland beitir sér sérstaklega fyrir jafnrétti kynjanna og afnámi alls ofbeldis og mismununar gegn konum og börnum. Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á að aðgerðir gegn alþjóðlegum hryðjuverkum megi aldrei vera á kostnað mannréttinda. Ísland beitir sér fyrir algeru banni við pyntingum, afnámi dauðarefsinga, baráttu gegn aftökum án dóms og laga og baráttu gegn mannshvörfum og refsileysi. Ísland leggur áherslu á órofatengsl mannréttinda, friðar og öryggis og ábyrgðar alþjóðasamfélagsins í því samhengi.

Þátttaka Íslands í mannréttindastarfi fer fyrst og fremst fram á vettvangi alþjóðastofnana. Utanríkisráðuneytið beitir sér þó einnig fyrir virðingu fyrir mannréttindum og mannúðarlögum í tvíhliða samskiptum við önnur ríki þar sem það á við. Hér ber að nefna upptöku meðferðar fanga í Guantanamo-fangabúðunum gagnvart bandarískum stjórnvöldum, en utanríkisráðherra tók málið upp á fundi sínum með utanríkisráðherra Bandaríkjanna hér á landi í maí sl. í samræmi við ályktun sem Alþingi hafði áður samþykkt um málið. Einnig hefur oftsinnis verið komið á framfæri áhyggjum íslenskra stjórnvalda við ísraelsk stjórnvöld af framferði þeirra síðarnefndu á herteknu svæðunum, ekki síst vegna árásanna á Gaza í lok síðasta árs og byrjun þessa árs. Loks komu íslensk stjórnvöld, í byrjun þessa árs, á framfæri þungum áhyggjum út af aðgerðum íranskra stjórnvalda gegn mannréttindaskrifstofu dr. Shirin Ebadi nóbelsverðlaunahafa. Áður hafði Háskólinn á Akureyri látið málið sig varða, en Shirin Ebadi er heiðursdoktor við háskólann.

2.4.1 Alþjóðastofnanir og umfjöllun um mannréttindi á vettvangi þeirra

Mannréttindi eru til umfjöllunar á vettvangi fjölmargra alþjóðastofnana. Innan þessara stofnana á Ísland náið samstarf við hin Norðurlöndin, aðildarríki ESB og einnig önnur

vesturlönd sem eru ekki aðilar að ESB, en þessi síðastnefndi hópur hefur um árabil haft með sér óformlegt samráð um mannréttindi. Ísland tekur fyrst og fremst þátt í mannréttindastarfi á vegum Sameinuðu þjóðanna, ÖSE og Evrópuráðsins. Hér á eftir verður fjallað í stuttu máli um það helsta sem á döfinni er hjá þessum stofnunum á sviði mannréttinda.

Hjá Sameinuðu þjóðunum tekur Ísland þátt í starfi Mannréttindaráðsins í Genf og þriðju nefndar allsherjarþingsins í New York. Mannréttindaráðið fjallar á fundum sínum m.a. um ástand mannréttindamála í ákveðnum löndum og landsvæðum, stöðu mannréttindasamninga og einstaka málaflokka eins og pyntingar, mannshvörf, aftökur, tjáningarfrelsi, trúfrelsi, kynþáttamisrétti, réttindi minnihlutahópa, réttindi frumbyggja, réttindi kvenna og barna, hryðjuverk, menntun, fátækt, alþjóðavæðingu og verjendur mannréttinda. Að mannréttindaráðinu eiga 47 ríki aðild hverju sinni. Ísland á ekki aðild að ráðinu, en tekur engu að síður virkan þátt í störfum þess með ræðuflutningi og stuðningi við ályktanir.

Helstu áherslumál ÖSE á sviði mannréttinda eru baráttan gegn mansali, aðstoð við aðildarríkin við að byggja upp lýðræðislegt stjórnarfar, fræðslu- og endurmenntunarverkefni í þágu varna gegn átökum og enduruppbyggingar í kjölfar átaka, kosningaeftirlit og aðstoð við framkvæmd kosninga. ÖSE leggur ríka áherslu á að jafnrétti kynjanna sé órjúfanlegur þáttur lýðræðislegs stjórnarfars og því beri að leggja jafnrétti til grundvallar allri stefnumótun innan ÖSE. Þá leggur ÖSE áherslu á vernd ferðafrelsis, trúfrelsis, tjáningarfrelsis og frelsis fjölmiðla. Starf ÖSE lýtur einnig að vernd réttinda minnihlutahópa, en deilur milli mismunandi þjóðernishópa hafa reynst ein helsta uppspretta átaka í Evrópu. ÖSE leggur áherslu á umburðarlyndi og beitir sér fyrir banni við hvers konar mismunun. Ísland hefur stutt dyggilega við það starf sem fer fram á vettvangi ÖSE til að koma í veg fyrir mansal. Ísland hefur einnig tekið reglulega þátt í kosningaeftirliti á vegum stofnunarinnar.

Á þessu ári eru 60 ár liðin frá stofnun Evrópuráðsins og 50 ár frá stofnun Mannréttindadómstólsins. Meginverkefni Evrópuráðsins er að stuðla að og tryggja lýðræði, lagaleg gildi og mannréttindi í álfunni. Ráðið hefur nýlega tekið á dagskrá vernd mannréttinda vegna áhrifa nýrrar tækni og samskiptatækni. Haldin verður fyrsta ráðherraráðstefnan um málið á Íslandi í maí 2009. Þar verður einkum rætt um nýja tæknivædda fjölmiðlun og hugsanlega reglusetningu um hana og um framtíðarsýn Evrópuráðsins varðandi stjórnun veraldarvefsins. Verður væntanlega samþykkt heildarstefna til nokkurra ára í kjölfar þessarar ráðstefnu sem kennd verður við Reykjavík.

2.5 Mið-Austurlönd

2.5.1 Starfsáætlun um Mið-Austurlönd

Deila Ísraels og Palestínumanna er eitt stærsta öryggisvandamál samtímans og er þungamiðjan í umræðunni um málefni Mið-Austurlanda. Mikilvægt er fyrir alþjóðasamfélagið að leysa deiluna, enda hefur hún hnattrænni áhrif en flest önnur deilumál.

Núverandi starfsáætlun utanríkisráðuneytisins fyrir málefni Mið-Austurlanda var samþykkt haustið 2007. Í starfsáætluninni er gert ráð fyrir þremur áherslumálum: Eflingu stjórnmálalegra tengsla Íslands við svæðið, auk markvissrar stefnu á alþjóðavettvangi, aukinni mannúðar- og þróunaraðstoð á herteknu svæðunum og sérstakri aðstoð vegna flóttamannavanda sem tengist ástandinu í Írak.

Ísland hefur einbeitt sér að afmörkuðum málaflokkum á svæðinu í samræmi við starfsáætlunina.

2.5.2 Stjórnmálaleg tengsl

Samskipti palestínskra stjórnvalda við erlend ríki lúta bráðabirgðasamningi Ísraels og Palestínu um Vesturbakkann og Gaza frá 28. september 1995. Samningurinn byggist á Óslóarsamkomulaginu svokallaða en samkvæmt honum er palestínskum stjórnvöldum heimilt að gera efnahagssamninga, samninga um þróunaraðstoð og samninga á sviði menningar, vísinda og menntunar við erlend ríki og alþjóðastofnanir. Gert er ráð fyrir samskiptum palestínskra stjórnvalda við fulltrúa erlendra ríkja og alþjóðastofnana í þessu skyni.

Sérstakur fulltrúi Íslands gagnvart palestínskum stjórnvöldum var í fyrsta skipti skipaður á síðasta ári. Var forseta Palestínu, Mahmúd Abbas, tilkynnt um skipunina þegar hann kom í heimsókn hingað til lands í apríl 2008. Tilgangurinn með skipun sérstaks fulltrúa er að efla tengsl Íslands og Palestínu og auka viðleitni íslenskra stjórnvalda til þess að hafa jákvæð áhrif á friðarferlið, m.a. með því að styðja frekari aðkomu kvenna að því. Fulltrúinn er með aðsetur í Reykjavík. Á alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins var búin til staða sérfræðings í málefnum Mið-Austurlanda árið 2007.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, ferðaðist tvisvar til Ísraels og Palestínu í ráðherratíð sinni og hitti þá fyrir ráðamenn. Í kjölfar fyrri heimsóknar hennar var hún gerð að heiðurfélaga í Alþjóðafriðarráði ísraelskra og palestínskra kvenna sem vinnur að því að konur fái aðgang að friðarferlinu fyrir botni Miðjarðarhafs á grundvelli ályktunar öryggisráðsins nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Síðan þá hefur Ísland talað máli Alþjóðafriðarráðsins á alþjóðavettvangi og komið málstað þess á framfæri við leiðtoga og helstu samningamenn Ísraels, Palestínu og kvartettsins svokallaða, Bandaríkjanna, Evrópusambandsins, Rússlands og Sameinuðu þjóðanna.

2.5.3 Mannúðar- og þróunaraðstoð – móttaka flóttamanna

Starfsáætlunin um Mið-Austurlönd hefur verið endurmetin út frá fjárhagslegum skuldbindingum hvað mannúðar- og þróunaraðstoð varðar, en annars haldist að mestu leyti óbreytt. Framlög Íslands vegna málefna svæðisins voru dregin saman miðað við upprunalega áætlun, en þó þannig að framlög til UNRWA, Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna fyrir Palestínuflóttamenn, hækka á árinu 2009, en ekki jafn mikið og upphaflega áætlunin gerði ráð fyrir.

UNRWA, sem er fjármögnuð með frjálsum framlögum aðildarríkjanna, vinnur ómetanlegt starf í þágu palestínskra flóttamanna og afkomenda þeirra á hernumdu svæðunum, Jórdaníu, Sýrlandi og Líbanon. Norðurlöndin hafa ákveðið að beita áhrifum sínum gagnvart ríkari ríkjum heims til að fá þau til að auka stuðning við stofnunina, en halli er á rekstri hennar vegna efnahagsþrenginga í heiminum og aukins álags, m.a. vegna átakanna á Gazasvæðinu.

Á síðastliðnu ári gerði utanríkisráðuneytið samstarfssamning til þriggja ára við hjálparsamtök í Palestínu um kaup og rekstur á færanlegri sjúkrastöð. Samtökin, *Palestinian Medical Relief Society,* starfa á Vesturbakkanum og eru ein þau stærstu sem þar vinna að heilsugæslu. Samningurinn er gerður í kjölfar þingsályktunartillögu sem flutt var á 133. löggjafarþingi. Unnin hefur verið ítarleg framkvæmda- og fjárhagsáætlun um verkefnið og hafa samtökin lagt mat á hvar staðsetning sjúkrastöðvarinnar verður með tilliti til mannúðarsjónarmiða og þess hvar þörfin er mest. Verður hún staðsett í Salfit-héraði þar sem ástandið er mjög slæmt.

Íslenska friðargæslan hefur sent fólk til starfa hjá stofnunum Sameinuðu þjóðanna á svæðinu. Nú eru að störfum Íslendingar hjá UNRWA í Líbanon og Sýrlandi, hjá Barnahjálp SÞ í Austur-Jerúsalem og Jórdaníu og hjá Flóttamannastofnun SÞ í Sýrlandi.

Samhliða ákvörðun íslenskra stjórnvalda um móttöku flóttamanna hefur ævinlega verið leitað eftir ráðleggingum Flóttamannastofnunar SÞ um hvar þörfin sé mest hverju sinni. Á síðustu árum hefur verið tekið á móti konum og börnum sem falla undir skilgreininguna „konur í hættu“, enda er hér tiltölulega vel búið að einstæðum mæðrum. Árið 2008 tók Ísland á móti 29 palestínskum flóttamönnum frá Írak. Í hópnum voru átta konur og 21 barn. Flóttafólkið hafði búið við skelfilegar aðstæður í Al Walleed-flóttamannabúðunum í Írak áður en það kom til Íslands. Flóttafólkið settist að á Akranesi.

3 ALÞJÓÐLEG ÞRÓUNARSAMVINNA

Þátttaka Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu byggist á þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Í samræmi við þau er megináhersla lögð á: Að eyða fátækt, efnahagslega og félagslega þróun, jafnrétti kynjanna, málefni kvenna og barna, heilsuvernd, menntun og sjálfbæra þróun, s.s. fiski- og orkumál. Framlag Íslands, hvort heldur er í tvíhliða þróunarsamvinnu, samstarfi við alþjóðastofnanir eða til friðaruppbyggingar í stríðshrjáðum löndum, er byggt á þessum grunni.

Áður en hin alþjóðalega fjármálakreppa skall á hafði sú stefna verið mörkuð að Ísland yrði meðal þeirra þjóða sem veita mest til þróunarmála miðað við vergar þjóðartekjur. Í ljósi núverandi aðstæðna verður dráttur á að því markmiði verði náð.

Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðu námu framlög til þróunarmála tæplega 4,3 milljörðum króna á árinu 2008. Svarar þetta til 0,36% af vergum þjóðartekjum (VÞT). Hlutfallið er verulega hærra en áætlanir gerðu ráð fyrir, sem skýrist af gengisfalli íslensku krónunnar og samdrætti í þjóðartekjum. Á yfirstandandi ári gera fjárlög ráð fyrir 4,1 milljarði króna til þróunarsamvinnu, sem svarar til um 0,30% af vergum þjóðartekjum (VÞT), sé miðað við forsendur þjóðhagsspár í janúar sl. Flestar skuldbindingar Íslands til þróunarsamvinnu eru í Bandaríkjadölum og má áætla að í þeirri mynt nemi samdrátturinn um 26% frá síðasta ári. Við niðurskurð var haft að leiðarljósi að Ísland stæði við skuldbindingar sínar, alþjóðlegar og innlendar, gagnvart samstarfsríkjum, alþjóðastofnunum og félagasamtökum. Slíkt skiptir máli fyrir trúverðugleika og orðspors Íslands út á við.

Áætluð framlög til þróunarsamvinnu 2008*

m.kr.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands			**1.959,7**
Íslenska friðargæslan og friðargæsla SÞ			**532,2**
Sameinuðu þjóðirnar			**499,6**
	UNICEF	*124,6*	
	UNIFEM	*87,2*	
	UNDP	*75,7*	
	UNFPA	*16,3*	
	OCHA	*40,7*	
	UNHCR	*28,8*	
	UNRWA	*32,7*	
	FAO	*16,8*	
	*Annað SÞ***	*76,8*	
Alþjóðabankinn			**343,7**
	Samstarf í fiskimálum (PROFISH)	*40,1*	
	Samstarf í orkumálum (ESMAP)	*31,6*	
	Aðgerðaáætlun um jafnréttismál	*15,2*	
	Ýmis verkefni	*51,4*	
	Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	*205,4*	
Önnur marghliða þróunaraðstoð			**137,0**
Frjáls félagasamtök			**133,5**
Háskólar SÞ á Íslandi			**418,3**
Móttaka flóttamanna			**57,5**
Ýmis framlög og neyðaraðstoð			**69,6**
Utanríkisráðuneyti og sendiskrifstofur			**117,7**
Alls			**4.268,8**

** Bráðabirgðatölur*

*** Annað SÞ: UNFVT, UNITAR, WHO, IAEA, WTO, WFP*

Hlutfall af vergum þjóðartekjum:	***0,36 %***

Miðað við spá í janúar 2009 um vergar þjóðatekjur á árinu 2008 (m.kr.): *1.177.700*

Afleiðingar alþjóðlegu fjármálakreppunnar munu hafa mikil áhrif á þróunarríkin. Að mati Alþjóðabankans má búast við að tugir milljóna íbúa þróunarlanda bætist í hóp þess ríflega milljarðs sem býr við sára örbirgð. Tíðni ungbarnadauða mun aukast, heilsufar versna og tækifæri til menntunar í þróunarlöndum hverfa. Konur og börn verða verst úti. Þrátt fyrir að á móti blási hér á landi um stundarsakir fölnar okkar vandi í samanburði við það ástand sem þróunarríkin glíma við. Því er samstaða með allra fátækustu ríkjum heims nú enn mikilvægari en áður. Hætt er við að mikill samdráttur í framlögum til þróunarmála geti orsakað ófyrirséð vandamál fyrir heimsbyggðina. Vaxandi örbirgð getur magnað efnahagslegan óstöðugleika, leitt til félagslegrar upplausnar og kynt undir ófriðarbál.

Þróunarsamvinna er því eftir sem áður ein af meginstoðum íslenskrar utanríkisstefnu. Inntak hennar er samvinna sem byggist á grunngildum íslensks samfélags, virðingu fyrir mannréttindum, lýðræði, jafnrétti og mannlegri reisn, umburðarlyndi, réttlæti og samstöðu.

Síðastliðið haust samþykkti Alþingi ný lög um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Lögin fela í sér umfangsmiklar breytingar, m.a. þar sem um er að ræða fyrstu heildarlöggjöf um opinbera þróunarsamvinnu.

Lögin kveða á um að við framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu skuli tekið mið af alþjóðlegum samþykktum sem íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að uppfylla, þ.m.t. stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna, þúsaldaryfirlýsingunni frá árinu 2000 og þúsaldarmarkmiðunum. Þúsaldarmarkmiðin, sem miða að því að árið 2015 verði ákveðnum áföngum náð, eru eftirfarandi:

a. Eyða sárustu fátækt og hungri.
b. Öll börn njóti grunnskólamenntunar.
c. Vinna að jafnrétti kynjanna og efla frumkvæðisrétt kvenna.
d. Draga úr barnadauða.
e. Vinna að bættri mæðravernd.
f. Berjast gegn HIV-veirunni og alnæmi, malaríu og öðrum sjúkdómum.
g. Vinna að sjálfbærri þróun.
h. Þróa hnattrænt samstarf um framfarir.

Í kjölfar þúsaldarmarkmiðanna samþykktu aðildarríki Sameinuðu þjóðanna Monterrey-yfirlýsinguna um fjármögnun þróunar sem fjallar um aukin framlög til þróunarsamvinnu, umbætur á alþjóðlegu viðskiptaumhverfi, skuldaafléttingu fátækra ríkja og bætt stjórnarfar í viðtökuríkjum.

Með nýjum lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands hafa skapast tækifæri til að beita nýjum aðferðum. Þau fela í sér mun víðtækara samstarf um veitingu þróunaraðstoðar og skapa nýja möguleika á samstarfi við önnur ríki, samtök, stofnanir og fyrirtæki. Markmiðið er að framlag Íslands verði skilvirkara og árangursríkara.

Með lögunum er lagður grunnur að heildstæðu stjórnkerfi þróunarsamvinnu Íslands þar sem framfylgt er heildarstefnu í málaflokknum. Skipulagið stuðlar að auknu gegnsæi, ábyrgari stjórnsýslu og öflugra innra og ytra eftirliti.

Alþingi fær samkvæmt lögunum stóraukið hlutverk á sviði þróunarsamvinnu. Hin nýja skipan greiðir einnig götu frjálsra félagasamtaka og annarra aðila að samstarfi við stjórnvöld og opnar nýjan samráðsvettvang þeirra sem um þróunarmál fjalla á Íslandi.

Þegar er hafið starf við að festa í sessi það stjórnskipulag sem lögin kveða á um. Alþingi hefur kosið sjö fulltrúa til setu í þróunarsamvinnunefnd sem hefur það hlutverk að tryggja aðkomu fulltrúa þingflokka að stefnumarkandi umfjöllun um alþjóðlega þróunarsamvinnu til lengri tíma. Einnig hefur verið skipað samstarfsráð um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Í ráðinu sitja sautján fulltrúar, þ.m.t. fulltrúar í þróunarsamvinnunefnd, fimm fulltrúar frjálsra félagasamtaka, tveir fulltrúar háskólasamfélagsins og tveir fulltrúar vinnumarkaðarins. Formaður ráðsins er skipaður af utanríkisráðherra án tilnefningar. Ráðið kom saman til fyrsta fundar þann 24. mars sl. Formaður þess er Valgerður Sverrisdóttir, alþingismaður og fyrrverandi utanríkisráðherra.

Samstarfsráðið skal sinna ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanir m.a. um fjögurra ára þingsályktunartillögu um alþjóðlega þróunarsamvinnu, sem ráðherra leggur fram á Alþingi á tveggja ára fresti.

Þróunarsamvinnusvið utanríkisráðuneytisins tók til starfa í janúar á þessu ári. Undir það heyra skrifstofa þróunarsamvinnu og skrifstofa Íslensku friðargæslunnar, auk þess sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands lýtur yfirstjórn ráðuneytisins. Stjórnskipulagi utanríkisráðu-

neytisins hefur því verið breytt til samræmis við markmið nýrra laga um að heildarsýn fáist á málaflokkinn.

Stýrihópur um þróunarsamvinnu, undir forystu ráðuneytisstjóra, með þátttöku æðstu embættismanna á sviði þróunarsamvinnu hefur einnig hafið störf. Hlutverk stýrihópsins er að sinna innra aðhaldi og eftirliti með faglegri stefnumótun, framkvæmd og rekstri.

3.1 Störf í þágu friðar

Á undanförnum árum hefur orðið veruleg áherslubreyting á friðar- og uppbyggingarstörfum Íslands sem framkvæmd eru á vegum friðargæsluskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Aukinn þungi hefur verið lagður í samstarf við stofnanir Sameinuðu þjóðanna. Jafnframt hefur verið horft til þess að íslenskir sérfræðingar á vettvangi sinni lykilverkefnum innan hlutaðeigandi stofnana.

Oft eru innviðir stríðshrjáðra ríkja í molum eftir langvarandi átök. Við endurreisn þarf m.a. að huga að uppbyggingu stofnana, eflingu mannréttinda, jafnrétti kynjanna og efnahagslegri uppbyggingu. Sérfræðingar sem fara til starfa á vegum friðargæslunnar hafa í auknum mæli sinnt stuðningi við stjórnvöld í slíku uppbyggingarferli.

Niðurskurður framlaga til starfa í þágu friðar kemur á sama tíma og þörfin fyrir aðstoð hefur sjaldan verið meiri. Með ráðdeild og skýru vali verkefna mun Ísland eftir mætti halda áfram að vera virkur þátttakandi í alþjóðlegum verkefnum á þessu sviði. Íslenskir sérfræðingar, sem halda til starfa á vettvangi, stunda störf sín af krafti og dugnaði við mjög erfiðar aðstæður.

Aukin áhersla er nú lögð á samstarf Norðurlandanna á sviði friðaruppbyggingar, bæði með auknu samráði og samstarfi í einstökum verkefnum. Reynslan af norrænu samstarfi hefur verið mjög góð, t.d. innan eftirlitsverkefnisins sem rekið var á Srí Lanka um fimm ára skeið og náið samráð á sér stað vegna endurreisnarstarfsins í Afganistan.

Starfið á vettvangi

Íslenskir sérfræðingar starfa nú á vegum utanríkisráðuneytisins á fjórum meginsvæðum, Mið-Austurlöndum, Afganistan, Balkanskaga og Afríku. Áætlað er að á þessu ári fækki stöðum sérfræðinga erlendis um þriðjung, úr 28 í 18.

Í samræmi við starfsáætlun um Mið-Austurlönd hefur verið aukið verulega við þátttöku sérfræðinga í verkefnum í Palestínu og hjá stofnunum sem aðstoða flóttamenn á svæðinu, einkum konur og börn. Áfram verður unnið að því markmiði að styrkja stofnanir og senda sérfræðinga til starfa, m.a. hjá Barnahjálp SÞ og Flóttamannastofnun SÞ fyrir Palestínumenn.

Fjölmennasti hópur sérfræðinga frá friðargæslunni hefur um allnokkurt skeið starfað á vegum alþjóðaliðsins ISAF í Afganistan. Aukin áhersla er nú lögð á störf sem fela í sér náið samstarf við stjórnvöld, heimamenn og alþjóðastofnanir sem vinna að uppbyggingu í landinu. Í tengslum við starf þróunarfulltrúa í héruðum Afganistans hafa verið styrkt fjölbreytt þróunarverkefni sem stuðla að betri lífsgæðum, m.a. bygging smárra vatnsaflsvirkjana, barátta gegn jarðvegseyðingu og stuðningur við uppgræðslu og námskeið fyrir heimamenn um almannavarnir og fæðingarhjálp. Þá hefur verið veitt aðstoð við þá sem starfa með munaðarlausum börnum, réttaraðstoð við heimamenn og lögfræðiráðgjöf fyrir kvennamálaráðuneytið.

Á Balkanskaga hefur Ísland tekið þátt í verkefnum í meira en tólf ár, fyrst með liðsafla Atlantshafsbandalagsins á meðan stöðugleiki var tryggður, síðan með þátttöku í uppbyggingar- og friðarstarfi, m.a. með ÖSE, UNIFEM og Evrópuráðinu. Fjölbreyttur hópur íslenskra

sérfræðinga hefur komið að þessu starfi, m.a. á sviði flugmála, fólk úr heilbrigðisgeiranum og jafnréttisfulltrúar. Samstarfið með UNIFEM á Balkanskaga spannar nú yfir 10 ár og hefur starf íslenskra sérfræðinga verið öflugt innlegg í jafnréttisbaráttuna þar.

Á síðasta ári hóf friðargæslan samstarf við friðargæsluskrifstofu SÞ með því að senda tvo lögreglumenn til starfa í Líberíu. Auk þess starfar þar íslenskur jafnréttisfulltrúi hjá UNIFEM. Einnig hefur verkefnum í samstarfi við Barnahjálp SÞ í Suður-Súdan verið sinnt, en þeim lýkur nú í vor.

Í samstarfi við Barnahjálp SÞ hefur verið komið á fót sérstökum viðbragðslista fjölmiðlafólks og upplýsingafulltrúa sem geta farið til skemmri verkefna, í einn til þrjá mánuði, og sinnt aðkallandi skipulags- og upplýsingamálum á vettvangi. Þegar hafa verið sendir til starfa tveir upplýsingafulltrúar af þessum lista.

Annað verkefni, sem á langa sögu hjá utanríkisráðuneytinu, er kosningaeftirlit, en hátt á annan tug manna fer til skammtímaeftirlits með kosningum í aðildarríkjum ÖSE á hverju ári. Kosningaeftirlit er mikilvægur þáttur í að tryggja lýðræðisuppbyggingu og hlutlaust eftirlit með framkvæmd kosninga er stór þáttur í starfi ÖSE.

Áhersla hefur verið lögð á að fylgja eftir áætlun Íslands varðandi ályktun öryggisráðsins nr. 1325 um konur, frið og öryggi, bæði með fræðslu og þjálfun áður en haldið er á vettvang og einnig með samstarfi og gagnaöflun frá fastanefndum og sendiráðum til að fylgja eftir áherslum á vettvangi alþjóðastofnana. Aukin áhersla á aðkomu kvenna að friðarferlum og þátttöku í friðaruppbyggingu, bæði af hálfu alþjóðlegra starfsmanna og heimamanna, er þungamiðja þeirra markmiða sem sett voru í áætluninni.

Starfið innan lands

Með heildarlögum um starfsemi friðargæslunnar og störf sérfræðinga á vettvangi, sem Alþingi samþykkti vorið 2007, var settur mikilvægur rammi um starf friðargæslunnar. Í framhaldi af því hafa verið settar siðareglur um störf friðargæsluliða. Þjálfun og undirbúningur hefur verið festur betur í sessi og allir sem fara til starfa fá handbók með helstu upplýsingum.

Utanríkisráðuneytið og ÞSSÍ hafa eflt og styrkt samstarfið við Rauða krossinn með kynningu á störfum á alþjóðavettvangi og í undirbúningi eru sameiginleg námskeið.

Ágætt samstarf við stofnanir innanlands, m.a. lögregluyfirvöld, slökkvilið og flugmálayfirvöld hefur leitt til þess að sérfræðingar hafa fengist til ýmissa verkefna sem utanríkisráðuneytið tekur þátt í.

Alþjóðasveit Landsbjargar er samstarfsaðili ráðuneytisins um verkefni erlendis sem snúa að rústabjörgun og aðstoð eftir hamfarir. Á þessu ári standa Sameinuðu þjóðirnar fyrir úttekt á sveitinni til að festa hana í sessi á útkalls- og viðbragðslista sínum. Ráðuneytið tekur þátt í undirbúningi og styður verkefnið.

3.2 Marghliða þróunarsamvinna

Áherslur Íslands í marghliða þróunarsamvinnu byggjast á stefnu stjórnvalda um að eyða sárustu fátækt og hungri, efla jafnrétti og mannréttindi, sjálfbæra nýtingu endurnýjanlegra náttúruauðlinda og friðsamlega úrlausn deilumála. Til marghliða þróunarsamvinnu teljast framlög til alþjóðastofnana og þátttaka í samstarfsverkefnum sem unnin eru á fjölþjóðlegum grundvelli.

Sú stefna hefur verið mörkuð að þátttaka í marghliða samstarfi dreifist ekki á of margar stofnanir eða málaflokka heldur sé lögð áhersla á stuðning og samstarf við lykilstofnanir á

borð við Alþjóðabankann og stofnanir Sameinuðu þjóðanna sem fara með þá málaflokka sem íslensk stjórnvöld leggja áherslu á, s.s. Barnahjálp SÞ og UNIFEM.

Alþjóðabankinn fer með um fimmtung allrar alþjóðlegrar aðstoðar við fátækustu ríki heims og fer drjúgur hluti af framlögum Íslands til þróunarmála til sjóða og verkefna á vegum bankans. Þrátt fyrir stærð Alþjóðabankans geta smáríki gert sig gildandi í starfi hans.

Ísland hefur í góðu samstarfi við nokkur önnur ríki beitt sér fyrir því innan bankans að hann láti meira að sér kveða í fiskimálum í þróunarríkjum. Í framhaldinu varð til sérstakt verkefni innan bankans sem kallast PROFISH. Leiddi Ísland samstarfsnefnd um verkefnið þrjú fyrstu árin, 2005 – 2008. Í nýrri úttekt á verkefninu kemur fram að endurnýjuð áhersla bankans á fiskimál gefi vonir um aukna hagsæld og stöðugra fæðuframboð í mörgum fátækum ríkjum. Með PROFISH hafi fiskimál komist á verkefnaskrá bankans á nýjan leik eftir að hann hafði haldið að sér höndum í meira en áratug. Niðurstaða úttektarinnar er í alla staði jákvæð og sannar að með markvissu og virku starfi getur Ísland látið að sér kveða á vettvangi alþjóða þróunarstofnana.

Með sambærilegum hætti hefur Ísland látið að sér kveða í öðru verkefni bankans, sem nefnist ESMAP. Verkefnið snýst um að veita tæknilega ráðgjöf á sviði orkumála og stuðla að efnahagslegum- og félagslegum framförum með aukinni orkuframleiðslu. Á þessum tveimur sviðum eigum við sérstakt erindi í alþjóðasamstarfi og því merki þurfum við að halda á lofti. Í því geta auk þess falist tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki.

Undanfarin tvö ár var utanríkisráðherra fulltrúi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í þróunarnefnd Alþjóðabankans. Nefndin fundar að vori og hausti og er hlutverk hennar að marka meginstefnu bankans.

Framlög Íslands til Barnahjálpar SÞ hafa stóraukist á undanförnum árum. Hlutverk Barnahjálparinnar er að veita aðstoð við að bæta hag barna og ungs fólks í þróunarríkjum. Stjórnvöld styðja við verkefni á sviði heilsuverndar í Gíneu-Bissá og leggur landsnefnd Barnahjálparinnar á Íslandi einnig til verkefnisins. Samkvæmt aðgerðaáætlun um Mið- Austurlönd rennur hluti framlagsins til verkefna Barnahjálparinnar í Palestínu og loks er gert ráð fyrir bæði almennu framlagi og neyðaraðstoð. Undirbúningur er hafinn að setu í stjórn Barnahjálpar SÞ á næsta ári. Ísland fær þar aukin tækifæri til að hafa áhrif á stefnumörkun stofnunarinnar.

Stuðningur við UNIFEM hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár í samræmi við áherslur stjórnvalda á málefni kvenna og jafnréttismál. Sjóðurinn hefur sett sér þrjú meginmarkmið, styrkja fjárhagslega stöðu kvenna, hvetja konur til forystu og stjórnarstarfa og berjast fyrir mannréttindum kvenna. Auk almenns framlags rennur stuðningur Íslands til styrktarsjóðs UNIFEM gegn kynbundnu ofbeldi og til verkefna sem styðja við málefni kvenna í Afganistan og Palestínu. Ísland er á meðal þeirra ríkja sem greiða hvað mest til sjóðsins. Á síðasta ári sat Ísland í fyrsta sinn í stjórn Þróunaráætlunar SÞ, UNDP, sem fer einnig með yfirstjórn UNIFEM.

3.3 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Meginverkefni Þróunarsamvinnustofnunar Íslands er að annast opinbera þróunarsamvinnu sem byggist á tvíhliða samningum milli íslenskra stjórnvalda og stjórnvalda samstarfsríkjanna. Auk þess tekur stofnunin þátt í svæðisbundnu samstarfi og á aðild að verkefnum íslenskra frjálsra félagasamtaka innan sem og utan samstarfsríkjanna.

Fjögur samstarfsríki eru í Afríku: Malaví, Mósambík, Namibía og Úganda, auk Srí Lanka í Asíu og Níkaragva í Mið-Ameríku. Umtalsverður niðurskurður á framlögum til stofnunar-

innar á árinu hefur í för með sér að fækka þarf samstarfslöndum. Hefur stjórnvöldum á Srí Lanka og í Níkaragva verið tilkynnt um lokun umdæmisskrifstofa, en skrifstofurnar eru jafnframt sendiráð Íslands.

Áætla má að Þróunarsamvinnustofnun hafi um 13 milljónir Bandaríkjadala til þróunarverkefna á yfirstandandi ári, sem er um 36% lækkun frá síðasta ári. Þrátt fyrir þennan samdrátt getur ÞSSÍ staðið við þær skuldbindingar sem stofnunin hefur undirgengist en svigrúm til að undirbúa og ráðast í ný verkefni verður afar takmarkað. Ljóst er að fjármálakreppan mun hafa veruleg áhrif á starfsemi stofnunarinnar og hefur t.d. styrkveitingum til einstaklinga og félagasamtaka verið frestað og starfsfólki fækkað. Við því þarf að bregðast með enn skýrari forgangsröðun.

Þróunarsamvinnustofnun hefur lengst af starfað í nokkrum af fátækustu ríkjum Afríku. Nú er ljóst að á síðari hluta þessa árs verður starfsemin á ný eingöngu bundin við þá álfu, eins og hún var allar götur fram til ársins 2004. Stuðningur við Afríkuríki er í samræmi við áherslur alþjóðasamfélagsins og stefnu íslenskra stjórnvalda um að starfa með fátækustu ríkjum heims að því að draga úr fátækt og stuðla að efnahags- og félagslegri uppbyggingu.

Verkefni á vegum Þróunarsamvinnustofnunar eru unnin á forsendum samstarfsríkjanna og í samræmi við opinbera uppbyggingarstefnu þeirra. Ávallt er kappkostað að heimamenn taki þátt í undirbúningi og framkvæmd verkefna. Virk þátttaka þeirra, með ábyrgð og eignarhaldi, er almennt talin auka líkur á árangri í þróunarsamvinnu.

Stofnunin hefur í samvinnu við samstarfsþjóðir mótað aðferð í þróunarsamvinnu sem kalla má byggðaþróun. Aðferðin felst í því að styðja aðgerðir sem ná til margra þátta og geira í samfélaginu á afmörkuðum svæðum, til dæmis í einu héraði. Slíkar aðferðir eru notaðar við byggðaþróunarverkefni í Malaví og Úganda. Unnið er með héraðsstjórnum í samráði og samstarfi við stjórnvöld, þorpssamfélög og aðrar þróunarsamvinnustofnanir og félagsamtök sem starfa á svæðinu. Markmiðið er að vinna að félagslegum og efnahagslegum umbótum, draga úr fátækt og auka hagsæld með því að efla grunnþjónustu og innviði héraðanna. Með þessari nálgun er lögð áhersla á þátttöku og eignarhald samfélagsins og ávallt er unnið í samræmi við stefnu stjórnvalda um þróun. Í Malaví er stórum hluta framlaga Íslands varið til Mangochi-héraðs í suðurhluta landsins þar sem búa um 110 þúsund manns. Á þessu svæði leggur Þróunarsamvinnustofnun áherslu á stuðning við uppbyggingu á sviði fiskimála, heilbrigðismála, vatns- og hreinlætismála og menntunar. Í Úganda er unnið að byggðaþróunarverkefni í Kalangala-héraði sem nær til 84 eyja úti á Viktoríuvatni, en búseta er á 64 þeirra. Meginmarkmið verkefnisins er að styðja við framkvæmd opinberrar þróunaráætlunar héraðsins og styðja uppbyggingu á sviði stjórnsýslu, sjávarútvegs, menntunar og heilbrigðismála. Allir íbúar héraðsins, 45 þúsund talsins, njóta góðs af verkefninu, beint eða óbeint. Samningar um verkefnið eru til ársins 2015.

4 UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁL

Á sviði umhverfis- og auðlindamála verður gerð grein fyrir stöðu fjögurra mála sem öll standa á tímamótum á þessu ári. Von er á skýrslu starfshóps um málefni og áherslur Íslands á norðurslóðum, greinargerð Íslands til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna verður skilað í maí, unnið er að gerð nýs alþjóðasamkomulags um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum sem ljúka á í desember nk. og að lokum er gerð grein fyrir nýrri alþjóðastofnun um málefni endurnýjanlegra orkugjafa sem er að hefja störf á árinu.

4.1 Sjálfbær þróun á norðurslóðum – Áherslur Íslands

Mikil alþjóðleg umræða á sér stað um þá ógn sem stafar af þeim breytingum sem nú eru að verða í nánasta nágrenni Íslands á norðurskautssvæðinu vegna hlýnandi loftslags og aukinnar sóknar í auðlindir svæðisins. Í þessum breytingum felast ekki síður tækifæri sem geta skapað skilyrði fyrir endurnýjun íslensks efnahags og framtíðarhagvöxt í breyttu umhverfi. Með tilliti til þessa er eðlilegt að málefni norðurslóða séu vaxandi þáttur í starfi utanríkisþjónustunnar. Norðurskautsráðið, sem Ísland á aðild að ásamt Danmörku (Grænlandi), Noregi, Finnlandi, Svíþjóð, Kanada, Rússlandi og Bandaríkjunum (Alaska), er sá fjölþjóðlegi vettvangur þar sem málefni norðurslóða eiga helst heima. Ísland er eina þjóðríkið, sem liggur í heild sinni innan norðurskautssvæðisins, eins og það er almennt skilgreint á alþjóðavettvangi og af Norðurskautsráðinu.

Loftslagsbreytingar og sveiflur í sjávarhita hafa margvísleg áhrif á sjávarútveg á norðurslóðum. Þetta hefur komið fram í breytingum á fiskgöngum og tilfærslu á staðbundnum fiskistofnum eins og miklar makrílveiðar innan 200 sjómílna fiskveiðilögsögu Íslands á liðnu ári bera vott um. Jafnframt er hætta á því að aðrir nytjastofnar færist út úr íslensku fiskveiðilögsögunni. Hindra þarf að slíkt leiði til hömlulausrar ofveiði úr viðkomandi stofnum. Á sama tíma þarf að tryggja að íslenski fiskveiðiflotinn haldi óskertum hlut og að veiðarnar verði sjálfbærar.

Á þessu verður að taka í í fiskveiðisamningum við önnur ríki og innan viðkomandi veiðistjórnunarsamtaka, þar sem sjávarútvegsráðuneytið er í forsvari í samvinnu við utanríkisráðuneytið. Höfuðatriðið er að standa vörð um langtímahagsmuni íslensks sjávarútvegs í breytilegu ástandi og tryggja veiðirétt Íslendinga til viðkomandi nytjastofna.

Jafnframt þarf að tryggja hlutdeild Íslendinga í nýjum nytjategundum á Norður- Atlantshafi og veiðiréttindi á hafsvæðum sem kunna að opnast í norðri með minnkandi ís.

Ísland er kjörinn staður fyrir alþjóðlegar rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga á norðurslóðum enda standa íslenskir vísindamenn framarlega í mörgum greinum norðurslóðarannsókna. Utanríkisráðuneytið leggur því áherslu á að kynna kosti Íslands á alþjóðavettvangi sem vettvangs fyrir slíkar rannsóknir.

Mikilvægi Íslands í heimi norðurslóðafræða birtist meðal annars í því að íslenskir fræðimenn fara nú með formennsku í helstu alþjóðasamtökum norðurslóðavísindamanna bæði á sviði náttúru- og félagsvísinda, þ.e. í Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndinni (IASC), sem sameinar innan sinna vébanda rannsóknarstofnanir í átján ríkjum, og Alþjóðlegu norðurslóðasamtökum félagsvísindamanna (IASSA). Íslenskir háskólar eru virkir þátttakendur í Háskóla norðursins, sem nær til hátt á annað hundrað háskóla og kennslustofnana á norðurslóðum.

Háskólinn á Akureyri hefur gegnt lykilhlutverki í þessu sambandi og hefur utanríkisráðuneytið gert samstarfssamning við skólann með það að markmiði að efla starfsemi hans sem alþjóðlegrar miðstöðvar norðurslóðasamstarfs.

Utanríkisráðuneytið átti frumkvæðið að uppbyggingu Norðurslóðagáttarinnar, arcticportal.org, sem er vistuð hjá Háskólanum á Akureyri. Norðurslóðagáttin er alhliða vefvangur leiddur af Íslendingum til netsamskipta og upplýsingamiðlunar á veraldarvefnum um málefni norðurslóða. Vefsetur fjölmargra fjölþjóðlegra norðurslóðasamtaka og vísindaverkefni hafa verið sett inn á Norðurslóðagáttina þar sem nútímatækni er beitt í þágu upplýsingamiðlunar, vöktunar og vísinda, menntunar, menningar og viðskipta til að stuðla að sjálfbærri þróun á norðurslóðum.

Staða Íslands í samgönguneti heimsins mun gjörbreytast á komandi árum með tilkomu nýrrar samgöngutækni samhliða aukinni umferð í tengslum við auðlindanýtingu og minnkandi hafís. Ísland getur gegnt lykilhlutverki sem þjónustubækistöð fyrir auðlindanýtingu og siglingar í norðri. Auk þess sem það er kjörinn staður fyrir umskipunarhöfn fyrir flutninga yfir Norður-Atlantshaf og til norðurs um Norður-Íshaf til Kyrrahafs þegar sú leið opnast.

Mikilvægt er að hefja nú þegar kynningu á þessum möguleikum. Það verður meðal annars gert í tengslum við undirbúning að olíuleit á Drekasvæðinu og kynningu á þjónustumöguleikum Íslands við nálæg námuvinnslu- og olíuleitarsvæði við Norðaustur- Grænland. Stofnuð hefur verið sameiginleg embættismannanefnd Íslands og Grænlands sem meðal annars er ætlað að undirbúa uppbyggingu á íslenskri þjónustu við auðlindavinnslu á austurströnd Grænlands.

Opnun nýrrar flutningaleiðar þvert yfir Norður-Íshafið, sem tengir hagvaxtarsvæðin í Austur-Asíu við gömlu hagkerfin við Norður-Atlantshaf, gæti verið mikilvægur þáttur í efnahagslegri endurreisn í kjölfar efnahagskreppunnar, sem ríður yfir heiminn, og skapað forsendur fyrir nýju og langvarandi hagvaxtarskeiði þar sem norðurslóðir gegna lykilhlutverki. Sýnt hefur verið fram á að opnun Norður-Íshafsleiðarinnar, miðað við núverandi ísskilyrði, er tæknilega möguleg með nýrri tegund ísstyrktra skipa sem geti siglt beint í gegnum heimskautaísinn.

Unnið er að því af hálfu utanríkisráðuneytisins að stofna verkefnishóp í samvinnu við viðkomandi fagráðuneyti og hagsmunaaðila um aukið samgönguhlutverk Íslands sem tengist legu landsins á Norður-Atlantshafi. Verkefni hans mun ekki einskorðast við siglingar heldur kemur einnig til greina að fela honum að kynna kosti Keflavíkurflugvallar sem farþega- og flutningamiðstöðvar sem þjóni bæði nágrannasvæðum á norðurhveli og á lengri flugleiðum á milli Suður- og Suðaustur-Asíu og áfangastaða á austurströnd Ameríku.

Starf utanríkisráðuneytisins að málefnum norðurslóða helgast þannig ekki aðeins af almennum utanríkishagsmunum og nauðsyn á góðum samskiptum við nágranna Íslands á svæðinu heldur hefur það beina þýðingu fyrir grunnatvinnuvegi þjóðarinnar.

Starfshópur á vegum utanríkisráðherra hefur unnið skýrslu um áherslur Íslands á sviði sjálfbærrar þróunar á norðurslóðum sem verður lögð fram innan nokkurra vikna. Með skýrslunni er lagður grundvöllur að umræðu og heildstæðri stefnumótun á sviði norðurslóðamála.

4.2 Landgrunnsmál

Gert er ráð fyrir að ytri mörk landgrunns utan 200 sjómílna verði til lykta leidd í eitt skipti fyrir öll á næstu árum á grundvelli ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna. Mikilvægt er að Íslendingar öðlist yfirráð yfir sem víðáttumestum landgrunnssvæðum enda munu réttindi yfir landgrunninu fá aukna þýðingu í framtíðinni.

Unnið er af kappi að greinargerð til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna um mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna og verður henni skilað áður en frestur til þess rennur út 13. maí nk. Samkvæmt hafréttarsamningnum eiga strandríki sjálfkrafa landgrunn að 200 sjómílum, sem eru jafnframt ytri mörk efnahagslögsögunnar. Mörg ríki, þ. á m. Ísland, eiga hins vegar víðáttumeiri hafsbotnsréttindi samkvæmt ákvæðum hafréttarsamningsins. Viðkomandi ríki skulu senda landgrunnsnefndinni ítarlega greinargerð um ytri mörk landgrunnsins og yfirfer nefndin greinargerðina, leggur tæknilegt mat á hana og gerir tillögur um landgrunnsmörkin. Á grundvelli tillagna nefndarinnar getur strandríkið síðan ákveðið á endanlegan og bindandi hátt mörk landgrunnsins gagnvart alþjóðlega hafsbotnssvæðinu sem liggur þar fyrir utan.

Ísland gerir tilkall til þriggja landgrunnssvæða utan 200 sjómílna, þ.e. Hatton Rockall-svæðisins og Reykjaneshryggjar í suðri og suðurhluta Síldarsmugunnar í norðaustri. Á Hatton Rockall-svæðinu hafa, auk Íslands, Bretland, Írland og Danmörk, f.h. Færeyja, sett fram kröfur um landgrunnsréttindi. Aðeins Ísland gerir kröfu um landgrunnsréttindi á Reykjaneshrygg en það svæði skarast við Hatton Rockall-svæðið. Haustið 2006 náðist samkomulag milli Íslands, Danmerkur/Færeyja og Noregs um skiptingu landgrunnsins í suðurhluta Síldarsmugunnar sem felur m.a. í sér viðurkenningu á réttindum Íslands yfir um 30.000 km² svæði.

Greinargerð Íslands til landgrunnsnefndarinnar mun annars vegar ná til hins umsamda svæðis í suðurhluta Síldarsmugunnar og hins vegar til vestur- og suðurhluta Reykjaneshryggjar. Hún mun hins vegar ekki taka til hins umdeilda Hatton Rockall-svæðis né austurhluta Reykjaneshryggjar sem skarast við það svæði. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að áðurnefndur tímafrestur gildir ekki um umdeild hafsvæði sem fleiri en eitt ríki gera tilkall til og er nefndin ekki bær til að fjalla um ytri mörk slíkra svæða nema með samþykki allra deiluaðila.

Ísland hefur lagt áherslu á að hinir fjórir aðilar Hatton Rockall-málsins leggi sig fram við að ná samkomulagi um skiptingu hins umdeilda svæðis og leggi í framhaldi af því sameiginlega greinargerð fyrir landgrunnsnefndina. Samkomulag hefur enn ekki náðst en næsti viðræðufundur aðila verður haldinn í Þórshöfn í Færeyjum í júní nk.

4.3 Loftslagsmál

Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (*Intergovernmental Panel on Climate Change, IPCC*) gaf árið 2007 út fjórðu yfirlitsskýrslu sína um áhrif loftslagsbreytinga. Það er mat hennar að verði ekkert að gert muni hlýnun jarðar á þessari öld að líkindum verða á bilinu 1,8–4°C. Afleiðingar loftslagsbreytinga verði mjög alvarlegar og óafturkræfar hækki meðalhiti um meira en 2°C frá því sem hann var fyrir iðnvæðingu. Nefndin telur að til að koma í veg fyrir slíka hækkun á meðalhita þurfi að byrja að hefta hraðvaxandi losun þróunarríkja og að losun iðnríkjanna í heild verði að minnka um 25–40% árið 2020 miðað við 1990. Loftslagsbreytingar má meðal annars rekja til losunar gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið, aðallega koltvísýrings, vegna brennslu jarðefnaeldsneytis á borð við kol, gas og olíu.

Það skiptir verulegu máli fyrir Ísland, hvort sem litið er til efnahags- eða umhverfismála, hvernig tekið verður í viðræðum á alþjóðavettvangi á þeim vanda sem loftslagsbreytingar skapa. Þó að bein áhrif loftslagsbreytinga muni líklega ekki valda til skemmri tíma séð miklum skaða í íslensku efnahagslífi og náttúrufari, gera stjórnvöld sér grein fyrir að áhrif þeirra gætu orðið alvarleg þegar til lengri tíma er litið. Í yfirlitsskýrslu IPCC er því spáð að vegna hlýnunar muni sjávarborð hækka, að Norður-Íshaf verði nánast íslaust á sumrin fyrir lok þessarar aldar og að Golfstraumurinn muni veikjast. Áhrif þessara breytinga á helstu auðlindir í lífríki hafsins eru óviss. Jafnframt er það ljóst að sú röskun sem mun verða á lífsskilyrðum fólks víðsvegar um heim mun ýta undir efnahagslegan og stjórnmálalegan óstöðugleika sem mun hafa neikvæð áhrif á lítil og opin hagkerfi eins og Ísland. Því deilir Ísland, með öðrum ríkjum heims, hagsmunum af því að dregið verði úr umtalsverðum loftslagsbreytingum.

Fyrsta skuldbindingartímabili Kýótóbókunarinnar lýkur í árslok 2012 og er endurskoðun hennar þegar hafin á vettvangi loftslagssamningsins. Á þingi aðildarríkja á Balí árið 2007 var samþykkt svokölluð Balí-aðgerðaráætlun, sem mælir fyrir um að vinna skuli að gerð nýs

alþjóðasamkomulags um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum, og er ætlunin að því ljúki á 15. aðildarríkjaþingi samningsins sem haldið verður í Kaupmannahöfn í desember 2009. Árið 2008 var að mestu leyti nýtt til undirbúnings hinum eiginlegu samningaviðræðum. Á aðildarríkjaþingi loftslagssamningsins í Poznan í desember sl. var ákveðið að hefja á þessu ári eiginlegar samningaviðræður um nýtt niðurskurðarmarkmið fyrir Kýótó-bókunina samhliða viðræðum um nýtt samkomulag er geri Bandaríkjunum og iðnvæddustu þróunarríkjunum kleift að taka á sig þjóðréttarlegar skuldbindingar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt náðist samkomulag um vinnuáætlun sem miðar að því að ljúka gerð nýs samkomulags í Kaupmannahöfn.

Hinn 14. nóvember sl. ákvað ríkisstjórn Íslands að skipa níu manna samninganefnd frá sjö ráðuneytum til þess að fara með samningsumboð Íslands í þeim alþjóðlegu samningum sem nú eiga sér stað um loftslagsmál. Með þessari ákvörðun var dagleg forysta í yfirstandandi samningaviðræðum færð til utanríkisráðuneytisins. Samninganefndin starfar undir leiðsögn umhverfisráðherra, sem fer með fyrirsvar Íslands í samningaferlinu og kemur fram fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands. Formaður og varaformaður nefndarinnar skulu jafnframt reglulega kynna stöðu mála fyrir ríkisstjórn og/eða nefnd ráðuneytisstjóra undir forystu umhverfisráðuneytisins, svo og utanríkismálanefnd, umhverfisnefnd og öðrum nefndum Alþingis eftir þörfum.

Hinn 28. nóvember sl. samþykkti ríkisstjórn samningsumboð fyrir samninganefndina. Gert er ráð fyrir að samningsumboðið verði endurskoðað og uppfært eftir því sem samningaviðræður þróast og ástæða þykir til. Í megindráttum er samningsumboðinu skipt í tvennt: Annars vegar eru það almenn markmið um að stuðla að nýju alþjóðasamkomulagi um áframhaldandi samdrátt í nettólosun gróðurhúsalofttegunda, þar sem Ísland taki á sig sanngjarnar byrðar, að teknu tilliti til aðstæðna og möguleika til að takmarka losun og auka bindingu. Hins vegar er samninganefndinni falið að eiga sérstakar viðræður við ESB um mögulegt samstarf á sviði loftslagsmála á grunni EES-samningsins.

Það er stefna íslenskra stjórnvalda að styðja af einurð að komið verði í veg fyrir háskalega hlýnun jarðar. Í því augnamiði verður að nást alþjóðlegt samkomulag á fundinum í Kaupmannahöfn í desember nk. um verulegan samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við niðurstöður vísindanefndar SÞ. Brýnt er að öll ríki axli sína ábyrgð í því efni. Íslensk stjórnvöld eru tilbúin til þess að Ísland taki sanngjarnan skerf í samdrætti og sambærilegan við það sem önnur þróuð ríki taka. Þó verður að taka tillit til aðstæðna í hverju ríki og möguleika þeirra til að takmarka losun og auka bindingu. Í því sambandi er það stefna stjórnvalda að íslenskt atvinnulíf búi við sambærilegt umhverfi og gildir á EES-svæðinu hvað loftslagsmál og atvinnulíf varðar. Ríkisstjórn Íslands setti sér árið 2007 það markmið að draga úr losun um 50–75% fram til ársins 2050 miðað við árið 1990.

Íslensk stjórnvöld eru jafnframt þeirrar skoðunar að endurnýjanlegir orkugjafar og ný tækni á sviði orkumála og orkusparnaðar séu lykilþættir við lausn loftslagsvandans. Þá telja þau líka að endurheimt votlendis geti verið mikilvægt framlag til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, og hefur Ísland þegar lagt fram tillögu þess efnis.

Til þess að Ísland geti sett sér markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda skipaði umhverfisráðherra í maí 2007 sérfræðinganefnd til að kanna möguleika á samdrætti í nettólosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi innan mismunandi greina í atvinnulífi og þjónustu. Niðurstaða um þetta liggur fyrir innan skamms og munu íslensk stjórnvöld þá geta sett sér raunhæft markmið vegna loftslagsviðræðnanna. Slíkt er þýðingarmikið í samningaviðræðunum enda eru mörg ríki þegar farin að tilkynna um sín markmið. Sem dæmi má nefna

að Evrópusambandið hefur þegar ákveðið að draga úr heildarlosun innan sambandsins um 20% árið 2020, miðað við losun 1990, og um 30% ef samkomulag næst á vettvangi loftslagssamningsins um umtalsverðan niðurskurð í losun á næstu árum. Nýr forseti Bandaríkjanna hefur sett þá stefnu að árið 2020 verði losun í Bandaríkjunum ekki meiri en hún var árið 1990 og að samdráttur verði um 80% árið 2050. Kanada hefur sett sér markmið um 20% niðurskurð árið 2020 miðað við árið 2006. Ástralía setti sér í desember sl. það markmið að draga úr losun um 5–15% árið 2020 miðað við árið 2000.

4.4 Alþjóðasamstarf í málefnum endurnýjanlegra orkulinda

Einn helsti styrkleiki Íslands í þeirri endurgerð efnahagslífs heimsins, sem óhjákvæmilega er fram undan, er sá árangur sem náðst hefur í nýtingu endurnýjanlegra orkulinda hér á landi. Stefnubreyting er að verða á heimsvísu. Barack Obama, Bandaríkjaforseti, hefur tekið þar veigamikið frumkvæði með því að gera þróun hreinna og endurnýjanlegra orkulinda að einum hornsteina endurreisnarstefnu sinnar. Grunnur hefur verið lagður að formlegu samstarfi orkumálaráðuneyta Íslands og Bandaríkjanna á þessu sviði og utanríkisþjónustan mun fylgja því eftir.

Ásamt iðnaðarráðuneytinu hefur utanríkisráðuneytið undanfarin ár tekið þátt í undirbúningi að stofnun nýrrar alþjóðastofnunar aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna um málefni hreinna og endurnýjanlegra orkulinda. Mikil þörf hefur verið á slíkri stofnun, þar sem þær tvær alþjóðastofnanir sem hafa með orkumál að gera, Alþjóðaorkumálastofnunin í París og Alþjóðakjarnorkumálastofnunin í Vínarborg, sinna hinum ört vaxandi endurnýjanlegu orkulindum aðeins að litlu leyti. Þróunarríki eiga auk þess fæst aðgang að þessum stofnunum, en framtíðar hagþróun þeirra hlýtur að byggjast á nýtingu endurnýjanlegra orkulinda.

Ísland gerðist stofnaðili hinnar nýju alþjóðastofnunar endurnýjanlegrar orku, IRENA, í upphafi þessa árs. IRENA er ætlað að efla þróun hreinna og endurnýjanlegra orkulinda og stuðla að því að þróunarlönd öðlist tækniþekkingu á því sviði, sem og að greiða fyrir fjárfestingum í virkjun og nýtingu endurnýjanlegrar orku. Rekstur jarðhitadeildar Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi verður áfram eitt helsta framlag Íslands til að miðla þekkingu á þessu sviði til þróunarríkja.

Gert er ráð fyrir að þegar fram líða stundir starfi fjöldi sérfræðinga og ráðgjafa hjá IRENA og þar skapist vettvangur fyrir íslensk orkufyrirtæki og störf fyrir íslenska sérfræðinga, einkum á sviði jarðhitanýtingar.

5 VIÐSKIPTI OG OPNUN MARKAÐA

Utanríkisráðuneytið á frumkvæði að gerð viðskiptasamninga við önnur ríki en slíkir samningar greiða fyrir aðgangi íslenskra fyrirtækja að erlendum mörkuðum. Í samningaviðræðum beitir ráðuneytið sér fyrir því að sjónarmið og hagsmunir Íslendinga nái fram að ganga. Sendiherrar og viðskiptafulltrúar ráðuneytisins liðsinna fyrirtækjum í sókn þeirra á erlenda markaði. Með þessu móti er reynt að tryggja samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja erlendis.

5.1 Fjölþjóðlegt viðskiptasamstarf

Ísland er virkur þátttakandi í viðskiptasamstarfi innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og hefur slíkt samstarf verið liður í að efla samkeppnisstöðu Íslands á hinum ýmsu sviðum viðskipta. EFTA-ríkin hafa þegar gert sautján fríverslunarsamninga og bættist samn-

ingur við Kólumbíu í þann flokk samninga á sl. ári. Vonir standa til þess að aukinn kraftur muni færast í Doha-samningaviðræðurnar innan WTO á næstu mánuðum. Í kjölfar efnahagskreppunnar hefur OECD gefið út viðbragðsáætlun til að bregðast við vanda aðildarríkjanna og vinna samtökin með ríkisstjórnum þeirra að því að koma á stöðugleika og hagvexti á ný.

5.1.1 Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO)

Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) myndar lagalegan og stofnanalegan ramma utan um hið alþjóðlega viðskiptakerfi. Grundvallarmarkmið stofnunarinnar er að auka frjálsræði og tryggja réttaröryggi í heimsviðskiptum og stuðla þar með að hagvexti og efnahagsþróun. Ísland hefur verið aðili að WTO frá því stofnunin var sett á fót árið 1995.

Aðildarríkjum WTO hefur fjölgað nokkuð undanfarin ár og eru þau orðin 153 talsins, en þess skal getið að Úkraína varð fullgildur aðili hinn 16. maí 2008. Ísland tekur þátt í aðildarviðræðum verðandi aðildarríkja og hefur í tengslum við þær náð mikilvægum tvíhliða samningum um viðskiptakjör við ný aðildarríki. Af mikilvægum aðildarviðræðum má nefna viðræðurnar við Rússland sem eru komnar vel á veg þótt enn sé óvíst hvenær þeim lýkur.

Doha-viðræðurnar á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar

Doha-viðræðurnar innan WTO hófust árið 2001, en með viðræðunum er stefnt að auknu frjálsræði í heimsviðskiptum, fyrirtækjum og einstaklingum í aðildarríkjunum til hagsbóta.

Erfiðlega hefur gengið að komast að niðurstöðu í viðræðunum. Á ráðherrafundi u.þ.b. tuttugu aðildarríkja WTO í Genf í júlí síðastliðnum náðist hins vegar verulegur árangur í samkomulagsátt og á tímabili leit út fyrir að niðurstaða fengist um öll stærstu málefni samningaviðræðnanna innan hóps nokkurra áhrifamestu aðildarríkja WTO, svokallaðra G-7 ríkja (Bandaríkin, ESB, Kína, Indland, Brasilía, Japan og Ástralía). Þeim árangri kann þó að vera hætta búin ef viðræðurnar dragast enn á langinn. Helstu ágreiningsefnin, sem eftir standa, snúa að markaðsaðgangi fyrir landbúnaðar- og iðnaðarvörur. Annars vegar má nefna ráðstafanir, sem þróunarríkjum verður heimilt að grípa til í því skyni að takmarka innflutning á tilteknum landbúnaðarafurðum ef innflutningur á þeim hefur aukist mikið, en hins vegar kröfur um fríverslun með tilteknar iðnaðarvörur.

Viðræður héldu áfram á liðnu hausti, en fyrst og fremst milli embættismanna, og svo hefur og verið það sem af er þessu ári. Í viðræðunum hafa embættismenn ekki farið varhluta af áhrifum hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu. Við þær aðstæður er skiljanlegt að hugur ráðamanna sé heima fyrir. Á hinn bóginn hafa margir bent á að farsæl niðurstaða Doha-viðræðnanna sé til þess fallin að styrkja stoðir hins alþjóðlega efnahagskerfis og stuðla að hraðari endurreisn þess.

Vonir standa til þess að aukinn kraftur færist í viðræðurnar í vor og sumar, en þá má gera ráð fyrir að ný ríkisstjórn Bandaríkjanna hafi mótað, í einstökum atriðum, stefnu sína á sviði utanríkisviðskipta. Pólitískar aðstæður munu eftir sem áður hafa áhrif á framgang viðræðnanna, en á vori komanda fara fram þingkosningar á Indlandi. Enda þótt ekki hafi enn náðst niðurstaða í viðræðunum getur það gerst með skjótum hætti þegar hagstæðir vindar taka að blása.

Ísland hefur tekið virkan þátt í viðræðunum, eins og tilefni hefur verið til, í góðu samstarfi við þær þjóðir sem hafa svipaðra hagsmuna að gæta. Utanríkisráðuneytið hefur átt gott samstarf við önnur ráðuneyti vegna viðræðnanna.

5.1.2 Efnahags- og framfarastofnunin (OECD)

Aðildarríkjum OECD hefur verið lýst sem félagsskap umbótasinnaðra ríkja sem byggja á markaðsbúskap og lýðræðislegu stjórnarfari. Markmið stofnunarinnar eru að tryggja sem mestan sjálfbæran hagvöxt og sem hæst atvinnustig í aðildarríkjunum samhliða fjárhagslegum stöðugleika, að stuðla að skynsamlegri efnahagsþróun, jafnt í aðildarríkjunum sem utan þeirra, og að leggja sitt af mörkum til vaxtar heimsviðskipta án mismununar.

OECD er fremst á sviði efnahagsrannsókna í heiminum, t.a.m. á áhrifum skipulagsbreytinga á hagvöxt, og veitir ráðgjöf á öllum sviðum opinberrar stjórnsýslu, að undanskildum menningarmálum og varnarmálum. Öll ráðuneyti og margar undirstofnanir taka þátt í starfi stofnunarinnar.

Stækkun OECD og hlutverk í breyttri heimsmynd

OECD stendur nú í viðræðum um aðild Chile, Eistlands, Ísraels, Rússlands og Slóveníu að stofnuninni. Viðræður eru mislangt á veg komnar, en nokkur óvissa ríkir um aðild Rússlands að stofnuninni[45]45. Jafnframt hefur stofnunin boðið þeim löndum sem teljast til rísandi hagkerfa, Brasilíu, Indlandi, Indónesíu, Kína og Suður-Afríku, nánara samstarf.

Í kjölfar efnahagskreppunnar hefur OECD gefið út viðbragðsáætlun til þess að bregðast við vanda aðildarríkjanna. Stofnunin vinnur með ríkisstjórnum aðildarríkjanna að því að koma á stöðugleika og hagvexti á ný. Í þeim efnum sem öðrum er aðild Íslands að OECD styrkur.

5.1.3 Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA)

EFTA-ríkin hafa gert sautján[46]46 fríverslunarsamninga við ríki og ríkjahópa víða um heim. Markmiðið með samningunum er að tryggja fyrirtækjum í EFTA-ríkjunum greiðan aðgang að mörkuðum þeirra ríkja sem samningar eru gerðir við.

Í nóvember á síðasta ári var undirritaður fríverslunarsamningur EFTA-ríkjanna og Kólumbíu og er nú unnið að fullgildingu hans. Gert er ráð fyrir að fríverslunarsamningur við Kanada öðlist gildi um mitt þetta ár en gildistakan hefur dregist vegna tafa á fullgildingu samningsins af hálfu Kanada. Samningurinn, sem er sá fyrsti sinnar tegundar sem Kanada gerir við Evrópuríki, kveður á um fríverslun með sjávarafurðir og iðnaðarvörur frá gildistöku, auk þess sem aðlögunartími er á niðurfellingu tolla af tilteknum skipum við innflutning til Kanada. Í samningnum eru ákvæði um að taka upp viðræður um þjónustuviðskipti innan þriggja ára.

Fríverslunarviðræðum EFTA við Flóaráðið[47] annars vegar og við Perú hins vegar lauk á síðasta ári með áritun samningsdraga. Eru samningsaðilar að yfirfara ýmis lagaatriði varðandi samningstextann með það fyrir augum að undirrita samningana síðar á þessu ári.

Fríverslunarviðræður EFTA og Indlands hófust í október á síðasta ári. Gert er ráð fyrir að næsta samningalota verði í júní nk. Stefnt er að því að samningurinn nái yfir bæði vöru og þjónustuviðskipti. Þá standa enn yfir fríverslunarviðræður við Alsír sem hófust á árinu 2007.

---

[45] Rússland eitt umsóknarlandana hefur ekki skilað samkomulagi (Memorandum of Understanding) sem er undirstaða aðildaviðræðna.

[46] EFTA hefur gert fríverslunarsamninga við eftirtalin ríki: Chile, Egyptaland, Ísrael, Jórdaníu, Kanada, Kólumbíu, Króatíu, Líbanon, Makedóníu, Marokkó, Mexíkó, Palestínu (sem tollsvæði undir heimastjórn), Singapúr, Suður-Kóreu, Tollabandalag sunnanverðrar Afríku (SACU sem í eru Botsvana, Lesótó, Namibía, Suður-Afríka og Svasíland), Túnis og Tyrkland. Sjá: http://www.utn.stjr.is/samningar/friverslunarsamningar/Undir/nr/365.

[47] Gulf Cooperation Council (GCC) Aðildarríkin eru Sádi Arabía, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Barein, Katar, Kúveit og Óman.

Loks má nefna að vonir standa til að hægt verði að hefja að nýju fríverslunarviðræður við Taíland, en þær viðræður hafa legið niðri um árabil vegna stjórnmálaástandsins þar í landi. Ísland leiðir þær viðræður fyrir hönd EFTA-ríkjanna.

EFTA-ríkin og Úkraína hafa ákveðið að hefja fríverslunarviðræður fyrri hluta þessa árs. Ísland mun leiða viðræðurnar fyrir hönd EFTA-ríkjanna. Einnig er stefnt að því að hefja fríverslunarviðræður við Albaníu og Serbíu á þessu ári. Jafnframt er vonast til að fríverslunarviðræður við Rússland geti hafist síðar á þessu ári, en nefnd ríkjanna, sem sett var á fót á síðasta ári, komst að þeirri niðurstöðu að slíkur samningur yrði hagfelldur fyrir ríkin. Þá vonast EFTA-ríkin til þess að geta hafið fríverslunarviðræður við Indónesíu og Malasíu á næstu árum. Loks hafa Pakistan og Hong Kong lýst yfir áhuga á fríverslunarviðræðum við EFTA-ríkin.

Til viðbótar framangreindum ríkjum hafa EFTA-ríkin gert samstarfsyfirlýsingar við nokkur ríki, en þær eru oft undanfari fríverslunarviðræðna.[48]

5.2 Tvíhliða viðskiptasamningar og samskipti á sviði viðskipta

Gerð tvíhliða viðskiptasamninga af ýmsu tagi, t.d. loftferðasamninga, fjárfestingasamninga og tvísköttunarsamninga, er mikilvæg fyrir íslenskt atvinnulíf. Með vaxandi umsvifum íslenskra flugrekenda á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á gerð tvíhliða loftferðasamninga við sem flest ríki. Tvíhliða samningar um vernd fjárfestinga hafa verið gerðir við ýmis ríki utan hefðbundinna markaðssvæða. Á undanförnum árum hefur einnig verið unnið ötullega að gerð tvísköttunarsamninga. Þá hefur Ísland gert samninga um upplýsingaskipti á sviði skatta við lágskattaríki og eru þeir gerðir í samvinnu við hin Norðurlöndin.

Ísland á reglubundna fundi háttsettra embættismanna um viðskiptamál við Bandaríkin, Færeyjar, Pólland, Japan, Kína, Rússland og Þýskaland. Á þessum fundum eru tekin fyrir þau mál sem hæst ber í viðskiptum ríkjanna, farið yfir viðskiptatækifæri, ýtt á samninga þar sem það á við og reynt að leysa vanda sem einstök fyrirtæki hafa lent í. Hafa þessir fundir myndað og treyst tengsl utanríkisþjónustunnar við mikilvæga aðila í stjórnkerfi viðkomandi ríkja og reynst bæði stjórnvöldum og fyrirtækjum happadrjúgir í gegnum tíðina. Á síðasta ári voru haldnir viðskiptasamráðsfundir með Japan, Rússlandi og Þýskalandi. Fyrirhugaðir eru fundir, m.a. með Rússlandi, Kína og Þýskalandi á þessu ári.

5.2.1 Loftferðasamningar

Loftferðasamningar tryggja rétt flugfélaga, sem skráð eru á Íslandi, til að fljúga um lofthelgi og til og frá þeim ríkjum sem samningarnir ná til. Sífellt vaxandi umsvif íslenskra flugrekenda hafa kallað á aukna áherslu á gerð tvíhliða loftferðasamninga við sem flest ríki. Samningagerð er í höndum utanríkisráðuneytisins og samgönguráðuneytisins og gengið er til hennar í nánu samráði við og samkvæmt óskum hagsmunaaðila. Í dag eru tuttugu slíkir samningar í gildi og um fimmtán til viðbótar bíða annaðhvort undirritunar eða fullgildingar.

Frá því að síðasta skýrsla utanríkisráðherra var birt hafa loftferðasamningar verið gerðir við Egyptaland og Mexíkó og stefnt er að undirritun þeirra við fyrsta tækifæri. Samningarnir munu auka svigrúm íslenskra flugrekenda sem vilja sinna verkefnum í þessum heimshlutum. Stefnt er að því að ljúka á næstunni samningaviðræðum um loftferðasamning við Tyrkland

---

[48] Samstarfsyfirlýsingar hafa verið gerðar við Albaníu, Alsír, Flóaráðið, Kólumbíu, Mercosur (Argentína, Brasilía, Paragvæ og Úrúgvæ), Mongólíu, Perú, Serbíu og Úkraínu. Þá hefur verið ákveðið að skrifa undir slíka yfirlýsingu við Máritaníu.

og að hefja viðræður við nokkur önnur ríki sem flugrekendur hafa þrýst á um að gerðir verði loftferðasamningar við. Samhliða verður unnið frekar að aðild Íslands að samningum sem ESB og aðildarríki þess hafa gert við þriðju ríki, auk þess sem leitað hefur verið eftir því að breytingar verði gerðar á stofnsamningi EFTA til að tryggja flugréttindi frá aðildarríkjum ESB/EFTA til Sviss.

5.2.2 Fjárfestingasamningar

Þörf á gerð tvíhliða fjárfestingasamninga ræðst tíðum af því hversu víðtæk fjárfestingaákvæði fríverslunarsamninga við viðkomandi ríki eru, þ.e. sé slíkum samningum til að dreifa. Nýlegir fríverslunarsamningar ná í sumum tilvikum til bæði stofnfjárfestinga og fjárfestingaverndar og er þá ekki talin þörf á sérstökum fjárfestingasamningum. Séu þessir tveir þættir ekki tryggðir í fríverslunarsamningum er reynt að bregðast við með gerð sérstakra fjárfestingasamninga.

Gerðir hafa verið fjárfestingasamningar við 11 ríki, þ.e Chile, Egyptaland Indland, Kína, Kóreu, Lettland, Líbanon, Litháen, Mexíkó, Singapúr[49] og Víetnam. Samningarnir við Egyptaland og Líbanon bíða fullgildingar.

5.2.3 Tvísköttunarsamningar, upplýsingaskiptasamningar á skattasviði

Á árinu 2008 lauk samninganefnd um gerð tvísköttunarsamninga við gerð tvísköttunarsamnings við Búlgaríu. Þar með er Ísland orðið aðili að 36 tvísköttunarsamningum við 40 erlend ríki en sameiginlegur samningur er í gildi milli Norðurlandanna.

Samningar við Grikkland, Ítalíu, Kóreu, Mexíkó, Rúmeníu og Úkraínu voru fullgiltir á árinu 2008 og komu til framkvæmda 1. janúar 2009. Endurskoðaður samningur við Bandaríkin var fullgiltur árið 2008, svo og bókun við breytingu á tvísköttunarsamningi Norðurlandanna, og komu þessir samningar einnig til framkvæmda 1. janúar 2009. Á þessu ári er stefnt að undirritun tvísköttunarsamninga við Króatíu, Búlgaríu og Slóveníu.

Frá árinu 2006 hefur starfað norrænn stýrihópur sem vinnur að gerð upplýsingaskiptasamninga á sviði skatta við lágskattaríki. Í stýrihópnum sitja fulltrúar frá fjármálaráðuneytum ríkjanna og fulltrúar frá skattyfirvöldum á Grænlandi og í Færeyjum. Í lok október 2008 undirrituðu öll Norðurlöndin tvíhliða upplýsingaskiptasamninga við Guernsey og Jersey, auk nokkurra annarra samninga sem eiga að koma í veg fyrir tvísköttun á afmörkuðum sviðum. Skattasamningarnir sem undirritaðir voru við Mön í október 2007 voru fullgiltir á árinu 2008 og komu til framkvæmda 1. janúar 2009. Stefnt er að undirritun upplýsingaskiptasamninga við Bermúda, Bresku Jómfrúreyjar Cayman-eyjar, Hollensku Antillaeyjar og Arúba á þessu ári.

5.2.4 Tvíhliða samskipti Íslands og Kína á sviði viðskipta

Viðskipti Íslands og Kína hafa aukist hröðum skrefum undanfarin ár. Samningaviðræður um tvíhliða fríverslunarsamning Íslands og Kína hófust í apríl 2007. Viðræðunum hefur miðað talsvert áfram en erfitt er að segja til um hvenær þeim lýkur. Stefnt er að því að samningurinn nái yfir vöru- og þjónustuviðskipti.

Bæði ríkin hafa lagt fram tilboð á sviði vöruviðskipta. Í tilboði Íslands er boðin niðurfelling tolla á sjávarafurðum og iðnaðarvörum, svo og lækkun eða niðurfelling tolla á tilteknum landbúnaðarvörum. Tilboð Kína felur í sér niðurfellingu tolla á öllum vörum að undanskild-

---

[49] Hluti af fríverslunarsamningi EFTA og Singapúr.

um nokkrum mjög viðkvæmum vörutegundum sem ekki varða stórvægilega útflutningshagsmuni Íslands. Þá hefur Kína farið fram á 5 eða 10 ára aðlögunartíma á niðurfellingu tolla af tilteknum vörutegundum, m.a. á tilteknum sjávarafurðum og iðnaðarvörum sem framleiddar eru hér á landi.

Enn fremur hafa bæði ríkin lagt fram kröfur og tilboð á sviði þjónustuviðskipta, en þar ber enn nokkuð á milli samningsaðila. Í kröfum Íslands er m.a. lögð áhersla á markaðsaðgang fyrir þjónustu tengda orkumálum, sem og ýmiss konar aðra sérfræðiþjónustu. Hér á landi hefur vægi þjónustuviðskipta aukist síðustu ár og má sem dæmi nefna þjónustu á sviði orkumála og hátækni. Því getur bættur markaðsaðgangur fyrir þjónustu skipt afar miklu máli hvað varðar viðskiptatækifæri íslenskra fyrirtækja í Kína. Jafnframt ber að hafa í huga að þjónustuviðskipti varða oft útflutning á hugviti og þekkingu. Er slíkur útflutningur oft til þess fallinn að hafa jákvæð áhrif á ímynd Íslands, þar sem slík þjónusta getur haft jákvæð áhrif á þróun og uppbyggingu í því ríki sem kaupir þjónustuna. Það sama getur átt við um aðrar tegundir þjónustu, sem íslensk fyrirtæki veita erlendis, m.a. á hátæknisviði.

Stefnt er að því að hafa samstarfsákvæði í samningnum, t.d. um vernd hugverkaréttar, opinber innkaup og vinnumál.

Utanríkisráðuneytið hefur átt víðtækt og reglulegt samráð við hagsmunaaðila, fyrirtæki og einstaklinga í tengslum við viðræðurnar. Viðbrögðin í kjölfarið hafa verið góð og ráðuneytinu hefur borist töluvert af upplýsingum og ábendingum um viðskiptahagsmuni aðila, auk annarra þátta, s.s. hvað varðar mannréttindi og vinnumál.

Fríverslunarsamningur við Kína hefði í för með sér bættan aðgang íslenskra fyrirtækja að kínverskum markaði og mundi draga úr eða afnema viðskiptahindranir og tryggja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs til lengri tíma.

5.2.5 Tvíhliða samskipti Íslands og Bandaríkjanna á sviði viðskipta

Hinn 15. janúar sl. var undirritaður samningur milli Íslands og Bandaríkjanna um samstarf á sviði viðskipta og fjárfestinga. Með samningnum er komið á formlegum samráðsvettvangi milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda um viðskipti og fjárfestingar sem ætlað er að styðja við hvers kyns frumkvæði og styrkja samvinnu milli ríkjanna á þessum sviðum. Gert er ráð fyrir að fundir verði haldnir reglulega eftir nánara samkomulagi aðila. Stefnt er að því að fyrsti formlegi samráðsfundur þjóðanna, á grundvelli samningsins, verði haldinn hér á landi í júní nk.

5.2.6 Tvíhliða samskipti við Færeyjar á sviði viðskipta

Fríverslunarsamningur Íslands og Færeyja (Hoyvíkur-samningurinn) tók gildi 1. nóvember 2006. Samningurinn er víðtækasti viðskiptasamningur sem Ísland hefur gert. Markmið hans er að koma á fót sameiginlegu efnahagssvæði á yfirráðasvæðum Íslands og Færeyja. Í kjölfar samningsins var opnuð aðalræðisskrifstofa Íslands í Færeyjum um vorið 2007. Um er að ræða fyrstu sendiskrifstofu erlends ríkis sem opnuð hefur verið í Færeyjum. Síðar sama ár opnuðu Færeyingar ræðisskrifstofu á Íslandi.

Færeyjar eru mikilvægur markaður fyrir ýmsar íslenskar vörur og íslensk fyrirtæki. Auk þess að stuðla að auknum viðskiptum milli landanna skapar samningurinn umgjörð um aukna samvinnu á ýmsum sviðum. Samningurinn hefur þegar leitt til aukins samstarfs, t.d. á sviði heilbrigðismála.

Færeyingar hafa einnig sýnt áhuga á aðild að EFTA og hefur Ísland stutt viðleitni Færeyinga í þeim efnum á vettvangi EFTA-ríkjanna.

5.3 Viðskiptaþjónusta, ferða- og menningarmál

Öll sendiráð Íslands sinna viðskiptaþjónustu og er hlutverk þeirra að veita íslenskum fyrirtækjum þjónustu og ráðgjöf, ásamt því að greina tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf á erlendum mörkuðum. Þá á íslenskt atvinnulíf aðgang að þjónustuneti um 250 kjörræðismanna Íslands erlendis.

5.3.1 Viðbrögð við fjármálakreppunni

Þegar efnahagskreppan skall á Íslandi í október 2008 snerust sendiráð Íslands erlendis íslenskum fyrirtækjum og atvinnulífi til varnar með margvíslegum hætti. Sendiráðin sinntu t.a.m. upplýsingamiðlun til stjórnvalda og hagsmunaaðila í öðrum ríkjum, svöruðu fyrirspurnum kröfuhafa og aðstoðuðu íslensk fyrirtæki sem áttu í vandræðum vegna erfiðleika með greiðslumiðlun. Ljóst er að á næstu árum þarf að laga starfsemi utanríkisráðuneytisins og sendiráða Íslands á sviði viðskiptaþjónustu enn frekar að breyttum aðstæðum. Nú fer fram stefnumótun þar að lútandi, í nánu samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti, stofnanir og hagsmunasamtök í atvinnulífi, þar sem gert er ráð fyrir að sendiráðin sinni í auknum mæli ferðamálum, þjónustu við nýsköpunarfyrirtæki og kynningu á íslenskri menningu.

5.3.2 Starf sendiráða á sviði viðskiptaþjónustu

Allar sendiskrifstofur Íslands sinna viðskiptaþjónustu, en í átta sendiráðum eru starfandi sérstakir viðskiptafulltrúar, þ.e. í Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi, Danmörku, Rússlandi, Japan, Kína og á Indlandi. Viðskiptaþjónusta sendiráðanna felst einkum í eftirfarandi: Sértækri staðarþekkingu í gistiríki, gerð markaðskannana á ákveðnum vörum/þjónustu, leit að samstarfsaðilum erlendis, tengslamyndun í viðkomandi ríki, aðstoð við að koma á fundum, ásamt þátttöku í fundum og sýningum, starfsaðstöðu í sendiráði og aðstoð í samskiptum við stjórnvöld. Sendiráð geta þannig veitt fyrirtækjum aðstoð við að fóta sig á nýjum markaði, ekki síst smærri og meðalstórum fyrirtækjum.

Viðskiptafulltrúar sendiráðanna veita almenna aðstoð, en ef um stærri verkefni er að ræða eru gerðir sérstakir verksamningar þar að lútandi og greitt fyrir unna tíma. Útflutningsráð Íslands heldur utan um gerð verksamninga viðskiptafulltrúanna og vinnur náið með sendiráðunum, t.d. að því að skipuleggja störf viðskiptasendinefnda. Sendiráð Íslands vinna einnig náið með öðrum opinberum aðilum sem standa að markaðs- og landkynningarstarfi erlendis, s.s. Ferðamálastofu, Kvikmyndastofnun, ÚTÓN, KÍM o.fl. Hinn 1. desember 2008 voru skrifstofur viðskiptaþjónustu og ferðamála og upplýsinga- og menningarmála sameinaðar í skrifstofu útflutningsþjónustu í því skyni að auka frekar samræmingu og samlegðaráhrif af starfi utanríkisþjónustunnar að viðskipta-, ferða- og menningarmálum.

5.3.3 Aukið samstarf við Ferðamálastofu

Tilkynnt hefur verið að skrifstofur Ferðamálastofu í Frankfurt og Kaupmannahöfn verði lagðar niður í sumar og að hluti starfsemi þeirra verði færður til sendiráðanna. Af hálfu utanríkisráðuneytisins er ríkur vilji til að nýta betur sendiráðin í þágu ferðaþjónustunnar. Öll sendiráð Íslands sinna nú þegar, með einum eða öðrum hætti, kynningu á Íslandi sem áfangastað fyrir erlenda ferðamenn, s.s. með því að taka þátt í sýningum, halda kynningar fyrir ferðaskrifstofur, með dreifingu kynningarefnis, símsvörun o.fl. Með auknu og formfastara samstarfi við Ferðamálastofu verður þessi þáttur í starfi utanríkisþjónustunnar efldur enn frekar.

5.3.4 Frumvarp um Íslandsstofu

Lagt hefur verið fram frumvarp til laga um stofnun svokallaðrar Íslandsstofu (e. Promote Iceland). Markmið laganna er að efla ímynd og orðspor Íslands, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum og laða erlenda ferðamenn og fjárfestingu til landsins. Meginhlutverk Íslandsstofu er að vera samstarfsvettvangur fyrirtækja, hagsmunasamtaka, stofnana og stjórnvalda um stefnu og aðgerðir til þess að efla ímynd og orðspor Íslands að veita alhliða þjónustu og ráðgjöf í því skyni að greiða fyrir og auka útflutning á vöru og þjónustu, að laða til landsins erlenda ferðamenn og fjárfestingu og að styðja við kynningu á íslenskri menningu erlendis. Sendiráð Íslands erlendis munu vinna náið með Íslandsstofu að ofannefndum verkefnum og þannig verður starf utanríkisþjónustunnar að viðskiptaþjónustu og markaðs- og landkynningu enn markvissara.

Með stofnun Íslandsstofu er mætt kröfum um samræmdari og betri kynningu á Íslandi erlendis og stefnt að auknum samlegðaráhrifum í rekstri með skilvirkari uppbyggingu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að Íslandsstofa verði stofnuð á grunni Útflutningsráðs Íslands, sem verður lagt niður, og að markaðs- og kynningarstarf Ferðamálastofu verði að mestu rekið innan vébanda Íslandsstofu. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að kynning á íslenskri menningu og viðskipti með menningartengdar afurðir erlendis geti fundið sér farveg innan Íslandsstofu.

5.3.5 Menningarstarf sendiráða 2008

Öll sendiráð Íslands sinna lögum samkvæmt menningarkynningu og rækja það hlutverk með því að styðja við smærri viðburði og taka þátt í og skipuleggja stærri menningarhátíðir. Markmið menningarstarfs utanríkisþjónustunnar er í grófum dráttum að koma íslenskri menningu og listamönnum á framfæri, að stuðla að menningarviðskiptum þegar því verður við komið og að efla orðspor og ímynd Íslands. Utanríkisráðuneytið hefur lagt sig í framkróka um það að vinna náið með menntamálaráðuneytinu, íslenskum listamönnum og hagsmunasamtökum þeirra að kynningum erlendis.

Sendiráð Íslands efndu til vel á þriðja hundrað landkynningar- og menningarverkefna á ólíkum sviðum á árinu 2008 og studdu við fjölmarga aðra viðburði. Stærsta landkynningar- og menningarverkefni ársins var hátíðin Iceland on the Edge sem fram fór í Brussel. Um 50–70 þúsund manns sóttu hátíðina og náði fjölmiðlaumfjöllun til yfir 20 milljóna manna.

5.3.6 Viðburðir fram undan

Fram undan eru þrír meiriháttar viðburðir þar sem íslensk menning verður kynnt á alþjóðavettvangi. Í fyrsta lagi er um að ræða alþjóðlegu myndlistarhátíðina Feneyjatvíæringinn, en gert er ráð fyrir að nokkur sendiráð Íslands muni sinna kynningu á íslenskri nútímamyndlist í tengslum við hana í samstarfi við Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar. Í öðru lagi tekur Ísland þátt í heimssýningunni í Sjanghæ í Kína, EXPO, á næsta ári. Á EXPO 2010 verður skipulagður sérstakur norrænn menningardagur þar sem íslensk menning verður kynnt. Menntamálaráðuneytið hefur umsjón með þeirri kynningu í samstarfi við utanríkisráðuneytið.

Síðast en ekki síst er undirbúningur hafinn að þátttöku Íslands í Bókamessunni í Frankfurt árið 2011, þar sem Íslands verður í heiðurssæti. Íslensk stjórnvöld hafa sett á fót verkefnið Sagenhaftes Island til að halda utan um þátttökuna. Þegar hafa tekist samningar um útgáfu allra Íslendingasagna í nýjum þýðingum haustið 2011 hjá einu stærsta bókaforlagi Þýskalands. Einnig hafa tekist samningar um útgáfu verka samtímahöfunda. Tólf þúsund blaðamenn sækja bókastefnuna í Frankfurt ár hvert og gera má ráð fyrir að Ísland muni hljóta

mikla athygli í fjölmiðlum. Heiðurssess á Bókamessunni er þannig eitt stærsta tækifæri sem Ísland fær til menningar- og landkynningar í Evrópu á næstu árum.

6 REKSTUR UTANRÍKISÞJÓNUSTUNNAR

6.1 Hagræðing í utanríkisþjónustunni

Rekstur utanríkisþjónustunnar, aðalskrifstofu og sendiráða, var innan fjárheimilda á árinu 2008. Undanfarið hefur verið unnið að hagræði í starfsmannahaldi og almennum rekstri, auk þess sem gerðar hafa verið langtímaáætlanir til að tryggja fjárhagslegt jafnvægi til lengri tíma. Ferðakostnaður, risna og kostnaður við útsenda starfsmenn hefur verið skorinn niður, auk þess sem viðhaldi eigna og endurnýjun búnaðar hefur verið haldið í lágmarki.

Stór hluti kostnaðar við rekstur íslensku utanríkisþjónustunnar fellur til í erlendum gjaldmiðlum. Því er það skylda utanríkisþjónustunnar að sýna sérstakt aðhald í núverandi árferði. Utanríkisráðuneytið hóf strax í október vinnu við að leita leiða til að hagræða og skilaði í kjölfarið tillögum að 23% niðurskurði frá fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2009, samtals 2.387 millj. kr.

Sem hluta af hagræðingaraðgerðum verður sendiskrifstofum fækkað. Skrifstofunni í Pretoríu var lokað í byrjun árs og skrifstofunum í Róm og Strassborg verður lokað á öðrum ársfjórðungi. Að auki verður útsendum starfsmönnum fækkað í New York, París, Vín, Nýju Delí og Tókýó.

Fjárheimildir hafa verið skornar niður til aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins og þýðingamiðstöðvar, en á móti komu nýjar heimildir til að mæta kostnaði vegna flutnings starfsmanna heim til Íslands og opnunar útibús þýðingamiðstöðvar á Ísafirði.

Sendiráðsbústaðir í Washington, New York og London hafa verið auglýstir til sölu. Fáist viðunandi söluverð verður leitað að ódýrari eignum í þeirra stað. Af þessu tilefni var óskað eftir 1.982 m.kr fjárveitingu í fjárlögum ársins 2009 til kaupa á ódýrari eignum. Tekjur af sölunni, sem áætlað er að geti orðið allt að 3.000 millj. kr., renna í ríkissjóð.

Fjárveitingar til Varnarmálastofnunar hafa verið skornar niður um 287 millj. kr. auk þess sem frjáls framlög til alþjóðastofnana og þróunarmála hafa verið lækkuð um 1.666 millj. kr.

6.2 Borgaraþjónustan

Íslenska utanríkisþjónustan hefur með höndum hagsmunagæslu og neyðaraðstoð til handa öllum íslenskum ríkisborgurum sem staddir eru á erlendri grund. Ráðuneytið vinnur árlega að úrlausn um þúsund mála sem tengjast þessum málaflokki.

Undanfarið hefur verið gert átak í því að bæta þessa þjónustu. Upplýsingar fyrir almenning á vefsíðu ráðuneytisins hafa verið uppfærðar og bættar. Sólarhrings bakvakt hefur verið komið á sem tryggir að ávallt er starfsmaður á vakt sem veitt getur skjólstæðingum aðstoð. Unnin hefur verið neyðaráætlun vegna hættuástands, sem skapast getur erlendis, og starfsmönnum, sem sinna borgaraþjónustu, hefur verið fjölgað.

Í kjölfar bankakreppunnar leitaði fjöldi íslenskra ríkisborgara til utanríkisráðuneytisins vegna erfiðleika sem þeir lentu í erlendis. Borgaraþjónusta ráðuneytisins aðstoðaði Íslendinga, sem áttu í erfiðleikum, við millifærslu á fé inn á erlenda bankareikninga, safnaði upplýsingum um vanda sem Íslendingar lentu í erlendis og aðstoðaði eftir megni við úrlausn þeirra mála. Utanríkisráðuneytið starfrækti einnig símaver og upplýsingamiðstöð fyrir stjórnarráðið í bankakreppunni á grundvelli neyðaráætlunar ráðuneytisins.

822. Lög [393. mál]

um breyting á lögum nr. 135 11. desember 2008, um embætti sérstaks saksóknara.

(Afgreidd frá Alþingi 25. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 809.

823. Lög [402. mál]

um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 25. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 683.

824. Lög [420. mál]

um breytingu á ýmsum lögum vegna færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar.

(Afgreidd frá Alþingi 25. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 713.

825. Lög [362. mál]

um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 25. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 810.

826. Lög [398. mál]

um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 25. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 676.

827. Framhaldsnefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um ábyrgðarmenn.

Frá viðskiptanefnd.

Eftir aðra umræðu ræddi nefndin einkum um 8. gr. frumvarpsins.

Í 6. kafla laga um aðför, nr. 90/1989, er fjallað um andlag fjárnáms og eru þar tilgreindir hlutir sem ekki verður gert fjárnám í. 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins er ekki hugsuð til að undanþiggja fasteign fjárnámi almennt heldur aðeins þegar um er að ræða kröfur af tilteknum uppruna, þ.e. ábyrgðarkröfur samkvæmt skilgreiningu frumvarpsins, og þegar ábyrgðarmaður á þar heimili. Ef aðför reynist árangurslaus sökum þess að fasteign er undanþegin aðför getur sú niðurstaða ekki orðið grundvöllur fyrir kröfu um gjaldþrotaskipti á búi ábyrgðarmanns. Í 2. mgr. 8. gr. er kveðið á um að kröfuhafi geti ekki átt frumkvæði að gjaldþrotaskiptum á búi ábyrgðarmanns við slíkar aðstæður, ella væri kröfuhafa í lófa lagið að komast framhjá ákvæði 1. mgr. 8. gr.

Nefndin vill sérstaklega taka fram að árangurslaust fjárnám vegna þess að óheimilt er að gera fjárnám í fasteign er annars eðlis en árangurslaust fjárnám sökum eignaleysis gerðarþola. Í slíkum tilvikum er ekki um eignaleysi að ræða hjá gerðarþola heldur er aðför árangurslaus sökum þess að óheimilt er að gera aðför. Gjaldþrotalögin gera ekki ráð fyrir því að eignafólk verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Nefndin ítrekar að greinin nær aðeins til persónulegra ábyrgða en á ekki við um það þegar ábyrgðarmaður veitir veðleyfi í fasteign sinni. Jafnframt ítrekar nefndin að greinin nær ekki til ábyrgðarsamninga sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku laganna, verði frumvarpið að lögum, sbr. 12. gr. þess og ákvæði til bráðabirgða. Enn fremur vill nefndin taka fram að með eigin atvinnurekstri er átt við atvinnurekstur þar sem viðkomandi þiggur meginhluta launa sinna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Guðfinna S. Bjarnadóttir og Höskuldur Þórhallsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. mars 2009.

Álfheiður Ingadóttir, form., frsm.	Gunnar Svavarsson.	Birgir Ármannsson.
Lúðvík Bergvinsson.	Pétur H. Blöndal.	Birkir J. Jónsson.
	Jón Magnússon.	

828. Skýrsla [453. mál]

Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins fyrir árið 2008.

1. Inngangur.

Árið 2008 var ályktað um fjölmörg mikilvæg mál á vettvangi Evrópuráðsþingsins.

Í fyrsta lagi var tekist á um afstöðu til framtíðarstöðu Kósóvó-héraðs í Serbíu á fyrsta fundi þingsins í janúar og tvær ályktanir samþykktar. Í þeirri fyrri var skorað á öryggisráð Sameinuðu þjóðanna að gera allt sem í þess valdi stæði til að vinna áfram að málamiðlunarlausn deilunnar. Í hinni voru aðildarríki Evrópusambandsins hvött til að móta sér sameiginlega afstöðu til framtíðar Kósóvó-héraðs. Framhald varð síðar á umræðunni um Kósóvó í apríl þegar rætt var um áhrif sjálfstæðisyfirlýsingar héraðsins.

Í öðru lagi varð framhald á umræðu síðasta árs um aðgerðir aðildarríkja Evrópuráðsins og Bandaríkjanna í baráttunni gegn hryðjuverkum með hliðsjón af alþjóðlegum skuldbindingum á sviði mannréttinda og réttarfars. Skýrsla var lögð fram á þinginu í júní um svarta lista öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins sem heimila refsiaðgerðir á borð við frystingu bankainnstæðna og ferðabönn einstaklinga og hópa sem taldir eru vera í vitorði með Osama bin Laden, hryðjuverkasamtökunum Al-Kaída eða talibönum. Samþykkt var ályktun þar sem verklagið við gerð listanna var gagnrýnt fyrir að fela í sér alvarlegt brot á grundvallarmannréttindum. Jafnframt var hvatt til þess að réttindaleysi viðkomandi einstaklinga yrði leiðrétt hið fyrsta til samræmis við alþjóðlegar skuldbindingar á sviði mannréttinda og réttarfars.

Í þriðja lagi var umræða á þinginu í lok september um afleiðingar átakanna sem brutust út á milli Georgíu og Rússlands vegna aðskilnaðarhéraðanna Suður-Ossetíu og Abkasíu. Í máli þingmanna frá Rússlandi var því haldið fram að íbúar héraðanna hefðu óumdeilanlegan rétt til sjálfsákvörðunar, en að Rússlandi undanskildu hefur aðeins Níkaragva viðurkennt sjálfstæði héraðanna. Almenn skoðun þingmanna Evrópuráðsþingsins var aftur á móti sú að um harmleik væri að ræða enda í fyrsta sinn síðan Evrópuráðið var stofnað að tvö aðildarríki þess fara í stríð hvort við annað. Samstaða var meðal þingmanna um að horfa til framtíðar og reyna að vinna að varanlegri lausn á deilunni.

Í fjórða lagi skipuðu málefni Kína og Tyrklands nokkurn sess á fundum Evrópuráðsþingsins auk þess sem fram fór umræða um framtíðarlausn Kýpur-deilunnar.

Í fimmta lagi átti Íslandsdeild frumkvæði að utandagskrárumræðu í nóvember um beitingu breskra stjórnvalda á hryðjuverkalögum gegn Landsbankanum í Bretlandi. Jafnframt að laga- og mannréttindanefnd þingsins tæki til skoðunar aðgreiningu á milli löggjafar sem nær til hryðjuverka og löggjafar sem tekur til viðbragða við annars konar ógn eins og hættu á fjármálakreppu (sjá nánar umfjöllun um stjórnarnefndarfund 28. nóvember).

Að lokum má þess geta að René van der Linden lét af embætti forseta í lok janúar og við tók spænski þingmaðurinn og formaður flokkahóps jafnaðarmanna, Lluís Maria de Puig. Á sama tíma skiptu flokkahóparnir með sér formennsku í fastanefndum þingsins. Formennska í jafnréttisnefnd féll flokkahópi vinstrimanna í hlut og var Steingrími J. Sigfússyni falið að gegna formennsku. Er það í fyrsta sinn síðan jafnréttisnefnd var stofnuð árið 1989 að karlmaður er valinn formaður nefndarinnar.

2. Almennt um Evrópuráðið og Evrópuráðsþingið.

Hlutverk Evrópuráðsins er að standa vörð um grundvallarhugsjónir aðildarríkjanna um mannréttindi, lýðræði og réttarríkið, auk þess að stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum. Til þess beitir ráðið sér fyrir gerð og samþykkt bindandi fjölþjóðasáttmála. Ályktanir og fjölþjóðasáttmálar Evrópuráðsins hafa haft víðtæk áhrif í álfunni allri. Fjölmargir sáttmálar ráðsins á ýmsum sviðum þjóðlífsins eru mikilvægar mælistikur fyrir þjóðir sem eru að koma á lýðræði og réttarríki, en mælistikur Evrópuráðsins gilda einnig fyrir aðrar fjölþjóðastofnanir og alþjóðleg samtök. Þar ber hæst mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og félagsmálasáttmála Evrópu.

Frá lokum kalda stríðsins hefur Evrópuráðið m.a. gegnt því veigamikla hlutverki að styðja við lýðræðisþróun í nýfrjálsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, m.a. með tæknilegri aðstoð á sviði laga og stjórnsýsluuppbyggingar auk kosningaeftirlits. Aðildarríkjum ráðsins hefur fjölgað ört síðan Berlínarmúrinn féll og eru þau nú 47 talsins. Svartfjallaland er nýjasta aðildarríkið en það sleit ríkjasambandi við Serbíu eftir þjóðaratkvæðagreiðslu í maí 2006 og varð aðili að Evrópuráðinu í maí 2007. Þar með mynda ríki Evrópuráðsins eina órofa pólitíska heild í álfunni, að Hvíta-Rússlandi undanskildu.

Evrópuráðsþingið er vettvangur fulltrúa þjóðþinga 47 aðildarríkja Evrópuráðsins. Á þinginu sitja 318 fulltrúar og jafnmargir til vara. Ólíkt ráðherranefndinni þar sem hvert ríki hefur eitt atkvæði fer fjöldi fulltrúa á þinginu eftir stærð þjóðar. Þingið starfar í tíu málefnanefndum og 24 undirnefndum þeirra en einnig starfa í þinginu fimm flokkahópar. Þá sitja forseti, 20 varaforsetar, formenn málefnanefnda og formenn flokkahópa í framkvæmdastjórn þingsins, sem hefur umsjón með innri málefnum þess, og sami hópur skipar stjórnarnefnd þingsins ásamt formönnum landsdeilda. Þingið kemur saman ársfjórðungslega, eina viku í senn, að jafnaði í lok janúar, apríl, júní og september. Stjórnarnefnd kemur saman til fundar á sama tíma og þing eru haldin og á milli þingfunda. Loks kemur sameiginleg nefnd þingsins með ráðherranefnd Evrópuráðsins saman í hvert sinn sem Evrópuráðsþingið kemur saman.

Evrópuráðsþingið er nokkurs konar hugmyndabanki Evrópuráðsins um stjórnmál, efnahagsmál, félagsmál, mannréttindamál, umhverfis- og orkumál og menningar- og menntamál.

Mikilvægi þingsins felst einkum í því að:

– eiga frumkvæði að aðgerðum og beina tillögum til ráðherranefndarinnar,
– hafa eftirlit með efndum fjölþjóðlegra skuldbindinga og þrýsta á um skjótar aðgerðir í þeim tilvikum sem misbrestur er þar á og
– vera vettvangur fyrir skoðanaskipti og samráð þingmanna aðildarríkjanna og styrkja þannig lýðræðismenningu og efla tengsl þjóðþinga.

Á þingfundum Evrópuráðsþingsins eru skýrslur málefnanefnda ræddar og ályktað á grundvelli þeirra. Ályktunum, tilmælum eða álitum er því næst vísað til ráðherranefndarinnar sem fjallar um þau og bregst við eftir atvikum með beinum aðgerðum eða lagasetningu í þjóðþingum. Evrópuráðsþingið á þannig oft frumkvæði að samningu fjölþjóðlegra sáttmála sem eru lagalega bindandi fyrir aðildarríkin.

Evrópuráðsþingið er eina samevrópska fjölþjóðastofnunin þar sem þingmenn Vestur-, Mið- og Austur-Evrópu starfa saman á jafnréttisgrundvelli. Ólíkt Evrópuþinginu eru fulltrúar á Evrópuráðsþinginu þjóðkjörnir þingmenn og hafa störf þingsins því beina skírskotun til starfa þjóðþinganna sjálfra. Þingfundir Evrópuráðsþingsins, þar sem menn starfa saman á jafnræðisgrundvelli og bera saman bækur sínar og skiptast á hugmyndum, eru því afar mikilvægt framlag til löggjafarstarfs þingmanna heima fyrir. Hefur þetta farsæla samstarf hraðað mjög og stutt við þá öru lýðræðisþróun sem átt hefur sér stað í Mið- og Austur-Evrópu á undangengnum árum. Þá hefur reynslan sýnt að þjóðir sem hafa skýr markmið í störfum sínum innan þingsins og kappkosta að ná þeim geta haft áhrif langt umfram stærð og pólitískt bolmagn. Sú staðreynd varpar skýru ljósi á mikilvægi og ekki síður möguleika Evrópuráðsþingsins fyrir íslenska hagsmuni.

3. Skipan Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins.

Í upphafi árs 2008 voru aðalmenn Íslandsdeildar Guðfinna S. Bjarnadóttir formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ellert B. Schram varaformaður, þingflokki Samfylkingar, og Steingrímur J. Sigfússon, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Varamenn voru Birgir Ármannsson, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Árni Páll Árnason, þingflokki Samfylkingar, og Kristinn H. Gunnarsson, þingflokki Frjálslynda flokksins. Magnea Marinósdóttir var ritari Íslandsdeildar.

Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir Evrópuráðsþingsins í lok árs 2008 var sem hér segir:

Sameiginleg nefnd með ráðherranefnd:	Guðfinna S. Bjarnadóttir
Stjórnarnefnd:	Guðfinna S. Bjarnadóttir
Stjórnmálanefnd:	Guðfinna S. Bjarnadóttir
Laga- og mannréttindanefnd:	Ellert B. Schram
Jafnréttisnefnd:	Steingrímur J. Sigfússon
Efnahags- og þróunarmálanefnd:	Steingrímur J. Sigfússon
Umhverfis- og landbúnaðarnefnd:	Guðfinna S. Bjarnadóttir
Þingskapanefnd:	Ellert B. Schram
Menningar-, mennta- og vísindanefnd:	Guðfinna S. Bjarnadóttir
Félags- og heilbrigðismálanefnd:	Ellert B. Schram
Nefnd um fólksflutninga og málefni flóttamanna:	Steingrímur J. Sigfússon

4. Starfsemi Íslandsdeildar 2008.

Íslandsdeild hélt sjö fundi á árinu. Auk þess fundaði Guðfinna S. Bjarnadóttir, formaður Íslandsdeildar, með Margit F. Tveiten, sendiherra Noregs á Íslandi, í lok nóvember. Tilefni fundarins var framboð Thorbjørns Jaglands, fyrrum forsætis- og utanríkisráðherra Noregs og núverandi forseta norska Stórþingsins, til embættis framkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Kosning framkvæmdastjóra fer að öllum líkindum fram á fundi Evrópuráðsþingsins í júní

2009. Norska utanríkisráðuneytið vinnur að framboði hans og hefur m.a. leitað eftir yfirlýstum stuðningi allra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna.

Hvað viðvíkur trúnaðarstörfum fyrir Evrópuráðsþingsins þá var Steingrímur J. Sigfússon valinn formaður jafnréttisnefndar í janúar og skýrsluhöfundur um aukinn hlut karlmanna í að ná jafnrétti kynjanna. Lokaafgreiðsla skýrslunnar fór fram á stjórnarnefndarfundi 28. nóvember í Madríd en fyrir utan sérfræðinga jafnréttisnefndar Evrópuráðsþingsins veitti Ingólfur Gíslason, lektor í félagsfræði á sviði karlafræði við Háskóla Íslands, umsögn um skýrsluna. Guðfinna S. Bjarnadóttir var valin sem skýrsluhöfundur um nýtingu jarðvarma af umhverfisnefnd Evrópuráðsþingsins.

Að lokum átti Steingrímur frumkvæði að því að fram fór utandagskrárumræða að beiðni Íslandsdeildar á stjórnarfundi Evrópuráðsþingsins 28. nóvember um beitingu breskra stjórnvalda á hryðjuverkalöggjöf sinni gagnvart útibúi Landsbankans í Bretlandi. Steingrímur flutti ræðu og tók þátt í umræðum um málið fyrir hönd Íslandsdeildar. Í kjölfar utandagskrárumræðunnar fór Íslandsdeildin þess á leit við framkvæmdastjórn Evrópuráðsþingsins að málinu yrði vísað áfram til skýrslugerðar í laga- og mannréttindanefnd þar sem kannað yrði að hversu miklu leyti löggjöf sem nær til hryðjuverka er skilmerkilega aðgreind frá löggjöf sem nær til viðbragða við annars konar ógn eins og hættu á efnahags- eða fjármálakreppu.

Til viðbótar sendi Íslandsdeildin svör við spurningalista sem var liður í eftirfylgni við ályktun Evrópuráðsþingsins nr. 1582 (2007) um samvinnu þjóðþinga í því að stemma stigu við ofbeldi gegn konum. Svör voru send til skrifstofu jafnréttisnefndar Evrópuráðsþingsins og birt ásamt svörum frá öðrum landsdeildum á fundi þingsins í apríl. Að lokum má geta þess að Íslandsdeildin vakti athygli á starfsemi sinni og Evrópuráðsþingsins í íslenskum fjölmiðlum með viðtölum og greinaskrifum.

5. Fundir Evrópuráðsþingsins 2008.

Þingfundir Evrópuráðsþingsins fara fram í Evrópuhöllinni í Strassborg og eru þeir haldnir fjórum sinnum á ári, að jafnaði í lok janúar, apríl, júní og september. Auk þess kemur framkvæmdastjórn og stjórnarnefnd Evrópuþingsins saman til funda á milli þinga og afgreiðir mál sem æðsta vald Evrópuráðsþingsins.

Fyrsti fundur Evrópuráðsþingsins 21.–25. janúar 2008.

Dagana 21.–25. janúar var fyrsti þingfundur Evrópuráðsþingsins árið 2008 haldinn. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar Guðfinna S. Bjarnadóttir formaður, Ellert B. Schram varaformaður og Steingrímur J. Sigfússon, auk Magneu Marinósdóttur ritara.

Í upphafi þings tók spænski þingmaðurinn og formaður flokkahóps jafnaðarmanna, Lluís Maria de Puig, við embætti forseta Evrópuráðsþingsins af René van der Linden. Samhliða forsetakjörinu fór einnig fram val á formönnum í málefnanefndir þingsins. Flokkahópur vinstrimanna fékk formennsku í jafnréttisnefnd. Steingrímur J. Sigfússon var valinn til að sinna formennsku fyrir hönd flokkahópsins. Er það í fyrsta sinn síðan jafnréttisnefnd var stofnuð árið 1989 að karlmaður gegnir formennsku.

Framtíðarstaða Kósóvó-héraðs í Serbíu var hitamál fundarins en 10. desember rann út frestur sérlegs samningamanns Sameinuðu þjóðanna og fyrrum forseta Finnlands, Martti Ahtisaari, til að miðla málum í deilum serbneskra stjórnvalda og leiðtoga Kósóvó-Albana en héraðið hefur verið undir stjórn Sameinuðu þjóðanna síðan 1999. Skýrsluhöfundur stjórnmálanefndar, breski þingmaðurinn og lávarðurinn Russel-Johnston, kynnti tvær ályktunartillögur. Í þeirri fyrri beindi Evrópuráðsþingið þeim tilmælum til öryggisráðs Sameinuðu

þjóðanna að fundin yrði lausn á deilunni sem serbnesk stjórnvöld og leiðtogar Kósóvó-Albana yrðu að sætta sig við. Serbneska landsdeildin gagnrýndi það að ályktunartillagan gerði í raun ráð fyrir því að allir möguleikar til samningaviðræðna og málamiðlana væru ekki lengur fyrir hendi. Það væri ekki rétt skilið og að frumkvæði serbnesku landsdeildarinnar var tillagan felld í atkvæðagreiðslu og breytingartillaga hennar samþykkt í staðinn, þar sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna er hvatt til að gera allt sem í þess valdi stendur til að vinna áfram að málamiðlunarlausn. Í seinni tillögu skýrsluhöfundar voru aðildarríki Evrópusambandsins hvött til að móta sér sameiginlega stefnu um framtíðarstöðu Kósóvó-héraðs, þar með talið einhliða yfirlýsingar um sjálfstæði héraðsins. Formaður serbnesku landsdeildarinnar andmælti tillögunni. Hann benti á að stuðningur við einhliða yfirlýsingu um sjálfstæði bryti í bága við alþjóðalög og grundvallargildi Evrópuráðsins um að leysa deilur í krafti samningaviðræðna og málamiðlana. Ályktun Evrópuráðsþingsins gengi í berhögg við 1. gr. C í stofnsáttmála Evrópuráðsins þar sem segir: „Þátttaka í Evrópuráðinu skal á engan hátt hafa áhrif á samvinnu þátttökuríkja þess innan Sameinuðu þjóðanna eða annarra alþjóðastofnana eða bandalaga, sem þeir eru aðilar að.“ Allt kom fyrir ekki og var tillagan samþykkt með ¾ hlutum atkvæða.

Sama dag voru ályktunartillögur um áhrif loftslagsbreytinga og umhverfisvernd á norðurslóðum teknar til umræðu. Íslandsdeildin hafði lagt fram sjö breytingartillögur við ályktunardrög um umhverfisvernd á norðurslóðum og fengið til þess stuðning frá norsku landsdeildinni. Markmið breytingartillagnanna var í fyrsta lagi að láta ályktunina taka í meira mæli til réttinda og hagsmuna íbúa á norðurslóðum, eða hinnar mannlegu víddar. Í öðru lagi að vísa í mikilvægi alþjóðlegs samstarfs á vettvangi Sameinuðu þjóðanna til viðbótar við tvíhliða samvinnu milli landa og fjölþjóðlegrar innan ramma Norðurskautsráðsins. Allar breytingartillögur Íslandsdeildarinnar voru samþykktar einróma í umhverfisnefnd og á þinginu.

Guðfinna S. Bjarnadóttir og Steingrímur J. Sigfússon tóku bæði þátt í sameiginlegri umræðu um ályktanirnar. Guðfinna lagði áherslu á mikilvægi rannsóknar- og tækniþróunar sem leið til að draga úr mengun og losun koltvísýrings út í andrúmsloftið. Í því sambandi vísaði hún til reynslu Íslendinga, einkum á sviði jarðvarmanýtingar, og benti á að jarðvarmi væri vannýtt auðlind víðs vegar um heiminn. Steingrímur tók til máls sem talsmaður flokkahóps vinstrimanna. Í ræðu sinni vék hann að þeirri siðferðilegu skyldu sem iðnríkin hefðu þegar kæmi að aðgerðum til að stemma stigu við og takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga sem kæmu ekki síst fram á norðurskautinu. Hann lagði áherslu á að tækifæri á sviði auðlindanýtingar og siglingaleiða í kjölfar hlýnunar yrðu ekki nýtt á kostnað frumbyggja og umhverfis- og náttúruverndar og undirstrikaði að lokum mikilvægi fjölþjóðlegrar samvinnu um verndun norðurskautsins.

Þingmaðurinn og fyrrum ríkissaksóknari í Sviss, Dick Marty, lagði fram þriðju skýrslu sína frá því að rannsókn Evrópuráðsþingsins hófst árið 2005 á aðgerðum í baráttunni gegn hryðjuverkum sem kunna að brjóta í bága við grundvallarmannréttindi og meginreglur réttarríkisins. Í skýrslunni er fjallað um svarta lista öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna (SÞ) og Evrópusambandsins (ESB) sem heimila refsiaðgerðir eins og frystingu bankainnstæðna og ferðabönn á einstaklinga og hópa sem taldir eru vera í vitorði með Osama bin Laden, hryðjuverkasamtökunum Al-Kaída og/eða talibönum. Í ályktun sem var samþykkt á þinginu voru gerðar alvarlegar athugasemdir við gerð listanna. Kjarninn í gagnrýninni snýr að veikri réttarstöðu þeirra sem taldir eru vera viðriðnir hryðjuverk í samanburði við réttarstöðu sakborninga almennt. Skýrsluhöfundur tók sem dæmi að engar vitnaleiðslur færu fram í máli meintra vitorðsmanna. Tilgreind ástæða væri að vitnaleiðslur mundu kalla á að ríkisleyndar-

mál yrðu upplýst. Annað sem þykir gagnrýnisvert er að einstaklingar á listunum hafa ekki getað komið athugasemdum um veru sína á listanum áleiðis til SÞ eða ESB nema með milligöngu síns heimaríkis. Heimaríkið er hins vegar vanalega sá aðili sem kemur því upphaflega til leiðar að viðkomandi einstaklingur er settur á svartan lista og situr því beggja vegna borðsins. Einstaklingar á listanum hafa heldur ekki getað áfrýjað til dómstóla þar sem vera þeirra á listunum er ekki tilkomin vegna dómsúrskurðar. Til að nafn einstaklings sé tekið af listanum þarf því að berast beiðni frá heimaríki viðkomandi um endurskoðun og síðan samþykki viðkomandi heimaríkis og einróma samþykki refsinefndar (e. sanctions committee) SÞ eða ESB. Reynslan hefur sýnt að ríki hafa ekki farið fram á endurskoðun og eðli málsins samkvæmt allra síst í þeim tilvikum þar sem um er að ræða ríkisborgara þar sem takmörkuð virðing er borin fyrir mannréttindum og meginreglum réttarríkisins. Til viðbótar hafa hingað til ekki verið nein formleg tímamörk á því hversu lengi einstaklingar hafa verið á svörtum lista án endurskoðunar. Bág réttarstaða einstaklinga á listanum hefur verið staðfest í tilvikum þar sem ákæru ríkissaksóknara hefur verið beitt sem nokkurs konar réttarfarsúrræði. Nöfn meintra vitorðsmanna hafa hins vegar haldið áfram að vera á svörtum lista þrátt fyrir að ákæru ríkissaksóknara á hendur þeim hafi verið vísað frá eftir áralanga lögreglurannsókn vegna skorts á sönnunum. Sá möguleiki að nöfn saklausra einstaklinga séu á listanum hefur verið réttlættur í nafni þjóðaröryggis sem fórnarkostnaður í baráttunni gegn hryðjuverkum. Í ályktun Evrópuráðsþingsins er skorað á stjórnvöld að leiðrétta réttindaleysi viðkomandi einstaklinga til samræmis við alþjóðlegar skuldbindingar á sviði mannréttinda og réttarfars.

Í umræðu um nauðsyn þess að vernda íþróttir gegn spillingu, mismunun og skipulagðri glæpastarfsemi eins og peningaþvætti og mansali tók Ellert B. Schram til máls sem talsmaður flokkahóps jafnaðarmanna. Í ræðu hans kom m.a. fram mikilvægi knattspyrnuíþróttarinnar í því að skapa mönnum jöfn tækifæri óháð félagslegri stöðu, kyni, kynþætti, trúarbrögðum og öðrum þáttum sem aðgreina fólk. Í knattspyrnunni kæmu ólíkir einstaklingar saman á grundvelli þess sem þeir ættu sameiginlegt. Þar með væri knattspyrna mikilvægur vettvangur til þess að skapa samfélagslega samkennd og stuðla að umburðarlyndi og mikilvægt að svo yrði áfram.

Sameiginleg umræða fór fram um þrjár skýrslur sem allar lúta að tengslum Evrópuráðsins við lönd utan Evrópu til samræmis við áherslu stofnunarinnar í þá veru. Til umræðu að þessu sinni voru í fyrsta lagi tengsl við Maghreb-löndin svonefndu í Norður-Afríku, sem eiga landamæri að Evrópu við Miðjarðarhaf, þ.e. Marokkó, Alsír og Túnis, en vöxtur öfgafullra íslamstrúarhópa þar og tengsl þeirra við hryðjuverkastarfsemi þykir áhyggjuefni. Í öðru lagi við Mið-Asíuríkin fimm, þ.e. Kasakstan, Túrkmenistan, Úsbekistan, Kirgisistan og Tadsjikistan, þar sem sjónum er beint að aukinni samvinnu á sviði lýðræðis, mannréttinda og réttarfars. Í þriðja lagi tengsl við áheyrnarríki Evrópuráðsins, sem eru Bandaríkin, Ísrael, Japan, Kanada, Mexíkó og Vatíkanið. Umræðan snerist um aðild þeirra sem er með þrenns konar mismunandi hætti, en þörf þykir á því að samræma aðildina og kveða skýrar á um stöðu þeirra, réttindi og skyldur.

Eftirfarandi tignargestir ávörpuðu þingið: Robert Fico, forsætisráðherra Slóvakíu, Ján Kubišm, utanríkisráðherra Slóvakíu og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, Frans Timmermans, ráðherra Evrópumála í Hollandi, Ferenc Gyurc Sány, forsætisráðherra Ungverjalands, Terry Davis, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Bamir Topi, forseti Albaníu, Abdelaziz Ziari, forseti þjóðþings Alsír, Michel Platini, forseti knattspyrnusambands Evrópu (UEFA), og Mikheil Saakashvili, forseti Georgíu, sem nýverið hafði verið endurkjörinn. Í ávarpi hans í tengslum við skýrslu eftirlitsnefndar Evrópuráðsþingsins um Georgíu kom m.a.

fram að Georgía ætti enn nokkuð langt í land eins og skýrslan staðfesti og leita þyrfti lausna á þeim „frosnu átökum“ sem eru í landinu. Vísaði hann þar með til tveggja aðskilnaðarhéraða í landinu, þ.e. Suður-Ossetíu og Abkhazíu, sem njóta stuðnings Rússa. Forsetinn, sem við annað tækifæri kynnti friðaráætlun sína fyrir Evrópuráðsþinginu, sagði í ávarpi sínu að hann teldi það ekki leysa neinn vanda að þjóðernishópar innan ríkisins segðu sig frá ríkinu heldur væri sjálfbær lausn fólgin í því að finna leiðir til að allir hópar gætu búið saman í sátt og samlyndi innan landamæra Georgíu.

Annar fundur Evrópuráðsþingsins 14.–18. apríl.

Dagana 14.–18. apríl fór vorfundur Evrópuráðsþingsins fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar þau Ellert B. Schram varaformaður, Steingrímur J. Sigfússon og Birgir Ármannsson, auk Magneu Marinósdóttur ritara. Helstu mál á dagskrá voru kosningaeftirlit, fóstureyðingar, staða Kína og baráttan fyrir mannréttindum.

Alls voru fimm kosningaeftirlitsskýrslur til umræðu í þinginu, þ.e. um forsetakosningar í Armeníu, Rússlandi, Serbíu og Svartfjallalandi og þingkosningar í Mónakó. Jafnframt var samþykkt að taka til sérstakrar umræðu stöðu lýðræðis í Armeníu í ljósi atburðanna sem áttu sér stað eftir að tilkynnt var um að forsætisráðherra Armeníu hefði unnið þar yfirburðasigur. Í kjölfarið var efnt til mótmæla vegna meintra kosningasvika þar sem um tíu manns létu lífið auk þess sem tugir manna voru fluttir særðir á sjúkrahús og lýst var yfir neyðarástandi. Skýrsla og tilmæli Evrópuráðsþingsins, auk umræðunnar sem átti sér stað, var til vitnis um getu þingsins til að bregðast skjótt við nokkurs konar lýðræðislegu neyðarástandi. Í umræðunum kom fram að sameiginleg yfirlýsing erlendra kosningaeftirlitsmanna þar sem því var lýst að kosningarnar hefðu „í meginatriðum“ samræmst alþjóðlegum reglum þrátt fyrir annmarka hefði hugsanlega skapað reiði í röðum mótmælenda. Í umræðunni á þinginu var talað um að gæta yrði að því að kosningar hlytu ekki jákvæða umsögn út á það eitt að vera betri en þær síðustu.

Í framhaldinu fór fram umræða um mikilvægi þess að laga annmarka núverandi kosningaeftirlitskerfis. Tryggja þyrfti að allir eftirlitsaðilar fylgdu sömu viðmiðum. Það mundi auðvelda raunhæfan samanburð á milli kosninga bæði innan sama ríkis og milli landa. Sameiginlegar viðmiðanir mundu jafnframt draga úr ágreiningi þegar kæmi að því að gefa kosningum „lokaeinkunn“. Í umræðunni var einnig bent á að annar annmarki kosningaeftirlits væri að einstakir þættir væru ekki vegnir innbyrðis, sem gerði það að verkum að erfitt væri að skera úr um t.d. hvort sá þáttur að allir kjósendur geti greitt atkvæði á kjördag án vandkvæða hafi meira eða minna vægi í samanburði við að kjósandi hafi raunverulega valkosti. Eins og staðan væri núna væri algengt að menn yrðu að semja um lokaniðurstöðu vegna ólíkra viðmiðana og skoðana. Að lokum var talað um mikilvægi þess að fjölþjóðastofnanir settu sér sameiginlegar viðmiðanir um hvenær þær tækju þátt í kosningaeftirliti og hvenær ekki. Forsetakosningarnar í Rússlandi voru teknar sem dæmi en þá tóku sumar stofnanir þátt í kosningaeftirliti á meðan aðrar sátu heima.

Mesta hitamál þingsins var ályktun jafnréttisnefndar um aðgang að öruggum og löglegum fóstureyðingum. Andstæðingar ályktunarinnar litu á hana sem yfirlýsingu um að öll aðildarríkin ættu að lögfesta rétt til fóstureyðinga en í sumum þeirra eru fóstureyðingar alfarið bannaðar eða því sem næst. Steingrímur J. Sigfússon, formaður jafnréttisnefndar, sagði að ályktunin væri ekki sett fram til að ýta undir fóstureyðingar eins og andstæðingar hennar héldu fram. Grundvallarforsenda ályktunarinnar væri réttur kvenna til lífs. Fóstureyðingar væru úrræði sem meiri hluti kvenna gripi til í neyð óháð því hvort þær væru löglegar eða

ólöglegar. Markmið ályktunarinnar væri í ljósi þeirrar staðreyndar að þrýsta á ríkisvaldið að það tryggði konum öruggan og löglegan aðgang að fóstureyðingum og varna því þar með að konur legðu líf sitt í hættu við að fara í fóstureyðingu og gerðust jafnframt brotlegar við lög. Þegar til lokaafgreiðslu kom lágu fyrir rúmlega 70 breytingartillögur og tæplega 50 manns voru á mælendaskrá. Að lokum var ályktunin samþykkt af um 70% þeirra þingmanna sem þátt tóku í atkvæðagreiðslu.

Í umræðu um íslam og öfgahyggju, sem margir hafa vaxandi áhyggjur af, kom fram að mikilvægt væri að gera greinarmun á íslam sem trú annars vegar og pólitískri hugmyndafræði sem lýtur að sambandi ríkis og trúar og öfgahyggju hins vegar. Aðskilnaður ríkis og kirkju í löndum Evrópu gerði það að verkum að svigrúm væri fyrir fleiri en ein trúarbrögð innan sama ríkis. Það væri öfugt á við það sem gilti í mörgum þeirra landa sem aðfluttir múslimar kæmu frá. Vandamálið í löndum Evrópu væri því ekki íslam sem trú heldur „innflutningur“ á þeirri hugmynd að ríki og trú séu ekki aðskilin. Afleiðingarnar væru í sumum tilvikum þær að samfélög múslima í Evrópu segðu sig í reynd úr lögum við það ríki sem þau eru hluti af, eða a.m.k. í þeim tilvikum sem lög íslam (sharia) ganga í berhögg við landslög eða grundvallarmannréttindi. Öfgahyggju sé að finna innan annarra trúarbragða en íslam en meiri hætta sé á því að öfgar þrífist í einöngruðum samfélögum múslima á Vesturlöndum vegna fyrrnefndrar togstreitu. Það kalli aftur á móti á aðgerðir til að stemma stigu við átökum sem af þeirri togstreitu getur stafað.

Í utandagskrárumræðu um afleiðingar sjálfstæðisyfirlýsingar Kósóvó kom fram að um fimmtungur aðildarlanda Sameinuðu þjóðanna væru búin að lýsa yfir stuðningi við eða viðurkenna sjálfstæði Kósóvó. Jafnframt væri ljóst að a.m.k. sjö ríki mundu aldrei viðurkenna sjálfstæði Kósóvó. Önnur ríki biðu átekta í ljósi fordæmisgildisins sem viðurkenning gæti haft, bæði almennt og með tilliti til eigin þjóðarhagsmuna. Sem dæmi um þá flóknu stöðu sem upp væri komin var tekið dæmi af stöðu flóttamanna, Kósóvó-Albana, sem óska eftir því að snúa aftur til síns heima. Evrópusambandið sendi umsóknir flóttafólksins áfram til stjórnvalda í Serbíu sem enn er heimaríki þeirra samkvæmt alþjóðlegum viðtökusamningum. Í ljósi þessa vakna upp ýmsar spurningar um framtíðarstöðu Kósóvó, ekki síst hvort Kósóvó verði hálfgildingsríki um alla tíð ef héraðið fær ekki algilda viðurkenningu á sjálfstæði sínu.

Auk umræðna á þinginu héldu tvær fastanefndir opna fundi meðan á þinghaldi stóð, stjórnmálanefnd og laga- og mannréttindanefnd. Stjórnmálanefnd hélt fund um stöðu mannréttindamála í Kína. Á fundinum var m.a. Yang Jianli frá Kína, stofnandi og forseti mannréttindasamtakanna Initiatives for China. Hann býr í Bandaríkjunum en losnaði skömmu fyrir fundinn úr fimm ára fangelsisvist í Kína eftir að hafa tekið þátt í baráttu fyrir stofnun verkalýðsfélags í norðurhluta landsins árið 2003. Auk hans voru fulltrúi Dalai Lama, leiðtoga útlagastjórnar Tíbeta, og fulltrúi Amnesty International meðal frummælenda á fundinum. Jianli og fulltrúi Amnesty International voru þeirrar skoðunar að ástand mannréttindamála hefði ekki batnað í aðdraganda Ólympíuleikanna. Aðferðafræði stjórnvalda væri hins vegar breytt í þá veru að í stað þess að beina spjótum sínum beint að málsvörum mannréttinda væri aðgerðum beint gegn fjölskyldum þeirra. Frummælendur voru þeirrar skoðunar að ekki ætti að sniðganga Ólympíuleikana heldur þvert á móti nota tækifærið og beita kínversk stjórnvöld þrýstingi með því að ljá máls á mannréttindamálum við kínversk stjórnvöld hvenær sem tækifæri gæfist til. Ástæðan væri sú að kínversk stjórnvöld væru móttækileg fyrir þrýstingi þar sem þeim væri annt um opinbera ímynd sína. Það að breyta stefnu stjórnvalda í mannréttindamálum væri hins vegar langtímaverkefni. Því væri mikilvægt að stjórnmálamenn og viðskiptamenn héldu áfram að beita þrýstingi eftir leikana í opinberum heimsóknum og við gerð

viðskiptasamninga, þar sem dropinn holar steininn. Fulltrúi Dalai Lama tók í sama streng. Hann sagði að Tíbetar hefðu ekkert á móti Kínverjum, eingöngu stefnu kínverskra stjórnvalda, kúgun og yfirgangi. Ólympíuleikarnir opnuðu á möguleika til að þrýsta á kínversk stjórnvöld, ekki síst hvað varðar málefni Tíbeta sem fara fram á menningarlegt og stjórnmálalegt sjálfsforræði en ekki sjálfstæði.

Laga- og mannréttindanefnd hélt fund um stöðu þeirra sem taka að sér að vera baráttumenn í þágu mannréttinda í heimalöndum sínum. Umræða um stöðuna í Rússlandi var fyrirferðarmikil á fundinum en ástand mannréttindamála þykir hafa farið versnandi undanfarin ár að mati þeirra sem tóku til máls. Fulltrúi samtakanna Memorial sagði að stefna Vladimir Pútíns, fyrrum Rússlandsforseta, hefði verið sú að kæfa mannréttindasamtök í skrifræði leyfisveitinga, eftirlits í formi skyndiskoðana og málsókna fyrir minnstu sakir. Annar frummælandi á fundinum var frá Center of International Protection sem eru mannréttindasamtök lögfræðinga. Undanfarin 15 ár hafa samtökin veitt einstaklingum aðstoð við að undirbúa málsóknir fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Kom fram að samtökin hefðu starfað nokkurn veginn óáreitt þangað til fyrir nokkrum árum þegar þau fóru að vinna mál gegn rússneska ríkinu. Í kjölfarið hafi samtökin verið kærð fyrir skattsvik auk þess sem nýverið hefði verið brotist inn í skrifstofu þeirra og hún lögð í rúst, að öllum líkindum að undirlagi stjórnvalda. Stefnu stjórnvalda var lýst í anda herkænsku Sun-Tzu þess efnis að drepa einn og hræða þar með þúsundir. Ástand mannréttindamála væri grafalvarlegt og mikið varnarleysi einkenndi stöðu þeirra sem ynnu í þágu mannréttinda.

Eftirfarandi tignargestir ávörpuðu þingið: Ivan Gašparovi forseti og Ján Kubiš utanríkisráðherra Slóvakíu. Angela Merkel, kanslari Þýskalands, talaði af eigin reynslu um misrétti og mannréttindi, en hún var ríkisborgari Austur-Þýskalands fyrstu 35 ár ævi sinnar. Í máli hennar kom fram mikill stuðningur og skilningur á hlutverki Evrópuráðsins, þingsins og dómstólsins. Mannréttindi væru algild en ekki afstæð. Hún lagði m.a. áherslu á mikilvægi þess að öll opinber stefnumótun taki mið af grundvallarmannréttindum. Hún sagði að afstaða Rússlands til viðauka 14 við mannréttindasáttmála Evrópu, sem miðar að því að gera nauðsynlegar endurbætur á dómstólnum, væri í raun aðför að þeim grundvallargildum sem Evrópa stæði sameinuðu um. Þakkaði hún þeim rússnesku þingmönnum sem hafa unnið að því að fá viðauka 14 samþykktan en sjálf hefur hún í viðræðum sínum við þáverandi forseta landsins, Vladimir Pútín, og þingmenn gert hið sama. Að lokum sagði hún að ósk sína vera þá að ESB gerðist aðili að mannréttindasáttmála Evrópu, en bæði ályktun og tilmæli þess efnis var samþykkt á Evrópuráðsþinginu.

Bernard Kouchner, utanríkisráðherra Frakklands, vék einnig að mikilvægu hlutverki Evrópuráðsins, þingsins og dómstólsins. Hann sagði að dómstóllinn væri fórnarlamb eigin velgengni og hvatti að lokum Rússa til að fullgilda viðauka 14 og ESB til að gerast aðili að Mannréttindasáttmála Evrópu. Júlía Tímósjenkó, forsætisráðherra Úkraínu, vék einkum í ræðu sinni að erfiðleikum heima við að gera hugsjónir appelsínugulu byltingarinnar að veruleika. Það tæki tíma að reisa traustar stoðir lýðræðislegra stofnana, eins og dómskerfisins, enda viðnámið mikið vegna rótgróinnar spillingar sem erfitt væri að uppræta. Þakkaði hún stuðning Evrópuráðsþingsins í því að veita landinu aðhald og ráðleggingar í þessum efnum. Hún sagði að lokum að Úkraína stefndi að því að verða traust og áreiðanlegt samstarfsríki innan Evrópu og bætti því við að hún vildi tryggja hagsmuni landsins og öryggi með því að tilheyra sameiginlegu efnahags- og öryggissamfélagi Evrópu en sagði jafnframt að endanleg ákvörðun um aðild að NATO væri þjóðarinnar að taka en ekki stjórnvalda.

Stjórnarnefndarfundur 29. maí.

Stjórnarnefndarfundur Evrópuráðsþingsins var haldinn 29. maí í Stokkhólmi. Fundinn sóttu Guðfinna S. Bjarnadóttir formaður og Steingrímur J. Sigfússon, formaður jafnréttisnefndar Evrópuráðsþingsins, auk Magneu Marinósdóttur ritara. Auk þess sótti Steingrímur fund framkvæmdastjórnar.

Stjórnarnefndarfundurinn var settur af Lluís Maria de Puig, forseta Evrópuráðsþingsins. Cecilia Malmström, ráðherra ESB-mála, gerði því næst grein fyrir áherslum Svía sem formennskuríkis Evrópuráðsins. Erkki Tuomioja, forseti Norðurlandaráðs og fyrrum utanríkisráðherra Finnlands, fjallaði m.a. um hvernig Norðurlöndin hefðu verið í fararbroddi við að opna samfélög sín gagnvart umheiminum og koma á sameiginlegum réttindum norrænna ríkisborgara. Hann kom einnig inn á frumkvæði Norðurlandanna að stofnun Norðurskautsráðsins og hinnar norðlægu víddar ESB.

Fyrsta mál á dagskrá að loknum framsögum var umræða um þingkosningarnar í Serbíu, sem haldnar voru 11. maí. Kosningarnar fengu almennt jákvæða umsögn þrátt fyrir athugasemdir við hluti eins og kosningaáróður þar sem hvatt var til að lífláta ákveðna frambjóðendur auk þess sem það var gagnrýnt að úthlutun þingsæta eftir kosningar hefði ekki alltaf verið í samræmi við röðun frambjóðenda á lista.

Fjármál Evrópuráðsins fyrir árið 2009 voru næst til umræðu. Skýrsluhöfundur sagði að undanfarin fjögur ár hefði þingið lagt fram tillögur um gerð fjárlaga til nokkurra ára í senn. Markmiðið væri að skapa meiri samfellu í starfi Evrópuráðsins og auka svigrúm til langtímaskuldbindinga. Undanfarin ár hefur þingið einnig gagnrýnt þá stefnu að auka ekki framlög til Evrópuráðsins milli ára og að framlagið sé óverðtryggt, sem jafngildi niðurskurði. Einnig var gagnrýnt að aukin framlög til Mannréttindadómstóls Evrópu væru á kostnað þingsins. Þingið væri komið að endimörkum hagræðingar og frekari samdráttur mundi koma niður á starfsemi þess. Skýrsluhöfundur sagði að þingið hefði lagt til við ráðherranefndina að staðið yrði sameiginlega að endurskoðun á því hvernig fjármunum til dómstólsins væri varið og fjárþörf hans til framtíðar metin. Hvatti hann að lokum formenn landsdeilda til að vekja athygli á stöðu mála við sína utanríkisráðherra.

Að lokum fór fram umræða og atkvæðagreiðslur um nokkrar skýrslur og ályktanir. Í einni þeirra er hvatt til þess að aflétt verði leynd á skjölum sem hafa að geyma upplýsingar um nákvæma staðsetningu efnavopna sem bandamenn í síðari heimsstyrjöldinni komu fyrir á um 40–50 metra dýpi í Norðursjó og Eystrasalti eftir lok stríðsins. Alls er talið að um sé að ræða 300 þúsund tonn 14 mismunandi efnavopna sem upphaflega átti að urða í Norður-Atlantshafi á 1.000 metra dýpi. Ætlunin var að aflétta leyndinni af skjölunum eftir 50 ár en sá gildistími var framlengdur um 20 ár til viðbótar. Kveður ályktunin á um nauðsyn þess að aflétta leynd skjalanna sem allra fyrst svo hægt sé að fyrirbyggja möguleg mengunar- og umhverfisslys, m.a. vegna lagningar gasleiðslna um Eystrasaltið.

Þriðji fundur Evrópuráðsþingsins 23.–27. júní.

Dagana 23.–27. júní fór sumarfundur Evrópuráðsþingsins fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar þau Guðfinna S. Bjarnadóttir formaður, Ellert B. Schram varaformaður, Steingrímur J. Sigfússon og Kristinn H. Gunnarsson, auk Magneu Marinósdóttur ritara.

Árlegt lýðræðisþema þingsins að þessu sinni var lýðræði, alþjóðlegir fólksflutningar og hvernig auka megi lýðræðislega þátttöku innflytjenda í Evrópu. Auk þess fór fram umræða um jafnrétti kynjanna og hlut kynjajafnréttis á Norðurlöndunum í auknum hagvexti og velferð. Til hliðar við þingið var síðan sérstakur fundur í tilefni af útgáfu bókarinnar „The Most

favoured European Women Clause“ sem Steingrímur J. Sigfússon stýrði sem formaður jafnréttisnefndar. Bókinni var ritstýrt af franska lögfræðingnum og fyrrum þingkonunni Giséle Halmi en í henni er að finna safn laga og lagagreina frá mismunandi Evrópulöndum sem lúta að jafnrétti kynjanna og taldar eru vera til eftirbreytni. Má þar nefna lög um skilnað á Spáni, barneignarleyfi í Svíþjóð og nálgunarbann í Austurríki.

Umræða um stöðu mála í Kína og Tyrklandi var nokkuð fyrirferðarmikil á þinginu. Kína hafði verið í brennidepli fyrir fundinn vegna Ólympíuleikanna og stöðu mannréttindamála. Skorað var á þingmenn og einnig viðskiptalífið að ræða mannréttindamál við kínverska ráðamenn og koma sjónarmiðum Evrópuráðsins á framfæri.

Tilefni umræðunnar um Tyrkland var sú ákvörðun stjórnarskrárdómstóls Tyrklands að taka til dómsmeðferðar ákæru ríkissaksóknara landsins þar sem farið er fram á að stjórnarflokkur landsins, AK-flokkurinn, verði lagður niður á grundvelli þess að hafa brotið ákvæði stjórnarskrár landsins. Ákæra ríkissaksóknara kom í kjölfar þeirrar ákvörðunar stjórnarskrárdómstólsins að fella úr gildi þá ákvörðun tyrkneska þingsins að heimila konum að vera með slæður um hárið í háskólum landsins en stjórnarskráin kveður á um bann við trúarlegum táknum í opinberum byggingum. Bann á flokkinn þýddi að um 70 flokksfélögum, þar á meðal forsætisráðherra og forseta landsins, yrði bannað taka þátt í stjórnmálastarfi næstu fimm árin. AK-flokkurinn, sem kennir sig við íslam, fékk 47% atkvæða í þingkosningunum árið 2007 og er með hreinan meiri hluta á þingi, 340 af 550 þingsætum. Í umræðunni á Evrópuráðsþinginu lýstu menn miklum áhyggjum af stöðu mála með vísan til hugsanlegra afleiðinga fyrir lýðræðislegar endurbætur og stöðugleika. Fyrrum forseti Evrópuráðsþingsins, René van der Linden, var ómyrkur í máli þegar hann hélt því fram að ef AK-flokkurinn yrði bannaður jafngilti það valdaráni. Bann við stjórnmálaflokkum væri brot á ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu. Máli sínu til staðfestingar benti hann á að frá árinu 1961 hefði fjöldi stjórnmálaflokka verið bannaður í Tyrklandi en þeim dómsúrskurðum hefði öllum verið hnekkt af Mannréttindadómstól Evrópu. Í umræðunni kom einnig fram að krafan um aðskilnað ríkis og trúar ætti við um ríkið en ekki stjórnmálaflokka. Stjórnmálaflokkar gætu kennt sig við trúarbrögð en ekki ríkið eða stefnumótun þess. Niðurstaðan var sú að Evrópuráðsþingið hvatti stjórnvöld og dómstóla í Tyrklandi til að virða þrískiptingu valdsins og taka á málum í samræmi við ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu og tilmæli Feneyjanefndar Evrópuráðsins.

Steingrímur J. Sigfússon stýrði umræðu um skýrslu jafnréttisnefndar um hvernig styrkja megi konur í fjölmenningarsamfélögum nútímans. Mikil umræða varð um kynjakvóta sem leið til að jafna valdahlutföllin milli karla og kvenna. Það sjónarmið kom fram að kynjakvótar væru konum til minnkunar og konur ættu að fá að komast áfram á eigin verðleikum án stuðningsaðgerða. Sem mótrök var bent á að karlar hefðu um langa tíð komist áfram á óformlegum kynjakvótum án þess að það hafi verið talið þeim til minnkunar. Í máli Steingríms kom fram að þrátt fyrir ágreining um kynjakvóta hefði skýrsluhöfundur og nefndin verið sammála um að kynjakvótar væru tímabundið neyðarúrræði sem ætti að vera hægt að grípa til þegar þróun í átt að jafnrétti kynjanna gengi hægt.

Í umræðu um mengun í Svartahafi, stærsta innhafi veraldar, kom fram að 21 af 26 fisktegundum í hafinu væri útdauð vegna ofveiði og mengunar. Alls eiga sex ríki strandlínu að Svartahafi auk þess sem þrjár ár renna út í það. Rætt var um mikilvægi þess að koma á svæðisbundinni aðgerðaáætlun um hreinsun og vernd svæðisins með aðstoð Evrópusambandsins. Steingrímur J. Sigfússon tók til máls í umræðunni sem talsmaður flokkahóps vinstrimanna. Í máli sínu lagði hann áherslu á þann mikla ávinning sem fólginn væri í því að

snúa þessari þróun við og vísaði til reynslu Íslendinga í þeim efnum. En til þess að svo gæti orðið væri nauðsynlegt að koma á svæðisbundinni stofnun sem hefði vald- og fjárheimildir á grundvelli lagalega bindandi sáttmála til að hreinsa upp mengun, hafa virkt eftirlit með mengun og ofveiði og grípa til fyrirbyggjandi aðgerða.

Annað sem var rætt á þinginu voru niðurstöður eftirlits með þingkosningum í Georgíu og Makedóníu og staða mála eftir kosningarnar í Armerníu. Umsögn um kosningarnar í Georgíu var frekar jákvæð þar sem litið var til þess að stjórnvöld hefðu fært margt sem gagnrýnt hafði verið í forsetakosningunum 5. janúar til betri vegar þrátt fyrir að enn væri svigrúm til endurbóta. Hvað varðar Makedóníu fengu kosningarnar falleinkunn þar sem þær þóttu hvorki hafa uppfyllt skilyrði Evrópuráðsins né Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu. Í kosningunum gætti mikillar spennu í albanska hluta landsins sem braust út í ógnunum og ofbeldi á sumum stöðum sem varð til þess að endurtaka varð 1. júní kosningar að hluta tveimur vikum síðar, eða 15. júní. Í umræðunni um Armeníu var fyrst og fremst litið til þess hvort stjórnvöld hefðu farið að tilmælum Evrópuráðsþingsins í kjölfar óeirðanna sem urðu eftir að úrslit forsetakosninganna þar í landi voru tilkynnt í vor. Niðurstaða hópsins sem hafði umsjón með að fylgja málum eftir var að mörg tilmælanna væru ekki komin til framkvæmda, enda þyrfti í mörgum tilvikum meira en tvo mánuði til að koma þeim í framkvæmd, eins og í tilviki lagabreytingar. Það var þó tvennt sem þótti óviðunandi. Í fyrsta lagi rannsókn á aðdraganda atburðanna 1. mars og í öðru lagi aðgangur að upplýsingum um þá sem voru fangelsaðir þennan dag og ákærðir.

Að lokum má geta þess að Ellert B. Schram tók þátt í heimsókn laga- og mannréttindanefndar til Mannréttindadómstóls Evrópu. Þar var þingmönnum gerð grein fyrir skipulagi dómstólsins, stöðu mála og framtíðarsýn.

Eftirfarandi tignargestir ávörpuðu þingið: Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, formennskuríkis Evrópuráðsins; Jean Lemierre, forseti Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu; Jan Niessen, formaður Migration Policy Group; Miklos Marschall, svæðisstjóri Evrópu og Mið-Asíudeildar Tansparency Internatinonal; Boris Tadic, forseti Serbíu; og Jakob Kellenberger, forseti alþjóðaráðs Rauða krossins.

Fjórði fundur Evrópuráðsþingsins 29. september til 3. október.

Dagana 29. september til 3. október fór fjórði þingfundur Evrópuráðsþingsins fram í Strassborg. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar þau Guðfinna S. Bjarnadóttir formaður, Ellert B. Schram varaformaður og Steingrímur J. Sigfússon, auk Magneu Marinósdóttur ritara. Þau mál sem voru í kastljósinu voru afleiðingar átakanna í Georgíu, endurskoðun kjörbréfs rússnesku þingmannasendinefndarinnar og staða mála á Kýpur.

Afleiðingar átakanna í Georgíu var mesta hitamál þingsins en aðfaranótt 8. ágúst brutust út átök milli hers Georgíu og Rússlands í aðskilnaðarhéraðinu Suður-Ossetíu, sem tilheyrir Georgíu þrátt fyrir að hafa meira og minna verið undir „verndarstjórn“ Rússa síðan Georgía hlaut sjálfstæði árið 1991. Í umræðunni kom m.a. fram í máli rússneskra þingmanna að stuðningur við yfirlýsingu Kósóvó um sjálfstæði í febrúar hefði gert það að verkum að friðhelgi landamæra væri ekki lengur algild regla. Forseti Georgíu, Mikheil Saakashvili, hafi í nafni landamærafriðhelgi gert tilraun til þjóðernishreinsana með árás í Suður-Ossetíu. Mikið væri vísað til stóra Rússlands og litlu Georgíu, en hvað með stóru Georgíu og litlu Suður-Ossetíu? Einnig gagnrýndu rússneskir þingmenn þá miklu hernaðaruppbyggingu, sem þeir töldu að hefði átt sér stað í Georgíu, og spurðu hvaða tilgangi hún þjónaði og hver styddi við bakið á Georgíu í þeim efnum. Að lokum var bent á að árás stjórnarhers Georgíu á héraðið

væri ekki fyrsta árásin sem gerð hefði verið. Viðbrögð Rússa í þetta skiptið hafi verið fyrirsjáanleg og nauðsynleg varnaraðgerð. Í raun hefðu rússnesk stjórnvöld átt að grípa í taumana mun fyrr. Nú væri svo komið að íbúar héraðanna hefðu óumdeilanlegan rétt til sjálfsákvörðunar, rétt sem Rússar viðurkenndu, og aðrir ættu að gera slíkt hið sama, en að Rússlandi undanskildu hefur aðeins Níkaragva viðurkennt sjálfstæði héraðanna.

Þingmannasendinefnd Georgíu hélt sig að miklu leyti til hlés í umræðunni. Þingmenn almennt létu hins vegar í ljós þá skoðun sína að um harmleik væri að ræða enda í fyrsta sinn síðan Evrópuráðið var stofnað árið 1949 að tvö aðildarríki þess fara í stríð hvort við annað. Ríkin hefðu framið alvarlegt brot á skuldbindingum sínum sem aðildarríki sem kallaði á viðbrögð. Þau úrræði sem þingið getur gripið til ef ríki er talið hafa brotið í bága við skuldbindingar sínar eru tvenns konar, þ.e. að ógilda kjörbréf eða takmarka þátttökurétt með afturköllun atkvæðaréttar en síðarnefnda úrræðinu var beitt í apríl árið 2000 gegn landsdeild Rússlands vegna Tsjetsjeníustríðsins. Í upphafi þings hafði ályktun um ógildingu kjörbréfs rússnesku þingmannanefndarinnar verið lögð fram í þinginu, undirrituð af 24 þingmönnum. Ályktunin var hins vegar felld í atkvæðagreiðslu með þeim rökum að ekki væri tímabært að grípa til aðgerða áður en sérstök rannsóknarnefnd, sem stofnuð var af þinginu til þess að kanna tilurð átakanna og atburðarás, væri búin að skila skýrslu. Auk þess var talið að aðgerðir gegn Rússlandi á þessum tímapunkti gengju í berhögg við ákvörðun Evrópuráðsins frá því í september þar sem ákveðið hafði verið að einangra ekki Rússland pólitískt eða beita það þvingunum af neinu tagi. Það væri von allra að Rússland sýndi ábyrgð sem aðildarríki Evrópuráðsins og reynt yrði að vinna að varanlegri lausn á deilunni með því að halda viðræðum áfram í góðri trú.

Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, formennskuríkis Evrópuráðsins, ávarpaði því næst þingið í stað Carls Bildts utanríkisráðherra. Í ræðu sinni gerði forsætisráðherrann grein fyrir fundi utanríkisráðherra Evrópuráðsins í New York í september en til fundarins var boðað af formanni ráðherranefndar Evrópuráðsins, sænska utanríkisráðherranum, vegna átakanna í Georgíu. Utanríkisráðherrar Evrópuráðsins ákváðu á fundinum að auka eftirlit með aðildarskuldbindingum Georgíu og Rússlands, auka samvinnu við þau með það að markmiði að þau virtu betur skuldbindingar sínar og fá mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins, Thomas Hammarberg, til að kanna afdrif íbúanna á átakasvæðunum með hliðsjón af mannréttindasjónarmiðum og skuldbindingum landanna sem aðildarríkja Evrópuráðsins. Thomas Hammarberg kynnti í kjölfarið fyrstu skýrslu sína. Lofuðu þingmenn starf hans en jafnframt var gagnrýnt hversu lítið væri gert í málefnum flóttamanna.

Staða samningaviðræðna um framtíðarlausn fyrir Kýpur var næst á dagskrá þingsins en þær höfðu staðið yfir síðan 3. september með aðstoð Sameinuðu þjóðanna milli Demetric Christofias, forseta Kýpur og Mehmet Ali Talat, leiðtoga tyrkneska samfélagsins á Kýpur. Í ræðu forsetans kom fram að hann hefði boðið sig fram til embættis forseta til að vinna að hugsjón sinni um Kýpur sem sambandsríki tyrkneskra og gríska borgara en frá árinu 1974 hefur Kýpur í raun verið tvö aðskilin ríki gríska meiri hlutans og tyrkneska minni hlutans sem hvor um sig hafa haft sitt eigið stjórn- og hagkerfi. Tveggja-ríkja lausn væri ekki valkostur að mati forsetans auk þess sem nauðsynlegt væri að Tyrkland styddi hugmyndina um sambandsríki með því að hverfa með her sinn frá Kýpur, en Tyrkland hefur haft hersetu á eyjunni síðan árið 1974. Leiðtogi tyrkneska samfélagsins, sem um 20% íbúa Kýpur tilheyra, talaði næstur. Hjá honum kom fram að frá 1974 hafi íbúar Kýpur af tyrkneskum uppruna haft tvo valkosti, þ.e. að reiða sig á aðstoð frá Tyrklandi eða að hverfa í burtu frá Kýpur. Þeir óski eftir varanlegum friði, sem hafi m.a. sést í stuðningi þeirra við svonefnda sameiningaráætlun

Sameinuðu þjóðanna sem var felld í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2004 vegna andstöðu um 70% íbúa Kýpur af grískum uppruna. Núna sé hins vegar tækifæri til sátta þar sem við völd sé forseti sem gefi nýja von. Í almennum þingumræðum kom fram mikill stuðningur við samningaviðræður leiðtoganna og von um að þeir gætu í sameiningu stuðlað að varanlegri lausn Kýpur-deilunnar.

Í umræðu um frumvarp til laga í Bretlandi um að víkka heimild lögreglu úr 28 dögum í allt að 42 daga til að setja meinta hryðjuverkamenn í gæsluvarðhald án ákæru kom fram að þar sem málið snýr að lagasetningu í Bretlandi væri það ekki hlutverk laganefndar Evrópuráðsþingsins að taka málið fyrir. Framkvæmdastjórn þingsins var hins vegar á öðru máli og setti málið á dagskrá. Í umræðunni kom fram að í samanburði við önnur lönd væru Bretar nú þegar með mun víðtækari heimild en þekkist annars staðar. Auk þess gengi lagafrumvarpið gegn 5. og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem snýr að lagalegri aðstoð og vernd þeirra sem sæta gæsluvarðhaldi. Rýmri tímamörk gætu aukið líkurnar á misbeitingu og pyntingum. Mælt var með því að vísa málinu til umsagnar Feneyjanefndar Evrópuráðsins.

Að lokum var tekin til umræðu skýrsla og ályktun jafnréttisnefndar þar sem mælt var með því við ráðherranefndina að gerður yrði Evrópusáttmáli um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum í framhaldi af baráttuherferð Evrópuráðsins og þingsins um það mál. Mælt var með að slíkur rammasamningur næði til algengustu tegunda ofbeldis gegn konum, þ.e. heimilisofbeldis, kynferðisofbeldis, kynferðislegrar áreitni, nauðungarhjónabanda, svonefndra heiðursmorða og limlestinga á kynfærum kvenna. Til viðbótar var mælt með því að koma á fót eftirlitsnefnd til að hafa eftirlit með framfylgni við samninginn. Að lokum var vikið að mikilvægi þess að Evrópuráðið kæmi að baráttuherferð Sameinuðu þjóðanna gegn heimilisofbeldi sem stendur til ársins 2015.

Eftirfarandi tignargestir ávörpuðu þingið auk þeirra fyrrnefndu: Jorge Sampaio, fulltrúi Sameinuðu þjóðanna um bandalag siðmenninga, en það samanstendur af 99 þjóðum og er svar við tilgátu fræðimannsins Samuel Huntingtons um átök milli menningarheima. Evrópuráðið og bandalagið hafa undirritað samstarfssamning sín á milli. Yavuz Mildon, forseti sveitarstjórnaþings Evrópuráðsins, vísaði í átökin í Georgíu og á Kýpur þegar hann benti á að margs konar fyrirmyndir væri að finna hjá sveitarstjórnaþinginu um hvernig væri hægt að tryggja ákveðið sjálfsforræði svæða innan landamæra ríkis. Hann upplýsti einnig að til stæði að hann heimsækti stjórnvöld í Georgíu 2. desember 2008 til að kynna valkosti í þessum efnum. Jorge Pizarro, forseti þings Mið- og Suður-Ameríku, sem samanstendur af 22 löndum, vék einkum að því hvernig fátækt og önnur vandamál, eins og ofbeldisglæpir, umhverfisspjöll og spilling væri viðvarandi vandamál þrátt fyrir aukinn hagvöxt í álfunni. Hann lagði til að Evrópuráðsþingið gerði samstarfssamning við þing Mið- og Suður-Ameríku til að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum. Haris Silajdzic, einn af þremur forsetum Bosníu og Hersegóvínu, vék að undirritun stöðugleikasamkomulags við ESB í júní og ræddi um vandamálin sem enn er við að glíma, eins og rétt flóttamanna til að snúa aftur til síns heima. Angel Gurría, framkvæmdastjóri Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu, ræddi um orsakir og afleiðingar fjármálakreppunnar í heiminum, m.a. hvernig hún getur grafið undan mannréttindum og valdið óstöðugleika, auk þeirra áskorana sem við er að eiga vegna loftslagsbreytinga, fæðuskorts og fólksflutninga. Að lokum kynnti Nyamko Sabuni, ráðherra jafnréttis- og aðlögunarmála útlendinga í Svíþjóð, opnun ungmennamiðstöðvar Evrópuráðsins en hlutverk hennar lýtur að því að miðla gildum Evrópuráðsins til komandi kynslóða.

Stjórnarnefndarfundur 28. nóvember.

Af hálfu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins sótti Steingrímur J. Sigfússon fund stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins, auk Magneu Marinósdóttur ritara. Fyrir fundinn hafði Íslandsdeildin sent beiðni til forseta Evrópuráðsþingsins um utandagskrárumræðu (e. current affairs debate) vegna beitingar breskra stjórnvalda á hryðjuverkalögum gegn Landsbankanum sem og annarra aðgerða bresku ríkisstjórnarinnar gagnvart íslenskum bönkum og stjórnvöldum.

Steingrímur hóf utandagskrárumræðuna. Hann greindi frá og vék að afleiðingunum sem harkalegar aðgerðir breskra stjórnvalda höfðu haft fyrir íslenskt fjármálalíf og efnahagskerfið í landinu, bæði fyrirtæki og einstaklinga. Þá vakti hann sérstaka athygli á hugsanlegri misbeitingu breskra stjórnvalda á hryðjuverkalöggjöf sinni og því slæma fordæmi sem af því gæti hlotist. Einnig benti hann á hvernig misbeiting hryðjuverkalaga græfi undan trúverðugleika þeirra í baráttunni gegn raunverulegum hryðjuverkum eins og þeim sem framin voru í Mumbai í Indlandi um það leyti sem fundurinn fór fram. Að lokum fór Steingrímur þess á leit að bresk stjórnvöld gerðu skýran greinarmun á löggjöf sem ætti við í baráttunni gegn hryðjuverkum og lögum sem lúta að viðbrögðum við annars konar ógn eins og hættu á fjármála- eða efnahagskreppu.

Alls tóku sjö þingmenn til máls á eftir Steingrími. David Wilshire, breskur stjórnarandstöðuþingmaður Íhaldsflokksins og þáverandi varaformaður flokkahóps hægrimanna, sagði að sá hluti hryðjuverkalaganna, sem notaður var til að frysta eignir Landsbankans, hefði verið samþykktur á þeirri forsendu að lögunum yrði eingöngu beitt gegn óvinveittum ríkjum eða samtökum. Hann setti því spurningarmerki við beitingu laganna gegn Landsbankanum með vísan til lögmætis, réttmætis og þess hvort aðgerðirnar hefðu verið í réttu hlutfalli við tilefnið. Hann taldi svo ekki vera og tók dæmi máli sínu til stuðnings. Wilshire sagði að lokum að svarið við þeirri spurningu hvort beiting laganna hefði verið umfram meðalhóf væri háð því hvort aðrir möguleikar til að leysa þann vanda sem upp var kominn hefðu verið kannaðir til þrautar og afleiðingarnar af beitingu hryðjuverkalaganna fyrir efnahagskerfi Íslands metnar. Spurningin væri með öðrum orðum sú hvort beiting laganna hefði verið innan ramma þeirra skuldbindinga sem bresk stjórnvöld hefðu gengist undir með aðild sinni að Evrópuráðinu. Wilshire gerði það að tillögu sinni að unnin yrði skýrsla í efnahags- og viðskiptanefnd Evrópuráðsþingsins þar sem leitað yrði svara við þessum spurningum.

Alan Meale, breskur stjórnarþingmaður, varði beitingu laganna. Hann sagði m.a. að 123 sveitarfélög hefðu sett fjármuni inn á innstæðureikninga Landsbankans og það væri skylda breskra stjórnvalda að tryggja hagsmuni þeirra. Hann var samþykkur því að málið yrði skoðað nánar en ekki einskorðað við Ísland og Bretland heldur næði einnig til Hollands og Þýskalands þar sem Landsbankinn var einnig með útibú. Þingmaður frá Þýskalandi tók undir orð hans. Hann sagði að hlutverk þingmanna væri að vernda hag þegnanna sem margir óttuðust að vera búnir að missa háar upphæðir eftir að hafa sett peninga sína inn á reikning íslenskra banka í trausti þess góða orðspors sem fór af landinu. Í ljósi þess að bankarnir hefðu verið ríkisvæddir væri hlutverk þingmanna að leggja sparifjáreigendum lið við að endurheimta sinn sparnað.

Tiny Kox, þingmaður frá Hollandi og formaður flokkahóps vinstrimanna, fagnaði orðum Steingríms þess efnis að íslensk stjórnvöld og stjórnendur bankanna bæru mikla ábyrgð á því hvernig komið væri á Íslandi og annars staðar þar sem íslenskir bankar voru með starfsemi enda lítið farið fyrir yfirlýsingum íslenskra stjórnvalda um eigin ábyrgð. Hann fordæmdi hins vegar beitingu hryðjuverkalaga sem hann lýsti sem fjandsamlegri aðgerð stærra ríkis gegn smærra ríki. Að hans mati hefðu aðgerðir breskra stjórnvalda aukið vanda Íslands verulega

og lokað fyrir samningaleiðir. Einnig bæru aðgerðir breskra stjórnvalda vott um skort á samstöðu í röðum aðildarríkja Evrópuráðsins sem sjálfviljug hefðu skuldbundið sig til að leysa ágreining sín á milli á grundvelli virðingar fyrir meginreglum réttarfarsríkisins, mannréttindum og lýðræðislegum gildum. Hann kastaði að lokum fram þeirri spurningu hvort skilyrði ESB fyrir afgreiðslu láns frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þess efnis að íslensk stjórnvöld samþykktu kröfur um ábyrgð gagnvart innstæðueigendum í Bretlandi, Hollandi og Þýskalandi þar sem Landsbankinn var með útibú væri dæmi um misbeitingu valds og fór fram á að málinu yrði vísað til nefndar til frekari skoðunar.

Andreas Gross, svissneskur þingmaður og formaður flokkahóps jafnaðarmanna, lagði til að málinu yrði vísað til laga- og mannréttindanefndar Evrópuráðsþingsins til að fá úr því skorið hvort beiting hryðjuverkalaganna stæðist lagaleg sjónarmið í réttarfarsríki en Michael Hancock, þingmaður Frjálslynda flokksins í Bretlandi, vildi á hinn bóginn að úr því yrði skorið fyrir dómstólum.

Mátyás Eörsi, þingmaður frá Ungverjalandi og formaður flokkahóps frjálslyndra, sagði að hann hefði ekki hafa miklar upplýsingar um málið en dræmi tvær meginniðurstöður af því sem hann vissi þá þegar. Í fyrsta lagi að Ísland væri rík þjóð sem hingað til hefði ekki talið að hún hefði þörf fyrir að tilheyra stærra samfélagi þjóða. Annað hefði komið á daginn og benti hann á að ESB-aðild fæli í sér góða „tryggingavernd“ eins og hefði sýnt sig í tilviki Ungverjalands þegar fjármálakreppan skall á þar. Í öðru lagi að þörf væri á endurskoðun reglugerða um fjármálamarkaði.

Í lokin tók Steingrímur aftur til máls. Hann benti á að það lægi ekki ljóst fyrir hver lagaleg skuldbinding ríkisins um lágmarkstryggingu væri í tilviki alþjóðlegrar fjármálakreppu enda hefði enginn gert ráð fyrir slíkri kreppu við setningu viðkomandi ESB-tilskipana. Hann benti jafnframt á þær sérstöku aðstæður sem ríktu á Íslandi þar sem eignir bankanna höfðu verið rúmlega 10 sinnum umfram þjóðarframleiðslu. Íslendingum sviði vissulega tap sparifjáreigenda. Það sem kreppan hefði í raun leitt í ljós var hversu mikil áhætta var fólgin í því að setja sparnað í vörslu einkaaðila. Framtíðarspurningin væri hvort ríki vildu leysa þann áhættuvanda með því að vera með ríkistryggingu á bak við allt einkavædda bankakerfið eða leita annarra leiða.

Eftir að umræðunni lauk tók Miguel Ángel Moratinos, utanríkisráðherra Spánar og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, undir orð þeirra þingmanna sem lýstu vonbrigðum sínum með að ríki leystu ekki ágreiningsmál sín innan ramma þeirra gilda sem Evrópuráðið stendur fyrir eða með aðstoð ráðsins. Máli sínu til stuðnings vísaði hann til Georgíu og Rússlands annars vegar og Bretlands og Íslands hins vegar.

Að utandagskrárumræðunni lokinni voru önnur mál á dagskrá rædd og afgreidd, m.a. skýrsla um leiðir til að auka hlut karlmanna í að ná fram jafnrétti kynjanna, breyta kynjuðum staðalímyndum og samþætta kynjasjónarmið inn í opinbera stefnumótun. Steingrímur var skýrsluhöfundur og hafði fengið Ingólf Gíslason, lektor í félagsfræði á sviði karlafræði við Háskóla Íslands, til að veita umsögn við gerð skýrslunnar. Við afgreiðslu skýrslunnar flutti Steingrímur ræðu þar sem hann vék að fundi jafnréttisnefndar Evrópuráðsþingsins sem haldinn var á Íslandi árið 2005 þar sem m.a. var fjallað um mikilvægi þess að breyta viðhorfum karlmanna til að ná árangri í jafnréttisbaráttunni. Að lokum vék hann að mikilvægi lagasetningar og nefndi sem dæmi lög gegn heimilisofbeldi á Spáni sem þykja til fyrirmyndar í Evrópu sem og hvernig æðstu ráðamenn þar í landi, ekki síst forsætisráðherra landsins, Jose Luis Rodriguez Zapatero, áttu þátt í því að vekja athygli á vandanum opinberlega.

6. Nefndarfundir utan þinga.

Guðfinna S. Bjarnadóttir sótti stjórnarnefndarfund í Stokkhólmi í lok maí sem formaður Íslandsdeildar og fund umhverfisnefndar í Madríd í september eftir að hafa orðið við ósk formanns þeirrar nefndar um að verða skýrsluhöfundur um nýtingu jarðvarma.

Ellert B. Schram fór með laga- og mannréttindanefnd þingsins í heimsókn í júní í Mannréttindadómstól Evrópu þar sem þingmönnum var gerð grein fyrir skipulagi dómstólsins, stöðu mála og framtíðarsýn.

Steingrímur J. Sigfússon, sem formaður jafnréttisnefndar, sótti fjóra nefndarfundi, þrjá framkvæmdastjórnarfundi og tvo stjórnarnefndarfundi.

Til hliðar við þingið sótti Steingrímur alþjóðlega ráðstefnu um opinbera ímynd kvenna sem haldin var í Malaga á Spáni, tók þátt í lokadegi baráttuherferðar Evrópuráðsþingsins gegn heimilisofbeldi í Vín og stýrði sérstökum fundi sem var haldinn í tilefni af útgáfu bókarinnar „The Most favoured European Women Clause“ sem franski lögfræðingurinn og fyrrum þingkonan Giséle Halmi ritstýrði. Í bókinni er að finna safn laga og lagagreina frá mismunandi Evrópulöndum sem lúta að jafnrétti kynjanna og taldar eru vera til eftirbreytni.

Alþingi, 11. mars 2009.

Guðfinna S. Bjarnadóttir, form.	Ellert B. Schram, varaform.	Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal.

Ályktanir, álit og tilmæli Evrópuráðsþingsins árið 2008.

Eftirfarandi ályktanir, álit og tilmæli til ráðherranefndar Evrópuráðsins voru samþykkt á þingfundum og stjórnarnefndarfundum Evrópuráðsþingsins árið 2008:

Fyrsti hluti þingfundar 21.–25. janúar:

- ályktun 1595 um framtíðarstöðu Kósóvó,
- ályktun 1596 um umhverfisvernd á norðurskautinu,
- ályktun 1597 um bannlista öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins,
- ályktun 1598 um styrkingu samvinnu við Maghreb-ríkin,
- ályktun 1599 um stöðu mála í Mið-Asíu,
- ályktun 1600 um áheyrnarríki Evrópuráðsins – núverandi staða og staðan fram undan,
- ályktun 1601 um viðmiðunarreglur um réttindi og skyldur stjórnarandstöðu í lýðræðislegum löggjafarsamkundum,
- ályktun 1602 um nauðsyn þess að vernda evrópska íþróttamódelið,
- ályktun 1603 um efndir skuldbindinga og skyldna Georgíu sem aðildarríkis,
- ályktun 1604 um opinbert eftirlit með myndbandsupptökuvélum.
- ályktun 1604 um opinbert eftirlit með myndbandsupptökuvélum,
- tilmæli 1822 um framtíðarstöðu Kósóvó,
- tilmæli 1823 um loftslagsbreytingar,
- tilmæli 1824 um bannlista öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins,
- tilmæli 1825 um að styrkja samstarf við Maghreb-löndin,

- tilmæli 1826 um stöðu mála í Mið-Asíu,
- tilmæli 1827 um áheyrnarríki Evrópuráðsins – núverandi staða og staðan fram undan,
- tilmæli 1828 um hvarf ungbarna til ólöglegra ættleiðinga í Evrópu,
- tilmæli 1829 um samvinnu landamæraríkja,
- tilmæli 1830 um opinbert eftirlit með myndbandsupptökuvélum,
- álit 267 um viðbótarbókun við sáttmála Evrópuráðsins um mannréttindi og lífvísindi um erfðafræðilegar prófanir í þágu heilbrigðismála.

Annar hluti þingfundar 14.–18. apríl:
- ályktun 1605 um samfélög múslima í Evrópu og öfgahyggju,
- ályktun 1606 um misnotkun réttarkerfisins í Hvíta-Rússlandi,
- ályktun 1607 um aðgang að öruggum og löglegum fóstureyðingum í Evrópu,
- ályktun 1608 um sjálfsvíg barna og unglinga í Evrópu: alvarlegt heilbrigðisvandamál,
- ályktun 1609 um virkni lýðræðisstofnana í Armeníu,
- ályktun 1610 um aðild Evrópusambandsins að mannréttindasáttmála Evrópu,
- ályktun 1611 um fólksflutninga frá sunnanverðri Afríku,
- tilmæli 1831 um samfélög múslima í Evrópu og öfgahyggju,
- tilmæli 1832 um misnotkun réttarkerfisins í Hvíta-Rússlandi,
- tilmæli 1833 um að stuðla að kennslu evrópskra bókmennta,
- tilmæli 1834 um aðild Evrópusambandsins að mannréttindasáttmála Evrópu,
- tilmæli 1835 um sjálfbæra þróun og ferðamennsku: vöxtur í átt að auknum gæðum.

Stjórnarnefndarfundur 29. maí:
- ályktun 1612 um urðun efnavopna á botni Eystrasalts,
- ályktun 1613 um að nýta reynsluna af notkun sannleiksnefnda,
- tilmæli 1836 um að nýta sem best möguleika fjarnáms á sviði menntunar og þjálfunar,
- álit 268 um fjárlög Evrópuráðsins fyrir árið 2009,
- álit 269 um útgjöld Evrópuráðsþingsins fyrir árið 2009.

Þriðji hluti þingfundar 23.–27. júní:
- ályktun 1614 um virkni lýðræðislegra stofnana í Aserbaídsjan,
- ályktun 1615 um styrkingu kvenna í fjölmenningarsamfélögum nútímans,
- ályktun 1616 um Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, lykilstofnun umbreytinga,
- ályktun 1617 um stöðu lýðræðis og áskoranir í Evrópu, fjölbreytileika og fólksflutninga,
- ályktun 1618 um stöðu lýðræðis í Evrópu, leiðir til að bæta lýðræðislega þátttöku innflytjenda,
- ályktun 1619 um stöðu lýðræðis í Evrópu, virkni lýðræðislegra stofnana í Evrópu og framgang aðgerða Evrópuráðsþingsins á sviði eftirlits með skuldbindingum,
- ályktun 1620 um eftirfylgni Armeníu við ályktun Evrópuráðsins nr. 1609 (2008),
- ályktun 1621 um stöðu mála í Kína,
- ályktun 1622 um virkni lýðræðislegra stofnana í Tyrklandi: þróun mála,
- ályktun 1623 um starfsemi alþjóðaráðs Rauða krossins,
- ályktun 1624 um aðgerðir til að fyrirbyggja fyrstu gerð ofbeldis gegn börnum, að yfirgefa barn við fæðingu,

- álykun 1625 um Gökceada (Imbros) og Bozcaada (Tenedos), verndun menningarlegs fjölbreytileika hinna tveggja tyrknesku eyja sem fyrirmyndar að samvinnu milli Tyrklands og Grikklands í þágu hagsmuna viðkomandi hópa,
- tilmæli 1837 um aðgerðir gegn umhverfisskaða í Svartahafi,
- tilmæli 1838 um styrkingu kvenna í fjölmenningarsamfélögum nútímans,
- tilmæli 1839 um stöðu lýðræðis og áskoranir í Evrópu: fjölbreytileiki og fólksflutningar,
- tilmæli 1840 um stöðu lýðræðis í Evrópu, leiðir til að bæta lýðræðislega þátttöku innflytjenda,
- tilmæli 1841 um stöðu lýðræðis í Evrópu, virkni lýðræðislegra stofnana í Evrópu,
- tilmæli 1842 um starfsemi alþjóðaráðs Rauða krossins.

Fjórði hluti þingfundar 29. september til 3. október:

- álykun 1626 um framfylgni við skyldur og skuldbindingar Bosníu og Hersegóvínu,
- álykun 1627 um frambjóðendur til setu í Mannréttindadómstól Evrópu,
- álykun 1628 um ástandið á Kýpur,
- álykun 1629 um Efnahags- og framfarastofnun Evrópu og hagkerfi heimsins,
- álykun 1630 um endurnýjun ungmennastefnu Evrópuráðsins,
- álykun 1631 um endurskoðun á kjörbréfi þingmannasendinefndar Rússlands á efnislegum forsendum,
- álykun 1632 um ástand þjóðernisminnihlutahópa í Vojvodina og um rúmenska minni hlutann í Serbíu,
- álykun 1633 um afleiðingar stríðsins milli Georgíu og Rússlands,
- álykun 1634 um fyrirhugað 42 daga gæsluvarðhald án ákæru í Bretlandi,
- álykun 1635 um baráttuna gegn ofbeldi gegn konum – drög að Evrópusáttmála,
- álykun 1636 um viðmiðanir fyrir fjölmiðla í lýðræði,
- tilmæli 1843 um framfylgni við skyldur og skuldbindingar Bosníu og Hersegóvínu,
- tilmæli 1844 um endurnýjun ungmennastefnu Evrópuráðsins,
- tilmæli 1845 um ástand þjóðernisminnihlutahópa í Vojvodina og um rúmenska minni hlutann í Serbíu,
- tilmæli 1846 um afleiðingar stríðsins milli Georgíu og Rússlands,
- tilmæli 1847 um baráttuna gegn ofbeldi gegn konum – drög að Evrópusáttmála,
- tilmæli 1848 um viðmiðanir fyrir fjölmiðla í lýðræði,
- tilmæli 1849 um að stuðla að lýðræðismenningu og mannréttindum í gegnum kennaramenntun,
- álit 270 um drög að Evrópusáttmála um aðgang að opinberum skjölum.

Stjórnarnefndarfundur 28. nóvember:

- álykun 1637 um innflytjendur sem koma sjóleiðina til Suður-Evrópu eða „bátafólk“ Evrópu,
- álykun 1638 um verklag við verndun handverks og menningarlegrar arfleifðar,
- álykun 1639 um fólksflutninga og hreyfanleika í löndum á mörkum Evrópu og Asíu,
- álykun 1640 um tvískipt hlutverk þingmanna í þjóðþingum og á Evrópuráðsþinginu,
- álykun 1641 um hlutdeild karlmanna í að ná jafnrétti kynjanna,
- tilmæli 1850 um innflytjendur sem koma sjóleiðina til Suður-Evrópu eða „bátafólk“ Evrópu,
- tilmæli 1851 um verklag við verndun handverks og menningarlegrar arfleifðar,

- tilmæli 1852 um fólksflutninga og hreyfanleika í löndum á mörkum Evrópu og Asíu,
- tilmæli 1853 um hlutdeild karlmanna í að ná jafnrétti kynjanna.

829. Frumvarp til laga [454. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adrian Dariusz Kurkowski, f. 1984 í Póllandi.
2. Claude Saliba, f. 1975 í Líbanon.
3. Conor Hugh White, f. 1978 í Ástralíu.
4. Dan Kevin Ingvarsson Grande, f. 1994 í Noregi.
5. Dil Bahadur Gurung, f. 1976 í Nepal.
6. Edyta Beata Czyz, f. 1976 í Póllandi.
7. Fikret Alomerovik, f. 1969 í Makedóníu.
8. Ivan Milenkovic, f. 1983 í Serbíu.
9. Jovana Cosic, f. 1982 í Serbíu.
10. Lidija Stojkanovic, f. 1979 í Serbíu.
11. Luiz Gabriel Quinn de Camargo, f. 1976 í Brasilíu.
12. Mae Ramil Opina, f. 1971 á Filippseyjum.
13. Maritza Esther Pacifico Ospino, f. 1971 í Kólumbíu.
14. Oleksandr Fedorets, f. 1965 í Rússlandi.
15. Philip Gerald Roughton, f. 1965 í Bandaríkjunum.
16. Rafal Kozlowski, f. 1980 í Póllandi.
17. Susan Namufuta, f. 1976 í Úganda.
18. Telma Olivia Orellana Rojas, f. 1986 í Gvatemala.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

830. Breytingartillaga [335. mál]

við frv. til l. um visthönnun vöru sem notar orku.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

Síðari málsliður 11. gr. orðist svo: Um meðferð slíkra mála fer samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

831. Frumvarp til laga [455. mál]

um Íslandsstofu.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að efla ímynd og orðspor Íslands, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum, og laða erlenda ferðamenn og fjárfestingu til landsins.

2. gr.
Hlutverk.

Stofnuð er Íslandsstofa. Hlutverk hennar er:

a. að vera samstarfsvettvangur fyrirtækja, hagsmunasamtaka, stofnana og stjórnvalda um stefnu og aðgerðir til þess að efla ímynd og orðspor Íslands;
b. að veita alhliða þjónustu og ráðgjöf í því skyni að greiða fyrir og auka útflutning á vöru og þjónustu;
c. að laða til landsins erlenda ferðamenn með samræmdu kynningar- og markaðsstarfi;
d. að upplýsa erlenda fjárfesta um kosti Íslands og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um fjárfestingarmál;
e. að styðja við kynningu á íslenskri menningu erlendis.

3. gr.
Stjórn.

Stjórn Íslandsstofu skipuleggur og ákveður verkefni hennar. Stjórnina skipa níu menn valdir til þriggja ára í senn. Utanríkisráðherra skipar fimm stjórnarmenn eftir tilnefningu Samtaka atvinnulífsins, einn stjórnarmenn eftir tilnefningu forsætisráðherra, einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra, einn eftir tilnefningu menntamálaráðherra og einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Stjórnin samþykkir árlega starfs- og fjárhagsáætlun Íslandsstofu og hefur eftirlit með framkvæmd hennar. Hún ræður framkvæmdastjóra Íslandsstofu og ákveður starfskjör hans. Stjórn skal, í samráði við viðkomandi fagráðuneyti, skipa sérstakar verkefnastjórnir um áherslur í markaðs- og kynningarmálum ferðaþjónustunnar erlendis og fjárfestingum erlendra aðila á Íslandi.

Stjórn boðar til aðalfundar Íslandsstofu sem halda skal fyrir 1. maí ár hvert.

4. gr.
Rekstur.

Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn Íslandsstofu og ræður starfsfólk. Íslandsstofa skal hafa sjálfstæðan fjárhag og reikningshald og skal undanþegin tekjuskatti.

Stjórn Íslandsstofu ákveður gjaldskrá fyrir þjónustu. Þess skal gætt að útseld þjónusta standi að mestu leyti undir kostnaði við þau störf sem unnin eru samkvæmt beiðni einstakra aðila sem leita eftir þjónustu Íslandsstofu.

5. gr.
Tekjur.

Tekjur Íslandsstofu eru:

1. Markaðsgjald, 0,05% sem lagt er á gjaldstofn til greiðslu tryggingagjalds eins og hann er skilgreindur í III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald. Um álagningu og innheimtu markaðsgjalds fer eftir ákvæðum þeirra laga. Markaðsgjald má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þess myndaðist.
2. Framlög á fjárlögum.
3. Þóknun fyrir veitta þjónustu.
4. Þjónustusamningar við stofnanir og samtök.
5. Sérstök framlög og aðrar tekjur.

Íslandsstofu ber að stofna til samstarfs við þá aðila sem vinna að markaðssetningu á Íslandi fyrir erlenda fjárfesta og skal ráðstafa 14% af tekjum af markaðsgjaldi til verkefna af þeim toga.

6. gr.
Reglugerðarheimild.

Utanríkisráðherra er heimilt, að fenginni umsögn stjórnar Íslandsstofu, að kveða nánar á um starfsemi Íslandsstofu í reglugerð.

7. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002, með síðari breytingum.

8. gr.
Breyting á öðrum lögum.

Í stað orðanna „Útflutningsráðs Íslands“ í 1. mgr. 5. gr. laga um skipan ferðamála, nr. 73/2005, með síðari breytingum, kemur: Íslandsstofu.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við gildistöku laga þessara yfirtekur Íslandsstofa öll réttindi og skyldur Útflutningsráðs Íslands, eignir þess og skuldir.

II.

Verði ekki annað ákveðið með lögum fellur markaðsgjald skv. 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. niður frá og með 1. janúar 2013, þó þannig að álagning gjaldsins fari fram árið 2013 vegna gjaldstofns ársins 2012.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er sett á laggirnar ný stofnun, Íslandsstofa („Promote Iceland“), á grunni Útflutningsráðs Íslands. Því verða núgildandi lög um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002, felld úr gildi verði frumvarp þetta að lögum. Leiðir það m.a. til þess að samráðsnefnd atvinnulífs og stjórnvalda, sem kveðið er á um í 1. gr. laganna, leggst af, en gert er ráð fyrir

að atvinnulífið og stjórnvöld eigi áfram með sér náið samráð með öðrum hætti, sbr. athugasemdir við 3. gr. Breytingin hefur hins vegar ekki áhrif á núverandi fjárveitingar til þeirra verkefna sem með lögunum munu heyra undir Íslandsstofu, þ.e. fjárveitingar til Útflutningsráðs og til markaðs- og kynningarstarfs Ferðamálastofu. Um leið er ekki gert fyrir fyrir að hið breytta fyrirkomulag hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Þvert á móti er verið að mæta kröfum um bætt samstarf, skýrari stefnu og aðgerðir til að efla og standa vörð um ímynd og orðspor Íslands með því að hagræða og nýta betur þá fjármuni sem nú er varið til markaðs- og kynningarstarfa erlendis.

Verkefni Íslandsstofu verða viðameiri en verkefni Útflutningsráðs eru nú. Í fyrsta lagi er Íslandsstofu ætlað að setja skýran ramma utan um ímyndar- og kynningarmál Íslands þar sem aðilar í útflutningi, ferðaþjónustu, fjármálastarfsemi og þekkingariðnaði koma til samstarfs við hið opinbera um að efla og standa vörð um orðspor Íslands erlendis. Í öðru lagi verður markaðs- og kynningardeild Ferðamálastofu rekin innan vébanda Íslandsstofu sem mun fá það lögbundna hlutverk með þessu frumvarpi að laða til landsins erlenda ferðamenn. Til að sinna verkefnum sínum skal Íslandsstofa byggja starf sitt á bestu fáanlegu fagþekkingu á sviði útflutningsaðstoðar og ferða- og ímyndarmála, þannig að samstarf hins opinbera og einkaaðila lúti ávallt faglegri stefnumótun og starfsaðferðum til langs tíma í þessum veigamikla málaflokki.

Hugmyndin um samstarf á sviði útflutningsþjónustu og um samræmingu ímyndar- og kynningarmála er ekki ný af nálinni. Til dæmis má nefna að árið 2003 undirrituðu Útflutningsráð Íslands og utanríkisráðuneytið samstarfssamning sem hefur gefið góða raun. Meginmarkmið þess samnings var að skýra verkaskiptingu, forðast tvíverknað og auka samstarf hvað varðar þjónustu við íslensk útflutningsfyrirtæki. Samstarf Útflutningsráðs og utanríkisráðuneytisins við kynningu á íslenskri menningu erlendis og menningartengdri atvinnustarfsemi fyrir erlendan markað hefur vaxið þessu samhliða. Þá skipaði forsætisráðherra nefnd í nóvember 2007 til þess að gera tillögur um hvernig styrkja mætti ímynd og orðspor Íslands.[1] Rauði þráðurinn í niðurstöðum nefndarinnar, sem skilaði tillögum í mars 2008, var að styrkja þyrfti og samhæfa ímyndar- og kynningarmál þjóðarinnar. Í skýrslunni var m.a. lagt til að komið yrði á fót vettvangi sem gefið yrði nafnið „Promote Iceland“. Með honum yrði núverandi fyrirkomulag einfaldað, gert skilvirkara og heildstæð sýn fengist yfir það kynningarstarf á erlendri grundu sem fer fram af hálfu hins opinbera. Í skýrslunni var lagt til að hlutverk „Promote Iceland“ yrði að fylgjast með ímynd Íslands og þróun hennar, miðla samræmdum skilaboðum og upplýsingum til uppbyggingar á sterkri og jákvæðri ímynd, bregðast við neikvæðri umfjöllun sem snertir íslenska hagsmuni og samræma aðgerðir er varða ímyndarmál. Þá var í skýrslunni lagt til að starfsemin yrði nátengd sendiskrifstofum Íslands og að skrifstofur Ferðamálastofu erlendis yrðu lagðar niður og starfsemi þeirra færð til „Promote Iceland“. Í skýrslunni var ekki tekin afstaða til þess hvar í stjórnkerfinu vettvangurinn skyldi vistaður, né hvort stofnsett yrði ný stofnun eða einhverjum þeirra aðila sem nú fást við verkefni sem tengjast orðspori og landkynningarmálum falin umsjón starfsins.

Frumvarpi þessu er ætlað að koma til móts við hugmyndir um aukið samstarf opinberra aðila og atvinnulífsins, markvissari nýtingu fjármuna, aukna samhæfingu og öflugri þjónustu. Við undirbúning frumvarpsins fór fram náið samráð ráðuneyta iðnaðar- og utanríkismála, með aðkomu Ferðamálastofu og Útflutningsráðs Íslands, auk samráðs við forsætisráðuneyti og menntamálaráðuneyti.

---

[1] http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/Forsaetisr_arsskyrsla_END2.pdf.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Efling utanríkisviðskipta og aukin gjaldeyrisöflun hér á landi ýtir undir hagvöxt og velmegun. Mikilvægt er að hvetja erlenda aðila til að nýta sér mannauð og staðarkosti lands og þjóðar með fjárfestingum og starfsemi á Íslandi. Aukinn útflutningur og erlendar fjárfestingar hér á landi skapa þannig nauðsynlegan vöxt gjaldeyristekna fyrir þjóðarbúið og eru veigamikill þáttur í aukinni framleiðni, atvinnu og almennri velferð.

Ljóst er að neikvæð umræða um Ísland og íslensk málefni getur haft skaðleg áhrif á sölu íslenskrar vöru, þjónustu og þekkingar erlendis, sem og á fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi og á komu erlendra ferðamanna hingað til lands. Með stofnun Íslandsstofu verða útflutningsþjónusta, landkynningar- og markaðsstarf ferðamála og ímyndar- og orðsporsmál Íslands á einum stað í stjórnkerfinu. Með því er ætlunin að ná fram samræmdri langtímastefnu, auknum árangri og rekstrarlegu hagræði.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um stofnun og hlutverk Íslandsstofu. Í fyrsta lagi verður Íslandsstofa samstarfsvettvangur stjórnvalda og hagsmunaaðila þar sem mótuð verður samræmd stefna um uppbyggingu ímyndar og orðspors Íslands, en jákvæð ímynd styrkir útflutningsstarfsemi og laðar að erlenda ferðamenn og fjárfesta. Íslandsstofu er jafnframt ætlað að hrinda stefnunni í framkvæmd og samræma, eftir því sem kostur er, starfsemi þeirra sem koma að alþjóðlegu kynningar- og markaðsstarfi.

Í öðru lagi mun Íslandsstofa veita fyrirtækjum alhliða faglega aðstoð, fræðslu og ráðgjöf við að kynna og selja vörur, þjónustu og þekkingu á erlendum mörkuðum. Góð reynsla er komin á þessar áherslur hjá forvera Íslandsstofu, Útflutningsráði, og verða þær áfram grundvöllur starfseminnar. Íslandsstofa skal byggja starfsemi sína á bestu fáanlegu fagþekkingu á sviði útflutningsaðstoðar, ferða- og ímyndarmála. Þjónusta Íslandsstofu stendur öllum íslenskum fyrirtækjum til boða og er þeim opin þátttaka í verkefnum hennar. Kynning á íslenskri menningu erlendis og viðskipti með menningartengdar afurðir erlendis geta fundið sér farveg innan Íslandsstofu, en þessi þáttur er fyrirferðarmikill í starfsemi sendiskrifstofa Íslands erlendis og mikilvægur þáttur í ímynd og orðspori þjóðarinnar. Umtalsverð samlegðaráhrif geta þannig verið á milli útflutningsþjónustu, kynningar á Íslandi sem áfangastað ferðamanna og menningarkynningar.

Í þriðja lagi er Íslandsstofu ætlað það hlutverk að laða til landsins erlenda ferðamenn með samræmdri og stefnumiðaðri kynningu á Íslandi sem áfangastað. Hér er um að ræða núverandi markaðs- og kynningarstarf Ferðamálastofu gagnvart erlendum mörkuðum, en rekstur þess mun flytjast í heild yfir til Íslandsstofu. Hingað til hefur því starfi verið sinnt bæði af Ferðamálastofu í Reykjavík og af skrifstofum hennar erlendis (í Frankfurt, Kaupmannahöfn og New York). Ákveðið hefur verið að loka skrifstofum Ferðamálastofu í Frankfurt og Kaupmannahöfn. Gert er ráð fyrir að hluta þeirra verkefna verði sinnt af sendiráðum Íslands í viðkomandi ríkjum sem taki að sér hlutverk markaðsskrifstofa ferðamála.

Í fjórða lagi skal Íslandsstofa laða til landsins erlenda fjárfestingu. Er þetta í samræmi við núverandi hlutverk fjárfestingarstofu sem rekin hefur verið innan Útflutningsráðs Íslands samkvæmt samningi viðskiptaráðuneytisins (síðar iðnaðarráðuneytisins) og Útflutningsráðs frá 8. desember 2004 um verkefni og rekstur fjárfestingastofu. Frumvarpið hefur engin áhrif á gildi þess samnings.

Í fimmta lagi skal Íslandsstofa styðja við kynningu á íslenskri menningu erlendis, enda er íslenskur menningararfur og íslensk menning grunnstoð í ímynd og orðspori Íslands. Góð reynsla hefur fengist af samstarfi opinberra stofnana og verkefna sem sinna kynningu á íslenskri menningu erlendis. Þannig er t.a.m. Útflutningsmiðstöð íslenskrar tónlistar (ÚTÓN) til húsa hjá Útflutningsráði Íslands og nást margvísleg samlegðaráhrif af samstarfi ÚTÓN við Útflutningsráð, utanríkisráðuneytið og Ferðamálastofu. Eins hefur reynslan af samkomulagi utanríkisráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins um samstarf á sviði menningarmála, sem undirritað var í febrúar 2007, verið góð. Samstarfið mun halda áfram með stofnun Íslandsstofu. Gert er ráð fyrir að annað opinbert starf að menningarkynningu erlendis verði rekið innan vébanda eða í samstarfi við Íslandsstofu eftir því sem við á.

Um 3. gr.

Ákvæðið fjallar um stjórnarfyrirkomulag og hlutverk stjórnar Íslandsstofu. Utanríkisráðherra skipar fimm stjórnarmenn eftir tilnefningu frá Samtökum atvinnulífsins, einn eftir tilnefningu frá forsætisráðherra, einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra, einn eftir tilnefningu menntamálaráðherrra og einn stjórnarmann án tilnefningar. Stjórnin endurspeglar þannig hið breiða samstarf sem er um Íslandsstofu. Gert er ráð fyrir því að stjórninni sé heimilt, í samráði við viðkomandi fagráðuneyti, að skipa sérstakar verkefnastjórnir til að móta áherslur einstakra málaflokka, t.a.m. hvað varðar kynningu og markaðsstarf ferðamála erlendis og fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi. Með því skal tryggt að stefna og verkefni Íslandsstofu í einstökum málaflokkum taki mið af áherslum hlutaðeigandi hagsmunaðila á hverjum tíma. Með þessum hætti er náið samráð hins opinbera og atvinnulífsins tryggt. Verkefnastjórnir starfa í umboði stjórnar Íslandsstofu.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um rekstur Íslandsstofu, sjálfstæði fjárhags og reikningshalds, ásamt heimild til gjaldtöku fyrir útselda þjónustu og setningu gjaldskrár í því sambandi. Er þetta sambærilegt fyrirkomulag og hefur gilt um Útflutningsráð hingað til.

Um 5. gr.

Höfuðtekjustofn Íslandsstofu verður markaðsgjald eins og það er skilgreint í III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingargjald. Þá er gert ráð fyrir framlagi af fjárlögum til starfseminnar, þóknun fyrir veitta þjónustu, tekjum af þjónustusamningum og sérstökum óskilgreindum tekjum og framlögum. Gert er ráð fyrir að fjárveitingum til markaðs- og kynningarstarfs ferðamála erlendis, sem eru á fjárlagalið ráðuneytis ferðamála, verði ráðstafað til Íslandsstofu með þjónustusamningum þar um.

Í 2. mgr. er kveðið á um óbreytt fyrirkomulag fjármögnunar fjárfestingarstofu, sbr. 8. gr. samnings milli viðskiptaráðuneytisins og Útflutningsráðs frá desember 2004. Áfram skal veitt 14% af markaðsgjaldi til verkefna í samstarfi við aðila sem vinna að markaðssetningu á Íslandi fyrir erlenda fjárfesta.

Um 6. gr.

Ákvæðið er í samræmi við núverandi reglugerðarheimild í lögum um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002.

Um 7. gr.

Við gildistöku laganna falla úr gildi lög um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002, með síðari breytingum, enda gerir frumvarpið ráð fyrir að Íslandsstofa yfirtaki öll réttindi og allar skuldbindingar Útflutningsráðs Íslands. Ekki er gert ráð fyrir samráðsnefnd atvinnulífs og stjórnvalda í lögum um Íslandsstofu, en náið samráð mun áfram eiga sér stað í annarri mynd. Aðalfundur Íslandsstofu verður vettvangur samráðs atvinnulífs og stjórnvalda um málefni hennar. Þá helst núgildandi fyrirkomulag um tilnefningu stjórnar óbreytt, þar sem atvinnnulífið tilnefnir meiri hluta stjórnarmanna. Auk þess felur hlutverk verkefnastjórna í sér að fulltrúar atvinnulífsins eigi þar sæti, sjá athugasemdir um 3. gr.

Um 8. gr.

Vegna yfirtöku Íslandsstofu á réttindum og skuldbindingum Útflutningsráðs er gerð afleiðingarbreyting á lögum um skipan ferðamála, nr. 73/2005, í þessu ákvæði. Ekki er um neinar efnisbreytingar að ræða, aðrar en þær sem leiða af þessu frumvarpi.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæðinu felst að með stofnun Íslandsstofu er Útflutningsráð Íslands lagt niður. Íslandsstofa mun með gildistöku laga þessara yfirtaka rekstur á grunni Útflutningsráðs og tekur þá yfir öll réttindi og allar skuldbindingar Útflutningsráðs, eignir þess og skuldir.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Um er að ræða áframhald á núgildandi sólarlagsákvæði um markaðsgjald, sem finna má í lögum um útflutningsaðstoð nr. 160/2002. Gjaldið fellur sem áður úr gildi 1. janúar 2013 verði annað ekki ákveðið.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Íslandsstofu.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði á laggirnar ný stofnun, Íslandsstofa, á grunni Útflutningsráðs Íslands. Því er einnig lagt til með frumvarpinu að lög um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002, verði felld úr gildi. Verkefni Íslandsstofu verða m.a. að setja ramma utan um ímyndar- og kynningarmál Íslands og að sinna markaðs- og kynningarmálum sem heyra undir Ferðamálastofu. Ákveðið hefur verið að skrifstofum Ferðamálastofu í Frankfurt og Kaupmannahöfn verði lokað á árinu 2009 og að þeir fjármunir sem við það sparast verði nýttir í kynningar- og markaðsverkefni sem stýrt verði frá Íslandi, auk þess sem sendiráð Íslands muni taka að sér hlutverk markaðsskrifstofa ferðamála í viðkomandi ríkjum. Í heild er áætlað að verkefni Íslandsstofu muni aukast miðað við núverandi umsvif. Stjórn Íslandsstofu mun skipuleggja og ákveða verkefni stofnunarinnar. Stjórnin verður skipuð níu manns en utanríkisráðherra skipar fimm eftir tilnefningu Samtaka atvinnulífsins, einn stjórnarmann eftir tilnefningu forsætisráðherra, einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra, einn eftir tilnefningu menntamálaráðherra og einn stjórnarmann án tilnefningar. Áætlað er að verkefni og fjárheim-

ildir færist frá Útflutningsráði og einnig mun Íslandsstofa fá til ráðstöfunar fyrir sín verkefni hluta af fjárheimildum til ferðamála er tilheyra iðnaðarráðuneytinu. Gert er ráð fyrir í frumvarpinu að fjárveiting til markaðs- og kynningarstarfs ferðamála erlendis verði ráðstafað til Íslandsstofu með þjónustusamningum þar um. Einnig mun Íslandsstofa yfirtaka verkefnið Iceland Naturally en ekki liggur fyrir hvort það verði með þjónustusamningi eða með öðrum hætti. Þá liggur ekki fyrir áætlun um hvaða fjárheimildir muni nákvæmlega falla undir þau verkefni sem munu vera á ábyrgð Íslandsstofu og er því ekki hægt að segja til um hver umsvif Íslandsstofu verða.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð þar sem einungis er um að ræða breytta notkun og tilfærslur á fjárheimildum.

832. Framhaldsnefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um breyt. á barnaverndarlögum og barnalögum.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Málinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umræðu og hefur nefndin fjallað um málið að nýju. Nefndin fékk á sinn fund Hrefnu Friðriksdóttur frá félags- og tryggingamálaráðuneyti og Bryndísi Helgadóttur og Jóhönnu Gunnarsdóttur frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Ábending kom frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti þess efnis að ekki væri nauðsynlegt að fella inn í barnalög fortakslaus ákvæði um að óheimilt sé að beita barn líkamlegum og andlegum refsingum heldur sé nægilegt að slíkt bann sé í barnaverndarlögum, sbr. fyrri breytingartillögur nefndarinnar. Þá var bent á að unnið væri að því í ráðuneytinu að endurskoða ákvæði barnalaga um forsjá, búsetu og umgengni. Því væri eðlilegt að bíða með breytingu á barnalögum þar til þeirri endurskoðun lyki.

Ekki virðist vera ágreiningur um það hjá hlutaðeigandi ráðuneytum að nægilegt sé að bannið sé fært í barnaverndarlögin. Breytingar sem nefndin lagði til á barnaverndarlögum kveða skýrt á um refsinæmi þess að beita barn hvers konar ofbeldi eða sýna af sér aðra vanvirðandi háttsemi gagnvart barni og á það við hver svo sem beitir ofbeldinu, þ.e. hvort sem um er að ræða foreldri eða forsjáraðila eða aðra. Nefndin telur því rétt að bíða með breytingu á barnalögum enda þurfi hugsanlega frekari skoðunar við hvað viðkemur orðalagi og staðsetningu ákvæðisins í lagatextanum. Nefndin áréttar jafnframt að aðrar breytingar sem nefndin lagði til og gerð er grein fyrir í nefndaráliti og breytingartillögum nefndarinnar, sbr. þskj. 772 og 773, séu nægilegar til að bregðast við dómi Hæstaréttar í máli nr. 506/2008 og til að tryggja það að fulltrúi barnaverndarnefndar geti verið viðstaddur skýrslutökur af barni hjá lögreglu og fyrir dómi.

Nefndin hefur fengið þær upplýsingar að endurskoðun barnaverndarlaga sem og vissra ákvæða barnalaga standi yfir. Lögin heyra undir sitt hvort ráðuneytið, hin fyrri undir félags- og tryggingamálaráðuneyti og hin síðari dóms- og kirkjumálaráðuneyti og eru sérfræðinefndir að störfum í báðum ráðuneytum. Nefndin beinir því til hlutaðeigandi ráðuneyta að hafa samráð um endurskoðunina og þær breytingar sem af henni leiðir. Þá telur nefndin að það yrði mjög til bóta ef málin yrðu tekin fyrir á þingi á sama tíma og hægt væri að hafa heildstæða umfjöllun um efni þeirra. Jafnframt ítrekar nefndin mikilvægi þess að hugtakanotkun

í 99. gr. barnaverndarlaga verði skoðuð með tilliti til þess að nota annað orð í stað lauslætis. Vísar nefndin í því samhengi til þess að árið 2007 var gerð sú breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, að orðið vændi kom í stað lauslætis. Nefndin leggur þó áherslu á að sérstök sjónarmið varðandi börn verði höfð að leiðarljósi og notast verði við hugtak sem samrýmist verndarsjónarmiðum gagnvart börnum.

Auk þeirrar breytingar sem gerð er grein fyrir hér að framan leggur nefndin til aðrar smávægilegar breytingar til leiðréttingar á texta en ítrekar að þeim breytingum fylgir ekki breyting á inntaki eða merkingu ákvæða og vísar í þeim efnum til umfjöllunar í áliti nefndarinnar um málið og breytingartillagna á þskj. 772 og 773.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Á eftir orðunum „svo og“ í 1. efnismálsl. komi: skýrslutöku.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „eða annarri vanvirðandi háttsemi, hótunum eða ógnunum“ komi: hótunum eða ógnunum eða sýnir af sér aðra vanvirðandi háttsemi gagnvart barni.
3. Við 4. gr. Greinin falli brott.
4. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum.

Ármann Kr. Ólafsson, Árni Johnsen, Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Helga Sigrún Harðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. mars 2009.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, form., frsm. | Þuríður Backman. | Kristinn H. Gunnarsson.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir. | Jón Bjarnason.

833. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um félagslega aðstoð, nr. 99/2007.

Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir frá Tryggingastofnun ríkisins, Landssambandi eldri borgara, Krabbameinsfélagi Íslands, Samtökum fjármálafyrirtækja, Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Þroskahjálp, Læknafélagi Íslands, Hjartaheillum, Öldrunarfræðafélagi Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félagi eldri borgara, landlæknisembætti og Félagi stjórnenda í öldrunarþjónustu. Þá barst tilkynning frá Lögmannafélagi Íslands.

Frumvarpið leggur til breytingar á ákvæði um makabætur og umönnunarbætur þannig að bæturnar verði jafnháar umönnunargreiðslum og heimilt verði að greiða þær til umönnunaraðila þó svo hann eigi ekki sameiginlegt lögheimili með lífeyrisþeganum. Að auki er felld

niður kvöð um sérstakar aðstæður til að heimilt sé að greiða bæturnar. Er frumvarpinu ætlað að gera öldruðum og örorkulífeyrisþegum kleift að búa heima í stað þess að dveljast á stofnun óski þeir þess.

Flestir aldraðir og öryrkjar vilja búa heima eins lengi og þeir geta og aðstæður leyfa í stað þess að fara á stofnun og verði frumvarpið að lögum er þeim gert auðveldara að fá þá aðstoð sem þeir þurfa. Mikilvægt er að fjárhagslegir hagsmunir komi ekki í veg fyrir að nánir aðstandendur eða vinir taki að sér persónulega aðstoð og bætur komi fyrir vinnutap umönnunaraðila. Nefndin telur brýnt að hagur hins aldraða eða örorkulífeyrisþegans sé hafður í fyrirrúmi og því sé á hans valdi að velja hver sinni umönnuninni. Þó þykir eðlilegt að gera á þessu nokkra takmörkun og áréttar nefndin að til að heimilt sé að greiða bæturnar verði sá sem sinnir umönnun að vera nákominn lífeyrisþeganum, þ.e. vera ættingi eða náinn vinur.

Þar sem erfitt er að segja til um hvaða samlegðaráhrif frumvarp þetta hefði á greiðslu bóta frá Tryggingastofnun telur nefndin að gæta þurfi þess að ganga ekki of langt í lagasetningu af þessu tagi og telur því rétt að breyta ekki fjárhæð bótanna samkvæmt núgildandi grein. Leggur nefndin því til breytingar á frumvarpinu þannig að miðað verði við að hámark bóta af þessu tagi geti orðið 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga, líkt og gert er í núgildandi ákvæði. Þá telur nefndin óeðlilegt að vísa til 4. gr. við ákvörðun bóta þar sem ákvæði greinarinnar er sniðið að umönnun barna.

Nefndin áréttar að ákvæðið felur ekki í sér skyldu til greiðslu bóta heldur er einungis um heimildarákvæði að ræða. Því felur það ekki í sér beina ráðstöfun úr ríkissjóði. Þá telur nefndin brýnt að við setningu og gildistöku reglna um framkvæmd ákvæðisins verði litið til fjárheimilda sem og að eftirlit verði haft með framkvæmd ákvæðisins. Þá telur nefndin eðlilegt að miðað verði við þær reglur sem fyrir eru um greiðslur til maka.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Efnismálsgrein 1. gr. orðist svo:

Heimilt er að greiða maka elli- eða örorkulífeyrisþega, sem dvelst í heimahúsi, eða öðrum nákomnum lífeyrisþeganum sem annast hann, bætur sem eru allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Ármann Kr. Ólafsson, Árni Johnsen, Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Helga Sigrún Harðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. mars 2009.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, form., frsm. Þuríður Backman. Kristinn H. Gunnarsson.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir. Jón Bjarnason.

834. Svar [430. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um almenna notkun íslensks merkis fyrir ábyrgar fiskveiðar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Með hvaða hætti er hið íslenska merki fyrir ábyrgar fiskveiðar komið í „almenna notkun“ án þess að fyrir liggi viðeigandi kröfulýsing og án þess að fenginn hafi verið óháður vottunaraðili til að ábyrgjast notkun merkisins, sbr. nýlegt svar ráðherra (þskj. 706, 341. mál)?

Í október 2008 var kynnt íslenskt merki um ábyrgar fiskveiðar. Merkið vísar til íslensks uppruna og til yfirlýsingar um ábyrgar veiðar frá árinu 2007, en að henni stóðu Fiskifélag Íslands, fyrir hönd hagsmunaaðila í sjávarútvegi, sjávarútvegsráðuneytið, Hafrannsóknastofnunin og Fiskistofa. Nú liggja fyrir reglur um notkun merkisins og er því aðilum sem á því hafa áhuga nú heimil notkun merkisins enda fullnægi þeir skilyrðum um notkun þess. Merkið hefur verið skráð hjá Einkaleyfastofu og verður einnig skráð á alþjóðavísu til að tryggja einkarétt á notkun þess.

Eins og fram kom í fyrra svari er umrædd yfirlýsing og upprunamerki liður í verkefni sem unnið hefur verið að á síðustu árum á vettvangi Fiskifélags Íslands. Eins og jafnframt hefur komið fram er nú unnið að undirbúningi vottunar. Er að því stefnt að slík vottun náist á árinu 2010. Á grunni slíkrar vottunar verður mögulegt að auðkenna vörur úr vottuðum stofnum og þá með sérstöku merki. Þannig er annars vegar um að ræða upprunamerki sem þegar hefur verið tekið til notkunar. Hins vegar er um að ræða áframhaldandi vinnu við gerð kröfulýsingar sem verður verkfæri vottunaraðila sem gera munu úttektir og vinna að vottun ábyrgra veiða.

835. Svar [432. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um Icesave-ábyrgðir og flýtimeðferð.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Eru til gögn í ráðuneytinu sem benda til þess að ef til vill hafi verið mögulegt að flýta því að Bretar tækju Icesave-ábyrgðirnar í breska lögsögu?

Engin gögn er að finna í fjármálaráðuneytinu sem gefa til kynna að hugsanlega hefði verið mögulegt að flýta því að Bretar tækju Icesave-ábyrgðirnar í breska lögsögu.

836. Frumvarp til laga [456. mál]

um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Á eftir 4. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir eru samkvæmt lögum þessum vetnisflúorkolefni (HFC), fjölflúorkolefni (PFC) og brennisteinshexaflúoríð (SF_6).

Rekstraraðili er einstaklingur eða lögaðili sem stjórnar tæknilegri virkni þess búnaðar sem lög þessi taka til.

Þjónustuaðili er einstaklingur eða lögaðili sem þjónustar þann búnað sem lög þessi taka til.

b. 5. mgr., sem verður 8. mgr., orðast svo:

Markmið þessara laga er að eiturefni, hættuleg efni, sæfiefni, fegrunar- og snyrtiefni og flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir notist með gát og varúð þannig að hvorki hljótist af tjón á mönnum né dýrum, né að matvæli eða umhverfi mengist af efnunum.

2. gr.

Á eftir IV. kafla laganna kemur nýr kafli, V. kafli, **Ákvæði um flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir,** með fimm nýjum greinum, svohljóðandi, og breytast númer annarra greina og kafla laganna samkvæmt því:

a. (27. gr.)

Geymsla flúoreraðra gróðurhúsalofttegunda.

Rekstraraðilum fastra kælikerfa, loftkælinga, varmadæla og fastra slökkvikerfa sem innihalda flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir ber að hindra leka þessara lofttegunda og stöðva slíkan leka komi hann til, með öllum þeim tæknilegu ráðstöfunum sem eru mögulegar. Enn fremur ber rekstraraðilum að sjá til þess að haldin sé skrá yfir flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir og að lekaleit sé framkvæmd af vottuðum aðilum.

b. (28. gr.)

Endurnýting.

Rekstraraðilar fasts búnaðar sem inniheldur flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir, og nánar er tiltekinn í reglugerð, bera ábyrgð á endurnýtingu flúoreraðra gróðurhúsalofttegunda til að tryggja endurvinnslu, endurheimt eða eyðingu þeirra. Endurnýting skal framkvæmd af vottuðum aðilum.

c. (29. gr.)

Menntun og vottun.

Starfsmenn sem annast uppsetningu, viðhald, áfyllingu, lekaleit og aðra þjónustu vegna fastra kælikerfa, loftkælinga, varmadælukerfa, spenna með hárri rafspennu, loftkælinga í vélknúnum ökutækjum, leysiefna og fastra slökkvikerfa sem innihalda flúoreraðar gróðurhúsa-

lofttegundir skulu hafa vottun. Til að hljóta slíka vottun skulu þeir hafa lokið námi með fullnægjandi hætti samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur.

Rekstrar- og þjónustuaðilar skulu hafa vottun um að þeir uppfylli kröfur reglugerða sem ráðherra setur um húsnæði, öryggi og lágmarkstækjabúnað vegna starfsemi sinnar. Enn fremur skulu rekstrar- og þjónustuaðilar hafa vottun um að starfsmenn þeirra hafi hlotið vottun skv. 1. mgr.

Vottun samkvæmt lögum þessum er framkvæmd af faggiltri skoðunarstofu samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., og gildir í fjögur ár. Hafi viðkomandi sannanlega verið að vinna við umrædd kerfi framlengist vottunin um önnur fjögur ár.

d. (30. gr.)

Merking.

Óheimilt er að flytja, setja á markað eða afhenda vöru og búnað sem inniheldur flúoreraðar gróðurhúslofttegundir nema á vörunni og búnaðinum sé merkiskilti með viðurkenndum iðnaðarheitum, innihaldslýsingu og varnaðarorðum.

e. (31. gr.)

Reglugerðir um flúoreraðar gróðurhúslofttegundir.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, að setja reglugerð vegna flúoreraðra lofttegunda um eftirtalin atriði:

a. nánari ákvæði um framkvæmd lekaleitar, áskilnað um lekaleitarkerfi og skráningu flúoreraðra gróðurhúslofttegunda,
b. framkvæmd endurnýtingar,
c. framkvæmd vottunar,
d. framkvæmd og mat menntunar,
e. húsnæði, öryggi og lágmarkstækjabúnað starfsemi sem tengist notkun og meðferð efnanna,
f. nánari ákvæði um merkingar vöru og búnaðar,
g. ákvæði um notkun og bann við notkun flúoreraðra gróðurhúslofttegunda.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Heimilt er að gefa út bráðabirgðavottun skv. 29. gr. Slík bráðabirgðavottun gildir ekki lengur en til 4. júlí 2011. Umhverfisráðherra gefur út reglugerð um skilyrði bráðabirgðavottunar.

Heimilt er að meta aðra menntun sem umsækjandi hefur sem jafngildi náms skv. 29. gr. Skal slíkt mat fara fram fyrir 4. júlí 2011.

4. gr.

Innleiðing á reglugerð.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 um tilteknar flúoreraðar gróðurhúslofttegundir. Jafnframt var höfð hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 303/2008 sem er í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006, um lágmarkskröfur og aðstæður fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á vottorðum fyrirtækja og starfsfólks sem þjónusta föst kælikerfi, loftkælingar og varmadælur sem innihalda tilteknar flúoreraðar gróðurhúslofttegundir, sem vísað er til

í ii. lið í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 112/2008, frá 7. nóvember 2008.

5. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Evrópuþingið og ráðið samþykktu í maí 2006 reglugerð (EB) nr. 842/2006 um tilteknar flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir. Reglugerðin varð hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2008 frá 7. nóvember 2008. Tilgangur reglugerðarinnar er að minnka losun flúoreraðra gróðurhúsalofttegunda sem Kyoto-bókunin við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar nær yfir og vernda þannig umhverfið. Þessar lofttegundir eru öflugar gróðurhúsalofttegundir með háan hlýnunarstuðul og hafa margföld áhrif á umhverfið til upphitunar lofthjúpsins miðað við koltvísýring (CO_2). Þær flúoreruðu gróðurhúsalofttegundir sem reglugerð (EB) nr. 842/2006 nær til eru brennisteinshexaflúoríð (SF_6), vetnisflúorkolefni (HFC) og fjölflúorkolefni (PFC). Með frumvarpinu, og innleiðingu þeirra reglugerða sem tengjast reglugerð (EB) nr. 842/2006 er leitast við að takmarka leka þessara gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. Gerð verður krafa um lekaleit og að lagfæra skuli leka umræddra gróðurhúsalofttegunda tafarlaust, uppgötvist hann. Einnig er með reglugerðinni gerð krafa um að flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir verði endurnýttar fyrir tiltekinn búnað. Með reglugerðinni eru settar fram kröfur um lágmarksþekkingu og menntun þeirra sem vinna með flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir. Að sama skapi er gerð krafa um vottun fyrir bæði þá starfsmenn sem vinna með þessar gróðurhúsalofttegundir og einnig þá rekstrar- og/eða þjónustuaðila sem mega meðhöndla lofttegundirnar. Einnig er gerð krafa um upplýsingagjöf til stjórnvalda sem og merkingar á búnaði. Til nánari útfærslu á einstökum greinum reglugerðarinnar hafa á vettvangi Evrópubandalagsins verið settar 10 aðrar reglugerðir og voru allar nema ein þeirra teknar inn í EES-samninginn í nóvember 2008. Í frumvarpinu er lagt til að hin nýju ákvæði verði sérstakur kafli, V. kafli, í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni. Þessi tillaga er gerð þar sem umrædd ákvæði hafa að ákveðnu leyti sérstöðu miðað við aðrar greinar laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni. Hins vegar er rétt að geta þess að 8. og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006 kveða á um bann við sölu og markaðssetningu tiltekinna efna. Þykir 3. mgr. 29. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni veita fullnægjandi lagastoð fyrir slíku banni og því ekki lagt til að sett verði sérstakt ákvæði þar að lútandi í hinn nýja kafla.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að við ákvæðið bætist þrjár nýjar skilgreiningar. Í fyrsta lagi eru flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir skilgreindar en einnig þykir nauðsynlegt að kveða skýrt á um skilgreiningu á rekstraraðila sem og þjónustuaðila.

Um 2. gr.

Í a-lið 2. gr., sem verður 27. gr. laganna verði frumvarp þetta að lögum, er fjallað um þær kröfur sem gerðar eru til geymslu flúoreraðra gróðurhúsalofttegunda. Gerð er tillaga um að hindra beri leka þessara lofttegunda og að fram fari tafarlaus viðgerð komi leki í ljós. Gert

er ráð fyrir að gera eigi við leka með öllum tæknilegum ráðstöfunum. Þannig skal ætíð lágmarka það tjón sem verður en þó ber að hafa í huga að slíkt hafi ekki í för með sér óeðlilega háan kostnað miðað við umhverfislegan ávinning. Að auki er kveðið á um að rekstraraðilum beri að sjá til þess að haldin sé skrá yfir flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir og að lekaleit sé framkvæmd af til þess vottuðum aðilum. Ákvæðið er sett í samræmi við þær kröfur sem 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006 gerir.

B-liður kveður á um hvernig endurnýting (e. recovery) flúoreraðra gróðurhúsalofttegunda skuli framkvæmd. Er ákvæði þetta sett til að innleiða kröfur 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006 um skyldu til endurnýtingar þeirra flúoreruðu lofttegunda sem frumvarpið tekur til. Starfsmenn sem endurnýta efni af föstum búnaði skulu, samkvæmt ákvæðinu, hafa réttindi til þess og vera vottaðir af faggiltri skoðunarstofu.

C-liður, sem verður 29. gr. laganna verði frumvarp þetta að lögum, er nýmæli og í samræmi við þær kröfur sem 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006 gerir. Með greininni er gerð krafa um að skilgreina þurfi lágmarksþekkingu þeirra sem vinna með flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir sem og vottun fyrir starfsmenn og rekstrar- og þjónustuaðila sem mega meðhöndla þessar lofttegundir. Hér er því um það að ræða að lögfest er skylda um ákveðna starfsmenntun fyrir þá sem vinna með þessar lofttegundir og verða kröfurnar skilgreindar í viðaukum reglugerða sem settar verða með stoð í hinum nýju ákvæðum. Réttindi þau sem hægt er að öðlast eru í fjórum flokkum, sem nánar eru skilgreindir í reglugerð (EB) nr. 842/2006. Hið nýja nám mun annars vegar verða hluti af núverandi vélstjórnarnámi. Hins vegar mun hefjast nýtt löggilt nám í kælivélavirkjun í framhaldsskólum haustið 2009 sem taka mun mið af þessum nýju námskröfum. Þeir sem hafa vélstjóraréttindi eða háskólamenntun á þessu sviði, t.d. kælitæknifræðingar og kæliverkfræðingar, geta sótt um vottun á því námi. Þó er gerð krafa um að sótt sé um slíka vottun innan ákveðins tíma. Fyrir þá sem starfa nú þegar á þessu sviði en eru með aðra menntun, t.d. rafvirkjar og málm- og skipasmiðir, mun verða boðið upp á styttri námskeið til þess að þeir geti uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til þess að fá vottun.

Annað nýmæli er að krafist er vottunar fyrir annars vegar starfsmenn og hins vegar rekstraraðila eða þjónustuaðila. Starfsmenn munu sækja um vottun að loknu námi. Rekstraraðilar eða þjónustuaðilar fá aftur á móti vottun ef þeir uppfylla skilyrði reglugerða um að hafa t.d. ákveðinn búnað til endurheimtar gróðurhúsalofttegunda. Að auki er það skilyrði vottunar rekstrar- og þjónustuaðila að þeir hafi starfsmenn sem hafa hlotið vottun. Um faggiltar skoðunarstofur sem sjá munu um að votta nám sem og rekstraraðila og þjónustuaðila fer samkvæmt lögum um faggildingu o.fl., nr. 24/2006. Gerð er tillaga um að vottun gildi í fjögur ár en hafi viðkomandi sannanlega verið að vinna við slík kerfi þá framlengist vottunin um önnur fjögur ár. Þannig er hámarksgildistími vottunar átta ár.

D-liður 2. gr. kveður á um skyldu til þess að merkja á viðeigandi hátt allan búnað og vörur sem innihalda flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir. Krafa þessi er í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 842/2006. Slík krafa hefur verið í íslenskri reglugerð um kæli- og varmadælukerfi, nr. 553/1993, með síðari breytingum. Með hinu nýja ákvæði er hins vegar gerð tillaga um töluvert ítarlegri og nákvæmari merkingar og verða nákvæm fyrirmæli sett í reglugerðir þar sem m.a. verður kveðið á um hvernig merkiskiltið skal líta út og hvaða upplýsingar skuli koma fram á því. Gert er ráð fyrir að slíkar merkingar séu varanlegar og að ekki verði hægt að afmá þær.

Kveðið er á um heimild ráðherra til þess að setja reglugerðir um ýmis atriði er varða flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir í e-lið 2. gr., sem verður 31. gr. laganna verði frumvarp þetta að lögum. Ákvæðið þarfnast að öðru leyti ekki nánari skýringa.

Um 3. gr.

Fyrirséð er að ekki verður hægt að votta alla sem starfa í greininni áður en lögin öðlast gildi, verði frumvarp þetta að lögum. Jafnvel þó að aðilar hafi einhverja menntun í kælitækni þá þurfa þeir mögulega að sækja sér viðbótarþekkingu til þess að uppfylla öll skilyrði vottunar samkvæmt frumvarpinu. Því er lagt til, og er jafnframt gerð krafa um samkvæmt þeirri EB-gerð sem lagt er til að innleidd sé í lög með frumvarpi þessu, að boðið verði upp á vottun til bráðabirgða fyrir starfsmenn og rekstrar- og þjónustuaðila til 4. júlí 2011. Sú dagsetning er samræmd á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og undanþágan mun falla úr gildi á þeim degi enda gert ráð fyrir því að aðilar séu þá komnir með öll tilskilin réttindi. Er gerð tillaga til þessarar tilhögunar í 1. mgr.

Í 2. mgr. er aftur á móti gerð tillaga um að heimilt verði að meta fyrra nám einstaklinga sem jafngilt því námi sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Hér er t.d. um að ræða þekkingu og færni sem aflað er í öðru námi. Eðlilegt þykir að binda heimildina þeim takmörkunum að einungis verði hægt að fá slíkt mat innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara.

Um 4. og 5. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

Frumvarpinu er ætlað að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 842/2006, um flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir, en meginmarkmið hennar er að takmarka losun þessara lofttegunda út í andrúmsloftið. Í því skyni er í frumvarpinu mælt fyrir um skyldur rekstraraðila er lúta að geymslu og endurnýtingu þessara lofttegunda, merkingu á vörum og búnaði sem innihalda þær, auk þess sem gerð er krafa um vottun og tiltekna menntun þeirra starfsmanna sem annast uppsetningu, viðhald, áfyllingu, lekaleit og aðra þjónustu við kerfi og búnað sem innihalda flúoreraðar lofttegundir. Skal ráðherra setja nánari menntunarkröfur í reglugerð. Einnig er mælt fyrir um að rekstrar- og þjónustuaðilar fasts búnaðar og kerfa sem innihalda þessar lofttegundir skuli hafa vottun um að þeir uppfylli kröfur reglugerða sem ráðherra setur um húsnæði, öryggi og lágmarks tækjabúnað vegna starfsemi sinnar. Enn fremur skulu þeir hafa vottun fyrir því að starfsmenn þeirra hafi vottun um tiltekna menntun. Vottun skal framkvæmd af faggiltri skoðunarstofu samkvæmt lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl. Umsækjendur greiða sjálfir gjald fyrir vottunina og er hér ekki lagt mat á þann kostnað.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að nám sem veiti réttindi til starfa samkvæmt lögunum verði annars vegar hluti af núverandi vélstjóranámi en auk þess sé áformað að hefja

nýtt löggilt nám í kælivélavirkjun í framhaldsskólum haustið 2009 sem taki mið af hinum nýju námskröfum. Gert er ráð fyrir að það verði fjögurra ára nám, þar af eitt ár í starfsnámi. Þeir sem hafa vélstjóraréttindi eða háskólamenntun á þessu sviði, t.d. kælitæknifræðingar og kæliverkfræðingar, geta sótt um vottun á því námi. Fyrir þá sem starfa nú þegar á þessu sviði en hafa aðra menntun, t.d. rafvirkja og málm- og skipasmiði, mun verða boðið upp á styttri námskeið til þess að þeir geti uppfyllt þær kröfur sem gerðar verða til að fá vottun.

Menntamálaráðuneytið áætlar, með fyrirvara um að enn eigi eftir að skilgreina nánar menntunarkröfur, að heildarframlag ríkisins á hvern nemanda í hinu nýja námi í kælivélavirkjun verði um 3,3 m.kr., eða um 1,1 m.kr. á ári. Sú fjárhæð er mjög nálægt framlagi ríkisins fyrir hvern nemanda í verkmenntaskólum nú. Sem dæmi má nefna Tækniskólann sem í fjárlögum ársins 2009 fær 977 þús. kr. á hvern ársnemanda. Að því gefnu að samþykkt frumvarpsins leiði ekki til verulegra breytinga í skólasókn á framhaldsskólastigi má ætla að áhrif frumvarpsins á kostnað ríkissjóðs verði óveruleg.

837. Frumvarp til laga [457. mál]

um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr, 55/2003, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Eftirfarandi skilgreining bætist við greinina í viðeigandi stafrófsröð: *Framleiðandi úrgangs:* aðili sem veldur því að úrgangur myndast.
b. Skilgreining á umflutningi verður svohljóðandi: *Umflutningur:* flutningur úrgangs í höfn eða á flugvöll og þaðan aftur án tollafgreiðslu.

2. gr.

1. málsl. 9. gr. laganna orðast svo: Rekstraraðili skal fyrir 1. maí ár hvert skila til Umhverfisstofnunar skýrslu um þær tegundir úrgangs sem fargað er eða eru endurnýttar eða endurnotaðar, um heildarmagn og um árangur af vöktunaráætlun, sbr. 32. og 33. gr., fyrir undangengið ár.

3. gr.

Í stað 12. gr. kemur nýr kafli, III. kafli, **Flutningur úrgangs á milli landa,** með átta nýjum greinum, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi, og breytast númer annarra greina og kafla samkvæmt því:

a. (12. gr.)

Skráning og tilkynningarskylda.

Framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni skal halda skrá m.a. yfir magn og uppruna úrgangs, áfangastað og hver sé viðtakandi hans, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur. Framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni skal hafa skrána aðgengilega fyrir eftirlitsaðila.

Sá aðili sem meðhöndlar úrgang, sem er nánar tilgreindur í reglugerð sem ráðherra setur, skal jafnframt tilkynna Umhverfisstofnun um magn og uppruna úrgangsins, áfangastað og hver sé viðtakandi hans.

b. (13. gr.)

Takmörkun á flutningi úrgangs.

Óheimilt er að flytja tilteknar tegundir úrgangs milli tiltekinna landa, annars vegar til förgunar og hins vegar til endurnýtingar, hvort sem um er að ræða útflutning, innflutning eða umflutning. Tilgreina skal í reglugerð tegundir úrgangs sem óheimilt er að flytja og þau lönd sem óheimilt er að flytja slíkan úrgang til, sbr. 1. málsl.

Óheimilt er að þynna eða blanda úrgang við undirbúning flutnings og á meðan á flutningi stendur.

Umhverfisstofnun sker úr ágreiningi um hvort um vöru eða úrgang er að ræða og sætir sú ákvörðun ekki endurskoðun æðra stjórnvalds.

c. (14. gr.)

Samþykki.

Umhverfisstofnun samþykkir tilkynningar fyrir innflutning, útflutning og umflutning úrgangs sem tilgreindur er nánar í reglugerð sem ráðherra setur. Ráðherra kveður í reglugerð á um skilyrði fyrir samþykki stofnunarinnar fyrir flutningi úrgangs.

d. (15. gr.)

Eftirlit og sýnataka.

Umhverfisstofnun fer með eftirlit með flutningi úrgangs milli landa. Stofnuninni skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits að einstökum förmum úrgangs sem fluttur er milli landa, þar á meðal til töku sýna og myndatöku. Heimild þessi nær einnig til úrgangs sem er undirbúinn til flutnings. Um eftirlit og sýnatöku skal kveða nánar á í reglugerð.

e. (16. gr.)

Gjaldtaka.

Umhverfisstofnun er heimilt að innheimta gjald vegna umsýslu við tilkynningar, sbr. 14. gr. Þá er stofnuninni heimilt að innheimta gjald vegna sýnatöku og eftirlits, sbr. 15. gr. Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni stofnunarinnar vegna flutnings á úrgangi milli landa. Upphæð gjalda skal taka mið af kostnaði við veitta þjónustu og verkefni samkvæmt þessum kafla.

f. (17. gr.)

Trygging um fjárhagslega ábyrgð vegna flutnings úrgangs.

Umhverfisstofnun er heimilt að setja sem skilyrði fyrir samþykki stofnunarinnar fyrir útflutningi, innflutningi og umflutningi úrgangs að framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni framvísi tryggingu um fjárhagslega ábyrgð fyrir kostnaði við meðhöndlun úrgangsins. Trygging um fjárhagslega ábyrgð getur verið bankaábyrgð, vátrygging eða önnur trygging sem Umhverfisstofnun metur fullnægjandi. Upphæð tryggingar um fjárhagslega ábyrgð skal ná yfir kostnað við meðhöndlun úrgangsins, þ.m.t. geymslu úrgangsins í 90 daga, kostnað við að flytja úrganginn á annan endurnýtingar- eða förgunarstað og að flytja úrganginn til baka til upprunalands.

g. (18. gr.)

Ólöglegur flutningur.

Nú uppgötvar Umhverfisstofnun flutning sem stofnunin telur vera ólöglegan og skal hún þá þegar tilkynna það öðrum hlutaðeigandi lögbærum stjórnvöldum. Jafnframt skal Umhverfisstofnun taka til baka úrgang sem hefur verið fluttur ólöglega út eða láta endurvinna eða farga úrganginum í samráði við önnur lögbær stjórnvöld sem hlut eiga að máli. Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd aðgerða vegna ólöglegs flutnings úrgangs.

Sá kostnaður sem hlýst af ólöglegum flutningi úrgangs skv. 1. mgr. skal greiddur í eftirfarandi röð af:

a. tikynnanda í reynd, eða ef engin tilkynning hefur verið lögð fram,
b. tilkynnanda að lögum, eða,
c. öðrum aðila sem tengist úrganginum, eða ef því verður ekki komið við,
d. lögbæru sendingarstjórnvaldi.

Kostnaður sem leggst á Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. greiðist úr ríkissjóði.

h. (19. gr.)

Skylda að taka úrgang til baka.

Umhverfisstofnun skal taka til baka úrgang þegar flutningur hans er ekki í samræmi við skilyrði samþykkis fyrir flutningnum. Umhverfisstofnun er þó ekki skylt að taka til baka úrgang ef:

a. hlutaðeigandi lögbær stjórnvöld sem hlut eiga að máli telja fullnægjandi að úrgangurinn sé meðhöndlaður með öðrum hætti þar sem hann er staðsettur eða annars staðar; skal það gert af tilkynnanda, lögbæru stjórnvaldi þar sem úrgangurinn er staðsettur eða af aðila á vegum þess,
b. úrgangurinn hefur blandast öðrum úrgangi áður en Umhverfisstofnun var gert viðvart um að úrgangurinn uppfyllti ekki skilyrði samþykkis fyrir flutningnum.

Umhverfisstofnun skal tilkynna hlutaðeigandi lögbærum stjórnvöldum um að flutningur úrgangs sé ekki í samræmi við samþykki fyrir honum um leið og stofnuninni verður það ljóst.

Sá kostnaður sem hlýst af móttöku úrgangs skv. 1. mgr. skal greiddur í eftirfarandi röð af:

a. tilkynnanda, eða ef því verður ekki komið við,
b. öðrum aðila sem tengist úrganginum, eða ef því verður ekki komið við,
c. Umhverfisstofnun, eða ef því verður ekki komið við,
d. samkvæmt samkomulagi milli hlutaðeigandi lögbærra stjórnvalda sem hlut eiga að máli.

Kostnaður sem leggst á Umhverfisstofnun skv. 1. mgr. greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Á undan 13. gr. laganna, sem verður 20. gr. þeirra, kemur ný kaflafyrirsögn, svohljóðandi: IV. KAFLI, **Reglugerðir,** og breytast númer kafla samkvæmt því.

5. gr.

Í stað k- og l-liðar 13. gr. laganna, sem verður 20. gr. þeirra, koma sex stafliðir, svohljóðandi:

k. eftirlit með flutningi úrgangs milli landa og tilkynningarskyldu þeirra sem meðhöndla og flytja slíkan úrgang, fjárhagslega ábyrgð og tryggingu skv. 17. gr.,
l. bann eða takmörkun á flutningi úrgangs til og frá tilteknum löndum, annars vegar til förgunar og hins vegar til endurnýtingar,

m. nánari atriði er varða ólöglegan útflutning, umflutning og innflutning á úrgangi og skyldur aðila til að taka úrgang til baka,
n. ákvæði um skrá sem framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni skal halda, m.a. yfir magn og uppruna úrgangs, áfangastað og viðtakanda hans,
o. samþykki Umhverfisstofnunar, hvaða úrgangur er háður slíku samþykki og eyðublöð fyrir tilkynningu um flutning úrgangs, ásamt sértækum leiðbeiningum og hvaða upplýsingar og skjöl þurfa að fylgja tilkynningunni,
p. önnur atriði sem samræmast lögum þessum.

6. gr.

Innleiðing á reglugerð.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006/EB frá 14. júní 2006 um flutning úrgangs, sem vísað er til í V. kafla í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 73/2008.

7. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Reglugerð (EB) nr. 1013/2006 um flutning úrgangs.

Hinn 14. júní 2006 samþykkti Evrópuþingið og ráðið reglugerð (EB) nr. 1013/2006 um flutning úrgangs. Reglugerðin var tekin inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2008 frá 6. júní 2008. Hefðbundinn frestur Íslands til að innleiða reglugerðina í íslenska löggjöf rann því út 6. desember 2008. Reglugerð (EB) nr. 1013/2006 um flutning úrgangs tengist einnig svokallaðri BAN-samþykkt við Baselsamninginn (alþjóðasamningi um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra).

Að stórum hluta er nú þegar farið að vinna samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1013/2006 hér á landi þó að lagastoð skorti þar sem það er forsenda fyrir flutningi úrgangs til og frá Íslandi. Þannig er t.d. ekki hægt að flytja úrgang frá Íslandi til annarra ríkja EES-svæðisins án þess að lögð sé fram trygging og notuð séu rétt eyðublöð við tilkynningu á flutningnum. Komið hafa upp ýmsir vankantar í sambandi við flutning á úrgangi milli landa þar sem Ísland hefur ekki innleitt reglugerðina og er því afar mikilvægt að innleiða ákvæði hennar hér á landi sem fyrst. Þegar hún verður innleidd að fullu þarf jafnframt að hafa til hliðsjónar reglugerð (EB) nr. 1379/2007 frá 26. nóvember 2007 um breytingu á viðaukum IA, IB, VII og VIII í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um flutning úrgangs, í þeim tilgangi að taka tillit til tæknilegra framfara og breytinga sem þegar hafa verið samþykktar við Baselsamninginn sem og reglugerðar (EB) nr. 669/2008 frá 15. júlí 2008 um að fullgera viðauka IC í reglugerð (EB) nr. 1013/2006 um flutning úrgangs.

Reglugerð (EB) nr. 1013/2006 um flutning úrgangs gildir um innflutning úrgangs, útflutning úrgangs, flutning úrgangs á milli aðildarríkja og umflutning úrgangs. Í reglugerðinni er tilgreint hvaða úrgangur fellur ekki undir gildissvið hennar. Reglugerðin kveður á um að fylla þarf út tilkynningar vegna förgunar og endurnýtingar tiltekins úrgangs. Einnig er kveðið

á um auknar upplýsingar sem lögbær stjórnvöld geta beðið um vegna annars úrgangs og samning milli tilkynnanda og móttakanda um ráðstöfun úrgangsins sem og fjárhagslega ábyrgð.

Reglugerðin tilgreinir nánar hvað samningur tilkynnanda og móttakanda á að innihalda, hvað felst í fjárhagslegri ábyrgð og yfir hvað hún á að ná, svo sem flutningskostnað, meðhöndlun og 90 daga geymslu, einnig hvað á að gera ef ekki er hægt að meðhöndla úrganginn af einhverjum ástæðum eða ef flutningur hans telst ólöglegur. Þá er fjallað um hvenær tilkynning telst frágengin, afgreiðslufresti, hvenær lögbær stjórnvöld geta beðið um frekari upplýsingar eða hvenær þau samþykkja flutning úrgangsins með skilyrðum. Kveðið er á um hvaða ástæður geta legið að baki ef lögbær stjórnvöld mótmæla flutningi úrgangsins til förgunar. Jafnframt er fjallað um samþykki sem þarf að liggja fyrir, bæði af hálfu lögbærra stjórnvalda í landinu sem úrgangurinn er sendur frá og í móttökulandinu. Tilgreindir eru tímafrestir og upplýsingar sem tilkynnandi á að senda til lögbærra stjórnvalda um það hvenær flutningurinn á sér stað. Þá er enn fremur kveðið á um aðgang almennings að gögnum um flutning úrgangs sem lögbær stjórnvöld hafa samþykkt og ekki eru háð trúnaði.

Lögð er sú skylda á aðildarríkin að taka við úrgangi til baka ef ekki er hægt að ljúka við förgun eða endurnýtingu í móttökulandi eða ef flutningur úrgangs telst ólöglegur. Tiltekið er á hvern kostnaður fellur í slíkum tilvikum. Þegar aðildarríki er skylt að taka við úrgangi til baka þá fellur kostnaðurinn á ríkið þangað til réttur eigandi finnst. Finnist hann ekki fellur kostnaðurinn alfarið á aðildarríkið. Fjallað er um hvernig skuli tekið á málum ef kemur upp ágreiningur milli landa um hvort um sé að ræða úrgang eða ekki og skal þá t.d. meðhöndla sendinguna sem úrgang. Kostnaður við umsýslu og eftirlit skal greiðast af tilkynnanda. Heimilt er að gera einfaldari tvíhliða samninga vegna flutnings úrgangs milli landa í ákveðnum tilvikum, t.d. ef næsta meðhöndlunarstöð fyrir úrganginn er í öðru landi en upprunalandi hans.

Meginreglan er sú að bannað er að farga úrgangi utan bandalagsins, nema ef um EFTA-ríki er að ræða. Bannað er að senda tiltekinn úrgang, svo sem spilliefni, til endurnýtingar í löndum sem OECD-ákvörðun C(2001)107 Final nær ekki til. Innflutningur úrgangs til förgunar er bannaður nema frá löndum sem eru aðilar að Baselsamningnum um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra. Innflutningur úrgangs til endurnýtingar er bannaður nema frá löndum sem eru aðilar að framangreindri OECD-ákvörðun eða með sérstöku samkomulagi.

Loks eru í reglugerð (EB) nr. 1013/2006 ákvæði um skýrslugjöf, alþjóðasamstarf, tilnefningu lögbærra stjórnvalda og breytingar á viðaukum. Reglugerðin fellir úr gildi reglugerð (EBE) nr. 259/93 og ákvarðanir 95/774/EB og 1999/412/EB. Reglugerðin tók gildi í Evrópubandalaginu 12. júlí 2007.

Meginbreytingar frá fyrri EB-löggjöf.

Reglugerð (EB) nr. 1013/2006 kemur í stað reglugerðar (EBE) nr. 259/93 og má segja að gildissviðið sé bæði þrengt og víkkað. Reglugerðin nær ekki yfir úrgang frá friðargæsluliðum né úrgang frá Suðurskautslandinu. Þetta er gert til einföldunar á framkvæmd. Einnig er reynt að skilgreina úrgang skýrar með því að vísa í skilgreiningar um úrgang í tilskipun 2006/12/EB, grein 1(1)(a).

Reglugerðin skilgreinir tilkynnanda á nýjan hátt. Ekki er bara um að ræða þann sem úrgangurinn myndast hjá, heldur getur verið um að ræða söfnunaraðila fyrir úrgang, úrvinnslu-

aðila sem hefur meðhöndlað úrganginn fyrir útflutning, úrgangskaupmenn af ýmsu tagi og í síðasta lagi þann sem hefur úrganginn undir höndum.

Reglugerðin skilgreinir einnig hvernig staðið skuli að útflutningi og innflutningi á mismunandi úrgangsflokkum og til hvaða landa megi flytja úrganginn, svo og fyrir hvaða úrgangsflokka þurfi fyrirframsamþykki móttökulandsins með meðfylgjandi ábyrgðum frá útflytjenda fyrir förgun eða endurvinnslu úrgangsins. Þetta er meira og minna óbreytt frá því sem áður var. Það sem breytist er að tímafrestir eru samræmdir bæði við útflutning og innflutning úrgangs. Förgun úrgangs er alltaf háð fyrirframsamþykki móttökulandsins óháð því hvers konar úrgang er um að ræða.

	1. jan. 2005	1. feb. 2009	Hækkun*
Hitaveita Suðurnesja	9,55 ->	11,53 kr/kWh	20,8%
Norðurorka	10,12 ->	11,28 kr/kWh	11,5%
Orkubú Vestfjarða, þéttbýli	9,19 ->	11,47 kr/kWh	24,9%
Orkubú Vestfjarða, dreifbýli	11,42 ->	14,44 kr/kWh	26,4%
Orkuveita Húsavíkur	11,25 ->	12,43 kr/kWh	10,4%
Orkuveita Reykjavíkur	9,56 ->	11,10 kr/kWh	16,0%
Rafveita Reyðarfjarðar	10,71 ->	11,63 kr/kWh	8,6%
Rarik, þéttbýli	10,86 ->	12,75 kr/kWh	17,4%
Rarik, dreifbýli	11,95 ->	15,04 kr/kWh	25,9%

*Nafnverðshækkun

Ef aðeins er horft á þróun flutnings- og dreifingarhluta raforkukostnaðar kemur upp nokkuð önnur mynd, að gefnum sömu forsendum. Gjaldskrár vegna flutnings og dreifingar hafa hækkað um á bilinu 15,5–35,9%, nema á dreifiveitusvæðum Rarik þar sem gjaldskrár hafa hækkað um 41,2% í þéttbýli og 52,4% í dreifbýli. Þá hefur flutningur og dreifing hækkað um 85,4% á dreifiveitusvæði Orkuveitu Húsavíkur. Frávik vegna Orkuveitu Húsavíkur skýrist af því að gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur var lág en orkuverð hátt til að byrja með, en gjaldskrá dreifingar var hækkuð samhliða lækkun orkuverðs frá og með 2006. Frávik vegna gjaldskrár Rarik má að hluta rekja til kerfisbreytinga á gjaldskrá Rarik um síðustu áramót vegna stærri notenda, þar sem tekið er aukið tillit til magns raforkukaupa og jöfnun þannig aukin milli þeirra sem nýta raforku til hitunar og annarra. Á sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um 40,1% og hefur því alls staðar orðið raunlækkun nema hjá Rarik og Orkuveitu Húsavíkur, þegar miðað er við 5.000 kWstunda notkun.

Þeir raforkunotendur sem nýta raforku til húshitunar greiða talsvert lægra verð á hverja kWh en munurinn skýrist af minna vægi fastagjalds vegna mikilla orkukaupa. Hér að neðan er samanburður á orkuverði til rafhitunarnotenda.

	1. jan. 2005	1. feb. 2009	Hækkun*
Hitaveita Suðurnesja	5,25 ->	6,83 kr/kWh	30,0%
Norðurorka	5,34 ->	6,58 kr/kWh	23,1%
Orkubú Vestfjarða, þéttbýli	4,98 ->	6,77 kr/kWh	35,9%
Orkubú Vestfjarða, dreifbýli	7,21 ->	9,73 kr/kWh	35,0%
Orkuveita Húsavíkur	4,17 ->	7,72 kr/kWh	85,4%
Orkuveita Reykjavíkur	5,53 ->	6,39 kr/kWh	15,5%
Rafveita Reyðarfjarðar	5,35 ->	6,92 kr/kWh	29,3%
Rarik, þéttbýli	5,69 ->	8,04 kr/kWh	41,2%
Rarik, dreifbýli	6,78 ->	10,33 kr/kWh	52,4%

*Nafnverðshækkun

2. *Hefur raforkuverð þróast í samræmi við það sem vænst var þegar raforkulögin voru sett?*

Sú raunlækkun sem orðið hefur á raforkuverði til almennrar heimilisnotkunar (14–32%) frá 1. janúar 2005 hlýtur að teljast nokkuð ásættanleg. Hafa ber í huga að við gildistöku raforkulaga breyttu dreifiveitur gjaldskrám sínum þannig að raforkukostnaður atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni og notenda vegna almennra raforkukaupa lækkaði nokkuð 1. janúar 2005

frá því sem verið hafði. Raforkulögin urðu þannig til að lækka kostnað þessara aðila í samræmi við væntingar. Hins vegar liggur fyrir að kostnaður við rafhitun hefur hækkað nokkuð umfram vísitölu neysluverðs og líklega umfram væntingar. Ástæður þessa eru að við setningu raforkulaga varð óheimilt að jafna kostnaði við rafhitun á aðra notendur og að niðurgreiðslur ríkisins hafa ekki vegið upp á móti brottfalli afsláttar orkufyrirtækja og ekki haldið í við þær gjaldskrárhækkanir sem orðið hafa.

Samanburður við önnur lönd sýnir að raforkuverð á Íslandi er lágt. Samorka birti nýverið samanburð sinn á rafmagnskostnaði heimila í höfuðborgum Norðurlandanna. Niðurstöðurnar sýna að fyrir bankakreppu var heimilisrafmagn ódýrast í Helsinki en Reykjavík fylgdi fast á eftir. Síðan komu Ósló og Stokkhólmur en dýrast var rafmagnið í Kaupmannahöfn. Eftir bankakreppu og gengisfall íslensku krónunnar er staðan sú að rafmagnið er ódýrast í Reykjavík, en litlu dýrara í Helsinki. Í Ósló er rafmagnið um 35% dýrara en í Reykjavík og um 63% dýrara í Stokkhólmi. Í Kaupmannahöfn er rafmagnið hins vegar langdýrast, meira en fjórfalt dýrara en í Reykjavík.

3. *Hvað kostar kílóvattstundin til að hita annars vegar upp hús í Reykjavík með jarðvarma og hins vegar tilsvarandi hús á Skagaströnd með rafmagni?*

Að gefnu sama útihitastigi, sama innihitastigi, 30.000 kWstunda árlegri hitanotkun og fullum rafhitunarniðurgreiðslum á Skagaströnd og að nýtt hitastig vatns í Reykjavík sé niður í 35°C þá kostar 147 þús. kr. á ári (4,9 kr/kWh) að kynda húsið á Skagaströnd en 60 þús. kr. (2,0 kr/kWh) í Reykjavík. Reykvíkingur borgar samkvæmt þessu rúm 40% af kyndikostnaði þess á Skagaströnd.

4. *Er það í samráði við stjórnvöld að raforkufyrirtæki stórhækka raforkuverð og flutningskostnað til neytenda víða um land þrátt fyrir tilmæli stjórnvalda til þjónustustofnana ríkis og sveitarfélaga um að halda aftur slíkum hækkunum?*

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að raforkufyrirtæki hafi haft samráð við stjórnvöld um hækkanir á raforkuverði að öðru leyti en því að gjaldskrárhækkanir voru tilkynntar Orkustofnun í samræmi við ákvæði raforkulaga. Ekkert samráð var haft við iðnaðarráðuneyti en hafa ber í huga að fjármálaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í orkufyrirtækjum þess, skipar fulltrúa í stjórn þeirra og almennar ákvarðanir um rekstur orkufyrirtækja ríkisins heyra því undir fjármálaráðuneytið.

Dreifiveitur og flutningsfyrirtæki tilkynna Orkustofnun um breytingar á gjaldskrám til Orkustofnunar. Orkustofnun hefur ekki komið í veg fyrir gildistöku þeirra enda ekki haft lagalegar heimildir til að leggjast gegn þeim þar sem hækkanir hafa verið innan þeirra tekjumarka sem fyrirtækjunum eru sett á grundvelli raforkulaga.

5. *Hvernig vill ráðherra tryggja meiri jöfnuð hvað varðar orkuverð til heimila og minni fyrirtækja í landinu?*

Það liggur fyrir að kostnaður við vinnslu, flutning og dreifingu orku er mismikill eftir svæðum. Með tilkomu raforkulaga urðu grundvallarbreytingar á skipan raforkumála. Lögin byggja á því að æskilegt sé að notendur raforku hafi vitneskju um raunkostnað í raforkukerfinu til þess að stuðla að hagkvæmri nýtingu þess. Því var miðað við að gjaldtaka yrði sem mest í samræmi við raunkostnað og félagslegum aðgerðum til að jafna kostnað vegna flutnings og dreifingar haldið utan við gjaldskrá. Þó var tekin ákvörðun um jöfnun kostnaðar í

flutningskerfinu og það útvíkkað nokkuð frá því sem verið hafði. Með þessu var tryggt að landsmenn sætu við sama borð hvað varðar kostnað við flutning raforku.

Ef rýnt er í tölurnar um þróun raforkuverðs kemur í ljós að mismunur á lægsta og hæsta raforkuverði til meðalheimilisnotenda í þéttbýli er 1,65 kr/kWst (11,10–12,75 kr/kWst). Hjá notendum sem nota 5000 kWst á ári samsvarar þetta 8.250 kr. eða tæpum 690 kr. á mánuði.

Það er ljóst að óánægja með raforkuverð er einkum hjá þeim sem búa við rafhitun. Ríkissjóður ver nú um 1 milljarði á ári í niðurgreiðslur á rafmagni til húshitunar. Það er því vert að skoða aðra kosti varðandi húshitun.

Það liggur fyrir að kostnaður við húshitun með hitaveitu er í flestum tilvikum ódýrari kostur og því hefur ýmislegt verið gert til að hvetja til jarðhitaleitar og hitaveituuppbyggingar. Þannig var á síðasta ári m.a. ákveðið að verja 172 millj. kr. til jarðhitaleitar á 29 stöðum umhverfis landið. Einnig hafa verið veittir styrkir til að stofna nýjar hitaveitur og var m.a. gert sérstakt átak í þeim efnum við afgreiðslu síðustu fjáraukalaga.

Til að auka valkosti við hitun á köldum svæðum enn frekar hefur verið lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar. Verði frumvarpið samþykkt skapast möguleikar á að veita styrki til nýrrar og umhverfisvænnar orkuöflunar til húshitunar, svo sem með varmadælum, en sú tæknilausn hefur gefið góða raun þar sem ekki er nægilegur jarðhiti til beinnar notkunar jarðvarma til húshitunar. Þá er einnig ætlunin að veita styrki til endurbóta á húsnæði þar sem húshitunarkostnaður er óeðlilega hár. Slíkar aðgerðir eru til þess fallnar að lækka húshitunarkostnað, draga úr kostnaði ríkissjóðs vegna niðurgreiðslna á rafhitun og skapa iðnaðarmönnum atvinnu. Slíkar aðferðir við að jafna húshitunarkostnað eru öllum til hagsbóta.

841. Nefndarálit [429. mál]

um frv. til l. um breyt á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Gunnar Val Sveinsson frá Samtökum ferðaþjónustu, Arthur Bogason frá Landssambandi smábátaeigenda, Jóhann Guðmundsson og Kristján Frey Helgason frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og Magnús Daníelsson.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, m.a. að ráðherra fái heimild til að leyfa takmarkaðar veiðar í fræðsluskyni og að leyfilegum heildarafla í karfa verði skipt upp í veiðar úr gullkarfa og djúpkarfa. Viðamesta breytingin er þó að settar verði ítarlegar reglur um frístundaveiðar sem fara fram á vegum ferðaþjónustuaðila. Frístundaveiðar við Ísland er nýr vaxandi þáttur í ferðaþjónustu hér á landi og aðeins örfá ár síðan slíkar veiðar hófust hér við land. Með frumvarpinu er ætlað að skýra og styrkja starfsumhverfi þessarar greinar ferðaþjónustunnar eins og hún snýr að markmiðum fiskveiðistjórnarinnar.

Meiri hlutinn leggur til að gerð verði breyting á frumvarpinu. Lagt er til að ráðherra verði heimilað að setja nánari leiðbeiningar í reglugerð í tengslum við leyfi það sem tilgreint er í 1. tölul. 4. efnismgr. 2. gr., m.a. um fjölda sjóstanga og/eða færarúlla sem heimilt er að nota

hverju sinni. Meiri hlutinn telur rétt að málið verði tekið til endurskoðunar í haust með hliðsjón af reynslu sumarsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. málsl. 1. tölul. 4. efnismgr. 2. gr. orðist svo: Ráðherra setur frekari leiðbeiningar um þessi atriði í reglugerð.

Karl V. Matthíasson skrifar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 30. mars 2009.

Atli Gíslason, form., frsm.	Helgi Hjörvar.	Karl V. Matthíasson, með fyrirvara.
Herdís Þórðardóttir.	Magnús Stefánsson.	Jón Gunnarsson.
Valgerður Sverrisdóttir.	Einar K. Guðfinnsson.	

842. Tillaga til þingsályktunar [459. mál]

um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum.

Flm.: Eygló Harðardóttir, Álfheiður Ingadóttir, Björk Guðjónsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Siv Friðleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn ráðgjafarstofu fyrirtækja. Markmið ráðgjafarstofunnar verði að aðstoða fyrirtæki sem eiga í greiðsluörðugleikum við endurskipulagningu rekstrar eða til að hætta rekstri.

Greinargerð.

Óveður ríkir nú í íslensku og alþjóðlegu efnahagsumhverfi. Gjaldþrot Glitnis, Landsbankans og Kaupþings hafa orsakað geysilega erfiðleika bæði hjá íslenska ríkinu og í atvinnulífinu. Ljóst má vera að fjölmörg fyrirtæki eiga í miklum greiðsluerfiðleikum og eiga á hættu að verða gjaldþrota eða þurfa að hætta rekstri á næstu missirum. Árið 2008 urðu tæplega 728 fyrirtæki gjaldþrota og er gert ráð fyrir mikilli fjölgun gjaldþrota á þessu ári. Nýjustu tölur sýna 70% aukningu í janúar á þessu ári frá janúar í fyrra. Sérfræðingar virðast sammála um að fjöldi þeirra sem eiga núna í miklum erfiðleikum eða eiga eftir að lenda í örðugleikum á næstu vikum og mánuðum verði margfaldur á við venjulegt árferði. Því er mikilvægt að setja upp stuðningskerfi sem allra fyrst fyrir þessi fyrirtæki ef atvinnulífið á að eiga sér viðreisnarvon og til að forða almenningi frá fjöldaatvinnuleysi og félagslegum afleiðingum þess.

Ráðgjafarstofa fyrir fyrirtæki í greiðsluörðugleikum kæmi til með að gegna svipuðu hlutverki og ráðgjafarstofa fyrir heimilin. Hún mundi aðstoða eigendur og stjórnendur fyrirtækja við að yfirfara reksturinn, semja við lánardrottna og ráðleggja um áframhaldandi rekstur eða stöðvun. Hugmyndin er ekki ný af nálinni en á við hvort sem stormar geisa í efnahagslífinu eða þegar vel gengur. ESB setti fram þess háttar hugmyndir í verkefninu *Restructuring, Bankruptcy and a Fresh Start* árið 2002. Ef samfélög telja það þess virði að einstaklingar hefji rekstur fyrirtækja þarf að vera til stuðningskerfi til að takast á við rekstrarörðugleika og gjaldþrot fyrirtækja.

Mikilvægt er að ráðgjafarstofa starfi náið með öðru stuðningskerfi fyrir atvinnulífið og dómskerfinu. Tilvalið væri að ráðgjafarstofan starfaði náið með Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem þegar styður markvisst við frumkvöðla, lítil og meðalstór fyrirtæki. Stofan gæti leitt samvinnu endurskoðenda, fjármálastofnana, lögfræðinga, skiptastjóra, dómstóla, Ábyrgðasjóðs launa og ríkisskattstjóra til að hjálpa rekstraraðilum að komast út úr erfiðleikunum eða taka ákvörðun um rekstrarstöðvun. Stjórnendum yrði kennt hver viðvörunarmerkin væru, utanaðkomandi ráðgjöf kæmi að eins fljótt og hægt væri, og skýrar upplýsingar yrðu aðgengilegar um leiðir út úr erfiðleikum, svo sem almennt um endurskipulagningu rekstrar, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti.

Samfélagslegar afleiðingar af gjaldþroti fyrirtækja eru margvíslegar. Eigendur geta misst allt sitt, starfsmenn missa atvinnuna og lánardrottnar tapa fjármunum. Álag á starfsmenn og eigendur getur verið geysilega mikið og jafnvel leitt til varanlegs heilsuskaða. Því skiptir miklu að ríkið grípi strax til aðgerða til að lágmarka skaðann, bæði fyrir einstaklingana og samfélagið. Enda ætti stuðningskerfi fyrirtækja í greiðsluörðugleikum að vera jafn mikilvægur þáttur í að byggja og viðhalda stöðugu atvinnulífi og sá stuðningur sem veittur er fyrirtækjum í upphafi rekstrar. Í þeim tilgangi er þessi tillaga flutt.

843. Nefndarálit [356. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn).

Frá 1. minni hluta viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tryggva Hallgrímsson frá Jafnréttisstofu, Halldóru Traustadóttur og Margréti Sverrisdóttur frá Kvenréttindafélagi Íslands, Unni Erlu Jónsdóttur frá Nýja Kaupþingi, Guðrúnu J. Jónsdóttur og Skúla Jónsson frá ríkisskattstjóraembættinu, Guðrúnu Björk Bjarnadóttur frá Samtökum atvinnulífsins og Jón Ögmund Þormóðsson og Sigríði Rafnar Pétursdóttur frá viðskiptaráðuneyti. Nefndinni bárust umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Jafnréttisráði, Jafnréttisstofu, Kauphöll Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands, Nýja Kaupþingi banka hf., Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum verslunar og þjónustu, Seðlabanka Íslands og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til þrenns konar breytingar á lögum um hlutafélög en ein þeirra tekur einnig til laga um einkahlutafélög. Er í fyrsta lagi með 1. og 5. gr. frumvarpsins lögð til breyting á ákvæðum laga um hlutafélög í þá veru að skylda stjórn hlutafélags til að

sjá til þess að hlutaskrá, sbr. 30. gr. laganna, geymi á hverjum tíma réttar upplýsingar um hluthafa, hlutafjáreign þeirra og atkvæðisrétt. Þá skuli stjórn félags leggja fyrir aðalfund samantekt um hlutafjáreign einstakra hluthafa, rétt þeirra til að greiða atkvæði og um breytingar sem orðið hafa á árinu. Sambærilegar upplýsingar skal stjórnin leggja fyrir um samstæðutengsl félagsins. Tilgangur þessara ákvæða er að auka gagnsæi hvað varðar eignarhald og atkvæðisrétt í íslenskum hlutafélögum og koma þannig til móts við þá gagnrýni að það hafi skort í íslensku viðskiptalífi.

Þá er í öðru lagi með 2., 3., 8. og 9. gr. frumvarpsins lagt til að tekið verði upp í lög um hlutafélög og lög um einkahlutafélög ákvæði um að gæta skuli að kynjahlutföllum í stjórnum og við ráðningu framkvæmdastjóra. Gert er ráð fyrir því að í tilkynningum til hlutafélagaskrár skuli sundurliða upplýsingar um hlutfall kynja í stjórn og meðal framkvæmdastjóra, svo og hlutfall kynja meðal starfsmanna eftir stöðu þeirra í skipulagi félags. Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að hér væri um of víðfeðma upplýsingagjöf að ræða og aukið skrifræði. Var vísað til þess að það væri fremur í takt við markmið frumvarpsins að einungis yrði tilkynnt um kynjahlutföll í stjórnendahópi félaga. Bent var á að ráða mætti kyn stjórnarmanna af nöfnum þeirra í tilkynningum sem nú eru sendar hlutafélagaskrá og að hlutafélagaskrá gæti skráð upplýsingar um kyn. Í 1. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög er kveðið á um að í stjórn opinbers hlutafélags skuli tryggt að sitji sem næst jafnmargar konur og karlar. Um það var rætt í nefndinni hvort ákvæði frumvarpsins þyrfti ekki að vera afdráttarlausara en svo að mæla fyrir um að gætt skuli að kynjahlutföllum. Töldu sumir gesta nefndarinnar að ganga ætti lengra, t.d. í þá veru að mæla fyrir um 40/60 kynjakvóta og var m.a. vísað til norskra laga um það efni en í þeim er tilgreindur lágmarksfjöldi af hvoru kyni í stjórnum hlutafélaga í hlutfalli við fjölda stjórnarmanna. Við setningu norsku laganna var félögum veittur rúmur tími til aðlögunar. Gestir nefndarinnar bentu einnig á það að nú þegar hvíla skyldur á félögum samkvæmt jafnréttislögum. Þótti sumum sú viðbót sem kveðið er á um í frumvarpinu óljós en aðrir gerðu ekki athugasemdir við að í lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög væri að finna almenn hvatningarorð um að gætt skuli að jafnrétti kynjanna. 1. minni hluti telur að með frumvarpinu sé a.m.k. stigið skref í rétta átt og bendir á að þær upplýsingar sem hér um ræðir munu gagnast Jafnréttisstofu vel við eftirlit með framkvæmd jafnréttisáætlana. 1. minni hluti bendir á að samkvæmt úttekt Hagstofu Íslands, Konur og karlar í áhrifastöðum 2008, kemur fram að um níu af hverjum tíu framkvæmdastjórum, stjórnarformönnum og stjórnarmönnum fyrirtækja með 50 starfsmenn eða fleiri séu karlar. Þar segir einnig að á tímabilinu 1999–2007 hafi kynjaskipting stjórnarmanna og stjórnarformanna nánast verið sú sama, 22% konur og 78% karlar. Á sama tímabili hafi hlutfall kvenna í framkvæmdastjórnum aukist úr 15% í 19%. 1. minni hluti telur mikilvægt, verði frumvarpið að lögum, að grannt verði fylgst með framkvæmdinni og því hvort lögin nái þeim yfirlýsta tilgangi að auka hlut kvenna í stjórnunarstöðum í hlutafélögum og einkahlutafélögum, en hugsanlegt er að síðar verði aðrar leiðir skoðaðar.

Í þriðja lagi er í 4. gr. frumvarpsins lagt til að við lög um hlutafélög verði bætt ákvæði um starfandi stjórnarformenn. Ákvæðið byggist m.a. á áliti nefndar um íslenskt viðskiptaumhverfi frá september 2004. Meiri hluti hennar lagði til að stjórnarformanni hlutafélags yrði ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem féllu undir eðlileg störf stjórnarformanns. Í áliti nefndarinnar kom fram að hún teldi óæskilegt að stjórnarformenn væru í reynd hluti af framkvæmdastjórn félags enda væri eitt af hlutverkum stjórnarformanns að stýra eftirliti stjórnar með félaginu. Fram hefur komið að ákvæðið er byggt á grein í dönskum lögum um hlutafélög en þar á það þó aðeins við um félög sem eru skráð á markað.

Við umfjöllun málsins í nefndinni var bent á að danska ákvæðið væri umdeilt auk þess sem óljóst þætti hvað teldist „eðlilegur hluti starfa stjórnarformanns“. Þá var rætt um að ákvæðið gæti orðið íþyngjandi fyrir minni hlutafélög. 1. minni hluti bendir á að hérlendis starfa mörg stór félög sem ekki eru skráð og má geta þess að yrði gerð breyting um að 4. gr. frumvarpsins næði aðeins til skráðra félaga mundi hún einungis ná til 12 hlutafélaga. Enn fremur ítrekar 1. minni hluti það hlutverk stjórnarformanns að hann skuli stýra eftirliti stjórnar með félagi. Því verður að telja hættu á hagsmunaárekstrum ef stjórnarformaður er jafnframt starfsmaður félagsins þar sem hann stjórnar þá í raun eftirliti með sjálfum sér. Með ákvæðinu er stefnt að því að minnka líkur á slíkum hagsmunaárekstrum en 1. minni hluti áréttar að stjórn félags mun geta falið stjórnarformanni að vinna einstök verkefni fyrir hana.

Fyrsti minni hluti leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Lagt er til að 2. og 8. gr. verði breytt þannig að sundurliðun upplýsinga um hlutföll kynja meðal starfsmanna nái aðeins til einkahlutafélaga og hlutafélaga þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli. Er þetta gert til að undanskilja minnstu félögin en þessi fjöldi samræmist ákvæðum jafnréttislaga um að félög af þessari stærð skuli gera jafnréttisáætlanir eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Er einnig lagt til breytt orðalag þannig að í stað þess að veita skuli upplýsingar um hlutföll kynja „meðal starfsmanna eftir stöðu í skipulagi“ verði kveðið á um að veittar verði upplýsingar um hlutföll kynja meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins. Úr þessum upplýsingum mætti þá ráða hversu margir karlar og/eða hversu margar konur gegna stjórnunarstöðum í félagi miðað við heildarstarfsmannafjölda þess. 1. minni hluti leggur til breytingu á orðalagi 2. málsl. 2. gr. og 2. málsl. 8. gr. í þá veru að skjóta inn orðunum „um stjórnir“ til að hnykkja á því að þær upplýsingar sem veita skal samkvæmt ákvæðum frumvarpsins ber að veita samhliða því að tilkynnt er en ekki þarf að tilkynna samstundis um minnstu breytingar í starfsmannahaldi. 1. minni hluti telur upplýsingagjöf af þessu tagi þjóna því hlutverki að gera sýnilegan hlut kvenna og karla í starfsemi félaga til þess að leiðrétta megi halla sem slík upplýsingagjöf kann að leiða í ljós. Þannig verði náð því markmiði frumvarpsins að stuðla að jafnari hlut kvenna og karla í áhrifastöðum í hlutafélögum og einkahlutafélögum með auknu gagnsæi og greiðari aðgangi að upplýsingum.

Þá leggur 1. minni hluti til að við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða um að heimilt verði að fresta framkvæmd ákvæða um starfandi stjórnarformann til næsta aðalfundar eftir aðalfund árið 2009. Er þannig veittur tími til aðlögunar til að ráðrúm gefist til að koma málum þannig fyrir að samræmist ákvæðum laganna, verði frumvarpið að lögum. 1. minni hluti leggur einnig til lagfæringu á 7. gr. frumvarpsins.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Höskuldur Þórhallsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. mars 2009.

Álfheiður Ingadóttir, form., frsm.	Gunnar Svavarsson.	Lúðvík Bergvinsson.

Valgerður Sverrisdóttir.

844. Breytingartillögur [356. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn).

Frá 1. minni hluta viðskiptanefndar (ÁI, GSv, LB, VS).

1. Við 2. gr. Í stað 2. efnismálsl. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Í tilkynningum um stjórnir til hlutafélagaskrár skal sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn. Í hlutafélögum þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal jafnframt sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins.
2. Við 7. gr. Í stað orðanna „83. gr.“ í a-lið komi: 84. gr.
3. Við 8. gr. Í stað 2. efnismálsl. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Í tilkynningum um stjórnir til hlutafélagaskrár skal sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn. Í einkahlutafélögum þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal jafnframt sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins.
4. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Haldi hlutafélag aðalfund innan lögmæltra tímamarka árið 2009 er því þó heimilt að fresta framkvæmd ákvæða um starfandi stjórnarformann til næsta aðalfundar þar á eftir.

845. Lög [281. mál]

um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21 26. mars 1991 (greiðsluaðlögun).

(Afgreidd frá Alþingi 30. mars 2009.)

1. gr.

Tilvísunin „1.–3. og 5. tölul.“ í 3. mgr. 28. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Við 3. þátt laganna bætist nýr kafli, X. kafli a, **Greiðsluaðlögun,** með níu nýjum greinum, 63. gr. a – 63. gr. i, sem orðast svo:

a. (63. gr. a.)

Samkvæmt fyrirmælum þessa kafla getur maður leitað nauðasamnings til greiðsluaðlögunar ef hann sýnir fram á að hann sé og verði um fyrirséða framtíð ófær um að standa í skilum með skuldbindingar sínar.

Lögin ná ekki til einstaklinga sem undangengin þrjú ár hafa borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi, hvort sem þeir hafa lagt stund á hana einir eða í félagi við aðra, nema því aðeins að atvinnurekstri hafi verið hætt og þær skuldir sem stafa frá atvinnurekstrinum séu tiltölulega lítill hluti af heildarskuldum þeirra.

Eftir því sem átt getur við gilda almennar reglur laga þessara um slíka nauðasamninga, þar á meðal heimild til að leita þeirra og samningsumleitanir, að því leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum þessa kafla.

b. (63. gr. b.)

Með greiðsluaðlögun má kveða á um algera eftirgjöf samningskrafna, hlutfallslega lækkun þeirra, gjaldfrest á þeim, greiðslu þeirra með hlutdeild í afborgunarfjárhæð skv. 3. mgr. 63. gr. c í einu lagi eða með ákveðnu millibili á nánar tilteknu tímabili, breytt form á greiðslu þeirra eða fernt það síðastnefnda í senn.

c. (63. gr. c.)

Skuldari sem æskir heimildar til að leita greiðsluaðlögunar skal gera beiðni um hana samkvæmt því sem segir í 7. gr. og 1., 3. og 4. tölul. 34. gr. Henni skulu fylgja gögn sem hún er studd við ásamt greiðsluáætlun skv. 2. mgr. og gögnum til staðfestingar upplýsingum í henni, vottorði um hjúskaparstöðu og fjölskyldu og síðustu fjórum skattframtölum skuldara.

Í greiðsluáætlun skuldara skal koma fram:

1. hverjar tekjur hans eru og annarra sem teljast til heimilis með honum, hvort sem er af vinnu eða öðrum sökum, og upplýsingar um af hvaða samningum eða atvikum tekjurnar ráðast, svo og hvort horfur séu á að breytingar verði á tekjum þeirra eða atvinnuhögum,
2. hvort hann muni hafa fé af öðru en tekjum sínum til að greiða af skuldum, svo sem vegna sölu eigna eða fjárframlaga annarra,
3. sundurliðuð fjárhæð skulda sem þegar eru gjaldfallnar, svo og fjárhæð ógjaldfallinna skulda og eftir atvikum upplýsingar um afborgunarkjör, gjalddaga, vexti og verðtryggingu þeirra, en frá þessu öllu skal greint án tillits til þess hvort greiðsluaðlögun sé ætlað að ná til þessara skuldbindinga,
4. framtíðaráætlun um meðaltal mánaðarlegra útgjalda skuldara og þeirra sem teljast til heimilis með honum, þar á meðal vegna framfærslu, opinberra gjalda, húsaleigu og afborgana af skuldum sem tryggðar eru með veði eða á annan hátt í íbúðarhúsnæði eða öðrum eignum skuldara sem hann hyggst leitast við að eiga áfram,
5. hvað ætla megi af framansögðu og öðru sem máli getur skipt að afborgunarfjárhæð geti orðið af samningskröfum, hvenær hún verði greidd í einu lagi eða með reglubundnum greiðslum á tilteknu tímabili og hvort og þá hvaða trygging verði sett fyrir þeim.

Afborgunarfjárhæð, sem fundin er skv. 5. tölul. 2. mgr., skal bundin við launavísitölu eða á annan hátt við tilteknar mælingar á verðlagsbreytingum sem svara til þess hvernig skuldari hyggst afla tekna til að standa undir greiðslu hennar. Tekið skal fram í greiðsluáætlun hvernig verðtryggingu samkvæmt þessu verði háttað.

Í greiðsluáætlun má setja ákvæði um að kröfur innan tiltekinnar fjárhæðar, sem hefðu ella talist samningskröfur, verði greiddar að fullu ef sú fjárhæð verður talin óveruleg í ljósi fjárhags skuldara, en ákvæði sem þetta má ekki standa nema allar samningskröfur fáist að minnsta kosti greiddar með þeirri fjárhæð. Leiti skuldari eftir því að tilteknir lánardrottnar hans afsali sér í einhverju tilkalli til hlutdeildar í afborgunarfjárhæð skal þess sérstaklega getið í greiðsluáætlun.

Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að skuldara bjóðist endurgjaldslaus aðstoð við gerð beiðni og fylgigagna með henni hjá opinberri stofnun eða öðrum. Eigi skuldari kost á slíkri aðstoð getur hann ekki notið greiðslu sem þessu svarar eftir lögum um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga.

d. (63. gr. d.)

Auk þeirra ástæðna sem skv. 1. mgr. 38. gr. skulu leiða til þess að héraðsdómari synji um heimild til að leita nauðasamnings getur héraðsdómari hafnað beiðni um heimild til að leita greiðsluaðlögunar ef eitthvert eftirtalinna atriða á við:

1. að fyrirliggjandi gögn gefi ekki nægilega glögga mynd af fjárhag skuldara eða væntanlegri þróun fjárhags hans á því tímabili sem greiða á af skuldum hans samkvæmt greiðsluáætlun,
2. að skuldari hafi hagað fjármálum sínum á verulega ámælisverðan hátt eða tekið fjárhagslega áhættu sem ekki var í samræmi við fjárhagsstöðu hans á þeim tíma sem til fjárhagsskuldbindingarinnar var stofnað,
3. að til skulda hafi verið stofnað á þeim tíma er skuldari var greinilega ófær um að standa við fjárhagsskuldbindingar sínar,
4. að skuldari hafi bakað sér skuldbindingu sem einhverju nemur miðað við fjárhag hans með háttsemi sem varðar refsingu eða skaðabótaskyldu,
5. að skuldari hafi svo að máli skipti látið hjá líða að standa í skilum við lánardrottna sína þótt honum hefði verið það kleift að einhverju leyti eða öllu,
6. að ætla megi að skuldari hafi hagað gerðum sínum svo sem raun varð á með ráðnum hug um að leita greiðsluaðlögunar.

Skuldari má skjóta til æðra dóms úrskurði héraðsdómara þar sem synjað er um heimild til að leita greiðsluaðlögunar. Ef heimildin er veitt fyrir æðra dómi miðast tímamörk í ákvæðum VI. kafla við þann dag sem úrlausn hans er kveðin upp. Úrskurði héraðsdómara þar sem veitt er heimild til að leita greiðsluaðlögunar verður ekki skotið til æðra dóms.

Um skipun og stöðu umsjónarmanns með greiðsluaðlögun fer skv. 2. mgr. 39. gr. Þóknun umsjónarmanns greiðist úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði af greiðsluaðlögun samkvæmt ákvörðun héraðsdómara. Þóknunin skal þó aldrei vera hærri en 200 þús. kr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að fela sýslumanni, einum eða fleiri, eða opinberri stofnun umsjón með nauðasamningi um greiðsluaðlögun.

e. (63. gr. e.)

Í innköllun umsjónarmanns til lánardrottna skuldara skal auk þess sem segir í 1. mgr. 44. gr. koma fram að leitað sé greiðsluaðlögunar, svo og hvenær fundur verði haldinn með þeim sem telja sig eiga samningskröfur á hendur skuldara til að fjalla um greiðsluáætlun hans. Áætlunin skal fylgja tilkynningu til lánardrottna skv. 2. mgr. 44. gr.

Þeir lánardrottnar sem fara með samningskröfur á hendur skuldara og hafa lýst kröfum sínum fyrir umsjónarmanni innan kröfulýsingarfrests eiga einir upp frá því rétt á að láta málið til sín taka.

Þegar kröfulýsingarfrestur er á enda skal umsjónarmaður gera skrá um samningskröfur sem borist hafa innan frestsins og skal greint í henni frá þeim atriðum sem getið er í 1. og 2. tölul. 1. mgr. 46. gr. Nú hefur samningskröfu ekki verið lýst sem skuldari hefur gert grein fyrir í greiðsluáætlun og skal þá umsjónarmaður krefja þann lánardrottin svara um hvort krafan sé til, en reynist svo vera skal hún tekin upp í skrána með þeirri fjárhæð sem upplýst hefur verið um. Þegar skuldara hefur gefist kostur á að kynna sér skrána skal umsjónarmaður veita honum aðstoð til að gera breytingar á greiðsluáætlun ef efni standa til þeirra.

f. (63. gr. f.)

Fundur skal haldinn til að fjalla um greiðsluáætlun skuldara innan tveggja vikna frá lokum kröfulýsingarfrests og gilda um hann ákvæði 1. og 2. mgr. 48. gr. eftir því sem á við. Sé kröfu á skrá skv. 3. mgr. 63. gr. e mótmælt af öðrum lánardrottni eða skuldaranum skal umsjónarmaður staðreyna hvort deila standi um kröfuna í heild eða afmarkaðan hluta hennar og leitast annars við að jafna ágreining um hana. Slíkur ágreiningur stendur að öðru leyti ekki því í vegi að umleitunum til greiðsluaðlögunar verði fram haldið.

Á fundinum ber skuldara að gefa þær skýringar sem lánardrottnar leita eftir, en umsjónarmaður skal síðan gefa þeim hverjum fyrir sig kost á að lýsa afstöðu sinni til greiðsluáætlunar skuldara sem greint skal frá í fundargerð. Skuldara skal að því gerðu gefinn kostur á að endurskoða greiðsluáætlun vegna fram kominna athugasemda og taka eftir atvikum afstöðu til þess hvernig hann hafi í hyggju að fara með umdeilda kröfu, en að þessu öllu gerðu skal hann lýsa yfir að greiðsluáætlun sé endanleg.

g. (63. gr. g.)

Þegar greiðsluáætlun skuldara er orðin endanleg skal umsjónarmaður innan viku taka rökstudda afstöðu til þess í skriflegri greinargerð hvort hann mæli með því að greiðsluaðlögun komist á fyrir skuldarann. Við mat á því skal umsjónarmaður meðal annars líta til þess hvort nokkuð hafi komið fram sem í öndverðu hefði átt að standa í vegi greiðsluaðlögunar, hvort skuldari leiti eftirgjafar umfram það sem eðlilegt megi telja í ljósi fjárhags hans og framtíðarhorfa, hvort skuldari hafi sinnt skyldum sínum skv. 2. mgr. 63. gr. f og staðið að öðru leyti heiðarlega að verki við umleitanir til greiðsluaðlögunar, hvort raunhæft sé að hann muni geta staðið við skuldbindingar sínar að fenginni aðlögun þeirra að greiðslugetu sinni og hvert sé viðhorf þeirra lánardrottna sem hafa látið samningsumleitanirnar til sín taka.

Mæli umsjónarmaður gegn því að greiðsluaðlögun komist á skal hann tafarlaust senda greinargerð sína ásamt skriflegri tilkynningu til skuldara og héraðsdómara. Þegar sú tilkynning berst héraðsdómara fellur sjálfkrafa niður heimild skuldara til að leita greiðsluaðlögunar. Falli heimildin niður samkvæmt þessu eða af öðrum þeim ástæðum sem greinir í 41. eða 42. gr. skal umsjónarmaður fá birta svo fljótt sem verða má auglýsingu um þau málalok í Lögbirtingablaði.

Nú mælir umsjónarmaður með því að greiðsluaðlögun komist á og svarar það þá til þess að samþykkt hafi verið við atkvæðagreiðslu frumvarp að nauðasamningi eftir ákvæðum VIII. kafla. Skal umsjónarmaður þá boða skuldara tafarlaust á sinn fund og láta honum í té greinargerð sína ásamt samþykktu frumvarpi að greiðsluaðlögun þar sem eftirfarandi skal koma fram:

1. hvað skuldari bjóðist til að inna af hendi til greiðslu á samanlögðum samningskröfum, þar á meðal með greiðslu af afborgunarfjárhæð, hvort heldur með eingreiðslu tiltekinn dag eða á nánar tilgreindum gjalddögum hverju sinni, svo og hvernig sú fjárhæð verði verðtryggð,
2. hvaða lánardrottnar eigi þessar samningskröfur, hversu mikið hver og hvaða hlutfallslega greiðslu þeir fái af kröfum sínum eða hvert hlutfall hvers þeirra verði í afborgunarfjárhæð,
3. hvort skuldari geri ráð fyrir að umdeild krafa, ein eða fleiri með nánari tilgreiningu, sé meðal þeirra sem greitt verði af skv. 2. tölul. eða hvort hann beri sjálfur áhættu af niðurstöðu um hana,

4. hvort tilteknar skuldir verði greiddar að fullu eða meira gefið eftir af þeim en af öðrum samningskröfum, sbr. 4. mgr. 63. gr. c,
5. hvort trygging verði sett fyrir greiðslum og þá hver hún sé.

Umsjónarmaður skal senda lánardrottnum, sem lýst hafa kröfu við umleitanir til greiðsluaðlögunar, greinargerð sína og eftir atvikum samþykkt frumvarp að greiðsluaðlögun ásamt tilkynningu um lyktir málsins í hans höndum.

h. (63. gr. h.)

Hafi umleitunum til greiðsluaðlögunar lokið á þann hátt að umsjónarmaður mæli með því að hún komist á skal skuldari leggja skriflega kröfu um staðfestingu nauðasamningsins fyrir héraðsdómara innan viku frá þeim fundi sem umsjónarmaður boðaði skuldara til skv. 3. mgr. 63. gr. g. Með þeirri kröfu skal fylgja greinargerð umsjónarmannsins, skrá um samningskröfur og samþykkt frumvarp að greiðsluaðlögun, auk fundargerða af fundum skv. 63. gr. f og 63. gr. g.

Greiðsluaðlögun hefur sömu áhrif og réttarsátt milli skuldara og lánardrottna hans um þær samningskröfur sem þeir hafa lýst og koma fram í skrá skv. 3. mgr. 63. gr. e, að því leyti sem skuldari mótmælti þeim ekki.

i. (63. gr. i.)

Ljúka má gjaldþrotaskiptum með nauðasamningi til greiðsluaðlögunar eftir ákvæðum XXI. kafla. Í stað þess að þrotamaður leggi frumvarp að nauðasamningi fyrir skiptastjóra og hann láti greiða atkvæði um það skal þrotamaðurinn þá leggja fyrir skiptastjóra greiðsluáætlun og hann síðan leita greiðsluaðlögunar á sama hátt og umsjónarmaður hefði ella gert, en um þetta skal beitt fyrirmælum XXI. kafla með þeim frávikum sem leiðir af ákvæðum þessa kafla.

3. gr.

Í stað orðanna „41. eða 42. gr.“ í 3. tölul. 2. mgr. 65. gr. laganna kemur: 41., 42. eða 2. mgr. 63. gr. g.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2009.

846. Lög [421. mál]

um breyting á lögum nr. 91/2008, um grunnskóla.

(Afgreidd frá Alþingi 30. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 714.

847. Lög [422. mál]

um náms- og starfsráðgjafa.

(Afgreidd frá Alþingi 30. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 715.

848. Lög [162. mál]

um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 30. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 190.

849. Lög [412. mál]

um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraða, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 30. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 792.

850. Lög [376. mál]

um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 30. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 794.

851. Frumvarp til laga [413. mál]

um Bjargráðasjóð.

(Eftir 2. umr., 30. mars.)

1. gr.

Bjargráðasjóður er sjálfstæð stofnun, að jöfnu í sameign ríkisins og Bændasamtaka Íslands. Eignaraðilar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins umfram árleg, óafturkræf framlög sín til hans skv. 5. gr.

Heimili og varnarþing Bjargráðasjóðs er í Reykjavík.

2. gr.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna stjórn Bjargráðasjóðs til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann stjórnar en tveir fulltrúar skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands. Varamenn eru jafnmargir og valdir af sömu aðilum.

3. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi stjórn hans, metur og tekur ákvarðanir um afgreiðslu umsókna og styrkveitinga úr báðum deildum sjóðsins.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og annað starfslið sjóðsins og ákveður kaup þess og kjör í samræmi við kjarasamninga. Heimilt er þó stjórninni að semja við Bændasamtök Íslands eða aðra stofnun, sem henta þykir, um sameiginlega framkvæmdastjórn, skrifstofuhald og rekstur sjóðsins.

4. gr.

Bjargráðasjóður skiptist í tvær deildir, almenna deild og búnaðardeild. Halda skal bókhaldi hvorrar deildar um sig aðgreindu. Rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist úr almennri deild hans.

5. gr.

Árlegar tekjur Bjargráðasjóðs eru:

a. tekjur af búnaðargjaldi skv. 6. gr. laga um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum, og viðauka með þeim lögum,
b. framlag ríkissjóðs allt að 80 millj. kr. á ári eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum,
c. vextir af fé sjóðsins,
d. aðrar tekjur.

6. gr.

Tekjur sjóðsins skiptast þannig milli deilda:

a. í almenna deild sjóðsins rennur framlag ríkissjóðs skv. b-lið 5. gr., svo og vaxtatekjur sjóðsins,
b. í búnaðardeild rennur allt framlag skv. a-lið 5. gr.,
c. stjórn sjóðsins ákveður í hvora deild tekjur skv. d-lið 5. gr. renna.

7. gr.

Framlag ríkissjóðs greiðist með jöfnum, mánaðarlegum greiðslum.

Fjármálaráðherra stendur skil á hlut Bjargráðasjóðs í búnaðargjaldi í samræmi við 6. gr. laga um búnaðargjald, nr. 84/1997.

8. gr.

Hlutverk almennrar deildar sjóðsins er að veita einstaklingum og félögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar beint tjón af völdum náttúruhamfara:

a. á gjaldskyldum fasteignum samkvæmt skilgreiningu laga um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. lög um Fasteignaskrá Íslands, og girðingum, túnum og rafmagnslínum er tengjast landbúnaði,
b. á heyi sem notað er við landbúnaðarframleiðslu,
c. vegna uppskerubrests af völdum óvenjulegra kulda, þurrka, óþurrka og kals.

Ekki er bætt tjón sem nýtur almennrar tryggingaverndar eða hægt er að fá bætt með öðrum hætti, sbr. ákvæði laga um Viðlagatryggingu Íslands.

Ekki verður veitt fjárhagsaðstoð vegna tjóns ef ásetningi eða gáleysi eiganda eða umsjónarmanns verður um kennt, eðlilegar varnir ekki verið við hafðar og ef staðsetning hluta er óeðlileg með tilliti til tjónshættu.

Ekki verður veitt fjárhagsaðstoð vegna tjóns á stærri mannvirkjum, svo sem orku- og hafnarmannvirkjum, sjóvarnargörðum, fiskeldismannvirkjum og skipasmíðastöðvum.

9. gr.

Hlutverk búnaðardeildar er að bæta meiri háttar tjón hjá einstaklingum og félögum vegna sjúkdóma, óvenjulegs veðurfars og slysa þegar ásetningi eða gáleysi eiganda eða umsjónarmanns verður eigi um kennt og eðlilegar varnir hafa verið við hafðar. Ekki er bætt tjón sem almennt er tryggt fyrir innan búgreinar eða hægt er að fá bætt með öðrum hætti, sbr. ákvæði laga um Viðlagatryggingu Íslands. Bætt er:

a. tjón á búfé og afurðum búfjár,
b. uppskerutjón.

Stjórn sjóðsins er enn fremur heimilt að styrkja fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir tjón sem Bjargráðasjóði ber að bæta. Hámark fyrirbyggjandi styrkja er 10% af ráðstöfunarfé hvers árs.

10. gr.

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins er fólgin í veitingu styrkja sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni í samræmi við fjárhag og stöðu sjóðsins. Stjórn sjóðsins leggur mat á styrkhæfni tjóns, ákveður styrkhlutfall og eigin áhættu tjónþola í tjóni. Styrkhlutfall og eigin áhættu er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða mismunandi eftir búgreinum og tegundum eigna og taka í því efni m.a. mið af tekjuskiptingu sjóðsins og rekstraráhættu hverrar búgreinar. Stjórn sjóðsins er heimilt að setja sér nánari vinnureglur um veitingu styrkja samkvæmt þessari grein.

Forsenda styrkveitinga úr sjóðnum er að skil hafi verið gerð á búnaðargjaldi í samræmi við ákvæði laga nr. 84/1997.

11. gr.

Nú er um að tefla almennt bótaskylt tjón í einu byggðarlagi eða fleirum og getur þá stjórn Bjargráðasjóðs skipað nefnd til þess að rannsaka tjónið og gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðstoð vegna þess.

Kostnaður vegna slíkra nefndarstarfa greiðist úr þeirri deild sjóðsins sem veitir aðstoð vegna tjónsins.

12. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu fullgerðir fyrir febrúarlok ár hvert. Sjóðstjórn felur löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga sjóðsins og skal endurskoðun að jafnaði lokið fyrir 30. apríl ár hvert. Endurskoðaðir og samþykktir ársreikningar skulu sendir eigendum sjóðsins.

13. gr.

Fé Bjargráðasjóðs, sem ekki hefur verið ráðstafað skv. 8.–11. gr., skal ávaxtað með sem tryggustum og hagkvæmustum hætti samkvæmt nánari ákvörðun stjórnarinnar.

Nú hrekkur fé annarrar hvorrar deildar sjóðsins eigi til að veita þá aðstoð sem nauðsyn krefur samkvæmt lögunum og að mati sjóðstjórnar og er þá sjóðstjórninni heimilt að lána fé milli deilda án vaxta. Einnig er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast nauðsynleg lán fyrir sjóðinn eða veita honum lán úr ríkissjóði gegn veði í eignum og tekjum sjóðsins. Stjórn sjóðsins er ekki heimilt að taka lán með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings.

14. gr.

Skuldabréf fyrir lánum, sem Bjargráðasjóður tekur samkvæmt ákvæðum laga þessara, skulu undanþegin stimpilgjöldum og ríkisábyrgðargjöldum.

15. gr.

Í reglugerð, sem stjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal setja nánari reglur um sjóðinn og starfsemi hans.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þar sem sveitarfélög koma ekki lengur að fjármögnun og starfsemi Bjargráðasjóðs með gildistöku laga þessara skal fara fram uppgjör á eignum og skuldbindingum sjóðsins í samræmi við ákvæði þetta. Stjórn sjóðsins stýrir uppgjöri á eignum og skuldbindingum sjóðsins og er henni heimilt að afla sérfræðiaðstoðar eftir því sem hún telur þörf á.

Samband íslenskra sveitarfélaga skal hafa forkaupsrétt að fasteign sjóðsins.

Að teknu tilliti til skuldbindinga Bjargráðasjóðs skal greiða úr almennri deild sjóðsins 1/3 af nettóeign sjóðsins í heild sem telst hluti sveitarfélaganna. Eignarhlutur sveitarfélaganna skal renna til Sambands íslenskra sveitarfélaga sem yfirtekur allar skuldbindingar vegna starfsmanna Bjargráðasjóðs, þar á meðal lífeyrisskuldbindingar.

II.

Réttur sveitarfélaga til styrkja úr sjóðnum fellur niður vegna tjóns sem verður frá og með 1. janúar 2009. Umsóknum vegna slíks tjóns skal skilað til sjóðsins eigi síðar en 30. júlí 2009. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar til greina við uppgjör sjóðsins.

Frá og með 1. janúar 2009 fellur niður lögbundin skylda sveitarfélaga til að standa sjóðnum skil á tekjum hans.

Miðað skal við að uppgjöri sjóðsins verði lokið fyrir árslok 2009.

III.

Umboð stjórnar sjóðsins sem skipuð var 29. desember 2006 fellur niður þegar lokið hefur verið við uppgjör á hlut sveitarfélaganna í samræmi við ákvæði til bráðabirgða I og II. Skal þá ráðherra hafa skipað nýja stjórn í samræmi við ákvæði 2. gr. laganna.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. er stjórn sjóðsins heimilt á árinu 2009 að ráðstafa fjármunum úr almennri deild sjóðsins til að draga úr hættu á uppskerubresti sem gæti leitt af sér óæskilegan samdrátt í búvöruframleiðslu.

Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um þessa sérstöku ráðstöfun, svo sem um skilyrði fyrir úthlutun og hve hárri fjárhæð skal varið til verkefnisins, en gæta skal þess að greiðslur á þessum grundvelli skerði ekki hlut sveitarfélaga í uppgjöri samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I og II.

852. Frumvarp til laga [406. mál]

um listamannalaun.

(Eftir 2. umr., 30. mars.)

1. gr.

Hlutverk.

Í þeim tilgangi að efla listsköpun í landinu veitir Alþingi árlega fé af fjárlögum til þess að launa listamenn í samræmi við ákvæði laga þessara.

2. gr.

Launasjóðir.

Starfslaun listamanna skulu veitt úr sex sjóðum:

a. launasjóði hönnuða,
b. launasjóði myndlistarmanna,
c. launasjóði rithöfunda,
d. launasjóði sviðslistafólks,
e. launasjóði tónlistarflytjenda,
f. launasjóði tónskálda.

Auk starfslauna er sjóðunum heimilt að veita ferðastyrki.

Yfirumsjón með sjóðunum er í höndum stjórnar listamannalauna. Sérstakar nefndir annast úthlutun starfslauna úr sjóðunum.

3. gr.
Stjórn.

Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í stjórn listamannalauna til þriggja ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna, einn samkvæmt tilnefningu Listaháskóla Íslands og einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalmann í stjórn listamannalauna lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Stjórnin gerir tillögu til ráðherra um stefnu og áherslur við úthlutun listamannalauna til þriggja ára í senn og hefur eftirlit með að skilyrðum um starfslaun sé fylgt. Stjórninni er heimilt að færa umsóknir á milli sjóða, sbr. 2. gr.

Ráðherra er heimilt að fela stjórninni að reka sérstaka skrifstofu eða semja við til þess bæra aðila að annast umsýslu sjóðanna.

Kostnaður vegna umsýslu sjóðanna greiðist af fjárveitingum til listamannalauna.

4. gr.
Starfslaun.

Starfslaun skulu nema 266.737 kr. á mánuði á verðlagi fjárlaga 2009. Starfslaun eru veitt til listamanns sem telst sjálfstætt starfandi í listgrein sinni. Fjárhæð starfslauna skal koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála.

Þeir sem taka starfslaun skulu vera á skrá hjá stjórn listamannalauna og fá greidd starfslaun mánaðarlega. Þeir sem njóta starfslauna í sex mánuði eða lengur skulu ekki gegna fullu starfi meðan á starfslaunatímanum stendur.

Starfslaunaþegar skulu skila skýrslu um störf sín á starfslaunatímanum eigi síðar en ári eftir að honum lýkur. Stjórn listamannalauna má fella niður starfslaun sem veitt eru til lengri tíma en sex mánaða ef talið er að viðkomandi listamaður sinni ekki list sinni að mati stjórnar.

5. gr.
Fjöldi starfslauna.

Samanlögð starfslaun miðast við 1.600 mánaðarlaun eða 133,33 árslaun.

6. gr.
Launasjóður hönnuða.

Launasjóður hönnuða veitir árlega starfslaun og styrki sem svara til 50 mánaðarlauna.

Þriggja manna nefnd, sem ráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum samtaka hönnuða og arkitekta, úthlutar fé úr launasjóði hönnuða. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Úthlutunarnefndin skiptir með sér verkum.

7. gr.
Launasjóður myndlistarmanna.

Launasjóður myndlistarmanna veitir árlega starfslaun og styrki sem svara til 435 mánaðarlauna.

Þriggja manna nefnd, sem ráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Sambands íslenskra myndlistarmanna, úthlutar fé úr launasjóði myndlistarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Úthlutunarnefndin skiptir með sér verkum.

8. gr.

Launasjóður rithöfunda.

Launasjóður rithöfunda veitir árlega starfslaun og styrki sem svara til 555 mánaðarlauna.

Þriggja manna nefnd, sem ráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Rithöfundasambands Íslands, úthlutar fé úr launasjóði rithöfunda. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Úthlutunarnefndin skiptir með sér verkum.

9. gr.

Launasjóður sviðslistafólks.

Launasjóður sviðslistafólks veitir árlega starfslaun og styrki sem svara til 190 mánaðarlauna.

Þriggja manna nefnd, sem ráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Leiklistarsambands Íslands, úthlutar fé úr launasjóði sviðslistafólks. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Úthlutunarnefndin skiptir með sér verkum.

10. gr.

Launasjóður tónlistarflytjenda.

Launasjóður tónlistarflytjenda veitir árlega starfslaun og styrki sem svara til 180 mánaðarlauna.

Þriggja manna nefnd, sem ráðherra skipar árlega, úthlutar fé úr launasjóði tónlistarflytjenda. Skulu tveir nefndarmanna tilnefndir af Félagi íslenskra hljómlistarmanna og einn af Félagi íslenskra tónlistarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Úthlutunarnefndin skiptir með sér verkum.

11. gr.

Launasjóður tónskálda.

Launasjóður tónskálda veitir árlega starfslaun og styrki sem svara til 190 mánaðarlauna.

Ráðherra skipar árlega þriggja manna nefnd sem úthlutar fé úr launasjóði tónskálda. Tónskáldafélag Íslands tilnefnir tvo fulltrúa og Félag tónskálda og textahöfunda tilnefnir einn fulltrúa. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Úthlutunarnefndin skiptir með sér verkum.

12. gr.

Lengd starfslauna.

Starfslaun skulu veitt til 6, 9, 12, 18 eða 24 mánaða. Heimilt er að úthluta starfslaunum til skemmri tíma en hálfs árs, þó aldrei skemur en til þriggja mánaða. Sú upphæð sem varið er til þessa, sem og til ferðastyrkja, skal ekki vera hærri en nemur 10% þeirra mánaðarlauna sem hver sjóður hefur til úthlutunar árlega.

Ef starfslaunum er úthlutað til einstaklinga vegna afmarkaðra verkefna er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. mgr.

Miða skal við að fjórðungur heildarstarfslauna hvers sjóðs samkvæmt lögum þessum verði að jafnaði veittur til listamanna sem taka laun í eitt ár eða meira.

Heimilt er að úthluta starfslaunum til lengri tíma en 24 mánaða, þó aldrei lengur en til 36 mánaða.

13. gr.
Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakar greinar þeirra, þar á meðal um skilgreiningu á því hvað teljist fullt starf, sbr. 2. mgr. 4. gr., og um tilhögun tilnefninga af hálfu tilnefningaraðila í úthlutunarnefndir, sbr. 6.–11. gr. Þá skal enn fremur setja nánari ákvæði í reglugerð um skilmála fyrir veitingu starfslauna, þar með talið um endurgreiðslu þeirra ef gegn þeim skilmálum er brotið.

Við framkvæmd þessarar greinar skal haft samráð við samtök listamanna eftir því sem við á hverju sinni.

14. gr.
Málsmeðferð.

Ákvarðanir skv. 6.–11. gr. eru endanlegar á stjórnsýslustigi og sæta ekki kæru til ráðherra.

15. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Fyrirmæli um úthlutun úr launasjóðum listamanna koma til framkvæmda á árinu 2010.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. skulu samanlögð starfslaun árið 2010 miðast við 1.345 mánaðarlaun og árið 2011 við 1.475 mánaðarlaun.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 6.–11. gr. skulu starfslaun og styrkir til listamanna árin 2010 og 2011 vera sem hér segir:

a. Starfslaun og styrkir hönnuða árið 2010 skulu miðast við 20 mánaðarlaun og árið 2011 við 35 mánaðarlaun.
b. Starfslaun og styrkir myndlistarmanna árið 2010 skulu miðast við 360 mánaðarlaun og árið 2011 við 400 mánaðarlaun.
c. Starfslaun og styrkir rithöfunda árið 2010 skulu miðast við 505 mánaðarlaun og árið 2011 við 530 mánaðarlaun.
d. Starfslaun og styrkir sviðslistafólks árið 2010 skulu miðast við 160 mánaðarlaun og árið 2011 við 175 mánaðarlaun.
e. Starfslaun og styrkir tónlistarflytjenda árið 2010 skulu miðast við 150 mánaðarlaun og árið 2011 við 165 mánaðarlaun.
f. Starfslaun og styrkir tónskálda árið 2010 skulu miðast við 130 mánaðarlaun og árið 2011 við 160 mánaðarlaun.

III.

Listamenn sem notið höfðu listamannalauna í nokkur ár fyrir 31. desember 1991 og höfðu þá náð 60 ára aldri skulu njóta sérstakra framlaga samkvæmt ákvörðun stjórnar listamannalauna.

853. Þingsályktun [20. mál]

um rannsóknarsetur um utanríkis- og öryggismál.

(Afgreidd frá Alþingi 30. mars 2009.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórn Íslands að kanna grundvöll þess að setja á stofn sjálfstætt rannsóknarsetur á sviði utanríkis- og öryggismála.

854. Frumvarp til laga [259. mál]

um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar.

(Eftir 2. umr., 30. mars.)

I. KAFLI

Gildissvið, markmið og orðskýringar.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um réttindi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar þegar þeir geta hvorki stundað vinnu né nám vegna líffæragjafar.

2. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja líffæragjöfum tímabundna fjárhagsaðstoð þegar þeir geta hvorki stundað vinnu né nám vegna líffæragjafar.

3. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Líffæragjafi:* Einstaklingur sem er á lífi og gengst undir læknismeðferð í því skyni að gefa öðrum einstaklingi líffæri.
2. *Líffæragjöf:* Læknismeðferð sem einstaklingur gengst undir í því skyni að gefa öðrum einstaklingi líffæri.
3. *Launamaður:* Hver sá sem vinnur launuð störf í annarra þjónustu í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði.

4. *Sjálfstætt starfandi einstaklingur:* Hver sá sem starfar við eigin rekstur, án tillits til félagsforms, í því umfangi að honum er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda, skil á tryggingagjaldi.
5. *Nám:* 75–100% samfellt nám, verklegt eða bóklegt, í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi sem stendur yfir í a.m.k. sex mánuði. Enn fremur er átt við 75–100% nám á háskólastigi og annað nám sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.
6. *Samfellt starf:* Með samfelldu starfi er átt við a.m.k. 25% starf í hverjum mánuði á innlendum vinnumarkaði yfir tiltekið tímabil. Enn fremur teljast til samfellds starfs þau tilvik sem talin eru upp í a–e-lið 2. mgr. 9. gr.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

4. gr.
Yfirstjórn.

Félags- og tryggingamálaráðherra fer með yfirstjórn greiðslna til líffæragjafa samkvæmt lögum þessum.

5. gr.
Framkvæmdaraðili.

Félags- og tryggingamálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða aðila hann felur framkvæmd laga þessara.

Kostnaður vegna framkvæmdar á lögum þessum greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

6. gr.
Umsókn um greiðslur.

Líffæragjafi skal sækja um greiðslur skv. III kafla til framkvæmdaraðila skv. 5. gr. Umsókn líffæragjafa sem er launamaður eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. 3. eða 4. tölul. 3. gr., skal meðal annars fylgja vottorð sérfræðilæknis sem annast líffæragjöfina um óvinnufærni líffæragjafans, staðfesting frá vinnuveitanda um að líffæragjafinn hafi lagt niður störf og launagreiðslur fallið niður, sem og staðfesting á starfstímabili hans. Umsókn líffæragjafa í námi, sbr. 5. tölul. 3. gr., skal meðal annars fylgja vottorð sérfræðilæknis sem annast líffæragjöfina um að viðkomandi verði að gera hlé á námi sínu vegna líffæragjafar og vottorð frá skóla um að líffæragjafi hafi gert hlé á námi og um fyrri námsvist. Framkvæmdaraðila er heimilt að óska eftir að aðrar upplýsingar fylgi með umsókn líffæragjafa um greiðslur samkvæmt lögum þessum telji framkvæmdaraðili slíkt nauðsynlegt. Umsókn skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum og undirrituð af líffæragjafanum.

Framkvæmdaraðila er heimilt að óska eftir umsögn frá þeim aðilum sem hann telur ástæðu til hverju sinni vegna einstakra umsókna um greiðslur samkvæmt lögum þessum.

Skattyfirvöld, sjúkratryggingastofnun, Tryggingastofnun ríkisins og Vinnumálastofnun skulu láta framkvæmdaraðila í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Kæruheimild.

Heimilt er að kæra ákvarðanir framkvæmdaraðila um réttindi líffæragjafa sem teknar eru á grundvelli laga þessara til úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála.

Kæra skal berast nefndinni skriflega innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Kæra telst nægilega snemma fram komin ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist nefndinni eða verið afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

Úrskurðarnefndin skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að nefndinni berst mál til úrskurðar.

Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

III. KAFLI
Réttindi líffæragjafa.

8. gr.

Skilyrði fyrir réttindum líffæragjafa á vinnumarkaði.

Líffæragjafi, sbr. 3. eða 4. tölul. 3. gr., sem verður óvinnufær vegna líffæragjafar getur átt rétt á tekjutengdum greiðslum skv. 10. gr. í allt að þrjá mánuði samkvæmt mati framkvæmdaraðila.

Líffæragjafi getur átt rétt á tekjutengdum greiðslum skv. 1. mgr. hafi hann verið í samfelldu starfi á innlendum vinnumarkaði í sex mánuði, sbr. 6. tölul. 3. gr., áður en hann verður óvinnufær vegna líffæragjafar. Til þess að finna vinnuframlag líffæragjafa sem er sjálfstætt starfandi einstaklingur skal miðað við skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi fyrir sama tímabil. Enn fremur er skilyrði að líffæragjafinn sé óvinnufær, sbr. þó 11. gr., og að fyrir liggi vottorð sérfræðilæknis sem annast líffæragjöfina um hvenær líffæragjafinn varð óvinnufær vegna líffæragjafarinnar sem og í hversu langan tíma hann er óvinnufær. Þá er skilyrði að líffæragjafinn eigi lögheimili hér á landi þegar hann verður óvinnufær vegna líffæragjafar sem og þann tíma sem greiðslur eru inntar af hendi.

Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um rétt líffæragjafa til greiðslna samkvæmt ákvæði þessu.

9. gr.

Þátttaka á vinnumarkaði.

Þátttaka á innlendum vinnumarkaði í skilningi 8. gr. felur í sér að starfa í annarra þjónustu í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði eða að starfa við eigin rekstur, án tillits til félagsforms, í því umfangi að hlutaðeiganda er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda, skil á tryggingagjaldi. Fullt starf miðast við 172 vinnustundir á mánuði, en þó skal jafnan tekið tillit til fjölda vinnustunda sem samkvæmt kjarasamningi teljast fullt starf.

Til þátttöku á vinnumarkaði telst enn fremur:

a. orlof eða leyfi samkvæmt lögum, kjarasamningi eða ráðningarsamningi þótt ólaunað sé að hluta eða öllu leyti,
b. sá tími sem líffæragjafi fær greiddar atvinnuleysisbætur, er á biðtíma eftir slíkum bótum eða hefði átt rétt á þeim hefði hann skráð sig án atvinnu samkvæmt gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar,
c. sá tími sem líffæragjafi fær greidda sjúkra- eða slysadagpeninga, er á biðtíma eftir dagpeningum eða hefði átt rétt á þeim hefði hann sótt um þá til sjúkratryggingastofnunar

samkvæmt gildandi lögum um sjúkratryggingar, eða fær greiðslur úr sjúkrasjóði stéttarfélags, enda hafi hann látið af launuðum störfum af heilsufarsástæðum,

d. sá tími sem líffæragjafi nýtur bóta frá tryggingafélagi sem koma í stað launa vegna tímabundins atvinnutjóns af völdum slyss,

e. sá tími sem líffæragjafi fær tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna eða hefði átt rétt á slíkum greiðslum hefði hann sótt um þær til Tryggingastofnunar ríkisins.

Vinnumálastofnun, sbr. lög um atvinnuleysistryggingar, metur hvort líffæragjafi hefði átt rétt á atvinnuleysisbótum hefði hann skráð sig án atvinnu á þeim tíma sem um er að ræða, sbr. b-lið 2. mgr. Um rétt til atvinnuleysisbóta fer samkvæmt ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar.

Sjúkratryggingastofnun, sbr. lög um sjúkratryggingar, metur hvort líffæragjafi hefði átt rétt á sjúkra- eða slysadagpeningum hefði hann sótt um þá fyrir þann tíma sem um er að ræða, sbr. c-lið 2. mgr. Um rétt til sjúkradagpeninga fer samkvæmt ákvæðum laga um sjúkratryggingar.

Tryggingastofnun ríkisins metur á grundvelli laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna hvort líffæragjafi hefði átt rétt á tekjutengdum greiðslum skv. III. kafla laganna hefði hann sótt um slíkar greiðslur. Um rétt til greiðslnanna fer samkvæmt ákvæðum laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

10. gr.

Tilhögun greiðslna til líffæragjafa á vinnumarkaði.

Tekjutengdar greiðslur skv. 8. gr. til líffæragjafa sem er launamaður, sbr. 3. tölul. 3. gr., skulu nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við tekjuárið á undan því ári sem viðkomandi leggur niður störf vegna líffæragjafar. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald, sem og greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkra- eða slysadagpeningar, greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga, bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns eða tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. 2. mgr. 9. gr. Þegar um er að ræða greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, Atvinnuleysistryggingasjóði eða sjúkrasjóði stéttarfélags, bætur frá tryggingafélagi vegna tímabundins atvinnutjóns eða tekjutengdar greiðslur skv. III. kafla laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna skal þó taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við. Einungis skal miða við meðaltal heildarlauna fyrir þá mánuði á viðmiðunartímabili sem líffæragjafi hefur verið á innlendum vinnumarkaði, sbr. einnig 2. mgr. 9. gr. Aldrei skal þó miða við færri mánuði en fjóra við útreikning á meðaltali heildarlauna.

Tekjutengdar greiðslur skv. 8. gr. til líffæragjafa sem er sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. 4. tölul. 3. gr., skulu nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við tekjuárið á undan því ári sem viðkomandi leggur niður störf vegna líffæragjafar. Að öðru leyti gildir ákvæði 1. mgr.

Þrátt fyrir 1.–2. mgr. skal hámarksfjárhæð tekjutengdra greiðslna í hverjum mánuði aldrei nema hærri fjárhæð en 535.700 kr. Enn fremur skal lágmarksfjárhæð tekjutengdra greiðslna aldrei nema lægri fjárhæð en 134.300 kr.

Útreikningar á tekjutengdum greiðslum skv. 1.–2. mgr. skulu byggjast á upplýsingum sem framkvæmdaraðili aflar um tekjur viðkomandi líffæragjafa úr skattframtölum, staðgreiðslu-

skrá og tryggingagjaldsskrá skattyfirvalda. Framkvæmdaraðili skal leita staðfestingar hjá skattyfirvöldum á því að upplýsingar úr staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá hafi verið í samræmi við álagningu skattyfirvalda.

Réttur til tekjutengdra greiðslna til líffæragjafa skv. 1. mgr. hefst frá og með þeim degi er fullar launagreiðslur í forföllum vegna líffæragjafar falla niður frá vinnuveitanda. Viðkomandi líffæragjafi skal leggja fram vottorð vinnuveitanda um að líffæragjafi hafi lagt niður störf og að launagreiðslur hafi fallið niður. Sjálfstætt starfandi einstaklingur telst hafa lagt niður störf þegar ekki er greitt reiknað endurgjald vegna starfa hans.

Tekjutengdar greiðslur fyrir undanfarandi mánuð eða hluta úr mánuði skulu inntar af hendi eftir á, fyrsta virka dag hvers mánaðar, enda hafi líffæragjafi skilað inn nauðsynlegum gögnum til framkvæmdaraðila innan frests sem ákveðinn skal í reglugerð.

Greiðslur frá vinnuveitanda eða öðrum aðilum til líffæragjafa, fyrir sama tímabil og greitt er fyrir, sem eru hærri en nemur mismun greiðslna samkvæmt lögum þessum og meðaltals heildarlauna líffæragjafans á viðmiðunartímabili skv. 1. eða 2. mgr. koma til frádráttar greiðslum samkvæmt ákvæði þessu. Þó er heimilt að taka tillit til kjarasamningsbundinna launahækkana, annarra kjarasamningsbundinna greiðslna og launabreytinga sem rekja má til breytinga á störfum líffæragjafans. Hið sama gildir um greiðslur til líffæragjafa sem er sjálfstætt starfandi einstaklingur eftir því sem við getur átt.

Fjárhæð hámarksgreiðslna og lágmarksgreiðslna skv. 3. mgr. kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þá er félags- og tryggingamálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar framangreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð greiðslna skal félags- og tryggingamálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.

11. gr.

Greiðslur samhliða minnkuðu starfshlutfalli.

Þrátt fyrir skilyrði 2. mgr. 8. gr. um óvinnufærni getur líffæragjafi, sbr. 3. eða 4. tölul. 3. gr., sem kemur aftur til starfa eftir líffæragjöf í lægra starfshlutfalli en hann var í fyrir líffæragjöfina átt rétt á hlutfallslegum greiðslum skv. 8. og 10. gr. í samræmi við minnkað starfshlutfall. Líffæragjafi sem minnka þarf starfshlutfall sitt áður en til líffæragjafar kemur getur jafnframt átt rétt á hlutfallslegum greiðslum skv. 8. og 10. gr. í samræmi við minnkað starfshlutfall. Skilyrði er að ástæður þess að líffæragjafi er í lægra starfshlutfalli megi rekja til líffæragjafarinnar og skal líffæragjafi leggja fram vottorð sérfræðilæknis sem annast líffæragjöfina um að hann sé einungis fær um að sinna starfi sínu að ákveðnum hluta vegna líffæragjafar. Fullar greiðslur skulu miðast við starfshlutfall líffæragjafans á ávinnslutímabili skv. 2. mgr. 8. gr. Að öðru leyti gilda skilyrði 8. og 10. gr. um greiðslur til líffæragjafans samhliða minnkuðu starfshlutfalli.

Óski líffæragjafi eftir greiðslum skv. 1. mgr. skal greiða 80% af meðaltali heildarlauna skv. 1.–2. mgr. 10. gr., eftir því sem við á, í samræmi við það starfshlutfall sem hann minnkar við sig vinnu. Heimilt er sem því nemur að lengja greiðslutímabil sem líffæragjafi hefði ella átt rétt á greiðslum skv. 8. og 10. gr. hefði hann lagt niður störf að fullu.

Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um rétt líffæragjafa til greiðslna samkvæmt ákvæði þessu.

12. gr.

Uppsöfnun lífeyrisréttinda og stéttarfélagsgjöld.

Líffæragjafi, sbr. 3. eða 4. tölul. 3. gr., greiðir að lágmarki 4% af greiðslum skv. 8., 10. og 11. gr. í lífeyrissjóð og ríkissjóður greiðir 8% mótframlag. Líffæragjafa er að auki heimilt að greiða í séreignarsjóð.

Líffæragjafa er heimilt að óska eftir því að halda áfram að greiða til stéttarfélags síns og sér þá framkvæmdaraðili um að koma greiðslunni til hlutaðeigandi stéttarfélags.

13. gr.

Skilyrði fyrir réttindum líffæragjafa í námi.

Líffæragjafi sem gerir hlé á námi, sbr. 5. tölul. 3. gr., vegna líffæragjafar getur átt rétt á greiðslum skv. 1. mgr. 15. gr. í allt að þrjá mánuði samkvæmt mati framkvæmdaraðila.

Skilyrði eru meðal annars að líffæragjafinn hafi verið í námi, sbr. 5. tölul. 3. gr., í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en hann gerði hlé á námi vegna líffæragjafar. Enn fremur er skilyrði að líffæragjafi hafi ekki getað stundað nám sitt vegna líffæragjafar samkvæmt vottorði þess sérfræðilæknis sem annast líffæragjöfina og að hann hafi þar af leiðandi þurft að gera hlé á námi sínu. Þá er það skilyrði að líffæragjafinn eigi lögheimili hér á landi þegar hann gerir hlé á námi sínu vegna líffæragjafar sem og það tímabil sem greitt er fyrir.

Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um rétt líffæragjafa til greiðslna samkvæmt ákvæði þessu.

14. gr.

Undanþágur frá skilyrðum fyrir réttindum líffæragjafa í námi.

Heimilt er að veita undanþágu frá lögheimilisskilyrði 2. mgr. 13. gr. hafi líffæragjafi flutt lögheimili sitt tímabundið vegna náms erlendis eftir að hafa átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. fimm ár fyrir flutning lögheimilis.

Þrátt fyrir skilyrði 2. mgr. 13. gr., um nám, sbr. 5. tölul. 3. gr., í a.m.k. sex mánuði á síðustu tólf mánuðum áður en líffæragjafi gerir hlé á námi sínu vegna líffæragjafar samkvæmt vottorði sérfræðilæknis sem annast líffæragjöfina, getur líffæragjafi sem uppfyllir ekki það skilyrði átt rétt á greiðslum skv. 13. og 15. gr. hafi hann verið í samfelldu starfi í a.m.k. sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fram til þess að námið hófst. Hið sama á við hafi líffæragjafi lokið a.m.k. einnar annar námi, sbr. 5. tölul. 3. gr., og verið síðan í samfelldu starfi á innlendum vinnumarkaði. Skilyrði er að nám og starf hafi varað samfellt í a.m.k. sex mánuði.

15. gr.

Tilhögun greiðslna til líffæragjafa í námi.

Greiðsla til líffæragjafa skv. 13. gr. skal nema 134.300 kr. á mánuði.

Greiðslur skv. 1. mgr. reiknast frá og með þeim degi er líffæragjafi verður að gera hlé á námi sínu vegna líffæragjafar samkvæmt vottorði þess sérfræðilæknis sem annast líffæragjöfina. Þær skulu inntar af hendi í samræmi við 6. mgr. 10. gr. Líffæragjafi skal leggja fram vottorð skóla um að hann hafi gert hlé á námi á önninni sem og um fyrri námsvist.

Fjárhæð greiðslna skv. 1. mgr. kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þá er félags- og tryggingamálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar

framangreind skilyrði leiða til hækkunar á fjárhæð greiðslna skal félags- og tryggingamálaráðherra breyta fjárhæðinni í reglugerð.

Greiðslur til líffæragjafa frá öðrum aðilum fyrir sama tímabil skulu koma til frádráttar greiðslum samkvæmt ákvæði þessu.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Ósamrýmanleg réttindi.

Líffæragjafi sem fær greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar á ekki rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum fyrir sama tímabil. Sama á við um líffæragjafa sem fær lífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Líffæragjafi sem fær greiðslur í fæðingarorlofi eða fær greiddan fæðingarstyrk samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof öðlast ekki jafnframt rétt á greiðslum samkvæmt lögum þessum fyrir sama tímabil. Sama á við um líffæragjafa sem fær greiðslur samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

17. gr.

Skuldajöfnuður.

Hafi líffæragjafi fengið hærri greiðslur en honum bar samkvæmt lögum þessum er heimilt að skuldajafna ofgreiddum greiðslum á móti inneign líffæragjafans vegna ofgreiddra skatta, barnabóta og vaxtabóta samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt. Fjármálaráðherra skal setja í reglugerð nánari reglur um skuldajöfnun og forgangsröð.

Um innheimtu ofgreidds fjár samkvæmt lögum þessum fer skv. 111. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Félags- og tryggingamálaráðherra getur þó falið sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu.

18. gr.

Reglugerðarheimild.

Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010 og eiga ákvæði þeirra við um líffæragjafa sem verða óvinnufærir vegna líffæragjafar eftir gildistöku laganna enda séu skilyrði laganna uppfyllt.

855. Lög [125. mál]

um ábyrgðarmenn.

(Afgreidd frá Alþingi 30. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 814.

856. Fyrirspurn [460. mál]

til fjármálaráðherra um stöðu Icesave-samningaviðræðna.

Frá Guðfinnu S. Bjarnadóttur.

Hver er staðan í Icesave-viðræðunum og hver er sú hagfellda niðurstaða sem ráðherra telur vera í sjónmáli, sbr. nýlegt viðtal í Zetunni á mbl.is?

Skriflegt svar óskast.

857. Nefndarálit [409. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Arnar Þór Sæþórsson og Jóhannes Karl Sveinsson frá Fjármálaeftirlitinu, Evu Margréti Ævarsdóttur frá Lögmannafélagi Íslands, Jónu Björk Guðnadóttur frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Erlu S. Árnadóttur og Steinunni Guðbjartsdóttur frá skilanefnd Glitnis, Steinar Þór Guðgeirsson frá skilanefnd Kaupþings, Einar Jónsson og Lárentsínus Kristjánsson frá skilanefnd Landsbankans og Áslaugu Árnadóttur og Jónínu S. Lárusdóttur frá viðskiptaráðuneyti. Einnig bárust nefndinni umsagnir frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitinu, breskum og hollenskum kröfuhöfum Landsbankans, Lögmannafélagi Íslands, réttarfarsnefnd, Samtökum fjármálafyrirtækja, skilanefnd Glitnis, Seðlabanka Íslands og talsmanni neytenda.

Almennt.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki sem fjallar um endurskipulagningu fjárhags fjármálafyrirtækja, slit þeirra og samruna við önnur fjármálafyrirtæki. Tilskipun 2001/24/EB frá 4. apríl 2001 um endurskipulagningu og slit lánastofnana var innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 130/2004 en þá voru gerðar tvær veigamiklar breytingar á skipan mála skv. XII. kafla laga nr. 161/2002. Var annars vegar innleidd sú meginregla að yfirvöld í heimaríki fjármálafyrirtækis tækju ein ákvarðanir um endurskipulagningu fjárhags og slit fjármálafyrirtækis og útibúa þess í öðrum ríkjum á EES-svæðinu. Hins vegar var innleidd sú meginregla að við ákvörðun um endurskipulagningu fjárhags og slit fjármálafyrirtækis og útibúa þess í öðru ríki á EES-svæðinu verði farið eftir lögum þess ríkis þar sem fjármálafyrirtæki hefur aðalstöðvar (heimaríki). Frá þessari reglu eru nokkrar undantekningar. Tilskipuninni var ætlað að koma á samræmdum reglum á EES-svæðinu um endurskipulagningu fjárhags og slit fjármálafyrirtækja.

Haustið 2008 óskuðu stjórnir þriggja stærstu bankanna hér á landi eftir því við Fjármálaeftirlitið að það gerði ráðstafanir til að taka þá yfir. Aðstæður sem þessar voru með öllu

ófyrirsjáanlegar þegar reglur XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki voru settar og óvenjulegar að því leyti að segja má að heilt fjármálakerfi hafi fallið með bönkunum þremur en ákvæðin miðuðust fremur við að ein fjármálastofnun eða hluti fjármálakerfis hryndi en ástand í fjármálakerfinu væri þó nokkurn veginn eðlilegt.

Með lögum nr. 125/2008, svonefndum neyðarlögum, voru gerðar ýmsar breytingar á ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki. Var Fjármálaeftirlitinu m.a. veitt víðtæk heimild til að taka yfir stjórn fjármálafyrirtækis við tilteknar aðstæður. Var eftirlitinu veitt heimild til að skipa fimm manna skilanefndir sem var ætlað að fara með allar heimildir stjórna yfirteknu fjármálafyrirtækjanna samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög. Samkvæmt lögunum var skilanefndum ætlað að fara með öll mál fjármálafyrirtækisins, þar á meðal að hafa umsjón með meðferð eigna þess og annast annan rekstur þess. Sömuleiðis var eftirlitinu veitt heimild til að gera aðrar þær ráðstafanir sem þóttu nauðsynlegar. Samkvæmt lögunum var Fjármálaeftirlitinu t.d. heimilt að takmarka eða banna ráðstöfun fjármuna og eigna fyrirtækis, svo og taka í vörslur sínar eignir sem ættu að mæta skuldbindingum fyrirtækisins. Þá fékk Fjármálaeftirlitið heimild til að rifta sölu eigna sem höfðu átt sér stað mánuði áður en Fjármálaeftirlitið greip til ráðstafana.

Frekari breytingar voru gerðar á lögum um fjármálafyrirtæki með lögum nr. 129/2008 (nóvemberlög) þar sem mælt var fyrir um heimild skiptastjóra þrotabús fjármálafyrirtækis til að annast áfram tiltekna leyfisbundna starfsemi þrátt fyrir afturköllun á starfsleyfi. Var í 2. gr. laganna kveðið á um að fjármálafyrirtæki gæti verið í greiðslustöðvun í allt að 24 mánuði. Einnig var í greininni ákvæði um að aðstoðarmaður í greiðslustöðvun yrði ekki skaðabótaskyldur vegna ákvarðana sinn eða aðgerða sem aðstoðarmaður nema um væri að ræða brot af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Enn fremur var í 2. gr. lagt bann við því að dómsmál yrði höfðað gegn fjármálafyrirtæki í greiðslustöðvun nema í nánar tilgreindum tilvikum. Jafnframt var í ákvæði til bráðabirgða heimiluð frestun fyrirtöku þrátt fyrir að greiðslustöðvun hefði verið veitt fyrir gildistöku laganna. Með frumvarpi þessu er lagt til að flest ákvæði nóvemberlaganna verði felld brott.

Frumvarpið er afrakstur heildarendurskoðunar á XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki og er jafnframt viðbrögð við því ástandi sem skapast hefur hér á landi. Við gerð frumvarpsins hefur einkum verið lögð áhersla á að jafnræði kröfuhafa verði gætt og að reglur um endurskipulagningu og slit samræmist hliðstæðum reglum um önnur fyrirtæki og einstaklinga.

Meginatriði frumvarpsins.

Í 3. gr. eru lagðar til breytingar á 98. gr. laganna. Lagt er til að felldar verði brott sérstakar reglur um lengd greiðslustöðvunar fjármálafyrirtækja og afnumið það fyrirkomulag að aðstoðarmaður við greiðslustöðvun verði ekki skaðabótaskyldur vegna aðgerða sinna nema um sé að ræða brot af ásetningi eða gáleysi og er það í samræmi við ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Einnig er lagt til að fellt verði úr lögum ákvæði um að dómsmál megi ekki höfða gegn fjármálafyrirtæki meðan á greiðslustöðvun stendur.

Í 5. gr. sem ber yfirskriftina „Afhending fjármálafyrirtækis til bráðabirgðastjórnar“ er gert ráð fyrir að fjármálafyrirtæki geti sjálft haft frumkvæði að því við Fjármálaeftirlitið að eftirlitið taki við ráðum yfir fyrirtækinu. Fellur þá úr gildi umboð stjórnar fyrirtækisins og við tekur bráðabirgðastjórn sem ætlað er að starfa alla jafna í þrjá mánuði en lengur í tilteknum tilvikum. Í ákvæði til bráðabirgða IV er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti einnig haft frumkvæði að því að taka yfir ráð fjármálafyrirtækis og eru þar flestar heimildir sem lögfestar voru í 100. gr. a með neyðarlögunum, en gert er ráð fyrir að ákvæðið gildi tímabundið.

Lagt er til að fjármálafyrirtæki verði tekið til slita eftir sérstökum reglum en ýmsum ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti verður þó beitt um slitameðferðina. Skv. 4. mgr. 6. gr. skal skipa slitastjórn sem hafi um flest sömu heimildir og skiptastjóri þrotabús. Markmið starfa slitastjórnar er að fá sem mest fyrir eignir fjármálafyrirtækis, þar á meðal með því að bíða eftir þörfum efndatíma á útistandandi kröfum þess fremur en að koma þeim fyrr í verð. Það á þó ekki við ef telja má að hagsmunir kröfuhafa og eftir atvikum hluthafa eða stofnfjáreigenda séu meiri af því að ráðstafa slíkum réttindum á fyrri stigum til að ljúka megi slitameðferð.

7. gr. ber yfirskriftina „Meðferð krafna o.fl.“. Er þar í 1. mgr. kveðið á um að við slit fjármálafyrirtækis gildi sömu reglur og við gjaldþrotaskipti að öðru leyti en því að dómsúrskurður um að það sé tekið til slita leiðir ekki sjálfkrafa til þess að kröfur á hendur því falli í gjalddaga. Í 2. mgr. 7. gr. er gert ráð fyrir því að gefin verði út innköllun þar sem kröfuhöfum gefst kostur á að lýsa kröfum sínum til slitastjórnar og að afstaða verði tekin til þeirra, eftir atvikum með dómsúrlausn. Samkvæmt frumvarpinu geta kröfuhafar gætt hagsmuna sinna við slitameðferð og átt þess kost að bera undir dómstóla ágreining um réttmæti krafna sinna og um ákvarðanir og ráðstafanir slitastjórnar. Nefndinni bárust ábendingar um að ákvæði frumvarpsins samræmdust ekki ákvæðum laga um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum og lögum um fjárhagslegar tryggingaráðstafanir þar sem að þar er fjallað um gjaldþrot fjármálafyrirtækja. Í því sambandi vill nefndin benda á ákvæði 1. mgr. 102. gr., sbr. 7. gr. frumvarpsins, þar sem segir að við slit fjármálafyrirtækja gildi sömu reglur og við gjaldþrotaskipti um gagnkvæma samninga þess og kröfur á hendur því að öðru leyti en að dómsúrskurður um að það sé tekið til slita leiðir ekki sjálfkrafa til þess að kröfur á hendur því falli í gjalddaga.

Í 9. gr. eru gerðar tillögur um að slitameðferð geti lokið með þeim hætti að fjármálafyrirtæki eigi þess kost, með samþykki Fjármálaeftirlitsins, að hefja starfsemi á ný eða þá að eigendum verði greiddir hlutir þeirra í fyrirtækinu að greiddum lýstum kröfum á hendur því. Þá er einnig gert ráð fyrir því að slitastjórn geti leitað nauðasamnings við kröfuhafa og efnt hann og í framhaldi af því geti fjármálafyrirtæki annaðhvort hafið starfsemi að nýju, með samþykki Fjármálaeftirlitsins, eða eignir þess verði greiddar hluthöfum eða stofnfjáreigendum. Loks er gert ráð fyrir að við tilteknar aðstæður sé slitastjórn skylt að krefjast gjaldþrotaskipta á búi fjármálafyrirtækis.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umræður í nefndinni beindust einkum að ákvæðum til bráðabirgða við frumvarpið en lagt er til að við lögin bætist fjögur ákvæði til bráðabirgða. Er þar m.a. kveðið á um að hafi fjármálafyrirtæki verið skipuð skilanefnd, en það ekki komið í greiðslustöðvun, fyrir gildistöku laganna skuli hún sjálfkrafa verða bráðabirgðastjórn.

Þá eru í ákvæði til bráðabirgða II lagðar til nokkrar sérreglur um þau fjármálafyrirtæki sem njóta heimildar til greiðslustöðvunar við gildistöku laganna, verði frumvarpið að lögum. Er í fyrsta lagi lagt til að greiðslustöðvun þeirra haldist þrátt fyrir gildistöku laganna.

Í öðru lagi er í 2. tölul. ákvæðisins mælt fyrir um að í greiðslustöðvun þeirra verði tilteknum ákvæðum um slitameðferð beitt eins og fyrirtækið hefði verið tekið slita með dómsúrskurði á þeim degi sem frumvarpið verður að lögum. Slitameðferðin mun áfram kennd við heimild til greiðslustöðvunar, svo lengi sem sú heimild stendur. Nefndin leggur til breytingu á þessum tölulið í þá veru að aðstoðarmaður í greiðslustöðvun hafi áfram eftirlit með ráðstöfun skilanefndar. Þykir þetta nauðsynlegt til að greiðslustöðvun þessara fyrirtækja verði

áfram viðurkennd af erlendum dómstólum. Þá er í þriðja lagi lagt til að skilanefndir þessara fyrirtækja haldi áfram störfum og gegni nánar tilgreindum verkefnum sem mælt er fyrir um að slitastjórn hafi samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Þessi verkefni eru talin upp í 3. tölul. ákvæðisins og eru eftirfarandi: Skilanefndir annist, undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins og þrátt fyrir afturköllun starfsleyfis, tiltekna leyfisbundna starfsemi þrotabús fjármálafyrirtækis, svo fremi hún teljist nauðsynleg vegna ráðstöfunar hagsmuna fyrirtækisins. Þá fari skilanefndirnar með réttindi og skyldur stjórnar fyrirtækis og hluthafa eða stofnfjáreigenda. Einnig leggi þær mat á hvort horfur séu á að eignir fjármálafyrirtækis nægi til að standa við skuldbindingar þess, þ.e. þegar kröfulýsingarfrestur er á enda. Einnig ráðstafi skilanefndir hagsmunum fjármálafyrirtækis eftir sömu reglum og gilda um bústjórn skiptastjóra við gjaldþrotaskipti. Þá skuli þær hafa það að markmiði að fá sem mest fyrir eignir fjármálafyrirtækis, þar á meðal bíða eftir þörfum efndatíma á útistandandi kröfum fremur en að koma þeim fyrr í verð. Enn fremur skuli skilanefndir boða til kröfuhafafundar í sama skyni og skiptastjóri heldur skiptafundi um bústjórn við gjaldþrotaskipti. Lagt er til að orðalagi 2. málsl. 3. tölul. verði breytt í þá veru að verði sæti laust í skilanefnd eftir gildistöku laganna þurfi Fjármálaeftirlitið ekki að skipa mann í það nema nauðsyn beri til með tilliti til þeirra verkefna sem nefndin á enn ólokið. Þá er lagt til að það verði takmarkað hversu lengi skilanefndir skuli starfa eftir gildistöku laganna og leggur nefndin til að slitastjórn muni, áður en sex mánuðir eru liðnir frá gildistöku verði frumvarpið að lögum, taka við þeim verkefnum sem skilanefndunum er ætlað að halda áfram að sinna skv. 3. tölul. ákvæðisins en þá verður liðið u.þ.b. ár frá því að þær hófu störf. Nefndin telur eðlilegt að skilanefndirnar renni sitt skeið á enda og að ekki ætti að reynast vandkvæðum bundið að flytja verkefni yfir til slitastjórna, enda gefinn rúmur tími til þess. Benda má á að frumvarpið er afrakstur heildarendurskoðunar á XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki og í því eru tillögur að nýjum reglum um slitameðferð fjármálafyrirtækja. Nefndin telur eðlilegt að svo fljótt sem auðið er verði einungis farið eftir nýju reglunum, verði frumvarpið að lögum, en ekki að um tvöfalt kerfi verði að ræða í ótilgreindan tíma. Í fjórða lagi er slitastjórnum þessara fjármálafyrirtækja, sem skipaðar verða af héraðsdómara, falið að sinna öðrum þeim verkefnum sem mælt er fyrir um í frumvarpinu og eru ekki á hendi skilanefndanna skv. 3. tölul. og getið er hér að framan og leggur nefndin til að nefndarmönnum í slitastjórnum verði fjölgað ef þörf krefur þegar þær taka við verkefnum skilanefnda, en þó verði þeir aldrei fleiri en fimm. Gert er ráð fyrir því að aðstoðarmenn í greiðslustöðvun taki sjálfkrafa sæti í slitastjórnum fyrirtækjanna. Í nefndinni var rætt hvort þetta fyrirkomulag gæti talist æskilegt með hliðsjón af sjónarmiðum um hæfi. Á það var bent að gera mætti ráð fyrir að aðstoðarmaður yrði í minni hluta við töku ákvarðana í stjórninni. Nefndin ræddi þrátt fyrir þetta þann möguleika að hugsanlegt vanhæfi aðstoðarmannsins geti leitt til vanhæfis slitastjórnarinnar allrar. Nefndin bendir á að í 4. mgr. 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um að reglur um skiptastjóra við gjaldþrotaskipti gildi um slitastjórn, störf hennar og þá menn sem þar eiga sæti sé ekki mælt fyrir á annan veg í ákvæðum frumvarpsins. Í 5. mgr. 75. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. segir að ef í ljós komi eftir skipun skiptastjóra að hann sé vanhæfur til að leysa tiltekið verk af hendi vegna vanhæfis, sbr. 6. tölul. 2. mgr. sömu greinar, og það án þess að það yrði talið varða neinu fyrir rækslu starfans að öðru leyti geti dómari að hans ósk skipað annan mann til að leysa verkið af hendi. Í tilvikum þar sem efast er um hæfi aðstoðarmanns getur hann því vikið frá ákvarðanatöku. Nefndin leggur einnig til að við ákvæði til bráðabirgða II bætist nýr töluliður þess efnis að hnykkt verði á því að frá gildistöku laganna greiðist kostnaður af greiðslustöðvun og slitameðferð af eignum þess fjármálafyrirtækis sem á í hlut.

Í ákvæði til bráðabirgða III er lagt til að ákvæði um að frestdagur við slitameðferð á fjármálafyrirtæki skuli ráðast af 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 129/2008 þegar það getur átt við þrátt fyrir 5. mgr. 101. gr. laganna, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

Loks er í ákvæði til bráðabirgða IV lagt til að hluti 100. gr. a gildandi laga verði lögfestur. Ákvæðið var lögfest með fyrrgreindum neyðarlögum. Þar er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sjálft haft frumkvæði að því að koma fjármálafyrirtæki til slitameðferðar. Mælt er fyrir um það í ákvæðinu að það falli úr gildi í lok árs 2009. Í athugasemdum með því segir að nauðsynlegt sé að halda slíkum reglum í lögum um sinn, en það verði svo að taka til sérstakrar skoðunar hvort reglur af þessu tagi skuli áfram vera í lögum. Verði sú leið farin yrði að gera viðeigandi breytingar á lögum áður en ákvæðið rennur sitt skeið á enda. Nefndin leggur til að tímamark gildistíma ákvæðisins verði lengt til 1. júlí 2010 enda óljóst á þessari stundu hver framvindan verður í íslensku fjármálakerfi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Birkir J. Jónsson og Gunnar Svavarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Birgir Ármannsson, Pétur H. Blöndal, Árni M. Mathiesen og Jón Magnússon skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Alþingi, 30. mars 2009.

Álfheiður Ingadóttir, form., frsm.	Birgir Ármannsson, með fyrirvara.	Lúðvík Bergvinsson.
Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Árni M. Mathiesen, með fyrirvara.	Jón Magnússon, með fyrirvara.

Höskuldur Þórhallsson.

858. Breytingartillögur [409. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

1. 4. gr. verði 9. gr. og breytist greinatala samkvæmt því.
2. Við ákvæði til bráðabirgða II:
   a. Við lokamálslið 2. tölul. bætist: en þó skal aðstoðarmaður hafa eftirlit með ráðstöfunum skilanefndar skv. 103. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga þessara.
   b. 2. málsl. 3. tölul. orðist svo: Verði sæti í skilanefnd laust eftir gildistöku laga þessara skal Fjármálaeftirlitið, ef þörf þykir á með tilliti til þeirra verkefna sem nefndin á enn ólokið, skipa mann til að taka við því.
   c. Við 3. tölul. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ákvæði þetta fellur úr gildi sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara og skulu þá þau verk sem skilanefndir hafa sinnt samkvæmt framansögðu falla til slitastjórna. Þegar slitastjórn hefur tekið við

verkefnum skilanefndar getur héraðsdómari eftir beiðni slitastjórnar skipað fleiri menn í slitastjórn, en þeir mega þó ekki vera fleiri en fimm.

d. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Frá gildistöku laga þessara greiðist allur kostnaður af greiðslustöðvun og slitameðferð af eignum þess fjármálafyrirtækis sem á í hlut.

3. Við ákvæði til bráðabirgða IV.
   a. Í stað tilvísunarinnar „101. gr. a“ í 4. mgr. komi: 100. gr. a.
   b. Í stað orðanna „í lok árs 2009“ í lokamálsgrein komi: 1. júlí 2010.

859. Frumvarp til laga [461. mál]

um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Samkvæmt því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum getur eigandi íbúðarhúsnæðis, ef hann sýnir fram á að hann sé og verði um einhvern tíma ófær um að standa í fullum skilum á greiðslu skulda sem tryggðar eru með veði í því húsnæði og að önnur tiltæk greiðsluerfiðleikaúrræði séu eða hafi reynst ófullnægjandi, leitað eftir greiðsluaðlögun vegna þeirra og getur hún staðið í allt að fimm ár.

Með slíkri greiðsluaðlögun breytast skuldbindingar skuldarans á þann hátt að aðeins verða gjaldkræfar greiðslur sem honum telst fært að standa straum af, sbr. 1. mgr. 5. gr., en frestað er gjalddaga þess hluta skuldbindinganna sem eftir er svo lengi sem greiðsluaðlögun stendur.

2. gr.

Greiðsluaðlögun getur einungis fengið sá einstaklingur sem er þinglýstur eigandi viðkomandi fasteignar og hefur forræði á fé sínu. Eigi tveir eða fleiri einstaklingar fasteignina í óskiptri sameign verða þeir í sameiningu að ganga til greiðsluaðlögunar. Í lögum þessum er eigandinn nefndur skuldari. Sé annað ekki tekið fram gildir það jafnt hvort sem hann er einn eða þeir eru fleiri.

Greiðsluaðlögun getur aðeins varðað fasteign þar sem skuldarinn heldur heimili og hefur skráð lögheimili, enda sé um að ræða hóflegt húsnæði miðað við þarfir skuldara og fjölskyldu hans sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda. Sé fasteignin í sameign er nægilegt í þessu skyni að einn eigenda eigi þar heimili samkvæmt því sem að framan segir.

Greiðsluaðlögun tekur til krafna sem tryggðar eru með veði í fasteigninni svo sem hér segir:

1. Krafna sem tryggðar eru með lögveði að því leyti sem þær eru fallnar í gjalddaga áður en skuldari leggur fram beiðni um greiðsluaðlögun.
2. Krafna sem tryggðar eru með samningsveði, enda taki veðrétturinn til ákveðinnar skuldar sem þegar er orðin til og greiðsluskuldbindingin hvílir á skuldaranum sjálfum eða einhverjum eigenda séu þeir fleiri en einn.
3. Krafna sem tryggðar eru með aðfararveði í fasteigninni.

Greiðsluaðlögun hefur ekki áhrif á tryggingarréttindi í fasteigninni á grundvelli kyrrsetningar eða löggeymslu, en krafa sem slík réttindi eru fyrir kemur ekki til greiðslu nema fjárnám hafi jafnframt verið gert í fasteigninni fyrir sömu kröfu.

3. gr.

Skuldari leitar greiðsluaðlögunar með skriflegri beiðni til héraðsdómstóls í því umdæmi þar sem hann á lögheimili, en ef leita á greiðsluaðlögunar vegna fasteignar í eigu tveggja eða fleiri skal beiðni þeirra gerð í einu lagi. Í beiðni skal einkum greint frá eftirtöldu:

1. Nafni skuldara, kennitölu og lögheimili.
2. Hvaða fasteign beiðnin varðar, hver þinglýstur eigandi hennar er, hverjir eiga þar lögheimili, hver stærð hennar er og eftir atvikum hvers konar fasteign.
3. Hvaða skuldir hvíla á fasteigninni, en í greinargerð um þær skal lýst nákvæmlega meðal annars tegund þeirra, tilurð, fjárhæð þeirra í upphafi og eftirstöðvum, greiðsluskilmálum, ákvæðum um vexti og verðtryggingu, að hvaða marki þær séu þegar í vanskilum, hvaða fjárhæð greiða þurfi af þeim með afborgun, við hverja skuldirnar eru og hvar þær eru til innheimtu.
4. Hverjar tekjur skuldarans eru og tekjur annarra sem eiga með honum lögheimili, hvort sem er af vinnu eða öðrum sökum.
5. Sundurliðaðar upplýsingar um aðrar eignir skuldarans og skuldbindingar.
6. Hvort önnur greiðsluerfiðleikaúrræði hafi verið nýtt eða eftir þeim leitað.

Með beiðni skulu fylgja gögn til staðfestingar upplýsingum sem í 1. mgr. greinir, en auk þess þrjú síðustu skattframtöl skuldarans. Þá skal jafnframt fylgja staðfesting fjármálafyrirtækis á því að það hafi tekið að sér að annast greiðslumiðlun fyrir skuldarann samkvæmt því sem í 1. mgr. 11. gr. segir.

4. gr.

Héraðsdómari tekur afstöðu til beiðni skv. 3. gr. með úrskurði. Um meðferð hennar fyrir dómi og heimild til málskots gilda sömu reglur og um meðferð beiðni um heimild til að leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar.

Héraðsdómari hafnar beiðni ef svo stendur á sem hér segir:

1. Ef beiðni er ekki gerð á fullnægjandi hátt eða nauðsynleg gögn fylgja henni ekki.
2. Ef veruleg ástæða er til að ætla að upplýsingar í beiðni séu ekki réttar.
3. Sé fjárhagur skuldara slíkur að annaðhvort megi honum vera kleift að standa í fullum skilum án greiðsluaðlögunar meðal annars með því að nýta sér önnur tiltæk greiðsluerfiðleikaúrræði eða ljóst verði að telja að honum yrði ófært að standa undir lágmarksfjárhæð fastrar mánaðargreiðslu skv. 1. mgr. 5. gr.
4. Ætla megi að skuldari hafi hagað gerðum sínum svo sem raun varð á með ráðnum hug um að leita tímabundinnar greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna.
5. Hafi skuldari hagað fjármálum sínum á verulega ámælisverðan hátt eða tekið fjárhagslega áhættu sem ekki var í samræmi við fjárhagsstöðu hans á þeim tíma sem til fjárhagsskuldbindingarinnar var stofnað.
6. Hafi til skulda verið stofnað á þeim tíma er skuldari var greinilega ófær um að standa við fjárhagsskuldbindingar sínar.
7. Hafi skuldari bakað sér skuldbindingu sem einhverju nemur miðað við fjárhag hans með háttsemi sem varðar refsingu eða skaðabótaskyldu.

8. Skuldari hafi svo að máli skipti látið hjá líða að standa í skilum við veðkröfuhafa þótt honum hefði verið það kleift að einhverju leyti eða öllu.

Taki héraðsdómari til greina beiðni skal hann þegar í stað skipa umsjónarmann með greiðsluaðlöguninni eftir sömu reglum og gilda við nauðasamningsumleitanir til greiðsluaðlögunar. Njóti skuldari á sama tíma heimildar til slíkra nauðasamningsumleitana skal að öðru jöfnu skipa sama umsjónarmann til að fara með mál eftir þessum lögum. Þóknun umsjónarmanns, allt að 200.000 kr., greiðist úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði af greiðsluaðlögun samkvæmt ákvörðun héraðsdómara.

Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að opinber stofnun eða sýslumenn komi í stað umsjónarmanns með greiðsluaðlögun og annist störf hans í samræmi við ákvæði laga þessara. Dómsmálaráðherra er heimilt að fela sýslumanni, einum eða fleiri, eða opinberri stofnun umsjón með tímabundinni greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

Þegar úrskurður skv. 3. mgr. er genginn frestast nauðungarsala, sem leitað kann að hafa verið á viðkomandi fasteign, meðan reynt er að koma greiðsluaðlögun á.

Skuldari getur á öllum stigum fellt niður aðgerðir til að koma á greiðsluaðlögun.

5. gr.

Þegar umsjónarmaður hefur verið skipaður skal hann tafarlaust kveðja skuldara á sinn fund og leita eftir þörfum frekari upplýsinga til undirbúnings á greiðsluaðlögun. Á grundvelli þeirra upplýsinga og fyrirliggjandi gagna að öðru leyti skal umsjónarmaður reikna að teknu tilliti til framfærslukostnaðar og annarra eðlilegra útgjalda skuldarans hvað honum sé kleift að greiða þegar í stað af skuldum, sem greiðsluaðlögunin tæki til, og síðan með föstum mánaðargreiðslum á því tímabili sem hún stæði yfir. Fastar mánaðargreiðslur mega þó ekki nema lægri fjárhæð en þeirri sem ætla má samkvæmt mati umsjónarmanns að svari til hæfilegrar húsaleigu á almennum markaði fyrir eignina sem greiðsluaðlögun varðar. Fastar mánaðargreiðslur skulu bundnar launavísitölu frá þeim tíma sem beiðni um greiðsluaðlögun var tekin til greina.

Umsjónarmaður skal í samráði við skuldara gera frumvarp til greiðsluaðlögunar, þar sem greint er frá eftirtöldu:

1. Hverjar skuldirnar eru sem greiðsluaðlögun er ætlað að taka til, við hverja þær eru og við hvaða heimild þær styðjast, hver staða þeirra er í veðröð, hver núverandi fjárhæð þeirra er sundurliðað annars vegar í vanskil og hins vegar ógjaldfallinn þátt þeirra, svo og hvenær og hvað skuldari verður að greiða í afborganir og vexti af því sem ógjaldfallið er ef ekki kemur til greiðsluaðlögunar.
2. Hvernig greiðslum skuldarans samkvæmt áðursögðu mundi ráðstafað upp í skuldirnar, jafnt því sem hann gæti innt af hendi þegar í stað og föstum mánaðarlegum greiðslum á greiðsluaðlögunartímanum, en um það fer samkvæmt því sem segir í 7. gr.
3. Hve lengi greiðsluaðlögun sé ætlað að standa.

Að því gerðu sem að framan segir boðar umsjónarmaður með sannanlegum hætti til fundar með veðhöfum sem haldinn skal innan fjögurra vikna frá skipun hans. Fundarboði skal fylgja greinargerð um þau atriði sem um ræðir í 1. mgr. og frumvarp til greiðsluaðlögunar. Ef ekki er kunnugt um hver eigi kröfu sem greiðsluaðlögun tekur til skal umsjónarmaður beina fundarboði til þess sem upplýst hefur verið að annist innheimtu á kröfunni, en sé ekki heldur um þann vitað verður ekki frekar af fundarboði vegna þeirrar kröfu. Skuldara skal tilkynnt hvar og hvenær veðhafafundur verður haldinn.

6. gr.

Komist greiðsluaðlögun á hefur hún þau áhrif meðan á henni stendur að skuldir sem undir hana eiga bera aðeins þá vexti og eftir atvikum verðtryggingu sem þær hefðu borið í skilum án tillits til gjalddaga. Beri krafa enga samningsvexti skal höfuðstóll hennar verðtryggður miðað við vísitölu neysluverðs og skulu falla á hana vextir sem kveðið er á um í 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Á greiðsluaðlögunartíma fellur ekki heldur á þær skuldir krafa um innheimtukostnað eða annan kostnað sem stafar af vanskilum. Að því leyti sem ekki fæst greiðsla á kröfu á greiðsluaðlögunartíma bætast áfallnir vextir árlega við höfuðstól hennar.

Hafi krafa, sem upphaflega var samið um að greiða með afborgunum á tilteknum tíma sem enn er ekki kominn, verið gjaldfelld í heild vegna vanskila eða af öðrum sökum veldur greiðsluaðlögun því að gjaldfelling er úr gildi að því er þær afborganir varðar.

Nú er krafa að nokkru komin í gjalddaga án þess að staðið hafi verið í skilum með þann hluta hennar en hún er að öðru leyti í skilum, eftir atvikum vegna ákvæða 2. mgr., og verður þá greiðsluaðlögun til þess að vanskilaþáttur kröfunnar, hvað varðar jafnt gjaldfallinn hluta höfuðstóls sem vexti og verðtryggingu, leggst við ógjaldfallinn höfuðstól hennar, sbr. þó 1. mgr. 7. gr. Um leið skal þá lánstími lengjast til jafnlengdar þeim tíma sem greiðsluaðlögun stendur og skulu greiðslukjör ákveðin á nýjan leik með tilliti til þess.

Hvíli samkvæmt samningsveði eða fjárnámi krafa á fasteigninni sem öll er komin í gjalddaga án þess að ákvæði 3. mgr. taki til hennar leiðir greiðsluaðlögun til þess að krafan skal teljast gjaldkræf með afborgunum, sem að fjölda skulu svara til þeirra mánaða sem eftir standa af greiðsluaðlögunartímanum þegar fyrst fæst greiðsla upp í kröfuna.

Meðan á greiðsluaðlögun stendur verður ekki stofnað til samningsveðs í fasteigninni. Ef fjárnám er gert í fasteigninni á þeim tíma fer um það sem segir í 4. mgr. Á tímabili greiðsluaðlögunar verður ekki krafist nauðungarsölu á fasteigninni nema til fullnustu lögveðskröfu sem gjaldfallið hefur eftir upphaf hennar eða kröfu á hendur öðrum en skuldaranum sem tryggð er með veði í fasteigninni.

7. gr.

Geti skuldari lagt þegar í stað af mörkum fé til greiðslu af skuldum skal því fyrst varið til að greiða kröfur sem lögveðsréttur er fyrir og gjaldfallnar voru áður en beiðni um greiðsluaðlögun var tekin til greina. Standi eitthvað þá eftir af því fé skal því ráðstafað til að greiða upp vanskil á skuldum eftir stöðu þeirra í veðröð svo langt sem fjárhæðin hrekkur til.

Mánaðargreiðslu, sem reiknuð er eftir 1. mgr. 5. gr., skal varið fyrst til að gera full skil á kröfum sem lögveðsréttur er fyrir, enda hafi þær ekki greiðst samkvæmt því sem í 1. mgr. segir. Eftir að full skil hafa verið gerð á þeim kröfum skal mánaðargreiðslu ráðstafað hverju sinni til að greiða áður ákveðnar afborganir af skuldum ásamt vöxtum og eftir atvikum verðtryggingu þannig að fyrst komi til greiðslu af þeirri skuld sem hverju sinni stendur fremst í veðröð, en standi þá eftir fé af þeirri mánaðargreiðslu skal því þessu næst varið til greiðslu af skuldinni sem næst er í veðröð og svo koll af kolli. Að því leyti sem ekkert fæst af mánaðargreiðslu upp í kröfu vegna stöðu hennar í veðröð ber hún vexti og tekur skilmálabreytingum skv. 1. og 3. mgr. 6. gr.

8. gr.

Á veðhafafundi sem umsjónarmaður boðar til skv. 3. mgr. 5. gr. skal hann kynna greinargerð sína og frumvarp til greiðsluaðlögunar. Sé skuldari staddur á fundi er honum skylt eftir

bestu vitund að veita fundarmönnum upplýsingar um þau atriði varðandi greiðsluaðlögunina sem þeir óska eftir. Umsjónarmanni er að kröfu fundarmanns heimilt að fresta veðhafafundi ef skuldari er þar ekki mættur og leggja fyrir hann að koma til fundar ef umsjónarmaður fellst á að það sé nauðsynlegt til upplýsingaöflunar.

Umsjónarmaður skal leita eftir viðhorfum þeirra sem sækja veðhafafund til frumvarps til greiðsluaðlögunar. Eftir því sem þurfa þykir getur umsjónarmaður að tillögu skuldara eða með samþykki hans gert breytingar á frumvarpinu sem kynntar skulu þegar á fundinum. Færð skal fundargerð þar sem meðal annars þessum atriðum skal í meginatriðum lýst.

Innan tveggja vikna frá veðhafafundi skal umsjónarmaður taka rökstudda og skriflega ákvörðun um hvort af greiðsluaðlögun verði. Því skal umsjónarmaður hafna ef fram hafa komið atriði sem leiða hefðu átt til þess að beiðni skuldarans yrði hafnað fyrir héraðsdómi, sbr. 2.–8. tölul. 2. mgr. 4. gr. Umsjónarmaður getur einnig hafnað að greiðsluaðlögun komist á ef hann telur óraunhæft að skuldari muni standa við skilmála samkvæmt frumvarpi að henni, svo og ef skuldari hefur ekki staðið af trúmennsku að undirbúningi hennar eða ætla verði að hennar sé leitað í óheiðarlegum tilgangi.

Ákvörðun umsjónarmanns skal með sannanlegum hætti send tafarlaust öllum veðhöfum sem kunnugt er um, svo og skuldaranum.

Hafi umsjónarmaður ákveðið að hafna því að af greiðsluaðlögun verði er meðferð hans á máli þegar í stað lokið.

Nú hefur umsjónarmaður ákveðið að af greiðsluaðlögun verði og getur þá veðhafi innan tveggja vikna frá því að sú ákvörðun var tekin tilkynnt umsjónarmanni að hann krefjist úrlausnar héraðsdóms um hana. Sú tilkynning skal vera skrifleg og rökstudd, en að öðru leyti fer um meðferð máls samkvæmt sömu reglum og gilda um meðferð ágreinings um frumvarp skiptastjóra til úthlutunar við gjaldþrotaskipti.

Þegar frestur skv. 6. mgr. er út runninn án þess að veðhafi krefjist dómsúrlausnar er greiðsluaðlögun sjálfkrafa komin á. Að öðrum kosti fer um afdrif hennar eftir úrlausn dómstóla.

9. gr.

Þegar greiðsluaðlögun er komin á skal umsjónarmaður gera skriflega yfirlýsingu um hana þar sem meðal annars skal greint frá hvenær hún komst á, til hve langs tíma hún er og hverjar skilmálabreytingar leiðir af henni. Hann skal fá yfirlýsingunni þinglýst, en til þess þarf ekki samþykki veðhafa. Fyrir þessa þinglýsingu greiðist ekkert gjald. Umsjónarmaður skal senda öllum þekktum veðhöfum eintak af þessari yfirlýsingu.

Umsjónarmaður lætur skuldaranum í té staðfest eintak yfirlýsingar skv. 1. mgr., frumvarps til greiðsluaðlögunar og ákvörðunar sinnar um að af henni verði til að skuldari geti falið fjármálafyrirtæki að miðla greiðslum fyrir sig. Við svo búið er meðferð umsjónarmanns á máli lokið.

10. gr.

Umsjónarmaður skal án tafar tilkynna héraðsdómi um lok starfa sinna. Þeirri tilkynningu skulu fylgja greinargerð umsjónarmanns og frumvarp til greiðsluaðlögunar, fundargerðir frá veðhafafundi, ákvörðun umsjónarmanns um málalok og eftir atvikum yfirlýsing hans skv. 9. gr.

11. gr.

Skuldara er skylt í tæka tíð áður en komið er að fyrsta gjalddaga samkvæmt greiðsluaðlögun að koma því til leiðar að fjármálafyrirtæki miðli fyrir hann greiðslum samkvæmt henni.

Meðan á tíma greiðsluaðlögunar stendur getur veðhafi, sem af henni er bundinn, leitað eftir ógildingu hennar eftir sömu reglum og gilda um ógildingu nauðasamnings.

Greiðsluaðlögun fellur sjálfkrafa úr gildi ef eigendaskipti verða að fasteigninni sem hún varðar, þar á meðal með andláti skuldara eða því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta.

12. gr.

Nú telur skuldari þegar minna en þrír mánuðir eru til loka tíma greiðsluaðlögunar en áður en sá tími er á enda að sýnt sé að hann verði um fyrirséða framtíð ófær um að standa í fullum skilum með greiðslu skulda sem tryggðar eru með veði í þeirri fasteign sem greiðsluaðlögun tekur til og að önnur tiltæk greiðsluerfiðleikaúrræði séu ófullnægjandi. Getur skuldari þá leitað eftir því að veðréttindi sem standa til tryggingar uppreiknaðra eftirstöðva veðskulda á fasteigninni sem hún varðar og nema hærri fjárhæð en svarar til söluverðs fasteignarinnar á almennum markaði að viðbættum 10 hundraðshlutum verði afmáðar af fasteigninni enda sýni skuldari fram á að hann geti staðið í fullum skilum með þær veðskuldir sem áfram hvíla á fasteigninni. Getur skuldari þá beint til sýslumanns í umdæminu, þar sem fasteignin er, skriflegri og rökstuddri beiðni um að gerðar verði ráðstafanir um fasteignina samkvæmt því sem nánar segir í 3.–5. mgr. Það er skilyrði fyrir þeim ráðstöfunum að veðskuldir séu í skilum eftir þeirri skipan sem greiðsluaðlögun hefur leitt af sér.

Með beiðni skuldara skv. 1. mgr. skal fylgja eintak af þeim gögnum sem getið er í 3. og 9. gr. ásamt verðmati tveggja löggiltra fasteignasala á fasteign skuldarans, eintak af kvittunum fyrir greiðslum til veðhafa í samræmi við greiðsluaðlögun og eftir þörfum útreikningum á uppreiknaðri stöðu veðskulda sem á fasteigninni hvíla.

Þegar sýslumanni hefur borist beiðnin kannar hann hvort fullnægt sé skilyrðum 1. og 2. mgr. til að taka hana til meðferðar. Séu þau ekki uppfyllt hafnar hann beiðninni þegar í stað nema annmarkar séu á málatilbúnaði skuldara sem bæta megi úr á skömmum fresti. Að öðrum kosti skal sýslumaður boða með sannanlegum hætti alla veðhafa ásamt skuldara til fundar við sig. Liggi ekki fyrir upplýsingar um hverjir eigi einstakar veðkröfur skal sýslumaður beina fundarboði til þeirra sem upplýst hefur verið að annist innheimtu á kröfunum, en sé ekki heldur um þá vitað skulu þessir veðhafar boðaðir til fundarins með auglýsingu í Lögbirtingablaði sem birt er með minnst viku fyrirvara.

Á veðhafafundi kynnir sýslumaður fyrirliggjandi gögn og gefur veðhöfum kost á að lýsa afstöðu til þess sem fram er komið af hendi skuldara. Verðmat á eign sem skuldari hefur aflað skv. 2. mgr. skal lagt til grundvallar nema veðhafi sem hefur hagsmuna að gæta af niðurstöðu þess fái því hrundið með matsgerð dómkvaddra manna, en fresta skal sýslumaður meðferð máls ef leita skal slíkrar matsgerðar. Teljist samkvæmt þessu sýnt að samanlögð fjárhæð veðskulda sé hærri en söluverð eignarinnar í því hlutfalli, sem getið er í 1. mgr., skal sýslumaður gefa á fundinum veðhöfum, sem fara með kröfur sem standa í veðröð utan þeirra marka, kost á að gera þegar í stað tilboð um að leysa til sín eignina með því að taka að sér rétthærri veðkröfur annarra.

Komi fram á veðhafafundi tilboð skv. 4. mgr. skal leitað afstöðu skuldara til þess. Hafni hann boðinu eða sé hann ekki mættur á fund lýkur þessari meðferð máls þegar í stað. Sam-

þykki skuldari tilboðið skal veðhafi standa við það innan tveggja vikna ásamt því að leggja til nauðsynleg skjöl vegna eigendaskipta.

Nú kemur ekki fram tilboð á veðhafafundi skv. 4. mgr., og skal þá sýslumaður eftir kröfu skuldara afmá af fasteigninni veðréttindi sem standa utan þeirra marka í veðröð sem greinir í 1. mgr. Standi veðkrafa að hluta innan þeirra marka og að hluta utan skal eftirstöðvum hennar skipt að tiltölu því til samræmis og ákveður þá sýslumaður nýjan höfuðstól skuldarinnar sem veðréttindi eru fyrir. Um ráðstafanir samkvæmt þessari málsgrein gerir sýslumaður yfirlýsingu sem þinglýst skal á eignina en fyrir hana greiðist ekkert gjald.

Sýslumaður skal færa gerðabók um ráðstafanir samkvæmt þessari grein. Rísi ágreiningur um slíkar ráðstafanir geta þeir sem eiga hlut að máli leitað úrlausnar um hann fyrir dómstólum eftir sömu reglum og gilda um úrlausn ágreinings um gildi nauðungarsölu.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2009.

Greinargerð.

I.

Við meðferð allsherjarnefndar á frumvarpi til laga um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21 26. mars 1991 (greiðsluaðlögun), þskj. 507, 281. mál, ræddi nefndin ítarlega hvort og að hvaða marki rétt væri að láta greiðsluaðlögun ná til veðlána. Var í því efni meðal annars litið til fordæmis úr norsku lögunum um greiðsluaðlögun. Var það niðurstaða nefndarinnar að sérstök sjónarmið giltu að sumu leyti um slíkar kröfur og því væri rétt að lagatextinn tæki með ótvíræðum hætti á þeim álitamálum sem sköpuðust ef slíkar kröfur féllu undir úrræðið.

Eftir umræður í nefndinni beindi formaður nefndarinnar því til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og réttarfarsnefndar að leitað yrði leiða til að útfæra með fullnægjandi hætti almenna greiðsluaðlögun veðkrafna á þann veg að skuldsettu fólki í hóflegu húsnæði sem ekki réði við greiðslubyrði sína yrði gefið tækifæri til greiðsluaðlögunar án hefðbundinna nauðungarsölu- og gjaldþrotaúrræða. Með þessu móti næðist sá árangur að kröfuhafar héldu greiðsluflæði fyrir hluta áhvílandi skulda í stað þess að þurfa að afskrifa þær að fullu og öllu og mundu losna við kostnað af yfirtöku fullnustueigna. Skuldarar næðu með þessu að standa í skilum og forðast gjaldþrot. Ljóst væri að umtalsverður hluti skuldara væri í þeirri stöðu að skulda meira en sem næmi verðmæti eignar í yfirstandandi kreppu, en úrræðið ætti einungis að taka til þeirra sem ekki hefðu greiðslugetu til að standa skil á skuldum.

Í kjölfar þessa hófu dóms- og kirkjumálaráðuneytið og réttarfarsnefnd undirbúning þess frumvarps sem hér er lagt fram. Allsherjarnefnd samþykkti að leggja frumvarpið fram, enda tilurð þess byggð á þeirri vinnu sem fram hafði farið á vettvangi nefndarinnar.

Í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, er að finna reglur um greiðslustöðvun og nauðasamninga, en þessi réttarúrræði hafa það sameiginlega markmið að gera skuldara kleift að ráða bót á fjárhagsörðugleikum sínum til að forða því að bú hans verði tekið til gjaldþrotaskipta. Ákvæði um greiðslustöðvun er að finna í 2. þætti laganna, en þetta úrræði var fyrst leitt í lög með gjaldþrotalögum nr. 6/1978. Um nauðasamninga er hins vegar fjallað í 3. þætti laganna, en það réttarúrræði var upphaflega tekið upp með lögum nr. 19/1924, um nauðasamninga. Þegar gildandi lög, nr. 21/1991, voru sett þótti heppilegast með hliðsjón af efnislegri samstöðu að skipa í eina löggjöf reglum um greiðslustöðvun, nauðasamninga og gjaldþrotaskipti.

Á árunum 1993–1995 störfuðu nefndir á vegum félagsmálaráðherra sem falið var að kanna hvort efni væru til að leiða í lög hliðstætt úrræði og þekktist annars staðar á Norðurlöndum fyrir einstaklinga í greiðsluvanda. Tillögur sem þessar nefndir skiluðu leiddu ekki til þess að flutt væri stjórnarfrumvarp á grundvelli þeirra. Í stað þess að lögfesta úrræði af þessu tagi var hins vegar gripið til þess að auðvelda einstaklingum að leita nauðasamninga með því að leitast við að ryðja úr vegi hindrun vegna fyrirhafnar og kostnaðar. Í því skyni voru sett lög um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, nr. 65/1996.

Frá árinu 1995 hafa reglulega verið flutt af þingmönnum frumvörp sem stefnt hafa að því að leitt yrði í lög úrræði, sem nefnt yrði greiðsluaðlögun, til að ráða bót á fjárhagsörðugleikum einstaklinga. Í fyrstu gerðum þessara lagafrumvarpa var miðað við að um þetta efni yrði sett sérstök löggjöf, en í síðari frumvörpum var lagt til að reglum um þetta úrræði yrði bætt inn í lög nr. 21/1991 þannig að því yrði skipað á bekk með hliðstæðum úrræðum, þ.e. greiðslustöðvun og nauðasamningi, sem hafa einnig það markmið að ráða bót á fjárhagsvanda skuldara og forða búi hans frá gjaldþrotaskiptum. Þá skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra í mars 2007 nefnd til að vinna drög að frumvarpi til laga um greiðsluaðlögun og skilaði nefndin drögum að frumvarpi í byrjun árs 2008.

II.

Við þær sérstöku aðstæður sem ríkja í efnahagslífi þjóðarinnar og snerta fjárhag fjölmargra heimila hefur verið talin ástæða til að huga almennt að vanda skuldsettra heimila og því hvort færar séu leiðir til þess að koma þeim til hjálpar við ríkjandi aðstæður. Í kjölfar bankahrunsins á liðnu hausti og þeirrar miklu efnahagslægðar sem því hefur fylgt með tilheyrandi greiðsluvanda fyrir stóran hóp fólks þykir jafnframt nauðsynlegt að tryggja einstaklingum virkara úrræði til að gera þeim eftir fremsta megni kleift að endurskipuleggja fjármál sín með það að markmiði að þeir geti búið áfram í fasteign sinni sé þess nokkur kostur. Við setningu slíkra reglna þarf að virða stjórnarskrárvarinn eignarrétt þeirra kröfuhafa sem njóta veðtryggingar í fasteignum skuldara, en takist vel til geta hagsmunir skuldara og kröfuhafa farið saman.

Í frumvarpinu hefur þetta viðfangsefni verið nálgast með því móti að mæla fyrir um tímabundna greiðsluaðlögun greiðslna af fasteignaveðkröfum sem ætlað er að taka til þeirra tilvika þegar skuldari getur sannanlega ekki nýtt sér önnur þau greiðsluerfiðleikaúrræði sem honum bjóðast. Er úrræðinu ætlað að vera tímabundið og getur það staðið í allt að fimm ár. Nánar lýsir úrræðið sér í því að skuldari getur að ákveðnum skilyrðum fullnægðum leitað eftir tímabundinni greiðsluaðlögun vegna skulda sem hvíla á fasteign hans sé það húsnæði sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda enda haldi skuldari þar heimili og hafi þar skráð lögheimili. Frumvarpinu er því ekki ætlað að taka til annarra veðskulda en þeirra sem hvíla á þeim fasteignum sem ætlaðar eru til íbúðar skuldara. Það tekur því ekki til annarra fasteigna, svo sem sumarhúsa og fasteigna sem eru í skipulögðum frístundabyggðum. Geti skuldari ekki staðið full skil á greiðslu þeirra skulda sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði, breytast skuldbindingar skuldarans með þeim hætti að gjalddaga þeirra skuldbindinga sem hann getur ekki greitt er frestað svo lengi sem greiðsluaðlögunin stendur. Í frumvarpinu er í þessum efnum lögð til sú leið að greiðslugeta af veðtryggðum fasteignaveðkrafna verði tímabundið löguð að getu skuldara til greiðslu fasteignaveðkrafna, en þó þannig að hún nemi að lágmarki fjárhæð hæfilegrar húsaleigu á almennum markaði fyrir þá fasteign sem um ræðir. Meðan á greiðsluaðlögunartímabili stendur falla því ekki dráttarvextir, vanskilagjöld eða innheimtukostnaður á veðkröfur, en vanskila-

þáttur kröfunnar sem ekki fæst greiddur leggst við ógjaldfallinn höfuðstól kröfunnar og á lánstíminn að lengjast sem því nemur til jafnlengdar þeim tíma sem greiðsluaðlögunin stendur. Á þeim tíma verður húsnæðið ekki selt nauðungarsölu og getur skuldari ekki gert samning um veðsetningu húsnæðisins á sama tíma.

Um slíka tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði gilda þær málsmeðferðarreglur sem mælt er fyrir um í frumvarpinu, og taka þær mið af þeim málsmeðferðarreglum sem mælt er fyrir um í fyrrgreindu frumvarpi dómsmálaráðherra um greiðsluaðlögun. Þar er þó að finna það nýmæli að við lok greiðsluaðlögunartímabils getur skuldari óskað þess að veðréttindi vegna veðskuldar sem á fasteign hans hvíla verði máðar af fasteigninni, séu þær umfram tiltekinn hundraðshluta sem bætt er við markaðsverð eignar. Er þá í frumvarpinu gert ráð fyrir tiltekinni málsmeðferð sem sýslumenn muni annast ef skuldari óskar eftir henni.

III.

Eins og hér hefur verið rakið er lagt til með frumvarpinu að lögfest verði sérstakt úrræði fyrir einstaklinga sem glíma við verulegan fjárhagsvanda og eiga á hættu af þeim sökum að fasteignir þeirra verði seldar nauðungarsölu. Úrræðið felur í sér að leitað er tímabundinnar greiðsluaðlögunar vegna fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Þar sem frumvarpið tekur einungis til þessa afmarkaða þáttar og þar sem það fellur ekki beint að reglum laga nr. 21/1991 er það lagt fram sem sjálfstætt frumvarp. Er hins vegar ekkert því til fyrirstöðu að skuldari sem á í verulegum fjárhagsörðugleikum leiti eftir greiðsluaðlögun eftir því frumvarpi sem dómsmálaráðherra hefur lagt fram samkvæmt framansögðu, samtímis því sem skuldari nýtur tímabundinnar greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Horfir það mjög til bóta fyrir skuldara þar sem úrræðin, hvort um sig eða þau saman, geta reynst skuldurum mjög vel við að endurskipuleggja fjárhag sinn, án þess að gengið sé á stjórnarskrárvarinn eignarrétt veðkröfuhafa og án þess að draga úr almennum vilja skuldara til greiðslu skuldbindinga sinna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með frumvarpinu er lagt til að eigandi íbúðarhúsnæðis geti leitað eftir greiðsluaðlögun vegna þeirra skulda sem hvíla á fasteign hans. Í greininni kemur fram sú meginregla frumvarpsins að þær greiðslur sem umfram eru og skuldari getur ekki greitt af teljist ekki til vanskila á meðan á greiðsluaðlögun stendur, heldur er gjalddaga þeirra frestað þar til hinni tímabundnu greiðsluaðlögun er lokið. Skilyrði þess að skuldari geti leitað tímabundinnar greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna er að hann sé og verði um einhvern tíma ófær um að standa full skil á greiðslu skulda sem tryggðar eru með veði í fasteign hans, eins og nánar er tekið fram í ákvæðinu. Ekki er nægilegt að um mjög tímabundin eða skammvinn greiðsluvandræði sé að ræða. Þetta skilyrði lýtur þannig að því að skuldari sé ógreiðslufær en ekki skiptir máli hvort skuldari sé þannig settur að andvirði eigna hans sé minna en nemur skuldum. Sú aðstaða ein, án þess að hún bitni á greiðslugetu skuldara, getur því ekki réttlætt tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna.

Auk þess verður sá sem leitar eftir úrræðinu að vera eigandi fasteignarinnar. Þótt ekki sé það tekið sérstaklega fram getur einungis einstaklingur nýtt sér úrræðið, enda leiðir af ákvæðum 2. gr. frumvarpsins að slík greiðsluaðlögun getur einungis tekið til þeirra skulda sem hvíla á húsnæði sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvörðunum byggingar- og skipulags-

yfirvalda. Úrræðið er tímabundið og getur lengst varað í fimm ár, þótt umsjónarmaður geti ákveðið að það vari í skemmri tíma. Mikilvægt er að við mat þess verði því ekki markaður of langur tími, en mat þess fer eftir aðstæðum skuldara hverju sinni.

Í greininni kemur jafnframt fram það mikilvæga skilyrði að skuldari hafi áður reynt að leita annarra leiða til að standa í skilum með skuldbindingar sínar. Fer það eftir atvikum hvort um sé að ræða frjálsa samninga við veðkröfuhafa eða innheimtumenn þeirra, eða að skuldari hafi til að mynda leitað eftir greiðslujöfnun lána. Fyrrgreind úrræði eru nefnd í dæmaskyni og er ekki ætlað að vera tæmandi yfirlit þeirra úrræða sem skuldari verður áður að hafa leitað eftir. Brýnt er að skuldari hafi leitað þeirra úrræða sem honum standa sannanlega til boða og að þau hafi ekki reynst fullnægjandi. Verður skuldari því að leggja fram skjöl sem sýna fram á að hann hafi áður leitað allra þeirra leiða sem honum eru færar, en að öðrum kosti fellst dómari ekki á beiðni skuldara um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu koma fram þau meginskilyrði sem eru fyrir tímabundinni greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna. Sá sem leitar eftir úrræðinu verður að vera þinglesinn eigandi viðkomandi fasteignar og hafa forræði á fé sínu. Í því felst að bú hans sé ekki til gjaldþrotaskipta. Ekkert er því til fyrirstöðu að hann hafi leitað eftir greiðsluaðlögun eftir lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., þar sem það hindrar ekki að hann leiti jafnframt tímabundinnar greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna. Séu eigendur fasteignar tveir eða fleiri verða þeir að leita slíkrar greiðsluaðlögunar sameiginlega, enda er úrræðið háð því að eigandi geti ekki greitt af áhvílandi veðskuldum. Verða báðir eigendur því að sækja um úrræðið og leggja fram upplýsingar um greiðslugetu sína sameiginlega.

Þá kemur fram í ákvæðinu að greiðsluaðlögun geti aðeins tekið til þeirrar fasteignar þar sem skuldarinn heldur heimili og hefur skráð lögheimili, enda sé um að ræða húsnæði sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda. Annars konar húsnæði fellur því ekki undir ákvæðið og leiðir af því að eigandi þess getur ekki farið fram á úrræðið. Skilyrði fyrir úrræðinu er að um sé að ræða hóflegt húsnæði. Ákvæðinu er ætlað að fela í sér tiltekna viðmiðun sem svipar til hugtaksins „látlaust heimili“ í 43. gr. laga nr. 90/1989. Sú viðmiðun sem ákvæðið leggur til grundvallar er matskennd og metur dómari það hverju sinni hvort um óhóflegt húsnæði sé að ræða. Við það mat er meðal annars litið til stærðar húsnæðisins, tegundar þess, íbúðarforms og staðsetningar og fyrrgreind atriði metin út frá tekjum skuldara og heimilisaðstæðum hans hverju sinni.

Jafnframt er gerð grein fyrir þeim skuldum sem greiðsluaðlögunin tekur til, en það eru allar þær veðkröfur sem á fasteign hvíla, hvort heldur um er að ræða kröfur tryggðar með lögveði, samningsveði eða aðfararveði í fasteigninni. Hins vegar hefur úrræðið engin áhrif á tryggingarréttindi í fasteigninni á grundvelli kyrrsetningar eða löggeymslu, en krafa sem slík réttindi eru fyrir kemur ekki til greiðslu nema fjárnám hafi jafnframt verið gert í eigninni fyrir sömu kröfu. Þá er úrræðinu ætlað að taka jafnt til fasteignaveðkrafna í innlendri sem erlendri mynt.

Um 3. gr.

Hér er meðal annars mælt fyrir um efni beiðni skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar og þau gögn sem verða að fylgja þeirri beiðni til héraðsdóms. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að skuldari leiti tímabundinnar greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna með

skriflegri beiðni sem senda skal til þess héraðsdómstóls þar sem hann á lögheimili. Með beiðninni þurfa að fylgja þau gögn og þær upplýsingar sem fram koma í ákvæðinu, þar sem mikilvægt er að dómstóll geti metið sjálfstætt hvort skuldari eigi rétt til slíkrar greiðsluaðlögunar. Þessar upplýsingar eiga að gefa skýra mynd að getu skuldarans til þess að greiða mánaðarlega í afborganir, en að auki verður að liggja fyrir hver afborgunarfjárhæð veðkrafna er og eftir atvikum hver eru vanskil þeirra. Þá verður skuldari að tiltaka í beiðninni hverjar tekjur hann hafi ásamt tekjum þeirra sem teljast til heimilis með honum. Með þessu er ekki gefið til kynna að ætlast sé til að allir heimilismenn skuldarans taki þátt í að greiða mánaðarlega afborgun til samræmis við 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins, enda ber hvorki maki hans né aðrir sem halda með honum heimili ábyrgð á skuldbindingum hans nema það leiði annaðhvort af lögum, svo sem vegna samábyrgðar hjóna á greiðslu vissra skatta, eða því að viðkomandi hafi gengist í ábyrgð fyrir skuld. Á hinn bóginn skipta tekjur maka eða annarra heimilismanna máli á þann hátt að eftir því sem þær kunna að vera meiri dregur úr þörf á því að tekjum skuldarans sé í sama mæli og ella varið til greiðslu kostnaðar af framfærslu þeirra, til dæmis ef maki skuldarans, sem jafnframt honum er framfærsluskyldur við börn þeirra, hefur teljandi tekjur en ber ekki teljandi skuldir.

Í ákvæðinu er einnig gert ráð fyrir því að upplýsa eigi um tekjur án tillits til þess hvort þær stafi af vinnu eða öðrum sökum, svo sem fjármagnstekjur eða greiðslur úr almannatryggingum eða lífeyrissjóði. Tilgangur þessa ákvæðis er sá að fram verður að koma raunhæfur spádómur um tekjur skuldarans og annarra heimilismanna hans á meðan tímabundinni greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna stendur, til ákvörðunar á fastri mánaðargreiðslu eftir 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Þá verður skuldari jafnframt að upplýsa með sannanlegum hætti hvort og þá hvaða leiðir hann hafi áður reynt til þess að koma fasteignaveðkröfum sínum í skil. Metur dómari það hverju sinni hvort þær tilraunir skuldara teljist vera fullnægjandi eða hvort hann telji svo ekki vera. Í slíkum tilvikum ber dómara að hafna beiðni skuldara um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna.

Þá er það jafnframt skilyrði að skuldari hafi áður komist að samkomulagi við fjármálafyrirtæki um að það muni aðstoða hann við að framkvæma greiðslumiðlun í samræmi við tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna, og verður ekki fallist á beiðni skuldara ef slík staðfesting fylgir ekki beiðni hans til héraðsdóms. Mikilvægt er að skuldari hafi gert slíkar ráðstafanir til þess að úrræðið nái að þjóna tilgangi sínum. Ekkert er því til fyrirstöðu að slík fjármálastofnun sé jafnframt veðhafi á þeirri fasteign sem tímabundinni greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna er ætlað að taka til.

Um 4. gr.

Hér eru talin skilyrði sem skuldari þarf að fullnægja til að geta fengið heimild til að leita greiðsluaðlögunar til viðbótar þeim sem felast í 3. gr. Samkvæmt því sem þar kemur fram gilda almennar reglur 1.–3. gr. um heimild til að leita tímabundinnar greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna. Í 1. mgr. ákvæðisins er mælt fyrir um þau atriði sem leiða til þess að héraðsdómara beri að synja um heimild til að leita tímabundinnar greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði. Skv. 1. tölul. verður beiðni hafnað ef beiðni hefur ekki verið gerð á fullnægjandi hátt eða henni fylgja ekki nauðsynleg gögn. Hér ber að leggja áherslu á að skuldari verður að veita fullnægjandi upplýsingar um allt sem lýtur að fjárhagslegum málefnum hans. Þannig ber honum að varpa skýru ljósi á eigna- og skuldastöðu hans, auk þess sem honum ber að greina frá tekjum og möguleikum hans til að afla þeirra, svo og áætluðum útgjöldum. Skv. 2. tölul. verður beiðni um heimild til að leita tímabundinnar

greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna hafnað ef dómari telur verulega ástæðu til að ætla að þær upplýsingar sem skuldari hefur látið fylgja beiðni sinni séu ekki réttar. Er þetta háð mati dómarans og fer eftir atvikum hverju sinni.

Þá er í 3. tölul. gert ráð fyrir því að dómari meti hvort fallast eigi á tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna. Ber dómara að meta hvort fjárhag skuldara sé þannig háttað að honum sé sannanlega kleift að standa í skilum með greiðslur áhvílandi lána, eða eftir atvikum hvort ljóst sé að skuldari muni ekki geta greitt þá lágmarksgreiðslu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Á dómari í slíkum tilvikum ekki að fallast á að veita skuldurum hið tímabundna úrræði, enda er markmiðið með þessari aðstoð við skuldara að greiða fyrir að greiðsluaðlögun nái þeim tilgangi að vera raunhæft úrræði fyrir hann til að ráða bót á þeim fjárhagsvanda sem hann glímir við. Jafnframt hafnar dómari beiðni skuldara um greiðsluaðlögun ef skuldari sýnir ekki fram á með fullnægjandi hætti að hann sé og verði um einhvern tíma ófær um að standa í fullum skilum á greiðslu skulda, eða hann hefur ekki áður nýtt sér greiðsluerfiðleikaúrræði sem honum eru tiltæk eða honum standa til boða. Er þetta til samræmis við það skilyrði úrræðisins sem er að finna í 1. gr. frumvarpsins og felur í sér þann megintilgang þess að það eigi við einungis í þeim undantekningartilvikum þegar allar aðrar tiltækar leiðir hafa verið reyndar og ekki reynst fullnægjandi að mati dómara.

Í 4. tölul. kemur fram að beiðni um heimild verði hafnað ef ætla má að skuldari hafi hagað gerðum sínum svo sem raun varð á með ráðnum hug um að leita geiðsluaðlögunar. Skv. 5. tölul. verður beiðni um heimild til að leita greiðsluaðlögunar hafnað ef skuldarinn hefur hagað fjármálum sínum á verulega ámælisverðan hátt eða tekið fjárhagslega áhættu sem ekki var í samræmi við fjárhagsstöðu hans á þeim tíma sem til fjárhagsskuldbindingarinnar var stofnað eða eftir að honum mátti vera orðið ljóst að hann væri ófær um að standa í fullum skilum við lánardrottna sína. Skv. 6. tölul. verður beiðni hafnað ef til skulda hefur verið stofnað á þeim tíma er skuldari var greinilega ófær um að standa við fjárhagsskuldbindingar sínar. Jafnframt verður beiðni hafnað skv. 7. tölul. ef skuldari hefur bakað sér skuldbindingu sem einhverju nemur miðað við fjárhag hans með háttsemi sem varðar refsingu eða skaðabótaskyldu. Í 8. tölul. ákvæðisins kemur fram að beiðni um heimild verði hafnað ef skuldari hefur svo að máli skipti látið hjá líða að standa í skilum við lánardrottna sína þótt honum hefði verið það kleift að einhverju leyti eða öllu. Þessum atriðum svipar til skilyrða fyrir greiðsluaðlögun eftir lögum nr. 21/1991, og er það sammerkt að ekki getur verið viðeigandi að skuldari eigi kost á tímabundinni greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna ef vandi hans verður að einhverju leyti eða öllu rakinn til atvika af þessu tagi þar sem hann sjálfur með framgöngu sinni ber ábyrgð á því hvernig hans málum er komið. Líkt og á við samsvarandi skilyrði laga nr. 21/1991, er ekki gert ráð fyrir að þessi matskenndu atriði verði túlkuð rýmra en efni eru til, þar sem er skuldari glímir við verulegan fjárhagsvanda er vissulega eitt og annað sem hýtur að hafa farið úrskeiðis hjá honum án þess þó að framangreind atriði verði talin eiga við þannig að girt sé fyrir tímabunda greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna.

Fallist dómari á að skuldara verði veitt tímabundin greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna skipar hann umsjónarmann til að fara með greiðsluaðlögunina og gilda um hann sömu reglur og um umsjónarmenn með nauðasamningum eftir ákvæðum laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Jafnframt kemur fram í ákvæðinu að við uppkvaðningu úrskurðar um að skuldara sé heimilt að leita eftir tímabundinni greiðsluaðlögun frestast nauðungarsala sem kann að hafa verið ákveðin á viðkomandi fasteign. Er sú regla mikilvæg svo að úrræðið nái tilgangi sínum. Jafnframt er mælt fyrir um að kostnaður umsjónarmanns greiðist úr ríkissjóði en þar er átt við útlagðan kostnað vegna vottorða og annars slíks en ekki kostnað vegna aðkeyptar

vinnu utanaðkomandi, til dæmis lögmanna eða endurskoðenda, en kostnaður er háður ákvörðun dómara. Er gert ráð fyrir því að dómari ákveði þóknun umsjónarmanns, og geti hún numið allt að 200.000 kr. að hámarki.

Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að fela sýslumanni, einum eða fleiri, eða opinberri stofnun að hafa umsjón með greiðsluaðlögun fasteignaveðlána í stað umsjónarmanns með greiðsluaðlögun sem þá annast störf hans í samræmi við ákvæði laga þessara.

Um 5. gr.

Hér er að finna reglur um fyrstu aðgerðir umsjónarmanns eftir að fenginn hefur verið dómsúrskurður um heimild skuldara til að leita greiðsluaðlögunar. Er hér nánar tiltekið mælt fyrir um að hann skuli þegar kalla skuldara á sinn fund og krefja hann allra þeirra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á til þess að meta hvað skuldara er kleift að greiða þegar í stað af veðskuldum og síðar með föstum mánaðargreiðslum á því tímabili sem greiðsluaðlögunin stendur. Mánaðarleg greiðsla er ákveðin sem föst fjárhæð, en hún getur þó aldrei verið lægri en sú fjárhæð sem umsjónarmaður telur að svari til hæfilegrar húsaleigu á almennum markaði fyrir þá eign sem greiðsluaðlögunin tekur til. Á umsjónarmaður einn mat þess og ber honum að afla þeirra upplýsinga á eigin spýtur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skuldari geti notið tímabundinnar greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna á sama tíma og hann leitar eftir nauðasamningi til greiðsluaðlögunar. Njóti skuldari heimildar til greiðsluaðlögunar eftir X. kafla a laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., á mánaðarleg greiðsla hans eftir frumvarpi þessu að miða við þá fjárhæð sem skuldara er ætlað að verja til afborgana af skuldum sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði skuldara eftir X. kafla a laga nr. 21/1991. Er þá meðal annars haft í huga að frumvarpi þessu er einungis ætlað að taka til hóflegs húsnæðis. Auk þess á greiðslugeta skuldara að öllu jöfnu að aukast þegar nauðasamningi til greiðsluaðlögunar er lokið. Ætti skuldari að henni lokinni að vera betur í stakk búinn til þess að greiða fasteignaveðkröfur sínar eins og upphaflega var um samið.

Samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar á umsjónarmaður að gera frumvarp til greiðsluaðlögunar. Vanda verður til frumvarpsins og verður umsjónarmaður eftir atvikum að afla sjálfur þeirra upplýsinga og gagna sem fram eiga að koma í frumvarpinu, þar sem ekki er gert ráð fyrir að birt verði innköllun í Lögbirtingablaði. Í frumvarpinu á að koma fram sundurliðun skulda sem greiðsluaðlöguninni er ætlað að taka til og á umsjónarmaður að greina þær í vanskil annars vegar og ógjaldfallnar eftirstöðvar hins vegar. Þá þarf að koma fram í frumvarpi umsjónarmanns hvaða fjárhæð skuldari geti greitt þegar í stað af skuldum sínum og hvaða fjárhæð hann muni geti greitt mánaðarlega með föstum afborgunum sem og til hve langs tíma greiðsluaðlögun er ætlað að standa. Þótt gert sé ráð fyrir að greiðsluaðlögun geti varað í allt að fimm ár ber umsjónarmanni að meta það sérstaklega í hvert og eitt sinn, miðað við hagsmuni skuldara og veðkröfuhafa, um hversu langan tíma úrræðinu er ætlað að standa.

Í 3. mgr. kemur fram að þegar slíkt frumvarp liggur fyrir skuli umsjónarmaður boða veðhafa til fundar. Skal boðunin vera skrifleg og skal henni fylgja frumvarp til tímabundinnar greiðsluaðlögunar ásamt greinargerð umsjónarmanns sem hefur að geyma skýrslu hans um þau atriði sem máli geta skipt við mat á greiðslugetu skuldara auk annarra atriða. Verður umsjónarmaður að gæta þess að boða alla þekkta veðhafa með sannanlegum hætti til fundarins, en ef ekki er vitað um hver eigi kröfu sem greiðsluaðlögun tekur til, til dæmis ef um er að ræða skuldabréf sem útgefið er til handhafa eða hefur verið framselt eyðuframsali, á

umsjónarmaður að beina fundarboði til þess sem upplýst hefur verið að annist innheimtu á kröfunni. Sé kröfuhafi hins vegar ekki þekktur og ekki vitað um hver annist innheimtu á kröfu hans verður ekki frekar af fundarboði vegna þeirrar kröfu án þess að það varði ógildi síðar. Að auki ber umsjónarmaður ábyrgð á því að skuldari verði boðaður til fundar með veðhöfum.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um réttaráhrif tímabundinnar greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna. Meðan á henni stendur bera þær skuldir sem undir hana eiga einungis umsamda vexti og eftir atvikum þá verðtryggingu sem þær hefðu borið í skilum án tillits til gjalddaga. Hafi ekki verið samið um að krafa beri vexti er í ákvæðinu mælt fyrir um að höfuðstóll hennar verði verðtryggður miðað við vísitölu neysluverðs og skulu falla á hana vextir sem kveðið er á um í 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Jafnframt er mælt fyrir um að á kröfurnar falli ekki innheimtukostnaður eða annar vanskilakostnaður, enda hefur tímabundin greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna í för með sér að krafa telst ekki vanefnd þótt ekki sé greitt af henni til samræmis við umsamda greiðsluskilmála. Verði ekki greitt af kröfu eða hluta hennar leiðir af úrræðinu að vanskilaþáttur kröfunnar leggst við ógjaldfallinn höfuðstól hennar og lengist þá lánstími til jafnlengdar þeim tíma sem greiðsluaðlögun stendur. Standi greiðsluaðlögun til að mynda í tvö ár lengist umsaminn greiðslutími veðskuldar því jafnframt um tvö ár.

Jafnframt eru sérákvæði varðandi þær kröfur sem hvíla á fasteign samkvæmt samningsveði eða fjárnámi, og sem eru allar komnar í gjalddaga án þess að ákvæði 3. mgr. taki til hennar. Í því tilviki leiðir tímabundin greiðsluaðlögun til þess að krafan á að greiðast með afborgunum, sem að fjölda svara til þeirra mánaða sem eftir standa af greiðsluaðlögunartímanum þegar fyrst fæst greiðsla upp í kröfuna. Til áréttingar er tekið fram í 5. mgr. að ekki verði stofnað til nýs samningsveðs í fasteigninni meðan á greiðsluaðlögun stendur auk þess sem fasteign verði ekki seld nauðungarsölu á sama tíma, nema til fullnustu lögveðskröfu sem gjaldfellur eftir upphaf tímabundnu greiðsluaðlögunarinnar eða ef um er að ræða kröfu á hendur öðrum en eiganda fasteignarinnar. Eru hér höfð í huga þau tilvik þegar eign hefur verið sett að veði til tryggingar skuld þriðja manns. Það felur tímabundin greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna ekki í sér að komið sé í veg fyrir að gert sé fjárnám í fasteigninni, en þá fer um fjárnám sem gert er meðan á úrræðinu stendur eftir 4. mgr.

Um 7. gr.

Hér er mælt fyrir um hvaða kröfur skuli greiðast fyrst, hátti þannig til að skuldari geti lagt þegar í stað af mörkum fé til greiðslu af skuldum sínum. Á fjárhæðin fyrst að fara til greiðslu þeirra krafna sem tryggðar eru með lögveði í þeirri fasteign skuldara sem úrræðið tekur til, en ekki er hér átt við lögveð vegna annarra fasteigna sem skuldari kann að eiga. Að því loknu á skuldari að leggja til fjármagn til greiðslu vanskila á skuldum eftir stöðu þeirra í veðröð svo langt sem fjárhæðin hrekkur til. Mikilvægt er að umsjónarmaður leiti eftir upplýsingum um þær eignir sem skuldari kann að eiga og geri eftir atvikum kröfu um að þær verði innleystar eða seldar, eða eftir atvikum að innstæðum á bankareikningum skuldara verði ráðstafað til greiðslu hugsanlegra vanskila. Í 2. mgr. er síðan mælt fyrir um ráðstöfun mánaðargreiðslunnar sem reiknuð er eftir 1. mgr. 5. gr. Skal henni fyrst varið til þess að greiða að fullu og eftir atvikum að gera full skil á kröfum sem lögveðsréttur er fyrir, ef um slíkt er að ræða. Eftir að full skil hafa verið gerð á þeim kröfum skal mánaðargreiðslu ráðstafað hverju sinni

til að greiða áður ákveðnar afborganir af skuldum ásamt vöxtum og eftir atvikum veðtryggingu. Mikilvægt er að skuldari nýti til þessa þjónustu fjármálafyrirtækis, svo sem mælt er fyrir um í 2. gr. frumvarpsins. Væri umsjónarmanni rétt að ganga eftir því við slíkt fjármálafyrirtæki að það hafi tekið að sér að annast slíka greiðslur fyrir hönd skuldara eftir fyrirmælum ákvæðisins.

Um 8. gr.

Hér er mælt fyrir um störf umsjónarmanns á veðhafafundi sem hann boðar til skv. 3. mgr. 5. gr. Á fundinum á umsjónarmaður að kynna greinargerð sína og frumvarp til greiðsluaðlögunar, auk þess sem skuldara er skylt eftir bestu vitund að veita fundarmönnum upplýsingar um þau atriði varðandi greiðsluaðlögunina sem þeir óska eftir. Ef skuldari mætir ekki til fundar má umsjónarmaður fresta veðhafafundi og leggja fyrir skuldara að koma til fundar, en það er þó háð því skilyrði að umsjónarmaður fallist á að slíkt sé nauðsynlegt til upplýsingaöflunar. Á umsjónarmaður að halda fundargerð á veðhafafundi og bóka eftir atvikum mótmæli einstakra kröfuhafa og þær breytingar sem kunna að vera gerðar á frumvarpinu samkvæmt því sem mælt er fyrir um í 2. mgr. Að tveimur vikum loknum tekur umsjónarmaður rökstudda og skriflega ákvörðun um hvort af greiðsluaðlögun verði, en við það mat hefur hann hliðsjón af þeim gögnum og upplýsingum sem skuldari hefur látið honum í té sem og af andmælum veðhafa. Ber honum að hafna tímabundinni greiðsluaðlögun ef skuldari hefur ekki gefið réttar upplýsingar til umsjónarmanns, til að mynda ekki upplýst um eignir sínar eða greiðslugetu, eða ef ljóst þykir að hann muni ekki geta staðið í skilum með mánaðarlega greiðslu eða honum sé kleift að standa í fullum skilum án greiðsluaðlögunar. Þá getur umsjónarmaður jafnframt hafnað að greiðsluaðlögun komist á ef hann telur óraunhæft að skuldari muni standa við skilmála samkvæmt frumvarpi að henni, svo og ef skuldari hefur ekki staðið af trúmennsku að undirbúningi hennar eða ætla verði að hennar sé leitað í óheiðarlegum tilgangi. Er slíkt háð mati umsjónarmanns hverju sinni. Að því loknu sendir umsjónarmaður öllum veðhöfum sem kunnugt er um, svo og skuldaranum, ákvörðun sína með sannanlegum hætti.

Í 6. mgr. er mælt fyrir um rétt veðhafa til þess að krefjast úrlausnar héraðsdóms um hana, en í ákvæðinu er mælt fyrir um að þá fari um hana eftir sömu reglum og gilda um meðferð ágreinings um frumvarp skiptastjóra til úthlutunar við gjaldþrotaskipti samkvæmt ákvæðum XXII. kafla laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. ákvæði 171. gr. þeirra laga. Hefur veðkröfuhafi tvær vikur til það tilkynna umsjónarmanni um að hann muni krefjast úrlausnar héraðsdóms samkvæmt framansögðu, en renni sá tími út án þess að veðhafi krefjist dómsúrlausnar telst greiðsluaðlögun sjálfkrafa komin á. Mikilvægt er að veðhafar geti borið ákvörðun umsjónarmanns undir héraðsdóm, enda verður ákvörðun umsjónarmannsins ekki borin undir atkvæði veðhafa á veðhafafundi auk þess sem hún er ekki háð staðfestingu héraðsdóms eins og til að mynda við nauðasamninga eftir ákvæðum laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Um 9. gr.

Hér er mælt fyrir um skyldu umsjónarmanns eftir að greiðsluaðlögun telst vera komin á eftir ákvæðum 8. gr. frumvarpsins. Á umsjónarmaður þá að gera skriflega yfirlýsingu um hana þar sem meðal annars skal greint frá hvenær hún komst á, til hve langs tíma hún er og hverjar skilmálabreytingar leiðir af henni, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að henni verði þinglýst endurgjaldslaust á þá fasteign sem greiðsluaðlögunin tekur til. Að auki á að senda

yfirlýsinguna til allra þekktra veðkröfuhafa. Jafnframt fær skuldari staðfest eintak yfirlýsingarinnar, enda er honum það nauðsynlegt til þess að hann geti falið fjármálafyrirtæki að miðla greiðslum fyrir sig. Lýkur þar störfum umsjónarmanns, enda er fullnusta og greiðsla mánaðarlegra afborgana alfarið á ábyrgð skuldara.

Um 10. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um skyldu umsjónarmanns til að tilkynna héraðsdómi um lok starfa sinna, en þeirri tilkynningu eiga að fylgja þau gögn sem mælt er fyrir um í ákvæðinu, þar á meðal greinargerð umsjónarmanns og afrit fundargerða, sem og yfirlýsingar sem hann kann að hafa gefið út hafi tímabundin greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna komist á.

Um 11. gr.

Hér er áréttað að skuldari ber einn ábyrgð á því að fjármálafyrirtæki miðli fyrir hann greiðslum eftir tímabundnu greiðsluaðlöguninni. Að auki er í ákvæðinu mælt fyrir um að veðhafi geti ætíð leitað eftir ógildingu greiðsluaðlögunar hafi hún komist á, eftir þeim reglum sem gilda um ógildingu nauðasamnings skv. 62. og 63. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Þá fellur greiðsluaðlögun sjálfkrafa úr gildi ef eigendaskipti verða að eigninni sem hún varðar, þar á meðal með andláti skuldara eða því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta.

Um 12. gr.

Í greininni er mælt fyrir um heimild skuldara til þess að fara fram á við lok tímabundinnar greiðsluaðlögunar að afmáð verði úr veðmálabókum sú skuld sem er umfram tiltekið hundraðshlutfall af markaðsvirði fasteignar. Á þessi heimild einungis við um þá skuldara sem notið hafa hinnar tímabundnu greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna, samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa og eiga reglur ákvæðisins því einungis við um fasteign þar sem skuldarinn heldur heimili og hefur skráð lögheimili, enda sé um að ræða hóflegt húsnæði sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda.

Til þess að skuldari geti óskað eftir því að veðskuldir eða hluti þeirra verði máðar af fasteign hans verður hann að sýna fram á með sannanlegum hætti að hann sé og verði um fyrirséða framtíð ófær um að standa í fullum skilum á greiðslu skulda sem tryggðar eru með veði í húsnæði hans og að önnur tiltæk greiðsluerfiðleikaúrræði hafi með öllu reynst ófullnægjandi. Nægir til að mynda ekki að greiðsluörðugleikar skuldara séu tímabundnir, svo sem vegna tímabundins atvinnuleysis, og á sýslumaður mat þess hvort slíkt eigi við.

Ber skuldara í slíkum tilvikum að leita til sýslumanns til þess að fara fram á að slíkar umframskuldir verði afmáðar úr þinglýsingarbókum. Þykir rétt að málsmeðferð þess fari fram hjá sýslumönnum þar sem þeir halda þinglýsingarbækur eftir ákvæðum þinglýsingarlaga, nr. 39/1978. Í ákvæðinu er mælt fyrir um þá málsmeðferð sem sýslumanni ber að viðhafa komi slík beiðni fram hjá skuldara. Er það algert skilyrði fyrir því að skuldari hafi staðið í skilum með greiðslur sínar þann tíma sem greiðsluaðlögunin hefur staðið, en að auki verður skuldari að leggja fram eintak þeirra gagna sem fram koma í 3. og 9. gr. frumvarpsins auk verðmats tveggja löggiltra fasteignasala á þeirri fasteign sem tímabundin greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna tók til ásamt greiðslukvittunum og uppreiknuðum eftirstöðvum veðkrafna.

Sýslumanni ber að kanna gaumgæfilega hvort skilyrði séu til að taka slíka beiðni til meðferðar, en telji hann svo vera boðar hann alla veðhafa ásamt skuldara til fundar við sig með sama hætti og mælt er fyrir um í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins, að því breyttu að sé ekki vitað

um veðhafa ber sýslumanni að boða þá til fundarins með auglýsingu í Lögbirtingablaði sem birt er með minnst viku fyrirvara. Í 4. mgr. er mælt fyrir um hvað fram fer á veðhafafundi sem boðað er til af sýslumanni. Ber sýslumanni m.a. að kanna hvort veðhafar sætti sig við mat fasteignarinnar og leita eftir því hvort þeir veðhafar sem fara með kröfur sem standa í veðröð utan þeirra marka sem mælt er fyrir um í 1. mgr. kjósi að leysa til sín eignina með því að taka að sér rétthærri veðkröfur annarra. Ef slíkt tilboð kemur fram á að kanna afstöðu skuldara til þess, en í 5. mgr. er gert ráð fyrir því að skuldari geti hafnað slíku tilboði eða samþykkt það. Komi ekki slíkt tilboð fram á þeim fundi sem sýslumaður hefur boðað til ber sýslumanni þá að kröfu skuldara að afmá af eigninni veðréttindi sem standa utan þeirra marka í veðröð sem greinir í 1. mgr. Felst í þessu ákvæði veruleg réttarbót fyrir skuldara.

Um 13. gr.

Ákvæði þetta, sem snýr að gildistöku laganna ef frumvarpið nær fram að ganga, þarfnast ekki skýringa.

860. Nefndarálit [359. mál]

um frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Rúnar Mikael Kristjánsson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Helgu Eysteinsdóttur frá Fjármálaeftirlitinu, Helga Magnús Gunnarsson frá ríkislögreglustjóraembættinu, Valtý Sigurðsson ríkissaksóknara, Ólaf Þór Hauksson sérstakan saksóknara, og Áslaugu Árnadóttur og Valgerði Rún Benediktsdóttur frá viðskiptaráðuneyti. Umsagnir bárust nefndinni frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Félagi löggiltra endurskoðenda, Fjármálaeftirlitinu, Kauphöll Íslands, Neytendasamtökunum, Ríkisendurskoðun, ríkisskattstjóra, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum verslunar og þjónustu, Seðlabanka Íslands, sérstökum saksóknara og Viðskiptaráði Íslands

Með frumvarpinu er lagt til að við ýmis lög um fjármálamarkaðinn verði bætt ákvæðum um niðurfellingu. Með niðurfellingu er átt við að viðurlög eru milduð eða felld niður að fullu þegar lögaðili eða einstaklingur kemur sjálfviljugur fram, játar brot gegn lögum og vinnur með eftirlitsaðila við rannsókn málsins. Lagðar eru til sams konar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um verðbréfaviðskipti, lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, lögum um vátryggingastarfsemi, lögum um miðlun vátrygginga, lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa og lögum um kauphallir. Einnig er með frumvarpinu lagt til að vísað verði til þess í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi að Fjármálaeftirlitið hafi heimildir samkvæmt sérlögum til að kæra mál ekki til lögreglu hafi eftirlitið ákveðið að veita niðurfellingu í samræmi við ákvæði viðkomandi laga.

Í frumvarpinu er lagt til að við áðurgreind lög er varða fjármálamarkaðinn verði bætt ákvæðum sem heimila Fjármálaeftirlitinu að falla frá sektarákvörðun ef einstaklingur eða lögaðili er fyrstur til að koma fram með upplýsingar eða gögn sem að mati eftirlitsins geta leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti. Þá er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að lækka sektir ef einstaklingur eða lögaðili hefur frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn sem að mati eftirlitsins eru mikilvæg viðbót við þau gögn sem það hefur þegar í fórum sínum. Einstaklingar eða lögaðilar eiga því möguleika á að fá niðurfellingu hvort sem rannsókn á broti þeirra er hafin eða ekki ef þeir ákveða sjálfviljugir og að fyrra bragði að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn. Almenn samvinna einstaklings eða lögaðila vegna rannsóknar eftirlitsins dugar ekki til þess að fá niðurfellingu.

Einnig er lagt til að Fjármálaeftirlitið geti ákveðið að kæra brot ekki til lögreglu ef fyrirtæki eða einstaklingur hefur haft frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn og Fjármálaeftirlitið telur að gögnin geti leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti eða séu mikilvæg viðbót við þau gögn sem það hefur þegar í fórum sínum.

Samkvæmt ákvæðum þeirra laga sem talin eru upp hér að framan metur Fjármálaeftirlitið í þeim tilvikum er brot varðar bæði stjórnvaldssektum og refsingu hvort brot skuli kært til lögreglu eða hvort því verði lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Brotum sem teljast „meiri háttar“ ber Fjármálaeftirlitinu að vísa til lögreglu, sbr. til dæmis 2. mgr. 112. gr. d laga um fjármálafyrirtæki þar sem mælt er fyrir um að brot teljist meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef það er framið með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi þess. Verði frumvarpið að lögum fær Fjármálaeftirlitið heimild til að kæra slík brot ekki til lögreglu hafi einstaklingur eða lögaðili haft frumkvæði

að því að láta stofnuninni í té upplýsingar eða gögn vegna brota sem geta varðað sektum eða fangelsi ef Fjármálaeftirlitið telur upplýsingarnar eða gögnin geta leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti eða ef talið er að þau séu mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem þegar liggja fyrir.

Í samkeppnislögum, nr. 44/2005, er kveðið á um niðurfellingu bæði til handa einstaklingum og lögaðilum. Brot lögaðila á ákvæðum laganna um ólögmætt samráð varða stjórnvaldssektum en brot einstaklinga varða refsisektum eða fangelsi. Samkeppniseftirlitið hefur heimildir skv. 3. mgr. 37. gr. samkeppnislaga til að lækka stjórnvaldssektir hafi fyrirtæki frumkvæði að því að láta eftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota á ákvæðum um ólögmætt samráð sem að mati eftirlitsins eru mikilvæg viðbót við þau sönnunargögn sem það hefur þegar. Skv. 4. mgr. sömu greinar hefur Samkeppniseftirlitið heimild til að falla frá stjórnvaldssektarákvörðun hafi fyrirtæki verið fyrst til að láta því í té upplýsingar eða gögn. Skv. 41. gr. a samkeppnislaga skulu starfsmenn og stjórnarmenn fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja sem framkvæma, hvetja til eða láta framkvæma ólöglegt samráð sæta sektum eða fangelsi allt að 10 árum. Skv. 1. mgr. 42. gr. laganna sæta brot gegn lögunum aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Samkeppniseftirlitsins. Í 3. mgr. sömu greinar er mælt fyrir um að Samkeppniseftirlitið geti ákveðið að kæra ekki einstakling hafi hann eða fyrirtæki sem hann starfar hjá eða er í stjórn hjá, haft frumkvæði að því að láta Samkeppniseftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota gegn ákvæðum laganna um ólögmætt samráð enda séu gögnin mikilvæg viðbót við þau gögn sem það hefur og geta leitt til rannsóknar eða sönnunar á broti. Samkeppniseftirlitið getur mælt fyrir um nánari skilyrði í reglum sem það setur.

Fyrr í vetur voru samþykkt lög nr. 135/2008, um embætti sérstaks saksóknara. Á grundvelli 1. mgr. 5. gr. þeirra laga er ríkissaksóknara heimilt, samkvæmt rökstuddri tillögu frá hinum sérstaka saksóknara, að ákveða að falla frá saksókn gagnvart þeim sem hefur frumkvæði að því að bjóða eða láta lögreglu eða saksóknara í té upplýsingar eða gögn. Heimild þessi er háð skilyrðum sem nefnd eru í 2. mgr. 5. gr. laganna, m.a. þeim að rökstuddur grunur sé um að upplýsingar eða gögn tengist alvarlegu broti, fyrirséð sé að sök þess sem lætur slíkt í té sé mun minni en sök þess eða þeirra sem gögnin eða upplýsingarnar beinast gegn og ástæða sé til að ætla að án þeirra muni reynast torvelt að færa fram fullnægjandi sönnur fyrir broti. Í áliti allsherjarnefndar um frumvarpið sem varð að lögum um embætti sérstaks saksóknara er bent á að þessi heimild sé nýmæli í réttarfarslöggjöf og eigi sér ekki fyrirmynd á Norðurlöndum. Hið sama á við um þau ákvæði þessa frumvarps um að Fjármálaeftirlitið geti ákveðið að kæra brot ekki til lögreglu en í frumvarpinu kemur skýrt fram að ekki hafi fundist nein fordæmi fyrir slíkum reglum erlendis. Benda má á að skv. 7. gr. laga um embætti sérstaks saksóknara getur dómsmálaráðherra eftir 1. janúar 2011 lagt til að embættið verði lagt niður og skal hann þá flytja frumvarp á Alþingi þess efnis og verði slíkt frumvarp að lögum falla niður framangreind ákvæði.

Eftir umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið er ljóst að svo umfangsmiklar breytingar, sem mælt er fyrir um í 2., 4., 6., 8., 10., 12., 14. og 15. gr. þess og felast í því að eftirlitsstofnun geti ákveðið að kæra tiltekin brot ekki til lögreglu, eru umdeildar. Með lögfestingu þeirra yrði úrslitavald um það hvort brot á fjármálamarkaði yrðu rannsökuð af lögreglu og sættu eftir atvikum ákærumeðferð af hálfu ákæruvalds fært í hendur eftirlitsstofnunar. Nefndin bendir á að brot sem falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins kunna að vera alvarleg og geta einnig varðað við ákvæði annarra laga, svo sem almennra hegningarlaga eða ákvæði annarra sérrefsilaga.

Ákvæðin ganga lengra en 5. gr. laga um embætti sérstaks saksóknara sem, líkt og að framan er getið, verður ekki beitt nema að uppfylltum ströngum skilyrðum og samkvæmt rökstuddri beiðni sérstaks saksóknara til ríkissaksóknara. Ekki er gert ráð fyrir slíku málskoti eða eftirliti æðra stjórnvalds í þessum ákvæðum frumvarpsins en í þessu sambandi má árétta að skv. 1. mgr. 20. gr. laga um meðferð sakamála er ríkissaksóknari æðsti handhafi ákæruvalds.

Líkt og að framan er getið er í samkeppnislögunum svipað ákvæði og felst m.a. í 2. gr. frumvarpsins um heimild til að kæra brot ekki til lögreglu. Sá munur er á úrræðum þessara tveggja stofnana hvað viðurlög varðar að í samkeppnisrétti er gerður meiri greinarmunur á einstaklingum og fyrirtækjum. Samkeppniseftirlitinu ber að kæra brot einstaklinga til lögreglu en brot fyrirtækja varða aðeins stjórnvaldssektum. Hvað fjármálamarkaðinn varðar er mælt fyrir um að Fjármálaeftirlitinu beri að kæra meiri háttar brot til lögreglu, óháð því hvort um ræðir brot einstaklings eða fyrirtækis. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verða lögfest frávik frá því að meiri háttar brot gegn lögum á fjármálamarkaði sæti kæru til lögreglu og mun það bæði ná til einstaklinga og fyrirtækja. Nefndin álítur að brot gegn samkeppnislögum eru eðlisólík brotum á fjármálamarkaði að því leyti að þau eru til þess fallin að hafa í för með sér efnahagslegan skaða fyrir bæði neytendur og atvinnulíf.

Um það var rætt í nefndinni að almennt er ekki og á ekki að vera unnt að semja sig frá ákvörðun um saksókn. Framferði hins brotlega getur þó haft áhrif á refsiviðurlög þannig að refsing verði dæmd vægari en ella. Fram kom við umfjöllun málsins í nefndinni að e.t.v. hafi það ekki verið nægilega sýnilegt í dómaframkvæmd hérlendis hvort og þá hvernig sakbornings nýtur refsilækkunar eða mildari refsingar, það sé með öðrum orðum almennt ekki merkjanlegt í niðurstöðum sakamála. Nefndin telur að ákvarðanir um niðurfellingu saksóknar ætti að taka innan refsivörslukerfisins. Þá kom jafnframt fram við meðferð málsins að óljóst þætti hver áhrif hinna umdeildu ákvæða frumvarpsins ættu að vera. M.a. var upplýst að einatt reyndi ekki á reglur um niðurfellingu fyrr en hinn brotlegi er kominn í það slæma stöðu að hann á varla annarra kosta völ en að veita yfirvöldum upplýsingar um mál.

Eins og að framan er getið finnast ekki fordæmi erlendis fyrir niðurfellingarreglum vegna brota á fjármálamarkaði. Nefndin telur að þrátt fyrir að einhver brot kunni að upplýsast ef mælt verður fyrir um niðurfellingu í lögum séu þessi ákvæði afar varhugaverð og ítrekar nefndin að um alvarleg brot getur verið að ræða. Með hliðsjón af framangreindu leggur nefndin til að 2., 4., 6., 8., 10., 12., 14. og 15. gr. frumvarpsins falli brott. Hins vegar telur nefndin eðlilegt að Fjármálaeftirlitið hafi þær heimildir sem aðrar greinar frumvarpsins mæla fyrir um. Verði frumvarpið að lögum verður eftirlitinu því heimilt að lækka stjórnvaldssektir eða falla frá þeim. Úrræði af þessu tagi geta leitt til þess að mál verði upplýst án þess að vikið sé frá meginreglum um meðferð ákæruvalds.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

2., 4., 6., 8., 10., 12., 14. og 15. gr. falli brott.

Gunnar Svavarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. mars 2009.

Álfheiður Ingadóttir, form., frsm.	Birgir Ármannsson.	Lúðvík Bergvinsson.
Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Höskuldur Þórhallsson.	Árni M. Mathiesen.
Helga Sigrún Harðardóttir.		Jón Magnússon.

861. Framhaldsnefndarálit [397. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Málinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umræðu og hefur nefndin fjallað um málið að nýju.

Nefndin ræddi sérstaklega þá breytingu sem lögð er til í frumvarpinu að hlutfallið sem varið skuli til orkusparnaðaraðgerða verði hækkað úr 1% í 3%.

Nefndin áréttar að í frumvarpinu er, eins og fram kemur í athugasemdum við það, lagt til að afnema takmörkun á hámarki niðurgreiðslna vegna raforkunotkunar á varmadælur til húshitunar, gera mögulegt að styrkja breytta orkuöflun til húshitunar og styrkja endurbætur á íbúðarhúsnæði á köldum svæðum.

Samkvæmt lögum nr. 78/2002 njóta niðurgreiðslur á húshitun forgangs þegar kemur að ráðstöfun þeirrar heildarfjárveitingar sem ákveðin er í fjárlögum hverju sinni til niðurgreiðslna á húshitunarkostnaði, stofnstyrkja til nýrra hitaveitna, jarðhitaleitar og annarra verkefna sem kveðið er á um í lögunum. Í lögunum er kveðið á um hverjir geti notið niðurgreiðslna og ekkert hámark sett á hversu stórt hlutfall heildarfjárveitingarinnar má renna til að greiða niður húshitunarkostnað, utan þess að 1% af heildarfjárveitingunni skal fara til orkusparnaðaraðgerða. Þessu til viðbótar er í lögunum að finna heimildarákvæði um að auk þess að veita fé til niðurgreiðslna á húshitun og orkusparnaðaraðgerða sé heimilt að veita að hámarki 20% af heildarfjárveitingunni til stofnstyrkja vegna nýrra hitaveitna og að hámarki 5% af heildarfjárveitingunni til jarðhitaleitar. Þessar heimildir hafa verið nýttar á undanförnum árum og hluta heildarfjárveitingarinnar því verið varið til þessara verkefna, en í athugasemdum frumvarpsins kemur fram að á undanförnum árum hafa stjórnvöld greitt út um 1.000 millj. kr. vegna styrkja til nýrra hitaveitna og að alls hafa um 2.000 íbúðir farið af rafhitun og yfir á hitaveitu.

Eins og fram kemur í kostnaðarumsögn með frumvarpinu voru fyrir árið 2009 veittar 1.176 millj. kr. í fjárlögum á lið 11-373. Miðað við þá fjárhæð má gera ráð fyrir að verði hlutfall vegna orkusparnaðaraðgerða hækkað úr 1% í 3% kunni framlög til þeirra að hækka

úr 12 millj. kr. í 35 millj. kr. Á móti þessari hækkun kemur að verkefnum um hagkvæmniúttekt á varmadælum og smávirkjunum er lokið, en til þeirra fóru árlega 10 millj. kr. af heildarfjárveitingunni. Þá verður kostnaði vegna þess að framlag til orkusparnaðaraðgerða er hækkað úr 1% í 3% mætt með því að minna fé fer í stofnstyrki til nýrra hitaveitna og jarðhitaleitar og því sem upp á vantar mætt með því að minna fé fer í stofnstyrki til nýrra hitaveitna og jarðhitaleitar. Því mun ekki koma til lækkunar á beinum niðurgreiðslum húshitunarkostnaðar í tengslum við breytingarnar. Nefndin áréttar að breytingin hefur engin áhrif á rafmagnsreikninga þeirra heimila sem eru með rafhitun.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Einar Már Sigurðarson og Helgi Hjörvar voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. mars 2009.

Katrín Júlíusdóttir, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Eygló Harðardóttir.
Herdís Þórðardóttir.	Kristján Þór Júlíusson.	Björk Guðjónsdóttir.

Grétar Mar Jónsson.

862. Nefndarálit [356. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn).

Frá 2. minni hluta viðskiptanefndar.

Annar minni hluti leggur til að tvenns konar breytingar verði gerðar á frumvarpinu. Annars vegar eru lagðar til breytingar á 2. og 8. gr. sem fjalla um upplýsingagjöf til hlutafélagaskrár. Telur 2. minni hluti þá upplýsingagjöf sem felst í lokamálsliðum greinanna of viðurhlutamikla en þar er kveðið á um að félag skuli í tilkynningum til hlutafélagaskrár sundurliða upplýsingar um starfsmenn félagsins samkvæmt stöðu þeirra eftir skipulagi. Það krefst mikillar vinnu að taka saman upplýsingar af þessu tagi og telur 2. minni hluti upplýsingagjöf af þessu tagi ekki samræmast þeim tilgangi frumvarpsins að jafna hlut kynjanna í áhrifastöðum. Því leggur 2. minni hluti til að framangreind ákvæði falli brott og eftir standi að félög skili sundurliðuðum upplýsingum um hlutföll kynja í stjórn. Hins vegar leggur 2. minni hluti til að ákvæði 4. gr. frumvarpsins um starfandi stjórnarformenn verði takmarkað í þá veru að það nái einungis til félaga sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda sem er sama viðmið og er í 79. gr. a laga um hlutafélög um skyldu félags til að samþykkja starfskjarastefnu fyrir félagið.

Annar minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 31. mars 2009.

Birgir Ármannsson, frsm.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Árni M. Mathiesen.

Jón Magnússon.

863. Breytingartillögur [356. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn).

Frá 2. minni hluta viðskiptanefndar (BÁ, GSB, ÁMM, JM).

1. Við 2. gr. Orðin „svo og hlutföll kynjanna meðal starfsmanna eftir stöðu þeirra samkvæmt skipulagi“ falli brott.
2. Við 4. gr. Efnismálsliður greinarinnar orðist svo: Í hlutafélagi sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.–3. mgr. 98. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, eða hlutafélagi sem ríkissjóður á helmingshlut eða meira í og lýtur endurskoðun skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, skal formaður félagsstjórnar ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem félagsstjórnin felur honum að vinna fyrir sig.
3. Við 8. gr. Orðin „svo og hlutföll kynjanna meðal starfsmanna eftir stöðu þeirra samkvæmt skipulagi“ falli brott.

864. Nefndarálit [192. mál]

um till. til þál. um náttúruverndaráætlun 2009–2013.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurð Ármann Þráinsson frá umhverfisráðuneyti, Jón Gunnar Ottósson, Maríu Harðardóttur og Sigurð H. Magnússon frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Gústav A. Skúlason frá Samorku, Björgólf Thorsteinsson og Magnús Hallgrímsson frá Landvernd, Hilmar J. Malmquist frá Náttúrufræðistofu Kópavogs, Magnús Guðmundsson frá Landmælingum Íslands, Hjalta Guðmundsson og Sigrúnu Ágústsdóttur frá Umhverfisstofnun, Helga Bjarnason og Friðrik Sophusson frá Landsvirkjun, Jónu Sigurbjartsdóttur frá Skaftárhreppi, Árna Bragason fyrrum formann starfshóps um friðlýsingu Þjórsárvera, Þorgils Torfa Jónsson frá Rangárþingi ytra, Gunnar Örn Marteinsson

frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Elínu Erlendsdóttur frá Náttúruverndarsamtökum Suðurlands, Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Guðna Einarsson, Erlu Bil Bjarnadóttur og Gunnar Á. Gunnarsson frá Samráðshópi íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal og Þráin Sigurðsson, Þóri Kjartansson og Gylfa Júlíusson frá Betri byggð í Mýrdal. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Skotveiðifélagi Íslands, Landmælingum Íslands, Líffræðistofnun Háskóla Íslands, Landgræðslu ríkisins, Gunnari Jónssyni, Eyþingi – sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Náttúruverndarsamtökum Suðurlands, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samorku, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Náttúrufræðistofnun Íslands, Betri byggð í Mýrdal, Ferðamálastofu, Skipulagsstofnun, Bændasamtökum Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Háskólanum á Akureyri, Landsvirkjun, Landvernd, Umhverfisstofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Mýrdalshreppi, Samráðshópi íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal, Skaftárhreppi, Rangárþingi ytra, Sveitarfélaginu Skagafirði og Ásahreppi.

Í tillögunni sem nefndin hefur haft til umfjöllunar er lagt til að unnið verði að friðlýsingu þrettán svæða á næstu fimm árum. Tillagan er unnin á grundvelli 65. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, þar sem kveðið er á um að umhverfisráðherra skuli láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið eigi sjaldnar en á fimm ára fresti og leggja hana fyrir Alþingi. Tillaga að náttúruverndaráætlun er nú lögð fram í annað sinn enda rann fyrri áætlun út í lok síðasta árs. Tilgangur heildstæðrar náttúruverndaráætlunar er að koma upp neti friðlýstra svæða og skal áætlunin taka til helstu tegunda vistgerða og vistkerfa, svo og jarðmyndana hér á landi, m.a. með tilliti til menningarlegrar og sögulegrar arfleifðar, nauðsynjar á endurheimt vistgerða, nýtingar mannsins á náttúrunni og ósnortinna víðerna, sbr. 66. gr. laganna.

Nokkur nýmæli má finna í tillögunni, m.a. er stefnt að því að friðlýsa tvær vistgerðir annars vegar og þrjár tegundir hryggleysingja og búsvæði þeirra hins vegar. Áherslan er þó lögð á sjaldgæfar plöntutegundir og tegundir í hættu, og uppbyggingu heildstæðs nets verndarsvæða með áherslu á svæði sem skipta máli fyrir verndun plantna og búsvæði þeirra. Með það fyrir augum er lagt til að friðlýstar verði 24 tegundir háplantna, 45 tegundir mosa og 90 tegundir fléttna. Auk þeirra þrettán svæða sem og plantna og dýra sem stefnt er að friðlýsingu á kveður tillagan á um að áfram verði unnið að friðlýsingu svæða sem eru á fyrri náttúruverndaráætlun.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á fundum sínum sem og framkvæmd og stöðu fyrri náttúruverndaráætlunar. Þau atriði sem fengu mesta umfjöllun voru samþætting friðunar og nýtingar lands, samráð um friðlýsingu og friðlýsingarskilmálar, notkun og gerð gagna og grunnkorta og samspil áætlunarinnar og annarra áætlana um landnýtingu. Þá var mikið rætt um einstök svæði sem áætlunin leggur til að unnið verði að friðlýsingu á.

Í fyrri náttúruverndaráætlun var lagt til að friðlýsa þrettán svæði og stofna Vatnajökulsþjóðgarð. Þjóðgarðurinn var stofnaður með lögum nr. 60/2007 en auk þess var friðlýst svæði í Guðlaugstungum og Álfgeirstungum á gildistíma áætlunarinnar. Í lok janúar sl. var svo gengið frá friðlýsingu Vatnshornsskógar með auglýsingu. Ekki hefur gengið að friða önnur svæði þó að friðlýsing á Álftanesi og Skerjafirði sé langt á veg komin. Þar hefur einna helst tafið fyrir málum að svæðið er innan marka fimm sveitarfélaga og vinna þarf auglýsingu fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig. Af greinargerð með tillögunni sem nefndin hefur nú til umfjöllunar má ráða að tafir á friðlýsingu annarra svæða samkvæmt fyrri náttúruverndaráætlun megi að einhverju leyti rekja til afstöðu landeigenda og sveitarfélaga og þess að samráð við þessa aðila sé tímafrekt ferli. Nefndin telur mikilvægt að vinnu við fyrri náttúruverndaráætlun sé framhaldið og hún fari fram í fullu samráði og samvinnu við þá sem málið varðar. Jafnframt

leggur nefndin áherslu á að við vinnu næstu náttúruverndaráætlunar verði samráðsferlið hafið strax í upphafi og í framtíðinni verði hlutaðeigandi aðilar hafðir með í ráðum við gerð áætlunarinnar. Með þessu móti er líklegra að áætlunin endurspegli raunhæfa möguleika á friðlýsingu og að hún nái fram að ganga.

Í athugasemdum með náttúruverndaráætluninni kemur fram að takmarkaðar upplýsingar séu til um náttúrufar friðlýstra svæða. Nefndin leggur áherslu á að þegar slíkar upplýsingar og grunnkort af svæðunum liggi fyrir þurfi þau að verða aðgengileg sem flestum enda séu þau unnin fyrir opinbert fé. Þá kemur slíkt í veg fyrir að unnið sé að sömu upplýsingum á mörgum stöðum sem hefur í för með sér aukinn kostnað og um leið er unnið að heildarkortlagningu landsins.

Við umfjöllunina var bent á að eðlilegt væri að samflétta gerð tillögunnar við aðra áætlunargerð um landnýtingu og m.a. minnst á rammaáætlun í þeim efnum. Nefndin telur að ekki eigi að bíða með gerð náttúruverndaráætlunar þar til aðrar áætlanir liggi fyrir, sér í lagi þegar óvissa er um hvenær slíkar áætlanir komi fram. Þá sé kveðið á um það í lögum að náttúruverndaráætlun skuli gerð eigi sjaldnar en á fimm ára fresti og því um lögboðna áætlanagerð að ræða sem hafi skýran tímaramma. Að auki er rammaáætlun annars eðlis en náttúruverndaráætlun þar sem í henni fer ekki fram eiginlegt mat á verndargildi svæða heldur röðun svæða þar sem verið er að meta saman afstætt verndargildi og hagnýtt gildi auk þess sem hún hefur ekki stöðu í lögum. Náttúruverndaráætlun byggist hins vegar á mati á verndargildi út frá skilgreindum viðmiðum, lögum og alþjóðaskyldum. Jafnframt er ekkert því til fyrirstöðu að áætlunin sé nýtt við aðra áætlanagerð sem þegar sé í burðarliðnum og þær þannig fléttaðar saman.

Fjölmargir aðilar létu nefndinni í ljós þau sjónarmið að hafa þyrfti samráð við hlutaðeigandi landeigendur og sveitarfélög við friðlýsingu svæða. Þá varð nefndin vör við harða gagnrýni vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar vissra svæða án þess að samráð hefði verið haft við hlutaðeigandi sveitarfélög. Í friðlýsingu eru settar reglur um landnotkun, framkvæmdir og aðrar athafnir á friðlýstum svæðum og því nauðsynlegt að samráð sé haft við aðila sem hlut eiga að máli. Nefndin telur rétt að árétta að ekki verði friðlýst nema í samráði við viðkomandi aðila og á samráðið ekki síst við þegar metið er að hvaða marki friðun og nýting fari saman.

Hvað varðar friðlýsingu einstakra svæða telur nefndin rétt að taka fram að þau mörk sem svæðum eru gefin í tillögunni eru sett með fyrirvara um að samstaða náist með hlutaðeigandi aðilum. Um er að ræða áætlun og því felur samþykkt tillögunnar hvorki í sér friðun né endanlega ákvörðun um mörk friðlanda. Markalínur hins friðlýsta svæðis eru því ekki skýrar fyrr en friðlýsingarskilmálar liggja fyrir. Þrátt fyrir þetta telur nefndin rétt að gera á áætluninni nokkrar breytingar í samræmi við þau sjónarmið sem henni hafa verið kynnt og þá gagnrýni sem beinst hefur að vissum atriðum áætlunarinnar.

Nefndin leggur til að Egilsstaðaskógur og Egilsstaðaklettar verði felldir brott úr áætluninni þar sem ljóst er að hlutaðeigandi aðilar, þar á meðal landeigendur, eru friðlýsingu mótfallnir. Óþarft er því að vinna að friðlýsingu svæðisins að svo stöddu.

Þá hefur nefndin einnig orðið vör við harða mótstöðu á fyrirhugaðri friðlýsingu hvannstóðs undir austanverðu Reynisfjalli. Hluti svæðisins er fyrirhugað vegstæði fyrir þjóðveg 1 og hefur ófullnægjandi samráð verið haft við sveitarfélag eða aðra aðila við undirbúning áætlunarinnar. Nefndin áréttar að skipulagsvald er í höndum sveitarfélaga og ítrekar nauðsyn þess að samráð sé haft við sveitarfélög við gerð áætlunar. Miðað við þau sjónarmið sem

nefndinni hafa verið kynnt og harða andstöðu sveitarstjórnar telur hún ekki líkur á því að samstaða náist um friðlýsingu og leggur því til að svæðið verði fellt brott úr áætluninni.

Nefndinni voru kynnt þau sjónarmið að Orravatnsrústir ættu ekki heima í áætluninni m.a. með vísan til þess að rammaáætlun væri væntanleg og þar yrði að finna tillögur um svæðið. Nefndin vísar til framangreinds um þann mun sem er á rammaáætlun og náttúruverndaráætlun. Þá telur nefndin að svæðið hafi mjög mikið verndargildi vegna rústamýrarvistgerðar sem þar er. Rústamýrar njóta sérstakar verndar þar sem vistgerðin er á skrá yfir þau búsvæði sem talin eru í hættu af aðildarþjóðum Bernarsamningsins. Samkvæmt hugmyndum sem uppi eru um virkjun sem getur haft áhrif á Orravatnsrústir virðist sem lón muni aldrei ná til allra rústanna. Nefndin telur því mikilvægt að halda Orravatnsrústum í áætluninni og ítrekar að endanleg mörk hins friðaða svæðis verði ákveðin í samráði við heimamenn og hagsmunaaðila.

Kynnt voru sjónarmið um að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum væri ekki í samræmi við tillögu nefndar sem skipuð var fulltrúum sveitarfélaganna og umhverfisráðuneytisins um stækkun friðlandsins og skilaði tillögum í mars 2007. Sveitarfélögin á svæðinu lýstu yfir stuðningi við þá tillögu og óskuðu eftir að tillit yrði tekið til þeirra við afgreiðslu náttúruverndaráætlunar. Nefndin telur mikilvægt að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum verði í áætluninni og ítrekar því að endanleg mörk hins friðaða svæðis verði ákveðin í samráði við heimamenn og hagsmunaaðila. Nefndin áréttar jafnframt að samþykkt tillögunnar hefur engin áhrif á þegar útgefin virkjunarleyfi í Þjórsá og Tungnaá.

Nefndin varð vör við gagnrýni á fyrirhugaða friðlýsingu svæða í Skaftártungum vegna vinnu við aðalskipulag og þess að aurburður veldur mörgum landeigendum vandræðum. Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur skipað sérstakan vinnuhóp til að gera tillögur um skipulag á þessum svæðum, m.a. með tilliti til ágreiningsmála sem uppi eru um verndun og nýtingu þeirra og er vinnuhópnum ætlað að skila niðurstöðum um miðjan júní. Óskað var því eftir að friðlýsingu yrði frestað þar til sveitarfélagið hefði mótað heildstæða stefnu um verndun og nýtingu svæðisins. Nefndin telur mikilvægt að Skaftáreldahraun og Langisjór verði hluti af Vatnajökulsþjóðgarði en að sú friðlýsing verði í sátt við heimamenn og tillit verði tekið til niðurstöðu vinnuhóps sveitarfélagsins við friðlýsinguna. Nefndin telur einnig þörf á að tryggja að friðlýsing verði með þeim hætti að hún komi ekki í veg fyrir aðgerðir sem dragi verulega úr aurburði Skaftár. Nefndin beinir því jafnframt til umhverfisráðuneytis að það aðstoði við að leita lausna á aurburði í samráði við vinnuhóp heimamanna og kanni hvaða leiðir eru færar til að draga úr skemmdum á ræktarlandi og ferskvatni. Nefndin leggur jafnframt áherslu á að samþykkt tillögunnar hafi ekki áhrif, hvorki til né frá, á hugsanlegar framkvæmdir tengdum svokölluðum Norðursjó.

Þá áréttar nefndin að friðlýsing á Snæfjallaströnd hafi ekki áhrif á fyrirhugaðar framkvæmdir þar enda svæðið í áætlun til að tryggja friðlýsingu plantna. Þá eiga sjónarmið sem fram hafa komið um samráð við heimamenn jafnt við um það svæði.

Nefndin leggur jafnframt til smávægilega breytingu á tillögunni til leiðréttingar á texta.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Í stað orðanna „13 svæða“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: 11 svæða.
2. c-liður I. kafla falli brott.

3. c-liður II. kafla falli brott.
4. Orðin „verði friðlýstar“ í d-lið V. kafla falli brott.

Kristinn H. Gunnarsson og Karl V. Matthíasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Árni M. Mathiesen, Jón Gunnarsson og Kjartan Ólafsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 31. mars 2009.

Helgi Hjörvar, form., frsm.	Atli Gíslason.	Katrín Júlíusdóttir.
Kjartan Ólafsson, með fyrirvara.	Eygló Harðardóttir.	Árni M. Mathiesen, með fyrirvara.

Jón Gunnarsson, með fyrirvara.

865. Breytingartillaga [406. mál]

við frv. til l. um listamannalaun.

Frá Einari Má Sigurðarsyni.

Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. skulu samanlögð starfslaun árið 2010 miðast við 1.325 mánaðarlaun og árið 2011 við 1.465 mánaðarlaun.

866. Nefndarálit [416. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997.

Frá fjárlaganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Svein Arason, Inga K. Magnússon, Lárus Ögmundsson og Jón L. Björnsson frá Ríkisendurskoðun. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá fjármálaráðuneytinu og Ríkisendurskoðun.

Við meðferð málsins kom fram af hálfu Ríkisendurskoðunar að í framkvæmd geti reynst erfitt að veita fjárlaganefnd beinan aðgang að gögnum sem hún aflar á grundvelli rannsóknarheimilda sinna skv. 1. mgr. 10. gr. laganna. Nefndin leggur til að stofnunin hafi í þeim tilvikum heimild til að veita upplýsingar í formi skýrslna eða greinargerða sem hún hefur tekið saman um fjárhagsmálefni þeirra aðila sem umræddar rannsóknarheimildir taka til enda hindri það ekki eðlileg eftirlitsstörf fjárlaganefndar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. málsl. efnismálsgreinar 1. gr. bætist: eða leggja fram skýrslu.

Alþingi, 31. mars 2009.

Gunnar Svavarsson, form., frsm.	Ásta Möller.	Björgvin G. Sigurðsson.
Ellert B. Schram.	Guðjón A. Kristjánsson.	Illugi Gunnarsson.
Jón Bjarnason.	Kristján Þór Júlíusson.	Magnús Stefánsson.

867. Þingsályktun [30. mál]

um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnum.

(Afgreidd frá Alþingi 31. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 30.

868. Frumvarp til laga [366. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 31. mars.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir 7. tölul. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Allir aðilar sem hafa vaxtatekjur hér á landi af bankainnstæðum, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, skuldabréfum eða öðrum kröfum og fjármálagerningum, sbr. 3. tölul. C-liðar 1. mgr. 7. gr., skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum. Ákvæði þetta gildir þó hvorki um vexti sem greiddir eru af Seðlabanka Íslands né þá vexti sem greiðast erlendum ríkjum, alþjóðastofnunum eða öðrum opinberum aðilum sem undanþegnir eru skattskyldu í heimilisfestarríki sínu.
b. Í stað orðanna „4.–7. tölul.“ í 8. tölul. kemur: 4.–8. tölul.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „Eignaauki“ í 3. tölul. kemur: eða aukning ráðstöfunartekna.
b. Við 3. tölul. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hið sama á við um eftirgefnar skuldir sem mælt er fyrir um í nauðasamningi til greiðsluaðlögunar skv. X. kafla a í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með áorðnum breytingum, eða á annan fullnægjandi hátt er sannað að eignir eru ekki til fyrir, að uppfylltum skilyrðum samkvæmt reglugerð sem fjármálaráðherra setur um hlutlægt mat á forsendum eftirgjafar, skilyrði þess að eftirgjöf teljist ekki til tekna, upplýsingagjöf skv. 92. gr. o.fl.

3. gr.

Á eftir 57. gr. laganna kemur ný grein, 57. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Skattlagning vegna erlends eignarhalds á lágskattasvæðum.

Skattaðili sem á beint eða óbeint hlut í hvers kyns félagi, sjóði eða stofnun sem telst heimilisföst í lágskattaríki skal greiða tekjuskatt af hagnaði slíkra aðila í hlutfalli við eignarhluta sinn án tillits til úthlutunar. Hið sama á við um skattaðila sem stjórnar félagi, sjóði, stofnun eða eignasafni í lágskattaríki sem skattaðili hefur beinan eða óbeinan ávinning af. Tekjur þessar eru skattskyldar með sambærilegum hætti og um væri að ræða starfsemi hér á landi.

Ríki eða lögsagnarumdæmi telst lágskattaríki þegar tekjuskattur af hagnaði félags, sjóðs eða stofnunar, sem um ræðir, er lægri en tveir þriðju hlutar af þeim tekjuskatti sem hefði verið lagður á félagið, sjóðinn eða stofnunina hefði hún verið heimilisföst á Íslandi.

Ákvæði 1. mgr. á við þegar minnst helmingur eignarhalds í aðilum, sbr. 1. mgr., er beint eða óbeint í eigu íslenskra skattaðila eða stjórnunarleg yfirráð hafa verið til staðar innan tekjuárs.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við ef:

1. félag, sjóður eða stofnun fellur undir samning milli Íslands og lágskattaríkis til að koma í veg fyrir tvísköttun enda sé unnt á grundvelli samningsins að fá allar nauðsynlegar upplýsingar og tekjur félags, sjóðs eða stofnunar eru ekki að meginstofni til eignatekjur; eða
2. félag, sjóður eða stofnun er stofnsett og skráð í öðru EES-ríki og hefur þar með höndum raunverulega atvinnustarfsemi, og íslensk skattyfirvöld geta á grundvelli tvísköttunarsamnings eða annars alþjóðasamnings krafist allra nauðsynlegra upplýsinga, sbr. 1. tölul. Þar sem ekki er fyrir hendi samningur, sbr. 1. málsl., hvílir upplýsingaskyldan á skattaðilanum.

Tekjur skattaðila með beina eignaraðild miðast við samsvarandi hlutdeild í hagnaði félags, sjóðs eða stofnunar eins og hagnaður yrði ákveðinn hér á landi ef aðilinn væri íslenskur skattaðili. Sé um óbeina eignaraðild að ræða skal miða við sameiginlegt eignarhald á þeirri starfsemi sem skattlagningin tekur til. Tap er því aðeins frádráttarbært skv. 8. tölul. 31. gr. að skattaðili geti, að ósk skattyfirvalda, lagt fram fullnægjandi gögn er liggja að baki útreikningi á tapi.

Hafi félag, stofnun eða sjóður úthlutað hagnaði til skattaðila, sem skattlagður hefur verið skv. 1. mgr., skal úthlutunin ekki talin til skattskyldra tekna hjá honum nema hún sé hærri en þær tekjur sem skattlagðar eru skv. 5. mgr.

Fjármálaráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar. Ráðherra skal birta lista yfir þau lönd og svæði sem skattlagning samkvæmt þessari grein tekur til.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „8. tölul.“ í 1. málsl. 1. mgr. 3. tölul. kemur: 9. tölul.
b. Á eftir orðunum „skv. 3. gr. af“ í 4. tölul. kemur: vöxtum.

5. gr.

Í stað orðanna „5.–8. tölul.“ í 3. mgr. 75. gr. laganna kemur: 5.–9. tölul.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „umboðsviðskipti“ í 2. mgr. kemur: milligöngu.
b. Á eftir orðinu „hlutabréf“ í 2. mgr. kemur: skuldabréf og aðra fjármálagerninga.
c. 3. mgr. orðast svo:

Bankar, sparisjóðir, önnur fjármálafyrirtæki og aðrir þeir aðilar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, sem taka við fjármunum til ávöxtunar, skulu ótilkvaddir veita skattyfirvöldum ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður upplýsingar um greidda eða greiðslukræfa vexti á árinu skv. 8. gr. laga þessara og afdregna staðgreiðslu og innstæður í bankareikningum og hvers konar verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum. Sama gildir um hvers konar útlán til viðskiptamanna og vaxtagreiðslur af þeim.

d. Á eftir orðinu „stofnfjárvexti“ í 6. mgr. kemur: skuldabréf og aðra fjármálagerninga sem og vexti af þeim.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 94. gr. laganna:

a. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Hafi aðili beint eða óbeint minnst helming eignarhalds eða er með stjórnunarleg yfirráð í dótturfélagi eða útibúi í öðrum ríkjum er honum jafnframt skylt að veita upplýsingar um viðskipti dótturfélags eða útibús við aðila skattskylda skv. I. kafla og félög, sjóði og stofnanir í lágskattaríkjum sem 1. mgr. 57. gr. a laganna tekur til.
b. Á eftir 3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálafyrirtæki, endurskoðendur, lögmenn og aðrir aðilar skulu halda sérstaka skrá yfir þá viðskiptavini sína sem þau veita skattaráðgjöf eða aðra þjónustu, sem snertir umráð eða beina eða óbeina eignaraðild viðskiptavinanna að rekstri félaga, sjóða eða stofnana sem skráð eru erlendis eða eignir þar. Er þeim skylt að láta skattyfirvöldum í té umrædda skrá er þau beiðast þess.

Ákvæði annarra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu víkja fyrir ákvæðum þessarar greinar.

8. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 164/2008, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, þá kemur ákvæði 1. gr. laganna til framkvæmdar við álagningu tekjuskatts á árinu 2010.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

9. gr.

Í stað orðanna „2., 3., 6. og 7. tölul. 3. gr.“ í 2. málsl. A-liðar 2. gr. laganna kemur: 2., 3., 6., 7. og 8. tölul. 3. gr.

10. gr.

Í stað orðanna „2., 3., 6. og 7. tölul. 3. gr.“ í 6. tölul. 5. gr. laganna kemur: 2., 3., 6., 7. og 8. tölul. 3. gr.

11. gr.

Í stað orðanna „2., 3. og 7. tölul. 3. gr.“ í 4. mgr. 9. gr. laganna kemur: 2., 3., 7. og 8. tölul. 3. gr.

III. KAFLI
Gildistaka.

12. gr.

Ákvæði 1. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda vegna vaxta sem gjaldfalla og verða greiðslukræfir á árinu 2010 eða síðar. Hafi hluti vaxta áunnist fyrir gildistöku laganna eru þeir hvorki skattskyldir né staðgreiðsluskyldir.

Ákvæði 2. gr. og 6.–8. gr. öðlast þegar gildi.

Ákvæði 3. og 4. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2011 vegna tekna ársins 2010 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði 5., 9., 10. og 11. gr. öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

869. Þingsályktun [43. mál]

um úttekt á aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði.

(Afgreidd frá Alþingi 31. mars 2009.)

Alþingi ályktar að fela félags- og tryggingamálaráðherra að gera úttekt á aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði á Íslandi svo að fötluðum, öldruðum, barnafólki og öðrum sem þess þarfnast verði gert mögulegt að búa lengur í íbúðum sínum en nú er hægt eða festa kaup á hentugum íbúðum í eldra húsnæði. Jafnframt verði ráðherra falið að leggja fyrir Alþingi tillögur til úrbóta.

870. Frumvarp til laga [462. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, og lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

I. KAFLI
Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fram til 30. nóvember 2010 skal viðskiptaverð vöru skráð í erlendum gjaldmiðli á útflutningsskýrslu, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum. Við skráningu skal miða við þann gjaldmiðil sem fram kemur á sölureikningi útflytjanda, þó ekki íslenskar krónur. Sé ekki ljóst af sölureikningi hver sé gjaldmiðill útflutningsviðskiptanna eða ef viðskiptin eru gerð í íslenskum krónum skulu viðskiptin skráð í evrum eða bandaríkjadölum á útflutningsskýrslu.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við mat á beiðni um undanþágu skal Seðlabankinn horfa til þess hvaða afleiðingar takmarkanir á fjármagnshreyfingum hafa fyrir umsækjanda, hvaða markmið eru að baki takmörkunum og hvaða áhrif undanþága hefur á stöðugleika í gengis- og peningamálum. Synjun um undanþágu má kæra til viðskiptaráðherra.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu öll útflutningsviðskipti með vöru og þjónustu fram til 30. nóvember 2010 fara fram í erlendum gjaldmiðli.

Fari útflutningsviðskipti fram á milli tengdra aðila skulu þau gerð á grundvelli almennra kjara og venju í viðskiptum óskyldra aðila.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd ákvæðis þessa, m.a. um viðskipti milli tengdra aðila.

Brot gegn ákvæði þessu varðar stjórnvaldssektum og refsingu skv. 15. gr. a – 15. gr. d, 16. gr., 16. gr. a og 16. gr. b.

III. KAFLI
Gildistaka.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað binda lög þessi alla þegar við birtingu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í kjölfar þess að ríkisstjórn Íslands leitaði til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um fjárhagslega fyrirgreiðslu í október 2008 gáfu stjórnvöld út viljayfirlýsingu þar sem lýst var þeirri fyrirætlan að koma á stöðugleika á gengi íslensku krónunnar. Lögum um gjaldeyrismál var breytt með lögum nr. 134/2008, sem tóku gildi 28. nóvember 2008, þar sem Seðlabanka Íslands var fengin tímabundin heimild til að setja reglur, að fengnu samþykki viðskiptaráðherra, sem takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna flokka fjármagnshreyfinga. Tilgangur laganna var að sporna við hættu á verulegri gengislækkun íslensku krónunnar. Talin var hætta á því að aðilar sem áttu verulegar fjárhæðir í krónum, bæði á innlánsreikningum og í verðbréfum, mundu leggja allt kapp á að selja slík bréf og kaupa gjaldeyri til að koma fjármunum sínum úr landi um leið og færi gæfist. Þar sem um verulegar fjárhæðir væri að ræða gætu slíkir fjármagnsflutningar leitt til verulegrar gengislækkunar íslensku krónunnar vegna keðjuverkandi áhrifa. Með lögunum var Seðlabankanum falið eftirlit með framkvæmd laganna og Fjármálaeftirlitinu veitt heimild til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á þeim og reglum settum á grundvelli þeirra. Í kjölfar gildistöku laganna gaf Seðlabankinn út reglur þar að lútandi sem endurskoðaðar voru 15. desember 2008. Eitt grundvallarákvæði reglna Seðlabankans er ákvæði um skilaskyldu gjaldeyris sem felur í sér að öllum erlendum gjaldeyri, sem innlendir aðilar eignast fyrir seldar vörur og þjónustu eða á annan hátt, skuli skilað til fjármálafyrirtækis hérlendis innan tveggja vikna frá því að gjaldeyririnn komst eða gat komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans. Markmið með reglunum og þar með skilaskyldunni er að takmarka útflæði gjaldeyris og byggja upp gjaldeyrisforða.

Gengi íslensku krónunnar hefur farið lækkandi síðustu vikur og eru sterkar vísbendingar um að því markmiði með skilaskyldunni að byggja upp gjaldeyrisforða vegna útflutningstekna verði ekki náð þar sem aðilar eru ekki skuldbundnir til að selja útflutningsafurðir í erlendum gjaldmiðli. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands og tollyfirvöldum eru vísbendingar um að verðmæti útfluttra vara sem greitt er fyrir með íslenskum krónum á tímabilinu janúar til mars á þessu ári sé nærri 2 milljörðum kr. hærri en á sama tíma árið 2008. Innflutningur til landsins hefur einnig dregist saman sem ætti að gefa frekari grundvöll fyrir styrkingu krónunnar. Veiking gengis gefur því vísbendingar um að einhverjir útflytjendur fái greitt fyrir vörur sínar innan lands með íslenskum krónum en að kaupandinn greiði, annaðhvort beint eða í gegnum millilið, í erlendum gjaldmiðli til aðila utan landsteinanna. Þannig er dregið mjög úr áhrifamætti gjaldeyrisreglna Seðlabankans.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á tollalögum og lögum um gjaldeyrismál sem ætlað er að tryggja að markmiði um styrkingu gengis íslensku krónunnar verði betur náð. Er lagt til að við lög um gjaldeyrismál bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem kveði á um að útflutningsviðskipti vöru og þjónustu skuli fara fram í erlendum gjaldmiðli. Þá er lagt til ákvæði til bráðabirgða til breytingar á tollalögum sem felur í sér að viðskiptaverð vöru skuli skráð í erlendum gjaldmiðli á útflutningsskýrslu og enn fremur að við skráningu skuli miðað við þann gjaldmiðil sem fram kemur á sölureikningi útflytjanda, þó ekki íslenskar krónur. Lagt er til að breytingarnar verði tímabundnar, til 30. nóvember 2010, og er þá miðað við sama tímabil og áætlun Íslands um efnahagsstöðugleika vegna lánsumsóknar hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum tekur til.

Þegar heimild var veitt til takmarkana á fjármagnshreyfingum við gildistöku laga nr. 134/2008, um breytingu á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, tilkynntu íslensk stjórnvöld að gripið væri til verndarráðstafana skv. 43. gr. EES-samningsins þar sem telja mátti að takmarkanirnar gengju gegn meginreglu 40. og 41. gr. EES-samningsins um frjálst fjármagns-

flæði. Ákvæði 43. gr. samningsins veitir samningsaðilum heimild til slíkra takmarkana reynist það nauðsynlegt til að bregðast við ýmiss konar erfiðleikum eða röskun á fjármagnsmarkaði viðkomandi aðildarríkis og var það mat stjórnvalda að heimildirnar féllu undir fyrrgreint ákvæði.

Tilgangur þeirra breytinga sem frumvarpið kveður á um er að tryggja að markmið um skilaskyldu gjaldeyris náist þannig að hægt verði að byggja upp gjaldeyrisforða hér á landi. Þar sem frumvarpið felur í sér frekari þróun þeirra takmarkana á fjármagnshreyfingum sem áður höfðu verið tilkynntar í samræmi við viðeigandi ákvæði EES-samningsins munu íslensk stjórnvöld tilkynna þær með sama hætti og áður verði frumvarp þetta að lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að fram til 30. nóvember 2010 skuli viðskiptaverð vöru skráð í erlendum gjaldmiðli á útflutningsskýrslu. Hingað til hefur mönnum verið í sjálfsvald sett í hvaða gjaldmiðli menn eiga viðskipti. Við skráningu gjaldmiðils á útflutningsskýrslu skal þannig miða við þann gjaldmiðil sem fram kemur á sölureikningi útflytjanda en þó mega viðskipti ekki fara fram í íslenskum krónum. Í greininni er jafnframt kveðið á um það að ef ekki er ljóst af sölureikningi hver sé gjaldmiðill útflutningsviðskiptanna eða ef viðskiptin eru gerð í íslenskum krónum skuli viðskiptin skráð í evrum eða bandaríkjadölum á útflutningsskýrsluna.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hvaða sjónarmið skuli lögð til grundvallar við veitingu undanþágu frá takmörkunum. Við meðferð Seðlabankans á undanþágubeiðnum gilda ákvæði stjórnsýslulaga. Þá er lagt til að tekið verði fram að synjun um undanþágu verði kæranleg til viðskiptaráðherra. Í nefndaráliti um breytingu á lögum um gjaldeyrismál með lögum nr. 134/2008 kemur fram að synjun Seðlabankans um undanþágu sé kæranleg til viðskiptaráðherra. Þar sem Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun samkvæmt lögum þykir nauðsynlegt að taka af allan vafa um kæruheimild til viðskiptaráðherra í lögum.

Um 3. gr.

Í 2. gr. laga um gjaldeyrismál er kveðið á um að gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings vöru og þjónustu skuli vera óheft. Í greininni er lagt til nýtt ákvæði til bráðabirgða um að útflutningsviðskipti með vöru og þjónustu skuli, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., fara fram í erlendum gjaldmiðli. Til að markmiðum um styrkingu íslensku krónunnar og aukningu gjaldeyrisforða verði náð er nauðsynlegt að gera kröfu um að útflutningsviðskipti fari fram í erlendum gjaldmiðli. Að öðrum kosti geta útflytjendur komist í kringum lögin og reglurnar og þannig unnið gegn markmiðum um styrkingu gengis krónunnar og uppbyggingu gjaldeyrisforða.

Í 2. efnismgr. er að finna ákvæði er lýtur að viðskiptum tengdra aðila. Lagt er til að ef útflutningsviðskipti fara fram milli tengdra aðila skuli þau gerð á grundvelli almennra kjara og venju í viðskiptum óskyldra aðila. Regla þessi, armslengdar regla, er þekkt í viðskiptum. Þá er í 3. efnismgr. lagt til að ráðherra verði fengin heimild til að setja nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins, m.a. um viðskipti milli tengdra aðila.

Í 4. efnismgr. er lagt til að brot gegn ákvæðinu varði við refsiákvæði laganna.

Um 4. gr.

Í lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað er kveðið á um að lög bindi alla frá og með deginum eftir útgáfudag þeirra Stjórnartíðinda þar sem fyrirmælin voru birt. Vegna eðlis ákvæða frumvarpsins er talið nauðsynlegt að lögin bindi alla þegar við birtingu þeirra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, og lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á tollalögum og lögum um gjaldeyrismál sem ætlað er að tryggja að markmiði um styrkingu gengis íslensku krónunnar verði betur náð. Er lagt til að við lög um gjaldeyrismál bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem kveði á um að útflutningsviðskipti með vöru og þjónustu skuli fara fram í erlendum gjaldmiðli. Þá er lagt til ákvæði til bráðabirgða til breytingar á tollalögum sem felur í sér að viðskiptaverð vöru skuli skráð í erlendum gjaldmiðli á útflutningsskýrslu og enn fremur að við skráningu skuli miðað við þann gjaldmiðil sem fram kemur á sölureikningi útflytjenda, þó ekki íslenskar krónur. Lagt er til að breytingarnar verði tímabundnar, til 30. nóvember 2010, en þar er miðað við sama tímabil og áætlun Íslands um efnahagsstöðugleika vegna lánsumsóknar hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum tekur til.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

871. Nefndarálit [408. mál]

um frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2007.

Frá fjárlaganefnd.

Um framlagningu frumvarps til lokafjárlaga fyrir árið 2007.

Með lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, var mörkuð skýr stefna um efni fjárlaga, fjáraukalaga og lokafjárlaga. Lögð var rík áhersla á að allar fyrirsjáanlegar fjárráðstafanir kæmu fram í fjárlögum. Í fjáraukalögum innan hvers fjárhagsárs væri síðan fjallað um þær fjárráðstafanir sem ekki hefði verið hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Fjáraukalög skyldu samkvæmt þessu fyrst og fremst snúast um ófrávíkjanleg málefni og ófyrirséð útgjöld en síður um rekstrarvanda einstakra ríkisstofnana. Aðrar fjárhagsráðstafanir ættu eftir atvikum að koma til umfjöllunar við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta fjárhagsár eða við afgreiðslu lokafjárlaga fyrir síðasta fjárhagsár.

Í 7. gr. fjárreiðulaga er fjallað um framlagningu ríkisreiknings. Þar segir að fjármálaráðherra skuli leggja endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins reikningsárs fyrir Alþingi eigi síðar

en tveimur vikum eftir að þing kemur saman að hausti. Í almennum athugasemdum við frumvarp til fjárreiðulaga, undir yfirskriftinni „Ríkisreikningur“, segir svo orðrétt:

„Auk þeirra breytinga á efni og gerð ríkisreiknings sem að framan er lýst er lagt til að framlagning ríkisreiknings á Alþingi og umræða um hann verði með öðru sniði en verið hefur. Sú skylda er lögð á fjármálaráðherra að leggja fram endurskoðaðan ríkisreikning eigi síðar en 10 dögum eftir að þing kemur saman að hausti. Með þeim ríkisreikningi skal, honum til staðfestingar, leggja fram frumvarp til lokafjárlaga vegna sama fjárhagsárs. Í samþykkt Alþingis á lokafjárlögum felst samþykkt á ríkisreikningi og er fjárhagsárinu þannig formlega lokað. Í þessu er einnig fólgin sú breyting að ríkisreikningur er ekki framvegis samþykktur með sérstökum lögum.“

Samkvæmt 45. gr. fjárreiðulaga, nr. 88/1997, skal ríkisreikningi fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga fyrirmæli 44. gr. laganna sem fela í sér að ef ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf valda því að grípa þurfi til sérstakra fjárráðstafana, sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum eða fjáraukalögum, skuli leita heimilda fyrir þeim í lokafjárlögum.

Í niðurlagi umfjöllunar í almennum athugasemdum við frumvarpið, sem ber yfirskriftina „Frumvarp til fjáraukalaga“, segir svo orðrétt um lokafjárlög:

„Frumvarpið gerir ráð fyrir að lokafjárlög verði afgreidd frá Alþingi um leið og ríkisreikningur og að Alþingi fjalli þannig um lokun fjárhagsársins með umræðu um ríkisreikning og lokafjárlög. Ekki verður flutt sérstakt frumvarp til laga um samþykkt ríkisreiknings eins og verið hefur heldur felist staðfesting á reikningnum í samþykkt lokafjárlaga frá Alþingi.“

Allt frá gildistöku fjárreiðulaga hefur verið nokkrum erfiðleikum bundið að leggja fram ríkisreikning og lokafjárlög samhliða eins og lögin gera greinilega ráð fyrir. Frumvarp það sem hér er til umræðu var ekki fremur en önnur frumvörp til lokafjárlaga á liðnum árum lagt fram samhliða ríkisreikningi.

Fjárlaganefnd leggur áherslu á að markvisst verði unnið að því að vinnu við gerð frumvarps til lokafjárlaga verði hraðað innan hvers árs þannig að leggja megi það fram samhliða ríkisreikningi.

Um tekju- og gjaldafærslur.

Eins og að framan segir var gert ráð fyrir að lokafjárlög væru afgreidd frá Alþingi um leið og ríkisreikningur og að Alþingi fjallaði þannig um lokun fjárhagsársins með umræðu um ríkisreikning og lokafjárlög. Ekki er lengur flutt sérstakt frumvarp til laga um samþykkt ríkisreiknings heldur felst staðfesting á ríkisreikningnum í samþykkt lokafjárlaga frá Alþingi. Samkvæmt framansögðu á að jafnaði að vera skýr samsvörun á milli lokafjárlaga annars vegar og ríkisreiknings hins vegar.

Frumvarp til lokafjárlaga lýsir að þessu leyti tiltekinni stöðu ríkisfjármálanna rétt eins og ríkisreikningur ásamt því að þar eru gerðar tillögur um hvaða örlög frávik eða mismunur á niðurstöðu rekstrar annars vegar og samþykktum fjárheimildum hins vegar skuli fá. Séu lagðar til breytingar á frumvarpi til lokafjárlaga ætti því að öðru jöfnu að þurfa að breyta ríkisreikningi.

Í samræmi við þetta eru í 1. gr. frumvarpsins lagðar til ýmsar breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna á árinu 2007 frá áætlun fjárlaga og á sama hátt er í 2. gr. gerð tillaga um að nánar tilgreindar afgangsheimildir og umframgjöld í árslok 2007, sem lesa má úr ríkisreikningi, falli niður. Til að tryggja samræmi milli ríkisreiknings og lokafjárlaga virðist nauðsynlegt að fjárlaganefnd komi fyrr að vinnu við gerð frumvarps til lokafjárlaga.

Þeirri spurningu hefur stundum verið velt upp hvort þörf sé á að leita sérstaklega eftir samþykki Alþingis á frávikum ríkistekna frá áætlun fjárlaga og fjáraukalaga, eins og mælt er fyrir um í 1. gr. frumvarpsins. Í henni er leitað eftir heimild Alþingis fyrir ráðstöfun markaðra skatttekna og annarra ríkistekna til stofnana og verkefna, ýmist í samræmi við það hverjar tekjurnar urðu samkvæmt reikningsuppgjöri eða hver metin fjárþörf reyndist vera. Í fjárreiðulögunum er tekjum ríkisins og stofnana þess skipt í tvo meginflokka, þ.e. ríkistekjur, sbr. 9. gr., og sértekjur, sbr. 12. gr. Allar tekjur ríkisins aðrar en sértekjur teljast því ríkistekjur. Skv. 9. gr. er þeim skipt í fimm undirflokka, þ.e. skatttekjur, aðrar rekstrartekjur, tekjur af sölu eigna, fjármagnstilfærslur og fjárframlög.

Fjárstjórnarvaldið er í höndum Alþingis, sbr. 41. og 42. gr. stjórnarskrárinnar. Skv. 41. gr. má ekkert gjald greiða úr ríkissjóði nema heimild sé til þess í fjárlögum og fjáraukalögum. Í 42. gr. stjórnarskrárinnar segir að í fjárlagafrumvarpi skuli vera fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld. Á þessum grunnreglum er jafnframt hnykkt í 21. gr. fjárreiðulaga. Samkvæmt þessum lagafyrirmælum ber m.a. að leita heimilda til greiðslna úr ríkissjóði, eftirgjafa á kröfum og til hvers konar samninga um fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkisstofnanir. Þessar ákvarðanir eru teknar í fjárlögum eða eftir atvikum í fjáraukalögum.

Á sama hátt er það Alþingi eitt sem getur breytt ákvörðunum af þessu tagi. Með hliðsjón af þessum skýru fyrirmælum verður að telja engum vafa undirorpið að nauðsynlegt sé að afla sérstakrar heimildar Alþingis til þess að breyta ákvörðunum um greiðslur eða framlög úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum í þeim tilvikum þegar markaðir tekjustofnar skila meiru eða rekstrartekjur ríkisstofnana í A-hluta reynast hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Vettvangurinn til þess að taka ákvarðanir af þessu tagi og birta þær er í fjárlögum eða fjáraukalögum en síður í lokafjárlögum. Það fer einfaldlega mjög illa á því að veita stofnunum t.d. heimild til að ráðstafa umframtekjum á tilteknu rekstrarári löngu eftir að því er lokið. Einnig er það óæskilegt að sérstakir fjárlagaliðir sem ekki hafa birst í fjár- eða fjáraukalögum komi fyrst fram í lokafjárlögum og Alþingi hafi þannig ekki fengið tækifæri fyrr en í lokafjárlögum til að fjalla um tiltekið viðfang.

Þeirri hugmynd hefur og verið hreyft að til greina komi að breyta ákvæðum fjárreiðulaga um framsetningu á fjárlögum og ríkisreikningi á þann veg að markaðar tekjur og rekstrartekjur verði færðar á gjaldahlið og dragist þannig frá útgjöldum. Með þessum hætti yrði komist hjá því að afla sérstakra heimilda í lokafjárlögum. Ætla verður að breyting á fjárreiðulögum, sem fæli í sér að heimilt væri að ráðstafa ófyrirséðum hækkunum á mörkuðum tekjustofnum og rekstrartekjum ríkisstofnana án sérstaks samþykkis Alþingis, stæðist ekki framangreind ákvæði stjórnarskrár og þau sjónarmið sem þau eru reist á. Líklegt væri með öðrum orðum að slík breyting yrði ekki talin standast stjórnarskrá. Á meðan stjórnarskrá er ekki breytt í þessum efnum verður Alþingi því jafnan að taka afstöðu til þess í lokafjárlögum hvernig ráðstafa beri þessum tekjum. Á undanförnum árum hefur verið nokkuð um það að stofnanir ríkisins afli hærri sértekna en gert var ráð fyrir í áætlunum fjárlaga. Þær hafa síðan ráðstafað þeim að eigin vild. Að mati fjárlaganefndar ber að afla heimilda fyrir ráðstöfun þessara tekna.

Frávik frá fjárlögum og aukið eftirlit.

Árið 2007 varð um 88,6 milljarða kr. tekjuafgangur af rekstri ríkissjóðs og var það þriðja árið í röð sem hann skilaði umtalsverðum afgangi. Árin þar á undan var ýmist afgangur eða halli á bilinu 1–4% af tekjum. Útkoman á árinu 2007 er einnig mun betri en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins en þar var tekjujöfnuðurinn áætlaður tæpir 9,2 milljarðar kr. Í fjáraukalögum var þessi afkomuáætlun hækkuð um 73,6 milljarða kr. og var því alls miðað við um 82,8 milljarða kr. afgang á árinu. Útkoma ársins er því 5,8 milljörðum kr. betri en fjárlög og fjáraukalög gerðu ráð fyrir.

Jákvæð afkoma ríkisins árið 2007 skýrist eins og árin þar á undan af auknum skatttekjum og öðrum tekjum. Þenslan í efnahagslífi undanfarinna ára skilaði sér þannig í hækkun skattstofna og meiri tekjum ríkissjóðs.

Tekjur ríkissjóðs hækkuðu um 64,2 milljarða kr. (15,2%) milli áranna 2006 og 2007, úr 422 milljörðum kr. í 486,1 milljarð kr. Milli áranna 2005 og 2006 jukust tekjurnar hins vegar aðeins um 795 m.kr. (0,2%) en þess ber að geta að árið 2005 var sérstakt vegna mikilla tekna af sölu eigna.

Gjöld ríkissjóðs á árinu 2007 hækkuðu um 57,4 milljarða kr. (16,9%) frá fyrra ári, samanborið við 31,8 milljarða kr. (10,3%) milli 2005 og 2006. Undanfarin tvö ár hafa gjöldin hækkað umtalsvert meira en þrjú árin þar á undan.

Skuldir og aðrar skuldbindingar ríkissjóðs jukust um 41,3 milljarða kr. (7,8%) á árinu og námu samtals 572,2 milljörðum kr. í árslok 2007. Þar af voru 230,6 milljarðar kr. eða 40% vegna lífeyrisskuldbindinga en þær hækkuðu um 20,5 milljarða kr. á árinu. Aðrar langtímaskuldir stóðu hins vegar í stað. Reyndar lækkuðu erlendar langtímaskuldir nokkuð en innlendar langtímaskuldir hækkuðu á móti.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs (handbært fé frá rekstri) svarar til rekstrarafkomu eftir að tekið er tillit til þeirra rekstrarliða sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi auk breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum. Árið 2007 var greiðsluafkoman jákvæð um 68,9 milljarða kr. en var til samanburðar jákvæð um 75,5 milljarða kr. árið 2006. Greiðsluafkoman var þannig 19,7 milljörðum kr. lakari en nam tekjujöfnuði sem skýrist af liðum sem færðir eru í rekstrarreikningi en hafa ekki áhrif á handbært fé. Dæmi um það er t.d. endurmatshækkun á eignarhlut ríkisins í Landsvirkjun. Fjárfestingarhreyfingar, þ.e. lánveitingar umfram afborganir, kaup og sala hlutabréfa og eiginfjárframlög, fólust m.a. í kaupum á eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun og eiginfjárframlagi til Seðlabankans. Fjármögnunarhreyfingar, þ.e. lántökur umfram afborganir, skýrast m.a. af lántöku vegna kaupa ríkissjóðs á eignarhlutum í Landsvirkjun.

Heildarstaða fjárheimilda í árslok 2007 er jákvæð um 12.427,4 m.kr. og skiptist í 33.168,8 m.kr. afgangsheimildir og 20.741,4 m.kr. umframgjöld einstakra fjárlagaliða. Í lokafjárlögum eru þessar stöður annaðhvort felldar niður eða fluttar yfir til næsta árs. Í samræmi við það er í 2. gr. frumvarpsins lagt til að í árslok falli niður 7.054,7 m.kr. neikvæð fjárheimildastaða og skiptist hún í samtals 12.193,9 m.kr. afgangsheimildir og 19.248,6 m.kr. umframgjöld einstakra viðfangsefna. Í fylgiskjali 1 með frumvarpinu er, í samræmi við ákvæði 37. og 45. gr. fjárreiðulaga, lögð fram skrá yfir fjárheimildir sem flytjast til næsta árs. Gert er ráð fyrir að 19.482,1 m.kr. jákvæð fjárheimildastaða flytjist yfir á árið 2008 og nemur sú staða 4,5% af fjárveitingum fjárlaga ársins 2008. Yfirfærð staða skiptist þannig að afgangsheimildir einstakra fjárlagaliða nema 22.956,3 m.kr. en umframgjöld 3.474,2 m.kr.

Bregðast þarf við gjöldum umfram fjárheimildir, sem að nokkru leyti einkennast af skorti á aga og aðhaldi í rekstri, sbr. skýrslur Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga, og brýnt

er að bregðast við að mati fjárlaganefndar. Hafa verður í huga í þessu sambandi að í raun eru heimildir fjárreiðulaga til greiðslna umfram fjárlög mjög þröngar, sbr. einkum 33. og 34. gr. Það er því óæskilegt og í mótsögn við lögin að stofnanir, oft sömu stofnanirnar, fari ár eftir ár fram úr fjárheimildum án þess að gripið sé til nauðsynlegra eða viðeigandi aðgerða. Aðgerðirnar hljóta annaðhvort að felast í því að hækka fjárheimildir viðkomandi stofnana eða ganga eftir því að stofnanir virði þann útgjaldaramma sem þeim er sniðinn. Að öðrum kosti telur fjárlaganefnd að ekki verði undan því vikist að ráðuneytin beiti þeim úrræðum sem bæði starfsmannalög og fjárreiðulög kveða á um að beita megi þegar forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila, svo sem ráðuneytin, virða ekki útgjaldaramma fjárlaga.

Einnig vekur athygli hve margir liðir með ónýttar fjárheimildir eru fluttir milli ára. Í einhverjum tilvikum kann slíkt að eiga sér skýringar, t.d. getur verið um að ræða fjárveitingar vegna stofnkostnaðar sem tekur lengri tíma að hrinda í framkvæmd. Þegar jafnmargir liðir standa með miklar ónýttar fjárheimildir verður á sama hátt að ganga úr skugga um hvort fjárveitingin hafi ekki endurspeglað rétt ástand í rekstri eða hvort viðkomandi stofnun hafi ekki sinnt starfsemi sinni með viðunandi hætti og því sé veruleg ónýtt fjárveiting. Fjárlaganefnd leggur til að á næstu árum verði stuðst við þá almennu reglu að ónotaðar fjárheimildir verði felldar niður í árslok. Að mati fjárlaganefndar er mikilvægt að ríkisreikningsnefnd komi saman reglulega og afgreiði þau mál sem fyrir hana eru lögð. Þá áréttar fjárlaganefnd mikilvægi þess að álit ríkisreikningsnefndar verði gefin formlega út þannig að þau séu öllum aðgengileg. Í þessu sambandi er meðal annars bent á að í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings kemur á árunum 2002–2007 það álit stofnunarinnar að fella ætti Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta úr D-hluta ríkissjóðs en ríkisreikningsnefnd virðist ekki enn hafa brugðist við þessu áliti.

Að lokum vill fjárlaganefnd taka undir með Ríkisendurskoðun sem minnir á í skýrslu sinni um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 2007 að forstöðumönnum ríkisstofnana beri skilyrðislaust að reka stofnanir sínar innan fjárheimilda og leitast við að tryggja að svo sé. Brýnt er að stofnanir og ráðuneyti sem hlut eiga að máli bregðist við þessum vanda og ráði sem fyrst bót á honum.

Þá er ekki síður mikilvægt að fjárlaganefnd Alþingis hafi frumkvæði að því að koma þessum málum í rétt horf og hefur nefndin kallað reglulega eftir upplýsingum vegna fjárlagaársins 2008 og fengið skýringar frá ráðuneytum og stofnunum vegna fyrstu níu mánaða þess árs. Unnið er að því innan fjárlaganefndar Alþingis að endurbæta og virkja eftirlitshlutverk Alþingis enn frekar með því að fá fram upplýsingar mun fyrr og stuðla þannig að virkari greiningarvinnu. Í því sambandi hefur nefndin ítrekað farið þess á leit við fjármálaráðuneytið að opnað verði fyrir skoðunaraðgang fyrir starfsmenn nefndarinnar að upplýsingakerfum ríkisins en þrátt fyrir það hefur ekki enn verið opnað fyrir aðganginn. Mjög brýnt er að úr því verði bætt án tafar.

Nefndin leggur til að gerð verði ein leiðrétting á frumvarpinu að fjárhæð 43,5 m.kr. með nýjum fjárlagalið 10-336, Hafnarframkvæmdir, viðfangsefni almenns rekstrar í sundurliðun 2.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeirri breytingu sem lögð er fram í sérstöku þingskjali.

Ármann Kr. Ólafsson og Ásta Möller voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 31. mars 2009.

Gunnar Svavarsson, form., frsm.	Björgvin G. Sigurðsson.	Ellert B. Schram.
Guðjón A. Kristjánsson.	Illugi Gunnarsson.	Jón Bjarnason.
Kristján Þór Júlíusson.	Magnús Stefánsson.	Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

872. Breytingartillaga [408. mál]

við frv. til lokafjárlaga fyrir árið 2007.

Frá fjárlaganefnd.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
Breytingar á sundurliðun 2:			
Við bætist nýr fjárlagaliður:			
10-336 Hafnarframkvæmdir			
1.01 Almennur rekstur	0,0	43,5	43,5

873. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun reglna við samruna og skiptingu).

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti, Guðrúnu J. Jónsdóttur og Skúla Jónsson frá ríkisskattstjóra og Pál Rúnar Mikaelsson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna. Auk þess bárust umsagnir um málið frá Samtökum verslunar og þjónustu, Félagi íslenskra stórkaupmanna, ríkisskattstjóra, Kauphöll Íslands, Samtökum fjárfesta, Viðskiptaráði Íslands, Fjármálaeftirlitinu, Ríkisendurskoðun, Félagi löggiltra endurskoðenda og Samtökum fjármálafyrirtækja.

Frumvarpið felur í sér innleiðingu EES-reglna um að einfalda ákvæði um samruna og skiptingu hlutafélaga og einkahlutafélaga með því að fella niður kröfu um framlagningu skýrslu óháðs sérfræðings ef allir hluthafar eru því samþykkir. Um er að ræða innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/63/EB um breytingu á tilskipunum ráðsins

78/855/EB og 82/891/EB. Tilskipunin tekur til hlutafélaga en gert er ráð fyrir samsvarandi breytingum til einföldunar í lögum um einkahlutafélög enda ákvæði um samruna og skiptingu svipuð í lögunum.

Við umfjöllun nefndarinnar um málið var bent á að frumvarpið, yrði það óbreytt að lögum, mundi leiða til þess að skattyfirvöldum yrði gert erfiðara fyrir við skatteftirlit. Einnig kom fram að öryggi lánardrottna þeirra félaga sem að samruna standa kynni að vera ótryggt ef skylda til að leggja fram samrunaskýrslu yrði felld niður en í 4. mgr. 122. gr. laga um hlutafélög og 4. mgr. 97. gr. laga um einkahlutafélög er kveðið á um að upplýsingar um áhrif samruna á möguleika lánardrottna á fullnustu í félögum skuli liggja fyrir. Með hliðsjón af framangreindu leggur nefndin til að gerð verði sú breyting á frumvarpinu að þrátt fyrir samþykki allra hluthafa um að falla frá gerð samrunaskýrslu skuli engu að síður lögð fram yfirlýsing frá endurskoðanda um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í einstökum félögum. Lögð er til sams konar breyting á 6. gr. frumvarpsins sem varðar einkahlutafélög. Nefndin leggur einnig til breytingar til að lagfæra tilvísanir í aðrar greinar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Höskuldur Þórhallsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. mars 2009.

Álfheiður Ingadóttir, form., frsm.	Gunnar Svavarsson.	Birgir Ármannsson.
Lúðvík Bergvinsson.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Árni M. Mathiesen.
Valgerður Sverrisdóttir.	Jón Magnússon.	

874. Breytingartillögur [145. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (einföldun reglna við samruna og skiptingu).

Frá viðskiptanefnd.

1. Við efnismálsgrein 1. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal endurskoðandi gefa yfirlýsingu um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Eftirfarandi breytingar verða á 123. gr. laganna:
   a. Við síðari málslið 1. mgr. bætist: eða yfirlýsingu endurskoðanda skv. 5. mgr. 122. gr.
   b. Á eftir orðunum „Ef matsmenn telja í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 122. gr.“ í síðari málslið 2. mgr. kemur: eða endurskoðandi í yfirlýsingu sinni skv. 5. mgr. 122. gr.

3. 2. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 124. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „eftir birtingu tilkynningar um móttöku samrunaáætlunarinnar skv. 123. gr. og yfirlýsingu matsmannanna skv. 4. mgr. 122. gr.“ í fyrri málslið 4. mgr. kemur: eftir birtingu tilkynningar um móttöku samrunaáætlunar skv. 123. gr., yfirlýsingar matsmanna skv. 4. mgr. 122. gr. eða yfirlýsingar endurskoðanda skv. 5. mgr. 122. gr.
   b. 5. tölul. 5. mgr. orðast svo: Skýrsla og yfirlýsing matsmanna skv. 1.–4. mgr. 122. gr. eða yfirlýsing endurskoðanda skv. 5. mgr. 122. gr.
4. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
   a. (4. gr.)
      Á eftir orðunum „Ef matsmenn telja í yfirlýsingu sinni skv. 4. mgr. 122. gr.“ í 1. mgr. 126. gr. laganna kemur: eða endurskoðandi í yfirlýsingu sinni skv. 5. mgr. 122. gr.
   b. (5. gr.)
      Við 3. mgr. 129. gr. laganna bætist: eða endurskoðandi yfirlýsingu skv. 5. mgr. 122. gr.
5. 5. gr. orðist svo:
   Í stað orðanna „133. gr. a – 133. gr. f“ í 2. mgr. 133. gr. a og 4. mgr. 133. gr. g í lögunum kemur: 133. gr. a – 133. gr. c og 133. gr. e – 133. gr. f.
6. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Á eftir orðunum „yfirlýsingu matsmanna skv. 4. mgr. 122. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 151. gr. laganna kemur: eða endurskoðanda skv. 5. mgr. 122. gr.
7. Við efnismálsgrein 6. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal hann gefa yfirlýsingu um að hve miklu leyti samruninn kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum.
8. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað tilvísunarinnar „4. mgr. 97. gr.“ í síðari málslið 1. mgr. og síðari málslið 2. mgr. 98. gr., 1. mgr. 101. gr. og 3. mgr. 104. gr. laganna kemur: 4. eða 5. mgr. 97. gr.
9. 7. gr. orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 99. gr. laganna:
   a. Í stað tilvísunarinnar „4. mgr. 97. gr.“ í fyrri málslið 4. mgr. kemur: 4. eða 5. mgr. 97. gr.
   b. 5. tölul. 5. mgr. orðast svo: skýrsla og yfirlýsing endurskoðanda eða skoðunarmanns skv. 1.–4. mgr. 97. gr. eða yfirlýsing endurskoðanda eða skoðunarmanns skv. 5. mgr. þeirrar greinar.
10. 8. gr. orðist svo:
    Í stað tilvísunarinnar „1.–3. mgr. 97. gr.“ í 105. gr. laganna kemur: 97. gr.
11. 10. gr. orðist svo:
    Í stað orðanna „107. gr. b – 107. gr. g“ í 2. mgr. 107. gr. b og 4. mgr. 107. gr. h í lögunum kemur: 107. gr. b – 107. gr. d og 107. gr. f – 107. gr. g.

875. Nefndarálit [462. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 88/2005, og lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur og Ögmund Hrafn Magnússon frá fjármálaráðuneyti, Þóru M. Hjaltested frá viðskiptaráðuneyti, Högna S. Kristjánsson og Sesselju Sigurðardóttur frá utanríkisráðuneyti, Arnór Sighvatsson og Tómas Örn Kristinsson frá Seðlabanka Íslands, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Árna Huldar Sveinbjörnsson frá Fjármálaeftirlitinu, Snorra Olsen frá embætti tollstjórans í Reykjavík, og Rósmund Guðnason frá Hagstofu Íslands. Einnig ræddi nefndin símleiðis við Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóra Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Tilgangur frumvarpsins er að treysta markmið laga um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, sbr. breytingu sem gerð var á þeim með lögum nr. 134/2008, um styrkingu íslensku krónunnar, sbr. einnig reglur Seðlabanka Íslands um gjaldeyrismál frá 15. desember 2008. Þar var kveðið á um skilaskyldu gjaldeyris og er í frumvarpinu rennt styrkari stoðum undir hana með því að kveða á um að greiðslur vegna útflutnings vöru og þjónustu skuli skilyrðislaust fara fram í erlendum gjaldmiðli. Þá kemur fram að til standi að eftirlitsstofnunum Evrópska efnahagssvæðisins verði tilkynnt um þá ráðstöfun sem í frumvarpinu felst.

Á fundi nefndarinnar kom fram að vart hefði orðið tilhneigingar til að fara í kringum skilaskyldu gjaldeyris og að sú þróun gæti leitt til frekari veikingar á íslensku krónunni. Frumvarpinu væri ætlað að fyrirbyggja þetta.

Meiri hlutinn telur að frumvarpið samræmist anda laga nr. 134/2008 og sé þeim lögum til styrkingar. Meiri hlutinn leggur áherslu á mikilvægi þess að tryggja skilvirkt eftirlit með því að skilaskyldan verði virt og að embætti tollstjórans í Reykjavík og Seðlabanki Íslands vinni saman að því markmiði.

Meiri hlutinn leggur til þrenns konar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi tæknilega breytingu á 3. efnismálsl. 1. gr., í öðru lagi orðalagsbreytingu á 1. efnismgr. 3. gr. og í þriðja lagi breytingu á 3. efnismgr. 3. gr. þess efnis að við hana bætist nýr málsliður sem ætlað er að skerpa á heimild eftirlitsaðila til að fylgja því eftir að skilaskyldan verði virt.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1. gr. 3. efnismálsl. orðist svo: Sé ekki ljóst af sölureikningi hver sé gjaldmiðill viðskiptanna skulu þau skráð í evrum eða bandaríkjadölum á útflutningsskýrslu.
2. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „öll útflutningsviðskipti með“ í 1. efnismgr. komi: greiðslur vegna útflutnings.
   b. Við 3. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá er ráðherra heimilt að mæla fyrir um skyldu aðila til að skila, með reglubundnum hætti, skýrslu um útflutningsviðskipti, um ráðstöfun söluandvirðis og um önnur atriði er lúta að útflutningi.

Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 31. mars 2009.

Björgvin G. Sigurðsson, form., frsm.	Árni Þór Sigurðsson.	Ellert B. Schram.
Gunnar Svavarsson.	Jón Bjarnason.	Birkir J. Jónsson.

876. Tillaga til þingsályktunar [463. mál]

um Dýrafjarðargöng og nýjan veg um Dynjandisheiði.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson.

Alþingi ályktar að Dýrafjarðargöng verði boðin út þegar á þessu ári og að lagður verði nýr vegur um Dynjandisheiði. Framkvæmdum verði að fullu lokið árið 2012.

Heimilt er að afla lánsfjár að hluta til eða að öllu leyti til þess að standa undir kostnaði og greiða hann með jöfnum árlegum greiðslum í allt að 25 ár eftir að framkvæmdum lýkur.

Greinargerð.

Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir að göng verði gerð á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar á árunum 2011–2014. Ríkisstjórnin lýsti því yfir árið 2007, er hún kynnti svonefndar mótvægisaðgerðir vegna minni þorskkvóta, að flýta ætti jarðgangagerðinni þannig að hægt yrði að taka göngin í notkun 2012. Undirbúningur miðast við að hægt verði að bjóða verkið út 2009 og gengur hann að vonum. Til jarðgangagerðarinnar er varið 1 milljarði kr. í viðauka við fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010 sem samþykkt var á Alþingi 29. maí 2008, 100 millj. kr. árið 2009 og 900 millj. kr. árið 2010.Verði tillagan samþykkt mun Alþingi staðfesta áform ríkisstjórnarinnar og festa þau í sessi.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að tryggja góðar og öruggar samgöngur á Vestfjarðavegi, nr. 60, á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Það er skilyrði þess að aðalmarkmiðið náist, þ.e. heilsársvegasamband á milli Barðastrandarsýslna og Ísafjarðarsýslna.

Mikil snjóflóðahætta er efst á Hrafnseyrarheiði, auk mikilla snjóþyngsla. Vegurinn liggur þar í bröttum sneiðingum fyrir ofan 400 m hæðarlínuna. Önnur leið er ekki fyrir hendi og ekki talið forsvaranlegt að hafa þar vetrarveg. Augljóst er að núverandi vegur um Hrafnseyrarheiði er engan veginn viðunandi.

Aðeins ein jarðgangaleið kemur til greina og nær vegstæðið frá Mjólká í Arnarfirði að Dýrafjarðarbrú. Í Borgarfirði, innfirði Arnarfjarðar, verður gangamunni rétt utan við Rauðstaði í 36 m hæð. Gangamunnin í Dýrafirði verður í 67 m hæð rétt utan við Bæjará. Með framkvæmdinni styttist leiðin frá Mjólká að Dýrafjarðarbrú um 27,4 km. Nýlögn vegar og uppbygging eldri vegar verður 8,1 km auk þess verða göng 5,6 km. Framkvæmdin í heild verður 13,7 km. Kostnaður er nokkuð þekktur þar sem framkvæmdin er nánast eins og Bolungavíkurgöng og má ætla að hann verði liðlega 6 milljarðar kr. á núverandi verðlagi.

Með nýjum vegi og jarðgöngum opnast samgönguleið á milli Barðastrandasýslna og Ísafjarðarsýslna. Hér er gert ráð fyrir að vegur um Dynjandisheiði verði líka lagfærður en sú framkvæmd er á þriðja tímabili langtímaáætlunar. Vegagerðin áætlaði kostnað í ágúst 2008 ríflega 4 milljarða kr. Heildarkostnaður við bæði verkin gæti því verið nærri 11 milljarðar kr. á verðlagi nú í þessum mánuði.

Verulegur áhugi hefur verið á því að gera göng í gegnum Dynjandisheiði í stað vegagerðar. Samkvæmt mati Vegagerðarinnar frá ágúst 2008, sem áður var getið, er kostnaður við jarðgöng frá 10–17 milljörðum kr. meiri en nýr vegur. Þessi munur er svo mikill að ekki er raunhæft að pólitísk samstaða náist um svo dýra framkvæmd á næstu árum og er því lagt til í þingsályktunartillögunni að velja nýjan veg um Dynjandisheiðina. Það er mat Vegagerðarinnar að unnt sé að byggja heilsárveg yfir Dynjandisheiðina. Hann yrði í aðalatriðum á sama stað og núverandi vegur en nýr vegur og vel upp byggður. Á einstaka stað þarf að gera sérstakar ráðstafanir til þess að leysa snjóavandamál, svo sem sérstakar fyllingar eða jafnvel yfirbyggingar. Víst er að vegurinn yrði einn af erfiðari fjallvegum landsins en engu að síður er talið að hann verði ekki erfiður ef veðurfar og snjóalög verða svipuð og síðasta áratug.

Með auknum samgöngum má vænta að samskipti á milli svæðanna verði mun meiri, bæði atvinnulega séð og félagslega. Vegalengd á milli Patreksfjarðar og Ísafjarðar er nú 173 km að sumri en að vetri þegar Hrafnsfjarðarheiðin er lokuð er hún 687 km. Þess má geta að ýmsar stofnanir sem eiga að þjóna Barðastrandarsýslu eru á Ísafirði en þjónusta þeirra er léleg vegna samgönguleysis.

Með framkvæmdunum mundi verða greið leið allt árið frá Ísafirði til Reykjavíkur um Vestfjarðaveg og vegalengin getur farið niður í 400 km ef öll áform um styttingar á leiðinni ganga eftir. Það er því fyrirsjáanlegt að meginþungi umferðarinnar til og frá norðanverðum Vestfjörðum verði um Vestfjarðaleið þegar sú leið opnast.

Til þess að hraða framkvæmdum og gera það kleift að ljúka þeim á þremur árum er lagt til að heimilt verði að fjármagna þær með lánsfé t.d. frá lífeyrissjóðunum og að ríkið endurgreiði lánið á nokkrum tíma, allt að 25 árum. Með þessu móti vinnst að samgöngubæturnar dragast ekki íbúunum til hagsbóta og að lífeyrissjóðirnir fá trygga og örugga ávöxtun á sparnað sjóðsfélaga.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Dýrafjörður – Arnarfjörður. Lega jarðganga teiknuð inn á loftmynd. Vegagerðin.
II. Hugmyndir að jarðgangaleiðum um Dynjandisheiði. Vegagerðin á Ísafirði, ágúst 2008. (Birt á vef Fjórðungssambands Vestfirðinga http://www.fjordungssamband.is/fv/upload/files/fjordungsthing53/dynjandisheidendursk.pdf).

877. Frumvarp til laga [462. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, og lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 31. mars.)

I. KAFLI
Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fram til 30. nóvember 2010 skal viðskiptaverð vöru skráð í erlendum gjaldmiðli á útflutningsskýrslu, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum. Við skráningu skal miða við þann gjaldmiðil sem fram kemur á sölureikningi útflytjanda, þó ekki íslenskar krónur. Sé ekki ljóst af sölureikningi hver sé gjaldmiðill viðskiptanna skulu þau skráð í evrum eða bandaríkjadölum á útflutningsskýrslu.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við mat á beiðni um undanþágu skal Seðlabankinn horfa til þess hvaða afleiðingar takmarkanir á fjármagnshreyfingum hafa fyrir umsækjanda, hvaða markmið eru að baki takmörkunum og hvaða áhrif undanþága hefur á stöðugleika í gengis- og peningamálum. Synjun um undanþágu má kæra til viðskiptaráðherra.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu greiðslur vegna útflutnings vöru og þjónustu fram til 30. nóvember 2010 fara fram í erlendum gjaldmiðli.

Fari útflutningsviðskipti fram á milli tengdra aðila skulu þau gerð á grundvelli almennra kjara og venju í viðskiptum óskyldra aðila.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd ákvæðis þessa, m.a. um viðskipti milli tengdra aðila. Þá er ráðherra heimilt að mæla fyrir um skyldu aðila til að skila, með reglubundnum hætti, skýrslu um útflutningsviðskipti, um ráðstöfun söluandvirðis og um önnur atriði er lúta að útflutningi.

Brot gegn ákvæði þessu varðar stjórnvaldssektum og refsingu skv. 15. gr. a – 15. gr. d, 16. gr., 16. gr. a og 16. gr. b.

III. KAFLI
Gildistaka.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað binda lög þessi alla þegar við birtingu.

878. Lög [462. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 88/2005, og lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 31. mars 2009.)

Samhljóða þskj. 877.

879. Tillaga til þingsályktunar [464. mál]

um árlega ráðstefnu á Akureyri um málefni heimskautasvæðanna.

Flm.: Valgerður Sverrisdóttir, Birkir J. Jónsson, Höskuldur Þórhallsson,
Einar Már Sigurðarson, Arnbjörg Sveinsdóttir,
Kristján Þór Júlíusson, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðuneyti og umhverfisráðuneyti að vinna ásamt Háskólanum á Akureyri að undirbúningi árlegrar ráðstefnu á Akureyri um málefni heimskautasvæðanna. Jafnframt verði leitað alþjóðlegs samstarfs og stuðnings við verkefnið.

Greinargerð.

Dagana 7.–10. september 2008 var haldið alþjóðlegt þing á Akureyri um lögfræðileg málefni heimskautasvæðanna (Looking Beyond the International Polar Year). Háskólinn á Akureyri stóð fyrir ráðstefnunni og var Háskóli Sameinuðu þjóðanna í Tókýó meðal þeirra sem tóku þátt í undirbúningnum. Þingið sátu helstu sérfræðingar á sviði heimskautaréttar og vakti þingið heimsathygli. Í ávarpi sínu í upphafi þings sagði dr. Bakary Kante, yfirmaður laga- og sáttmáladeildar Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP), að hann sæi fyrir sér að Akureyri yrði eins konar Davos umhverfismálanna og mundi hann leggja sitt af mörkum til að svo mætti verða. Hann sagði árlega ráðstefnu á Akureyri geta snúist um fjölþjóðlega umhverfissáttmála, hvernig þeir gætu verndað heimskautasvæðin, leyst vandamál og ógnir sem við er að glíma og á hvern hátt þeir gætu vísað leiðina varðandi stjórn á heimskautasvæðunum með umhverfisþætti í huga þar sem allir eiga verulegra hagsmuna að gæta. Háskóli Sameinuðu þjóðanna hefur þegar gefið út skýrslu um ráðstefnuna og er þar helstu niðurstöðum þingsins lýst. Í vor kemur svo út fyrsta bindi árbókar heimskautaréttarins (Yearbook on Polar Law). Þar birtast flestir fyrirlestrarnir sem fluttir voru á þinginu.

Þegar er hafinn undirbúningur að öðru alþjóðlegu þingi sem á að fara fram á haustdögum 2009. Þinghaldið tengist meistaraprófsnámi í heimskautarétti við Háskólann á Akureyri sem hófst haustið 2008 og fyrirlesarar á ráðstefnunni nýtast til kennslu sömuleiðis. Mikilvægt er að fylgja þessu framtaki eftir, missa ekki það frumkvæði sem hefur verið staðfest og treysta stöðu Akureyrar á heimsvísu í umræðu um stöðu heimskautasvæðanna.

880. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til l. um sjúkraskrár.

Frá heilbrigðisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Áslaugu Einarsdóttur, Dögg Pálsdóttur, Guðríði Þorsteinsdóttur, Guðrúnu Auði Harðardóttur og Valgerði Gunnarsdóttur frá heilbrigðisráðuneyti, Matthías Halldórsson, Kristján Oddsson og Sigríði Haraldsdóttur, Önnu Björg Aradóttur frá landlæknisembættinu, Guðrúnu Auði Harðardóttur, Maríu Heimisdóttur og Þorvald Ingvarsson frá stýrihópi heilbrigðisráðuneytis um upplýsingatækni á heilbrigðissviði, Þórð Sveinsson frá Persónuvernd, Björn Rúnar Lúðvíksson frá vísindasiðanefnd og Þorbjörn Jónsson og Runólf Pálsson frá læknaráði Landspítala. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla, Alþýðusambandi Íslands, Landssamtökunum Þroskahjálp, Sjúkraliðafélagi Íslands, Tannlæknafélagi Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Lífsvog, Félagi nýrnasjúkra, Fókus – félagi um upplýsingatækni, landlæknisembættinu, Læknafélagi Íslands, Samtökum fjármálafyrirtækja, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri, Iðjuþjálfafélagi Íslands, Lyfjastofnun, Félagi sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara, hjúkrunarráði Landspítala, Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, Þjóðskjalasafni Íslands, læknaráði Landspítala, skrifstofu forstjóra Landspítala, stýrihópi heilbrigðisráðuneytis um upplýsingatækni á heilbrigðissviði, MND-félaginu, Lýðheilsustöð, Vísindasiðanefnd, Persónuvernd, Háskóla Íslands, Sjúkratryggingum Íslands og Félagsráðgjafafélagi Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði heildarlög um sjúkraskrár. Í frumvarpinu eru ákvæði sem lúta að færslu skránna, varðveislu og heimildum sjúklinga, heilbrigðisstarfsfólks og, eftir atvikum, annarra til aðgangs að þeim. Einnig eru þar ákvæði um miðlun sjúkraskrárupplýsinga með samtengingu sjúkraskrárkerfa og um heimildir heilbrigðisstofnana til reksturs sameiginlegra sjúkraskrárkerfa.

Nefndin vekur athygli á að frumvarpið er nú endurflutt en var áður flutt af heilbrigðisráðherra á 135. löggjafarþingi. Heilbrigðisnefnd þingsins sendi fyrra frumvarp fjölmörgum aðilum til umsagnar. Ráðuneytið fór yfir þær umsagnir sem bárust heilbrigðisnefnd og gerði eftir það ýmsar breytingar á frumvarpinu, m.a. hvað varðar rekjanleika færslu. Helstu álitaefni við samningu þess lutu að persónuvernd og aðgengi að sjúkraskrá.

Á fundum nefndarinnar kom fram að undanfarin ár hefðu heilbrigðisstofnanir og heilsugæslan í landinu notað rafrænar sjúkraskrár. Frumvarpið opnaði möguleika á samtengingu sjúkraskráa sem nú er ekki heimil nema til komi sameining stofnana. Samþykkt þess hefði í för með sér aukið hagræði í heilbrigðisþjónustu sem yki öryggi og velferð sjúklinga og sparaði kostnað við rekstur þjónustunnar. Umsagnir við frumvarpið voru almennt jákvæðar en sumir umsagnaraðilar töldu þó að ákvæði þess er varða rétt sjúklinga til að takmarka aðgang heilbrigðisstarfsmanna að upplýsingum úr skránni gætu rýrt markmið þess. Í tilefni af athugasemdum sem bárust fjallaði nefndin um ýmis efnisatriði frumvarpsins.

Aðgangshindranir.

Nefndin ræddi almennt um aðgangshindranir þær sem leiða má af 7., 13., 19. og 21. gr. frumvarpsins og athugasemdir sem fram komu í umsögnum um að þær muni rýra notagildi heilbrigðisstarfsmanna af skránni á kostnað öryggis sjúklinga og verði auk þess kostnaðar-

samar og flóknar í framkvæmd. Persónuvernd sjúklinga mætti tryggja eftir öðrum leiðum eins og þagnarskyldu heilbrigðisstarfsmanna, eftirliti og viðurlögum. Enn fremur eigi sjúklingur skv. 4. mgr. 14. gr. rétt á upplýsingum um hverjir afli upplýsinga úr sjúkraskránni, hvar, hvenær og í hvaða tilgangi.

Nefndin telur að þessar athugasemdir gefi ekki tilefni til að breyta frumvarpinu í grundvallaratriðum en útilokar ekki að framkvæmd eftirlits og rekjanleika leiði í ljós að hægt sé að slaka á aðgangshindrunum. Nefndin gengur út frá því að til séu lausnir sem tryggt geti rétta framkvæmd ákvæða frumvarpsins en bendir á að í orðalaginu „að því marki sem það er tæknilega mögulegt“ í 19. og 21. gr. felist aðlögunarfrestur.

Sérstaklega viðkvæmar persónuupplýsingar.

Fram komu ábendingar um að ekki væri þörf fyrir þá viðbótarflokkun upplýsinga sem birtist í orðalaginu „sérstaklega viðkvæmar sjúkraskrárupplýsingar“ í 2. mgr. 13. gr., sbr. og 5. gr. frumvarpsins. Sjúkraskrárupplýsingar séu í eðli sínu viðkvæmar persónuupplýsingar en einstaklingsbundið sé hversu viðkvæmar. Þá hafi sjúklingur heimild til að takmarka aðgang við þann sem skráir og umsjónaraðila viðkomandi sjúkraskrár og e.t.v. aðra tiltekna heilbrigðisstarfsmenn skv. 7. gr.

Nefndin fellst ekki á að fella umrædda viðbótarflokkun brott úr frumvarpinu og telur að hún hafi raunhæfa þýðingu fyrir sjúklinga og hvetji til meiri aðgætni í meðferð upplýsinga sem þeir sjálfir álíta sérstaklega viðkvæmar. Nefndin tekur fram að sjúklingar verði ekki þvingaðir til að veita upplýsingar og telur einnig áríðandi að þeim gefist kostur á að fá skráðar upplýsingar í trúnaðarskrá sem enginn annar heilbrigðisstarfsmaður en sá sem skráir hafi aðgang að. Nefndin telur einnig brýnt að sjúklingar séu við færslu sjúkraskrár upplýstir um réttindi sín samkvæmt frumvarpinu, sbr. 1. mgr. 7. gr.

Takmörkun aðgangs jafngildi höfnun á meðferð.

Nefndin ræddi athugasemdir sem gerðar voru við þá tilhögun að jafna ákvörðun sjúklings um að takmarka aðgang heilbrigðisstarfsmanna að sjúkraskrá til höfnunar á meðferð, sbr. 1. mgr. 7. gr. og 4. mgr. 13. gr. frumvarpsins. Fram kom að aðeins í undantekningartilvikum mundi þetta eiga við og því bæri að túlka þessa heimild þröngt. Bent var á að aðgangur að réttum upplýsingum geti verið forsenda þess að unnt sé að tryggja rétta meðferð.

Uppbygging rafrænnar sjúkraskrár.

Nú færa margar heilbrigðisstéttir sjúkraskrár. Rafrænar sjúkraskrár eru færðar í mismunandi hugbúnaði og kerfum og tengjast með ólíkum hætti. Mótun heildarstefnu í notkun rafrænnar sjúkraskrár er því mikilvægur þáttur samhliða undirbúningi að innleiðingu ákvæða þessa frumvarps.

Nefndin vekur athygli á að í 1. mgr. 24. gr. frumvarpsins, sbr. og 2. mgr. 6. gr., er gert ráð fyrir að heilbrigðisráðherra skilgreini í reglugerð þær tæknikröfur og staðla sem rafræn sjúkraskrárkerfi verði að uppfylla. Þá hefur komið fram að á vegum heilbrigðisráðuneytis hafi starfað nefnd sem unnið hefur að stefnumótun varðandi uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrár. Hraði þeirrar uppbyggingar mun ráðast af fjárlögum en á móti kemur að frumvarpið er af mörgum talið vera forsenda frekari hagræðingaráforma og sparnaðar í heilbrigðisþjónustu.

Nefndin undirstrikar mikilvægi þess að ákvörðun um uppbyggingu sjúkraskráa liggi fyrir sem fyrst. Nefndin hvetur til þess að þegar verði unnið að skilgreiningu á kröfum og stöðlum fyrir hugbúnað á rafrænum sjúkraskrárkerfum og að tryggt verði fjármagn til þeirrar vinnu.

Eigandi rafrænnar sjúkraskrár.

Nefndin ræddi álitaefni tengd því hver eigi rafræna sjúkraskrá. Kom fram að í frumvarpinu væri ekki tekin afstaða til þessa heldur væri mælt fyrir um vörslu sjúkraskrárinnar og heimildir til aðgangs að henni.

Við meðferð málsins kom fram sá skilningur fulltrúa heilbrigðisráðuneytis og landlæknis að sjúkraskrá gæti ekki verið eign í þeim skilningi sem almennt er lagður í það hugtak. Hún væri því hvorki eign sjúklings, heilbrigðisstarfsmanns né heilbrigðisstofnunar. Nefndin tekur undir framangreindan skilning.

Aðgangur annarra stétta en skilgreindra heilbrigðisstétta.

Nefndin ræddi um aðgang annarra stétta en löggiltra heilbrigðisstétta að sjúkraskrá. Nefndin bendir á að ákvæði frumvarpsins sem að þessu lúta koma fram í 5., 13. og 24. gr. þess. Í 5. og 13. er fjallað um færslu sjúkraskráa og aðgang annarra starfsmanna og nema. Þá er ráðherra heimilt að kveða nánar á um aðgangstakmarkanir og mismunandi aðgang (lagskiptan aðgang) í reglugerð, sbr. 24. gr. Nefndin tekur einnig fram í tilefni af athugasemdum að ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið skerði aðgangsheimildir samkvæmt öðrum lögum.

Aðgangur sjúklings að eigin sjúkraskrá.

Nefndin ræddi um aðgang sjúklings að eigin sjúkraskrá skv. 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins. Ákvæði frumvarpsins um aðgang sjúklings að eigin sjúkraskrá eru að mestu leyti sambærileg við núgildandi lög um réttindi sjúklinga. Fram kom að miðað við aðstæður núna þýðir þetta annaðhvort að sjúklingur situr fund með meðferðaraðila sem fer yfir þau atriði sjúkraskrárinnar sem sjúklingur óskar eftir og/eða að sjúklingur fær afhent pappírsafrit af sjúkraskránni, í heild eða að hluta, eftir aðstæðum. Hins vegar er gert ráð fyrir að í framtíðinni geti orðið um að ræða rafrænan aðgang sjúklings að eigin sjúkraskrá, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Slíkt aðgengi sjúklinga er nú þegar til staðar sums staðar á Norðurlöndunum þar sem sjúkdómsgreiningar, meðferðir, legur og tímabókanir eru rafrænt aðgengilegar sjúklingum.

Afrit af sjúkraskrá miðast nú almennt við afrit á pappír. Skv. 1. mgr. 24. gr. frumvarpsins getur ráðherra með reglugerð heimilað að afrit verði afhent sjúklingi á öðru formi en pappír, t.d. á tölvudiski, minniskubbi eða með rafrænum hætti, enda sé öryggi upplýsinganna tryggt.

Í tengslum við 3. mgr. 14. gr. frumvarpsins ræddi nefndin við hvaða aðstæður talið yrði að það þjónaði ekki hagsmunum sjúklings að afhenda honum upplýsingar úr eigin sjúkraskrá og hver mæti þá hagsmuni. Kom fram að aðeins kæmi til greina að beita þessari heimild í algerum undantekningartilvikum og að ákvæðið fæli ekki í sér breytingu frá gildandi lögum. Umsjónaraðili sé sá sem fyrst meti hagsmunina, landlæknir taki ákvörðun um hvort aðgangur skuli veittur, ákvörðunum hans megi skjóta til ráðuneytisins og loks geti hlutaðeigandi sjúklingar leitað með mál fyrir dómstóla.

Aðgangur að sjúkraskrá látins einstaklings.

Nefndin ræddi um aðgang aðstandenda að sjúkraskrá látins einstaklings skv. 15. gr. frumvarpsins. Við umfjöllun í nefndinni kom fram að 1. mgr. greinarinnar endurspeglaði ekki

nægilega vel þá framkvæmd sem viðhöfð væri, sbr. orðalagið „ótvírætt samþykki“. Nefndin leggur því til að ákvæði laga um réttindi sjúklinga sem þetta varðar standi óbreytt en hvetur til þess að þau verði endurskoðuð.

Færsla sjúkraskráruppplýsinga.

Nefndin ræddi um færslu lágmarksupplýsinga í sjúkraskrá, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Fram kom það sjónarmið að í 1. tölul. 1. mgr. mætti láta þar við sitja að tilgreina kennitölu sjúklings. Fulltrúar heilbrigðisráðuneytis voru því ekki sammála og bentu á að upptalning töluliðarins þyrfti að samræmast alþjóðlegum stöðlum. Nefndin fellst á það en leggur jafnframt til að við upptalningu töluliðarins verði bætt nafni nánasta aðstandanda. Nefndin leggur einnig áherslu á að þrátt fyrir að 1. málsl. 1. mgr. sé orðaður í anda meðalhófs sé það ávallt háð mati viðkomandi heilbrigðisstarfsmanns hvaða upplýsingar sé nauðsynlegt að skrá vegna meðferðar sjúklings.

Varðveisla sjúkraskráa.

Nefndin ræddi orðalag 11. gr. frumvarpsins og telur rétt að skýra það þannig að skylda til að varðveita sjúkraskrá falli ekki brott um leið og sjúklingur deyr.

Skilgreiningar.

Nefndin ræddi skilgreiningar frumvarpsins, einkum varðandi hugtökin *meðferð* og *umboðsmaður sjúklings*. Nefndin bendir á að meðferð er skilgreind með sama hætti í frumvarpinu og í lögum um réttindi sjúklinga en nefndin leggur til skilgreiningu á hugtakinu umboðsmaður sjúklings en það kemur m.a. fyrir í 7. og 14. gr. frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: *Umboðsmaður sjúklings:* Forráðamaður sjúklings eða sá sem sjúklingur hefur veitt skriflegt umboð til að taka ákvarðanir varðandi sjúkraskrá sína eða heimild til aðgangs að henni.
2. Við 6. gr. Í stað orðanna „og hjúskaparstöðu“ í 1. tölul. 1. mgr. komi: hjúskaparstöðu og nánasta aðstandanda.
3. Við 11. gr. Orðin „á meðan sjúklingur lifir“ í 1. málsl. falli brott.
4. Við 13. gr. Orðin „heilbrigðisstofnun, starfsstofa heilbrigðisstarfsmanns eða heilbrigðisstarfsmaður sem veitir meðferð“ í 2. mgr. falli brott.
5. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Um aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings fer samkvæmt ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.
6. Við 26. gr. C-liður 1. tölul. falli brott.

Ágúst Ólafur Ágústsson og Álfheiður Ingadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. mars 2009.

Þuríður Backman, form., frsm.	Ásta Möller.	Ellert B. Schram.
Guðlaugur Þór Þórðarson.	Pétur H. Blöndal.	Eygló Harðardóttir.

Kristinn H. Gunnarsson.

881. Nefndarálit [385. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sérnefndar um stjórnarskrármál.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Björgu Thorarensen, forseta lagadeildar Háskóla Íslands, Bryndísi Hlöðversdóttur, forseta lagadeildar Háskólans á Bifröst, Gísla Tryggvason, talsmann neytenda, Pál Þórhallsson frá forsætisráðuneyti, Ragnhildi Helgadóttur, prófessor við Háskólann í Reykjavík, Sigurð Líndal, prófessor við Háskólann á Bifröst, Hafstein Þór Hauksson, skrifstofustjóra hjá umboðsmanni Alþingis, Ragnar Aðalsteinsson hrl., Magnús Thoroddsen hrl., Ágúst Þór Árnason, aðjúnkt við Háskólann á Akureyri, Karl Axelsson hrl., Friðrik Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Arthur Bogason frá Landssambandi smábátaeigenda, Helga Áss Grétarsson frá Lagastofnun Háskóla Íslands, Guðrúnu Gauksdóttur frá Háskólanum í Reykjavík, Aðalheiði Jóhannsdóttur frá Háskóla Íslands, Eirík Tómasson, prófessor við Háskóla Íslands, Styrmi Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóra, Ernu Bjarnadóttur frá Bændasamtökunum, Gústaf Adolf Skúlason frá Samorku, Elínu Smáradóttur lögfræðing frá Orkuveitu Reykjavíkur, Birgi Þór Runólfsson frá Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál, Harald Birgisson frá Viðskiptaráði, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Þorlák Karlsson frá Háskólanum í Reykjavík, Ólaf Þ. Harðarson, Gunnar Helga Kristinsson og Svan Kristjánsson, alla frá Háskóla Íslands, Þór Saari frá Samtökum um lýðræði og almannahag, Guðjón Bragason og Jönu Friðfinnsdóttur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Evu Bryndísi Helgadóttur frá Lögmannafélagi Íslands.

Umsagnir bárust um málið frá Ragnhildi Helgadóttur, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Davíð Þorlákssyni, Landvernd, Davíð Þór Björgvinssyni, Landsvirkjun, Norðuráli, Norðurorku, Sjómannasambandi Íslands, Sigurði Líndal, Svani Kristjánssyni, Birgi Þór Runólfssyni og Ragnari Árnasyni, Samtökum um lýðræði og almannahag, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Viðskiptaráði, Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands, Samorku, HS Orku, Rarik, Félagi umhverfisfræðinga á Íslandi, Orkustofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ReykjavíkurAkademíunni, Landssambandi smábátaeigenda, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Ágústi Þór Árnasyni og Lögmannafélagi Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til ferns konar breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Í fyrsta lagi verði bætt við hana nýrri grein sem fjalli um eignarhald og nýtingu á náttúruauðlindum sem ekki eru háðar einkaeignarrétti, sem og ákvæði um rétt til umhverfis sem stuðlar að heilbrigði og að líffræðilegri fjölbreytni sé viðhaldið. Í öðru lagi er lagt til að fyrirkomulagi þess hvernig breytingar á stjórnarskránni eru samþykktar verði breytt þannig að þær verði framvegis bornar undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu í leynilegri atkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar eftir samþykki Alþingis. Í þriðja lagi er lagt til að fest verði í stjórnarskrána ákvæði þess efnis að Alþingi skuli láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög eða málefni sem varða almannahag ef tiltekinn fjöldi kjósenda krefst þess. Loks er lagt til að við stjórnarskrána bætist ákvæði um stundarsakir þess efnis að forseti Íslands skuli boða til stjórnlagaþings til endurskoðunar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Nefndin ræddi frumvarpið og efnisatriði þess ítarlega á fundum sínum. Þau atriði sem hvað mesta umfjöllun fengu varða hugtökin þjóðareign og náttúruauðlindir í 1. gr. frumvarpsins, hugtökin sjálfbær þróun og líffræðileg fjölbreytni í sömu grein, afmörkun á því um hvaða lög eða málefni kjósendur geta krafist þjóðaratkvæðagreiðslu og með hvaða hætti slík krafa skuli höfð uppi, sem og hlutverk og störf stjórnlagaþings.

1. gr. frumvarpsins.

Í greininni er kveðið á um að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti séu þjóðareign. Tekið er fram að ríkið fari með forsjá þeirra, vörslu og ráðstöfunarrétt og hafi eftirlit með nýtingu þeirra eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Þá segir að allar náttúruauðlindir beri að nýta á sem hagkvæmastan hátt á grundvelli sjálfbærrar þróunar og að náttúruauðlindir í þjóðareign megi ekki selja eða láta varanlega af hendi. Loks segir í greininni að allir eigi rétt til umhverfis sem stuðli að heilbrigði og þar sem líffræðilegri fjölbreytni sé viðhaldið.

Athugasemdir komu fram hjá nokkrum umsagnaraðilum þess efnis að ekki væri nægilega skýrt hvað fælist í hugtakinu þjóðareign. Í því sambandi ítrekar meiri hlutinn að með hugtakinu þjóðareign er átt við sérstaka tegund eignarhalds til hliðar við hefðbundinn einkaeignarrétt einstaklinga og lögaðila, og er hér byggt á skilgreiningu auðlindanefndar frá árinu 2000. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu felst í þessu að ríkinu er samkvæmt lögum fenginn hinn sérstaki eignarréttur á náttúruauðlindum í skjóli þess að enginn annar lögaðili eða einstaklingur hefur getað sannað eignarrétt sinn á þeim. Meiri hlutinn telur hugtakið þjóðareign skýrt og ítrekar að ákvæðinu er ekki ætlað að hrófla við beinum eða óbeinum eignarréttindum sem menn hafa þegar öðlast á náttúruauðlindum.

Fram hefur komið hjá nokkrum umsagnaraðilum að eðlilegra væri að tillögu um auðlindaákvæði yrði vísað til þeirrar heildarendurskoðunar stjórnarskrárinnar sem fyrirhugað er að fari fram á stjórnlagaþingi. Í því sambandi bendir meiri hlutinn á að lengi hefur verið til umræðu hér á landi að auðlindaákvæði verði fært inn í stjórnarskrána og mikil vinna farið fram í því sambandi, einkum á vegum auðlindanefndar sem skilaði skýrslu sinni árið 2000 og á vegum nefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar sem skilaði áfangaskýrslu árið 2007. Til að stuðla að sátt landsmanna um eignarhald á náttúruauðlindum telur meiri hlutinn einsýnt að ekki verði beðið lengur með setningu auðlindaákvæðis á borð við það sem lagt er til í frumvarpinu.

Þá telur meiri hlutinn efnisrök hníga til þess að ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins þess efnis að náttúruauðlindir í þjóðareign megi ekki selja eða láta varanlega af hendi fari betur sem 3. málsl. 1. mgr. 1. gr. og leggur til breytingu á frumvarpinu þess efnis.

Meiri hlutinn telur veigamikil rök hníga að því að sérstakt ákvæði um rétt til umhverfis verði sett í stjórnarskrá og bendir á að umhverfismál verða æ veigameiri þáttur í lífi almennings sem þorri manna lætur sig miklu skipta. Vægi þeirra mun fyrirsjáanlega ekki minnka á komandi árum. Þegar litið er til framtíðar má því búast við að gerðar verði meiri kröfur um að þessum mikilvæga málaflokki verði gert nægjanlega hátt undir höfði með því að setja um hann sérstakt ákvæði í stjórnarskrá. Að teknu tilliti til sjónarmiða umsagnaraðila og þess að réttur manna til umhverfis hefur ekki hlotið jafnlanga og ítarlega umræðu og eignarhald á náttúruauðlindum telur meiri hlutinn þó heppilegra að afstaða verði ekki tekin að þessu sinni heldur bíði stjórnlagaþings. Í því sambandi bendir meiri hlutinn jafnframt á hugtakið sjálfbæra þróun sem, þrátt fyrir að hafa rótgróna merkingu í alþjóðlegum rétti, hefur ekki hlotið jafnmikla umræðu og skýringu í íslenskum rétti. Meiri hlutinn leggur því til breytingu á frumvarpinu þess efnis að 2. og 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins falli brott, en þar er m.a. að finna ákvæði um að allar náttúruauðlindir beri að nýta á sem hagkvæmastan hátt á grundvelli sjálfbærrar þróunar og um rétt til umhverfis sem stuðli að heilbrigði og þar sem líffræðilegri fjölbreytni sé viðhaldið. Þó skuli 2. málsl. 2. mgr. ekki falla brott heldur flytjast í 1. mgr. eins og að framan greinir.

2. gr. frumvarpsins.

Í greininni er lagt til að fyrirkomulagi þess hvernig staðið skuli að breytingum á stjórnarskránni verði breytt. Í stað þess að fjallað verði um frumvarpið á tveimur þingum og kosningar fari fram milli þinganna er gert ráð fyrir að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um frumvarp til breytinga á stjórnarskránni eftir samþykkt Alþingis. Þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins. Hljóti frumvarpið meiri hluta gildra atkvæða, þó minnst 25 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá, skuli það staðfest af forseta Íslands og öðlast gildi sem stjórnskipunarlög.

Eins og frumvarpið hljóðar er gert ráð fyrir að frumvarp til stjórnskipunarlaga verði rætt við þrjár umræður á Alþingi eins og önnur lagafrumvörp. Til að hnykkja enn frekar á sérstöðu stjórnskipunarlaga leggur meiri hlutinn til að slík frumvörp verði rædd við fjórar umræður og að minnst vika líði á milli umræðnanna. Jafnframt telur meiri hlutinn rétt að atkvæðagreiðsla um stjórnskipunarlög geti farið fram í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir samþykkt frumvarps á Alþingi til að tryggja að nægjanlega mikil og víðtæk umræða geti farið fram í samfélaginu um fyrirhugaðar breytingar. Meiri hlutinn leggur því til breytingar á frumvarpinu hvað þessi tvö atriði varðar.

3. gr. frumvarpsins.

Í greininni er lagt til að ákveðinn hluti kjósenda, 15 af hundraði, geti kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu að frumkvæði þjóðarinnar. Atkvæðagreiðslan getur verið um málefni sem varða almannahag eða tiltekin lög. Þó eru undanskilin fjárlög, fjáraukalög, lög um skattamálefni og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum. Niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu er bindandi þegar hún fjallar um gildi tiltekinna laga og ef meiri hluti gildra atkvæða er fylgjandi tillögunni, þó minnst 25 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá.

Ákvæðinu er ætlað að stuðla að beinu og milliliðalausu lýðræði og færa valdið í hendur þjóðarinnar í ríkara mæli en áður hefur þekkst. Í því umhverfi sem Íslendingar búa nú við er það skýlaus krafa almennings að þátttaka hans í ákvarðanatöku í veigamiklum málum sé tryggð, sem og frumkvæði til að ákveða hvað lagt verði fyrir þjóðina til samþykktar eða synjunar. Til að undirstrika að þjóðarfrumkvæðinu sé ætlað að tryggja aðkomu þjóðarinnar að veigamiklum málum leggur meiri hlutinn til að bætt verði við textann skilyrði um að atkvæðagreiðslunnar sé einungis hægt að krefjast um mikilvægt málefni sem varðar almannahag. Meiri hlutinn áréttar jafnframt að undanskilin þjóðaratkvæðagreiðslu eru málefni sem varða einkamálefni og einkahagsmuni fólks eða minnihlutahópa.

Þó svo að þjóðaratkvæðagreiðsla um gildi tiltekinna laga sé bindandi, náist fyrir því gildur meiri hluti, eru þjóðaratkvæðagreiðslur um mikilvæg málefni það ekki. Meiri hlutinn telur mikilvægt að lögfest sé leið fyrir almenning til að koma að viðhorfum sínum í mikilvægum málum en jafnframt að þjóðin búi við lagafestu og öryggi. Atkvæðagreiðsla sem krafist er um tiltekið mál getur á einn eða annan hátt varðað lögbundin réttindi eða skyldur manna. Því er nauðsynlegt að Alþingi hafi úrslitavald um hvort niðurstaða atkvæðagreiðslu leiði til lagabreytinga þegar ekki er kosið um gildi laga. Þá er nauðsynlegt að stjórnaskrárvarin réttindi séu ávallt höfð í hávegum. Einsýnt er að þegar fylgi þjóðarinnar við tiltekið málefni er afgerandi á einn veg muni Alþingi hlusta á kröfu þjóðarinnar og leita leiða til að breyta samkvæmt henni.

Í ákvæðinu er kveðið á um að nánari reglur varðandi kröfur kjósenda og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skuli settar með lögum. Meiri hlutinn ræddi ítarlega útfærslu atkvæðagreiðslu að þjóðarfrumkvæði, sem er nýmæli hér á landi, og leggur áherslu á að vandað verði til þeirrar lagasetningar. Þá verður að telja mikilvægt að slík lög verði sett svo fljótt sem unnt er verði ákvæðið að stjórnskipunarlögum. Í athugasemdum við ákvæðið kemur fram að í lögum þurfi m.a. að útfæra hvernig staðið er að söfnun undirskrifta og hvernig spurning er sett fram í atkvæðagreiðslu. Meiri hlutinn tekur undir þetta enda skiptir miklu að stuðnings við þjóðarfrumkvæði um tiltekið mál sé aflað með öruggum og réttmætum hætti. Því áréttar meiri hlutinn að settar verði skýrar leiðbeinandi reglur um form spurninga þannig að þær verði ekki villandi eða leiðandi fyrir almenning. Slíkar reglur skuli jafnframt gilda bæði um þá spurningu sem verið er að afla fylgis til að fá fram atkvæðagreiðslu um tiltekið mál og um þá spurningu sem sett er fram í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá telur meiri hlutinn mikilvægt að spurningin sé þess eðlis að kjósanda verði gert að svara einungis játandi eða neitandi. Þannig verði tryggt að kjósandi geti að fullu gert sér grein fyrir því hvaða spurningu og málefni þjóðaratkvæði er greitt um. Þegar reglur um þetta efni hafa verið lögfestar þarf að meta hvort spurningar uppfylli kröfur laganna. Lagt er til að Alþingi verði falið að staðfesta hvenær spurning er tæk til þjóðaratkvæðagreiðslu. Meiri hlutinn telur eðlilegt að tiltekinni nefnd þingsins verði falið þetta hlutverk og vekur athygli á að hugsanlega þarf að breyta þingsköpum til samræmis verði frumvarp þetta að lögum. Með þessu er jafnframt tryggt að spurningar sem varða einstaklinga og einkamálefni þeirra fari ekki til þjóðaratkvæðagreiðslu eða stuðnings verði aflað til slíkrar atkvæðagreiðslu. Þá er lagt til að nánar sé kveðið á um það í ákvæðinu hvað mælt skuli fyrir um í almennum lögum um þjóðaratkvæðagreiðslu.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að stuðnings við að tiltekið málefni fari til þjóðaratkvæðagreiðslu sé aflað með lögbundnum og tryggum hætti þannig að sá sem styður slíka kosningu geri sér að fullu grein fyrir því um hvaða mál sé að ræða. Meiri hlutinn telur því eðlilegt þegar undirskriftum er safnað um tiltekið mál að það verði gert þannig að sá sem skrifar

undir slíkt skjal þurfi að mæta á tiltekinn stað þar sem hægt sé að sannreyna og votta undirskrift hans, enda segir í ákvæðinu að krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu skuli vera staðfest. Í því skyni má hugsa sér að kveðið verði á um að undirskriftalistar liggi fyrir hjá opinberum aðila, til að mynda hjá sýslumanni eða á starfsstöð sveitarstjórnar. Meiri hlutinn telur jafnframt eðlilegt að settur verði tímarammi um slíka undirskriftasöfnun. Sá frestur sem gefinn er til söfnunar undirskrifta þarf þó að veita nægilegt svigrúm til að almenningur geti gert vilja sinn ljósan og má ekki skapa hindrun fyrir virku þjóðarfrumkvæði.

Nokkuð var rætt um það hlutfall kosningarbærra manna sem krafist gæti þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög eða málefni. Fram komu sjónarmið þess efnis að tryggja þyrfti að hlutfallið væri nægilega hátt til að komið yrði í veg fyrir að sérstakir hagsmunahópar gætu til að mynda náð að stöðva alla eftirlitslöggjöf sem að þeim snýr. Þá væri hlutfallið of lágt í frumvarpinu þar sem tiltölulega auðvelt væri að safna undirskriftum. Meiri hlutinn telur ekki þörf á að hækka það hlutfall sem kveðið er á um í greininni enda gerir hún ráð fyrir að settar verði skýrar reglur um hvernig afla megi stuðnings við þjóðaratkvæðagreiðslu sem og um undirskriftasöfnun sem tengist henni.

4. gr. frumvarpsins.

Í greininni er lagt til að efnt verði til kosninga um stjórnlagaþing sem skuli endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Þjóðin skuli kjósa 41 fulltrúa á þingið og verði mælt fyrir um kjörgengi og kosningu í sérlögum. Þá eru í greininni útfærðar reglur um meðferð frumvarps að stjórnarskrá og er kveðið á um að stjórnlagaþing skuli senda frumvarpið til Alþingis sem geti sent það með rökstuddri tillögu aftur til stjórnlagaþings. Er lagt til að þá þurfi aukinn meiri hluta stjórnlagaþings til að samþykkja frumvarpið og senda í þjóðaratkvæðagreiðslu, ella teljist það fellt. Geri Alþingi ekki rökstudda tillögu fari frumvarpið til þjóðaratkvæðagreiðslu og þurfi meiri hluta gildra atkvæða, þó a.m.k. 25 af hundraði kjósenda á kjörskrá, til að það verði að gildum stjórnskipunarlögum.

Því hefur verið haldið fram að með því að setja á stofn sérstakt stjórnlagaþing sé vegið að sjálfstæði og áhrifum Alþingis sem farið hefur með hlutverk stjórnarskrárgjafa um árabil. Eðlilegt sé að það hlutverk verði áfram í höndum Alþingis auk þess sem stofnsetning stjórnlagaþings sé kostnaðarsöm og tímafrek framkvæmd. Meiri hlutinn bendir í þessu sambandi á að vinna við endurskoðun stjórnarskrárinnar hefur staðið nánast óslitið yfir frá lýðveldisstofnun árið 1944 með takmörkuðum árangri. Aðstæður í þjóðfélaginu eru auk þess með þeim hætti eftir bankahrunið í október 2008 að almenningur kallar eftir gagnsæi og trausti í störfum ráðamanna. Stjórnarskránni er m.a. ætlað að kveða á um valdmörk Alþingis og því óeðlilegt að það setji sér sjálft þau mörk. Krafan um að Alþingi stígi til hliðar þegar að því kemur að setja þær nýju leikreglur samfélagsins sem felast í nýrri stjórnarskrá er því svo rík að réttlætanlegt verður að teljast að stjórnarskrárgjafarvaldið verði tímabundið fært frá Alþingi til annars stjórnarskrárgjafa sem sérstaklega er kosinn til þess starfs.

Meiri hlutinn leggur til þónokkrar breytingar á ákvæði um stjórnlagaþing. Sjálfstæði þingsins og hlutverk þess er áframt haft í hávegum en breytingunum er ætlað að styrkja stoðir stjórnlagaþings, einfalda ákvæðið, stytta starfstíma þingsins, skapa meira svigrúm til útfærslu á störfum þess með almennum lögum og draga úr kostnaði við þingið.

Hlutverk þingsins er samkvæmt greininni að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Í reynd er þinginu þó ætlað að semja frumvarp að nýrri stjórnarskrá og er endurskoðun stjórnarskrárinnar einungis liður í því starfi. Leggur meiri hlutinn því til breytingar þessu til samræmis.

Mikilvægt er að á stjórnlagaþingi verði opnar umræður og sem flestir geti komið ábendingum sínum og skoðunum á framfæri á einfaldan og opinskáan hátt. Fram hefur komið hjá nokkrum umsagnaraðilum að eðlilegt sé að tryggja aðkomu hagsmunasamtaka, fræðimanna og sérfræðinga að þinginu. Meiri hlutinn áréttar mikilvægi þess að þjóðin fái að kjósa til þingsins en jafnframt að samræður fari fram milli fulltrúa þingsins annars vegar og fræðimanna og sérfræðinga hins vegar. Er það til þess fallið að auka og dýpka skilning á lýðræði og inntaki þess. Slíkar orðræður og skoðanaskipti ættu jafnframt að verða til þess að stytta þann tíma sem þingið þarf til starfa. Þá má ætla að þrengri tímarammi gæti orðið til að gera vinnu þingsins markvissari. Með hliðsjón af þessu og þeirri gagnrýni sem beinst hefur að þeim langa tíma sem þinginu er ætlaður leggur meiri hlutinn til að kosið verði til stjórnlagaþings samhliða sveitarstjórnarkosningum vorið 2010, þingið komi saman 17. júní 2010 og ljúki störfum eigi síðar 17. júní 2011. Með þessu næst jafnframt fram töluverður sparnaður þar sem ekki þarf að kosta til sérstakra kosninga ásamt því sem styttri starfstími sparar launa- og rekstrarkostnað þingsins. Þá telur meiri hlutinn ekki sýnt að fulltrúar þingsins þurfi að vera í fullu starfi á stjórnlagaþingi. Allt eins er hægt að rökstyðja fyrirkomulag þings sem væri með þeim hætti að þing hittist fáeina daga í senn nokkrum sinnum yfir starfstímann en í millitíðinni væru starfshópar eða vinnustofur að störfum um afmarkaðri efni og starfsfólk og sérfræðingar ynnu að tillögum þingfunda og starfshópa. Meiri hlutinn telur því einsýnt að frekar verði unnið að þeim drögum að frumvarpi til laga um stjórnlagaþing sem kynnt hafa verið og skerpt á þeim ramma sem um þingið skal gilda. Áréttar meiri hlutinn að slíkur rammi megi ekki þrengja að sjálfstæði þingsins heldur sé honum einungis ætlað að gera vinnu þess markvissari. Eftir sem áður verði það stjórnlagaþingsins sjálfs að setja sér starfsreglur.

Í drögum að frumvarpi til laga um stjórnlagaþing sem er fylgiskjal með frumvarpi til stjórnskipunarlaga er lagt til að kosið verði persónukjöri á þingið. Meiri hlutinn leggst ekki gegn slíkri kosningu en áréttar þó mikilvægi þess að á stjórnlagaþingi sitji fulltrúar þjóðarinnar. Ný stjórnarskrá lýðveldisins Íslands mun verða stjórnarskrá þjóðarinnar allrar. Enda þótt aðkoma almennings alls verði tryggð, t.d. með opnum fundum, upplýsingagjöf og málþingum og að auðvelt verði að senda inn umsagnir, þarf jafnframt að tryggja að á þinginu sjálfu sitji þjóðin öll eða fulltrúar hennar. Meiri hlutinn telur því mikilvægt að reglur um persónukjör verði með þeim hætti að tryggt verði að fulltrúar landsbyggðar og landshluta fái sæti, hvort sem það verður gert með ríkari reglum um kjör eða reglum um einhvers konar jöfnunarsæti. Þá telur meiri hlutinn mikilvægt að reglur um kjörið verði með þeim hætti að tryggt verði eins og hægt er jafnt kynjahlutfall á þinginu.

Reglum sem finna má í áðurnefndum drögum er m.a. ætlað að tryggja sjálfstæði stjórnlagaþings gagnvart Alþingi og öðrum handhöfum ríkisvalds. Telur meiri hlutinn rétt að þetta sjálfstæði þingsins sé tryggt með stjórnarskrárákvæði um stjórnlagaþing og leggur því til breytingu þess efnis að ekki verði gert ráð fyrir því að frumvarp stjórnlagaþings til nýrrar stjórnarskrár fari tvisvar til Alþingis, en það gefi þó umsögn sína um það. Þetta sparar töluverðan tíma og kostnað. Þess í stað er lagt til að ávallt þurfi $^{2}/_{3}$ hluta fulltrúa stjórnlagaþings til að samþykkja frumvarpið, án tillits til afstöðu Alþingis, áður en það fari í venjulegan farveg þjóðaratkvæðagreiðslu. Jafnframt er lagt til að Alþingi setji nánari ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu enda skal það setja slíkar reglur um þjóðaratkvæði skv. 2. og 3. gr. frumvarpsins. Þessar reglur verða mjög sambærilegar, og telur meiri hlutinn eðlilegt að stjórnlagaþingið fái að einbeita sér að kjarna málsins – að semja nýja stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Meiri hlutinn leggur einnig til smávægilegar orðalagsbreytingar á frumvarpinu til leiðréttingar á texta auk þess sem lagt er til að felld verði brott sú kvöð að kosningarbærir menn þurfi að vera í landinu til að taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Búið er að tryggja möguleika manna erlendis til að kjósa og telur meiri hlutinn því tímabært að leiðrétta þetta.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir hér að framan og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 1. apríl 2009.

Valgerður Sverrisdóttir, form., frsm. | Lúðvík Bergvinsson. | Ellert B. Schram.

Guðjón A. Kristjánsson. | Atli Gíslason.

882. Breytingartillögur [385. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sérnefndar um stjórnarskrármál (VS, LB, EBS, GAK, AtlG).

1. Við 1. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Náttúruauðlindir í þjóðareign má ekki selja eða láta varanlega af hendi.
   b. 2. og 3. mgr. falla brott.
2. Við 2. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem verði 2. málsl., svohljóðandi: Slíkt frumvarp má ekki samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við fjórar umræður og skal ein vika hið minnsta líða á milli umræðna.
   b. Orðin „í landinu“ í 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. falli brott.
   c. Í stað orðsins „þremur“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: fjórum.
   d. Í stað orðsins „stjórnarskipunarlög“ í 4. málsl. 1. mgr. komi: stjórnskipunarlög.
3. Við 3. gr.
   a. Á eftir orðunum „tiltekin lög eða“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: mikilvægt.
   b. Í stað 3. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

      Alþingi skal staðfesta hvernig spurning um mikilvægt málefni skal borin fram í þjóðaratkvæðagreiðslu og að uppfyllt séu skilyrði þess að atkvæðagreiðslan fari fram.

      Nánari reglur um aðferð við öflun undirskrifta til að krefjast atkvæðagreiðslu, form spurningar sem borin er upp, málsmeðferð varðandi kröfu kjósenda og um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar skulu settar með lögum.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Við stjórnarskrána bætist nýtt ákvæði um stundarsakir, svohljóðandi:

Forseti Íslands boðar til stjórnlagaþings til að semja frumvarp að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands þar sem byggt verði áfram á lýðræðisskipan, réttarríki og vernd mannréttinda. Þingið skal koma saman 17. júní 2010 og ljúka störfum eigi síðar en 17. júní 2011 en getur ákveðið að ljúka störfum fyrr.

Stjórnlagaþing skal skipað 41 þjóðkjörnum fulltrúa og jafnmörgum til vara. Um kjörgengi og kosningu á þingið og skipulag þess skal mælt fyrir í sérstökum lögum þar sem m.a. verði settar reglur til að jafna sem mest hlutföll á milli kynjanna í hópi þingfulltrúa.

Áður en stjórnlagaþing samþykkir frumvarp að nýrri stjórnarskrá skal það sent Alþingi til umsagnar. Alþingi veitir stjórnlagaþingi umsögn sína innan þriggja mánaða. Skal stjórnlagaþing þá taka frumvarpið aftur til meðferðar. Hljóti frumvarp til stjórnskipunarlaga samþykki að minnsta kosti 2/3 hluta fulltrúa stjórnlagaþings skal það borið undir atkvæði allra kosningarbærra manna í leynilegri atkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar. Sé meiri hluti gildra atkvæða fylgjandi frumvarpinu, þó að minnsta kosti 25 af hundraði allra kjósenda á kjörskrá, skal það staðfest af forseta Íslands og er það þá gild stjórnskipunarlög.

Alþingi setur nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

883. Svar [433. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um Icesave-ábyrgðir og flýtimeðferð.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Eru til gögn í ráðuneytinu sem benda til þess að ef til vill hafi verið mögulegt að flýta því að Bretar tækju Icesave-ábyrgðirnar í breska lögsögu?

Nei, í viðskiptaráðuneytinu eru engin slík gögn.

884. Nefndarálit [394. mál]

um frv. til l. um heimild til samninga um álver í Helguvík.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðrúnu Þorleifsdóttur og Andrés Svanbjörnsson frá iðnaðarráðuneyti, Böðvar Jónsson frá Reykjanesbæ, Oddnýju Harðardóttur frá Sveitarfélaginu Garði, Kristján Gunnarsson frá Verkalýðs- og sjómannafélagi Suðurnesja, Árna Finnsson frá Náttúruverndarsamtökum Íslands, Björgólf Thorsteinsson frá Landvernd, Pál Jensson prófessor, Árna Vilhjálmsson, Ágúst Hafberg og Ragnar Guðmundsson frá

Norðuráli, og Björgu Evu Erlendsdóttur og Kristínu Guðmundsdóttur frá samtökunum Sól á Suðurlandi.

Á fund nefndarinnar komu einnig Daði Kristófersson og Sveinn Agnarsson frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Í máli þeirra kom fram að þeir væru að vinna úttekt á hagrænum áhrifum stóriðjuframkvæmda á íslenskt efnahagslíf. Markmið úttektarinnar væri að bregðast við ítrekuðum ábendingum og athugasemdum í skýrslum OECD um íslensk efnahagsmál. Þar væri m.a. bent á tímasetningar stóriðjuframkvæmda og að ekki væri tekið nægilegt tillit til hagstjórnar þegar ákvarðanir væru teknar um slíkar framkvæmdir. Að mati OECD væri nauðsynlegt að skoða þátt áls í útflutningi, mikilvægi útflutnings þess og sveifluáhrif í hagkerfinu auk þess að vega kostnað og ábata af aukinni álframleiðslu fyrir hagkerfið í heild. Í skýrslu Hagfræðistofnunar kemur fram að vel tímasettar framkvæmdir geti jafnað hagsveiflur á Íslandi en illa tímasettar framkvæmdir geti aukið þjóðhagslegan óstöðugleika. Á árunum 2009–2011 sé gott svigrúm til stórframkvæmda þar sem slaki verður í hagkerfinu á þessu tímabili að öðru óbreyttu. Sökum aukinnar þátttöku innlends verkafólks muni auknar framkvæmdir ekki valda miklum óróa á vinnumarkaði. Þá megi búast við jákvæðum áhrifum á gengi íslensku krónunnar og að auknar framkvæmdir valdi því að vextir verði hærri en ella. Þá hafi fyrri rannsóknir leitt að því líkur að sveiflujafnandi áhrif aukins álútflutnings séu lítil og jafnvel sveifluaukandi. Bent var á að í skýrslunni sé reynt að skoða þessi mál enn á ný og sérstaklega sé horft til áhrifa þess að orkufyrirtækin notast í æ ríkari mæli við áhættuvarnir hvað varðar álverð, þar sem orkuverð er beintengt við þróun álverðs. Sé það gert komi í ljós að sveiflujafnandi áhrif á útflutningsverðmæti sökum aukinnar álframleiðslu til langs tíma litið séu mun meiri en áður var talið.

Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Orkuveitu Reykjavíkur, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, ríkisskattstjóra, Samtökum iðnaðarins, Norðurorku, Einari Kjartanssyni, Landsvirkjun, Bæjarráði Reykjanesbæjar, Framtíðarlandinu, Landvernd, samtökunum Sól á Suðurlandi, Sveitarfélaginu Garði, Náttúrufræðistofnun Íslands, Sveitarfélaginu Vogum, Norðuráli hf. og verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands. Einnig bárust minnisblöð frá iðnaðarráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu.

Leitað var álits umhverfisnefndar Alþingis vegna umhverfisþátta málsins. Þá var leitað eftir áliti efnahags- og skattanefndar Alþingis á þeim þáttum frumvarpsins er lúta að skatta- og efnahagsmálum. Umsagnir nefndanna eru fylgiskjöl með áliti þessu.

Í frumvarpinu er iðnaðarráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands heimilað að gera samning við Norðurál Helguvík ehf. og eiganda þess, Century Aluminum Company, um að reisa álver í Helguvík á Reykjanesi. Áformað er að byggja álverið í fjórum 90.000 tonna áföngum og að ársframleiðsla þess verði allt að 360.000 tonn. Gert er ráð fyrir að álverið taki til starfa seinni hluta árs 2011 og að starfsmenn þess verði þá 210 en verði 540 þegar álverið er fullbyggt. Í framsöguræðu iðnaðarráðherra kom fram að áætlað er að ársverk við byggingu álversins verði um 4.300. Fjöldi starfa muni ná hámarki á árinu 2011 og verði þá 1.200–1.500 manns við störf þegar mest er en að jafnaði verði um 950 manns þar beinlínis við störf. Þá skapist í kringum framkvæmdina afleidd störf og þegar allt er talið megi áætla að 8–9.000 ársverk skapist.

Gert er ráð fyrir því að almennar reglur um skatta og önnur opinber gjöld gildi um félagið og starfsemina, með tilteknum frávikum sem eru tilgreind í frumvarpinu með tæmandi hætti. Eru þau frávik að mestu leyti sambærileg þeim sem kveðið er á um í lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, og í lögum nr. 12/2003, um heimild til

samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði. Frávik samkvæmt frumvarpi þessu eru þó nokkuð færri en þau sem lögfest voru með lögum nr. 62/1997 og nr. 12/2003.

Nefndin ræddi sérstaklega um ákvæði 4. gr. þar sem sett er fram sú aðalregla að félagið greiði alla almenna skatta og opinber gjöld hér á landi vegna álversins samkvæmt lögum sem gilda á hverjum tíma með þeim sérákvæðum sem eru tilgreind í greininni. Önnur ákvæði greinarinnar eru því tæmandi upptalning frávika frá aðalreglunni. Samkvæmt ákvæðinu er félagið sjálfstæður skattaðili, tryggt er að tekjuskattur félagsins á samningstímanum fari ekki yfir 15%, og þá gilda sérreglur um stimpilgjöld og fyrningu eigna. Einnig gilda sérreglur um útreikning fasteignaskatts og um byggingarleyfisgjald og skipulagsgjald. Þá eru veittar undanþágur frá iðnaðarmálagjaldi og markaðsgjaldi. Þá eru ýmis öryggisákvæði varðandi upptöku nýrra skatta. Að lokum er gert ráð fyrir undanþágu frá rafmagnsöryggisgjaldi. Í þessari eftirgjöf á sköttum og gjöldum felst ríkisstyrkur sem skylt er að tilkynna til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Fram hafa komið athugasemdir við það að í frumvarpinu kunni að felast ákvæði sem ganga gegn EES-samningnum og teljast ólögmætur ríkisstyrkur. Af þessu tilefni er rétt að taka fram að skylt er að tilkynna öll áform um ríkisstyrki til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Nefndin hefur fengið upplýsingar um að fjármálaráðuneytið hafi sent tilkynningu um efni frumvarpsins til ESA og að hún sé til meðferðar hjá stofnuninni en ekki liggur fyrir hvenær niðurstöðu er að vænta. Það mun því fást úr því skorið af hálfu stofnunarinnar hvort einhver ákvæði frumvarpsins ganga gegn reglum um ríkisstyrki. Verði niðurstaðan að svo sé takmarkast samningsheimildir iðnaðarráðherra við þá niðurstöðu eða þau viðmið sem stofnunin setur.

Í umfjöllun um frumvarpið hefur komið fram gagnrýni á að félagið Norðurál Helguvík ehf. njóti sérkjara varðandi skattgreiðslur sem önnur fyrirtæki í landinu eiga ekki möguleika á að njóta. Í því sambandi er einkum gagnrýnt að tekjuskattshlutfall félagsins verði ekki hærra en 15% á samningstímanum. Í frumvarpinu kemur fram að erfiðleikar við fjármögnun verkefnisins réðu úrslitum um að stjórnvöld tóku þá ákvörðun að leita eftir heimild Alþingis til að ganga til samninga við félagið um sérkjör við skattgreiðslur. Slíkur samningur er talin forsenda þess að fjármögnun verkefnisins takist. Samningurinn hefur í för með sér að auðveldara verður fyrir fyrirtækið og lánardrottna að meta rekstrarhorfur álversins fram í tímann. Samningurinn felur í sér ríkisstyrk en meiri hluti nefndarinnar telur að með tilliti til stærðar verkefnisins og áhrifa þess á atvinnulíf, þ.m.t. afleiddra starfa og kaupa álversins á vörum og þjónustu, þá sé þessi styrkur réttlætanlegur og muni ekki verða byrði á ríkissjóði.

Fyrir nefndinni komu fram athugasemdir um að félagið væri undanþegið breytingum á frádrætti vaxtakostnaðar sem kunna verða gerðar á skattalögum á samningstímanum. Í ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. er kveðið á um að félagið verði undanþegið breytingum sem kunna að verða á ákvæðum laga um tekjuskatt varðandi frádrátt vaxtakostnaðar, að teknu tilliti til meginreglna OECD um viðskipti tengdra aðila og milliverðlagningu. Í heimildarlögum vegna álvers á Grundartanga og álvers í Reyðarfirði er að finna sams konar ákvæði að því frátöldu að í þeim er ekki vikið að því að samningsheimildin takmarkist af meginreglum OECD um viðskipti tengdra aðila (e: transfer pricing). Telja verður að þessi viðbót við ákvæðið í frumvarpinu reisi skorður við því að um félagið gildi reglur um frádrátt vaxtakostnaðar sem ekki eru viðurkenndar á vettvangi OECD og að ákvæðið sé að því leyti þrengra en ákvæði vegna álveranna á Grundartanga og í Reyðarfirði.

Nefndin fjallaði sérstaklega um 8. tölul. 1. mgr. 4. gr. þar sem kveðið er á um heimildir Reykjanesbæjar og Sveitarfélagsins Garðs til að semja um fyrirkomulag við álagningu fast-

eignaskatts, þ.m.t. um stofn til álagningar í stað fasteignamats. Um er að ræða frávik frá 2. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, sem kveður á um að stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skuli vera fasteignamat þeirra. Er þetta frávik sambærilegt þeim sem kveðið er á um í lögum nr. 62/1997 og lögum nr. 12/2003. Þó er sá munur að í þeim lögum eru bæði skatthlutfall og skattstofn (viðmiðunarfjárhæð) ákvörðuð og tilgreind. Hvorki í ákvæðinu sjálfu í frumvarpinu né skýringum í greinargerð er að finna nánari afmörkun eða leiðbeiningar um það við hvað skattfjárhæðin geti miðast og heimild til samninga virðist vera án nokkurra takmarkana. Við meðferð málsins hjá nefndinni komu fram ábendingar um að í ákvæðinu væri líklega gengið of langt hvað framsal skattlagningarvalds varðar. Ábendingar komu einnig fram í umsögn meiri hluta efnahags- og skattanefndar um að skoða þyrfti samræmi umræddra samningsheimilda sveitarfélaganna við ákvæði stjórnarskrár. Þá var því einnig hreyft fyrir nefndinni að óbreytt kunni ákvæðið að brjóta í bága við 40. og 77. gr. stjórnarskrár sem báðar kveða á um að skattamálum skuli skipað með lögum. Af þeim dómum sem fjalla um þetta atriði má draga þá ályktun að heimild til framsals skattlagningarvalds verði að vera afmörkuð á þann hátt að stjórnvaldið hafi ekki algerlega frjálst mat um það hvort skattur sé lagður á og hversu hár skatturinn skuli vera. Meiri hlutinn fellst á þessi sjónarmið og leggur til breytingartillögu þar sem fram kemur bæði skatthlutfall og skattstofn.

Þá komu fram athugasemdir við það að veittar séu undanþágur frá iðnaðarmálagjaldi samkvæmt lögum um iðnaðarmálagjald, nr. 134/1993, og markaðsgjaldi samkvæmt lögum um útflutningsaðstoð, nr. 160/2002. Iðnaðarmálagjald er greitt af veltu fyrirtækja í iðnaði en markaðsgjald er lagt á gjaldstofn til greiðslu tryggingargjalds. Ljóst er að í báðum tilvikum væri um verulega háar upphæðir að ræða ef gjöldin væru lögð á félagið samkvæmt almennum reglum. Með tilliti til þess að sambærileg undanþága gildir vegna álveranna á Grundartanga og í Reyðarfirði, og þess að um markaða gjaldstofna er að ræða sem mundu leiða til verulega hárra fjárhæða í tilviki álversins, telur meiri hlutinn réttlætanlegt að heimila frávikin.

Einnig var gerð athugasemd við að félagið væri undanþegið tilteknum gjaldaákvæðum skv. 1., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Meiri hlutinn telur rétt að benda á að undanþágu frá gjaldskyldu skv. 5. tölul. 1. mgr. 14. gr. þeirra laga er ekki að finna í lögum nr. 62/1997 og nr. 12/2003 og að því leyti gengur heimildin lengra hvað álver í Helguvík varðar. Meiri hlutinn bendir á að þau rafföng sem félagið muni flytja inn og kunni að falla undir þetta ákvæði muni ekki fara á almennan markað og þar af leiðandi hafi Neytendastofa ekki eftirlit með þeim. Af þeim sökum er ekki óeðlilegt að félagið sé undanþegið gjaldtökunni.

Gerðar voru athugasemdir við það að félagið greiði ekki umhverfisgjöld eða umhverfisskatta og vísað til skuldbindinga Íslands hvað þetta varðar (European Union Emission Trading Scheme). Meiri hlutinn telur af því tilefni rétt að benda á að ekki má blanda saman umhverfissköttum/gjöldum og greiðslum fyrir losunarheimildir vegna gróðurhúsalofttegunda. Í frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að semja um að ekki verði lagðir á félagið umhverfisskattar eða gjöld umfram önnur fyrirtæki í landinu. Það leysir félagið ekki undan þeirri skyldu að afla sér nauðsynlegra losunarheimilda vegna starfseminnar. Í frumvarpinu kemur fram að úthlutunarnefnd losunarheimilda sem starfar á grundvelli laga nr. 65/2007 hefur úthlutað 539.000 losunarheimildum til starfseminnar eða sem svarar framleiðslu á 150 þúsund tonnum af áli á ári. Félagið á því eftir að afla losunarheimilda fyrir 210 þúsund tonna framleiðslu og eru ekki lögð til nein frávik eða sérreglur varðandi það atriði í frumvarpinu.

Einnig voru gerðar athugasemdir við það að fyrirliggjandi starfsleyfi og umhverfismat félagsins miðast við 250.000 tonna ársframleiðslugetu en samkvæmt frumvarpinu verður heimilt að gera fjárfestingasamning vegna álvers með 360.000 tonna framleiðslugetu. Meiri hlutinn vill árétta að frumvarpið leggur ekki til nein frávik frá reglum um umhverfismat og starfsleyfi og félagið verður að afla þeirra samkvæmt almennum reglum. Heimildir til samninga um sérreglur varðandi skatta munu þó að hámarki miðast við álver með 360.000 tonna framleiðslugetu.

Á fundi nefndarinnar kom fram hjá fulltrúum sveitarfélaga á svæðinu að nauðsynlegt væri að styðja við uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu en þar væri atvinnuleysi mest á landinu öllu eða 13,5%, alls 1.813 manns og skiptingin væri 1.034 karlar og 779 konur, samkvæmt skýrslu Vinnumálastofnunar um stöðu á vinnumarkaði í febrúar. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að gripið verði til aðgerða í atvinnumálum til að draga úr atvinnuleysi á þessu svæði. Ljóst er að uppbygging álvers í Helguvík, auk annarra afleiddra starfa, mun hafa jákvæð áhrif á efnahagslífið og atvinnuástandið í landinu bæði nú og þegar litið er til framtíðar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 8. tölul. 1. mgr. 4. gr. orðist svo: Í stað fasteignaskatts skv. II. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með áorðnum breytingum, sem og skatta eða gjalda sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar sem síðar kunna að verða lögð á til viðbótar við eða í staðinn fyrir fasteignaskatt, skal félagið greiða Reykjanesbæ og Sveitarfélaginu Garði fasteignaskatt sem skal vera 0,75% af álagningarstofni sem er 6.839.000.000 kr. vegna fyrsta áfanga álversins sem miðast við allt að 90.000 tonna grunnframleiðslugetu af áli á ári. Vegna annars áfanga bætast 3.943.000.000 kr. við álagningarstofninn, vegna þriðja áfanga 4.135.000.000 kr. og vegna fjórða áfanga 4.670.000.000 kr., en hver framangreindra áfanga miðast við viðbótargrunnframleiðslugetu allt að 90.000 tonna ársframleiðslu. Miðað er við byggingarvísitölu desember 2008 (478,8 stig). Fasteignaskattur skal lagður á og innheimtur fyrir sérhvert ár á grundvelli álagningarstofnsins svo sem hann er framreiknaður samkvæmt byggingarvísitölu desembermánaðar næstliðins árs. Hann skal lagður á í fyrsta sinn 1. janúar næsta ár eftir gangsetningu hvers áfanga fyrir sig.
2. Í stað orðanna „Alþjóðlega reikningsskilaráðinu“ í 5. gr. komi: Alþjóðareikningsskilaráðinu.

Grétar Mar Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. apríl 2009.

Katrín Júlíusdóttir, form., frsm.	Einar Már Sigurðarson.	Eygló Harðardóttir.
Björgvin G. Sigurðsson.	Herdís Þórðardóttir.	Kristján Þór Júlíusson.

Björk Guðjónsdóttir.

Fylgiskjal I.

Umsögn frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorláksson og Ingva Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti, Guðrúnu Þorleifsdóttur frá iðnaðarráðuneyti, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Oddnýju Harðardóttur frá Sveitarfélaginu Garði. Þá hefur nefndinni borist umsögn frá ríkisskattstjóra.

Efnahags- og skattanefnd fékk málið sent frá iðnaðarnefnd til umsagnar með tölvupósti dags. 17. mars 2009.

Í frumvarpinu er kveðið á um heimild iðnaðarráðherra til samningsgerðar um álver í Helguvík og tilhögun skattlagningar vegna reksturs þess. Gert er ráð fyrir að almennar skattareglur gildi um starfsemina með tilteknum frávikum sem eiga að vera tæmandi talin og að mestu sambærileg þeim sem fram koma í lögum nr. 62/1997 og nr. 12/2003. Á fundi nefndarinnar afhenti iðnaðarráðuneytið yfirlit þar sem fram kemur samanburður á heimildum til frávika samkvæmt frumvarpinu við þær sem löggjafinn samþykkti með fyrrgreindum lögum vegna álbræðslu á Grundartanga og álverksmiðju í Reyðarfirði.

Nefndin fjallaði um þann þátt frumvarpsins sem varðar skattlagningu vegna reksturs álvers í Helguvík, sbr. einkum 4. gr., og þær efnislegu ástæður sem standa til þess að veita einstökum atvinnugreinum skattaívilnanir. Komu m.a. fram athugasemdir um að ívilnanirnar þyrfti að skoða í ljósi sjónarmiða um jafna stöðu atvinnufyrirtækja, reglna EES-svæðisins um ríkisstyrki og þarfar Íslands fyrir erlenda fjárfestingu.

Nefndin ræddi sérstaklega um ákvæði a-liðar 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. þar sem fram kemur að tekjuskattur félagsins fari á samningstímanum ekki yfir 15% og ákvæði 8. tölul. sömu greinar þar sem kveðið er á um heimildir tveggja hlutaðeigandi sveitarfélaga til að semja um fyrirkomulag við álagningu fasteignaskatts.

Á fundum nefndarinnar komu fram sjónarmið um að skoða þyrfti skattaívilnanir í samhengi við tekjuþörf ríkissjóðs á næstu árum og takmarkað svigrúm Alþingis til að breyta þeim eftir samþykkt frumvarpsins. Fram komu ábendingar um að skoða þyrfti samræmi umræddra samningsheimilda sveitarfélaganna við ákvæði stjórnarskrár sem varða framsal skattlagningarvalds. Enn fremur kom fram ábending um að tilgangur 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. væri óljós.

Nefndin ræddi áhrif framkvæmdarinnar á íslenskan efnahag, einkum fyrir tekjur ríkis og sveitarfélaga og fyrir atvinnu í landinu. Nefndin ræddi mikilvægi framkvæmdarinnar fyrir atvinnustig á Suðurnesjum og suðvesturhorninu og þær jákvæðu breytingar sem það mundi hafa í för með sér. Kom fram hjá fulltrúum sveitarfélaga á svæðinu að verulega jákvæð áhrif hlytust af byggingu álversins fyrir tekjustofna sveitarfélaga, húsnæðismarkaðinn og atvinnumarkaðinn almennt með margvíslegum jákvæðum hliðaráhrifum.

Efnahagsáföllin hafa haft neikvæð áhrif á mannvirkja- og þjónustugeira og mikill slaki hefur myndast í hagkerfinu og samdráttur er fyrirsjáanlegur. Almennt má reikna með að álversframkvæmdir muni hafa jákvæð áhrif á efnahagslífið, sérstaklega atvinnu- og framleiðslustig. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að iðnaðarnefnd samþykki frumvarpið.

Gunnar Svavarsson og Ragnheiður E. Árnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.
Guðjón A. Kristjánsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur þessari umsögn.

Alþingi, 24. mars 2009.

Björgvin G. Sigurðsson, form.,
Pétur H. Blöndal,
Ellert B. Schram,
Ólöf Nordal,
Helga Sigrún Harðardóttir.

Fylgiskjal II.

Umsögn frá minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Með lagafrumvarpi þessu, um heimild til samninga um álver í Helguvík, er í veigamiklum atriðum vikið frá almennum lögum og reglum á sviði skattamála. Í nokkrum tilvikum er um að ræða sambærileg frávik og í lögum um álbræðslu á Grundartanga og í Reyðarfirði en í öðrum er gengið lengra. Minni hlutinn gerir m.a. eftirfarandi athugasemdir:

1. Samningurinn gerir ráð fyrir að félagið greiði aldrei hærri tekjuskatt en 15% og skiptir þá engu þótt tekjuskattshlutfall annarra lögaðila, þ.m.t. annarra álverksmiðja, muni almennt hækka á gildistíma ákvæðisins. Mismunun af þessu tagi kann að fara í bága við EES-samninginn og teljast ólögmætur ríkisstyrkur. Ekki hefur fengist úr því álitaefni skorið.
2. Samningur um álver í Reyðarfirði gefur svigrúm fyrir 18% tekjuskatt og því er hér gengið enn lengra í sérstökum skattalegum undanþágum álfyrirtækja.
3. Frumvarpið gerir ráð fyrir að félagið verði einnig undanþegið breytingum á frádrætti vaxtakostnaðar sem kunna að verða gerðar á skattalögum á samningstímanum. Engin skýring hefur verið gefin á nauðsyn þessa ákvæðis eða hvaða þýðingu það hefur. Svo virðist sem ákvæði þessu sé stefnt gegn hugsanlegum breytingum á skattalögum sem hafa það að markmiði að koma í veg fyrir undanskot eða skattasniðgöngu.
4. Með samningum sem þessum afsala stjórnvöld sér í reynd valdinu til að skipa skattamálum til erlendra aðila.

Almennt hlýtur að teljast mikilvægt að fyrirtæki búi við sambærilegt skattumhverfi og ekki sé komið á mismun.

Minni hlutinn getur ekki staðið að þeirri skattalegu sérmeðferð sem ætlað er að veita álveri í Helguvík og leggur til við iðnaðarnefnd að hún leggist gegn samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 24. mars 2009.

Árni Þór Sigurðsson,
Jón Bjarnason.

Fylgiskjal III.

Umsögn frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Hinn 17. mars 2009 barst umhverfisnefnd erindi iðnaðarnefndar þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um heimild til samninga um álver í Helguvík, 394. mál.

Í frumvarpinu er kveðið á um heimild iðnaðarráðherra til samningsgerðar um álver í Helguvík. Nefndin hefur eingöngu fjallað um þá þætti málsins sem snúa að umhverfisþætti hans og þar með málefnasviði nefndarinnar. Meiri hlutinn vekur athygli á því að þar með snýr umsögnin ekki að einstökum greinum frumvarpsins heldur umhverfisþáttum tengdum álveri í Helguvík.

Fyrir liggur að Skipulagsstofnun hefur skilað áliti um mat á umhverfisáhrifum og er helsta niðurstaða stofnunarinnar sú að fyrirhugað álver í Helguvík muni ekki valda neikvæðum og óafturkræfum áhrifum á umhverfi eða samfélag. Stofnunin bendir þó réttilega á að matið snýr eingöngu að umhverfisáhrifum af fyrirhuguðu álveri en ekki tengdum framkvæmdum. Þá eigi þeir virkjunarkostir sem orkuveitendur álversins hyggjast nýta eftir að fara í umhverfismat.

Þrátt fyrir niðurstöðu Skipulagsstofnunar verður af álverinu loftmengun af brennisteinstvíoxíði, flúoríði, PAH og svifryki. Niðurstaða líkanreikninga er þó að styrkur efnanna í andrúmslofti vegna útblásturs frá álverinu verði innan umhverfismarka og viðmiðana sem sett hafa verið á Íslandi og í Evrópusambandinu. Þó megi gera ráð fyrir breytingum á gróðri og undirstrikar Skipulagsstofnun í matsskýrslu sinni mikilvægi vöktunar með tilliti til áhrifa á gróður og dýralíf. Tekur meiri hlutinn undir þessi viðhorf og áréttar mikilvægi umhverfisvöktunar. Nánar er kveðið á um skyldur rekstraraðila til umhverfisvöktunar í 5. kafla starfsleyfis sem Umhverfisstofnun hefur gefið út.

Í umhverfismati Skipulagsstofnunar kemur skýrt fram að álver í Helguvík muni hafa verulega neikvæð áhrif vegna losunar gróðurhúsalofttegunda enda reiknast losunin um 13% af heildarlosun Íslendinga viðmiðunarár Kyoto-bókunarinnar 1990. Álverið hefur nú fengið úthlutað 539 þúsund losunarheimildum frá úthlutunarnefnd losunarheimilda sem jafngildir 150 þúsund tonnum áls á ári. Í ákvæði frumvarpsins sem lýtur að skattlagningu er m.a. lagt til að í fjárfestingarsamningi verði heimilt að kveða á um að ekki skuli lögð á reksturinn umhverfisgjöld eða umhverfisskattar umfram það sem önnur sambærileg fyrirtæki á Íslandi kunni að bera. Jafnframt skuli ekki leggja skatta eða gjöld á útblástur lofttegunda eða aðra losun úrgangsefna nema slíkt sé jafnframt lagt með almennum hætti á öll önnur íslensk fyrirtæki. Með hliðsjón af jafnræðissjónarmiðum er þetta eðlilegt en getur þó ekki hindrað álagningu skatta eða gjalda sem gerð er með almennum hætti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir samningi um álver sem anni framleiðslu á allt að 360 þúsund tonnum á ári en einungis hefur verið úthlutað losunarheimildum fyrir allt að 150 þúsund tonn á ári. Þá er starfsleyfi Umhverfisstofnunar vegna álversins gefið út vegna reksturs álvers í Helguvík með allt að 250 þúsund tonna ársframleiðslugetu á áli og er gildistími þess til ársloka 2024. Bæði losunarheimildir og starfsleyfi gera því ráð fyrir minni ársframleiðslu en áætlaðri framleiðslugetu álversins samkvæmt þeim samningi sem í frumvarpinu er lagt til að heimilað verði að gera. Umhverfismat Skipulagsstofnunar byggist jafnframt á álveri með sömu framleiðslugetu og getið er í starfsleyfi, þ.e. 110 þúsund tonnum minni en framleiðslugetu samkvæmt samningi. Meiri hlutinn vekur athygli á þessu misræmi.

Kristinn H. Gunnarsson og Karl V. Matthíasson voru fjarverandi við afgreiðslu umsagnarinnar.

Katrín Júlíusdóttir skrifar undir álit þetta með fyrirvara vegna setu í iðnaðarnefnd.

Alþingi, 31. mars 2009.

Helgi Hjörvar, form.,
Katrín Júlíusdóttir, með fyrirvara,
Eygló Harðardóttir,
Árni M. Mathiesen,
Jón Gunnarsson,
Kjartan Ólafsson.

Fylgiskjal IV.

Umsögn frá minni hluta umhverfisnefndar.

Í frumvarpinu er kveðið á um heimild iðnaðarráðherra til samningsgerðar um álver í Helguvík. Minni hlutinn fellst ekki á álit meiri hluta umhverfisnefndar um málið. Í umsögn hans segir m.a. „Þrátt fyrir niðurstöðu Skipulagsstofnunar verður af álverinu loftmengun af brennisteinstvíoxíði, flúoríði, PAH og svifryki. Niðurstaða líkanreikninga er þó að styrkur efnanna í andrúmslofti vegna útblásturs frá álverinu verði innan umhverfismarka og viðmiðana sem sett hafa verið á Íslandi og í Evrópusambandinu. Þó megi gera ráð fyrir breytingum á gróðri og undirstrikar Skipulagsstofnun í matsskýrslu sinni mikilvægi vöktunar með tilliti til áhrifa á gróður og dýralíf. Tekur meiri hlutinn undir þessi viðhorf og áréttar mikilvægi umhverfisvöktunar. Nánar er kveðið á um skyldur rekstraraðila til umhverfisvöktunar í 5. kafla starfsleyfis sem Umhverfisstofnun hefur gefið út.“

Enn fremur segir: „Í frumvarpinu er gert ráð fyrir samningi um álver sem anni framleiðslu á allt að 360 þúsund tonnum á ári en einungis hefur verið úthlutað losunarheimildum fyrir allt að 150 þúsund tonn á ári. Þá er starfsleyfi Umhverfisstofnunar vegna álversins gefið út vegna rekstur álvers í Helguvík með allt að 250 þúsund tonna ársframleiðslugetu á áli og er gildistími þess til ársloka 2024. Bæði losunarheimildir og starfsleyfi gera því ráð fyrir minni ársframleiðslu en áætlaðri framleiðslugetu álversins samkvæmt þeim samningi sem í frumvarpinu er lagt til að heimilað verði að gera. Umhverfismat Skipulagsstofnunar byggist jafnframt á álveri með sömu framleiðslugetu og getið er í starfsleyfi, þ.e. 110 þúsund tonnum minni en framleiðslugetu samkvæmt samningi. Meiri hlutinn vekur athygli á þessu misræmi.“

Minni hlutinn vekur athygli á því að tengdar framkvæmdir hafa ekki verið metnar umhverfismati. Arðsemisútreikningar og spár um þjóðhagsleg áhrif framkvæmdir, þar á meðal um fjölda nýrra starfa, byggjast á forsendum sem ekki fást staðist, samanber framanritað. Þá liggur orkuverð ekki fyrir né heldur niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA um þann ríkisstyrk sem felst í samningnum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir verulegum undanþágum frá lögum fyrir Century Aluminum Company, sérstaklega hvað skattlagningu varðar. Minni hlutinn

dregur stórlega í efa að slíkir samningar samrýmist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar gagnvart öðrum atvinnurekstri í landinu, svo sem landbúnaði og sjávarútvegi. Til að mynda er ljóst að garðyrkjubændur sitja ekki við sama borð þótt þeir séu stórnotendur orku og stundi vistvæna starfsemi. Enn fremur má ljóst vera að afar lágt orkuverð til mengandi stóriðju hefur leitt og mun leiða til verulega hærra orkuverðs til annarra raforkunotenda. Mismunar það jafnframt rekstri út frá samkeppnissjónarmiðum. Sérstaklega er þetta ámælisvert gagnvart garðyrkjubændum sem hafa nýlega mátt þola skerðingu á umsömdum niðurgreiðslum ríkisins á raforkuverði. Það blasir jafnframt við að hér er verið að ráðstafa mikilli orku til álvers, sem eins og að framan segir mun menga mjög verulega, raforku sem ella væri unnt að nýta til orkusparnaðar í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði og til framleiðslu umhverfisvænna orkugjafa eins og vetnis. Okkur ber samkvæmt alþjóðasamningum að stuðla að þróun í átt til orkusparnaðar og nýtingar vistvænna orkugjafa á Íslandi. Helguvíkursamningurinn kemur í veg fyrir að unnt sé að vinna að þeim markmiðum og álverið í Helguvík mun valda verulegri losun gróðurhúsalofttegunda sem nemur 13% af heildarlosun Íslendinga á viðmiðunarári Kyoto-bókunarinnar, 1990. Minni hlutinn telur vandséð hvernig Ísland getur uppfyllt alþjóðlegar samningsskuldbindingar og þann staðfasta vilja alþjóðasamfélagsins að minnka losun gróðurhúsalofttegunda um a.m.k. 50% fyrir árið 2050. Með Helguvíkursamningnum er þessum markmiðum kollvarpað að mati minni hlutans.

Um frekari rök fyrir áliti minni hlutans er vísað til meðfylgjandi kafla úr stefnuskjali Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, ritinu Græn framtíð, þ.e. kafla sem bera heitin Orkustefna og orkunýting, Loftslagsmál, Mengun og Sjálfbær neysla og framleiðsla. Enn fremur er vísað til meðfylgjandi kafla úr nýlegu skjali um áherslur og tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í sjávarútvegsmálum.

Með hliðsjón af framansögðu leggst minni hlutinn gegn því að frumvarpið verði samþykkt og krefst þess að iðnaðarnefnd fari vandlega í saumana á því misræmi sem lýst er í umsögn þessari, samanber einnig umsögn meiri hluta umhverfisnefndar. Jafnframt krefst minni hlutinn þess að iðnaðarnefnd fái upplýsingar um raforkuverð til álversins, nýja arðsemisútreikninga og upplýsingar um þjóðhagsleg áhrif, þar á meðal áhrif á raforkuverð til annarra orkukaupenda.

Alþingi, 31. mars 2009.

Atli Gíslason.

Með umsögn minni hluta umhverfisnefndar voru eftirtalin fylgiskjöl:

1. Græn framtíð. Úr riti Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um sjálfbæra þróun.
2. Hafið bláa hafið. Kaflar úr áherslum og tillögum vinstri grænna í sjávarútvegsmálum á landsfundi 2009.

885. Nefndarálit [342. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið sem hefur verið endurflutt nokkrum sinnum. Málið var síðast sent til umsagnar á 135. löggjafarþingi og voru umsagnir um málið jákvæðar.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 206. gr. almennra hegningarlaga með það að markmiði að gera refsivert að kaupa vændi eða heita öðrum ávinningi fyrir vændi. Jafnframt er lagt til að það verði gert refsivert að greiða fyrir vændi barns yngra en 18 ára eða heita öðrum greiðslu eða öðrum ávinningi fyrir vændi barns.

Markmiðið með frumvarpinu er að gera kaup á vændi almennt refsiverð og sporna með því við sölu á kynlífi. Með þessu er ábyrgðin á viðskiptunum færð til kaupandans þar sem mikill aðstöðumunur er á kaupanda og seljanda sem er iðulega knúinn áfram af einhvers konar neyð.

Á fundum nefndarinnar kom fram að í 202. gr. almennra hegningarlaga og í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er fjallað efnislega um það sama, þ.e. um refsinæmi þess að greiða barni undir 18 ára endurgjald fyrir samræði eða önnur kynferðismök. Ákvæði frumvarpsins gengur þó lengra þar sem það nær einnig til þess þegar þriðja aðila er greitt fyrir slíkt. Meiri hlutinn telur að þegar litið er til efnis greinanna að öðru leyti, þ.e. í 202. gr. eru ákvæði um kynferðisbrot gegn börnum en 206. gr. er almennt ákvæði um vændi, þá séu ákvæði frumvarpsins eðlileg viðbót við þá síðarnefndu og leggur því til að 4. mgr. 202. gr. falli brott þar sem hún verður óþörf.

Meiri hlutinn leggur einnig til breytingar á orðalagi í greinum frumvarpsins til samræmis við orðalag almennra hegningarlaga.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 1. apríl 2009.

Árni Páll Árnason, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Ágúst Ólafur Ágústsson.
Árni Þór Sigurðsson.		Siv Friðleifsdóttir.

886. Breytingartillögur [342. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (ÁPÁ, ÁI, ÁÓÁ, ÁÞS, SF).

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   4. mgr. 202. gr. laganna fellur brott.
2. Efnismálsgreinar 1. gr. orðist svo:
   Hver sem greiðir eða heitir greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.
   Hver sem greiðir eða heitir greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi barns undir 18 ára aldri skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

887. Breytingartillaga [123. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 110/2000, um lífsýnasöfn, með síðari breytingum.

Frá Þuríði Backman.

Við 5. gr. bætist nýr liður er verði a-liður, svohljóðandi: Í stað orðanna „og 4. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 4. og 5. mgr.

888. Frumvarp til laga [465. mál]

um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Á eftir 23. gr. laganna kemur ný grein, 23. gr. a, sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Meðábyrgð starfsmanns vegna líkamstjóns í vinnuslysum.

Nú verður starfsmaður fyrir líkamstjóni í starfi sínu og skerðist þá ekki réttur hans til skaðabóta vegna meðábyrgðar nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð.

Ef starfsmaður sem 1. mgr. tekur til deyr af völdum tjónsatburðar skulu bætur sem greiðast þeim er misst hafa framfæranda ekki skerðast vegna meðábyrgðar hins látna, nema hann hafi átt þátt í dauða sínum af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til tjónsatvika sem verða eftir gildistöku laganna.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Staða starfsmanna í skaðabótaréttarlegu tilliti hefur breyst nokkuð á síðustu áratugum. Almennt má segja að þær breytingar hafi falist í því að takmarka ábyrgð þeirra á því tjóni sem þeir hafa valdið í starfi sínu. Breytingar þessar voru staðfestar með gildistöku skaðabótalaga, en í 23. gr. þeirra eru mikilvægar reglur sem lúta að skaðabótaábyrgð starfsmanna. Annars vegar lúta þessar reglur að því að skaðabótaábyrgð starfsmanns, sem valdið hefur tjóni í starfi og vinnuveitandi hans ber einnig ábyrgð á, sætir takmörkunum. Hins vegar að því að skaðabótaábyrgð starfsmanns, sem valdið hefur vinnuveitanda sínum tjóni í starfi sínu, sætir takmörkunum.

Í fyrrnefndu tilvikunum hefur meginreglan verið sú að starfsmaður sem valdið hefur tjóni í starfi sínu með saknæmum og ólögmætum hætti, og þar með bakað vinnuveitanda sínum skaðabótaábyrgð á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð (húsbóndaábyrgð), hefur einnig borið sjálfur fulla ábyrgð á tjóninu. Þótt finna megi ýmis dæmi úr dómaframkvæmd hérlendis þar sem tjónþoli lætur reyna á þessa skaðabótaábyrgð starfsmannsins eru þau fá og tengjast fyrst og fremst tilvikum þar sem greiðslugeta vinnuveitandans er vafasöm eða aðrar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Má sem dæmi um þetta nefna dóma Hæstaréttar í Hrd. 1985, bls. 1137, og Hrd. 1998, bls. 3664. Aukin útbreiðsla frjálsra ábyrgðartrygginga í atvinnurekstri hér á landi hefur treyst þessa þróun, þar sem raunverulegur greiðandi skaðabótanna er vátryggingafélag það sem veitti vinnuveitanda ábyrgðartrygginguna. Í 2. mgr. 23. gr. skaðabótalaga er mælt fyrir um takmörkun á ábyrgð starfsmanns á þeirri skaðabótaábyrgð sem hann sjálfur ber ásamt vinnuveitanda sínum samkvæmt reglunni um vinnuveitandaábyrgð. Þar segir að skaðabótaábyrgð starfsmanns gagnvart tjónþola megi skerða eða fella niður ef það verður talið sanngjarnt þegar litið er til sakar starfsmannsins, stöðu hans og atvika að öðru leyti. Í þessari reglu felst að dómstólar geta á grundvelli sanngirnissjónarmiða takmarkað eða fellt niður skaðabótaábyrgð sem starfsmaðurinn ber persónulega gagnvart tjónþola. Hafi starfsmaðurinn greitt tjónþola skaðabætur, t.d. vegna þess að tjónþolinn hefur beint kröfu sinni þar um að honum, er starfsmanni heimilt að krefja vinnuveitanda sinn um það sem hann hefur greitt. Í því tilviki ræðst endurkröfuréttur starfsmannsins af sams konar sanngirnismati og áður er getið. Þótt ekki sé unnt að draga um þetta ályktanir af dómaframkvæmd verður að ætla að niðurstaða þess sanngirnismats yrði oftast á þann veg að skaðabótaábyrgð starfsmannsins yrði að minnsta kosti látin sæta takmörkunum.

Í 1. mgr. 23. gr. skaðabótalaga er að finna reglu sem á að veita starfsmanni, sem valdið hefur tjóni er vinnuveitandi ber einnig skaðabótaábyrgð á samkvæmt reglunni um vinnuveitandaábyrgð, sams konar vernd gegn endurkröfu af hálfu vinnuveitandans. Vinnuveitandi getur með öðrum orðum ekki krafið starfsmann um þær bætur sem vinnuveitandinn hefur greitt til tjónþola, nema að því marki sem sanngjarnt væri að starfsmaðurinn yrði látinn bera slíka ábyrgð með hliðsjón af sök hans, stöðu og öðrum atvikum.

Í síðarnefndu tilvikunum mælir 3. mgr. 23. gr. skaðabótalaga fyrir um takmarkanir á rétti vinnuveitanda til þess að krefja starfsmann sinn um skaðabætur vegna tjóns sem starfsmaðurinn hefur valdið honum í starfi. Það tjón getur verið margs konar, t.d. munatjón sem starfsmaður veldur, skemmdir á tækjum, vörulager, tjón vegna vanefnda á samningum sem starfsmaður á að sjá um að efna o.fl. Vinnuveitandi getur ekki krafið starfsmanninn um

skaðabætur vegna þessa tjóns, nema sanngirnismat sem fram fer eins og lýst er að framan, leiði til þeirrar niðurstöðu.

Af framangreindu má sjá að skaðabótaábyrgð starfsmanns vegna tjóns, sem hann veldur í starfi sínu, sætir verulegum takmörkunum skv. 23. gr. skaðabótalaga. Þess ber svo enn að geta að ákvæði 3. mgr. 19. gr. laganna styrkir enn stöðu starfsmannsins að þessu leyti. Þar segir að ef starfsmaður hefur valdið tjóni sem munatrygging, rekstrarstöðvunartrygging eða ábyrgðartrygging vinnuveitanda hans tekur til sé starfsmaðurinn ekki skaðabótaskyldur nema tjónið verði rakið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis. Þegar tekið er tillit til útbreiðslu slíkra vátrygginga í atvinnurekstri á Íslandi má ljóst vera að þessi regla hefur mikla hagnýta þýðingu. Í henni felst meðal annars að ef starfsmaður veldur tjónsatburði af almennu gáleysi og samstarfsmaður hans verður fyrir líkamstjóni vegna tjónsatburðar, þá verður starfsmaðurinn ekki látinn sæta skaðabótaábyrgð nema hann hafi valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Það að hann olli tjónsatburði af almennu gáleysi fellir skaðabótaábyrgð á vinnuveitanda hans og þar með kemur til greiðslu úr ábyrgðartryggingu vinnuveitandans.

2. Staða starfsmanns sem verður sjálfur fyrir líkamstjóni í starfi sínu.

Niðurstaða umfjöllunarinnar að framan er sú að starfsmaður, sem veldur því við framkvæmd starfa síns að samstarfsmaður hans verður fyrir líkamstjóni, sætir samkvæmt framansögðu ekki skaðabótaábyrgð á líkamstjóninu nema hann hafi valdið tjónsatburði af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Það er vinnuveitandinn sem ber skaðabótaábyrgðina á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Þessi staða miðar við að vinnuveitandi hans hafi haft ábyrgðartryggingu, eins og flestir gera sem stunda atvinnurekstur. Ef vinnuveitandinn hefur ekki slíka ábyrgðartryggingu ber starfsmaður sá er tjóni olli aðeins skaðabótaábyrgð að því marki sem það telst sanngjarnt með hliðsjón af sök hans, stöðu og öðrum atvikum.

Þótt framangreindar reglur og sú þróun sem þær staðfesta hafi létt af starfsmanni þeirri áhættu sem hann ber á því að verða skaðabótaskyldur á tjóni, sem hann veldur við framkvæmd starfa síns í þágu vinnuveitanda, er starfsmaður þó enn berskjaldaður ef hann verður sjálfur fyrir líkamstjóni í starfi sem hann kann að bera einhverja ábyrgð á sjálfur. Réttarþróun á Íslandi hefur ekki gengið í þá átt að létta þessari áhættu af starfsmanni. Er hennar þó brýn þörf, því að starfsmaður sem verður fyrir líkamstjóni sem hefur varanlegar afleiðingar, t.d. umtalsverða starfsorkuskerðingu til frambúðar fyrir hann, er illa í stakk búinn til að bera sjálfur ábyrgð á tjóni sínu þannig að bætur til hans verði lækkaðar. Meginregla sú, sem í gildi er, miðar við að starfsmaður sem er meðábyrgur fyrir tjóni sínu þurfi að sæta skerðingu á skaðabótarétti til samræmis við meðábyrgðina. Enginn áskilnaður er um að það þurfi að vera sanngjarnt að starfsmaðurinn beri slíka ábyrgð, eða að hann þurfi að hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða ásetning, heldur nægir almennt gáleysi. Nýleg dæmi úr dómaframkvæmd, valin af handahófi, þar sem starfsmaður hefur með almennu gáleysi orðið meðábyrgur fyrir líkamstjóni sínu, sem haft hefur varanlegar afleiðingar, er að finna í Hrd. 2005, bls. 708, Hrd. 15. febrúar 2007, mál nr. 370/2006, og Hrd. 14. febrúar 2008, mál nr. 252/2007. Er árlega dæmt í nokkrum fjölda mála þar sem niðurstaðan er á þennan veg. Sem fyrr segir er þessi meðábyrgð tjónþola í vinnuslysum þeim oft afar þungbær, einkum í þeim tilvikum þegar slysið hefur í för með sér umtalsverðar varanlegar afleiðingar t.d. verulega starfsorkuskerðingu.

3. Meðábyrgð í líkamstjónum sætir oft sérstakri meðferð í lögum.

Í ýmsum tilvikum hefur löggjafinn talið rök fyrir því að láta þann, sem verður fyrir líkamstjóni, sem hann er að einhverju leyti meðvaldur að, ekki bera meðábyrgð á tjóni sínu, nema hann hafi sýnt af sér ásetning eða stórkostlegt gáleysi. Má sem dæmi nefna 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, en samkvæmt því ákvæði verður sá sem hlýtur líkamstjón vegna notkunar skráningarskylds, vélknúins ökutækis, ekki látinn bera meðábyrgð á tjóni sínu, nema hann hafi verið meðvaldur að því af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Sama regla gildir ef tjónþolinn deyr, þá þurfa þeir sem rétt eiga til bóta vegna missis framfæranda ekki að sæta skerðingu á bótarétti sínum, nema hinn látni hafi verið meðvaldur að slysinu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Sama regla gildir, reyndar samkvæmt vátryggingarskilmálum um slysatryggingu ökumanns, um ökumann sem slasast vegna notkunar eigin ökutækis eða ef hann slasast sem farþegi í eigin ökutæki. Einnig má nefna að skv. 6. gr. laga um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000, er sjúklingur sem verður fyrir líkamstjóni og á bótarétt samkvæmt lögunum ekki látinn bera meðábyrgð á tjóni sínu, nema hann sé meðvaldur að því af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Loks skal þess getið að staða sjómanna, sem verða fyrir líkamstjóni þegar þeir eru staddir um borð í skipi eða vinna í beinum tengslum við rekstur þess, er betri en annarra launþega að því er snertir meðábyrgð þeirra í vinnuslysum. Segir í niðurlagi 1. mgr. 172. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, að lækka megi fébætur vegna lífs- eða líkamstjóns eða láta þær niður falla ef sá sem fyrir slysi eða tjóni varð „sýndi vítavert kæruleysi“ sem leiddi til slyssins eða tjónsins. Í þessu felst a.m.k. að sjómaður sem er meðvaldur að tjóni sínu, einungis af almennu gáleysi, verður ekki látinn vera meðábyrgur fyrir því. Er reyndar ekki ljóst hve mikið gáleysi hans þarf að vera til að teljast „vítavert kæruleysi“ en það hlýtur að þurfa að vera mikið, e.t.v. jaðra við ásetning.

4. Ábyrgð vinnuveitanda á vinnuumhverfi og framkvæmd starfs.

Íslensk löggjöf miðar við að það sé vinnuveitandi sem ábyrgð ber á því að ákvæði laga og stjórnvaldsreglna sem lúta að vinnustaðnum og vinnuumhverfi í víðasta skilningi, þar með talið reglur sem lúta að öryggi starfsmanna, séu í heiðri hafðar. Hér er einkum um að ræða lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, og stjórnvaldsreglur sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga. Um störf um borð í skipum gilda lög um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, og stjórnvaldsreglur settar samkvæmt þeim og um störf um borð í loftförum gilda loftferðalög, nr. 60/1988, og stjórnvaldsreglur settar samkvæmt þeim.

Þá fela lög og reglur á sviði vinnuréttar í sér að það er vinnuveitandinn sem ræður skipulagi og framkvæmd starfa innan fyrirtækis hans. Um það hefur starfsmaður lítið að segja, enda er hann undir boðvaldi vinnuveitanda síns og óhlýðni við boð og bönn vinnuveitanda, m.a. fyrirmæli um framkvæmd starfans, getur talist vanefnd á ráðningarsamningi af hálfu starfsmannsins og heimilað vinnuveitanda hans að grípa til úrræða gegn starfsmanni.

Þær lagaskyldur sem á starfsmanni hvíla og lúta að vinnuumhverfi hans er einkum að finna í 24.–28. gr. áðurnefndra laga nr. 46/1980. Þar er mælt fyrir um að starfsmönnum sé skylt að taka þátt í samstarfi sem miðar að auknu öryggi, betri aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustað. Þeir skulu einnig stuðla að því að starfsskilyrði innan verksviðs þeirra séu fullnægjandi, m.a. að því er varðar öryggi, og stuðla að því að ráðstöfunum sem ætlað er að auka öryggi sé framfylgt. Þá er starfsmanni sem verður var við ágalla eða vanbúnað, sem leitt gæti til skerts öryggis eða lakari aðbúnaðar eða hollustuhátta, sem hann getur sjálfur ekki bætt úr, skylt að tilkynna það umsvifalaust öryggisverði, öryggistrúnaðarmanni, verkstjóra eða vinnu-

veitanda. Á starfsmanni sem fjarlægir öryggishlífar eða þess háttar vegna viðgerða eða niðursetningar á tæki eða vél hvílir skylda til að koma þessum öryggisbúnaði í samt lag aftur eða gera jafngildar ráðstafanir.

Samantekið má ljóst vera að þótt starfsmenn séu ekki undanþegnir því að leggja sitt af mörkum til þess að tryggja öryggi, aðbúnað og góða hollustuhætti á vinnustað, þá hvílir meginábyrgðin á öruggu vinnuumhvefi á vinnuveitanda þeirra, sem auk þess ræður því hvernig starfsmaðurinn á að framkvæma starfann.

5. Staðan í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Danmörk

Réttur starfsmanna til bóta vegna vinnuslysa í Danmörku ræðst af ákvæðum laga um atvinnuslysatryggingar (lov om arbejdsskadesikring nr. 422 af 10. juni 2003) sem tóku gildi 1. janúar 2004. Þessi lög mæla fyrir um ríkan rétt launþega til bóta fyrir líkamstjón, sem þeir verða fyrir í starfi sínu. Í 14. gr. þeirra er ákvæði um meðábyrgð tjónþolans (starfsmannsins), en skilyrði meðábyrgðar er að starfsmaðurinn hafi verið meðvaldur af tjóni sínu af ásetningi eða með ólögmætri háttsemi („forsætlig eller ved retsstridig handling eller undladelse fremkaldt eller væsentlig bidraget til arbejdsskadens indtræden“). Af skýringum á þessu ákvæði verður ráðið að almennt gáleysi starfsmanns dugir ekki til þess að hann verði látinn bera meðábyrgð á líkamstjóni sínu (sjá Friis & Behn, Arbejdsskadesikringsloven, kommentarudgave ved Mikael Kielberg, 2004, bls. 392).

Noregur

Í Noregi gilda um rétt starfsmanna til bóta vegna vinnuslysa lög um atvinnuslysatryggingar (lov om yrkeskadeforsikring nr. 65 frá 16. júní 1989). Fjárhæðir bóta samkvæmt þeim lögum eru ákveðnar eftir reglum skaðabótalaga, sbr. 13. gr. þeirra. Í 14. gr. er ákvæði um meðábyrgð starfsmanns sem átt hefur þátt í að tjónsatburður varð. Þar er kveðið á um að til slíkrar meðábyrgðar komi aðeins ef starfsmaðurinn hefur orðið meðvaldur að tjóni sínu af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi. „Erstatningen kan settes ned eller falle bort dersom arbeidstakeren forsettlig eller grovt uaktsom har medvirket til skaden. Dette skal likevel ikke innskrenke etterlattes rett til erstatning. Skadeerstatningsloven § 5-1 gjelder tilsvarende så langt den passer.“

Svíþjóð

Í 6. kafla gr. 1 í sænsku skaðabótalögunum (skadeståndslagen nr. 207/1972) er ákvæði sem kveður á um þá almennu reglu, að til skerðingar á skaðabótarétti vegna líkamstjóns komi ekki, nema tjónþoli hafi verið meðvaldur að tjóninu af ásetningi eðs stórkostlegu gáleysi. „Skadestånd med anledning av personskada kan jämkas, om den skadelidande själv uppsåtligen eller genom grov vårdslöshet har medverkat till skadan.“

6. Tillögur í frumvarpinu.

Í ljósi framanritaðs má fullyrða að það er tímabært að leggja til að gerð verði breyting á lögum sem ætlað er að treysta stöðu starfsmanna sem lenda í líkamstjóni í starfi sínu, sem að einhverju leyti verði rakið til háttsemi þeirra sjálfra. Tillaga um slíka breytingu er í samræmi við réttarþróun undanfarna áratugi á reglum sem snerta skaðabótaábyrgð starfsmanns. Tillagan er einnig í samræmi við ýmsar mikilvægar reglur um rétt til óskertra bóta fyrir líkamstjón, nema þegar tjóni er valdið af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi. Loks er til-

lagan í góðu samræmi við gildandi reglur á þessu sviði í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Er því lagt til að sett verði regla, sem felur í sér viðbót við 23. gr. skaðabótalaga, og mælir fyrir um að ef starfsmaður verður fyrir líkamstjóni í starfi skuli hann eiga rétt til fullra bóta fyrir tjón sitt, samkvæmt skaðabótalögum, nema hann hafi verið meðvaldur að tjóni sínu af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi. Þegar svo háttar til þarf að meta hve stórkostlegt gáleysið er og ákvarða skerðingu bóta í samræmi við það. Í því felst að jafnvel stórkostlegt gáleysi veldur ekki niðurfellingu bótaréttar starfsmannsins, heldur getur það valdið skerðingu hans. Lagt er til að sama regla gildi ef starfsmaður deyr vegna tjónsatviks, þ.e. þeir sem eiga rétt til bóta vegna missis framfæranda þurfa ekki að sæta skerðingu á þeim rétti, nema hinn látni hafi orðið meðvaldur að tjóni sínu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og rakið hefur verið er lagt til í þessari grein að því aðeins komi til skerðingar á rétti starfsmanns til skaðabóta vegna líkamstjóns, sem hann hefur orðið fyrir í starfi sínu, að hann hafi verið meðvaldur að tjóninu með háttsemi sem talin verður stórkostlegt gáleysi eða ásetningur. Í þeim tilvikum er unnt að skerða rétt starfsmannsins til skaðabóta, eða fella hann niður í alvarlegri tilvikum.

Í 1. mgr. er lagt til að lögfest verði almenn regla um meðábyrgð starfsmanns, sem verður fyrir líkamstjóni, eins og lýst hefur verið.

Í þessari málsgrein er notað orðið starfsmaður. Ástæða þess er sú að í langflestum tilvikum er um að ræða starfsmenn (launþega) sem slasast í starfi sínu. Á hinn bóginn er ljóst að reglan um vinnuveitandaábyrgð er rýmri en svo að hún taki eingöngu til starfsmanna í venjulegri merkingu þess orðs. Er litið svo á að reglan taki einnig til þeirra sem sinna viðvikum fyrir aðra, með svipuðum hætti og starfsmenn gera eða mundu gera, en teljast þó ekki starfsmenn, eru t.d. ekki launaðir. Talið hefur verið eðlilegt að reglan um vinnuveitandaábyrgð tæki einnig til slíkra manna og þeir nytu verndar hennar. Er eðlilegt að árétta að þeirri tillögu sem gerð er í þessari málsgrein er einnig ætlað að taka til meðábyrgðar manna í þessari stöðu. Þess vegna er ekki rétt að skýra orðið starfsmaður samkvæmt orðanna hljóðan, heldur ber að leggja í það rýmri skilning, allt í samræmi við þróun reglunnar um vinnuveitandaábyrgð á hverjum tíma.

Með sama hætti er vakin athygli á því að þótt notuð séu orðin „í starfi“ þá hefur reglunni um vinnuveitandaábyrgð verið beitt í fleiri tilvikum en þeim þar sem starfsmaðurinn er beinlínis í starfi sínu. Má t.d. nefna að undir regluna féllu líkamstjón þar sem starfsmaður væri að boði vinnuveitanda síns að erindast utan vinnutíma, eða hann væri að vinna í þágu annars vinnuveitanda samkvæmt samkomulagi við upphaflegan vinnuveitanda. Reglan um vinnuveitandaábyrgð hefur verið skýrð með sveigjanlegum hætti í þessu sambandi og yrði að gera það með sama hætti um þá reglu sem hér er gerð tillaga um.

Með orðinu líkamstjón er, eins og ella í skaðabótalögum, átt við bæði meiðsl á líkama, t.d. beinbrot eða aðrar ákomur, og andlegt (geðrænt) tjón, svo og tilvik þar sem starfsmaður deyr.

Meðábyrgð starfsmanns yrði reist á eigin sök hans. Með orðinu sök er átt við saknæmi og ólögmæti. Saknæmi skiptist í gáleysi og ásetning. Eigin sök þarf samkvæmt þeirri tillögu sem gerð er að felast í stórkostlegu gáleysi hið minnsta. Það er löng hefð fyrir því að greina að almennt og stórkostlegt gáleysi í skaðabótarétti og vátryggingarétti. Dómar þar sem tekist hefur verið á við það álitaefni á síðustu árum skipta mörgum tugum. Það felst því ekkert nýmæli sem ætti að valda vandræðum í réttarframkvæmd í þeim tillögum sem hér eru gerðar.

Sú tillaga, sem gerð er í þessari málsgrein, er ekki einskorðuð við líkamstjón starfsmanns, sem hann krefur vinnuveitanda sinn um skaðabætur fyrir. Vissulega yrði þó sú oftast raunin, þ.e. um væri að ræða slys í starfi hjá vinnuveitanda sem vinnuveitandi bæri ábyrgð á. Það er samt ekki ástæða til að takmarka gildissvið frumvarpsins við þessi tilvik. Ástæða þess er sú að í ýmsum starfsgreinum þurfa starfsmenn að vinna utan eiginlegs vinnustaðar síns, t.d. á öðrum vinnustað eða í húsnæði sem aðrir eiga. Ef starfsmenn verða fyrir slysi í starfi sínu utan vinnustaðar og kunna af þeim ástæðum að eiga skaðabótarétt á hendur öðrum en vinnuveitanda sínum yrði ósanngjarnt ef þeir nytu ekki sömu verndar. Sem dæmi þessu til skýringar má nefna dóm Hæstaréttar frá 22. mars 2007 í málinu nr. 485/2006. Þar var um að ræða slys á starfsmanni sem ók gosdrykkjum og öðrum drykkjarvörum í verslanir fyrir vinnuveitanda sinn, sem framleiddi þessar vörur. Starfsmaðurinn þurfti að fara í margar verslanir þar sem aðstæður voru mismunandi. Hann slasaðist nokkuð í starfi sínu þegar hann féll niður stiga í einni verslun sem hann flutti vörur í. Stiginn og aðstæður við hann fullnægðu ekki reglum byggingarlöggjafar og var þessi vanbúnaður talinn orsök slyssins. Starfsmaðurinn átti samt ekki skaðabótarétt á hendur vinnuveitanda sínum, þar sem vinnuveitandinn var ekki talinn bera ábyrgð á þessum aðstæðum. Ef starfsmaður hefði beint kröfum að verslunareigandanum hefði hann hugsanlega fengið bætur. Í því tilviki væri ósanngjarnt ef hann gæti ekki borið fyrir sig þá reglu sem hér er gerð tillaga um, sem mundi takmarka hugsanlega meðábyrgð hans. Af þessum ástæðum er reglan ekki bundin við tilvik þar sem skaðabótakröfu vegna slysa í starfi er beint gegn vinnuveitanda.

Í 2. mgr. er lagt til að reglan gildi líka ef starfsmaður deyr af völdum tjónsatburðar. Verði reglan lögfest þyrftu þeir sem misst hafa framfæranda (maki, sambúðarmaki, börn), sbr. 12.–14. gr. skaðabótalaga, ekki að sæta skerðingu á bótarétti ef hinn látni hefur verið meðvaldur að tjóni sínu með háttsemi sem aðeins yrði talin almennt gáleysi. Verði reglan lögfest tæki hún bæði til bóta vegna hæfilegs útfararkostnaðar og til þeirra bóta sem mælt er fyrir um í 13. og 14. gr. skaðabótalaga. Eru ekki síður rök fyrir reglunni í slíkum tilvikum, þar sem eftirlifandi maki og börn hins látna standa yfirleitt höllum fæti fjárhagslega þegar fyrirvinnan fellur frá. Kemur skerðing bóta af þeim sökum oft illa niður á þeim.

Um 2. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi strax við birtingu. Þeim er ætlað að taka til líkamstjóns sem verður eftir gildistökuna, þ.e. þegar tjónsatburðurinn sjálfur verður eftir gildistökuna. Ekki er unnt að miða við það tímamark þegar tjónið kemur fram eða er metið, slíkt væri ótækt m.a. með tilliti til vátrygginga sem vinnuveitendur taka.

889. Frumvarp til laga [466. mál]

um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum.

Flm.: Dögg Pálsdóttir, Björk Guðjónsdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson,
Guðfinna S. Bjarnadóttir, Herdís Þórðardóttir, Jón Magnússon, Kristján Þór Júlíusson,
Ólöf Nordal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
Siv Friðleifsdóttir, Birkir J. Jónsson, Grétar Mar Jónsson.

1. gr.

Orðin „enda hafi barnið ekki verið feðrað“ í 1. mgr. 10. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Við 28. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Nú fara foreldrar sameiginlega með forsjá barns og er foreldrinu sem barnið á lögheimili hjá þá óheimilt að flytja lögheimili barnsins án samþykkis hins.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Í stað 1.–3. mgr. kemur ein ný málsgrein sem orðast svo:
   Við andlát forsjárforeldris fer forsjá barnsins yfir til hins foreldrisins, hvort sem foreldrar fara saman með forsjá barns eða ekki, sbr. þó 4. mgr.
b. Í stað „1.–3. mgr.“ í 4. mgr., sem verður 2. mgr., kemur: 1. mgr.
c. Í stað „6. mgr.“ í 7. mgr., sem verður 5. mgr., kemur: 4. mgr.

4. gr.

Við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. geta foreldrar ákveðið að barnið eigi lögheimili hjá þeim báðum.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Fari foreldrar sameiginlega með forsjána við upphaf dómsmáls sker dómari úr um það hvort sameiginlega forsjáin skuli halda áfram eða hvort annað foreldranna skuli framvegis fara eitt með forsjána. Sameiginlegri forsjá má þó ekki slíta nema til þess séu ríkar ástæður og að slík tilhögun sé barninu fyrir bestu. Telji dómari ekki ástæðu til að slíta sameiginlegri forsjá skal hann þó engu að síður ákveða hjá hvoru foreldri barnið skal eiga lögheimili.
b. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Dómari getur ákveðið að barn skuli dvelja allt að sjö daga af hverjum 14 hjá foreldrinu sem ekki fær lögheimili þess.
c. Við bætist ný málsgrein sem verður 5. mgr. og orðast svo:
   Forsjárlaust foreldri, sem áður var með sameiginlega forsjá yfir barni, getur höfðað mál og krafist þess að forsjáin yfir barninu verði framvegis sameiginleg og að lögheimili barnsins flytjist til sín. Dómari ákveður hvort fallist verður á kröfurnar, aðra eða báðar, eftir því sem barni er fyrir bestu.

6. gr.

1. og 2. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:

Í máli þar sem krafist er slita á sameiginlegri forsjá getur dómari ekki slitið sameiginlegri forsjá til bráðabirgða nema skýrir hagsmunir barnsins krefjist þess. Dómari getur á hinn bóginn úrskurðað til bráðabirgða, að kröfu aðila, um lögheimili barns, umgengni og meðlag. Í slíku máli getur dómari enn fremur ákveðið að barn skuli búa allt að sjö daga af hverjum 14 hjá því foreldri sem ekki er úrskurðað lögheimili barnsins til bráðabirgða, enda þyki slíkt fyrirkomlag samræmast hagsmunum barns.

Í máli þar sem foreldri sem ekki fer með forsjá barns krefst sameiginlegrar forsjár eða að það fari framvegis eitt með forsjána verður stefnanda ekki úrskurðuð forsjá barnsins og lögheimili til bráðabirgða nema fyrir liggi að forsjárhæfni forsjárforeldrisins sé skert. Dómari getur á hinn bóginn, í slíku máli, ákveðið að meðan forsjármálið er rekið skuli barn búa allt að sjö daga af hverjum 14 hjá forsjárlausa foreldrinu.

7. gr.

2. málsl. 2. mgr. 46. gr. laganna orðast svo: Að jafnaði skal við það miðað að kostnaður vegna umgengni skiptist jafnt á milli foreldra nema annað sé ákveðið með samningi, sbr. 3. mgr., eða úrskurði, sbr. 2. mgr. 47. gr.

8. gr.

Í stað 1. málsl. 2. mgr. 47. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Ef foreldra greinir á um umgengni úrskurðar sýslumaður, að kröfu foreldris, um inntak umgengnisréttar og getur m.a. úrskurðað að barn skuli búa allt að sjö daga af hverjum 14 hjá því foreldri sem það telst ekki búa hjá, enda þyki slíkt fyrirkomulag samræmast hagsmunum barns. Sýslumaður úrskurðar einnig um það hvernig kostnaður foreldra vegna umgengni skuli skiptast, en að jafnaði skal við það miðað að kostnaður vegna umgengni skiptist jafnt á milli foreldra.

9. gr.

Á eftir orðinu „fá“ í 1. málsl. 2. mgr. 52. gr. laganna kemur: munnlegar og skriflegar.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

11. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum:* 3. málsl. 1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna orðast svo: Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi nema hann fari sameiginlega með forsjá barns og foreldrarnir hafi samið svo um að barnið eigi lögheimili hjá þeim báðum, sbr. 5. mgr. 31. gr. barnalaga og 2. mgr. 8. gr. laga um lögheimili.
2. *Lög um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum:* Á eftir 1. mgr. 8. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

   Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta foreldrar með sameiginlega forsjá barns, sem ekki búa lengur saman, ákveðið að lögheimili barnsins verði hjá þeim báðum.

Greinargerð.

Frumvarp þessa efnis var lagt fram á 135. löggjafarþingi og er nú lagt fram að nýju, óbreytt. Með því eru lagðar til eftirfarandi breytingar á gildandi barnalögum, nr. 76/2003:

a. Að karlmaður sem telur sig föður barns geti höfðað barnsfaðernismál þótt barnið sé feðrað.
b. Að foreldrar með sameiginlega forsjá verði að ákveða sameiginlega um flutning lögheimilis barnsins innan lands.
c. Að meginreglan verði sú að forsjá barns færist til langlífari kynforeldrisins án tillits til þess hvort foreldrar hafa farið saman með forsjána eða ekki. Foreldri getur þó áfram gert yfirlýsingu um aðra ráðstöfun.
d. Að foreldrar geti samið svo að lögheimili barns verði hjá þeim báðum.
e. Að hægt verði framvegis að dæma áfram sameiginlega forsjá.
f. Að dómari getið ákveðið svo rúma umgengni að barn dvelji allt að sjö daga af hverjum 14 hjá foreldri sem það á ekki lögheimili hjá.
g. Að í bráðabirgðaforsjármáli verði óheimilt að slíta sameiginlegri forsjá nema skýrir hagsmunir barnsins krefjist þess.
h. Að í bráðabirgðaforsjármáli verði óheimilt að færa forsjá frá öðru foreldri til hins nema fyrir liggi að forsjárhæfni forsjárforeldris sé skert.
i. Að dómari í bráðabirgðaforsjármáli geti ákveðið að barn skuli búa allt að sjö daga af hverjum 14 hjá því foreldri sem ekki er úrskurðað lögheimili barns til bráðabirgða.
j. Að sú meginregla gildi að kostnaður vegna umgengni skiptist jafnt á milli foreldra nema þau ákveði annað í samningi eða sýslumaður úrskurði á annan veg. Gert er þó ráð fyrir að sýslumaður skuli við það miða í úrskurðum sínum að kostnaður vegna umgengni skiptist jafnt milli foreldra.
k. Að sýslumaður geti í úrskurðum um inntak umgengni ákveðið að barn skuli búa allt að sjö daga af hverjum 14 hjá því foreldri sem það telst ekki búa hjá.
l. Að forsjárlaust foreldri eigi rétt á munnlegum jafnt og skriflegum upplýsingum um barn sitt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 10. gr. barnalaga. Breytingin lýtur að því að tryggja karlmanni, sem telur sig föður barns, heimild til að höfða barnsfaðernismál. Við endurskoðun barnalaganna 2003 gerði sifjalaganefnd ráð fyrir því að karlmaður hefði þessa heimild. Við meðferð frumvarpsins á Alþingi var heimildin þrengd þannig að karlmaður í þessari stöðu getur ekki höfðað barnsfaðernismál nema barnið sé ófeðrað.

Telja verður að þessi þrenging á rétti karlmanns til að fá úr því skorið hvort hann sé faðir barns sé óeðlileg og brjóti jafnvel í bága við 1. gr. barnalaga sem mælir skýrt fyrir um rétt barns til að þekkja báða foreldra sína.

Rökstuðningur allsherjarnefndar á sínum tíma var sá að með henni væri verið að koma í veg fyrir tilhæfulausar málshöfðanir. Ætla verður að slíkur ótti sé ástæðulaus. Reynslan hefur sýnt að dómstólar gera mjög strangar sönnunarkröfur í barnsfaðernismálum. Dómstólum ætti því að vera fullkomlega treystandi til að stöðva hugsanlega tilhæfulaus barnsfaðernismál.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um það hvenær foreldri með sameiginlega forsjá, og jafnframt lögheimili barns, geti breytt lögheimili barnsins. Lögð er til breyting á 28. gr. barnalaga þannig að við greinina bætist ný málsgrein um það að lögheimili barns, sem lýtur sameiginlegri forsjá, verði aldrei breytt nema með samþykki beggja forsjárforeldra.

Með þessu er tryggt að lögheimilisforeldrið geti ekki upp á sitt einsdæmi flutt milli sveitarfélaga, og jafnvel landshorna á milli, án samþykkis hins forsjárforeldrisins.

Í raun ætti ekki að þurfa það ákvæði sem hér er lagt til að bætt verði við 28. gr. því samkvæmt skýru ákvæði 4. mgr. 28. gr. barnalaga felur forsjá barns í sér rétt og skyldu til að ráða persónulegum högum barns og ákveða búsetustað þess. Í þessu ætti að felast að lögheimili barns, sem lýtur sameiginlegri forsjá, verði ekki breytt nema með samþykki beggja. Ákvörðun um búsetustað sé ein sú ákvörðun sem báðir forsjáraðilar taki. Í framkvæmd hefur þetta hins vegar ekki virkað með þessum hætti. Þvert á móti hefur verið litið svo á að lögheimilisforeldrinu sé heimilt einhliða að færa lögheimili barnsins, án nokkurrar aðkomu hins foreldrisins.

Nauðsynlegt þykir að láta það koma skýrt fram að ákvörðun um lögheimili barns er ákvörðun sem forsjárforeldrar taka sameiginlega og því er lagt til að það verði sagt í þeirri nýju málsgrein sem hér er lagt til að bætist við 28. gr. barnalaga.

Um 3. gr.

Í greininni er lögð til sú meginbreyting að langlífara foreldrið, sem meginregla, fái forsjá barns við andlát skammlífara foreldrisins, án tillits til þess hvort barnið laut sameiginlegri forsjá eða ekki.

Reglur nú eru með þeim hætti að ef forsjá barns er sameiginleg hverfur forsjáin til langlífara foreldrisins við andlát hins skammlífara. Á hinn bóginn gildir að ef foreldri hefur farið eitt með forsjá ásamt maka eða sambýlingi þá hverfur forsjá barns við andlát forsjárforeldrisins til makans eða sambýlingsins en ekki langlífara foreldrisins.

Þetta fyrirkomulag er að margra mati óeðlilegt og því er lagt hér til að langlífara foreldrið fái alltaf forsjána. Áfram er þó gert ráð fyrir því að forsjárforeldrið geti gengið frá yfirlýsingu þar sem það óskar eftir að þriðji maður fái forsjá barns undir þessum kringumstæðum. Mat á því hvort við fyrirmælum í slíkri yfirlýsingu yrði orðið fer eftir hefðbundnum reglum, þ.e. hvaða forsjárskipan er talin barni fyrir bestu þegar forsjárforeldrið er fallið frá.

Um 4. gr.

Hér er lögð til sú grundvallarbreyting að foreldrar með sameiginlega forsjá geti samið um það að lögheimili barns geti verið hjá þeim báðum, þ.e. að barn geti átt tvö lögheimili. Í 11. gr. eru lagðar til breytingar á lögum um lögheimili og lögum um tekjuskatt til að tryggja annars vegar að barn geti átt lögheimili á tveimur stöðum og hins vegar að foreldrar sem semja með þessum hætti fái bæði barnabætur sem einstætt foreldri.

Um 5. gr.

Sameiginleg forsjá var lögfest sem meginregla með breytingu á barnalögum árið 2006. Skrefið var þó ekki tekið til fulls þá því ekki náðist samstaða um það að heimila dómstólum að dæma áfram sameiginlega forsjá.

Hinn 1. október sl. gengu í gildi í Danmörku ný lög um forræði (forældreansvarsloven) þar sem gert er ráð fyrir því að dómarar geti ekki í forsjárdeilu slitið sameiginlegri forsjá

nema fyrir því séu ríkar ástæður. Sambærilegt ákvæði hefur um langt árabil verði í sænskum lögum.

Full ástæða er til að fylgja fordæmi nágrannalanda okkar í þessu efni, enda ekkert sem mælir með því að dómstólum sé ekki treyst til að meta hvort einhver ástæða sé í raun til að slíta sameiginlegu forsjánni.

Eins og dómaframkvæmd er nú er niðurstaða forsjármáls, sem höfðað er til slita á sameiginlegri forsjá eftir að samkomulag náðist um slíkt fyrirkomulag eftir hjónaskilnað eða samvistarslit, nokkuð fyrirsjáanleg. Dómstólar hafa mikla tilhneigingu til að ákveða, af því að ekki er unnt að dæma sameiginlega forsjá, að engar breytingar verði á umhverfi barnsins, enda bendi sálfræðiniðurstöður til að ekkert kalli á að hróflað sé við gildandi fyrirkomulagi. Komi til forsjárdeilu hefur lögheimilisforeldrið því sjálfkrafa allnokkuð sterkari stöðu varðandi niðurstöðu.

Fullyrða má að ef dómstólum verður veitt heimild til að dæma áfram sameiginlega forsjá mun forsjárdeilumálum fyrir dómstólum fækka.

Eftir sem áður getur dómari dæmt hvar lögheimili barns skuli vera. Jafnframt er lagt til að dómari geti við ákvörðun umgengni ákveðið svo rúma umgengni að barnið skuli vera í allt að sjö daga af hverjum 14 hjá foreldrinu sem ekki fær lögheimili. Með þessari breytingu er einnig fylgt fordæmi Dana í nýju lögunum sem áður er vikið að.

Þá er gert ráð fyrir því, í ljósi þess að framvegis verði unnt að neita að slíta með dómi sameiginlegu forsjánni, að foreldri, sem áður var með sameiginlega forsjá en hefur misst hana, t.d. í forsjármáli, geti höfðað nýtt forsjármál og fengið aftur sameiginlega forsjá með hinu foreldrinu. Með breytingunni er enn frekari stoðum rennt undir það að tryggja að barn lúti sem oftast sameiginlegri forsjá foreldra.

Um 6. gr.

Lagðar eru til þær breytingar á 35. gr. laganna um bráðabirgðaforsjá að ekki verði unnt að slíta sameiginlegri forsjá í bráðabirgðaforsjármáli nema skýrir hagsmunir barns krefjist þess. Með sama hætti er lagt til að ef foreldri óskar eftir að fá dæmda sameiginlega forsjá þegar hitt foreldrið fer eitt með forsjána sé ekki unnt að verða við því í bráðabirgðaforsjármáli nema sýnt sé fram á að forsjárforeldrið sé með skerta forsjárhæfni.

Í þeim tilvikum þegar dómstólar hafa rift sameiginlegu forsjánni strax í bráðabirgðaforsjármálinu má í raun segja að foreldrið sem þannig heldur ekki sameiginlegri forsjá og fær ekki bráðabirgðaforsjá sé í öllu forsjármálinu sem á eftir kemur með lakari stöðu. Stafar það fyrst og fremst af þeirri tilhneigingu dómstóla að raska sem minnst börnum þegar kemur til dóms í forsjármálinu.

Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til á 35. gr. er leitast við að jafna stöðu foreldra sem mest í forsjárdeilu.

Um 7. og 8. gr.

Í gildandi barnalögum er við það miðað að meginreglan sé sú að foreldri sem sinna skal umgengni og á rétt á henni skuli sjálft bera kostnað af henni. Þetta er ósanngjörn regla og engin ástæða til að losa lögheimilisforeldrið alveg undan því að axla nokkra ábyrgð á kostnaði vegna umgengni barns. Ekki síst er þetta ósanngjarnt í ljósi þess að einstaklingurinn sem nýtur umgengnisréttar á oft og tíðum ekkert val um það hvar barnið býr og þarf að una einhliða ákvörðun forsjárforeldris um flutning á barninu landshluta á milli. Með breytingunni sem hér er lögð til á 46. og 47. gr. laganna er lagt til að kostnaður vegna umgengni skiptist

milli foreldra nema þeir ákveðið annað með samningi eða sýslumaður úrskurði annað. Jafnframt er mælt fyrir um það að við úrskurð um þetta atriði skuli sýslumaður miða við það að þessi kostnaður skiptist að jöfnu.

Um 9. gr.

Um langa hríð hefur ríkt ruglingur um það hvers konar upplýsingar um barn sitt forsjárlaust foreldri megi fá. Um þetta er fjallað í 52. gr. barnalaga. Ekkert segir í lagaákvæðinu sjálfu á hvaða formi upplýsingarnar skuli vera en í greinargerð með eldri barnalögum var skýrt tekið fram að þessar upplýsingar mættu einvörðungu vera munnlegar. Hefur því almennt verið litið svo á að forsjárlaust foreldri megi eingöngu fá munnlegar upplýsingar um barn sitt.

Líta verður svo á að eðlilegra sé að forsjárlaust foreldri megi fá munnlegar jafnt sem skriflegar upplýsingar um barn sitt. Hér er því lagt til að í lagaákvæðinu sjálfu komi skýrt fram að veita megi foreldri í þessari stöðu munnlegar jafnt sem skriflegar upplýsingar.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Nái breytingar frumvarpsins á barnalögum fram að ganga þarf samhliða að tryggja að báðir foreldrar teljist framfærendur barnsins í skilningi laga um tekjuskatt og að stuðningur hins opinbera við einstæða foreldra skiptist milli foreldranna. Í 1. tölul. er lögð til breyting á 3. málsl. 1. mgr. A-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt sem tryggir að foreldrar með sameiginlega forsjá, sem samið hafa um að barnið eigi lögheimili hjá þeim báðum, teljist framfærandi í skilningi málsliðarins. Með breytingunni fá foreldrar báðir bætur sem einstætt foreldri í þessum tilvikum, að fullnægðum öðrum skilyrðum fyrir barnabótum.

Verði samningar foreldra um að barn þeirra eigi lögheimili hjá þeim báðum lögfestir þarf að gera ráð fyrir því í lögheimilislögum að barn geti átt tvö lögheimili. Í 2. tölul. er slík breyting lögð til.

890. Lög [445. mál]

um breytingu á lögum nr. 97/2008, um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 1. apríl 2009.)

Samhljóða þskj. 787.

891. Lög [259. mál]

um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar.

(Afgreidd frá Alþingi 1. apríl 2009.)

Samhljóða þskj. 854.

892. Nefndarálit [385. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sérnefndar um stjórnarskrármál.

1. Sáttaferill stjórnarskrárbreytinga rofinn.

Við meðferð þessa máls hefur verið gengið gegn þeirri venju að undirbúa breytingar á stjórnarskrá á þann veg að leitað sé samstöðu allra flokka. Þá hefur verið haldið þannig á málinu í sérnefnd um stjórnarskrármál að tillögu minni hluta nefndarinnar um leið til sátta í henni hefur verið hafnað. Á síðasta fundi sérnefndarinnar lýsti formaður hennar því einfaldlega yfir að tími sátta væri liðinn. Minni hluti sérnefndarinnar gagnrýnir þessa málsmeðferð harðlega og telur hana eina svo ámælisverða að vísa beri frumvarpinu frá að lokinni 2. umræðu um málið og flytur hér tillögu um það.

Minni hlutinn telur einsýnt að þessa flausturslegu aðferð við afgreiðslu frumvarpsins megi rekja til pólitískra aðstæðna, sem sköpuðust við myndun minnihlutastjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur þegar Framsóknarflokkurinn féllst á að verja hana vantrausti gegn því að ákveðið yrði með breytingu á stjórnarskrá að afsala Alþingi stjórnarskrárvaldinu og afhenda það stjórnlagaþingi. Minni hlutinn er eindregið andvígur því að þannig sé vegið að valdi og áhrifum Alþingis.

Þeir stjórnlagafræðingar og lögfræðingar sem koma að því að fjalla um stjórnarskrármál eru á einu máli um að það beri að gefa sér tíma við undirbúning breytinga á stjórnarskrá og það beri að leita samstöðu og samráðs. Þannig hefur Kristrún Heimisdóttir, lögfræðingur og varaþingmaður Samfylkingarinnar, sagt í útvarpsviðtali 29. mars að með þeirri leið, sem valin er í frumvarpinu, sé verið að „leita skyndilausna“ og hún bætti við: „Alveg eins og útrásaræðið var æði og peningaæðið var æði, þá er kannski komið nýtt æði.“ Þetta „nýja æði“ felist í því að boða í skyndi til stjórnlagaþings í stað þess að leggja fé í rannsóknir á stjórnarskránni. Fellur þetta sjónarmið að þeirri almennu skoðun þeirra sem ræða um stjórnarskrármál á fræðilegum grunni að það beri að standa þannig að öllum málum varðandi stjórnarskrána, að ekki sé verið að skapa fleiri lögfræðileg vandamál með breytingum eða óljósum skýringum á efni einstakra ákvæða. Hvert orð þurfi í raun að vega og meta og skýra samhengi þeirra með skýrum rökum á fræðilegum grunni. Öll slík meginsjónarmið voru höfð að engu við gerð og afgreiðslu þessa frumvarps. Núverandi ríkisstjórn kallaði til þriggja manna hóp á eigin vegum til að vinna að þessu máli. Sjálfstæðisflokknum var ekki gefinn kostur á að tilnefna mann í hópinn og því ekki gefinn kostur á að taka þátt í því að semja upphaflegu

drögin. Þegar hópurinn hafði unnið saman skamma hríð var lagt fram blað á fundi formanna allra flokka með hugmyndum hans, án þess að óskað væri eftir viðbrögðum Sjálfstæðisflokksins. Þessar tillögur voru ekki lengur óbreyttar heldur var þeim enn breytt nokkrum dögum síðar án þess að Sjálfstæðisflokkurinn hefði færi á því að koma þar að máli. Enn var málinu breytt í þriðja sinn án nokkurs samráðs við Sjálfstæðisflokkinn.

2. Meðferð málsins.

Frumvarpi til stjórnskipunarlaga sem nefndin hefur haft til umfjöllunar var vísað til nefndarinnar 11. mars sl. Þó var ekki kosið í nefndina fyrr en daginn eftir og fyrsti fundur nefndarinnar var föstudaginn 13. mars. Að kvöldi þess sama dags var málið sent út til umsagnar og gefinn umsagnarfrestur til 20. mars. Eiginleg umfjöllun um málið hófst ekki fyrr en mánudaginn 16. mars. Augljóst er að nefndin hefur haft mjög takmarkaðan tíma til að fjalla um málið og er það einstaklega ámælisvert þegar gera á breytingar á grundvallarlöggjöf. Laganefnd Lögmannafélags Íslands leggst gegn frumvarpinu og vekur athygli á því að breytingarnar þurfi frekari athugunar við, sjá umsögn félagsins í fskj. 3. Minni hlutinn bendir á að ekki hafi verið gefinn tími til slíkrar athugunar og tekur undir með Ragnhildi Helgadóttur, prófessor við Háskólann í Reykjavík, sem áréttar mikilvægi þess að farið sé hægt við breytingar, sbr. fskj. 5.

Það var þó ekki einungis nefndinni sem var skammtaður stuttur tími enda gera margir umsagnaraðilar athugasemdir við þann skamma tíma sem þeim er gefinn til að taka afstöðu til svo stórs máls sem stjórnarskrárbreyting er og jafnumfangsmikils frumvarps og hér er, sbr. m.a umsagnir Davíðs Þórs Björgvinssonar í fskj. 11, Sigurðar Líndals í fskj. 15, Landssambands íslenskra útvegsmanna í fskj. 4, Viðskiptaráðs Íslands í fskj. 22, Samorku í fskj. 25, RARIK ohf. í fskj. 27 og Landssambands smábátaeigenda í fskj. 21. Þá eru dæmi þess að umsagnaraðilar hafa einfaldlega talið umsagnarfrest of stuttan til að gera vandaðar efnislegar athugasemdir, sbr. Reykjavíkurakademíuna, fskj. 19. Ágúst Þór Árnason frá Háskólanum á Akureyri tekur í sama streng og telur ekki forsvaranlegt að senda skriflega umsögn vegna skamms tíma sem til þess er gefinn, sjá fskj. 32.

Málsmeðferð hefur verið verulega ábótavant. Ekki er nema rétt um mánuður liðinn frá því að frumvarpið var lagt fram á Alþingi og umfjöllun nefndar um málið nær ekki þremur vikum. Þrátt fyrir að 11 fundir hafi verið haldnir hefur málið alls ekki hlotið nægilega umfjöllun í meðförum nefndarinnar. Á síðasta fundi hennar taldi formaður ekki ástæðu til að gefa nefndarmönnum tóm til að ræða til hlítar hvort ná mætti samstöðu um einhver ákvæði frumvarpsins. Umsagnaraðilum var ekki heldur gefinn nægur tími til að skýra sjónarmið sín, hvað þá að fjalla um breytingartillögur meiri hlutans, sem sumar eru veigamiklar, svo sem varðandi stjórnlagaþing. Sökin á hinni hroðvirknislegu málsmeðferð liggur hjá meiri hluta nefndarinnar.

3. Rökvilla: þremur greinum breytt og heildinni svo vísað til stjórnlagaþings.

Í frumvarpi því sem nefndin hefur haft til umfjöllunar er gerð tillaga að fjórum ákvæðum. Þar af snúast tvö þeirra um hvernig fara skuli með breytingar á stjórnarskrá þar sem í 2. gr. er lagt til að lögfest verði sú regla að breyting á stjórnarskrá skuli borin undir þjóðaratkvæði í stað þess að tvö þing þurfi að samþykkja hana með kosningum á milli. Hitt ákvæðið er um að Alþingi skuli framselja vald sitt sem stjórnarskrárgjafi til stjórnlagaþings. Hlutverk stjórnlagaþings verði að skrifa nýja stjórnarskrá. Það skýtur því skökku við að þau tvö ákvæði frumvarpsins sem eftir standa feli í sér stórar efnislegar breytingar. Fjalla þau ákvæði annars

vegar um auðlindamál og hins vegar þjóðaratkvæðagreiðslu að frumkvæði 15 af hundraði kosningarbærra manna.

Stjórnlagaþingi er ætlað að endurskoða stjórnarskrána og mundi því taka þessi ákvæði til endurskoðunar eins og önnur. Sé traust borið til þess að þingið muni valda starfi sínu og skila niðurstöðu verður að teljast eðlilegt að ekki séu jafnframt gerðar efnislegar breytingar á ákvæðum stjórnarskrárinnar á þessu stigi. Ekki verður heldur séð að slíkar breytingar hafi mikið gildi, enda skal stjórnlagaþing ljúka störfum 17. júní 2011. Gildistími ákvæðanna yrði mjög stuttur og vart séð að um svo brýnar breytingar sé því að ræða. Ákvæðin yrðu ný í stjórnarskrá þegar stjórnlagaþingið tæki þau til endurskoðunar og telur minni hlutinn að með þeirri aðferð sem hér er beitt sé lýst yfir vantrú á að þingið skili tilætluðum árangri. Þá telur minni hlutinn ekki rökrétt að lýsa yfir vantrausti á almenning með því að taka fyrir í þessu frumvarpi efnisatriði, án þess að unnt sé að bera þau undir þjóðaratkvæði. Á fundum nefndarinnar kom auk þess fram að Alþingi gæti unnið að frekari breytingum á stjórnarskránni þar til stjórnlagaþing lyki störfum.

4. Ákvæði frumvarpsins.

Minni hlutinn gerir verulegar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Ótal álitamál og túlkunaratriði standa út af varðandi ákvæðin og þau fullnægja á engan hátt hinni eðlilegu lögfræðilegu kröfu til ákvæða í stjórnarskrá, að þau og skýring þeirra sé tæmandi en ekki opin á þann veg að leiði til lagaóvissu. Með slíkum ákvæðum vex auk þess hætta á því að lagasetningarvald færist frá Alþingi til dómstóla.

1. gr.

Verulegur vafi leikur t.d. á því hvort hugtakið „þjóðareign“ sem notað er í 1. gr. frumvarpsins hefur einhverja lagalega merkingu. Í því sambandi vísast m.a. til umsagnar Sigurðar Líndals í fskj. 15 þar sem fram kemur að ekki sé hægt að leggja hefðbundna merkingu eignarréttarins í orðið og álitamál hvort nýtt eignarréttarhugtak hafi verið mótað. Fyrir nefndinni benti Sigurður einnig á að þjóð gæti sem slík ekki verið eigandi nokkurrar eignar þar sem hún gæti ekki verið aðili í lagalegum skilningi þess hugtaks. Undir þetta sjónarmið taka Viðskiptaráð Íslands og Davíð Þorláksson í umsögnum sínum, sbr. fskj. 22 og 7. Birgir Þór Runólfsson og Ragnar Árnason telja skerðingu eignarréttar leiða til óhagkvæmni og að ákvæðið feli í sér þjóðnýtingu og valdi efnahagslegu tjóni, sbr. fskj. 17. Samtök um lýðræði og almannahag gagnrýna aftur á móti að hugmyndir um einkaeignarrétt hér á landi gangi nokkuð langt, sbr. fskj. 31. Augljóst er því að málið er engan veginn útrætt enda leggja menn mismunandi skilning í hugtakið. Landssamband íslenskra útvegsmanna gerir athugasemdir við óskýra hugtakanotkun og varar við réttaróvissu sem slíku fylgi, sjá fskj. 4. Samorka tekur undir með þeim og bendir jafnframt á að um ákvæðið hafi ekki farið fram sú almenna umræða í samfélaginu sem eðlileg sé þegar um er að ræða stjórnarskrárbreytingar, sjá fskj. 25. Í sama streng tekur Norðurál, sjá fskj. 13. Minni hlutinn telur einsýnt að ræða verði hugtakið til hlítar þannig að merking þess liggi skýr fyrir og ítrekar ábendingar sínar um málsmeðferð sem ekki hefur gefið tækifæri til slíkrar umræðu. Fulltrúar, sem áttu sæti í auðlindanefnd, en hún lauk störfum árið 2000, komu á fund nefndarinnar og lýstu stuðningi við að ákvæði um þjóðareign yrði stjórnarskrárbundið en þessi grein frumvarpsins tæki þó ekki nema að hluta mið af tillögu nefndarinnar.

Þá telur minni hlutinn að hugtakið „náttúruauðlindir“ sem einnig er notað í 1. gr. frumvarpsins sé afar opið og óskilgreint með öllu hvað í því felst. Í greinargerð með frumvarpinu

er vísað til skilgreiningar á auðlindum í lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, sem og hugtaksins nytjastofnar á Íslandsmiðum samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, og auðlinda á, í eða undir hafsbotninum, utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Þegar litið er til framtíðar má hins vegar búast við því að fram komi fjölmargar nýjar auðlindir sem hugsanlega verða skilgreindar sem náttúruauðlindir, sjá umsögn Orkustofnunar í fskj. 24. Engin tilraun er gerð í frumvarpinu eða af hálfu meiri hlutans til þess að ná utan um eða skilgreina með nokkrum hætti í hverju þær nýju auðlindir gætu falist. Minni hlutinn getur með engu móti fallist á að ljúka vinnu við þetta ákvæði í þessari óvissu.

Loks má geta þess að í upphaflegum frumvarpstexta voru í 1. gr. frumvarpsins afar óljós og óskilgreind hugtök á borð við „sjálfbær þróun“, „umhverfi sem stuðlar að heilbrigði“ og „líffræðileg fjölbreytni“. Ómögulegt er að segja til um hvað felst í sjálfbærri þróun að íslenskum rétti, engin skilgreining liggur fyrir á því hvers lags umhverfi stuðlar að heilbrigði og umdeilt hvort umhverfi sem stuðlar að viðhaldi líffræðilegrar fjölbreytni hér á landi sé eftirsóknarvert í þeim eyðimörkum sem þekja stóran hluta landsins. Umsagnaraðilar gera margir hverjir athugasemdir við hugtakanotkun sem sé óskýr og hætta verði á ágreiningi um túlkun varðandi ýmsa þætti, sbr. umsögn Félags umhverfisfræðinga í fskj. 23. Þannig virðast þær efasemdir sem menn hafa um hugtakið þjóðareign magnast nokkuð þegar framangreind hugtök eru rædd, sbr. m.a. fskj. 12, umsögn Landsvirkjunar.

Minni hlutinn telur rétt að benda á að jafnvel þeir sem eru fylgjandi málinu hafa sínar efasemdir. Þannig bendir Ragnhildur Helgadóttir á að þrátt fyrir að hún sé fylgjandi ákvæði af því tagi sem lagt er upp með í 1. gr. vari hún við að það verði tekið upp í stjórnarskrá með þeim hætti sem ráð er fyrir gert. Þá sé órökrétt að setja í stjórnarskrá ákvæði af þessu tagi meðan jafnframt er stefnt að heildarendurskoðun stjórnlagaþings, sjá fskj. 5. Landvernd tekur í sama streng og bendir m.a. á stjórnlagaþing, sjá fskj. 8. Davíð Þór Björgvinsson virðist jafnframt fylgjandi einhvers konar ákvæði um þjóðareign en er samt sem áður með margvíslegar athugasemdir og ábendingar, sbr. fskj. 11. Samband íslenskra sveitarfélaga telur ákvæðið í heild óljóst og í því ýmis túlkunaratriði sem ekki finnast svör við. Eðlilegra sé að bíða þar til farið verði út í heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, sbr. fskj. 29.

2. gr.

Með ákvæðinu er eins og áður segir lagt til að lögfest verði sú regla að breytingar á stjórnarskrá séu bornar undir atkvæði þjóðarinnar þar sem meiri hluta atkvæða þarf til að samþykkja slíkar breytingar, þó þannig að ávallt þurfi hið minnsta atkvæði 25 af hundraði kosningarbærra manna. Er með þessu ætlunin að tryggja að breytingar nái lágmarksstuðningi kjósenda.

Hjá umsagnaraðilum kom m.a. fram að rökstuðning skorti fyrir því að þessi leið væri valin og bent á ýmsar aðrar leiðir, sbr. umsögn Davíð Þórs Björgvinssonar, fskj. 11. Einnig má nefna sjónarmið Ragnhildar Helgadóttur sem bendir á að sennilega verði erfiðara en áður að breyta stjórnarskrá ef þjóðaratkvæðagreiðsla ræður úrslitum, sbr. fskj. 5.

Telur minni hlutinn að lágmark samkvæmt ákvæðinu sé sett of lágt enda sé hætta á að stjórnarskrárbreytingar nái þannig fram að ganga með einungis stuðningi fjórðungs þjóðarinnar. Þá telur minni hlutinn að nauðsynlegt sé að lögfesta í ákvæðinu reglur sem tryggi vandaða málsmeðferð frumvarps til stjórnskipunarlaga á Alþingi. Þannig þurfi að setja skýrar og afmarkaðar reglur sem ætlað er að tryggja að svo verði. Með breytingartillögum meiri hlutans er lagt til að frumvörp til breytinga á stjórnarskrá fari í gegnum fjórar umræður á

þingi og ein vika hið minnsta líði milli umræðna. Minni hlutinn telur þetta vera langt frá því að tryggja að slíkt frumvarp fái þá umfjöllun og meðferð sem eðlilega verði að krefjast. Til þess þurfi til að mynda að líða lengri tími milli umræðna til að tryggja þingnefnd nægilegan tíma til að fjalla um málið og taka til þess ígrundaða afstöðu. Þá verður að tryggja að lýðræðislega kosnir fulltrúar á Alþingi séu slíku máli fylgjandi til að það nái fram að ganga og því telur minni hlutinn hugsanlegt að gera þá kröfu að aukinn meiri hluta stjórnarskrárgjafans sé fylgjandi breytingu á stjórnarskrá til að slík breyting fari í þjóðaratkvæðagreiðslu.

3. gr.

Minni hlutinn telur mikið skorta á að ákvæði 3. gr. frumvarpsins hafi verið rætt til hlítar í nefndinni. Mörg atriði þess eru óljós og óskýr, einkum þó hvað fallið getur undir skilgreininguna „tiltekin lög eða mikilvægt málefni sem varðar almannahag“, eins og meiri hlutinn leggur til í 1. mgr. 3. gr.

Nokkrir umsagnaraðilar gera athugasemdir við ákvæðið. Má þar nefna Davíð Þór Björgvinsson, sem telur ýmis atriði óljós og krefjast frekari útfærslu og skýringa. Spyrja má hvers vegna farið er í breytingar á grundvallarlöggjöf sem fær jafn alvarlegar athugasemdir eins og Davíð Þór færir fram, sbr. fskj. 11. Þá varar Ragnhildur Helgadóttir við því að ákvæðið verði tekið upp í stjórnarskrá með þeim hætti sem ráð er fyrir gert. Hún telur jafnframt órökrétt að afgreiða ákvæðið á sama tíma og stefnt sé að stjórnlagaþingi, skv. 4. gr. frumvarpsins, sbr. fskj. 5.

Minni hlutinn telur að í ákvæðinu þurfi að skýra nánar með afmörkuðum dæmum hvaða lögum eða hvers konar mikilvægum málefnum sé eðlilegt að vísa til samþykktar eða synjunar þjóðarinnar.

Umsagnaraðilar gera ýmsar athugasemdir við aðra þætti ákvæðisins, t.d. er hlutfallið 15 af hundraði umdeilt. Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök atvinnulífsins lýsa bæði áhyggjum af þessu ákvæði, sbr. fskj. 29 og 20. Þjóðaratkvæðagreiðslur séu vandmeðfarnar, ákvæðið geti vakið réttaróvissu, óvissa ríki um kostnað o.s.frv. og telja bæði að hlutfallið í ákvæðinu sé of lágt. Samtök atvinnulífsins leggja til 20% þröskuld, þ.e. það hlutfall kjósenda sem þyrfti að gera kröfu um þjóðaratkvæðagreiðslu. Telja þau hættu á að áhrif ákvæðisins hefðu lamandi áhrif á ákvarðanir þings og stjórnvalda.

Minni hlutinn telur það hlutfall kjósenda sem óskað getur eftir þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt frumvarpinu of lágt og bendir á að ef kalla eigi eftir kröfu almennings í ákveðnu efni yrði hún að vera mjög eindregin. Í því skyni mætti hugsa sér að lágmarkið yrði að vera að 25 af hundraði kjósenda á kjörskrá til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Þá liggja engin drög fyrir að frumvarpi til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur þrátt fyrir að eftir þeim hafi verið kallað við meðferð málsins af hálfu minni hlutans. Minni hlutinn telur það óásættanlegt að gera eigi slíka grundvallarbreytingu á stjórnskipan lýðveldisins án þess að fyrir liggi hvernig stjórnarmeirihlutinn hefur hugsað sér útfærslu hennar.

4. gr.

Eins og segir hér að framan er lagt til í ákvæði um stjórnlagaþing að Alþingi afsali sér valdi sínu sem stjórnarskrárgjafi til stjórnlagaþingsins. Sú ábyrgð sem fulltrúar þjóðarinnar á Alþingi bera færist þó ekki yfir til stjórnlagaþings með framsalinu og m.a. gerir Ragnhildur Helgadóttir þá athugasemd við frumvarpið að spurning sé hversu heppilegt það er að fá 41 kjörnum fulltrúa í hendur það verkefni að skrifa nýja stjórnarskrá án þess að þeir beri á því nokkra ábyrgð, lagalega eða pólitíska, sbr. fskj. 5. Ráðgjafarhópurinn lýsti á fundi sér-

nefndarinnar ólíkum sjónarmiðum um það hvernig búa ætti mál í hendur stjórnlagaþings. Þar tókust á þau sjónarmið hvort stjórnlagaþingið ætti að koma að auðu borði eða hvort leggja ætti fyrir það fræðilega unnar tillögur. Þá kom jafnframt fram að stjórnlagaþingmenn yrðu ekki kallaðir til ábyrgðar af kjósendum og þyrftu í raun ekki að standa neinum reikningsskil gjörða sinna. Minni hlutinn telur slíkt fyrirkomulag einstaklega óheppilegt og ekki í neinum lýðræðisanda.

Minni hlutinn leggur ríka áherslu á að engin rök séu fyrir því að rýra stöðu Alþingis og taka af því stjórnarskrárgjafahlutverkið. Að tengja slíka ráðstöfun bankahruninu er fráleitt og til þess eins fallið að villa mönnum sýn um hvað þá gerðist. Þá er það jafnframt í hrópandi mótsögn við þá orðræðu sem hefur farið hátt undanfarið að styðja þurfi við Alþingi og styrkja það sem handhafa löggjafarvalds að svipta það hlutverki stjórnarskrárgjafa. Lýsir minni hlutinn undrun yfir því að þingmenn telji sér sæma að sýna sögu og hlutverki Alþingis slíkt virðingarleysi. Benda má á að hvarvetna í hinum vestræna heimi er stjórnarskrárvaldið hjá þjóðþingi viðkomandi ríkis þótt útfærslan sé að sjálfsögðu afar mismunandi.

Ýmis gagnrýnin sjónarmið eru rakin í umsögnum í málinu. Ákveðin andstaða kemur fram við hugmyndina hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og bent á aðrar leiðir til að tryggja lýðræðislegt samráð við almenning, sbr. fskj. 29. Sjómannasamband Íslands lýsir miklum efasemdum um skipun stjórnlagaþings auk efasemda um að ákvæðið skili tilætluðum árangri, sbr. fskj. 14. Samtök um lýðræði og almannahag gagnrýna harðlega þær hugmyndir sem fram koma í frumvarpinu og setja fram allt aðrar hugmyndir um fyrirkomulag að flestu leyti, sbr. fskj. 31. Ragnhildur Helgadóttir telur í raun ekki þörf á heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, sbr. fskj. 5. Davíð Þór telur fyrst og fremst um pólitískt álitaefni að ræða, sbr. fskj. 11. Sigurður Líndal lýsir í umsögn sinni efasemdum um að þing skipað 41 manni valdi þessu verkefni. Hann telur að fela mætti hópi valinkunnra manna að semja tillögur til að leggja fyrir slíkan vettvang, sbr. fskj. 15. Alþýðusamband Íslands gerir athugasemdir við útfærsluna samkvæmt frumvarpinu, tíma o.fl. Reykjavíkurakademían leggur þunga áherslu á aðkomu fræðasamfélagsins að starfi stjórnlagaþings, sbr. fskj. 19.

Minni hlutinn undrast, í ljósi þess að á undanförnum árum hefur verið rætt um veg og virðingu Alþingis og spurninguna um stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu, að þeir sem mest hafa talað um að verið sé að styrkja stöðu Alþingis og efla á alla lund skuli standa að tillögu sem miðar að því að veikja Alþingi meira en nokkru sinni – að svipta Alþingi valdinu til að breyta stjórnarskránni. Það er hornsteinninn í valdastöðu Alþingis í stjórnskipulagi lýðveldisins að Alþingi hafi vald til að breyta stjórnarskránni. Nú koma þeir sem talað hafa um það að verið sé að setja Alþingi niður og flytja tillögu um að svipta Alþingi þessum rétti og fela það einhverjum öðrum. Með þessu eru komandi þing svipt stjórnskipulegu hlutverki sínu, samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar, eins og það ákvæði hefur verið allt frá lýðveldisstofnun.

Í fylgiskjali með frumvarpinu eru drög að frumvarpi til laga um stjórnlagaþing. Samkvæmt þeim breytingartillögum sem meiri hlutinn hefur lagt til verður ekki séð að samræmi sé á milli þessara tillagna og þeirra draga sem um ræðir. Þó er ekki tekin afstaða til þeirra mála sem þarfnast breytinga eða löggjafanum veittar nægilegar leiðbeiningar þegar kemur að útfærslu laga um stjórnlagaþing. Því verður að telja að kostnaðarmat fjármálaráðuneytisins sem gert var um tillögur meiri hlutans, sbr. fskj. 2, sé með öllu óraunhæft enda margir óvissuþættir sem erfitt er að kostnaðargreina, enda segir í kostnaðarmatinu „ekki er síður erfitt að meta með nákvæmni kostnað við stjórnlagaþingið í ljósi þeirra breyttu viðhorfa um tilhögun þinghaldsins sem fram koma í nefndarálitinu en í ljósi upphaflegs frumvarps, og að

fyrir öllum kostnaði verður að gefa sér nánari forsendur. Fyrir utan áframhaldandi óvissu um starfstíma þingsins er óvissa um samkomutíma þess og óvissa eykst um launakostnað þingfulltrúa.“ Umsagnaraðilar gera jafnframt athugasemdir og lýsa áhyggjum af kostnaði, sbr. t.d. fskj. 29 og 18.

Þá vekur minni hlutinn athygli á því að með síðara kostnaðarmati fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins virðist allt önnur hugmynd um stjórnlagaþing metin en var í upphaflegu frumvarpi og upphaflegu kostnaðarmati. Sú spurning kviknar hvers vegna málum er snúið svo, hvort málið kunni að vera svo vanhugsað að menn hafi eingöngu viljað halda í yfirskriftina „stjórnlagaþing“ en litlu skeytt um innihald þess. Framsóknarmenn hafa nú sett fram tvær gerólíkar hugmyndir. Með breytingartillögum meiri hlutans og síðara kostnaðarmati er komin fram sú þriðja, sem er gerólík þeim tveimur fyrri. Hringlandaháttur sem hefur komið fram varðandi stjórnlagaþingið frá upphafi þessa máls sýnir að skort hefur á viðhlítandi umræðu um þessa hugmynd sem og undirbúning áður en málið var lagt fram.

Minni hlutinn lýsir miklum efasemdum um þá tillögu meiri hluta sérnefndarinnar að efnt skuli til kosninga til stjórnlagaþings samhliða sveitarstjórnarkosningum árið 2010, einkum þar sem málið hefur ekki verið rætt við Samband íslenskra sveitarfélaga eða fulltrúa þess. Hætt er við að þessar kosningar trufli hvorar aðra, bæði hvað varðar kosningabaráttu og framkvæmd kosningarinnar.

Minni hlutinn telur óvissuþætti um stjórnlagaþing alltof marga til að hægt sé að byggja á tillögunum. Þá sé augljóst að grundvallarhugmyndin bak við stjórnlagaþing er enn ómótuð og óljós að öðru leyti en því að með þinginu er vegið að heiðri Alþingis og því mótmælir minni hlutinn harðlega.

5. Samantekt.

Sérnefnd um stjórnarskrármál hefur undanfarna daga haft til umfjöllunar frumvarp flutt af fulltrúum fjögurra þingflokka á Alþingi þar sem lagðar eru til þrjár breytingar á stjórnarskrá auk viðbótarákvæðis um stjórnlagaþing. Frumvarpið er flutt sem liður í pólitískum hrossakaupum við myndun núverandi ríkisstjórnar til að fá Framsóknarflokkinn til að verja ríkisstjórnina vantrausti.

Í umræðum um málið og málsmeðferð nefndarinnar hefur orðið ljóst að:

a. málið er vanbúið enda gáfust sérfræðinganefnd einungis þrjár vikur til að vinna tillögur um málið og fjórar vikur hafa gefist til þinglegrar meðferðar,
b. ekki er fyrir hendi víðtæk samstaða um málið og afgreiðslu þess eins og jafnan hefur verið undanfarin 50 ár. Þvert á móti er málið flutt og afgreitt úr nefnd í miklu ósætti,
c. ekki er fyrir hendi samstaða meðal umsagnaraðila málsins um gildi þess,
d. fjölmörg sjónarmið og athugasemdir hafa komið fram frá sérfræðingum við frumvarpið sem þarfnast að mati minni hlutans frekari skoðunar,
e. fjölmargir umsagnaraðilar vekja athygli á óljósri hugtakanotkun og vafa við túlkun einstakra ákvæða, sem valdið geti réttaróvissu og málarekstri fyrir dómstólum,
f. ekki er nein samstaða innan nefndarinnar um greiningu á kostnaði við lagasetninguna.

Með hliðsjón af þessu viljaleysi meiri hlutans til að leita samkomulags við minni hlutann og því að skammur tími er nú til loka þings og mörg mikilvæg mál á dagskrá þess fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu telur minni hlutinn ekki raunhæft að ljúka með fullnægjandi hætti efnislegri umfjöllun og ná sameiginlegri niðurstöðu um ákvæði frumvarpsins að svo stöddu.

Minni hlutinn leggur því til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem færð hafa verið gild rök fyrir því að ekki sé raunhæft að ljúka með fullnægjandi hætti efnislegri umfjöllun og ná sameiginlegri niðurstöðu um ákvæði frumvarpsins að svo stöddu samþykkir Alþingi að málinu **verði vísað frá** og tekið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 1. apríl 2009.

Björn Bjarnason, frsm.	Sturla Böðvarsson.	Birgir Ármannsson.

Jón Magnússon.

Með nefndarálitinu er útbýtt þeim umsögnum o.fl. sem nefndinni bárust um málið:

1. Kostnaðarumsögn frá fjármálaráðuneytinu. (13. mars 2009.)
2. Kostnaðarumsögn frá fjármálaráðuneytinu. (31. mars 2009.)
3. Umsögn frá laganefnd Lögmannafélags Íslands. (25. mars 2009.)
4. Umsögn frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. (20. mars 2009.)
5. Umsögn frá Ragnhildi Helgadóttur, prófessor við Háskólann í Reykjavík. (17. mars 2009.)
6. Umsögn frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga. (16. mars 2009.)
7. Umsögn frá Davíð Þorlákssyni, lögfræðingi. (18. mars 2009.)
8. Umsögn frá Landvernd. (20. mars 2009.)
9. Viðbótarumsögn frá Landvernd. (24. mars 2009.)
10. Blaðagrein eftir Helga Áss Grétarsson, lögfræðing. (Fréttablaðið, 13. mars 2009.)
11. Umsögn frá Davíð Þór Björgvinsyni, prófessor. (20. mars 2009.)
12. Umsögn frá Landsvirkjun. (20. mars 2009.)
13. Umsögn frá Norðuráli hf. (20. mars 2009.)
14. Umsögn frá Sjómannasambandi Íslands. (20. mars 2009.)
15. Minnisblað frá Sigurði Líndal. (20. mars 2009.)
16. Minnisblað frá Svani Kristjánssyni, prófessor. (20. mars 2009.)
17. Umsögn frá Ragnari Árnasyni, prófessor, og Birgi Þór Runólfssyni, dósent. (16. mars 2009.)
18. Umsögn frá Alþýðusambandi Íslands. (20. mars 2009.)
19. Umsögn frá Reykjavíkurakademíunni. (20. mars 2009.)
20. Umsögn frá Samtökum atvinnulífsins. (20. mars 2009.)
21. Umsögn frá Landssambandi smábátaeigenda. (20. mars 2009.)
22. Umsögn frá Viðskiptaráði Íslands. (20. mars 2009.)
23. Umsögn frá Félagi umhverfisfræðinga á Íslandi. (20. mars 2009.)
24. Umsögn frá Orkustofnun. (20. mars 2009.)
25. Umsögn frá Samorku, samtökum orku- og veitufyrirtækja. (20. mars 2009.)
26. Umsögn frá Norðurorku. (20. mars 2009.)

27. Umsögn frá RARIK ohf. (20. mars 2009.)
28. Umsögn frá HS Orku hf. (20. mars 2009.)
29. Umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. (20. mars 2009.)
30. Umsögn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. (19. mars 2009.)
31. Umsögn frá Samtökum um lýðræði og almannahag. (19. mars 2009.)
32. Tilkynning frá Ágústi Þór Árnasyni f.h. Háskólans á Akureyri. (24. mars 2009.)
33. Blaðagrein eftir Hafstein Þór Hauksson, lögfræðing. (Morgunblaðið, 27. febrúar 2009.)
34. Blaðagrein eftir Skúla Magnússon, lögfræðing. (Fréttablaðið, 4. mars 2009.)

893. Lög [407. mál]

um breyting á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. apríl 2009.)

Samhljóða þskj. 691.

894. Lög [397. mál]

um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 2. apríl 2009.)

Samhljóða þskj. 812.

895. Lög [335. mál]

um visthönnun vöru sem notar orku.

(Afgreidd frá Alþingi 2. apríl 2009.)

Samhljóða þskj. 813 með þessari breytingu:

11. gr. hljóðar svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum sem renna í ríkissjóð. Um meðferð slíkra mála fer samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

896. Svar [205. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um EES-samninginn.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er áætlaður samanlagður ávinningur þjóðarbúsins af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið mældur í fjárhæðum og sem hlutfall af landsframleiðslu?*
2. *Hver hafa áætluð áhrif samningsins verið á atvinnustig, kaupmáttarþróun og tekjur hins opinbera?*
3. *Hver hefur sérstaklega verið áætlaður ávinningur af samningnum vegna ákvæða hans um frjálsa fjármagnsflutninga?*

Rétt er að taka fram að hvorki almenn né sértæk hagfræðileg úttekt hefur verið gerð á efnahagslegum áhrifum EES-samningsins. Slík úttekt krefðist verulegs tíma og fjármuna að framkvæma. Í þessu ljósi er það vandkvæðum bundið að greina á milli almennra áhrifa opnunar markaða og sértækra áhrifa EES-samningsins eða annarrar efnahagslegrar þróunar á þeim tíma sem EES-samningurinn hefur verið í gildi.

1. Í samræmi við framangreint er ekki unnt að svara spurningunni með beinum tölum. EES-samningurinn fól í sér umtalsverða opnun fyrir viðskipti við mikilvægasta markað Íslands samanborið við það sem áður var. Fram að gildistöku EES-samningsins hafði verið í gildi fríverslunarsamningur ESB og Íslands sem fól í sér tilslakanir í tollum af hálfu ESB að því er varðar vöruviðskipti, þ.m.t. sjávarafurðir. EES-samningurinn tryggði hins vegar enn frekari opnanir í því efni og afnam t.d. allt heilbrigðiseftirlit á landamærum ESB gagnvart sjávarafurðum sem skapaði forsendur fyrir útflutningi á verðmætari vörum. Auk þessa komst á fullt frelsi í þjónustuviðskiptum auk frjálsra fjármagnsflutninga og fjárfestinga (fyrir utan fjárfestingar í sjávarútvegi). Þessi opnun skapaði ný tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki til að auka vöruútflutning til ESB auk þess að efla útflutning til dæmis þjónustu og auka fjárfestingu. Þannig má segja að sú opnun sem EES-samningurinn var hafi skapað tækifæri og ávinning fyrir íslenskt atvinnulíf.
2. Hinu sama gegnir hér og fyrr að sértæk úttekt hefur ekki farið fram á þessu atriði. Hins vegar má benda á að atvinnustig hefur verið tiltölulega jafnt og jákvætt allan gildistíma EES-samningsins auk þess sem lengst af hefur þróun kaupmáttar verið hagfelld. Tekjur hins opinbera hafa á tímabilinu vaxið í takt við aukinn kaupmátt og sterkt atvinnu- og efnahagslíf; aukin viðskipti skiluðu sér í almennri velmegun og auknum útflutningi vöru og þjónustu.
3. Um áratuga skeið var það lífsnauðsynlegt fyrir lykilfyrirtæki í íslensku efnahagslífi að geta fjármagnað sig með erlendu lánsfé. Með EES-samningnum var slík fjármögnun gefin frjáls þar sem óheimilt varð að takmarka rétt einstaklinga og lögaðila til að afla fjármagns á evrópskum fjármagnsmörkuðum. Hinu sama gegndi um flutning fjármagns frá Íslandi til landa á EES-svæðinu. Þessi aðstaða skapaði aukin tækifæri í fjármögnun atvinnulífsins til fjárfestinga og uppbyggingar. Auk þess skapaði þessi aðstaða forsendur fyrir samkeppni á íslenskum fjármálamarkaði.

897. Svar [383. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um notendastýrða persónulega aðstoð.

1. *Hverjar eru tillögur nefndar um notendastýrða persónulega aðstoð?*

Í júlí 2006 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra nefnd sem hafði það hlutverk að fjalla um notendastýrða þjónustu fyrir fólk með fötlun. Í nefndinni voru fulltrúar hagsmunasamtaka fatlaðra, svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra ásamt fulltrúum félagsmálaráðuneytisins. Nefndin var skipuð í framhaldi af því að í stefnumótun ráðuneytisins í málefnum fatlaðra barna og fullorðinna 2007–2016 er gert ráð fyrir því að gerðar verði tilraunir með notendastýrða þjónustu á Íslandi og stuðst við reynslu annarra þjóða við framkvæmd þjónustu af þessu tagi.

Notendastýrð þjónusta við fatlað fólk felst í því að sá er í hlut á stjórnar því að jafnaði sjálfur hvers konar stoðþjónustu hann nýtur, hvar og hvernig hún er veitt og að hve miklu leyti. Það er þó háð tilteknum fjárhags- eða tímaramma sem veltur á sameiginlegu mati notenda og þjónustuaðila á þjónustuþörfum.

Nefndin leitaði víða fanga í upplýsingaöflun um framkvæmd slíkrar þjónustu og var þá sérstaklega horft til þess hvernig þjónustan er útfærð í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Nefndin tók sérstaklega til umfjöllunar hvaða valkostir gætu verið varðandi útfærslu hennar á Íslandi og reyndi að leggja mat á hvaða kostir og gallar gætu fylgt þessu fyrirkomulagi.

Í áfangaskýrslu nefndarinnar til félagsmálaráðherra í febrúar 2007 lagði nefndin fram tillögur um fyrstu skrefin í frekari þróun notendastýrðar þjónustu á Íslandi. Þær voru meðal annars eftirfarandi:

A. Komið verði á laggirnar tilraunaverkefni til tveggja ára er nái til 4–6 einstaklinga sem á tímabilinu þurfa á að halda færanlegri öndunarvélaþjónustu heima og að heiman vegna sjúkdóma eða slysa.
B. Notendur þjónustunnar geti átt val um að nýta sér einn fjögurra valkosta við framkvæmd þjónustunnar en þeir eru að:
   I. svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra í samvinnu við félagsþjónustu sveitarfélaga annist framkvæmd þjónustunnar,
   II. notandinn sjálfur fái beinar greiðslur til þess að ráða til sín starfsfólk til að annast framkvæmdina og alla umsýslu,
   III. hagsmunasamtök fatlaðs fólks stofni með sér fyrirtæki/samvinnufélög sem annist hagnýt atriði varðandi starfsmannahald, þ.e. launagreiðslur, útvegun afleysingafólks, aðstoð við ráðningar o.s.frv. eða
   IV. einkafyrirtæki sem hafi til þess faglega og tæknilega þekkingu annist alla framkvæmd þjónustunnar.
C. Kannað verði hvort heppilegt sé að koma á fót sérstakri úrskurðarnefnd til að leggja mat á tímafjölda eða umfang þjónustu ef notandi er ósáttur við matið.
D. Félags- og tryggingamálaráðuneytið leggi fram tillögur um tiltekna kostnaðarskiptingu milli hinna ýmsu þjónustuaðila innan heilbrigðis- og félagsþjónustunnar eftir að framangreindu tilraunaverkefni er lokið.
E. Rannsókn verði gerð á framkvæmd tilraunverkefnisins sem verði síðan leiðarljós um framhald þjónustu af þessu tagi.
F. Félags- og tryggingamálaráðuneytið setji verklagsreglur í samvinnu við hagsmunaaðila

um skipulag og framkvæmd þjónustunnar, þar á meðal um matsferli, gæðaeftirlit og hámarkstímafjölda.

2. Er unnið að bættu lagaumhverfi fyrir þessa þjónustu?

Á grundvelli þeirrar reynslu sem fengist hefur á undanförnum árum er það mat ráðuneytisins að stefnt skuli að því að koma á laggirnar notendastýrðri þjónustu fyrir fólk með fötlun. Unnið hefur verið að endurskoðun laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, í ráðuneytinu þar sem meðal annars hefur verið litið til þess að tryggja umgjörð og innihald notendastýrðar þjónustu. Í þessu sambandi er sérstaklega horft til þess að markmið þjónustunnar verði skýr. Framkvæmd hennar fylgi skýrum verklagsreglum, meðal annars um matsferli, gæðaeftirlit og hámarkstímafjölda. Þess verði þó gætt að gæðaeftirlitið sé nægjanlegt og áreiðanlegt án þess þó að ganga svo langt að vera íþyngjandi fyrir notandann. Stefnt er að því að leggja fram frumvarp um þetta efni sem fyrst en óneitanlega kunna aðstæður í ríkisfjármálum að hafa þar áhrif og þá hugsanlega seinka framlagningu frumvarpsins.

3. Er á einhvern hátt verið að kanna þörf fyrir slíka aðstoð?

Á undanförnum árum hefur ráðuneytið lagt á það ríka áherslu að fylgt sé ákveðnum grundvallarsjónarmiðum sem meðal annars birtast í stefnumótun ráðuneytisins og markmiðsgrein laga um málefni fatlaðra. Í því felst meðal annars að samfélagið býður þeim sem búa við fötlun margvíslegan stuðning og aðstoð til þess að draga úr eða jafna áhrif fötlunar. Með því er leitast við að tryggja jafnrétti og lífskjör og skapa skilyrði til eðlilegs og verðugs lífs. Áhersla ráðuneytisins á notendastýrða þjónustu er ein leið til að koma til móts við þessi grundvallasjónarmið.

Ráðuneytið telur því brýnt að fara vandlega yfir það með hagsmunasamtökum fatlaðra hvernig unnt verði að stuðla að áframhaldandi þróun þeirrar hugmyndafræði sem tryggi enn frekar áhrif fólks með fötlun á eigið líf og fyrirkomulag og framkvæmd þeirrar þjónustu sem því stendur til boða.

898. Svar [404. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Þuríðar Backman um framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla.

1. Hvenær má vænta þess að framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla verði kynnt?

Samþykkt var á Alþingi 15. mars 2003 þingsályktun um framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla. Í ályktuninni fólst að skipaður yrði starfshópur með fulltrúum ráðuneyta félagsmála, menntamála, umhverfismála, heilbrigðis- og tryggingamála, dómsmála, samgöngumála og fjármála ásamt fulltrúum frá hagsmunasamtökum fatlaðra til að semja framkvæmdaáætlun sem hefði að markmiði að tryggja aðgengi fyrir alla. Þessi framkvæmdaáætlun skyldi unnin með hliðsjón af meginreglum Sameinuðu þjóðanna um þátttöku fatlaðra til jafns við aðra.

Starfshópur til þess að vinna að gerð framkvæmdaáætlunarinnar var skipaður í lok september 2003. Verkefni af þessu tagi eru afar tímafrek og umfangsmikil þar sem verkefnið spannar afar vítt svið. Í upphafi var einnig tekin sú ákvörðun að vanda mjög vel til verksins. Afla þurfti upplýsinga frá fjölmörgum aðilum og vinna vandlega úr svörum og ábendingum

sérfræðinga. Vinnu hópsins má því skipta í þrjú tímabil. Því fyrsta lauk á fyrri hluta ársins 2004 þegar fyrir lá frumgreining á þörfum fyrir umbætur í ljósi grunnreglna Sameinuðu þjóðanna. Vinnan á því tímabili fólst í að fara yfir reglurnar í ljósi íslenskra aðstæðna.

Að loknum þessum hluta vinnunnar vorið 2004 hófst annar hluti hennar. Þá var hópnum skipt í smærri einingar sem greindi frekar hverja reglu fyrir sig. Sérfræðingar í hinum ýmsu málaflokkum tóku þá þátt í að skilgreina betur þau verkefni sem vinna þyrfti að en þeirri vinnu lauk í árslok 2006. Eftir það var unnið nánar úr því efni sem starfshópurinn hafði viðað að sér, bæði innan hans og í einstaka ráðuneyti. Í desember 2007 lauk vinnu nefndarinnar og var skýrsla um starf hennar afhent ráðherra í ársbyrjun 2008. Síðan hefur áætlunin verið til umfjöllunar á vettvangi félags- og tryggingamálaráðuneytisins en mörg þeirra verkefna sem koma fram í skýrslu nefndarinnar hafa meðal annars verið hluti stefnumótunarvinnu í málefnum fatlaðra. Jafnframt ber þess að geta að þau ráðuneyti sem tóku þátt í gerð framkvæmdaáætlunarinnar hafa sett mörg verkefni sem í henni eru inn í stefnumótun, starfs- og aðgerðaáætlanir. Þá hafa sum þessara verkefna þegar komist í framkvæmd að hluta eða öllu leyti.

Ráðherra mun standa fyrir kynningu á framkvæmdaáætluninni í apríl 2009 um leið og skýrsla starfshóps um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun verður kynnt.

2. *Hvenær má vænta lagafrumvarpa og reglugerða sem lúta að aðgengismálum í tengslum við gerð framkvæmdaáætlunarinnar?*

Eins og fyrr hefur verið getið hafa mörg þeirra verkefna sem skilgreind eru í framkvæmdaáætluninni verið þegar framkvæmd að hluta eða öllu leyti eða þau munu verða framkvæmd án sérstakra laga- eða reglugerðarbreytinga. Hvað önnur verkefni varðar er ljóst að breyta þarf lögum og reglugerðum. Greining á þeim lögum og reglugerðum sem breyta þarf liggur nú að mestu leyti fyrir í félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Sú vinna er meðal annars afrakstur þeirrar skoðunar sem átt hefur sér stað vegna væntanlegrar fullgildingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun. Væntanlega verður lagafrumvarp þess efnis lagt fram á Alþingi veturinn 2009–2010 samhliða því að ráðist verði í breytingar á reglugerðum.

899. Nefndarálit [316. mál]

um till. til þál. um vöktun samfélagslegra áhrifa álvers- og virkjunarframkvæmda á Reykjanesi.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi samþykki að fela Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, í samvinnu við Háskóla Íslands að fylgjast með samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs á því landsvæði þar sem áhrifa álvers- og virkjunarframkvæmda á Reykjanesi mun gæta mest.

Í tengslum við álverið í Reyðarfirði hefur sams konar verkefni verið sett á laggirnar sem hefur skilað góðum árangri. Þó hefur verið á það bent á fundi nefndarinnar að skýrslurnar mættu gefa heildstæðari mynd af því hvaða áhrif framkvæmdin hefur haft á atvinnulífið á svæðinu. Þannig hafi hinn félagsfræðilegi þáttur verið afar sterkur en styrkja mætti hagfræðihluta vöktunarinnar.

Með hliðsjón af þessu telur meiri hlutinn að nauðsynlegt sé svo að vöktun samfélagslegra áhrifa álvers- og virkjunarframkvæmda á suðvesturhorninu nái tilsettum markmiðum að ákveðnum upplýsingum sé safnað á meðan á framkvæmdum stendur. Þá sé mikilvægt að gerð sé úttekt á því hvaða áhrif framkvæmdin hefur á aðra atvinnuvegi og sköpun í landinu. Einnig sé nauðsynlegt að þessar stofnanir vinni þetta verk í samvinnu við Rannsóknarstofu Háskólans á Akureyri sem vann sams konar verkefni á Austurlandi. Þannig megi nýta þá þekkingu sem nú þegar liggur þar fyrir vegna úttektar hennar á samfélagslegum áhrifum álversins í Reyðarfirði. Þá telur meiri hlutinn mikilvægt, þó með þeim fyrirvara að framkvæmdir í Helguvík hefjist, að þeir aðilar sem hyggjast reisa álver í Helguvík og orkuframleiðendur komi að þessu verkefni með fjárhagslegum stuðningi og um það verði samið sérstaklega. Þá telur meiri hlutinn mikilvægt að mótuð verði skýr og heildstæð stefna um vöktunina og leggur því til að ráðuneyti byggðamála geri strax í upphafi samning við Keili og Háskóla Íslands og hafi eftirlit með vinnunni allan tímann. Í samningnum skal m.a. skilgreint með skýrum hætti hvað á að rannsaka og til hvaða svæðis rannsóknin tekur, greiðslur skuli vera árangurstengdar og helst miðaðar við árleg skil á áfangaskýrslum, þeim verði skilað á hverju ári og lokaskýrsla verði heildarskýrsla.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Grétar Mar Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. apríl 2009.

Katrín Júlíusdóttir, form., frsm.	Einar Már Sigurðarson.	Eygló Harðardóttir.
Björgvin G. Sigurðsson.	Herdís Þórðardóttir.	Kristján Þór Júlíusson.
	Björk Guðjónsdóttir.	

900. Svar [424. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Ármanns Kr. Ólafssonar um Icesave-reikninga Landsbankans.

1. *Hvaða skýrslur um stöðu viðræðna við bresk og hollensk yfirvöld liggja fyrir í ráðuneytum eða undirstofnunum þeirra? Ef einhverjar eru er óskað eftir því að þingið verði upplýst um innihald þeirra?*

Viðræður við hollensk og bresk stjórnvöld um lausn Icesave-málsins hafa staðið yfir frá því í október. Utanríkismálanefnd hefur jafnóðum verið upplýst um efni viðræðnanna og afhent helstu gögn í trúnaði með vísan til 24. gr. þingskapalaga.

2. *Hafa íslensk stjórnvöld undirritað eitthvert samkomulag við áðurnefnd yfirvöld um skilning á skuldbindingum Íslands varðandi Icesave-reikninganna eða undirgengist lánveitingu frá þeim til að borga innstæðurnar að fullu?*

Hinn 11. október var skrifað undir bráðabirgðasamkomulag við Hollendinga eins og greint var frá á sínum tíma. Það samkomulag var hins vegar ekki til lykta leitt og er það sameiginlegur skilningur aðila að mál séu nú komin í annan farveg. Þannig ályktaði Alþingi hinn 5. desember sl. að fela ríkisstjórninni að leiða til lykta samninga við viðeigandi stjórnvöld vegna innstæðna í útibúum íslenskra viðskiptabanka á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli þeirra sameiginlegu viðmiða sem aðilar hefðu komið sér saman um. Samningaviðræður standa enn yfir og ekkert samkomulag hefur verið undirritað. Hin umsömdu viðmið voru birt sem fylgiskjal með umræddri þingsályktunartillögu (þskj. 219, 177. mál). Það er hins vegar sameiginlegur skilningur aðila að eftir hin umsömdu viðmið séu mál komin í annan farveg.

3. *Hefur nákvæm lagaleg úttekt verið gerð á réttarstöðu Íslands innan ramma EES-samningsins varðandi Icesave? Ef svo er hverjar eru þær og hvar er hægt að nálgast þær?*

Fjölmargar úttektir hafa verið gerðar sem tengjast réttarstöðu Íslands varðandi Icesave-reikningana. Helstu gögn málsins, m.a. lögfræðilegar úttektir, hafa verið afhentar utanríkismálanefnd, sbr. svar við 1. tölul.

901. Svar [355. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Helga Hjörvar um kostnað við gjaldeyrisvaraforðann.

1. *Hver var ávöxtun gjaldeyrisvaraforðans árlega eftir myntum árin 2004–2008, annars vegar í prósentum og hins vegar upphæðum fyrir hverja mynt?*

2004

Ávöxtun verðbréfa USD	Gengisbreyting	Vaxtatekjur
Upphæð	-4.680.610,00	8.800.173,16
%	-1,987%	3,736%
Ávöxtun verðbréfa EUR	Gengisbreyting	Vaxtatekjur
Upphæð	3.395.663,90	6.979.318,71
%	1,749%	3,594%
Ávöxtun verðbréfa GBP	Gengisbreyting	Vaxtatekjur
Upphæð	29.730,00	1.752.374,76
%	0,095%	5,575%

	Vegin ávöxtun lausafjár 2004	Dagleg meðalstaða	Vaxtatekjur
EUR	2,00%	99.548.000	1.989.043
GBP	4,62%	37.246.000	1.720.744
USD	1,37%	104.000.000	1.424.800

2005

Ávöxtun verðbréfa USD	Gengisbreyting	Vaxtatekjur
Upphæð	-6.639.810,00	10.845.128,24
%	-2,353%	3,843%
Ávöxtun verðbréfa EUR	Gengisbreyting	Vaxtatekjur
Upphæð	-1.028.050,00	7.425.550,75
%	-0,461%	3,330%
Ávöxtun verðbréfa GBP	Gengisbreyting	Vaxtatekjur
Upphæð	29.730,00	1.752.374,76
%	0,095%	5,575%

	Vegin ávöxtun lausafjár 2005	Dagleg meðalstaða	Vaxtatekjur
EUR	1,99%	80.400.000	1.598.280
GBP	4,20%	42.311.000	1.778.631
USD	3,16%	97.800.000	3.090.100

2006

Ávöxtun verðbréfa USD	Gengisbreyting	Vaxtatekjur
Upphæð	37.590,00	11.471.681,29
%	0,013%	4,060%
Ávöxtun verðbréfa EUR	Gengisbreyting	Vaxtatekjur
Upphæð	-11.969.485,00	17.232.605,03
%	-2,552%	3,675%
Ávöxtun verðbréfa GBP	Gengisbreyting	Vaxtatekjur
Upphæð	-1.421.820,00	2.489.847,15
%	-2,861%	5,010%

	Vegin ávöxtun lausafjár 2006	Dagleg meðalstaða	Vaxtatekjur
EUR	2,82%	112.000.000	3.158.868
GBP	4,70%	36.500.000	1.713.808
USD	4,93%	83.000.000	4.091.778

2007

Ávöxtun verðbréfa USD	Gengisbreyting	Vaxtatekjur
Upphæð	5.536.530,00	10.815.124,66
%	2,068%	4,040%
Ávöxtun verðbréfa EUR	Gengisbreyting	Vaxtatekjur
Upphæð	-13.774.890,00	47.191.099,32
%	-1,155%	3,955%
Ávöxtun verðbréfa GBP	Gengisbreyting	Vaxtatekjur
Upphæð	-77.240,00	3.495.275,70
%	-0,121%	5,462%

	Vegin ávöxtun lausafjár 2007	Dagleg meðalstaða	Vaxtatekjur
EUR	3,90%	95.200.000	3.708.740
GBP	3,70%	632.900	23.417
USD	4,70%	47.700.000	2.241.900

2008

Ávöxtun verðbréfa USD	Gengisbreyting	Vaxtatekjur
Upphæð	5.113.045,00	7.247.726,26
%	2,991%	4,239%
Ávöxtun verðbréfa EUR	Gengisbreyting	Vaxtatekjur
Upphæð	18.051.555,96	38.184.370,70
%	1,990%	4,209%
Ávöxtun verðbréfa GBP	Gengisbreyting	Vaxtatekjur
Upphæð	2.539.590,00	2.037.057,44
%	6,147%	4,931%

	Vegin ávöxtun lausafjár 2008	Dagleg meðalstaða	Vaxtatekjur
EUR	3,15%	257.713.889	8.120.359
GBP	3,54%	53.939.444	1.907.988
USD	1,27%	175.130.556	2.225.447
JPY	0,39%	4.455.555.556	17.578.889
NOK	3,34%	22.636.111	756.617
SEK	2,04%	6.361.111	129.694
USD	2,96%	36.930.556	1.092.207
CHF	2,41%	27.778	670
DKK	3,61%	7.765.278	280.186

Frá árinu 2004 hefur gulleign Seðlabankans verið um 64.000 únsur. Ávöxtun gulls hefur verið óveruleg á þessu tímabili.

2. *Hver er áætlaður kostnaður hins opinbera af sambærilegum lántökum eftir myntum á sama árabili, annars vegar í prósentum og hins vegar upphæðum fyrir hverja mynt?*

Skiptar skoðanir eru um hvernig meta eigi kostnað við að halda gjaldeyrisforða. Ein aðferð er að bera saman kostnað af lántöku við fjárfestingu í áhættulausri eign. Í þessu tilfelli mætti hugsa sér að ríkið gæfi út skuldabréf í evrum til fimm ára og andvirði skuldabréfsins yrði fjárfest í fimm ára þýsku ríkisskuldabréfi.

Á undanförnum árum hefur ríkissjóður gefið út tvö skuldabréf, annars vegar í mars 2004 og hins vegar í desember 2006 og einnig tók ríkissjóður 300 milljóna evru lán í september sl.

Hinn 8. mars 2004 gaf ríkissjóður út skuldabréf til 10 ára að fjárhæð 200 milljónir bandaríkjadala í samvinnu við Citi Group. Lán þetta var ekki hugsað til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands. Fastir vextir skuldabréfsins voru 4,375%. Á sama tíma var ávöxtunarkrafa 10 ára bandarískra ríkisbréfa um 3,73%. Mismunur á ávöxtunarkröfu bandarískra ríkisbréfsins og útgáfu ríkissjóðs var því um 64,5 punktar. Punktur jafngildir 1:100 úr prósentu, þ.e. 1% jafngildir 100 punktum. Vaxtagreiðslur af þessu láni eru 8,75 milljónir bandaríkjadala á ári.

Hinn 1. desember 2006 gaf ríkissjóður út skuldabréf til fimm ára (2011) fyrir 1 milljarð evra með 3,75% föstum vaxtagreiðslum. Því eru vaxtagreiðslur af láninu 37,5 milljónir evra á ári. Ávöxtunarkrafa fimm ára þýsks ríkisbréfs (OBL 149) þann 4. desember 2006 var ríflega 3,59% en ávöxtunarkrafa á skuldabréfi ríkissjóðs sama dag var um 3,94%. Mismunur á ávöxtunarkröfu þýska ríkisbréfsins og útgáfu ríkissjóðs var því um 35 punktar.

Í dag er munur á ávöxtunarkröfu sömu skuldabréfa (OBL 149 og evruútgáfa ríkissjóðs) um 1.700 punktar. Ef litið er á skuldatryggingarálag ríkissjóðs í dag er það um 1.000 punktar en á árinu 2008 hefur það verið á bilinu 100–1.400 punktar. Það er því erfitt að áætla hver kostnaður ríkissjóðs hefði getað verið á árinu 2008, en í september 2008 tók ríkissjóður að láni 300 milljónir evra til 3 ára á 90 punktum yfir 6 mánaða Euribor sem þó var tekið áður en fjármálakerfi landsins hrundi. Þann 31. mars nk. þarf að greiða 9,3 milljónir evra í vaxtagreiðslur af láninu. Það er ekki óvarlegt að áætla að kostnaður ríkissjóðs vegna útgáfu ríkissjóðs á árinu 2008 hefði getað verið a.m.k. 300 punktar.

Það er því ljóst að kostnaður ríkissjóðs mældur á þennan mælikvarða hefur verið um 65 punktar á árunum 2004–2005. Á árunum 2006–2007 hafi þetta verið 35 punktar en á árinu 2008 má gera ráð fyrir kostnaði upp á um 300 punkta. Ekki er óvarlegt að áætla að þessi

kostnaður hefði nokkurn veginn verið sá sami hvort sem litið er til evru, bandaríkjadala eða sterlingspunda.

Byggt er á upplýsingum frá Seðlabanka Íslands.

902. Svar [352. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Guðjóns A. Kristjánssonar um þróun erlendra vaxtatekna og vaxtagjalda.

1. *Hver var hlutdeild einstakra viðskiptabanka annars vegar og annarra aðila hins vegar í vaxandi vaxtatekjum og vaxtagjöldum þjóðarbúsins á hverju ári frá 2004–2008?*

Vegna ákvæðisins um þagnarskyldu í 35. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, er ekki unnt að veita upplýsingar um einstakar stofnanir.

m.kr.	**2008**	**2007**	**2006**	**2005**	**2004**
Vaxtatekjur	213.264	138.955	73.114	21.491	8.795
Innlánsstofnanir	191.175	127.249	66.188	17.925	5.685
Aðrir	22.089	11.706	6.926	3.559	3.099
Vaxtagjöld	-534.798	-292.772	-166.673	-61.407	-35.478
Innlánsstofnanir	-389.333	-235.028	-133.802	-43.640	-19.207
Aðrir	-145.465	-57.744	-32.871	-17.767	-16.271

2. *Hver var hlutdeild helstu erlendra fjármálastofnana eftir ríkisfangi í vaxtatekjum og vaxtagjöldum á tímabilinu?*

Seðlabanki Íslands hefur ekki yfir að ráða nauðsynlegum upplýsingum til þess að svara þessum lið í fyrirspurninni.

3. *Hver er skýring Seðlabanka Íslands á því að miðað við verga landsframleiðslu hafi erlend skuldastaða þjóðarbúsins tvöfaldast á tímabilinu, samkvæmt upplýsingum úr nýlegri skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en af hækkun vaxtagjalda eins og þau birtast í peningamálum virðist mega ráða að erlend skuldastaða hafi allt að fimmfaldast?*

Erlendar skuldir eru reiknaðar yfir í íslenskar krónur á gengi í lok ársfjórðungs. Því er mikilvægt að hafa í huga að áhrif gengisbreytinga á erlenda skuldastöðu geta verið töluverð, ekki síst síðustu missiri. Landsframleiðsla er hins vegar flæðistærð sem safnast upp yfir allt árið. Áhrif gengis á landsframleiðslu eru því ekki þau sömu og á erlendu skuldastöðuna.

Virði erlendra gjaldmiðla í árslok 2008 var töluvert hærra en meðalvirði þeirra á árinu gaf til kynna. Sem dæmi þá var bandaríkjadalur tæpum 40% verðmeiri í árslok 2008 en meðaltal ársins. Gengisbreytingarnar leiða til þess að skuldastaða þjóðarbúsins versnar töluvert miðað við landsframleiðslu.

Ein helsta skýringin á mikilli aukningu vaxtagjalda er sú að vextir á erlendum lánamörkuðum hafa hækkað mikið frá árinu 2004 auk þess sem skuldaálag á íslensku bankanna hækkaði mjög mikið frá síðari hluta ársins 2007.

Byggt er á upplýsingum frá Seðlabanka Íslands.

903. Nefndarálit [411. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja.

Frá 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hafstein S. Hafsteinsson og Arnar Þór Másson frá fjármálaráðuneyti, Tómas Brynjólfsson frá forsætisráðuneyti, Svein Arason og Lárus Ögmundsson frá Ríkisendurskoðun, Þórð Friðjónsson frá Kauphöll NASDAQ OMX, Pál Gunnar Pálsson frá Samkeppniseftirlitinu, Harald I. Birgisson frá Viðskiptaráði, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Pál Rúnar Mikael Kristjánsson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Arnar Sigurmundsson og Þorgeir Eyjólfsson frá Landssamtökum lífeyrissjóða, Einar Guðbjartsson, dósent við Háskóla Íslands, og Jón Gunnar Jónsson bankamann, Árna Þór Þorbjörnsson og Jón Þór Gunnarsson frá Nýja Landsbankanum, Jakob Bjarnason frá Nýja Kaupþingi og Vilhelm Má Þorsteinsson frá Íslandsbanka. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá ríkisskattstjóra, Fjármálaeftirlitinu, Samtökum atvinnulífsins, Byggðastofnun, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Ríkisendurskoðun, Félagi löggiltra endurskoðenda, Jóni Gunnari Jónssyni, Einari Guðbjartssyni, Samkeppniseftirlitinu, Viðskiptaráði Íslands, Kauphöll NASDAQ OMX, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Samtökum fjármálafyrirtækja, Seðlabanka Íslands og Alþýðusambandi Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að opinberu hlutafélagi verði komið á fót tímabundið í þeim tilgangi að kaupa þjóðhagslega mikilvæg atvinnufyrirtæki sem vegna rekstrarerfiðleika eru komin í eigu fjármálastofnana að hluta til eða öllu leyti. Félaginu er ætlað að koma hlutaðeigandi fyrirtæki í rekstrarhæft ástand og selja að því búnu eignarhlut sinn í því um leið og markaðsaðstæður leyfa. Frumvarpið byggist á tillögum í fyrstu starfsáætlun samræmingarnefndar um endurreisn bankakerfisins sem kynnt var af Svíanum Mats Josefson. Verður í eftirfarandi umfjöllun gerð grein fyrir helstu efnisatriðum sem nefndin ræddi í tengslum við frumvarpið og breytingar sem hún leggur til.

Fundur með Mats Josefson.

Á sameiginlegum fundi efnahags- og skattanefndar og viðskiptanefndar 5. febrúar sl. kom Mats Josefson ásamt fulltrúum forsætisráðuneytis til að gera grein fyrir starfsáætlun samræmingarnefndar þar sem kynnt var hugmynd að stofnun miðlægs eignasýslufélags af því tagi sem lagt er til í þessu frumvarpi. Um væri að ræða mikilvæga aðgerð í endurreisn íslenska bankakerfisins sem stæði í nánum tengslum við tilfærslu eigna úr gömlu bönkunum í þá nýju, sbr. lög nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Undirstrikað var á fundinum mikilvægi þess að líftími og starfsemi félagsins yrðu skilgreind í lögum, þ.m.t. eignir sem fluttar yrðu í félagið. Einnig kom fram að nýju bankarnir þrír hefðu verið beðnir hver um sig að útbúa lista yfir 10 stærstu lántakendur sína.

Þörfin fyrir að stofna opinbert eignaumsýslufélag.

Fram kom við umfjöllun málsins að Samtök atvinnulífsins, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök iðnaðarins og Landssamband íslenskra útvegsmanna leggjast gegn frumvarpinu og

telja að það samræmist hvorki stefnu sem birtist í yfirlýsingu fyrri ríkisstjórnar frá 2. desember 2008 um aðgerðir í þágu fyrirtækja né tillögum sem Samtök atvinnulífsins settu fram í kjölfar bankahrunsins og gerð er grein fyrir í IV. kafla atvinnustefnu samtakanna sem gerð var í upphafi þessa árs. Ræddi nefndin í því sambandi hvort nýju bankarnir og eignarhaldsfélög sem þeir hafa stofnað væru vel í stakk búin til að leysa verkefni sem frumvarpið gerir ráð fyrir að eignaumsýslufélagið hafi með höndum og einnig áhrif frumvarpsins á áform aðila vinnumarkaðarins um stofnun endurreisnarsjóðs atvinnulífs, sbr. álit efnahags- og skattanefndar frá 20. des. 2008 (þskj. 459, 219. mál).

Fram kom hjá fulltrúum lífeyrissjóðanna að áformin um endurreisnarsjóðinn hefðu dregist þar sem margir lífeyrissjóðir biðu úrlausnar skilanefnda gömlu bankanna varðandi uppgjör gjaldeyrisskiptasamninga. Tækist að fá niðurstöðu í það mál eins og vonir stæðu til yrði áfram unnið að stofnun sjóðsins óháð samþykkt þessa frumvarps.

Fram kom að vonir standi til þess af hálfu stjórnvalda að nýju bankarnir leysi úr rekstrarvanda fyrirtækja eftir því sem framast er unnt. Sumir gestir tóku einnig fram að í ljósi reynslunnar bæri að leita allra leiða áður en miðlægt eignaumsýslufélag yrði stofnað.

Fyrsti minni hluti tekur fram að ólíkar skoðanir hafi komið fram varðandi það hversu æskilegt sé að endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja fari fram á vegum nýju bankanna, hverjir burðir þeirra séu í þeim efnum og hvort aðstæður og staða atvinnufyrirtækja sé með þeim hætti núna að veita beri fjármálaráðherra heimild til að koma á fót eignaumsýslufélagi samkvæmt frumvarpinu.

Fulltrúar nýju bankanna sem komu á fund nefndarinnar lögðu áherslu á að vinna við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja héldi áfram að fara fram innan bankanna. Bankarnir hefðu komið á fót eignarhaldsfélögum í þeim tilgangi að taka við hlutafé sem myndast hefði við umbreytingu lána fyrirtækja sem stæðu frammi fyrir fjárhagserfiðleikum. Fram til þessa hefði lítið af hlutafé verið fært til eignarhaldsfélaganna þar sem leitast væri við að leysa vanda fyrirtækjanna út frá lánahlið, þ.e. með lánalengingu og skilmálabreytingu. Opinbert eignaumsýslufélag, verði það stofnað, gæti komið að gagni við rekstrarlega endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, helst þeirra sem eru það stór og erfið viðfangs að gera má ráð fyrir að ekki sé hægt að selja þau fyrir ásættanlegt verð á næstu tveimur til þremur árum.

Fyrsti minni hluti áréttar mikilvægi þess að eignaumsýslufélagið taki ekki yfir eignarhluti og rekstarlega endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja fyrr en að yfirstaðinni fjárhagslegri endurskipulagningu og í samkomulagi við hlutaðeigandi fjármálastofnanir.

Skilgreining á þjóðhagslega mikilvægu fyrirtæki.

Á fundum nefndarinnar var því hreyft að ekki yrði ráðið af texta frumvarpsins hvaða atvinnufyrirtæki væru „þjóðhagslega mikilvæg“ og eðlilegra væri að Alþingi skilgreindi hvaða viðmið væru lögð til grundvallar í því sambandi. Tilvitnað orðalag er skilgreint í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins og í 6. og 8. gr. er gert ráð fyrir að kaup eignaumsýslufélagsins fari fram á grundvelli almennra viðmiða sem fjármálaráðherra setur að fenginni tillögu stjórnar eignaumsýslufélagsins sem við gerð tillögu sinnar þarf að afla umsagnar Seðlabanka Íslands og aðila vinnumarkaðarins. Nefndin óskaði eftir upplýsingum um hvort nú þegar lægi fyrir hvaða atvinnufyrirtæki yrðu tekin yfir af félaginu og fékk þau svör að ákvörðun um þetta réðist af þeim viðmiðum sem sett yrðu og ákvörðun stjórnar félagsins á grundvelli þeirra um kaup. Að auki var vísað til skýringa í almennum athugasemdum frumvarpsins.

Áhrif frumvarpsins á samkeppni.

Nefndin ræddi áhyggjur af því að ríkið yrði fyrir tilstilli eignaumsýslufélagsins eigandi að fyrirtækjum sem hefðu ráðandi stöðu á mörgum mikilvægum samkeppnismörkuðum og að það stæði beggja vegna borðsins þegar að því kæmi að semja um skuldir þessara fyrirtækja við nýju bankana. Þetta gæti haft verulega samkeppnishamlandi áhrif.

Fyrsti minni hluti bendir á í þessu sambandi að í umsögn Samkeppniseftirlitsins kemur fram sá skilningur að erfitt geti verið að útfæra ákvæði frumvarpsins nánar á þessu stigi og að við framkvæmd þess sé sérstakt tilefni til að huga að sjónarmiðum um virka samkeppni, sbr. álit nr. 3/2008, Ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum. 1. minni hluti tekur undir sjónarmið stofnunarinnar og bendir á að heimildir frumvarpsins eru tímabundnar og komnar til vegna hruns fjármálakerfisins.

Hlutverk eignaumsýslufélagsins.

Á fundum nefndarinnar komu fram efasemdir um hvort þær forsendur sem liggja til grundvallar frumvarpinu væru réttar í ljósi þeirra leiða sem önnur ríki hefðu farið við endurreisn bankakerfisins. Frumvarpið geri ráð fyrir að eignaumsýslufélagið kaupi eignarhluti í þjóðhagslega mikilvægum atvinnufyrirtækjum í stað þess að losa banka við lán sem líkur eru á að ekki fáist greidd. Þessi greinarmunur er ekki eins glöggur og ætla má því félaginu verður í undantekningartilfellum heimilt að kaupa veðkröfur í fyrirtækjunum. Fram komu sjónarmið um að fara hefði átt aðrar leiðir við uppgjör gömlu bankanna en lagðar voru til grundvallar við setningu laga nr. 125/2008 og veita eignaumsýslufélaginu heimild til að yfirtaka léleg lán nýju bankanna til að styrkja starfsemi þeirra.

Gegn þessum sjónarmiðum færðu fulltrúar fjármálaráðuneytis þau rök að nýju bankarnir hefðu verið stofnaðir í þeim tilgangi að taka við hluta eigna og skulda gömlu bankanna á sannvirði samkvæmt hlutlægu mati óháðra aðila og þar af leiðandi væri almennt ekki þörf á að færa vandræðalán frá nýju bönkunum yfir til eignaumsýslufélagsins. Megintilgangur frumvarpsins væri að endurskipulagning þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja fari fram í félaginu ef um það er samkomulag og við aðstæður þegar hún er hlutaðeigandi fjármálastofnunum (viðsemjendum félagsins) erfið viðfangs.

Fjármögnun eignaumsýslufélagsins.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að kaup á einstökum atvinnufyrirtækjum rúmist innan fjárheimilda eins og þær eru ákvarðaðar í 7. gr. Þar kemur fram að við stofnun félagsins verði innborgað hlutafé ríkissjóðs 20 millj. kr. en innan tveggja mánaða frá stofnun muni þriggja manna nefnd skipuð fulltrúum fjármálaráðherra, viðskiptaráðherra og Ríkisendurskoðunar leggja mat á heildarupphæð stofnfjár eða þörf fyrir aukningu þess miðað við áætlað umfang starfseminnar og árlega þörf félagsins fyrir rekstrarfé. Kostnaðarumsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins gerir ráð fyrir að rekstrarkostnaður verði ekki borinn af ríkissjóði heldur af þeim atvinnufyrirtækjum sem félagið tekur yfir.

Með hliðsjón af framangreindu hefur athygli nefndarinnar verið vakin á því að huga þurfi að heimildum félagsins til að skuldbinda ríkið og jafnframt að eitt mikilvægasta hlutverk í endurskipulagningu sé að leggja rekstri til fjármagn. Þá hefur komið fram það sjónarmið að aðgangur þjóðhagslega mikilvægra fyrirtækja að erlendu lánsfé sé jafnan greiðari en annarra fyrirtækja.

Fyrsti minni hluti vekur einnig athygli á því að í umsögn ríkisskattstjóra kemur fram að með stofnun eignaumsýslufélags sé stofnaður skattskyldur lögaðili skv. 2. gr. laga um tekjuskatt.

Sala eignarhluta í atvinnufyrirtækjum sem eignaumsýslufélagið eignast.

Nefndin ræddi ákvæði frumvarpsins um sölu eignarhluta í atvinnufyrirtækjum sem sumir telja ekki nægilega ítarleg. Fram kom það sjónarmið að ástæða væri til að taka skýrar fram hvort áhersla félagsins ætti að vera á að hámarka söluandvirði eða hraða sölu eigna. Í 2. mgr. 3. gr. er miðað við að sala fari fram þegar atvinnufyrirtæki er orðið rekstrarhæft og um leið og markaðsaðstæður leyfa. Einnig kemur fram í b-lið 8. gr. að reglur um söluferlið verði settar með reglugerð. Fram komu sjónarmið um að setja ætti reglur um þetta í lög. Var m.a. lagt til að söluferlið yrði nýtt til að styrkja íslenskan verðbréfamarkað og dreift eignarhald almennings. Aðrir hafa bent á að ekki sé þörf að gera strangari kröfur í þessum efnum en gilda um nýju bankana og eignarhaldsfélög sem þeir hafa stofnað.

Stjórn eignaumsýslufélagsins.

Nefndin ræddi mikilvægi þess að stjórn félagsins væri sjálfstæð, fagleg og gagnsæ. Fram kom það sjónarmið að mat á því hvaða fyrirtæki teldust þjóhagslega mikilvæg ætti ekki að vera í höndum stjórnar heldur sjálfstæðrar nefndar með góða þekkingu á þjóðmálum og óháð stjórnmálaflokkunum. Einnig var lagt til að heimil yrði aðkoma innlendra og erlendra fjárfesta að félaginu sem stuðla ætti að faglegri ákvarðanatöku við endurskipulagningu og draga úr kostnaði ríkissjóðs vegna félagsins.

Fyrsti minni hluti telur að í frumvarpinu sé tryggt eftir því sem kostur er að ákvarðanir stjórnar félagsins byggist á faglegum forsendum. Vísar 1. minni hluti því til stuðnings m.a. til 5. gr. um hæfisskilyrði stjórnar og framkvæmdastjóra sem og 6. gr. um samningu viðmiða um þjóðhagslega mikilvæg atvinnufyrirtæki. Enn fremur sé gert ráð fyrir að félagið verði opinbert hlutafélag, sbr. 1. gr., og samkvæmt því gilda um starfsemina ákvæði hlutafélagalaga, þ.m.t. varðandi kosningu stjórnar og starfstíma hennar. Stjórnina ætti því að kjósa árlega á aðalfundi.

Breytingar sem 1. minni hluti leggur til.

Með hliðsjón af framangreindu og þeim umsögnum sem nefndinni hafa borist leggur 1. minni hluti til nokkrar breytingar á frumvarpinu.

Í fyrsta lagi er lögð til breyting á 1. gr. frumvarpsins í því augnamiði að skýra markmið eignaumsýslufélagsins betur.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á 2. gr. frumvarpsins. Annars vegar er lögð til breyting á d-lið greinarinnar í samræmi við sjónarmið um dreifða eignaraðild. Hins vegar er lagt til að e-liður greinarinnar falli brott.

Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á 3. gr. frumvarpsins sem ætlað er að koma til móts við sjónarmið um virka samkeppni og dreifða eignaraðild.

Í fjórða lagi er lögð til breyting á 6. gr. frumvarpsins á þá leið að fjármálaráðherra skuli leita umsagnar viðeigandi þingnefnda áður en hann samþykkir þau almennu viðmið sem leggja skal til grundvallar því að fyrirtæki geti talist þjóðhagslega mikilvægt. Miðað við núverandi fyrirkomulag fastanefnda er hér einkum átt við fjárlaganefnd, efnahags- og skattanefnd og viðskiptanefnd.

Fyrsti minni hluti leggur þann skilning í orðalagið „aðilar vinnumarkaðarins“ í 1. mgr. 6. gr. að átt sé við heildarsamtök atvinnurekenda og launþega á vinnumarkaði eins og Samtök atvinnulífsins, Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

Í fimmta lagi leggur 1. minni hluti til breytingu á 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins í ljósi ábendinga Ríkisendurskoðunar um að óheppilegt sé að stofnunin komi að mati á fjárþörf félagsins. Fyrsti minni hluti leggur til að Seðlabanki Íslands taki við því hlutverki sem Ríkisendurskoðun er falið í umræddri lagagrein.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „að eiga“ í 1. mgr. komi: að kaupa, eiga.
2. Við 2. gr.
   a. Við d-lið bætist orðin: og með dreifða eignaraðild að markmiði verði henni við komið.
   b. E-liður falli brott.
3. Við 3. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt skal félagið við verkefni sín leitast við að vernda eða efla virka samkeppni í íslensku atvinnulífi.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Eignarhluti í atvinnufyrirtækjum sem félagið hefur eignast og orðin eru rekstrarhæf skal selja svo skjótt sem markaðsaðstæður leyfa. Við sölu skal sérstaklega horft til þess að koma fyrirtækjunum í almenningseign.
4. Við 6. gr.
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Áður en fjármálaráðherra tekur ákvörðun skal hann leita umsagnar viðeigandi þingnefnda um tillögu stjórnar félagsins.
   b. Í stað orðsins „stjórnin“ í 2. mgr. komi: stjórn félagsins.
5. Við 7. gr. Í stað orðsins „Ríkisendurskoðun“ í 2. mgr. komi: Seðlabanki Íslands.

Bjarni Benediktsson, Jón Bjarnason og Birkir J. Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. apríl 2009.

Björgvin G. Sigurðsson, form., frsm.	Ellert B. Schram.	Gunnar Svavarsson.

Árni Þór Sigurðsson.

904. Fyrirspurn [467. mál]

til iðnaðarráðherra um fyrirgreiðslu, fjármögnun lögboðinna verkefna sveitarstjórna, peningagreiðslur orkufyrirtækja til sveitarfélaga o.fl.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hafa orkufyrirtæki:
   a. gert sérstaka samninga við tiltekin sveitarfélög um fjárframlög í þeim tilgangi að liðka fyrir gerð eða breytingu á skipulagsáætlunum vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda í viðkomandi sveitarfélagi,
   b. greitt fyrir gerð deiliskipulaga í sveitarfélögum og þá hvaða, eða greitt fyrir gerð aðalskipulags eða fyrir skipulagsvinnu umfram það sem heimilt er samkvæmt lögum um kostnað við gerð skipulagsáætlana og þá í hvaða tilfellum,
   c. greitt sérstaklega fyrir aðra þætti óskylda skipulagi, svo sem fjarskiptasamband, vegi, íþróttamannvirki, svo sem sundlaugar, eða annað því um líkt í tengslum við gerð skipulagsáætlana,
   d. keypt eða leigt jarðir eða fasteignir í viðkomandi sveitarfélögum í tengslum við gerð skipulagsáætlana og umsókn um framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar,
   e. greitt eingreiðslur til sveitarfélaga í tengslum við undirbúning virkjanaframkvæmda og gerð skipulagsáætlana,
   f. lagt viðkomandi sveitarfélögum til lögfræðing eða greitt fyrir lögfræðikostnað vegna svara við athugasemdum við skipulagsáætlanir frá hagsmunaaðilum, m.a. íbúum?
2. Ef svo er, um hversu háar fjárhæðir er að ræða í hverju tilfelli?
3. Ef sú er raunin sem um er spurt í 1. tölul.:
   a. hafa orkufyrirtæki þá tekið ábyrgð á öðrum framkvæmdum eða áætlunum fyrir tiltekin sveitarfélög í tengslum við undirbúning virkjanaframkvæmda og útgáfu framkvæmdaleyfis og samþykkt skipulagsáætlana,
   b. telur ráðherra að þátttaka orkufyrirtækja af þessu tagi í gerð skipulagsáætlana sé eðlileg,
   c. telur ráðherra að gætt hafi verið að hæfi viðkomandi sveitarstjórnarmanna með tilliti til sérstakra og persónulegra hagsmuna sem þeir kynnu að hafa af fjárframlögum orkufyrirtækis til einstakra framkvæmda eða almennra stuðningsaðgerða,
   d. hefur í þessu sambandi, að mati ráðherra, verið farið að því markmiði 1. gr. skipulags- og byggingarlaga „að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi“?

Skriflegt svar óskast.

905. Frumvarp til laga [468. mál]

um breytingu á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Flm.: Helgi Hjörvar.

1. gr.

Við XXVII. kafla laganna bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði XX. kafla um tímamörk og fresti til riftunar ráðstafana þrotamanns skal á tímabilinu frá 6. október 2008 til 31. desember 2011 miða tímamörk og fresti riftunar ráðstafana þrotamanns við 4 ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið frumvarps þessa er að tryggja að hægt verði að ganga frá þeim málum sem upp koma í kjölfar bankahrunsins án þess að hætta sé á að hagsmunir spillist vegna álags og tímaskorts. Hér er lagt til að þetta verði framkvæmt á þann hátt að rýmka tímafresti riftunar ráðstafana þrotamanna tímabundið.

Heimildir laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., um riftun ráðstafana þrotamanna er að finna í XX. kafla laganna. Reglur þessar heimila að hnekkja tilteknum ráðstöfunum þrotamanns eða ráðstöfunum tiltekins eðlis sem hann eða aðrir, svo sem kröfuhafar, hafa viðhaft áður en bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta. Það er markmið gjaldþrotalaga að veita kröfuhöfum í þrotabú jafnan rétt til greiðslna við úthlutun úr því og koma í veg fyrir ólögmætt undanskot eigna. Hlutverk riftunarreglna er að tryggja enn frekar að markmið laganna um jafnræði kröfuhafa við úthlutun náist. Það getur verið freistandi fyrir skuldara sem sér fram á þrot að reyna að búa í haginn fyrir sig með því t.d. að skjóta undan eignum til nákominna eða greiða þeim kröfuhöfum sem hann sér hag í að greiða. Þá geta einstakir lánardrottnar sett skuldurum afarkosti við slíkar aðstæður, jafnvel um óeðlilegar ráðstafanir. Riftunarreglurnar eru nauðsynleg heimild fyrir þrotabúið til að ónýta með afturvirkum hætti slíkar ráðstafanir í þeim tilgangi að koma í veg fyrir mismunun kröfuhafa og draga fleiri eignir undir skiptin.

Í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem nú eru í íslensku samfélagi er ljóst að þau tímamörk og frestir sem lögin gera ráð fyrir til að ónýta afturvirkar ráðstafanir þrotamanns sem falla undir lögin eru tiltölulega stuttir og ekki hugsaðir út frá þeim aðstæðum sem við er að glíma nú. Það er fyrirséð að málafjöldi verði gríðarlegur og álag á stofnunum sem koma að þessu ferli á efalaust eftir að stigmagnast á næstu missirum með þeim afleiðingum að kerfið hefur ekki undan og mun lengri tíma tekur að ljúka málum. Eins er ljóst að fjölmargir hafa gripið til ráðstafana í kjölfar bankahrunsins sem flokkast geta sem málamyndagerningar og undanskot eigna og getur það ekki liðist að þeir aðilar verði látnir komast upp með slíkt. Til að koma í veg fyrir háttsemi af þessu tagi er lagt til í frumvarpi þessu að tímamörk og frestir riftunar ráðstafana þrotamanna skuli miðast við 4 ár fyrir frestdag.

906. Nefndarálit [42. mál]

um till. til þál. um líkantilraunir vegna stórskipabryggju í Vestmannaeyjum.

Frá samgöngunefnd

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir bárust frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Hafnasambandi Íslands, Samtökum fiskvinnslustöðva, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Siglingastofnun og Umhverfisstofnun.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að Alþingi feli samgönguráðherra að láta nú þegar hefjast handa um líkantilraunir í líkanstöð Siglingastofnunnar til að undirbúa gerð stórskipabryggju í Vestmannaeyjum. Lagt er til að kannaðir verði þrír valkostir, norðan Eiðis, innan hafnar og utan hafnar í Skansfjöru gegnt Klettsvík, en þessi þrjú svæði hafa verið til umfjöllunar hjá hafnarstjórn Vestmanneyja.

Ljóst er að miklar breytingar eru að verða á flutningaskipaflota Íslendinga á þann veg að skipin verða sífellt stærri auk þess sem ferðum stórra farþegaskipa til landsins hefur fjölgað mikið. Það er því ljóst að gera verður ráðstafanir með hliðsjón af þessari þróun til að hafnarmannvirki landsmanna geti tekið við stærri skipum.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykk**t með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „nú þegar“ í 1. málsl. tillgr. komi: við fyrsta tækifæri.

Karl V. Matthíasson og Árni Þór Sigurðsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. apríl 2009.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Björgvin G. Sigurðsson.	Sturla Böðvarsson.
Árni Johnsen.	Helga Sigrún Harðardóttir.	Guðjón A. Kristjánsson.

Ragnheiður Ríkarðsdóttir.

907. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til. l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og bárust umsagnir frá Sveitarfélaginu Álftanesi, Mosfellsbæ, skipulags- og byggingarsviði Hafnarfjarðarbæjar, Strætó bs., Umferðarstofu, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Landssamtökum hjólreiðamanna, Reykjavíkurborg, ríkissaksóknara, samgönguráðuneyti, Snæland Grímsson Travel, Samtökum ferðaþjónustunnar og Leið ehf.

Tilgangur frumvarpsins er að skilgreina svokallaðar forgangsakreinar í umferðarlögum og kveða þannig skýrt á um að umferð annarra ökutækja en strætisvagna og leigubifreiða um ákveðnar, sérmerktar akreinar sé með öllu óheimill. Töluvert hefur á því borið að ekki hefur verið tekið tillit til merktra akreina sem sérstaklega eru ætlaðar strætisvögnum og leigubifreiðum. Ekki er kveðið afdráttarlaust á um sérreinar af þessu tagi í umferðarlögum og er með frumvarpi þessu því ætlunin að taka af öll tvímæli um hverjum heimilað er að aka á áðurnefndum sérreinum. Brot gegn þeim reglum muni eftirleiðis varða sektum, sbr. 4. mgr. 100. gr. Ráðstöfun þessi er til þess fallin að efla almenningssamgöngur og gera þær að raunhæfum valkosti í framtíðinni.

Nefndin vekur athygli á þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið í umsögnum og varða hugtakanotkunina „forgangsakrein“ en þykir hún óheppileg þar sem hætta getur verið á ruglingi vegna annars vegar forgangsaksturheimilda lögreglu, sjúkraliðs, slökkviliðs og slíkra viðbúnaðaraðila og hins vegar samræmist þessi notkun hugtaksins „forgangur“ illa skilningi 25. gr. umferðarlaga um skyldu til að veita forgang en þar er hugtakið notað um það hvenær einn skal víkja fyrir öðrum í umferðinni þegar aksturslínur skerast.

Í ljósi þessa leggur nefndin til að á frumvarpinu verði gerðar breytingar til að koma til móts við þessi sjónarmið. Í breytingunni felst að í stað þess að nota hugtakið „forgangsakrein“ til skilgreiningar á akreinum sem einungis eru ætlaðar fyrir umferð strætisvagna og leigubifreiða verður notast við skilgreininguna „sérrein fyrir strætisvagna og leigubifreiðar“.

Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að lögbinda reglur um sérreinar fyrir strætisvagna og leigubifreiðar sem fyrst til að kveðið verði skýrt á um að umferð annarra ökutækja um þessar akreinar sé óheimil. Fyrir liggur að umferðarlögin hafa verið í heildarendurskoðun hjá samgönguráðuneyti síðan í byrjun árs 2008. Leggur nefndin til að í þeirri endurskoðun verði þau atriði sem þetta frumvarp tekur á vandlega yfirfarin með hliðsjón af reynslunni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðskýringarinnar „Forgangsakrein“ komi: *Sérrein fyrir strætisvagna og leigubifreiðar.*
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „forgangsakreinar strætisvagna og leigubifreiða“ komi: sérreinar fyrir strætisvagna og leigubifreiðar.

Karl V. Matthíasson og Árni Þór Sigurðsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. apríl 2009.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form., frsm.	Björgvin G. Sigurðsson.	Sturla Böðvarsson.
Árni Johnsen.	Helga Sigrún Harðardóttir.	Guðjón A. Kristjánsson.
	Ragnheiður Ríkharðsdóttir.	

908. Nefndarálit [100. og 102. mál]

um frv. til l. um listaverk í eigu Landsbanka Íslands, Kaupþings og Glitnis, og till. til þál. um breytingu á eignarhaldi og varðveislu listaverka ríkisbankanna.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um breytingu á eignarhaldi og varðveislu listaverka ríkisbankanna (102. mál) og um frumvarp til laga um listaverk í eigu Landsbanka Íslands, Kaupþings og Glitnis (100. mál). Fjallað var samhliða um málin í 1. umræðu og var þeim vísað saman til nefndarinnar. Niðurstaða nefndarinnar var að flytja á sérstöku þingskjali tillögu til þingsályktunar um listfræðilegt mat á listaverkasöfnum bankanna. Er í greinargerð með hinni nýju tillögu rakin umfjöllun og afgreiðsla nefndarinnar um bæði þingmálin og vísast til þess. Nefndin leggur því til að í stað formlegrar afgreiðslu málanna komi sjálfstæð þingsályktunartillaga en gerir – formsins vegna – þá tillögu til **rökstuddrar dagskrár** um 100. og 102. mál að þau séu eigi afgreidd og tekið fyrir næsta mál á dagskrá.

Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. apríl 2009.

Álfheiður Ingadóttir, form., frsm.	Gunnar Svavarsson.	Birgir Ármannsson.
Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Höskuldur Þórhallsson.	Árni M. Mathiesen.
Valgerður Sverrisdóttir.		Jón Magnússon.

909. Nefndarálit [415. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Láru Helgu Sveinsdóttur frá Einkaleyfastofu og Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti. Nefndinni bárust umsagnir frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Samtökum verslunar og þjónustu og Viðskiptaráði.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á 2. mgr. 6. gr. laga um vörumerki í þá veru að tæming réttinda vörumerkis verði bundin við EES-svæðið í stað alþjóðlegrar tæmingar. Reglan um tæmingu vörumerkjaréttar varðar rétt eiganda merkis til að stjórna frekari markaðssetningu á grundvelli einkaréttar síns. Sé vara, auðkennd tilteknu vörumerki, komin á markað fyrir atbeina eða með samþykki eiganda þess getur hann ekki haft frekari áhrif á markaðssetningu hennar (t.d. sölu, leigu, inn- eða útflutning). Gengið hefur verið út frá því í íslenskum vörumerkjarétti að tæming næði til alls heimsins en þetta er ekki tekið með skýrum hætti fram í gildandi lögum. Tæming vörumerkjaréttar byggist á rétti vörumerkjahafa skv. 4. gr. laga um vörumerki, þ.e. að aðrir en eigandi vörumerkis megi ekki heimildarlaust nota í atvinnustarfsemi tákn sem eru eins eða lík vörumerki hans.

Samkvæmt dómi EFTA-dómstólsins 8. júlí 2008, í málum nr. E-9/07 og E-10/07, L'Oréal Norge AS og L'Oréal SA gegn Per Aarskog AS, Nille AS og Smart Club AS, samræmist alþjóðleg tæming vörumerkjaréttinda ekki ákvæði vörumerkjatilskipunar 89/104/EBE eins og dómstóllinn túlkar það, en tilskipunin er hluti EES-samningsins. Þarf því að breyta lagaákvæðinu og er með frumvarpinu lögð til lágmarksbreyting á 2. mgr. 6. gr. laganna til að samræmist dóminum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Lúðvík Bergvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. apríl 2009.

Álfheiður Ingadóttir, form., frsm.	Gunnar Svavarsson.	Birgir Ármannsson.
Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Höskuldur Þórhallsson.	Árni M. Mathiesen.
Valgerður Sverrisdóttir.	Jón Magnússon.	

910. Nefndarálit [394. mál]

um frv. til l. um heimild til samninga um álver í Helguvík.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Með frumvarpinu er kveðið á um heimild iðnaðarráðherra til að gera fjárfestingarsamning við Norðurál Helguvík ehf. og eiganda þess, Century Aluminum Company, vegna byggingar álvers í Helguvík. Yfirlýst markmið frumvarpsins er að með samningi um álver í Helguvík sé ætlunin að tryggja álfyrirtækinu lánsfé til framkvæmda við álverið sjálft. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir samningi um álver sem anni framleiðslu á allt að 360 þúsund tonnum á ári en einungis hefur verið úthlutað losunarheimildum fyrir allt að 150 þúsund tonnum á ári. Þá er starfsleyfi Umhverfisstofnunar vegna reksturs álvers í Helguvík gefið út með allt að 250 þúsund tonna ársframleiðslugetu á áli og er gildistími þess til ársloka 2024. Bæði losunarheimildir og starfsleyfi gera því ráð fyrir minni ársframleiðslu en áætlaðri framleiðslugetu álversins samkvæmt þeim samningi sem í frumvarpinu er lagt til að heimilað verði að gera. Umhverfismat Skipulagsstofnunar byggist jafnframt á álveri með sömu framleiðslugetu og getið er í starfsleyfi, þ.e. 110 þúsund tonnum minni en framleiðslugetu samkvæmt samningi. Minni hlutinn vekur athygli á þessu misræmi og gerir alvarlegar athugasemdir við það. Jafnframt vekur minni hlutinn athygli á því að umhverfisáhrif tengdra framkvæmda, svo sem línulagna og virkjana, hafa ekki verið metin eins og fram kemur í umsögn minni hluta umhverfisnefndar um málið. Þá átelur minni hlutinn þá staðreynd að orkuöflun til álvers í Helguvík verður ekki sjálfbær, en áform um raforkuöflun á Hengilssvæðinu gera ráð fyrir ágengri nýtingu og sóun sem með tímanum mun leiða til þurrðar. Álverið í Helguvík mun valda verulegri losun gróðurhúsalofttegunda og minni hlutinn lýsir verulegum efasemdum um að Ísland geti uppfyllt alþjóðlegar samningsskuldbindingar sínar verði af byggingu og rekstri álvers í Helguvík. Það er ámælisvert að slíkt skuli vera í farvatninu, nú þegar íslenskt samfélag þarf á því að halda sem aldrei fyrr að marka leið til framtíðar með almannahag, sjálfbæra þróun og ábyrgð í umhverfismálum að leiðarljósi.

Erfið fjármögnun og andstaða í Ölfusi.

Minni hlutinn bendir á að frá áramótum hefur heimsmarkaðsverð á áli lækkað um sextán prósent og hefur ekki verið lægra í sjö ár, enda hefur þegar orðið samdráttur í framleiðslu áls á heimsvísu. Century Aluminum sem er móðurfélag Norðuráls á Grundartanga, hefur lokað einu af álverum sínum í Vestur-Virginíu í Bandaríkjunum. Samkvæmt tilkynningu frá höfuðstöðvum var ástæða lokunar lágt heimsmarkaðsverð á áli. Við lokun álversins er talið að um tæplega 680 manns muni missa vinnuna. Þá sýna ársreikningar fyrirtækisins gríðarlegt tap og lækkuðu hlutabréf í því um 20% þann 30. mars sl. og svo aftur næsta dag um 21%. Aðstæður á fjármálamarkaði hér og í nálægum löndum hafa síst batnað frá því fyrir bankahrunið sl. haust, þegar fresta varð fjármögnun álvers í Helguvík vegna erfiðleika við lausafjáröflun. Með hliðsjón af aðstæðum nú, bæði almennt á álmörkuðum og stöðu Century Aluminum, móðurfélags Norðuráls, verður að teljast ólíklegt að takist að fjármagna verkefnið innan þess tímaramma sem gefinn er samkvæmt greinargerð í frumvarpinu. Í ljósi erfiðrar stöðu móðurfélags álversins bendir minni hlutinn á að ívilnandi samningur við íslensk stjórnvöld er væntanlega metinn sem verðmæt eign hins erlenda félags og getur eftir atvikum runnið til kröfuhafa eða gengið kaupum og sölum eins og aðrar eignir.

Minni hlutinn vekur athygli á vanköntum og óvissu sem ríkir um ýmsa aðra þætti sem lúta að framkvæmdinni, svo sem varðandi möguleika á raforkuöflun, flutning og línulagnir. Þannig er t.d. ekki útlit fyrir að auðvelt verði fyrir ofurskuldsett orkufyrirtæki hér á landi að afla lánsfjár til virkjunarframkvæmda við núverandi aðstæður, en bæði Orkuveita Reykjavíkur og Landsvirkjun töpuðu gríðarlegum fjármunum á síðasta ári. Með sanni má staðhæfa að orkuöflun fyrir álver í Helguvík er í fullkomnu uppnámi af þeim sökum einum.

Sömu sögu er að segja um lánsfjáröflun til línulagna Landsnets en heildarkostnaður við hana er talinn vera 24 milljarðar króna. Það fyrirtæki er mjög skuldsett og því getur reynst erfitt að afla lánsfjár til framkvæmdanna. Þar er einnig um afar dýrt fjármagn að ræða þannig að fullyrða má að orkuflutningur til álversins sé ótryggur. Það á þó ekki aðeins við um fjármögnunina, heldur hefur bæjarstjórn Ölfuss nú samþykkt að leggjast eindregið gegn fyrirhuguðum línulögnum frá Hellisheiðarvirkjun til Suðurnesja, en þeirri línulögn er meðal annars ætlað að flytja raforku til fyrirhugaðs álvers í Helguvík.

Fram hefur komið í blaðaviðtölum við sveitarstjóra Ölfuss að sveitarstjórnin telur að línulögn til Helguvíkur verði „banabiti“ áforma um atvinnuuppbyggingu á Suðurlandi enda opnist með henni möguleikar til að flytja alla raforku Þjórsárvirkjana til Suðurnesja. Þá bendir hann einnig á að kostnaður Landsnets við Suðurnesjalínu verði það mikill að það komi í veg fyrir línulögn frá Hellisheiði til Þorlákshafnar. Þessi framkvæmd leiði til þess að atvinnuuppbygging verði blómleg á Suðurnesjum á sama tíma sem Suðurland verði afskipt, en þar séu nú 900 manns þegar atvinnulausir. Sveitarstjórnin vill að orkan verði nýtt til uppbyggingar í nærsamfélagi við orkuöflunina, t.d. í Þorlákshöfn eins og kemur fram í umsögn sveitarfélagsins til Skipulagsstofnunar um fyrirhuguð áform Landsnets um lagningu suðurvesturlínu út á Reykjanesskaga. Sveitarfélagið hefur gert sérstakan samning þar um við Orkuveitu Reykjavíkur og er hann birtur sem fylgiskjal II með áliti þessu.

Umhverfismál og ágeng nýting jarðhita.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að samið verði um álver í Helguvík með ársframleiðslugetu á allt að 360 þúsund tonnum af áli. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar vegna álversins sem gildir til loka ársins 2024 kveður á um allt að 250 þúsund tonna álframleiðslu á ári og miðast umhverfismat Skipulagsstofnunar við sömu framleiðslugetu. Í umhverfismati er því miðað við 250.000 tonna álver en ekki þau 360.000 tonn sem allir arðsemisútreikningar byggjast á og samningurinn tekur til. Þá hefur verið úthlutað losunarheimildum fyrir allt að 150 þúsund tonnum á ári. Útgefnar losunarheimildir, starfsleyfi og umhverfismat gera því ráð fyrir mun minni ársframleiðslu en áætluð framleiðslugetu álversins verður samkvæmt samningnum. Minni hluti umhverfisnefndar vekur athygli á þessu í umsögn sinni og gagnrýnir minni hluti iðnaðarnefndar að ekki hafi verið gefið færi á að leita skýringa á þessu misræmi.

Minni hluti umhverfisnefndar krefst þess einnig í umsögn sinni að iðnaðarnefnd fái upplýsingar um raforkuverð til álversins, nýja og raunhæfa arðsemisútreikninga og upplýsingar um þjóðhagsleg áhrif, þar á meðal áhrif á raforkuverð til annarra orkukaupenda. Minni hluti iðnaðarnefndar tekur undir þessa sanngjörnu kröfu, enda forræði málsins hjá iðnaðarnefnd og nefndarinnar að taka upplýsta ákvörðun um framgang frumvarpsins. Skemmst er frá því að segja að ekkert hefur verið upplýst um raforkuverð til fyrirhugaðs álvers og gerir minni hlutinn alvarlegar athugasemdir við það. Lágt orkuverð til mengandi stóriðju hefur leitt til verulegrar hækkunar á orkuverði til annarra orkunotenda. Með því er augljóslega brotið gegn jafnræðissjónarmiðum. Minni hlutinn telur þetta sérstaklega ámælisvert gagnvart öðrum orkunotendum sem nýta orkuna í vistvænni framleiðslu, svo sem garðyrkjubændum sem eru

stórnotendur orku og stunda vistvæna starfsemi, en bændur hafa nýlega orðið fyrir skerðingu á umsömdum niðurgreiðslum ríkisins á raforkuverði. Þá blasir jafnframt við að hér er verið að ráðstafa mikilli orku til álvers sem mun verða gríðarlegur mengunarvaldur í íslenskri náttúru. Þá raforku sem hér er verið að selja á leyndardómsfullu útsöluverði til alþjóðlegra álhringja væri ella unnt að nýta t.a.m. til orkusparnaðar í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði og til framleiðslu umhverfisvænna orkugjafa.

Minni hlutinn vekur athygli á því að orkuöflun til álvers í Helguvík verður ekki sjálfbær, en áform um raforkuöflun á Hengilssvæðinu gera ráð fyrir ágengri nýtingu sem fyrr en síðar mun leiða til þurrðar í jarðhitageyminum. Þess utan er einungis 10–12% orkunnar nýtt þegar gufa frá jarðhitavirkjunum er notuð til þess eins að framleiða raforku. Ljóst er að komi samningurinn til framkvæmda eins og hann nú liggur fyrir með 360 þúsund tonna framleiðslugetu mun verða gengið afar nærri orkulindum á Suðvesturhorninu og að líklega yrði þá ekkert eftir af orkukostum á því svæði nema virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Nái samningurinn fram að ganga gæti það af þeim sökum eyðilagt möguleika á verndun Þjórsár og gengið gegn vilja heimamanna í einu blómlegasta landbúnaðarhéraði landsins. Þjóðin á heimtingu á að fá að vita hvaðan nákvæmlega álverksmiðjan hyggst fá orkuna sem enn hefur ekki verið samið um en samningur Flóahrepps og Landsvirkjunar um skipulag og undirbúning virkjunar við Urriðafoss í Þjórsá er birtur sem fylgiskjal I með áliti þessu.

Minni hlutinn telur einboðið að ekki eigi að veita starfsemi sem hefur í för með sér útblástur gróðurhúsalofttegunda eða aðra losun mengandi úrgangsefna 20 ára skilyrðislausa undanþágu frá umhverfisgjöldum eða umhverfissköttum eins og lagt er til í frumvarpinu. Þá sé rétt að leggja á starfsemi sem hefur í för með sér losun mengandi efna þá kvöð að útblásturinn verði hreinsaður til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á lífríki og heilsu manna. Engin tilraun er gerð til þess í frumvarpinu og átelur minni hlutinn það harðlega. Minni hlutinn bendir á að gróðurskemmdir sem vart hefur orðið við í kringum jarðhitavirkjanir á Hellisheiði og á Reykjanesi hafa nú verið raktar til slíkrar losunar, einkum til brennisteinsvetnis H_2S sem er skaðlegt heilsu manna í miklum mæli.

Minni hlutinn áréttar að samkvæmt alþjóðasamningum ber Íslandi að stuðla að þróun í átt til orkusparnaðar og nýtingar vistvænna orkugjafa á Íslandi. Samningurinn um nýtt álver í Helguvík kemur í veg fyrir að unnt sé að vinna að þeim markmiðum. Álverið í Helguvík mun valda verulegri losun gróðurhúsalofttegunda sem nemur 13% af heildarlosun Íslendinga á viðmiðunarári Kyoto-bókunarinnar frá árinu 1990. Minni hlutinn lýsir verulegum efasemdum um að Ísland geti uppfyllt alþjóðlegar samningsskuldbindingar sínar verði af byggingu og rekstri álvers í Helguvík.

Áframhaldandi stóriðjuuppbygging í landinu samræmist ekki markmiðum sjálfbærrar þróunar og felur í sér einsleita, dýra og mengandi starfsemi sem eins og dæmin sanna veldur óafturkræfum spjöllum í íslenskri náttúru og umhverfi. Slíkt er ekki og verður ekki forsvaranlegt, allra síst þegar fyrir liggur að fyrirhugaður fjárfestingasamningur til næstu 20 ára er jafnframt óverjandi út frá viðskiptalegum forsendum og þjóðhagslegum kröfum um arðbærni almenningi til handa. Ísland á að stefna að því að vera leiðandi afl í ábyrgri umhverfisvernd á alþjóðavísu í stað þess að brjóta gegn grundvallarmarkmiðum sjálfbærrar þróunar og alþjóðlegum skuldbindingum.

Skattaívilnun og afsláttur frá umhverfisgjöldum.

Helsti efnahagslegi ávinningur landsins af starfsemi stóriðju í eigu erlendra aðila er greiðsla skatta í ríkissjóð. Arðurinn af rekstrinum, ef einhver er, flyst beint úr landi til er-

lendra eigenda. Minni hlutinn telur óforsvaranlegt að með fyrirhuguðum samningi um álver í Helguvík séu takmarkaðar mögulegar heimildir ríkisins til að afla tekna til ríkissjóðs með veigamiklum frávikum frá reglum um skatta og gjöld á 20 ára samningstímanum. Með samningi sem þessum afsalar ríkisvaldið sér valdi til að skipa skattamálum og framselur skattlagningarvaldið til erlendra aðila. Þetta hefur þær afleiðingar í för með sér að tekjur landsins af álverum verða minni en þær hefðu orðið án fjölgunar álvera og án skattabreytinga. Í grein Indriða H. Þorlákssonar „Efnahagsleg áhrif erlendrar stóriðju á Íslandi“ segir: „Í heild má segja að efnahagslegur ávinningur Íslands af starfsemi stóriðjuvera sé lítill og hafi farið minnkandi á síðustu árum. Hann er nú vart meira en 0,1–0,2% af þjóðarframleiðslu fyrir hvert álver. Arður af íslenskum auðlindum kemur aðallega fram í hagnaði iðjuveranna og rennur vegna lágra skatta að mestu ósnertur í vasa hinna erlendu eigenda.“ (http://web.mac.com/inhauth/Indriði_H._Þorláksson/Greinasafn.html).

Minni hlutinn vekur athygli á að með frumvarpinu sé í veigamiklum atriðum vikið frá almennum lögum og reglum á sviði skattamála. Minni hlutinn ítrekar að frumvarpið gengur því þvert á þau sjónarmið sem gilda í þróuðum löndum að skattamálum skuli skipað með almennum hætti. Þannig gerir samningurinn ráð fyrir að félagið greiði aldrei hærri tekjuskatt en 15% og skiptir þá engu þótt tekjuskattshlutfall annarra lögaðila muni hækka á gildistíma ákvæðisins. Með þessu er í reynd verið að binda almennt skatthlutfall félagsins til frambúðar og tryggja því tiltekin skattfríðindi umfram önnur álver og umfram annan iðnað í landinu. Minni hlutinn bendir á að töluverðar líkur eru á að mismunun af þessu tagi kunni að fara í bága við EES-samninginn og teljast ólögmætur ríkisstyrkur. Í þessu sambandi er vert að benda á að samningar um álver í Reyðarfirði og samningurinn um álver á Grundartanga veita svigrúm fyrir 18% tekjuskatt og er því með samningnum um Helguvík gengið lengra í sérstökum skattalegum undanþágum álfyrirtækja. Samkvæmt upplýsingum frá iðnaðarráðuneyti er núvirtur ríkisstyrkur til álversins í Helguvík miðað við 20 ára samningstímabil áætlaður um 16,2 milljónir bandaríkjadala. Minni hlutinn leggur áherslu á að gætt sé jafnræðis milli aðila og mun því leggja til þá breytingu, nái frumvarpið fram að ganga, að hámark tekjuskattshlutfalls fyrirhugaðs álvers í Helguvík verði 18 % í stað 15%.

Samkvæmt frumvarpinu verður Norðurál einnig undanþegið breytingum sem kunna að verða gerðar á skattalögum hvað varðar frádrátt vaxtakostnaðar. Minni hlutinn bendir á að hér á landi er ekki lagður skattur á vexti sem greiddir eru úr landi, en þessu er öðruvísi farið erlendis. Fram hefur komið að fjármögnun verkefnisins fer fram í gegnum erlenda fjárfesta. Með ákvæðinu hefur ríkisvaldið því afsalað sér möguleikanum á að fá hlutdeild í þessum tekjum erlendra aðila sem eiga uppruna hér á landi. Minni hlutinn ítrekar að skattfrelsi á vexti sem greiddir eru úr landi er ekki einungis afsal tekjumöguleika, heldur fylgir því aukin hætta á skattasniðgöngu. Þar sem vextir eru frádráttarbær kostnaður í rekstri lækka þeir tekjuskattsstofn viðkomandi félags. Því er eftir nokkru að slægjast að dulbúa arð sem vexti með því að erlendur eigandi eða félög honum tengd láni innlenda félaginu fé og fái af því vexti. Skattatap landsins af þeim arði sem fer þessa leið nemur 23% fjárhæðarinnar. Vaxtagreiðslur stóriðjufyrirtækja eru farvegur fyrir verulegan hluta af virðisauka af starfseminni. Álverin á Grundartanga og Reyðarfirði greiddu 2,2 milljarða kr. í vexti árið 2007, sem var um 9% af virðisauka starfseminnar það ár. Hlutur íslenskra aðila í þessum hluta teknanna var enginn og því töluverð hætta á að löggjöf hér á landi ýti undir skattahagræðingu sem leiða kann til lægri skatttekna af stóriðju. Minni hlutinn varar við þeirri aðferð sem hér er beitt og einkum því að hin álfyrirtækin sem hér starfa muni kalla eftir sömu afsláttum af skattgreiðslum eins og hér er gerð tillaga um.

Efnahagsleg áhrif og ríkisstyrkur.

Öll ríki heims keppast nú við að móta framtíðina í átt að endurnýjanlegum orkugjöfum og nýrri hugsun sem byggist á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Sístækkandi markaður er fyrir grænar lausnir og græna atvinnuuppbyggingu í sátt við umhverfi og samfélag. Það ætti fyrir löngu að heyra sögunni til að alþjóðleg álsamsteypa geti samið um skattaívilnanir langt fram í tímann, tekið með sér úr landi allan arð og skilið eftir sig eyðileggingu í náttúru landsins.

Minni hlutinn bendir á að OECD hefur um árabil hvatt til þess að gerð yrði víðtæk úttekt á þjóðhagslegum áhrifum stóriðju á Íslandi. Þær upplýsingar liggja ekki fyrir og ítrekar minni hlutinn í því sambandi að svokölluð skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem vísað er til í áliti meiri hlutar iðnaðarnefndar, er í raun minnisblað frá iðnaðarráðuneyti þar sem teknir eru saman punktar úr ófullgerðri skýrslu stofnunarinnar. Fram kom að skýrslan mun liggja fyrir innan fárra vikna. Í minnispunktum ráðuneytisins kemur fram að breytingar á álverði valdi minni sveifluáhrifum en áður hefur verið talið. Minni hlutinn vill í því ljósi taka fram að upplýst var á fundi nefndarinnar að engin athugun hefur farið fram á áhrifum framvirkra samninga á fjárhag orkufyrirtækjanna en benda má á að ársreikningar Landsvirkjunar benda til þess að þeir hafi ekki orðið til þess að minnka sveiflur heldur þvert á móti. Er því óvarlegt að fullyrða um áhrifin eins og gert er í minnisblaðinu.

Loks bendir minni hlutinn á að álit Eftirlitsstofnunar EFTA á því hvort um ólögmætan ríkisstyrk uppá 16,2 milljónir bandaríkjadollara er að ræða liggur enn ekki fyrir. Minni hlutinn telur eðlilegt, að beðið verði niðurstaðna þessara tveggja athugana áður en samþykkt verður heimild til handa iðnaðarráðherra um að semja um byggingu álvers í Helguvík.

Álit umboðsmanns Alþingis.

Minni hlutinn vekur að lokum athygli á áliti umboðsmanns Alþingis frá 24. mars 2009 um samning milli Landsvirkjunar og sveitarfélagsins Flóahrepps en samningurinn er dags. 19. júlí 2007 og gerður í tilefni fyrirhugaðra skipulagsbreytinga og virkjanaframkvæmda fyrirtækisins við Urriðafoss í Þjórsá. Er samningurinn fylgiskjal með nefndaráliti þessu ásamt samningi Orkuveitu Reykjavíkur við sveitarfélagið Ölfus en sá samningur er dags. 28. apríl 2006. Báðir þessir samningar vekja áleitnar spurningar um hvort ítök raforkufyrirtækja í stjórnsýslu á sveitarstjórnarstigi séu sæmandi en þeir bera með sér að orkufyrirtækin hafa bæði greitt fyrir gerð skipulagsáætlana og jafnvel tekið að sér stjórnsýsluhlutverk sveitarstjórna auk þess að greiða háar fjárfúlgur fyrir verkefni bæði almenns eðlis og sértæk til sveitarstjórna til að liðka fyrir breytingum á skipulagsáætlunum svo virkjanaáform nái fram að ganga.

Niðurstaða.

Minni hlutinn ítrekar að gríðarleg óvissa ríkir um það verkefni sem ætlunin er að ráðast í samkvæmt frumvarpinu um uppbyggingu álvers í Helguvík. Í því sambandi bendir minni hlutinn m.a. á eftirfarandi atriði:

1. Umhverfismat framkvæmda gerir ráð fyrir heimild til að reisa álver fyrir 250.000 tonn á ári en í frumvarpinu er gert ráð fyrir samningi um álver sem anni framleiðslu á allt að 360.000 tonnum. Hér er um óásættanlegt ósamræmi að ræða.
2. Umhverfisáhrif tengdra framkvæmda svo sem línulagna og virkjanaframkvæmda hafa ekki verið metin.

3. Losunarheimildir samkvæmt frumvarpinu eru miðaðar við úthlutun sem tekur til áfanga með ársframleiðslugetu á allt að 150.000 tonnum af áli en ekki 360.000 tonnum. Aftur er um æpandi ósamræmi að ræða.
4. Arðsemisútreikningar og yfirlýsingar stuðningsmanna frumvarpsins um fjölda nýrra starfa við byggingu og rekstur fyrirhugaðs álvers byggjast á óraunhæfum forsendum sem að framan eru raktar og telur minni hlutinn að með því sé verið að vekja falskar vonir um að álverið muni leysa í eitt skipti fyrir öll atvinnuleysi í byggðum á Reykjanesi.
5. Orkuöflun til verkefnisins er mjög ótrygg og munu orkulindir á Hengilssvæðinu og Reykjanesi ekki duga fyrir fullbyggt álverið án þess að verðmæt háhitasvæði verði eyðilögð. Álverið verður þannig gríðarleg orkusuga sem mun leiða til þess að engin orka verður til ráðstöfunar til annarra og vistvænni verkefna.
6. Um er að ræða ágenga en ekki sjálfbæra nýtingu orkuauðlinda sem að endingu mun leiða til þurrðar þeirra. Þess utan er einungis 10–12% orkunnar nýtt þegar gufa frá jarðhitavirkjunum er notuð til þess eins að framleiða raforku og um mengandi sóun að ræða.
7. Álverð hefur farið lækkandi á heimsvísu og álframleiðsla dregist saman. Verulegar efasemdir eru því um hvort réttlætanlegt sé á viðskiptalegum og þjóðhagslegum forsendum að ráðast í uppbyggingu fleiri álvera á Íslandi.
8. Allar líkur eru á að lánsfé til byggingar álvers, virkjanaframkvæmda og línulagna sé dýrt og í raun afar takmarkað. Orkuflutningur til álversins er einnig ótryggur í ljósi þess að sveitarstjórn Ölfuss hefur eindregið lagst gegn því að leggja raflínur gegnum sveitarfélagið.
9. Samningurinn brýtur gegn markmiðum sjálfbærrar þróunar, hamlar náttúruvernd og hefur ekki í heiðri græna og sjálfbæra atvinnustefnu. Auk þess geta sérstakar ívilnanir komið harkalega niður á uppbyggingu annarra atvinnugreina. Slíkt hefur ekki verið tekið með í reikninginn við gerð samningsins.

Aldrei hefur verið jafn brýnt og einmitt nú að hafa sjálfbæra þróun sem leiðarljós inn í framtíðina og miða atvinnuuppbyggingu í landinu við slík markmið. Á grundvelli hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og framsækinnar, fjölbreyttrar atvinnuuppbyggingar er sá fjárfestingarsamningur sem hér liggur fyrir óverjandi. Um er að ræða einsleitt, orkukræft fyrirtæki sem ekki lítur út fyrir að hafi örugga fjármögnun. Orkuöflun er óljós, álverð hefur verið á hraðri niðurleið og fjölmargir hafa bent á að efnahagslegur ábati erlendrar stóriðju á Íslandi er afar takmarkaður og minni heldur en af annars konar uppbyggingu. Þá er afar óskynsamlegt að hlaða enn fleiri eggjum í sömu körfuna og óskiljanlegt að veita slíka skattaafslætti við núverandi efnahagsaðstæður. Það hlýtur og að teljast afar dapurlegt að ekkert tillit sé tekið til náttúruverndarsjónarmiða í slíkum gjörningum. Náttúra landsins hlýtur þó að teljast ein dýrmætasta auðlind þjóðarinnar til lengri tíma litið, enda þeim eiginleikum gædd að fást ekki aftur hafi henni eitt sinn verið fórnað.

Minni hluti iðnaðarnefndar leggst alfarið gegn frumvarpinu og ítrekar að efnahagsleg áhrif sem og umhverfisáhrif þess eru illa reifuð og meðferð þess því mjög ábótavant eins og fram kemur í álitum minni hluta umhverfisnefndar og minni hluta efnahags- og skattanefndar en álitin fylgja áliti meiri hluta iðnaðarnefndar. Telur minni hlutinn brýnt að málið verði betur unnið á milli umræðna og enga þörf fyrir að afgreiða það í flaustri. Verði það engu að síður gert leggur minni hlutinn til að við 3. umræðu verði sú breyting gerð á 4. gr. frumvarpsins að í stað hlutfallstölunnar 15% þrívegis í 1. tölul. 1. mgr. hennar komi hlutfallstalan 18% og

hámark tekjuskattshlutfalls fyrirhugaðs álvers í Helguvík þannig hækkað til samræmis við aðra samninga ríkisins vegna álvera á Íslandi.

Alþingi, 2. apríl 2009.

Álfheiður Ingadóttir.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Samkomulag Landsvirkjunar og sveitarstjórnar Flóahrepps um mál er varða byggingu og rekstur Urriðafossvirkjunar vegna aðalskipulags sveitarfélagsins.
II. Samkomulag milli Orkuveitu Reykjavíkur og Sveitarfélagsins Ölfuss um ýmis mál sem tengjast virkjun á Hellisheiði.

911. Nefndarálit [411. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja.

Frá 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um stofnun eignaumsýslufélags á vegum ríkisins sem lögð er til í frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar. Fjölmargir gestir og umsagnaraðilar hafa lýst miklum efasemdum um þá leið sem lögð er til og hvatt til að leitað sé allra annarra leiða til úrlausnar áður en frumvarpið verður samþykkt. Margir óttast að ef af félaginu verður sé hætta á að erfiðleikar íslensks atvinnulífs verði framlengdir um mörg ár. 2. minni hluti tekur undir þessi varnaðarorð.

Í sameiginlegri umsögn Landssamtaka íslenskra útvegsmanna, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins og Samtaka verslunar og þjónustu kemur fram að þau eru mótfallin frumvarpinu og mæla gegn því að það verði samþykkt. Þessir aðilar segja það mundu ganga þvert gegn stefnu sem samtökin hafi markað ásamt ASÍ og í samráði við fyrrverandi ríkisstjórn um aðgerðir í þágu fyrirtækja og fyrirhugaða aðkomu lífeyrissjóðanna að lausn vandans. Sú lausn byggðist á samráði stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, dreifðri eignaraðild, fagmennsku og öguðum vinnubrögðum. Samtökin telja að ríkisbankaleiðin sé ófær og að þetta frumvarp muni geta framlengt erfiðleika atvinnulífsins um mörg ár.

Í umsögn Félags íslenskra stórkaupmanna kemur fram að mikilvægara sé að styrkja þá ferla sem til staðar eru í samfélaginu til lausnar á vandanum í stað þess að búa til nýja. Félagið nefnir skiptarétt og viðskiptalöggjöf og bendir á nokkra ágalla eins og kennitöluflakk, vafasama eignarréttarfyrirvara, óeðlilega skiptingu þrotabúa og undanskot eigna. Þá varar félagið við áhrifum frumvarpsins á samkeppni. Sama gera aðrir aðilar einnig og tekur 2. minni hluti undir tillögu 1. minni hluta um viðbót við 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins sem gerð er til samræmis við ábendingar Samkeppniseftirlitsins.

Byggðastofnun telur sig ekki geta metið áhrif frumvarpsins fyrr en ljóst sé hvaða fyrirtæki lendi í eigu hins opinbera hlutafélags. Undir það taka fleiri umsagnaraðilar.

Alþýðusamband Íslands sendi inn afar harðorða umsögn þar sem sambandið varar beinlínis við því formi sem lagt er til í frumvarpinu. Formaður sambandsins ítrekaði þessa afstöðu með skýrum hætti á fundi nefndarinnar. Enn fremur benti hann á að erfitt yrði að ákveða hvaða fyrirtæki ættu að lifa og hver að deyja. ASÍ leggur til breytingu á 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins á þá leið að stefnt skuli að því að bjóða innlendum og erlendum fjárfestum aðkomu að eignaumsýslufélaginu. Undir þetta tekur 2. minni hluti.

Á fundum nefndarinnar kom fram veruleg andstaða aðila vinnumarkaðarins við frumvarpið og m.a. vísað til þess að ekki hefði verið leitað til þeirra við samningu þess. Frumvarpið fæli í sér þá hættu að ákvarðanir í starfsemi eignaumsýslufélagsins, og þar af leiðandi atvinnufyrirtækja sem félagið tæki yfir, yrðu teknar á öðrum grunni en faglegum og byðu jafnvel upp á hættu á spillingu. Bent var á að endurskipulagning á innviðum viðkomandi fyrirtækja gæti orðið tilefni mikilla deilna og að stjórnmálamenn mættu búa sig undir harða gagnrýni bæði frá starfsmönnum fyrirtækjanna og samkeppnisaðilum á markaði. Ekkert lægi heldur fyrir um hvernig staðið verður að sölu eignarhluta.

Fulltrúar nýju bankanna sáu ekki nauðsyn á samþykkt frumvarpsins enn sem komið er. Ekki væri mikið um fyrirtæki sem væru komin langt í skuldameðferð. Hins vegar bentu þeir á að gera þyrfti breytingar á skiptalögum til að flýta uppgjöri eignarhaldsfyrirtækja og annarra fyrirtækja.

Fram komu ábendingar um að stofnun opinbers eignaumsýslufélags væri úrræði til þrautavara sem aðeins kæmi til greina ef útséð væri að aðrar leiðir yrðu ekki færar. Áform aðila almenna vinnumarkaðarins og lífeyrissjóðanna um stofnun endurreisnarsjóðs atvinnulífsins voru rædd í því sambandi en með áliti frá 20. des. sl., sem stendur í tengslum við samþykkt laga nr. 171/2008, veitti efnahags- og skattanefnd þeim áformum brautargengi. Fram kom að lífeyrissjóðir ynnu áfram að stofnun sjóðsins ef ásættanleg lausn fengist í uppgjöri við gömlu bankana vegna gjaldeyrisskiptasamninga.

Endurreisnarsjóðnum er við val á fjárfestingarkostum ætlað að leggja áherslu á dreift eignarhald og uppbyggingu hlutabréfamarkaðar sem frumvarpið tryggir ekki. Að auki er sjóðnum ætlað að eiga gott samstarf við nýju bankana en ekkert bendir til að þeir séu ófærir um að annast þau verkefni sem eignaumsýslufélagið á samkvæmt frumvarpinu að hafa með höndum. Einnig hefur því verið haldið fram að þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki eigi jafnan greiðastan aðgang að lánafyrirgreiðslu og séu í minnstri þörf fyrir aðstoð ríkisvaldsins.

Annar minni hluti óskaði ítrekað en árangurslaust eftir upplýsingum um hvaða fyrirtæki gætu talist „þjóðhagslega mikilvæg“ umfram vísbendingar í almennum athugasemdum við frumvarpið. Fram kom að það verður stjórn fyrirtækisins sem tekur ákvörðun um það hvaða fyrirtæki falli undir þessa skilgreiningu. Þykir 2. minni hluta stjórnin fá hættulega víðtækar heimildir til að ákveða hvaða fyrirtæki lifa og hver deyja. Stjórnin gæti sjálfsagt heimfært þessa skilgreiningu á hvaða fyrirtæki sem er en einnig gæti hún túlkað þessa skilgreiningu mjög þröngt þannig að nánast ekkert fyrirtæki félli undir hana. Þetta er mikið áhyggjuefni, ekki síst frá sjónarhóli samkeppnisréttar og í ljósi yfirburðastöðu íslenska ríkisins á bankamarkaði.

Ekki var heldur laust við að e-liður 2. gr. frumvarpsins vekti nokkurn óhug sumra en þar er kveðið á um að tilgangur eignaumsýslufélagsins sé að byggja upp heildstæða þekkingu til endurskipulagningar á fjárhags- og rekstrargrundvelli skuldsettra atvinnufyrirtækja.

Annar minni hluti óskaði ítrekað eftir afstöðu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til þessa frumvarps, hvort hann krefðist þessarar breytingar, hvort hann óskaði eftir henni eða einungis þyldi hana en engin svör bárust.

Annar minni hluti tekur undir viðvaranir umsagnaraðila við þessu frumvarpi og gerir þær að sínum. Í ljósi þeirra leggst 2. minni hluti gegn samþykkt frumvarpsins en flytur til vara eina breytingartillögu í sérstöku þingskjali.

Alþingi, 3. apríl 2009.

Pétur H. Blöndal, frsm. Ragnheiður E. Árnadóttir.

912. Breytingartillaga [411. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja.

Frá 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar (PHB, REÁ).

Við 1. gr.

a. Orðið „opinbert“ í 1. mgr. falli brott.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Stefnt skal að því að bjóða innlendum og erlendum fjárfestum aðkomu að eignaumsýslufélaginu.

913. Svar [272. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um stuðning ríkisins við fráveitur.

1. *Hver hefur stuðningur ríkisins við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum samkvæmt lögum nr. 53/1995 verið árlega og samtals, sundurliðað eftir sveitarfélögum?*

Stuðningur ríkisins til sveitarfélaga vegna framkvæmda í fráveitumálum er samkvæmt lögum veittur og greiddur út að öllu jöfnu ári eftir að framkvæmdir eiga sér stað. Á gildistíma laganna, þ.e. frá miðju ári 1995 til 2008, hefur þessi stuðningur numið um 2.263 millj. kr. Sundurliðun fráveitustyrkja til einstakra framkvæmda við fráveitur sveitarfélaga á gildistíma laganna er að finna á meðfylgjandi yfirliti.

2. *Hve miklu af stuðningi skv. 1. tölul. fyrirspurnarinnar var varið til jöfnunar á kostnaði einstakra sveitarfélaga skv. 2. mgr. 4. gr. laganna og til rannsókna skv. 3. mgr. 4. gr., sundurliðað eftir árum og sveitarfélögum og samtals?*
3. *Hvert var hlutfall stuðningsins af kostnaði framkvæmdar hverju sinni, sundurliðað eftir sveitarfélögum og framkvæmdum?*

Heimilt er skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, að ráðstafa allt að fjórðungi styrkupphæðar á hverju ári í þeim tilgangi að jafna svo sem kostur er kostnað milli einstakra sveitarfélaga við fráveituframkvæmdir. Fráveitunefnd, sem gerir tillögur til ráðherra um stuðning til einstakra sveitarfélaga árlega á grundvelli framkvæmda næstliðins árs, hefur með hliðsjón af kostnaði á íbúa þeirra sveitarfélaga sem í hlut eiga hverju sinni eftir atvikum lagt til að heimildarákvæðið yrði nýtt til jöfnunar. Fráveitunefnd lagði til á sínum tíma að heimild fyrir beitingu jöfnunarákvæðis yrði einungis notuð vegna fráveituframkvæmda í þéttbýli. Þótt hlutfallslegur kostnaður sveitarfélaga vegna fráveituframkvæmda í dreifbýli sé verulega lægri á íbúa en í þéttbýli, þá lagði nefndin til að framkvæmdir í dreifbýli nytu eigi síður 20% styrks enda aðstaða sveitarfélaga í dreifbýli að ýmsu leyti erfiðari, svo sem vegna áætlanagerðar. Þar sem beiting jöfnunarákvæðis verður að vera innan úthlutunar styrkja á hverju ári hefur notkun jöfnunarákvæðisins verið háð því að verulegur munur væri á kostnaði á íbúa í þeim sveitarfélögum sem í hlut eiga hverju sinni. Þessi munur á kostnaði á íbúa milli sveitarfélaga, sem notið hafa stuðnings á hverju ári, hefur minnkað mjög á seinni árum þar sem stærstu sveitarfélögin hafa nú flest lokið framkvæmdum sínum. Af þeim sökum hefur fráveitunefnd ekki getað lagt til beitingu jöfnunarákvæðisins vegna framkvæmda frá og með árinu 2006, þannig að þau sveitarfélög sem hafa sótt um stuðning vegna fráveituframkvæmda frá þeim tíma hafa öll fengið sömu hlutfallslega úthlutun.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu stór hluti af styrkjum vegna fráveituframkvæmda er vegna beitingar jöfnunarákvæðis laganna en í meðfylgjandi yfirliti koma fram greiðslur til hvers sveitarfélags sundurliðað niður á hvert ár. Tímans vegna hefur því miður ekki náðst að draga fram nákvæmlega hvernig stuðningur við einstök sveitarfélög skiptist niður annars vegar í almennan stuðning úthlutunar og hins vegar vegna jöfnunar. Það mun útheimta tímafrekari vinnu að ráðast í það verkefni.

Fráveitustyrkir á árunum 1996–2008.

14 - 281- 65 100 - 5912	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998	1997	1996	Samtals
Aðaldælahreppur	723.625	258.933	619.089											1.601.647
Akraneskaupstaður	1.162.453													1.162.453
Akureyrarkaupstaður	21.884.691			7.127.603	23.098.889	11.510.539	8.402.122	10.287.018	7.175.870	9.189.799	8.710.380	8.666.067	6.180.286	122.233.264
Árborg	9.186.264	31.851.539	34.952.624	45.730.433	33.005.842	13.597.031	4.932.248	2.984.924						176.240.905
Árneshreppur								570.638						570.638
Ásahreppur			96.657	1.611.111				103.868	86.215					1.897.851
Bárðdælahreppur													144.520	144.520
Bessastaðahreppur					4.238.620	3.393.966	2.516.366				5.482.013	2.726.735		18.357.700
Biskupstungna-hreppur									104.055					104.055
Bláskógabyggð							180.000							180.000
Blönduósbær					505.258	5.582.111	5.076.854	14.527.310	4.765.301	1.655.680	1.375.982	943.322		34.431.818
Borgarbyggð	1.100.164					139.910	277.033	1.440.036	4.645.843			846.000		8.448.986
Borgarfjarðar-hreppur	221.071		338.104	467.031			634.059	477.032						2.137.297
Broddaneshreppur									476.016					476.016
Bæjarhreppur	114.086	48.029	76.159	820.771										1.059.045
Djúpavogshreppur	150.000													150.000
Eskifjarðar-kaupstaður													1.545.504	1.545.504
Eyja- og Miklaholts-hreppur												670.442		670.442
Fáskrúðsfjarðar-hreppur					1.519.375	144.562								1.663.937
Fellahreppur						1.338.599	423.742	439.180	297.504					2.499.025
Fljótsdalshreppur			4.632.147	485.629	307.045		619.489	161.678	269.893					6.475.881
Garðabær								3.256.982	16.879.806	9.614.169	409.439			30.160.396
Gaulverjabæjar-hreppur			118.850	194.243										313.093
Grímsnes- og Grafningshreppur	9.850.954		360.498		81.440				1.301.251					11.594.143
Grýtubakkahreppur	34.484	34.484	84.447	144.092	86.720	1.190.313						762.837		2.337.377
Hafnarfjarðar-kaupstaður	123.215.153	97.374.913	81.477.048					1.256.664	2.013.326	2.377.386	14.747.514	5.060.716	1.812.345	329.335.065
Helgafellssveit												335.613		335.613
Hofshreppur												547.381		547.381
Hornafjörður	898.661	1.944.510	4.276.308	1.737.368										8.856.847
Hraungerðishreppur												358.805		358.805
Hríseyjarhreppur							131.288							131.288
Hrunamannahreppur							292.087	3.226.147						3.518.234
Húnaþing vestra											76.112			76.112
Húsavíkurbær				3.869.744										3.869.744
Hvalfjarðarstrandar-hreppur					96.519	46.319								142.838
Hveragerðisbær	7.141.825	6.185.660			17.283.577	29.736.973	12.064.214	7.864.730	2.623.234	8.783.998				91.684.211
Hörgárbyggð							1.361.826							1.361.826

	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998	1997	1996	Samtals
Kaldrananeshreppur								617.019						617.019
Kelduneshreppur	508.205		503.727											1.011.932
Kirkjubólshreppur								480.019	123.047					603.066
Kjalarneshreppur													576.418	576.418
Kolbeinsstaða-hreppur													702.745	702.745
Kópavogsbær	25.435.800	8.301.137	17.869.334	8.986.715	10.040.075				22.129.723	10.522.890	4.357.635	2.186.585	345.000	110.174.894
Vestur-Landeyja-hreppur												461.407		461.407
Norður-Hérað							1.155.293	891.628	722.185		99.222			2.868.328
Austur- Hérað						532.857		863.381		519.319	817.322	239.570		2.972.449
Mjóafjarðarhreppur					1.508.098									1.508.098
Mosfellsbær	11.796.556	6.959.277		12.289.447	4.478.763	4.765.636	2.359.830							42.649.509
Mýrdalshreppur					714.437									714.437
Neskaupstaður													134.200	134.200
Rangárvallahreppur								1.517.169	103.422	780.000	805.801	1.389.615		4.596.007
Rangárþing eystra			2.297.950	5.490.370	3.837.501									11.625.821
Rangárþing ytra		1.339.500	1.510.500	1.060.611	1.657.695	2.052.185								7.620.491
Reykhólahreppur							633.666							633.666
Reykjanesbær					459.051	11.586.156	18.002.823	8.067.412	9.942.249					48.057.691
Reykjavíkurborg	14.418.059	10.418.222	77.078.569	94.942.326	122.678.915	160.197.221	200.123.478	56.846.704	28.386.405	60.442.731	125.102.617	48.720.700	59.178.500	1.058.534.447
Sandgerðisbær										2.550.002				2.550.002
Seltjarnarnes-kaupstaður					14.533	443.804						789.805	702.071	1.950.213
Seyðisfjarðar-kaupstaður	2.485.248	4.885.673	3.954.029	6.830.790										18.155.740
Siglufjarðar-kaupstaður					5.292.367									5.292.367
Skagabyggð	295.632	76.810	9.952	119.032	658.891		16.806							1.177.123
Skriðdalshreppur												674.357		674.357
Staðarhólshreppur											208.936			208.936
Sveinsstaðahreppur										659.241				659.241
Skeggjastaðahreppur												398.628		398.628
Skriðuhreppur									33.539	990.160				1.023.699
Svalbarðs-strandarhreppur									282.436	318.517	374.200			975.153
Ytri-Torfustaða-hreppur												32.656	229.809	262.465
Tunguhreppur											297.664	75.799		373.463
Vestmannaeyjabær	6.043.341	3.868.973	6.443.721	6.095.914	13.556.335	2.700.407		2.191.214						40.899.905
Vopnafjarðarhreppur				1.088.110	5.196.552	3.833.582								10.118.244
Þingeyjarsveit	753.800	449.446	1.104.341	799.008		144.583								3.251.178
Þorkelshólshreppur											19.399	27.052	227.381	273.832
Þórshafnarhreppur				988.845										988.845
Þverárhlíðarhreppur													130.309	130.309
Öxnadalshreppur									281.444					281.444
Ölfushreppur				10.536.162									645.170	11.181.332
Samtals	**237.420.072**	**173.997.106**	**237.804.054**	**211.415.355**	**250.316.498**	**252.936.754**	**259.203.224**	**118.070.753**	**102.642.764**	**108.403.892**	**162.884.236**	**75.914.092**	**72.554.258**	**2.263.563.058**

914. Frumvarp til laga [469. mál]

um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

1. gr.

Orðin „hönnuða og eftirlitsaðila sem löggildingu hafa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XV í lögunum falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 2009.

Greinargerð.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á ákvæði til bráðabirgða XV í lögum um virðisaukaskatt. Umrætt bráðabirgðaákvæði var sett með lögum nr. 10/2009 og mælir fyrir um tímabundna heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts m.a. vegna byggingar, endurbóta og viðhalds á íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði.

Frumvarp til laganna tók miklum breytingum við þinglega meðferð og lagði efnahags- og skattanefnd til að endurgreiðslan tæki jafnframt til virðisaukaskatts sem byggjendur og eigendur íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis greiða af þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits með umræddum framkvæmdum.

Nefndin ákvað að setja sem skilyrði þessarar endurgreiðslu að um væri að ræða þjónustu arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga en við 3. umræðu var því breytt og talað um þjónustu „hönnuða og eftirlitsaðila sem löggildingu hafa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum“.

Innan nefndarinnar hafa komið fram þau sjónarmið að umrætt skilyrði sé ekki í samræmi við þann raunveruleika sem ýmsar starfsstéttir sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum búa við og að það sé til þess fallið að raska samkeppni þeirra á milli. Nefndin leggur því til að orðalagið falli brott úr ákvæðinu.

Lagt er til að gildistaka verði 1. mars 2009, til samræmis við lög nr. 10/2009.

915. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningaþvætti).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Róbert Ragnar Spanó prófessor og Gunnar Narfa Gunnarsson frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust frá Persónuvernd, Fangelsismálastofnun ríkisins, Alþýðusambandi Íslands, tollstjóranum í Reykjavík, Tollvarðafélagi Íslands, ríkislögreglustjóranum,

lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, ríkissaksóknara, Viðskiptaráði Íslands, Barnaheillum, Ákærendafélagi Íslands og laganefnd Lögmannafélags Íslands.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga sem snúa að upptöku eigna, hryðjuverkum, mansali og peningaþvætti. Tilgangurinn er að laga þessi ákvæði að alþjóðlegum skuldbindingum, annars vegar vegna fullgildingar samninga um alþjóðlega brotastarfsemi og hins vegar vegna tilmæla frá alþjóðlegum nefndum. Samningarnir sem hér um ræðir eru samningur Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri brotastarfsemi (Palermó-samningur) frá 15. nóvember 2000 og bókun við hann, Evrópuráðssamningur um varnir gegn hryðjuverkum og Evrópuráðssamningur um aðgerðir gegn mansali sem báðir eru frá 3. maí 2005. Þá er meðal annars gert ráð fyrir að lögfest verði rýmri heimild til upptöku eigna en er í gildandi lögum, hafi einstaklingur gerst sekur um alvarleg brot sem fela í sér verulegan ávinning.

Frumvarpið var lagt fram á síðasta löggjafarþingi, því 135. Nefndin fékk þá málið til meðferðar og fékk til sín nokkurn fjölda gesta og umsagnir sem voru jákvæðar. Nefndin fjallaði ítarlega um málið og skilaði áliti sínu en ekki náðist að afgreiða málið sem hér er óbreytt til meðferðar hjá nefndinni.

Nefndin ræddi nokkuð um þann kafla frumvarpsins sem fjallar um upptöku eigna og lagt er til að komi í stað 69. gr. almennra hegningarlaga. Markmiðið með frumvarpinu er að gera ákvæðin skýrari og færa þau í nútímalegt horf til að um upptöku gildi skýrar og ótvíræðar reglur og að unnt sé að bregðast við skipulagðri brotastarfsemi með skilvirkari hætti. Í c-lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til að unnt verði að gera upptæk verðmæti án þess að sýnt sé fram á að þau megi rekja til tiltekins refsiverðs brots hafi viðkomandi gerst sekur um brot sem er til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning og geti brotið varðað a.m.k. sex ára fangelsi. Að þessum skilyrðum uppfylltum er heimilt að gera upptæk verðmæti sem tilheyra viðkomandi nema hann sýni fram á að verðmætanna hafi verið aflað með lögmætum hætti. Einnig er heimilt, að þrengri skilyrðum uppfylltum, að gera upptæk verðmæti sem tilheyra maka, fyrrverandi maka eða sambúðarmaka viðkomandi og verðmæti sem runnið hafa til lögaðila, sé ekki sýnt fram á að þeirra hafi verið aflað með lögmætum hætti. Nefndin leggur áherslu á að hér er í reynd ekki um að ræða frávik frá sönnunarbyrði ákæruvaldsins heldur sérstaka sönnunarreglu þar sem hlutaðeigandi gefst kostur á að setja fram einstök gögn til að sanna að eignir sem hann hafi eignast séu lögmætar. Þá telur nefndin rétt að taka fram að í greinargerð með frumvarpinu er ítarlega fjallað um samræmingu þessa ákvæðis við ákvæði mannréttindasamninga og með vísan til þeirrar umfjöllunar telur nefndin að útfærsla ákvæðanna samræmist þeim. Þá telur nefndin einnig rétt að taka fram að við samningu ákvæðanna var litið til sambærilegra ákvæða í dönskum lögum en auk þess að gengið er lengra í sambærilegum lagaákvæðum í öðrum ríkjum og því í reynd farið nokkuð varlegar hér.

Í nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar frá síðasta þingi kemur fram að í umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins um frumvarpið sé fjallað um það grundvallaratriði skattaréttar að aðila hafi hlotnast skattlögð verðmæti, sbr. 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þess efnis að aðilar telji sér til tekna þau verðmæti sem þeim hafi hlotnast. Í skattalöggjöf er ekki tekið á því álitaefni hvaða réttaráhrif það hafi á ákvarðaðan skattstofn að skattlögð verðmæti séu gerð upptæk. Taldi skattrannsóknarstjóri að með hliðsjón af framangreindu ákvæði laga um tekjuskatt væri a.m.k. vafa undirorpið að eignaupptöku og skattlagningu verði beitt samhliða. Beindi meiri hlutinn því þá til fjármálaráðherra að kannað yrði hvort gera þyrfti breytingar á skattalöggjöf hvað þetta atriði varðar og ítrekar nefndin það.

Nefndin ræddi einnig um mansalsmál á fundum sínum en þar kom fram að eftir standi að gera breytingar á ákvæðum útlendingalaga um dvalarleyfi í samræmi við ákvæði Palermó-samningsins. Nefndin telur nauðsynlegt að ganga frá þeim breytingum samhliða afgreiðslu þessa máls og hafði því samráð við ráðuneytið um útfærslu þeirra. Breytingarnar sem nefndin leggur til eru í fullu samræmi við Evrópuráðssamninginn um aðgerðir gegn mansali og Palermó-bókunina. Nefndin leggur m.a. til lengri umþóttunartíma en fram kemur í samningnum og bókuninni, fyrir útlending sem lögregla hefur tilkynnt Útlendingastofnun um að rökstuddur grunur leiki á um að sé fórnarlamb mansals, þ.e. allt að sex mánuðir eins og tíðkast í Noregi. Þá leggur nefndin einnig til að þegar sérstaklega stendur á verði Útlendingastofnun heimilt að veita fórnarlambi mansals endurnýjanlegt dvalarleyfi til eins árs þótt grunnskilyrðum dvalarleyfis skv. 11. gr. laganna sé ekki fullnægt. Þ.e. þegar það annaðhvort er nauðsynlegt vegna persónulegra aðstæðna viðkomandi eða telst nauðsynlegt að mati lögreglu vegna samvinnu viðkomandi við yfirvöld við rannsókn og meðferð sakamáls. Leyfi samkvæmt þessu ákvæði getur þó ekki verið grundvöllur búsetuleyfis. Nefndin leggur því til að við frumvarpið bætist tvær nýjar greinar er breyti útlendingalögum.

Nefndin telur rétt að taka fram að ábyrgð á mansalsmálum fluttist að öðru leyti í heild yfir til félagsmálaráðuneytis í janúar 2008 við flutning verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.

Nefndin leggur til smávægilega lagfæringu á 82. gr. almennra hegningarlaga um fyrningu þar sem nauðsynlegt er að fella út tilvísun í þeirri grein verði frumvarpið að lögum.

Að því er varðar þær breytingar sem stafa af fullgildingu Evrópuráðssamnings um varnir gegn hryðjuverkum er það álit nefndarinnar, að höfðu samráði við dómsmálaráðuneytið, að rétt sé að fresta þeim þætti málsins til næsta þings og gefa ráðuneytinu þannig betra ráðrúm til að fara yfir framkomnar athugasemdir. Nefndin leggur því til að b-liður 3. gr., 4. og 5. gr. falli brott.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Sigurður Kári Kristjánsson skrifar undir álitið með fyrirvara.

Birgir Ármannsson, Ólöf Nordal og Jón Magnússon voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. apríl 2009.

Árni Páll Árnason, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Björgvin G. Sigurðsson.
Sigurður Kári Kristjánsson, með fyrirvara.		Siv Friðleifsdóttir.

916. Breytingartillögur [33. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningaþvætti).

Frá allsherjarnefnd.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Orðin „3. tölul.“ í lokamálslið 6. mgr. 82. gr. laganna falla brott.
2. B-liður 3. gr. falli brott.
3. 4. gr. falli brott.
4. 5. gr. falli brott.
5. Á eftir 8. gr. komi nýr kafli, II. kafli, **Breyting á lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002,** með einni nýrri grein, svohljóðandi:
   Á eftir 12. gr. g laganna koma tvær nýjar greinar sem orðast svo:
   a. (12. gr. h.)
   Veita skal útlendingi, sem lögregla hefur tilkynnt Útlendingastofnun að rökstuddur grunur leiki á um að sé fórnarlamb mansals, dvalarleyfi í allt að sex mánuði, en þó ekki skemur en í þrjátíu daga, þótt ekki sé fullnægt öllum skilyrðum 11. gr. Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. skal ekki vísa viðkomandi einstaklingi úr landi á þessu tímabili.
   Nú er rökstuddur grunur um að tilkall til stöðu fórnarlambs hafi verið gert í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis, og ekki er sýnt fram á annað með óyggjandi hætti, og veitir það þá ekki rétt til dvalarleyfis. Sama gildir ef veiting dvalarleyfis er andstæð allsherjarreglu.

   b. (12. gr. i.)
   Þegar sérstaklega stendur á er Útlendingastofnun heimilt að veita fórnarlambi mansals endurnýjanlegt dvalarleyfi til eins árs þótt skilyrðum 11. gr. sé ekki fullnægt eigi annað hvort eftirfarandi við:
   a. það telst nauðsynlegt vegna persónulegra aðstæðna viðkomandi,
   b. það telst nauðsynlegt að mati lögreglu vegna samvinnu viðkomandi við yfirvöld við rannsókn og meðferð sakamáls.
   Leyfi samkvæmt ákvæði þessu getur ekki verið grundvöllur búsetuleyfis.
6. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningaþvætti), og lögum um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingum.

917. Breytingartillögur [385. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Við 1. grein. Greinin orðist svo:
   Öll verðmæti í sjó, á sjávarbotni og undir honum innan efnahagslögsögu eru þjóðareign, svo og þjóðlendur, námur í jörðu, orka í rennandi vatni og jarðhiti neðan við 100 metra dýpi.
   Aðeins er heimilt að ráðstafa verðmætum skv. 1. mgr. til afnota tímabundið og gegn gjaldi samkvæmt nánari ákvörðun í lögum. Sala þeirra eða önnur ráðstöfun er óheimil.
   Eignarrétti á íslenskum náttúruauðæfum, landi og landgrunni skal að öðru leyti skipað með lögum. Tryggja ber landsmönnum öllum rétt til umgengni og útivistar í landinu.
2. Við 3. grein. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein sem orðist svo:
   Þriðjungur alþingismanna getur ákveðið að bera samþykkt lagafrumvarp undir atkvæði allra kosningabærra manna til samþykktar eða synjunar, samanber þó 2. mgr. Slík ákvörðun skal tilkynnt með bréfi til forseta Alþingis áður en þrír dagar eru liðnir. Þjóðaratkvæðagreiðslan fer þá fram innan þriggja mánaða. Verði frumvarpið þá samþykkt skal forseti Íslands staðfesta það sem lög.
3. Við 4. grein. Greinin falli brott.

918. Tillaga til þingsályktunar [470. mál]

um listfræðilegt mat á listaverkasöfnum banka.

Frá viðskiptanefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að fram fari listfræðilegt mat á listaverkasöfnum bankanna, Íslandsbanka hf., Nýja Kaupþings banka hf. og NBI hf., í því skyni að undirbúa kaup á þeim listaverkum sem teljast þjóðargersemar og öðrum verkum er þýðingu kunna að hafa fyrir íslenska listasögu og gætu verið verðug viðbót við listaverkaeign Listasafns Íslands.

Leitast skal við að tryggja að þjóðargersemar og þýðingarmikil listaverk verði varðveitt og þau ekki seld eða látin af hendi úr framangreindum listaverkasöfnum án þess að þau verði fyrst boðin Listasafni Íslands til kaups.

Listfræðilegu mati skv. 1. mgr. verði lokið eigi síðar en 1. október 2009 og verði niðurstaða þess þá kynnt í ríkisstjórn.

Greinargerð.

Með tillögunni er lagt til að fram fari mat á listaverkasöfnum ríkisbankanna í þeim tilgangi að undirbúa kaup á þeim listaverkum sem telja má þjóðargersemar og öðrum verkum sem kunna að hafa þýðingu fyrir íslenska listasögu og gætu verið verðug viðbót við lista-

verkaeign Listasafns Íslands. Þá er í 2. mgr. lagt til að Listasafni Íslands verði tryggður forkaupsréttur að þeim verkum sem metin hafa verið og teljast þjóðargersemar eða þýðingarmikil. Í 3. mgr. er svo kveðið á um að listfræðilegu mati skv. 1. mgr. skuli ljúka eigi síðar en 1. október 2009.

Tillaga þessi er tilkomin vegna tveggja mála sem viðskiptanefnd hefur haft til umfjöllunar, frumvarps til laga um listaverk í eigu Landsbanka Íslands, Kaupþings og Glitnis (100. máls) og tillögu til þingsályktunar um breytingu á eignarhaldi og varðveislu listaverka ríkisbankanna (102. máls). Fjallað var samhliða um málin í 1. umræðu og var þeim vísað saman til nefndarinnar. Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að afhenda Listasafni Íslands til eignar og varðveislu listaverk í eigu hinna nýju ríkisbanka. Með 1. gr. frumvarpsins er lagt til að þau listaverk sem voru í eigu Landsbanka Íslands, Kaupþings og Glitnis skuli frá 7. október 2008 teljast vera eign ríkisins. Nefndinni bárust umsagnir um málin frá Aðalsteini Ingólfssyni listfræðingi, Fjármálaeftirlitinu, Listasafni Íslands, Listasafni Reykjavíkur, NBI hf., Sambandi íslenskra myndlistarmanna, safnaráði og skilanefnd Glitnis.

Við einkavæðingu Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka Íslands árið 2003 runnu listaverk þeirra til einkaaðila. Í kjölfar bankahrunsins í október 2008 hafa vaknað spurningar um afdrif listaverkanna eins og rakið er í greinargerðum með frumvarpinu og tillögunni. Efnislega eru málin samhljóða og fela í sér að staðfestur verði eignarréttur almennings á téðum listaverkum og fjallaði nefndin því um bæði málin í senn. Talið er að við bankahrunið hafi verið um 4.000 verk í eigu gömlu bankanna og eru þau hluti af íslenskum menningararfi. Markmið tillögunnar og frumvarpsins er hið sama: að tryggja varðveislu íslensks menningararfs og er gert ráð fyrir að Listasafn Íslands, meginsafn íslenskrar myndlistar í eigu ríkisins, fái listaverk úr eigu bankanna þriggja til eignar.

Viðskiptanefnd ákvað eftir umfjöllun málanna að flytja tillögu til þingsályktunar um að fram færi listfræðilegt mat á listaverkum ríkisbankanna þannig að hægt yrði að tryggja að þjóðargersemar og þýðingarmikil listaverk yrðu varðveitt og þau því boðin Listasafni Íslands til kaups áður en þau yrðu seld eða látin af hendi úr listaverkasöfnum bankanna.

Um eignarhald á listaverkunum er fjallað í umsögn Fjármálaeftirlitsins þar sem fram kemur að við færslu eigna frá gömlu bönkunum til nýju bankanna hafi öll listaverk fylgt með. Jafnframt kemur þar fram að endurskoðunarfyrirtæki sem eftirlitið hefur ráðið til að gera verðmat á eignum nýju bankanna áætli að ljúka því um miðjan apríl nk. Því er ljóst að listaverkin munu verða eign Nýja Kaupþings banka hf., Íslandsbanka hf. og NBI hf., sem allir eru í ríkiseigu.

Almennur áhugi er á að listaverkin verði áfram eign ríkisins, hvernig sem eignum hinna nýju banka verður ráðstafað að öðru leyti. Bent hefur verið á að Listasafn Íslands er höfuðsafn á sviði myndlistar og því eðlilegast að ef ákvörðun verður tekin um að listaverkasöfnin verði eign ríkisins til frambúðar verði ábyrgð á þeim færð til Listasafnsins, sem þá getur ráðstafað þeim með viðeigandi hætti, m.a. í samráði við nýju bankana. Einnig kæmi til álita að Listasafn Íslands fengi hluta safnanna til varðveislu en aðrir hlutar þeirra yrðu áfram eign bankanna. Enn fremur að mögulegt yrði að hafa verkin áfram í húsnæði bankanna og þá almenningi til sýnis en í eigu Listasafns Íslands.

Forsenda slíkra ákvarðana er að fram fari frekari fagleg könnun á umræddum listaverkum. Fram kom fyrir nefndinni að fyrirliggjandi skrár um listaverkaeign hvers banka eru misnákvæmar. Mörg þeirra eru í byggingum bankanna víðs vegar um land eða jafnvel hjá útibúum eða dótturfyrirtækjum þeirra erlendis, en önnur eru í geymsluhúsnæði. Þá eru sum verkanna hluti viðkomandi bygginga eins og freskur Jóhannesar Kjarvals í Landsbankahúsinu við

Austurstræti. Ekki er ljóst hversu auðvelt er að samhæfa umræddar skrár skrásetningarkerfi Listasafns Íslands en bent hefur verið á að a.m.k. einn bankanna hafi yfir að ráða öflugra skráningarkerfi en safnið. Þá hefur ekki verið kannað hversu mikill hluti listaverka bankanna gæti verið verðug viðbót við listaverkaeign Listasafnsins, en í umsögn til nefndarinnar var bent á að það gæti verið minna en helmingur. Þá er eðlilegt að leggja mat á hversu mikill hluti safnanna telst ekki nauðsynlegur fyrir þá heildarsýn sem safneign Listasafns Íslands er ætlað að veita yfir þróun íslenskrar listasögu.

919. Nefndarálit [461. mál]

um frv. til l. um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið að nýju og leggur til að gildistöku frumvarpsins verði flýtt þannig að lögin taki gildi 15. maí nk. í stað 1. júlí eins og gert var ráð fyrir í upphafi. Ástæða frestunar gildistökunnar var sú að ástæða var talin til að gefa þeim opinberu stofnunum sem að málinu eiga að koma tíma til að undirbúa úrræðið. Nefndin telur þó að nægilegur tími gefist til undirbúnings þótt gildistöku sé flýtt og leggur áherslu á að tíminn fram að gildistöku verði einnig nýttur til að kynna úrræðið fyrir almenningi.

Nefndin ræddi einnig þann kostnað sem úrræðið getur haft í för með sér fyrir ríkissjóð og fékk kostnaðarumsögn frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis sem unnin hafði verið fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið þegar fyrirhugað var að flytja málið sem stjórnarfrumvarp. Kostnaðarumsögnin er birt sem fylgiskjal með álitinu. Nefndin tekur sérstaklega fram að í kostnaðarumsögninni er miðað við að kostnaður verði um 250 þús. kr. við hvert mál en nefndin lagði í frumvarpinu til að hámarksþóknun til umsjónarmanns við hvert mál yrði 200 þús. kr. og má því ætla að kostnaðurinn við hundrað mál verði um 20 millj. kr. og þúsund mál 200 millj. kr. Erfitt er að spá fyrir um hversu margir munu nýta sér úrræðið. Margt bendir til að umtalsverður fjöldi verði til þess, en einnig kann vel að vera að tilkoma þessa úrræðis greiði fyrir frjálsum samningum skuldara við kröfuhafa utan formlegrar greiðsluaðlögunarmeðferðar og þannig muni ekki jafnmargir nýta sér úrræðið og ella hefði orðið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 13. gr. Í stað orðanna „1. júlí 2009“ komi: 15. maí 2009.

Árni Þór Sigurðsson, Siv Friðleifsdóttir og Jón Magnússon voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. apríl 2009.

Árni Páll Árnason, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Birgir Ármannsson.
Kristrún Heimisdóttir.	Ólöf Nordal.	Sigurður Kári Kristjánsson.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

Með frumvarpi þessu er lagt til að eigendur íbúðarhúsnæðis, sem ekki geta staðið full skil á greiðslu skulda sem tryggðar eru með veði í húsnæðinu og að uppfylltum tilteknum skilyrðum, geti leitað eftir tímabundinni greiðsluaðlögun. Í kjölfar bankahrunsins og þeirrar efnahagslægðar sem því hefur fylgt er talið nauðsynlegt að taka á stigvaxandi greiðsluvanda fyrir stóran hóp fólks og tryggja einstaklingum virkara úrræði til að gera þeim kleift að endurskipuleggja fjármál sín með það að markmiði að þeir geti búið áfram í fasteign sinni. Með greiðsluaðlögun breytast veðtryggðar skuldbindingar skuldarans á þann hátt að aðeins verða gjaldkræfar greiðslur sem honum telst fært að standa straum af, en sá hluti skuldbindingarinnar sem út af stendur leggst við höfuðstól hennar og er frestað. Frestun þessi stendur meðan greiðsluaðlögunin er í gildi en það getur að hámarki verið þrjú ár. Skilyrði fyrir greiðsluaðlöguninni er að húsnæðið sé ætlað til búsetu og skuldari haldi þar heimili og hafi þar skráð lögheimili. Skuldari þarf að óska eftir beiðni um greiðsluaðlögun til héraðsdóms sem þarf að taka afstöðu til beiðninnar að teknu tilliti til tekna, skulda og eigna viðkomandi. Taki héraðsdómur til greina beiðni um greiðsluaðlögun gilda sömu reglur fyrir dómi og heimild til málskots og um heimild til að leita nauðasamninga til greiðsluaðlögunar, þ.m.t. að skipa skuldaranum umsjónarmann. Að loknu greiðsluaðlögunartímabilinu getur skuldari óskað þess að veðskuldir sem á fasteigninni hvíla verði máðar af fasteigninni séu þær umfram tiltekinn hundraðshluta sem bætt er við markaðsverð eignar. Þeir veðhafar sem eru með kröfur umfram þannig metna eign eiga þess kost að gera tilboð um að leysa eignina til sín með því að taka að sér rétthærri veðkröfur annarra.

Þóknun dómskipaðs umsjónarmanns skal greiða úr ríkissjóði og hefur verið áætlað að kostnaður við hvert slíkt mál sé um 250 þús. kr. Vegna álags í slíkum málum á næstunni má þó gera ráð fyrir að kostnaðurinn muni eitthvað hækka. Þess ber þó að geta að sé viðkomandi skuldari með aðrar samningskröfur í greiðsluaðlögunarmeðferð til nauðasamninga skal sameina málin og sami umsjónarmaður fara með sem eitt mál.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er nokkuð erfitt að áætla heildarkostnað fyrir ríkissjóð en í samræmi við áætlaðan kostnað við hvert mál verður kostnaður fyrir hver eitt hundrað mál á bilinu 25–30 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum í fjárlögum ársins

2009 né í áætluðum útgjöldum næstu fjögur árin. Vegna mikils halla á ríkissjóði mun því að óbreyttu þurfa að fjármagna útgjöldin með lántökum.

920. Breytingartillaga [33. mál]

við brtt. á þskj. 916 [Almenn hegningarlög].

Frá Birgi Ármannssyni, Sigurði Kára Kristjánssyni, Ólöfu Nordal og Jóni Magnússyni.

2.–4. tölul. falli brott.

921. Nefndarálit [370. mál]

um till. til þál. um hagsmuni Íslands í loftslagsmálum.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Finnsson frá Náttúruverndarsamtökum Íslands, Bryndísi Skúladóttur frá Samtökum iðnaðarins og Árna Þ. Guðnason og Þorstein Valdimarsson frá Breytendum – ungliðahreyfingu Hjálparstarfs kirkjunnar. Þá bárust umsagnir frá Samtökum atvinnulífsins, Landbúnaðarháskóla Íslands, Landsvirkjun, Orkustofnun, HS Orku hf., Norðurorku, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skógrækt ríkisins, Landssambandi smábátaeigenda, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Alcoa Fjarðaáli sf., Alcoa á Íslandi ehf., Alcan á Íslandi hf., Raunvísindadeild Háskóla Íslands, Félagi umhverfisfræðinga á Íslandi, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Skógræktarfélagi Íslands og Breytendum – ungliðahreyfingu Hjálparstarfs kirkjunnar.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að gæta ýtrustu hagsmuna Íslands í samningaviðræðum sem nú fara fram á vegum rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Sérstaklega skuli ríkisstjórnin tryggja að efni og tilgangur ákvörðunar 7. aðildarríkjaþings rammasamningsins nr. 14/CP.7 um áhrif einstakra verkefna á útstreymi á skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar haldi gildi sínu við samningsgerðina. Ákvörðunin hefur verið kölluð íslenska ákvæðið og heimilar útstreymi allt að 1,6 milljónum tonna af gróðurhúsalofttegundinni CO_2 að meðaltali á ári út skuldbindingartímabilið sem er til 2012.

Íslenska ákvæðið fellur niður árið 2012 verði ekki samið um áframhald þess. Verði það raunin mun Ísland aðeins hafa útstreymisheimildir sem svara 3,7 milljónum tonna en leiða má líkum að því að útstreymi Íslands verði þó meira á þeim tíma. Meiri hlutinn telur því nauðsynlegt að leitað verði nýs samkomulags sem endurspegli áætlað útstreymi svo að þau fyrirtæki sem hyggist nýta orku sem þegar verði hafin nýting á þurfi ekki að afla útstreymisheimilda erlendis frá. Það getur jafnframt haft í för með sér að stoðum verði kippt undan rekstrargrundvelli íslenskra orkufyrirtækja gangi erfiðlega að afla slíkra heimilda eða reynist

þær dýrar. Meiri hlutinn telur óeðlilegt að atvinnulífi séu settar svo strangar skorður þegar hægt er að beita vægari úrræðum og vinna að því að gildistími ákvæðisins verði framlengdur út næsta tímabil hið minnsta. Þá sé jafnframt nauðsynlegt að hafa í huga vinnumarkaðssjónarmið enda mörg störf sem gætu tapast í kjölfar þess að fyrirtæki hér dragi eða hætti starfsemi. Þannig verði svigrúm Íslands til frekari nýtingar sjálfbærra orkuauðlinda á grundvelli „íslenska ákvæðisins“ viðurkennt.

Á Íslandi byggist atvinnurekstur á bestu fáanlegu tækni í umhverfismálum þar sem orkuöflun er frá endurnýjanlegum orkulindum. Hér er til þekking, kunnátta og aðstaða til bestu mögulegrar nýtingar auk þess sem hér hafa verið stundaðar rannsóknir á þessu sviði. Markmið loftslagssamningsins er að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu og því áréttar meiri hlutinn að framlenging íslenska ákvæðisins sé í fullu samræmi við þau markmið enda sé það til góðs fyrir loftslagskerfi heimsins að nýta endurnýjanlega orkugjafa á sem hagkvæmastan hátt. Þá er útstreymisheimildum m.a. ætlað að hvetja önnur ríki til að nýta þessar orkulindir fremur umfram aðra meira mengandi orkugjafa. Meiri hlutinn áréttar jafnframt að íslenska ákvæðið hefur notið stuðnings alþjóðasamfélagsins enda mikill skilningur á því að nýta beri endurnýjanlegar orkulindir.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Við tillögugreinina bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Svigrúm Íslands til frekari nýtingar sjálfbærra orkuauðlinda á grundvelli „íslenska ákvæðisins“ verði viðurkennt.

Karl V. Matthíasson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. apríl 2009.

Árni M. Mathiesen, frsm.	Kjartan Ólafsson.	Kristinn H. Gunnarsson.
Helga Sigrún Harðardóttir.	Ólöf Nordal.	

922. Framhaldsnefndarálit [366. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

Málinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umræðu og hefur nefndin fjallað um málið á ný og fengið á sinn fund Indriða H. Þorláksson og Ingibjörgu Helgu Helgadóttur frá fjármálaráðuneyti, Kristján Skarphéðinsson frá iðnaðarráðuneyti, Ingvar J. Rögnvaldsson og Guðrúnu Jennýju Jónsdóttur frá ríkisskattstjóra, Bryndísi Kristjánsdóttur frá skattrannsóknarstjóra ríkisins, Finn Oddson og Harald I. Birgisson frá Viðskiptaráði, Ásgeir Margeirsson frá Geysi Green Energy, Stefán Pétursson frá Landsvirkjun, Elínu Smáradóttr frá Orkuveitu

Reykjavíkur, Ásgeir Á. Ragnarsson og Áslaugu Gunnlaugsdóttur frá BBA-Legal, Gunnar Egil Egilsson og Völu Valtýsdóttur frá Deloitte hf. og Símon Þór Jónsson og Ágúst K. Guðmundsson frá KPMG hf.

Nefndin ræddi nánar um 1. gr. frumvarpsins um skattlagningu vaxtagreiðslna úr landi og áhrif hennar á íslenskt viðskiptalíf í ljósi ríkjandi efnahagsaðstæðna. Skiptar skoðanir komu fram um þetta atriði.

Fulltrúar fjármálaráðuneytis áréttuðu að tilgangur ákvæðisins lyti ekki einvörðungu að því að koma í veg fyrir skattasniðgöngu heldur jafnframt að tryggja íslenska ríkinu eðlilega hlutdeild í verðmætasköpun hér á landi. Gætt hefði vaxandi tilhneigingar til að færa hagnað úr fyrirtækjum á formi vaxtatekna í stað arðgreiðslna sem almennt sæta skattlagningu. Einnig væri fyrirsjáanlegt við núverandi aðstæður í efnahagsmálum að vaxtagreiðslur úr landi færðust í aukana.

Öndvert við það sem nefndin tók fram í áliti sínu fyrir 2. umræðu málsins töldu Viðskiptaráð og fulltrúar þeirra orkufyrirtækja og endurskoðunarskrifstofa sem nefndin ræddi við að ákvæði tvísköttunarsamninga mundu í mörgum tilvikum ekki girða fyrir að skatturinn legðist á hinn erlenda lánveitanda, skattbyrði sem á endanum yrði borin af innlendum lántaka. Lánsfjármagns væri þar að auki víðar að leita en í ríkjum sem gerðir hafa verið tvísköttunarsamningar við.

Nefndin telur að framangreindar athugasemdir gefi tilefni til að skoða betur hver áhrif 1. gr. frumvarpsins geti haft á aðgang íslenskra fyrirtækja að erlendu lánsfé.

Nefndin leggur áherslu á að þegar að loknum næstu kosningum verði, með hliðsjón af tilgangi greinarinnar, haldið áfram að leita leiða sem tryggt geta íslenska ríkinu eðlilega hlutdeild í vaxtagreiðslum úr landi.

Nefndin ræddi hvort fresta ætti gildistöku greinarinnar eða fella hana brott. Nefndin telur í ljósi núverandi efnahagaðstæðna að fyrrnefndi kosturinn geti raskað möguleikum íslenskra fyrirtækja til fjármögnunar og leggur því til að 1. gr. falli brott ásamt tengdum greinum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1., 4., 5. og 9.–11. gr. falli brott.
2. 12. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. gr. koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2011 vegna tekna ársins 2010 og eigna í lok þess árs.
3. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Grétar Mar Jónsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur álitinu.

Alþingi, 6. apríl 2009.

Björgvin G. Sigurðsson, form., frsm.	Pétur H. Blöndal.	Ellert B. Schram.
Gunnar Svavarsson.	Árni Þór Sigurðsson.	Ragnheiður E. Árnadóttir.
Jón Bjarnason.	Birkir J. Jónsson.	Illugi Gunnarsson.

923. Fyrirspurn [471. mál]

til utanríkisráðherra um flug herflugvéla.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hver var tilgangurinn með flugi herflugvéla yfir Akureyri helgina 21. og 22. mars sl.?
2. Hver var flugleið þessara véla og hversu hátt eða lágt flugu þær yfir Akureyri og annarri byggð?
3. Hvaða her tilheyra þessar vélar?
4. Hverrar tegundar eru vélarnar og hvaða vopnum eru þær búnar?
5. Er flug af þessum toga áætlað í framtíðinni?

Skriflegt svar óskast.

924. Nefndarálit [386. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47/2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurð Oddsson frá Þingvallanefnd og Gylfa Kristinsson frá félags- og tryggingamálaráðuneyti.

Markmið frumvarpsins er að tryggja að Þingvallanefnd geti samið um lengd leigutíma á lóðum undir sumarhús óháð ákvæðum laga um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús, en þau áskilja að leigusamningar frístundahúsa séu gerðir til 20 ára. Þeir samningar sem í gildi eru í þjóðgarðinum eru til styttri tíma eða 10 ára og þykir það nauðsynlegt til þess að unnt sé að grípa til ráðstafana með tiltölulega skömmum fyrirvara til að tryggja að markmið laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum náist.

Nefndin bendir á að jafnframt kunna ýmis önnur ákvæði laganna að vera í nokkru ósamræmi við lög um þjóðgarðinn en nefndin minnir einnig á þá meginreglu að sérlög ganga framar almennum lögum og vísar einnig í því sambandi til sérstöðu þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt.**

Birgir Ármannsson, Ólöf Nordal, Sigurður Kári Kristjánsson og Jón Magnússon voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. apríl 2009.

Árni Páll Árnason, form., frsm.	Álfheiður Ingadóttir.	Kristrún Heimisdóttir.
Árni Þór Sigurðsson.		Siv Friðleifsdóttir.

925. Skýrsla [253. mál]

viðskiptaráðherra um peningamarkaðs- og skammtímasjóði, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

Með beiðni (á þskj. 407) frá Kristni H. Gunnarssyni og fleiri alþingismönnum er þess óskað að viðaskiptaráðherra flytji Alþingi skýrslu um peningamarkaðs- og skammtímasjóði. Meðal þess sem óskað er eftir að fram komi í skýrslunni er eftirfarandi:

1. Reglur sem giltu um peningamarkaðs- og skammtímasjóði fyrir hrun bankanna og þar til þeir voru gerðir upp.
2. Fjárfestingarstefna sjóðanna, hvort henni hafi verið fylgt og hversu oft og hvernig henni hafi verið breytt síðustu 18 mánuði fyrir lokun sjóðanna í október sl., t.d. er óskað eftir:
   a. yfirliti yfir breytingar á eignasamsetningu í sjóðunum á fyrrgreindu tímabili,
   b. skýringum á hvernig verðmyndun hafi verið framkvæmd á verðbréfum í sjóðunum, þ.m.t. bréfum sem ekki voru skráð á opinberan markað eða með félög sem menn vissu eða máttu vita að voru í vanda stödd,
   c. upplýsingum um hvernig breytingar á fjárfestingarstefnu sjóðanna voru kynntar, t.d. til Fjármálaeftirlitsins, hlutdeildarskírteinishafa, eða í Lögbirtingablaði og hvort Fjármálaeftirlitið hafi samþykkt þær breytingar.
3. Hvort rekstraraðilar eða eigendur þeirra hafi átt hagsmuna að gæta við stjórn hinna tilgreindu sjóða í aðdraganda bankahrunsins og þar til þeir voru gerðir upp. Í því sambandi verði m.a. gerð grein fyrir:
   a. hverjir voru og eru eigendur þeirra sjóða sem spurt er um og hver var eignarhlutur þeirra,
   b. hvort sjóðirnir hafi verið notaðir með einhverjum hætti til þess að halda uppi gengi hlutabréfa, t.d. með kaupum á skuldabréfum útgefnum af bönkunum sjálfum og aðilum og félögum tengdum eigendum bankanna,
   c. hvort verulegar breytingar hafi orðið á eignasamsetningu sjóðanna frá 1. janúar 2008 og til slita þeirra,
   d. hvort fullyrðingar um áhættustig (áhættuleysi) við kynningu og sölu sjóðanna á bréfum sínum hafi staðist,
   e. hugsanlegum fyrirmælum sjóðsstýringar, bankastjórnar, bankastjóra eða annarra hagsmunaaðila innan bankanna um að selja eignir sjóðanna: svo sem skuldabréf, hlutabréf, bankabréf og önnur verðbréf, innstæður hvers konar og önnur verðmæti í eigu peningamarkaðs- og skammtímasjóða,
   f. sjóðsstjórum og stjórnum sjóðanna, aðalmönnum og varamönnum, við lokun sjóðanna og tilgreint hvaða stöðum þessir aðilar gegndu jafnhliða því að sitja í stjórnum sjóðanna og hvaða stöðum viðkomandi gegna nú.
4. Hvort einhver óeðlileg viðskipti hafi átt sér stað með bréf í tilgreindum sjóðum eða með eignir sem þeir fóru með síðustu 18 mánuði fyrir lokun sjóðanna, þ.m.t.:
   a. hvort tryggari kröfur í sjóðunum hafi verið seldar fyrir ótryggari kröfur,
   b. hvort viðskipti hafi átt sér stað við aðila sem tengjast bönkunum, þ.e. nákomna í skilningi 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., og ef svo er hverjir þessir tengdu aðilar eru.
5. Samsetning hlutdeildarskírteinishafa tilgreindra peningamarkaðssjóða í aðdraganda bankahrunsins þar til þeir voru gerðir upp og hvernig hlutur þeirra skiptist, t.d.:

a. hversu margir einstaklingar og lögaðilar, þ.e. lífeyrissjóðir, sveitarfélög, stofnanir og félög í eigu ríkisins, tryggingafélög, einkahlutafélög, önnur félög o.s.frv., áttu eignir í peningamarkaðs- og skammtímasjóðum Glitnis, Landsbanka Íslands og Kaupþings þegar Fjármálaeftirlitið f.h. ríkissjóðs tók yfir rekstur þeirra í byrjun október sl.,
b. um hversu miklar eignir var að ræða, sundurliðað eftir fjölda hlutdeildarskírteinishafa í peningamarkaðssjóðum í hverjum banka fyrir sig og fjölda þeirra sem áttu innstæður á bilinu 0–5 millj. kr., 5–10 millj. kr., 10–50 millj. kr., 50–100 millj. kr., 100–500 millj. kr., 500–1.000 millj. kr. og meira en 1.000 millj. kr.,
c. hver samanlögð eign var í hverjum banka og sjóði 19. júlí 2007, 16. október 2007, 1. janúar 2008, 1. júlí 2008 og 6. október 2008, hver var hæsta innstæða í hverjum banka og sjóði, og hve mikið var tekið út úr þeim síðustu vikuna fyrir yfirtöku ríkisins á bönkunum,
d. að auki er óskað eftir upplýsingum um hvort til eru upptökur af símtölum sjóðsstjóra og/eða þjónustufulltrúa viðkomandi sjóða, rekstrarfélaga þeirra, eða banka við hlutdeildarskírteinishafa síðustu vikuna fyrir bankahrunið, og ef svo er ekki hver skýringin er.

6. Ákvarðanir stjórnvalda og stjórnenda bankanna, gömlu og nýju, til að endurfjármagna peningamarkaðs- og skammtímasjóðina og aðdraganda þessara ákvarðana. M.a. er óskað upplýsinga um:
a. hver aðkoma ríkisstjórnarinnar, ráðherra og embættismanna ráðuneytanna og stjórnkerfisins, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka var í þessari atburðarás,
b. á hverju sú ákvörðun Fjármálaeftirlitsins byggðist að láta loka öllum verðbréfasjóðum bankanna 6. október sl. og á hverju tilmæli Fjármálaeftirlitsins byggðust um að þeim skyldi slitið 17. október sl. og greitt úr þeim,
c. hvort gömlu og nýju bankarnir, bankastjórar, bankastjórnir, bankaráð, bráðabirgðastjórnir/skilanefndir bankanna, sjóðsstjórnir og sjóðsstjórar hafi haft umboð og heimild stjórnvalda til að taka svo stórar ákvarðanir. Óskað er eftir að viðkomandi fundargerðir á tímabilinu þar sem fjallað er um kaup á skuldabréfum, hlutabréfum, bankabréfum og öðrum verðbréfum, innstæðum hvers konar og öðrum verðmætum í eigu peningamarkaðs- og skammtímasjóða verði birtar sem viðaukar við skýrsluna,
d. hvort keypt voru bankabréf, útgefin af Landsbankanum, Kaupþingi eða Glitni, og hvert var verðmat þeirra við kaupin,
e. hvort stjórnendur peningamarkaðssjóðanna hafi leitað bestu verða við sölu á eignum sjóðanna, skuldabréfum, hlutabréfum, bankabréfum og öðrum verðbréfum, innstæðum hvers konar og öðrum verðmætum, hvort kaupendur hafi leitað að bestu verðum á markaðnum við kaup á þessum eignum, hver keypti og hver er nú eigandi eignanna,
f. hvernig þess var gætt að ákvæðum stjórnarskrár um fjárveitingarvald Alþingis væri fylgt.

7. Hversu miklu af skattfé ríkisins var ráðstafað, með beinum eða óbeinum hætti, til að endurfjármagna peningamarkaðssjóðina í aðdraganda og í kjölfar bankahrunsins og hvort annars konar fjárhagslegri fyrirgreiðslu var beitt, þ.m.t.:
a. hversu mikið fé ríkissjóður hefur lagt til í þeim tilgangi að styrkja stofnfjár- og eiginfjárstöðu bankanna,
b. hversu miklum fjármunum nýju ríkisbankarnir hafa, hver um sig, varið til kaupa á eignum peningamarkaðssjóðanna,

c. hvernig kaup á eignum sjóðanna voru fjármögnuð.

8. Hvort gætt hafi verið jafnræðis við uppgjör tilgreindra peningamarkaðs- og skammtímasjóða annars vegar gagnvart eigendum verðbréfa í öðrum sjóðum í þessum þremur bönkum eða öðrum bönkum og sparisjóðum og hins vegar gagnvart fjármálastofnunum sem ekki áttu hlut að máli, þ.m.t.:
   a. hvort reglur um sjálfstæði og óhæði hafi verið virtar að vettugi þar sem bankarnir keyptu nær eingöngu eignir í „sínum“ sjóðum,
   b. mati á hvort ekki hefði verið eðlilegra að ríkisbankarnir þrír hefðu gætt jafnræðis og keypt eignir út úr öllum peningamarkaðssjóðum innlendra fjármálastofnana.
   c. hvað sambærileg fyrirgreiðsla mundi kosta ríkissjóð / nýstofnaða ríkisbanka, þ.e. að kaupa út bréf í peningamarkaðssjóðum smærri fjármálafyrirtækja.
9. Hvernig staðið var að slitum og uppgjöri tilgreindra peningamarkaðssjóða af hálfu fulltrúa ríkisvaldsins, á hvaða aðferðafræði var byggt og hvort samræmis hafi verið gætt. M.a. verði greint frá:
   a. eignaverðmæti þeirra eigna sem standa/stóðu á bak við sjóðina, svo sem skuldabréfa, hlutabréfa, bankabréfa og annarra verðbréfa, innstæða hvers konar og annarra verðmæta í eigu peningamarkaðs- og skammtímasjóða,
   b. hvort um var að ræða bréf eða aðra fjármálagerninga frá tæknilega gjaldþrota fyrirtækjum, t.d. Stoðum,
   c. hvort kaup á eignum peningamarkaðs- og skammtímasjóðanna hafi verið tilkynnt til Fjármálaeftirlitsins og Kauphallarinnar,
   d. hvort rétt hafi verið staðið að slitum og uppgjöri sjóðanna og í samræmi við góða reikningsskilavenju,
   e. hversu hátt hlutfall var greitt úr hverjum sjóði og hverjar voru tíu hæstu greiðslur sem greiddar voru til einstaklings eða lögaðila,
   f. hverjar svonefndar viðskiptalegar forsendur nýju ríkisbankanna, hvers um sig, voru fyrir kaupum á eignum af peningamarkaðs- og skammtímasjóðum gömlu bankanna þriggja, svo sem skuldabréfum, hlutabréfum, bankabréfum og öðrum verðbréfum, innstæðum hvers konar og öðrum verðmætum? Óskað er eftir að sjálfstætt mat matsfyrirtækja um verðgildi eignanna og greinargerð þeirra til bankanna verði birt sem viðauki skýrslunnar,
   g. hvernig stendur á þeim mun sem var á útgreiðslu úr peningamarkaðs- og skammtímasjóðum viðskiptabankanna annars vegar og hins vegar úr peningamarkaðssjóði BYR sem var nær 96% hlutfalli innstæðna,
   h. hvort við kaup á skuldabréfum út úr þessum sjóðum og greiðslu á þeim hafi verið borgað raunvirði og hvort jafnvel sé eftir að borga hluta af þeim peningum síðar,
   i. að auki er óskað eftir að ársreikningar peningamarkaðs- og skammtímasjóða í rekstri bankanna og félaga þeirra, svo sem Glitnis sjóða hf. í rekstri Glitnis banka, Landsvaka hf. í rekstri Landsbankans, og Rekstrarfélag Kaupþings Banka hf. í rekstri Kaupþings banka, fyrir síðustu fimm ár verði lagðir fram sem viðaukar við skýrsluna.

10. Tillögur til úrbóta.

Samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, er Fjármálaeftirlitinu falin framkvæmd með þeim lögum. Stofnunin heyrir formlega undir viðskiptaráðuneytið en viðskiptaráðherra skipar stofnuninni stjórn.

Af sjálfu sér leiðir að engin söfnun upplýsinga um starfsemi eftirlitsskyldra aðila fer fram í viðskiptaráðuneytinu. Þá er ekki um að ræða neina skýrslugjöf til ráðuneytisins frá eftirlitsskyldum aðilum.

Fjármálaeftirlitið gefur viðskiptaráðherra skýrslu árlega. Sú venja hefur skapast að skýrslan hefur fylgt sem fylgiskjal með frumvarpi til laga um breyting á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sem lagt hefur verið fram á hverju hausti.

Ráðuneytið ritaði fjórum aðilum í stjórnkerfinu bréf og óskaði eftir að þeir legðu til efni í svör þess. Þessir aðilar eru Nasdaq OMX Ísland, um c-lið 9. tölul., Seðlabanki Íslands, um 6. tölul., fjármálaráðuneytið, um a-, c- og f-lið 6. tölul., 7. tölul., b- og c-lið 8. tölul. og 9. tölul., og Fjármálaeftirlitið. Eru svör þeirra hluti af skýrslu þessari. Ekki bárust svör frá fjármálaráðuneytinu.

1. *Reglur sem giltu um peningamarkaðs- og skammtímasjóði fyrir hrun bankanna og þar til þeir voru gerðir upp.*

Peningamarkaðs- og skammtímasjóðir eru verðbréfasjóðir, en svo eru kallaðir sjóðir sem hafa það eingöngu að markmiði að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Eftirfarandi lög og reglur giltu um peningamarkaðs- og skammtímasjóði á þessum tíma: Lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, reglugerð um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 792/2003, reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða, nr. 97/2004, leiðbeinandi tilmæli um afleiðunotkun verðbréfasjóða, nr. 2/2006, leiðbeinandi tilmæli um útdrætti úr útboðslýsingum verðbréfasjóða, nr. 3/2004, og reglur sjóðanna sjálfra.

2. *Fjárfestingarstefna sjóðanna, hvort henni hafi verið fylgt og hversu oft og hvernig henni hafi verið breytt síðustu 18 mánuði fyrir lokun sjóðanna í október sl., t.d. er óskað eftir:*
   a. *yfirliti yfir breytingar á eignasamsetningu í sjóðunum á fyrrgreindu tímabili,*
   b. *skýringum á hvernig verðmyndun hafi verið framkvæmd á verðbréfum í sjóðunum, þ.m.t. bréfum sem ekki voru skráð á opinberan markað eða með félög sem menn vissu eða máttu vita að voru í vanda stödd,*
   c. *upplýsingum um hvernig breytingar á fjárfestingarstefnu sjóðanna voru kynntar, t.d. til Fjármálaeftirlitsins, hlutdeildarskírteinishafa, eða í Lögbirtingablaði og hvort Fjármálaeftirlitið hafi samþykkt þær breytingar.*

Eftirfarandi kemur fram í svari Fjármálaeftirlitsins:

Yfirlit yfir breytingar á eignasamsetningu í sjóðunum á fyrrgreindu tímabili: Með vísan til 13. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, gefur Fjármálaeftirlitið þessar upplýsingar ekki upp.

Skýringar á hvernig verðmyndun hafi verið framkvæmd á verðbréfum í sjóðunum: Fjármálaeftirlitið býr ekki yfir framangreindum upplýsingum.

Samkvæmt ákvæðum 13. gr. laga nr. 30/2003 er rekstrarfélögum sem hyggjast breyta fjárfestingarstefnu sjóðanna skylt að senda tilkynningu um breytingarnar til Fjármálaeftirlitsins til samþykktar. Þegar Fjármálaeftirlitið hefur farið yfir reglur sjóðsins og samþykkt þær, sendir eftirlitið tilkynningu í Lögbirtingablaðið og rekstrarfélagið verður að senda bréf til hlutdeildarskírteinishafa þar sem þeim er gert grein fyrir því að reglum sjóðsins hafi verið breytt.

3. *Hvort rekstraraðilar eða eigendur þeirra hafi átt hagsmuna að gæta við stjórn hinna tilgreindu sjóða í aðdraganda bankahrunsins og þar til þeir voru gerðir upp. Í því sambandi verði m.a. gerð grein fyrir:*
   a. *hverjir voru og eru eigendur þeirra sjóða sem spurt er um og hver var eignarhlutur þeirra,*
   b. *hvort sjóðirnir hafi verið notaðir með einhverjum hætti til þess að halda uppi gengi hlutabréfa, t.d. með kaupum á skuldabréfum útgefnum af bönkunum sjálfum og aðilum og félögum tengdum eigendum bankanna,*
   c. *hvort verulegar breytingar hafi orðið á eignasamsetningu sjóðanna frá 1. janúar 2008 og til slita þeirra,*
   d. *hvort fullyrðingar um áhættustig (áhættuleysi) við kynningu og sölu sjóðanna á bréfum sínum hafi staðist,*
   e. *hugsanlegum fyrirmælum sjóðsstýringar, bankastjórnar, bankastjóra eða annarra hagsmunaaðila innan bankanna um að selja eignir sjóðanna: svo sem skuldabréf, hlutabréf, bankabréf og önnur verðbréf, innstæður hvers konar og önnur verðmæti í eigu peningamarkaðs- og skammtímasjóða,*
   f. *sjóðsstjórum og stjórnum sjóðanna, aðalmönnum og varamönnum, við lokun sjóðanna og tilgreint hvaða stöðum þessir aðilar gegndu jafnhliða því að sitja í stjórnum sjóðanna og hvaða stöðum viðkomandi gegna nú.*

Ráðuneytið fékk eftirfarandi svar frá Fjármálaeftirlitinu við spurningu 3:

„Hverjir voru og eru eigendur þeirra sjóða sem spurt er um og hver var eignarhlutur þeirra: Rekstrarfélög verðbréfasjóða sem reka sjóðina eru sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki. Glitnir sjóðir hf. var í eigu Glitnis banka, Landsvaki hf. var í eigu Landsbankans og Rekstrarfélag Kaupþings hf. var í eigu Kaupþings banka hf. Sjóðirnir sjálfir eru hins vegar í eigu hlutdeildarskírteinishafa. Fjármálaeftirlitið hefur ekki upplýsingar um hve eignarhlutur hvers hlutdeildarskírteinishafa er mikill.

Hvort sjóðirnir hafi verið notaðir með einhverjum hætti til þess að halda uppi gengi hlutabréfa, t.d. með kaupum á skuldabréfum útgefnum af bönkunum sjálfum og aðilum og félögum tengdum eigendum bankanna: Ekki liggja þær upplýsingar fyrir, enda þyrfti að rannsaka það mál áður en niðurstaða fæst.

Hvort verulegar breytingar hafi orðið á eignasamsetningu sjóðanna frá 1. janúar 2008 og til slita: Ekki gefið upp.

Hvort fullyrðingar um áhættustig (áhættuleysi) við kynningu og sölu sjóðanna á bréfum sínum hafi staðist: Fjármálaeftirlitið er að kanna það mál.

Hugsanlegum fyrirmælum sjóðstýringar, bankastjórnar, bankastjóra eða annara hagsmunaaðila innan bankanna um að selja eignir sjóðanna, svo sem skuldabréf , hlutabréf, bankabréf og önnur verðbréf, innstæður hvers konar og önnur verðmæti í eigu peningamarkaðs- og skammtímasjóða: Fjármálaeftirlitið hefur ekki þessar upplýsingar.

Sjóðstjórum og stjórnum sjóðanna, aðalmönnum og varamönnum, við lokun sjóðanna og tilgreint hvaða stöðum þessir aðilar gegndu jafnhliða því að sitja í stjórnum sjóðanna og hvaða stöðum viðkomandi gegna nú: Sjóðirnir sjálfir hafa ekki sjálfstæða stjórn heldur hefur hvert rekstrarfélag sjálfstæða stjórn. Sjóðstjórar sinna ekki öðrum störfum en sjóðstjórn.“

4. *Hvort einhver óeðlileg viðskipti hafi átt sér stað með bréf í tilgreindum sjóðum eða með eignir sem þeir fóru með síðustu 18 mánuði fyrir lokun sjóðanna, þ.m.t.:*
   a. *hvort tryggari kröfur í sjóðunum hafi verið seldar fyrir ótryggari kröfur,*

b. hvort viðskipti hafi átt sér stað við aðila sem tengjast bönkunum, þ.e. nákomna í skilningi 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., og ef svo er hverjir þessir tengdu aðilar eru.

Ráðuneytið fékk eftirfarandi svar frá Fjármálaeftirlitinu við spurningu 4:

„Með vísan til 13. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, gefur Fjármálaeftirlitið þessar upplýsingar ekki upp.“

5. Samsetning hlutdeildarskírteinishafa tilgreindra peningamarkaðssjóða í aðdraganda bankahrunsins þar til þeir voru gerðir upp og hvernig hlutur þeirra skiptist, t.d.:

a. hversu margir einstaklingar og lögaðilar, þ.e. lífeyrissjóðir, sveitarfélög, stofnanir og félög í eigu ríkisins, tryggingafélög, einkahlutafélög, önnur félög o.s.frv., áttu eignir í peningamarkaðs- og skammtímasjóðum Glitnis, Landsbanka Íslands og Kaupþings þegar Fjármálaeftirlitið f.h. ríkissjóðs tók yfir rekstur þeirra í byrjun október sl.,

b. um hversu miklar eignir var að ræða, sundurliðað eftir fjölda hlutdeildarskírteinishafa í peningamarkaðssjóðum í hverjum banka fyrir sig og fjölda þeirra sem áttu innstæður á bilinu 0–5 millj. kr., 5–10 millj. kr., 10–50 millj. kr., 50–100 millj. kr., 100–500 millj. kr., 500–1.000 millj. kr. og meira en 1.000 millj. kr.,

c. hver samanlögð eign var í hverjum banka og sjóði 19. júlí 2007, 16. október 2007, 1. janúar 2008, 1. júlí 2008 og 6. október 2008, hver var hæsta innstæða í hverjum banka og sjóði, og hve mikið var tekið út úr þeim síðustu vikuna fyrir yfirtöku ríkisins á bönkunum,

d. að auki er óskað eftir upplýsingum um hvort til eru upptökur af símtölum sjóðsstjóra og/eða þjónustufulltrúa viðkomandi sjóða, rekstrarfélaga þeirra, eða banka við hlutdeildarskírteinishafa síðustu vikuna fyrir bankahrunið, og ef svo er ekki hver skýringin er.

Ráðuneytið fékk eftirfarandi svar frá Fjármálaeftirlitinu við spurningu 5:

„Fjármálaeftirlitið hefur ekki upplýsingar um hverjir voru hlutdeildarskírteinishafar eða hver hlutfallsleg eign þeirra var.“

6. Ákvarðanir stjórnvalda og stjórnenda bankanna, gömlu og nýju, til að endurfjármagna peningamarkaðs- og skammtímasjóðina og aðdraganda þessara ákvarðana. M.a. er óskað upplýsinga um:

a. hver aðkoma ríkisstjórnarinnar, ráðherra og embættismanna ráðuneytanna og stjórnkerfisins, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka var í þessari atburðarás,

b. á hverju sú ákvörðun Fjármálaeftirlitsins byggðist að láta loka öllum verðbréfasjóðum bankanna 6. október sl. og á hverju tilmæli Fjármálaeftirlitsins byggðust um að þeim skyldi slitið 17. október sl. og greitt úr þeim,

c. hvort gömlu og nýju bankarnir, bankastjórar, bankastjórnir, bankaráð, bráðabirgðastjórnir/skilanefndir bankanna, sjóðsstjórnir og sjóðsstjórar hafi haft umboð og heimild stjórnvalda til að taka svo stórar ákvarðanir. Óskað er eftir að viðkomandi fundargerðir á tímabilinu þar sem fjallað er um kaup á skuldabréfum, hlutabréfum, bankabréfum og öðrum verðbréfum, innstæðum hvers konar og öðrum verðmætum í eigu peningamarkaðs- og skammtímasjóða verði birtar sem viðaukar við skýrsluna,

d. hvort keypt voru bankabréf, útgefin af Landsbankanum, Kaupþingi eða Glitni, og hvert var verðmat þeirra við kaupin,

e. hvort stjórnendur peningamarkaðssjóðanna hafi leitað bestu verða við sölu á eignum sjóðanna, skuldabréfum, hlutabréfum, bankabréfum og öðrum verðbréfum, innstæðum

hvers konar og öðrum verðmætum, hvort kaupendur hafi leitað að bestu verðum á markaðnum við kaup á þessum eignum, hver keypti og hver er nú eigandi eignanna,

f. hvernig þess var gætt að ákvæðum stjórnarskrár um fjárveitingarvald Alþingis væri fylgt.

Vísað er til svars viðskiptaráðherra við fyrirspurn á þskj. 178, 153. mál, um kaup á verðbréfum úr peningamarkaðssjóðum Glitnis, Landsbanka Íslands og Kaupþings og svars fjármálaráðherra við fyrirspurn á þskj. 277, 154. mál, um fjármögnun á kaupum á verðbréfum úr peningamarkaðssjóðum Glitnis, Landsbanka Íslands og Kaupþings.

Ráðuneytið fékk eftirfarandi svar frá Seðlabanka Íslands við spurningu 6:

„Seðlabanki Íslands hafði enga aðkomu að ákvörðunum stjórnvalda og stjórnenda bankanna, gömlu og nýju, til að endurfjármagna peningamarkaðs- og skammtímasjóðina og aðdraganda þessara ákvarðana, sbr. a-lið hér að ofan. Um aðra bókliði er það að segja að Seðlabankinn hefur ekki yfir að ráða nauðsynlegum upplýsingum til að geta svarað þeim.“

Ráðuneytið fékk þau svör frá Fjármálaeftirlitinu að það hefði ekki svör við spurningu 6, að öðru leyti en b-lið.

Fjármálaeftirlitið sendi eftirfarandi svar við b-lið:

„Sú ákvörðun að fresta innlausnum þann 6. október var tekin af rekstrarfélögunum, ekki Fjármálaeftirlitinu. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 17. október, um að gefa út tilmæli um að peningamarkaðssjóðum verði slitið var byggð á því að tryggja jafnræði hlutdeildarskírteinishafa. Hefðu sjóðirnir opnað fyrir innlausnir hefðu aðeins þeir hlutdeildarskírteinishafar sem hefðu óskað innlausnar fyrst fengið alla sína eign á meðan aðrir hlutdeildarskírteinishafar hefðu fengið lítið sem ekkert.“

7. Hversu miklu af skattfé ríkisins var ráðstafað, með beinum eða óbeinum hætti, til að endurfjármagna peningamarkaðssjóðina í aðdraganda og í kjölfar bankahrunsins og hvort annars konar fjárhagslegri fyrirgreiðslu var beitt, þ.m.t.:

a. hversu mikið fé ríkissjóður hefur lagt til í þeim tilgangi að styrkja stofnfjár- og eiginfjárstöðu bankanna,

b. hversu miklum fjármunum nýju ríkisbankarnir hafa, hver um sig, varið til kaupa á eignum peningamarkaðssjóðanna,

c. hvernig kaup á eignum sjóðanna voru fjármögnuð.

Vísað er til svars viðskiptaráðherra við fyrirspurn á þskj. 178, 153. mál, um kaup á verðbréfum úr peningamarkaðssjóðum Glitnis, Landsbanka Íslands og Kaupþings.

8. Hvort gætt hafi verið jafnræðis við uppgjör tilgreindra peningamarkaðs- og skammtímasjóða annars vegar gagnvart eigendum verðbréfa í öðrum sjóðum í þessum þremur bönkum eða öðrum bönkum og sparisjóðum og hins vegar gagnvart fjármálastofnunum sem ekki áttu hlut að máli, þ.m.t.:

a. hvort reglur um sjálfstæði og óhæði hafi verið virtar að vettugi þar sem bankarnir keyptu nær eingöngu eignir í „sínum“ sjóðum,

b. mati á hvort ekki hefði verið eðlilegra að ríkisbankarnir þrír hefðu gætt jafnræðis og keypt eignir út úr öllum peningamarkaðssjóðum innlendra fjármálastofnana,

c. hvað sambærileg fyrirgreiðsla mundi kosta ríkissjóð / nýstofnaða ríkisbanka, þ.e. að kaupa út bréf í peningamarkaðssjóðum smærri fjármálafyrirtækja.

Ráðuneytið fékk það svar frá Fjármálaeftirlitinu að það hefði ekki þessar upplýsingar.

9. *Hvernig staðið var að slitum og uppgjöri tilgreindra peningamarkaðssjóða af hálfu fulltrúa ríkisvaldsins, á hvaða aðferðafræði var byggt og hvort samræmis hafi verið gætt. M.a. verði greint frá:*
   a. *eignaverðmæti þeirra eigna sem standa/stóðu á bak við sjóðina, svo sem skuldabréfa, hlutabréfa, bankabréfa og annarra verðbréfa, innstæða hvers konar og annarra verðmæta í eigu peningamarkaðs- og skammtímasjóða,*
   b. *hvort um var að ræða bréf eða aðra fjármálagerninga frá tæknilega gjaldþrota fyrirtækjum, t.d. Stoðum,*
   c. *hvort kaup á eignum peningamarkaðs- og skammtímasjóðanna hafi verið tilkynnt til Fjármálaeftirlitsins og Kauphallarinnar,*
   d. *hvort rétt hafi verið staðið að slitum og uppgjöri sjóðanna og í samræmi við góða reikningsskilavenju,*
   e. *hversu hátt hlutfall var greitt úr hverjum sjóði og hverjar voru tíu hæstu greiðslur sem greiddar voru til einstaklings eða lögaðila,*
   f. *hverjar svonefndar viðskiptalegar forsendur nýju ríkisbankanna, hvers um sig, voru fyrir kaupum á eignum af peningamarkaðs- og skammtímasjóðum gömlu bankanna þriggja, svo sem skuldabréfum, hlutabréfum, bankabréfum og öðrum verðbréfum, innstæðum hvers konar og öðrum verðmætum? Óskað er eftir að sjálfstætt mat matsfyrirtækja um verðgildi eignanna og greinargerð þeirra til bankanna verði birt sem viðauki skýrslunnar,*
   g. *hvernig stendur á þeim mun sem var á útgreiðslu úr peningamarkaðs- og skammtímasjóðum viðskiptabankanna annars vegar og hins vegar úr peningamarkaðssjóði BYR sem var nær 96% hlutfalli innstæðna,*
   h. *hvort við kaup á skuldabréfum út úr þessum sjóðum og greiðslu á þeim hafi verið borgað raunvirði og hvort jafnvel sé eftir að borga hluta af þeim peningum síðar,*
   i. *að auki er óskað eftir að ársreikningar peningamarkaðs- og skammtímasjóða í rekstri bankanna og félaga þeirra, svo sem Glitnis sjóða hf. í rekstri Glitnis banka, Landsvaka hf. í rekstri Landsbankans, og Rekstrarfélag Kaupþings Banka hf. í rekstri Kaupþings banka, fyrir síðustu fimm ár verði lagðir fram sem viðaukar við skýrsluna.*

Hvorki viðskiptaráðherra né embættismenn viðskiptaráðuneytisins komu að slitum eða uppgjöri þeirra sjóða sem um er spurt.

Viðskiptaráðuneytið fékk eftirfarandi svar við spurningu 9 frá Fjármálaeftirlitinu:

„Eignaverðmæti þeirra eigna sem standa/stóðu á bak við sjóðina, svo sem skuldabréfa, hlutabréfa, bankabréfa og annarra verðbréfa, innstæðna hvers konar og annarra verðmæta í eigu peningamarkaðs- og skammtímasjóða: Með vísan í 13. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, gefur Fjármálaeftirlitið þessar upplýsingar ekki upp.

Hvort um var að ræða bréf eða aðra fjármálagerninga frá tæknilega gjaldþrota fyrirtækjum, t.d. Stoðum: Með vísan í 13. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, gefur Fjármálaeftirlitið þessar upplýsingar ekki upp.

Hvort kaup á eignum peningamarkaðs- og skammtímasjóðanna hafi verið tilkynnt til Fjármálaeftirlitsins og Kauphallarinnar: Kaup ríkisbankanna á eignum sjóðanna var ekki tilkynnt til Fjármálaeftirlitsins.

Hvort rétt hafi verið staðið að slitum og uppgjöri sjóðanna og í samræmi við góða reikningsskilavenju: Í reglum sjóðanna kemur fram hvernig staðið skuli að slitum og hver sjóður var slitinn í samræmi við þær reglur.

Hversu hátt hlutfall var greitt úr hverjum sjóði og hverjar voru tíu hæstu greiðslur sem greiddar voru til einstaklings eða lögaðila: Útgreiðsluhlutföll; Peningabréf Landsbankans 68,8%, Peningamarkaðssjóður Kaupþings 85,3%, Peningamarkaðssjóður Glitnis (Sjóður 9) 85,12%, Skammtímasjóður Kaupþings 75,1%, Peningamarkaðsjóður Byrs 94,9% og Peningamarkaðssjóður SPRON 85,52%. Peningamarkaðssjóðir ÍV og MP eru í slitaferli og hlutdeildarskírteinishafar fá greitt reglulega inn á reikninga þar til engar eignir eru eftir í sjóðunum.

Tíu hæstu greiðslur sem greiddar voru til einstaklings eða lögaðila: Fjármálaeftirlitið hefur ekki þessar upplýsingar.

Hverjar viðskiptalegar forsendur nýju ríkisbankana, hvers um sig, voru fyrir kaupum á eignum af peningamarkaðs- og skammtímasjóðum gömlu bankanna þriggja, svo sem skuldabréfum, hlutabréfum, bankabréfum og öðrum verðbréfum, innstæðum hvers konar og öðrum verðmætum? Óskað er eftir að sjálfstætt mat matsfyrirtækja um verðgildi eignanna og greinargerð þeirra til bankanna verði birt sem viðauki skýrslunnar: Fjármálaeftirlitið hefur ekki þessar upplýsingar. Fjármálaeftirlitið gefur ekki fyrirmæli um það með hvaða hætti viðskipti verðbréfa- eða fjárfestingarsjóða eigi að vera, hvorki að því er varðar kaup né sölu eigna sjóðanna.

Hvernig stendur á þeim mun sem var á útgreiðslu úr peningamarkaðs- og skammtímasjóðum viðskiptabankanna annars vegar og úr peningamarkaðssjóði BYR sem var nær 96% hlutfalli innstæðna: Fjármálaeftirlitið hefur ekki þessar upplýsingar. Fjármálaeftirlitið gefur ekki fyrirmæli um það með hvaða hætti viðskipti verðbréfa- eða fjárfestingarsjóða eigi að vera, hvorki að því er varðar kaup né sölu eigna sjóðanna.

Hvort við kaup á skuldabréfum út úr þessum sjóðum og greiðlsu á þeim hafi verið borgað raunverði og hvort jafnvel sé eftir að borga hluta af þeim peningum síðar: Fjármálaeftirlitið hefur ekki þessar upplýsingar. Fjármálaeftirlitið gefur ekki fyrirmæli um það með hvaða hætti viðskipti verðbréfa- eða fjárfestingarsjóða eigi að vera, hvorki að því er varðar kaup né sölu eigna sjóðanna.

Ársreikningar fyrir síðustu fimm ár: Í viðhengi eru ársreikningar Landsvaka, Rekstrarfélags Kaupþings og Glitnis sjóða fyrir árin 2006 og 2007. Eldri ársreikninga þessara félaga hefur Fjármálaeftirlitið ekki á rafrænu formi. Á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins á slóðinni http://www.fme.is/?PageID=471 má nálgast ýmis gögn úr ársreikningum rekstrarfélaganna.“

Viðskiptaráðuneytið fékk eftirfarandi svar við c-lið spurningar 9 frá NASDAQ OMX hf.:

„Hlutdeildarskírteini í peningamarkaðssjóðum Landsvaka hf. og Glitnis Sjóða hf. voru í viðskiptum í Kauphöllinni. Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 122. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, (vvl.) hvílir sú skylda á útgefendum fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði að birta opinberlega allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann. Samkvæmt 12. gr. vvl. er með innherjaupplýsingum átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru. Sambærileg ákvæði um skyldu útgefenda hlutdeildarskírteina til að birta opinberlega verðmótandi upplýsingar er að finna í 6. kafla reglna fyrir útgefendur fjármálagerninga í Kauphöllinni. Samkvæmt ákvæði 6.1.6 í reglunum skal útgefandi senda upplýsingarnar í eftirlitsskyni til Kauphallarinnar samhliða opinberri birtingu lögum samkvæmt.

Þar sem hlutdeildarskírteini í peningamarkaðssjóðum Landsvaka hf. og Glitnis Sjóða hf. voru í viðskiptum í Kauphöllinni bar félögunum að fylgja þeim ákvæðum sem vísað er til hér

að framan. Án þess að fullyrða um hvort til upplýsingaskyldu hafi stofnast vegna sölu á eignum úr fyrrgreindum sjóðum þá staðfestir Kauphöllin að henni er ekki kunnugt um að upplýsingar um einstök viðskipti hafi verið birtar opinberlega. Þó skal tekið fram að í tilkynningu frá Landsvaka hf. sem birt var opinberlega þann 28. október 2008 kom fram að stjórn félagsins hefði tekið ákvörðun um að selja allar eignir Peningabréfa og að honum yrði slitið í framhaldið. Sjá nánar eftirfarandi tilkynningu: https://newsclient.omxgropu.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=296008&messageId=349598.

Með sama hætti birti Glitnir Sjóðir hf. tilkynningu þann 30. október sl. þar sem fram kom áætlun um að greiða út allar eignir úr Sjóði 9 – peningamarkaðsbréfum. Í tilkynningunni sagði enn fremur að stjórn sjóðsins hefði vikurnar á undan lagt höfuðáherslu á að koma verðbréfasafni sjóðsins í verð til þess að geta greitt út inneign sjóðfélaga og lágmarka þannig tap þeirra. Sjá nánar eftirfarandi tilkynningu: https://newsclient.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosurId=296443&messageId=350200.

Hlutdeildarskírteini í peningamarkaðssjóði Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. voru ekki í viðskiptum í Kauphöllinni og hvíldi því ekki sama upplýsingaskylda á útgefandanum.

Skylda fjármálafyrirtækja til að birta upplýsingar um viðskipti.

Samkvæmt 30. gr. vvl. skal fjármálafyrirtæki senda Fjármálaeftirlitinu tilkynningu um öll viðskipti sem það framkvæmir með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Tilkynna skal um öll slík viðskipti, hvort sem þau eiga sér stað á skipulegum verðbréfamarkaði eða utan slíkra markaða.

Undirliggjandi eignir peningamarkaðssjóða Landsvaka hf., Glitnis Sjóða hf. og Rekstrarfélags Kaupþings hf. voru að einhverju leyti skuldabréf og víxlar sem tekin hafa verið til viðskipta í Kauphöll. Ákvæði 30. gr. vvl. gildir um viðskipti með undirliggjandi fjármálagerninga peningamarkaðssjóðanna sem voru í viðskiptum í Kauphöllinni. Einungis er gerð krafa um tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins þegar um er að ræða viðskipti með aðra fjármálagerninga en hlutabréf og því var ekki skylt að birta upplýsingarnar í viðskiptakerfi Kauphallarinnar.

Kauphöllinni er ekki kunnugt um að viðskipti með eignir peningamarkaðssjóðanna hafi verið tilkynnt í viðskiptakerfi Kauphallarinnar en þó er ekki útilokað að svo hafi verið í einhverjum tilfellum. Ljóst er að um mjög háar upphæðir hefur verið að ræða í heildina og því telur Kauphöllin líklegt að meiri hluti viðskiptanna með eignir peningamarkaðssjóðanna hafi ekki verið tilkynntur í viðskiptakerfið.

Hvorki viðskiptaráðherra né embættismenn viðskiptaráðuneytisins komu að slitum eða uppgjöri þeirra sjóða sem um er spurt.“

10. Tillögur til úrbóta.

Verið er að rannsaka ástæður þess hvers vegna hin alþjóðlega fjármálakreppa hefur lagst með þeim þunga á íslensk fjármálafyrirtæki og efnahagslíf sem raun ber vitni. Að mati viðskiptaráðuneytisins er rétt að bíða með tillögugerð þangað til þau mál fara að skýrast. Þó skal þess getið að þegar er hafin vinna við endurskoðun laga um fjármálafyrirtæki, einkum þeirra ákvæða sem lúta að hegðunar- og hæfisreglum, í framhaldi af skýrslu þeirri sem Kaarlo Jännäri tók saman um lagaumhverfi fjármálamarkaðarins. Einnig hefur viðskiptaráðherra skipað nefnd til að vinna frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Viðskiptaráðuneytið fékk eftirfarandi tillögur til úrbóta frá Fjármálaeftirlitinu:

„Fjármálaeftirlitið hefur lagt til ýmislegt í framhaldi af bankahruninu til að koma á úrbótum hjá peningamarkaðssjóðum og skammtímasjóðum. Þessar úrbætur eru m.a. eftirfarandi:

Fjármálaeftirlitið gaf út tilmæli til allra starfandi rekstrarfélaga þann 17. október 2008 þess efnis að slíta öllum peningamarkaðssjóðum í rekstri félaganna við fyrsta tækifæri.

Fjármálaeftirlitið er ekki tilbúið til að staðfesta nýja peningamarkaðssjóði í framtíðinni fyrr en búið er að breyta lögum nr. 30/2003, um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði.

Fjármálaeftirlitið hefur sent tillögur um lagabreytingar varðandi peningamarkaðssjóðina til viðskiptaráðuneytisins og á sæti í nefnd sem hefur verið skipuð til að fara sérstaklega yfir lög nr. 30/2003. Tillögur Fjármálaeftirlitsins ganga aðallega út á það að allir peningamarkaðssjóðir verði verðbréfasjóðir en ekki fjárfestingarsjóðir eins og var áður, auk þess sem tillaga Fjármálaeftirlitsins gengur út á að skýra nákvæmlega út hvað peningamarkaðsskjöl séu svo fátt eitt sé nefnt.“

Viðskiptaráðuneytið fékk eftirfarandi tillögur til úrbóta frá Seðlabankanum:

„1. Lög sem fjalla um peningamarkaðs- og verðbréfasjóði verði endurskoðuð.
2. Starfsemi rekstrarfélaga sjóðanna verði endurskoðuð.
   a. Reglur um óhæði verði þrengdar.
      i. Aðskilnaður frá móðurfélögum verði skýrari.
   b. Reglur um fjárfestingarstefnu verði þrengdar.
   c. Reglur um fjárfestingu í eignum tengdra aðila verði þrengdar og einnig túlkun FME á hugtakinu tengdir aðilar.
3. Eftirlit verði aukið.
4. Rekstrargrundvöllur sjóða verði endurmetinn með tilliti til núverandi stöðu fjármálakerfisins.
5. Reglur um áhættumat sjóða verði gerðar skýrari.
   d. Núverandi reglur FME eru mjög ófullnægjandi og þarf að endurskoða.
   e. Koma ætti upp áhættumatskvarða sem væri sameiginlegur fyrir öll fjármálafyrirtæki.

Einnig mætti benda á að núverandi fyrirkomulag hvað varðar vörslu eigna lífeyrissjóða hjá fjármálafyrirtækjum hefur ekki verið skoðað nægilega ítarlega.“

926. Svar [450. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Birgis Ármannssonar um ný skattþrep í tekjuskatti einstaklinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver yrði tekjuauki ríkissjóðs ef hugmyndir fjármálaráðherra um nýtt 3% viðbótarskattþrep á allar tekjur einstaklinga yfir 500 þús. kr. næðu fram að ganga?

Hver yrði tekjuaukinn ef þessu til viðbótar yrði komið á sérstöku 5% skattþrepi á allar tekjur einstaklinga yfir 700 þús. kr. þannig að skattgreiðendur með slíkar tekjur þyrftu samanlagt að greiða 8% hærra tekjuskattshlutfall en almennt gerist?

Óskað er eftir upplýsingum um tekjuaukann á einu ári miðað við endurskoðaðar forsendur fjármálaráðuneytisins um skattskyldar tekjur einstaklinga á árinu 2009.

Engar tillögur liggja fyrir í fjármálaráðuneytinu um ný skattþrep. Af þeim ástæðum liggja ekki fyrir neinir útreikningar um tekjur af slíku skattþrepi eða öðru. Þá skal tekið fram að í fjármálaráðuneytinu liggur ekki enn fyrir áætlun um skattskyldar tekjur einstaklinga 2009 sérgreind með þeim hætti að áætla megi tekjubreytingar eins og farið er fram á og verður væntanlega ekki fyrr en lokið hefur verið álagningu tekjuskatts á einstaklinga á þessu ári.

Þá skal vakin athygli á því að embætti ríkisskattstjóra hefur um nokkurra ára skeið veitt stjórnvöldum, Alþingi og þingflokkum þá þjónustu að veita talnalegar upplýsingar um skatta, þar á meðal að reikna út væntanleg áhrif breytinga á sköttum, sem þessir aðilar kunna að hafa áhuga á að kanna.

927. Svar [448. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um hækkun á eigin fé fjármálafyrirtækja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað er talið að eigið fé fjármálafyrirtækja hafi samtals hækkað mikið með lögum nr. 38/2008 sem felldu niður tekjuskattsskuldbindingu fyrirtækjanna vegna söluhagnaðar af hlutabréfum sem hafði verið frestað? Svar óskast sundurliðað eftir viðskiptabönkum, fjárfestingarbönkum, sparisjóðum og öðrum fjármálafyrirtækjum.

Ekki liggja fyrir hjá ráðuneytinu eða skattyfirvöldum upplýsingar sem gera kleift að svara fyrirspurn þessari. Til þess að svara henni þyrfti að greina ársreikninga félaganna fyrir árið 2008 og sömuleiðis skattframtöl félaganna fyrir það ár en þau liggja ekki fyrir fyrr en síðar á þessu ári.

928. Svar [340. mál]

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um aðgerðir fyrir þá sem hafa orðið sérstaklega illa úti í hruni fjármálakerfisins.

1. *Hafa verið skipulagðar aðgerðir til að ná til þeirra sem hafa misst atvinnu og eru á viðkvæmu fjárfestingarskeiði í lífi sínu?*

Það hafa ekki verið skipulagðar sértækar aðgerðir til að ná til þessa hóps umfram aðra en öllum þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til í því skyni að koma til móts við greiðsluerfiðleika fólks hefur meðal annars verið ætlað að bæta hag þessa hóps. Sem dæmi má nefna að í nóvember voru 2008 samþykkt frá Alþingi lög um greiðslujöfnun fasteignaveðlána, en greiðslujöfnun er leið fyrir lántakendur til þess að létta tímabundið greiðslubyrði lána sinna meðan niðursveiflan gengur yfir. Viðskiptavinir allra viðurkenndra lánastofnana sem eru með verðtryggð fasteignalán geta óskað eftir greiðslujöfnun lána sinna telji þeir það henta aðstæðum sínum. Enn fremur voru heimildir Íbúðalánasjóðs til að koma til móts við lántakendur í greiðsluvanda rýmkaðar og innheimtuaðgerðir stofnunarinnar mildaðar. Stjórnvöld hafa undirritað samkomulag við fjármálastofnanir og lífeyrissjóði um samræmda beitingu

greiðsluerfiðleikaúrræða gagnvart einstaklingum og heimilum sem eru í greiðsluerfiðleikum vegna fasteignaveðlána. Alþingi samþykkti jafnframt nýlega lög um breytingu á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., þar sem einstaklingar geta leitað nauðasamnings til greiðsluaðlögunar sýni þeir fram á að þeir séu og verði um fyrirséða framtíð ófærir um að standa í skilum með skuldbindingar sínar. Þá hefur Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna verið efld með auknu fjárframlagi til stofnunarinnar, fjölgun starfsfólks og lengri opnunartíma.

2. *Hafa verið skipulagðar aðgerðir til að ná annars vegar til þeirra sem vinna í byggingariðnaði og hins vegar þeirra sem starfa sjálfstætt í öðrum greinum og hafa ekki leitað sér aðstoðar eða eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum af ýmsum ástæðum?*

Ráðherra skipaði stýrihóp um velferðarvakt sem og starfshóp sem ætlað var að móta tillögur um vinnumarkaðsaðgerðir. Á grundvelli tillagna frá þessum hópum hefur ríkisstjórnin samþykkt aðgerðaáætlun um velferð sem felur í sér helstu áherslur stjórnvalda í velferðarmálum. Þar á meðal er gert ráð fyrir að aðstæður þeirra verði skoðaðar sérstaklega sem staðið hafa utan vinnumarkaðar og eiga því ekki rétt innan atvinnuleysistryggingakerfisins en eru engu síður í atvinnuleit . Er þess að vænta að þessi vinna geti hafist innan skamms enda mjög brýnt að koma til móts við aðstæður þessa hóps.

Að því er varðar þá sem vinna í byggingariðnaði er sem dæmi gert ráð fyrir í aðgerðaáætluninni að félags- og tryggingamálaráðuneytið hvetji sérstaklega stofnanir og fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga sem hafa fjárveitingu til viðhalds húsnæðis á árinu 2009 til að ráðast í viðhald sem stuðli að sem mestri atvinnu, hvort sem um er að ræða fjölda starfa eða tímalengd verksins.

Í mars 2009 voru jafnframt samþykkt lög frá Alþingi þar sem kveðið er tímabundið á um fulla endurgreiðslu virðisaukaskatts til byggjenda íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis vegna vinnu manna á byggingarstað. Sama gildir um virðisaukaskatt vegna vinnu við endurbætur og viðhalds íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis sem og þjónustu hönnuða og eftirlitsaðila.

Þá samþykkti Alþingi í nóvember 2008 sérstakt bráðabirgðaákvæði við lög nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, þar sem sjálfstætt starfandi einstaklingum var gert kleift að taka að sér tilfallandi verkefni enda þótt þeir fái greiddar atvinnuleysisbætur frá Vinnumálastofnun. Gildistími þessa ákvæðis hefur verið framlengdur til 31. desember 2009 með nýsamþykktum lögum frá Alþingi.

3. *Hafa verið skipulagðar aðgerðir til að ná til þeirra sem hafa orðið fyrir áfalli og hafa ekki af þeim eða öðrum aðstæðum leitað sér aðstoðar?*

Áhersla er lögð á að aðgengi að velferðarþjónustunni verði áfram gott en í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um velferð er gert ráð fyrir að mótaðar verði tillögur á vegum heilbrigðisráðuneytisins um hvernig haganlegast er fyrir heilsugæsluna að eiga frumkvæði að því að ná til þjónustuþega í áhættuhópum. Jafnframt er undirstrikað mikilvægi þess að tryggja áfram gott aðgengi barna og barnafjölskyldna að fagfólki og unnið verði að því að efla samvinnu heilsugæslu og félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem áhersla er lögð á fjölskylduvinnu.

4. *Hafa aðgerðir verið samhæfðar með sveitarfélögum til þess að finna og aðstoða framangreinda aðila?*

Stýrihópur um velferðarvakt sem og vinnuhópar sem starfa á vegum hans hafa fylgst með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum efnahagsástandsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu með markvissum hætti. Í áfangaskýrslu velferðarvaktarinnar kemur fram að mörgum aðgerðum og einstökum verkefnum hafi verið ýtt úr vör af hálfu sveitarfélaga, ríkis og frjálsra félagasamtaka til að bregðast við afleiðingum efnahagsástandsins. Ein af aðgerðum í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um velferð er að frjáls félagasamtök í samvinnu við stjórnvöld og sveitarfélög stuðli að því sameiginlega að störf þriðja geirans og opinberra aðila verði samræmd og skipulagðar markvissar aðgerðir svo félagsauðurinn verði nýttur sem best. Áætlað er að samstarf þessara aðila hefjist innan skamms og þá einnig á vettvangi velferðarvaktarinnar.

Stýrihópurinn hefur meðal annars kallað eftir upplýsingum frá öllum félagsmálastjórum sveitarfélaganna um hvort og með hvaða hætti félagsþjónustan hafi fundið fyrir afleiðingum efnahagsástandsins og til hvaða aðgerða hún hafi gripið. Markmið könnunarinnar er að fá yfirlit yfir það sem brennur helst á fjölskyldum og einstaklingum. Hafa svör borist frá meiri hluta félagsmálastjóranna, þar á meðal frá öllum fjölmennustu sveitarfélögunum. Verið er að vinna úr svörunum og verður niðurstöðum aftur miðlað til sveitarfélaganna svo þau geti meðal annars gripið til samhæfðra aðgerða. Einnig mun stýrihópurinn fara yfir niðurstöðurnar með það að markmiði að finna leiðir til að ná til þeirra sem veikast standa.

5. *Hefur verið gerð áætlun til að styrkja og aðlaga starfsemi og lagaramma Vinnumálastofnunar enn frekar en nú hefur verið gert?*

Heildarendurskoðun á atvinnuleysistryggingakerfinu fór fram á árunum 2004–2005 í samstarfi stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins. Í kjölfar þeirrar endurskoðunar lagði félagsmálaráðherra fram frumvarp til nýrra laga um atvinnuleysistryggingar sem Alþingi samþykkti sem lög í júní 2006. Lítið reyndi á atvinnuleysistryggingakerfið frá þeim tíma fram til haustsins 2008 þar sem skráð atvinnuleysi var mjög lítið hér á landi á þessum tíma. Félags- og tryggingamálaráðuneytið og Vinnumálastofnun í samvinnu við samtök aðila vinnumarkaðarins hafa fylgst mjög náið með framkvæmd laganna frá því í október 2008. Hefur það leitt til þess að félags- og tryggingamálaráðherra hefur í tvígang lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, annars vegar í nóvember 2008 og hins vegar í mars 2009, þar sem lagðar voru til breytingar á kerfinu í ljósi reynslu síðustu mánaða. Munu sömu aðilar halda áfram að fylgjast með framkvæmd laganna.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið og Vinnumálastofnun hafa á undanförnum mánuðum lagt kapp á að virkja og efla helstu vinnumarkaðsúrræði sem þau hafa yfir að ráða. Í janúar 2009 var sett reglugerð um fjölbreytt vinnumarkaðsúrræði sem ætlað er að auðvelda fólki án atvinnu að halda virkni sinni, stuðla að tengslum þess við atvinnulífið og skapa fólki leiðir til að bæta möguleika sína til atvinnuþátttöku á nýjan leik.

Þá er ljóst að umsvif Vinnumálastofnunar hafa aukist til muna samhliða vaxandi atvinnuleysi og þarf að taka tillit til þess við gerð fjáraukalaga fyrir árið 2009 sem og fjárlaga fyrir árið 2010.

929. Svar [451. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Helgu Sigrúnar Harðardóttur um skipun skiptastjóra.

1. *Eru fordæmi fyrir því að skipaðir séu fleiri en einn skiptastjóri fyrir þrotabú hérlendis, sbr. 75. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, þar sem segir að ef sýnt þyki að störf skiptastjóra verði umfangsmikil geti héraðsdómari skipað tvo menn eða fleiri til að gegna þeim, og ef svo er, í hvaða tilvikum var það gert?*

Fordæmi eru fyrir því að fleiri en einn skiptastjóri hafi verið skipaðir í þrotabúi hérlendis. Samkvæmt upplýsingum frá dómstólaráði var það t.d. gert í þrotabúum Nýsis fasteigna og Engidals ehf. sem tekin voru til gjaldþrotaskipta 3. mars sl. og nú einnig í þrotabúi Baugs Group hf. sem tekið var til gjaldþrotaskipta 13. mars sl. Þá eru til eldri dæmi um slíkt, t.d. þrotabú Miklagarðs hf. sem tekið var til gjaldþrotaskipta árið 1993. Þá voru skipaðir þrír skiptastjórar í þrotabúi Hafskips hf. en það var í tíð eldri laga um gjaldþrotaskipti, nr. 6/1978.

2. *Hvernig er hæfi skiptastjóra metið innan dómstólanna? Telur ráðherra í anda reglu 6. tölul. 1. mgr. 75. gr. laga nr. 21/1991 að skipa skiptastjóra í þrotabúi mann sem hefur unnið að verkefnum tengdum félaginu sem tekið er til gjaldþrotaskipta eða öðrum verkefnum tengdum því í gegnum sama eignarhald? Telur ráðherra hætt við að slíkur skiptastjóri sé farinn að dæma í eigin málum?*

Fyrsta spurning í þessum lið lýtur að því hvernig hæfi skiptastjóra er metið af dómstólum. Samkvæmt upplýsingum frá dómstólaráði er, eftir því sem ástæða er til, gætt að ákvæðum 6. tölul. 2. mgr. 75. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. með því að viðkomandi er inntur eftir hvort einhverjar þær aðstæður séu fyrir hendi sem leiði til vanhæfis hans. Þeim sem til stendur að skipa skiptastjóra ber þannig að gæta að hæfi sínu af sjálfsdáðum og beiðast undan skipun telji hann sig vanhæfan eða benda dómara á hugsanlega vanhæfisástæðu telji hann vafa leika á hæfi sínu. Dómari tekur síðan ákvörðun um hvort viðkomandi sé skipaður eða ekki. Þá er rétt að benda á að skv. 2. málsl. 3. mgr. 76. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. getur sá sem á kröfu á hendur búinu og telur skiptastjóra ekki fullnægja skilyrðum 2. mgr. 75. gr. krafist þess að héraðsdómari kveði á um það með úrskurði hvort skiptastjóra verði vikið frá af þeim sökum. Þannig getur kröfuhafi fengið úrlausn dómstóls um hæfi skiptastjóra telji hann einhverjar þær ástæður fyrir hendi sem valdið gætu vanhæfi hans. Þá er þess að geta að komi í ljós eftir skipun skiptastjóra að hann sé vanhæfur til að leysa af hendi tiltekið verk í starfi sínu, án þess að það verði talið varða neinu fyrir rækslu starfans að öðru leyti, getur héraðsdómari að ósk hans skipað annan löghæfan mann til að leysa verkið af hendi, sbr. 5. mgr. 75. gr. laganna.

Önnur og þriðja spurning í þessum lið lúta að túlkun á ákvæði 6. tölul. 1. mgr. 75. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, hvort það sé í anda ákvæðisins að skiptastjóri hafi unnið að verkefnum sem tengjast félaginu sem tekið er til skipta eða verkefnum tengdum félaginu í gegnum sama eignarhald.

Mikilvægt er að hafið sé yfir allan vafa að þeir sem skipaðir eru skiptastjórar í þrotabúum vinni að þeim verkefnum af heilindum. Því eru í 6. tölul. 2. mgr. 75. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. gerðar sömu kröfur til hæfis skiptastjóra og dómara í einkamáli, og eru það afar ríkar kröfur. Það er dómara og þess sem lýsir sig fúsan til að taka að sér starf skiptastjóra að ganga úr skugga um að lagaskilyrðanna sé gætt, meðal annars að ekki sé unnt að draga

óhlutdrægni skiptastjórans með réttu í efa vegna fyrri starfa eða tengsla hans við félag sem tekið er til gjaldþrotaskipta.

Þess skal getið að í ráðuneytinu hafa ákvæði fyrrgreindra laga um skipan skiptastjóra verið athuguð með tilliti til þess hvort nægilega sé gætt að því að unnt sé að taka til endurskoðunar ákvörðun héraðsdómara um skipun skiptastjóra, orki hún tvímælis.

Skoðun ráðuneytisins leiddi í ljós að það er fyrir hendi skýr réttur kröfuhafa að fá úrskurð héraðsdómara um hæfi skiptastjóra telji þeir vafa leika á um hæfi hans, eins og gerð var grein fyrir hér að framan, sbr. 2. málsl. 3. mgr. 76. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

3. *Hvaða reglur gilda um úthlutun þrotabúa til skiptastjóra hjá héraðsdómstólum og eru þær nægjanlega gagnsæjar?*

Samkvæmt upplýsingum frá dómstólaráði gilda engar skráðar reglur um úthlutun þrotabúa til skiptastjóra hjá héraðsdómstólum. Þess er þó gætt að láta alla þá lögmenn sem sóst hafa eftir skiptastjórn og uppfylla skilyrði til skipunar fá þrotabú til meðferðar.

930. Frumvarp til laga [409. mál]

um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 14. apríl.)

1. gr.

Í stað orðanna „þeim sem annast skiptastjórn þrotabús fjármálafyrirtækis“ í 3. mgr. 9. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 129/2008, kemur: bráðabirgðastjórn, slitastjórn við slitameðferð fjármálafyrirtækis eða skiptastjóra við gjaldþrotaskipti á búi þess.

2. gr.

Í stað tilvísunarinnar „103. gr.“ í niðurlagi 4. mgr. 63. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 130/2004, kemur: 103. gr. a.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 98. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Hafi fjármálafyrirtæki verið veitt heimild til greiðslustöðvunar er nægilegt að birta fundarboð skv. 2. mgr. 13. gr. og 5. mgr. 17. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. með auglýsingu sem birt er í að minnsta kosti tveimur dagblöðum hér á landi og í hverju þeirra ríkja þar sem útibú hafa verið rekin.

b. 4., 5. og 6. mgr., sbr. 2. gr. laga nr. 129/2008, falla brott.

4. gr.

100. gr. a laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Afhending fjármálafyrirtækis til bráðabirgðastjórnar.

Eigi fjármálafyrirtæki í þeim fjárhags- eða rekstrarerfiðleikum að líkur séu til að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar eða uppfyllt kröfur um lágmark eigin fjár getur stjórn þess upp á sitt eindæmi leitað eftir því við Fjármálaeftirlitið að það taki við ráðum yfir fyrir-

tækinu. Fjármálaeftirlitið skal án tafar taka afstöðu til slíkrar beiðni. Taki Fjármálaeftirlitið beiðnina til greina fellur úr gildi umboð stjórnar fjármálafyrirtækisins og verður jafnframt óvirkur réttur hluthafa eða stofnfjáreigenda til að taka ákvarðanir um málefni þess á grundvelli eignarhluta sinna. Um leið skal Fjármálaeftirlitið skipa fjármálafyrirtækinu bráðabirgðastjórn þriggja eða fimm manna sem fer ein með sömu heimildir að lögum og eftir samþykktum þess og stjórn og hluthafafundur eða fundur stofnfjáreigenda hefði ella haft á hendi, sbr. þó 4. tölul. 2. mgr. 101. gr.

Bráðabirgðastjórn skal svo fljótt sem verða má gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fá yfirsýn yfir fjárhag fjármálafyrirtækisins. Á meðan hún ræður yfir fyrirtækinu gilda sömu takmarkanir á heimildum til að beita fullnustugerðum og öðrum þvingunarúrræðum gagnvart því og ef það hefði fengið heimild til greiðslustöðvunar. Skal bráðabirgðastjórn því aðeins gera ráðstafanir um meiri háttar hagsmuni fyrirtækisins að brýna nauðsyn beri til.

Yfirráðum bráðabirgðastjórnar yfir fjármálafyrirtæki lýkur sjálfkrafa þegar liðnir eru þrír mánuðir frá skipun hennar nema:

1. bráðabirgðastjórn hafi þegar lagt fyrir héraðsdóm kröfu um að fyrirtækið verði tekið til slita skv. 3. tölul. 2. mgr. 101. gr., en hafi það verið gert stendur umboð hennar þar til afstaða hefur endanlega verið tekin til kröfunnar,
2. fyrirtækinu hafi verið veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings, en umboð bráðabirgðastjórnar stendur þá þar til einn mánuður er liðinn frá því að þeirri heimild lýkur, eða
3. bráðabirgðastjórn hafi áður með samþykki Fjármálaeftirlitsins haldið hluthafafund eða fund stofnfjáreigenda og fyrirtækinu þar verið kjörin ný stjórn til að leysa hana af hólmi.

Ljúki yfirráðum bráðabirgðastjórnar yfir fjármálafyrirtæki sjálfkrafa með því að starfstími hennar er á enda án þess að það hafi verið tekið til slita skal starfsleyfi þess afturkallað þá þegar hafi því ekki áður verið kjörin ný stjórn skv. 3. tölul. 3. mgr.

5. gr.

101. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Skilyrði og upphaf slitameðferðar.

Bú fjármálafyrirtækis verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum reglum.

Fjármálafyrirtæki skal tekið til slita:

1. eftir kröfu Fjármálaeftirlitsins hafi það afturkallað starfsleyfi fyrirtækisins eða synjað því um frest skv. 4. mgr. 86. gr. eða frestur samkvæmt því ákvæði er á enda án þess að fyrirtækið hafi aukið eigið fé sitt fram yfir það lágmark sem mælt er fyrir um í 84. gr.,
2. eftir kröfu Fjármálaeftirlitsins, stjórnar fyrirtækisins eða bráðabirgðastjórnar ef skylt er að slíta því samkvæmt samþykktum þess,
3. eftir kröfu stjórnar fyrirtækisins eða bráðabirgðastjórnar ef það getur ekki staðið í fullum skilum við lánardrottna sína þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga og ekki verður talið sennilegt að greiðsluörðugleikar þess muni líða hjá innan skamms tíma,
4. eftir kröfu stjórnar fyrirtækisins og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins ef ákveðið hefur verið að slíta því á hluthafafundi eða fundi stofnfjáreigenda, enda hafi tillaga um slit verið samþykkt þar með minnst ⅔ hlutum greiddra atkvæða og af hluthöfum eða stofnfjáreigendum sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár eða stofnfjár sem farið var með atkvæði fyrir á fundi.

Kröfu um slit fjármálafyrirtækis skal beint til héraðsdóms í því umdæmi þar sem það yrði sótt í einkamáli á heimilisvarnarþingi sínu. Krafan skal gerð úr garði og með hana farið fyrir dómi eins og kröfu um gjaldþrotaskipti.

Þegar dómsúrlausn hefur gengið um að fjármálafyrirtæki sé tekið til slita skipar héraðsdómari því slitastjórn sem í skulu sitja allt að fimm menn. Við skipun hennar tekur hún við þeim réttindum og skyldum sem stjórn fyrirtækisins og hluthafafundur eða fundur stofnfjáreigenda höfðu á hendi, sbr. þó 3. mgr. 103. gr. Að því leyti sem ekki er mælt fyrir á annan veg í lögum þessum gilda reglur um skiptastjóra við gjaldþrotaskipti um slitastjórn, störf hennar og þá menn sem eiga sæti í henni.

Við slit fjármálafyrirtækis skal frestdagur ákveðinn eftir sömu reglum og gilda við gjaldþrotaskipti, en þó þannig að hann getur jafnframt ráðist af þeim degi sem Fjármálaeftirlitið hefur veitt fyrirtækinu frest skv. 4. mgr. 86. gr. eða skipað því bráðabirgðastjórn skv. 100. gr. a eða ella af því að héraðsdómi berst krafa um slit skv. 2. mgr. ef ekkert hefur áður gerst til að marka frestdag.

6. gr.

102. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Meðferð krafna o.fl.

Við slit fjármálafyrirtækis gilda sömu reglur og við gjaldþrotaskipti um gagnkvæma samninga þess og kröfur á hendur því að öðru leyti en því að dómsúrskurður um að það sé tekið til slita leiðir ekki sjálfkrafa til þess að kröfur á hendur því falli í gjalddaga.

Þegar fjármálafyrirtæki hefur verið skipuð slitastjórn skal hún tafarlaust gefa út og fá birta í Lögbirtingablaði innköllun vegna slitanna. Um efni innköllunar, kröfulýsingarfrest og tilkynningar eða auglýsingar vegna erlendra kröfuhafa skal beitt sömu reglum og við gjaldþrotaskipti.

Við slit fjármálafyrirtækis gilda sömu reglur og um rétthæð krafna á hendur þrotabúi, en þó skulu kröfur um innstæður samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta jafnframt teljast til krafna sem njóta rétthæðar skv. 1. og 2. mgr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Að því leyti sem rétthæð krafna getur ráðist samkvæmt þeim lögum af þeim tíma sem úrskurður er kveðinn upp um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta skal miða á sama hátt við úrskurð um að fjármálafyrirtæki sé tekið til slita.

Ákvæði XVIII. kafla og 5. þáttar laga um gjaldþrotaskipti o.fl. gilda um meðferð krafna á hendur fjármálafyrirtæki við slit þess, þar á meðal um áhrif þess að kröfu sé ekki lýst, en fundir slitastjórnar til að fjalla um viðurkenningu lýstra krafna nefnast kröfuhafafundir. Telji slitastjórn við lok kröfulýsingarfrests að líkur séu til að eignir fyrirtækisins nægi að fullu fyrir skuldum þess er henni að svo stöddu ekki skylt að taka afstöðu til þess hvar einstakar kröfur kunni að standa í réttindaröð.

Þegar kröfulýsingarfrestur er á enda skal slitastjórn leggja mat á hvort horfur séu á að eignir fjármálafyrirtækis nægi til að standa við skuldbindingar þess. Skýrsla um þetta mat skal lögð fram og kynnt á fyrsta kröfuhafafundi eftir lok kröfulýsingarfrests.

Að loknum fyrsta kröfuhafafundi eftir lok kröfulýsingarfrests er slitastjórn heimilt í einu lagi eða mörgu að greiða viðurkenndar kröfur að hluta eða að fullu að því marki sem tryggt er að eignir fjármálafyrirtækisins hrökkvi til að minnsta kosti jafnhárrar greiðslu allra annarra krafna sem standa eins í réttindaröð og ekki hefur endanlega verið hafnað við slitin. Þess skal þá gætt að allir kröfuhafar sem fara með viðurkenndar kröfur í sömu stöðu í réttindaröð fái greiðslu á sama tíma, en frá því má þó víkja með samþykki þeirra sem ekki fá greitt eða

samkvæmt ákvörðun slitastjórnar ef kröfuhafi býðst til að gefa eftir kröfu sína gegn greiðslu hennar að hluta, sem víst má telja að sé lægri að tiltölu en aðrir jafnstæðir kröfuhafar munu fá á síðari stigum, þar á meðal að teknu tilliti til þess hvort kröfur þeirra beri vexti fram að greiðslu.

7. gr.

103. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Ráðstöfun hagsmuna fjármálafyrirtækis o.fl.

Við slit fjármálafyrirtækis ráðstafar slitastjórn hagsmunum þess eftir sömu reglum og gilda um bústjórn skiptastjóra við gjaldþrotaskipti með þeim frávikum sem leiðir af ákvæðum þessarar greinar. Rísi ágreiningur um slíkar ráðstafanir skal leyst úr honum eftir fyrirmælum laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Slitastjórn skal hafa að markmiði að fá sem mest fyrir eignir fjármálafyrirtækis, þar á meðal með því að bíða eftir þörfum efndatíma á útistandandi kröfum þess fremur en að koma þeim fyrr í verð, nema sýnt megi telja að hagsmunir kröfuhafa og eftir atvikum hluthafa eða stofnfjáreigenda séu meiri af því að ráðstafa slíkum réttindum á fyrri stigum til að ljúka megi slitameðferð. Í þessum tilgangi er slitastjórn heimilt að virða að vettugi ályktun kröfuhafafundar sem hún telur andstæða þessu markmiði.

Slitastjórn skal boða til kröfuhafafundar í sama skyni og skiptastjóri heldur skiptafundi um bústjórn við gjaldþrotaskipti. Hafi slitastjórn komist að þeirri niðurstöðu í skýrslu skv. 5. mgr. 102. gr. að horfur séu á að eignir fjármálafyrirtækis muni nægja fyrir skuldbindingum þess skal slitastjórn samhliða kröfuhafafundum efna til funda með hluthöfum eða stofnfjáreigendum til að kanna hug þeirra um ráðstöfun hagsmuna þess.

Ef ekki er sýnt að eignir fjármálafyrirtækis muni nægja til að efna skuldbindingar þess að fullu má krefjast riftunar á ráðstöfunum þess eftir sömu reglum og gilda um riftun ráðstafana þrotamanns við gjaldþrotaskipti.

8. gr.

Á eftir 103. gr. laganna kemur ný grein, 103. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Lok slitameðferðar.

Hafi slitastjórn lokið greiðslu allra viðurkenndra krafna á hendur fjármálafyrirtæki og eftir atvikum tekið frá fé til greiðslu krafna sem ágreiningur stendur um og komið eignum þess eftir þörfum í verð lýkur hún slitameðferð með því annaðhvort:

1. að láta fyrirtækið aftur í hendur hluthafa eða stofnfjáreigenda ef fundur þeirra sem slitastjórn hefur boðað til hefur samþykkt með atkvæðum þeirra sem ráða yfir að minnsta kosti ⅔ hlutum hlutafjár eða stofnfjár að fyrirtækið taki upp starfsemi á ný og kjörin hefur verið ný stjórn til að taka við því úr höndum slitastjórnar, enda hafi Fjármálaeftirlitið veitt samþykki sitt til þess og fyrirtækið fullnægir öðrum skilyrðum laga til að hefja aftur starfsemi, eða
2. að greiða hluthöfum eða stofnfjáreigendum út eignarhlut þeirra af eftirstöðvum eigna samkvæmt frumvarpi til úthlutunar sem gert skal eftir ákvæðum XXII. kafla og 5. þáttar laga um gjaldþrotaskipti o.fl., en sé um sparisjóð að ræða skal þó eignum, sem standa eftir að lokinni greiðslu stofnfjárhluta, varið eftir samþykktum hans og er óheimilt að ráðstafa þeim til stofnfjáreigenda, sbr. 4. mgr. 63. gr.

Ljúka má slitameðferð samkvæmt því sem segir í 1. tölul. 1. mgr. þótt ekki sé lokið greiðslu allra viðurkenndra krafna ef þeir kröfuhafar sem hafa ekki enn fengið fullnustu samþykkja það.

Nægi eignir fjármálafyrirtækis ekki til fullrar greiðslu krafna sem ekki hefur endanlega verið hafnað við slitameðferð getur slitastjórn þegar hún telur tímabært leitað nauðasamnings til að ljúka henni. Skal slitastjórn þá gera frumvarp að nauðasamningi eftir reglum 36. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og boða til kröfuhafafundar til að bera það undir atkvæði. Eftir því sem átt getur við fara nauðasamningsumleitanir að öðru leyti eftir ákvæðum 2. mgr. 149. gr. og 151.–153. gr. sömu laga, en slitastjórn gegnir þá því hlutverki sem skiptastjóri hefði annars á hendi og heldur hún kröfuhafafundi við þessar umleitanir. Fáist frumvarp að nauðasamningi samþykkt skal slitastjórn leita staðfestingar hans eftir reglum IX. kafla sömu laga. Ef nauðasamningur er staðfestur efnir slitastjórn eftir þörfum skuldbindingar við kröfuhafa samkvæmt honum og lýkur svo slitameðferð eftir því sem segir í 1. og 2. mgr.

Nú liggur fyrir að eignir fjármálafyrirtækis nægi ekki til að standa að fullu við skuldbindingar þess og slitastjórn telur sýnt að ekki verði forsendur til að leita nauðasamnings skv. 3. mgr. eða frumvarp að honum hefur ekki fengist samþykkt eða hafnað hefur verið kröfu um staðfestingu hans og skal þá slitastjórn krefjast þess fyrir héraðsdómi, þar sem hún var skipuð til starfa, að bú fyrirtækisins verði tekið til gjaldþrotaskipta. Það sama getur kröfuhafi gert ef krafa hans hefur verið viðurkennd við slitameðferð og annaðhvort hafa nauðasamningsumleitanir slitastjórnar ekki borið árangur eða hann sýnir fram á að ekki séu lagaskilyrði til að leita nauðasamnings eða sá fjöldi kröfuhafa sé andvígur honum að útilokað sé að tekist geti að koma honum fram miðað við fyrirliggjandi upplýsingar um fjárhag fyrirtækisins. Til að hafa slíka kröfu uppi verður þó kröfuhafi að sýna fram á að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að koma fram gjaldþrotaskiptum fremur en að fyrirtæki verði áfram í slitameðferð.

Sé bú fjármálafyrirtækis tekið til gjaldþrotaskipta skal það standa óraskað sem gert hefur verið við slitameðferð varðandi kröfur á hendur fyrirtækinu, þar á meðal innköllun til kröfuhafa og meðferð lýstra krafna, en skiptastjóri skal fá birta auglýsingu í Lögbirtingablaði um að búið hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta. Um gjaldþrotaskiptin fer annars eftir almennum reglum að öðru leyti en því að ákvæði 2. mgr. 103. gr. gilda þar að breyttu breytanda, auk þess sem sá dagur sem dómsúrlausn gekk um að fjármálafyrirtækið væri tekið til slita skal við gjaldþrotaskiptin svara að því er varðar réttaráhrif til þess dags sem úrskurður gekk um þau.

9. gr.

Ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum, sbr. 4. gr. laga nr. 129/2008, fellur brott.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 3. gr. og 9. gr. laga þessara skulu 3. mgr. 98. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 2. gr. laga nr. 129/2008, og ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 161/2002, sbr. 4. gr. laga nr. 129/2008, gilda áfram í upphaflegri mynd gagnvart fjármálafyrirtækjum sem njóta heimildar til greiðslustöðvunar við gildistöku þessara laga, þar á meðal um framlengingu heimildar til greiðslustöðvunar.

11. gr.

Við gildistöku laga þessara fellur fyrri málsgrein ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 129/2008 brott.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Hafi Fjármálaeftirlitið fyrir gildistöku laga þessara skipað fjármálafyrirtæki skilanefnd á grundvelli 5. gr. laga nr. 125/2008 og hún er enn að störfum, en fyrirtækið hefur ekki fengið heimild til greiðslustöðvunar, skal skilanefndin upp frá því sjálfkrafa verða bráðabirgðastjórn fyrirtækisins í skilningi 100. gr. a, sbr. 4. gr. laga þessara.

II.

Um fjármálafyrirtæki sem njóta heimildar til greiðslustöðvunar við gildistöku þessara laga skulu eftirfarandi sérreglur gilda:

1. Heimild til greiðslustöðvunar skal haldast þrátt fyrir gildistöku laga þessara og má framlengja hana samkvæmt þeim reglum sem um ræðir í 2. mgr. 10. gr.
2. Við greiðslustöðvunina skal beitt ákvæðum 1. mgr. 101. gr., 102. gr., 103. gr. og 103. gr. a laganna, sbr. 1. efnismgr. 5. gr., 6. gr., 7. gr. og 8. gr. laga þessara, eins og fyrirtækið hefði verið tekið til slita með dómsúrskurði á þeim degi sem lög þessi öðlast gildi, en slitameðferðin skal þó allt að einu kennd við heimild til greiðslustöðvunar svo lengi sem sú heimild stendur, sbr. 1. tölul. Þegar sú heimild rennur sitt skeið á enda skal fyrirtækið án sérstaks dómsúrskurðar sjálfkrafa teljast vera til slitameðferðar eftir almennum reglum, sbr. þó 3. og 4. tölul. Ákvæði IV. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl. gilda ekki um slíka greiðslustöðvun sem hér um ræðir, en þó skal aðstoðarmaður hafa eftirlit með ráðstöfunum skilanefndar skv. 103. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga þessara.
3. Skilanefnd fjármálafyrirtækis, sem Fjármálaeftirlitið hefur skipað fyrir gildistöku laga þessara á grundvelli 5. gr. laga nr. 125/2008, skal með óbreyttu heiti halda áfram störfum og gegna því hlutverki sem slitastjórn er ætlað í 3. mgr. 9. gr., 2. málsl. 4. mgr. 101. gr., 1. málsl. 5. mgr. 102. gr. og 1.–3. mgr. 103. gr. laganna, sbr. 1., 5., 6. og 7. gr. laga þessara. Verði sæti í skilanefnd laust eftir gildistöku laga þessara skal Fjármálaeftirlitið, ef þörf þykir á með tilliti til þeirra verkefna sem nefndin á enn ólokið, skipa mann til að taka við því.
4. Til annarra verka slitastjórnar en um ræðir í 3. tölul. skal héraðsdómari eftir skriflegri beiðni skilanefndar skipa fyrirtækinu slíka stjórn samkvæmt fyrirmælum 1. og 3. málsl. 4. mgr. 101. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga þessara. Þar skal jafnframt sjálfkrafa taka sæti sá sem gegnir starfi aðstoðarmanns fyrirtækisins við greiðslustöðvun og skal hann halda því sæti þótt henni ljúki.

III.

Þrátt fyrir 5. mgr. 101. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga þessara, skal frestdagur við slitameðferð á fjármálafyrirtæki ráðast af 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 129/2008 þegar það getur átt við.

IV.

Í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði getur Fjármálaeftirlitið gripið til sérstakra ráðstafana í samræmi við fyrirmæli þessa ákvæðis telji það þörf á vegna

sérstakra aðstæðna eða atvika. Með sérstökum aðstæðum eða atvikum er átt við sérstaka fjárhagserfiðleika og/eða rekstrarerfiðleika hjá fjármálafyrirtæki, þar á meðal ef líkur eru á að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum eða kröfuhöfum, forsendur afturköllunar starfsleyfis eru líklega fyrir hendi eða líkur standa til að það geti ekki uppfyllt kröfur um lágmark eigin fjár og önnur úrræði Fjármálaeftirlitsins eru ekki líkleg til að bera árangur. Þá er með sérstökum aðstæðum einnig átt við að fjármálafyrirtæki hafi óskað eftir eða fengið heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings.

Við aðstæður eða atvik sem um ræðir í 1. mgr. getur Fjármálaeftirlitið boðað til hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda. Fulltrúi Fjármálaeftirlitsins skal stýra fundi og hefur hann málfrelsi og tillögurétt. Fjármálaeftirlitið er við þessar aðstæður ekki bundið af ákvæðum hlutafélagalaga eða samþykkta fjármálafyrirtækis um fundarboðun eða fresti til fundarboðunar eða tillögugerðar til breytinga á samþykktum.

Séu aðstæður mjög knýjandi getur Fjármálaeftirlitið tekið yfir vald hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda í því skyni að taka ákvarðanir um nauðsynlegar aðgerðir, þar á meðal að takmarka ákvörðunarvald stjórnar, víkja stjórn frá að hluta til eða í heild sinni, taka yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta eða ráðstafa slíku fyrirtæki í heild eða að hluta, meðal annars með samruna þess við annað fyrirtæki. Við slíka ráðstöfun gilda hvorki ákvæði laga um verðbréfaviðskipti um tilboðsskyldu né ákvæði laga þessara um auglýsingu samruna fjármálafyrirtækja í Lögbirtingablaði. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að framselja öll réttindi að því marki sem nauðsynlegt er í slíkum tilfellum. Verði það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að samruni viðkomandi fjármálafyrirtækis við annað tryggi best þá hagsmuni sem í húfi eru gilda ákvæði samkeppnislaga og samrunaákvæði laga þessara ekki um þá ráðstöfun. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um yfirtöku á rekstri fjármálafyrirtækis skal tilkynnt stjórn þess og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynninguna opinberlega. Starfræki fyrirtækið útibú eða þjónustustarfsemi í öðru ríki skal tilkynningin send lögbærum eftirlitsaðilum í því ríki.

Víki Fjármálaeftirlitið stjórn fjármálafyrirtækis í heild frá störfum skal því þegar í stað skipuð bráðabirgðastjórn. Ákvæði 100. gr. a gilda að öðru leyti um slíka stjórn og störf hennar.

Ef nauðsyn krefur getur Fjármálaeftirlitið takmarkað eða bannað ráðstöfun fjármuna og eigna fjármálafyrirtækis. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka í sínar vörslur þær eignir sem mæta eiga skuldbindingum fjármálafyrirtækis og láta meta verðmæti eigna og ráðstafa þeim til greiðslu áfallinna krafna eftir því sem þörf krefur. Þá er Fjármálaeftirlitinu heimilt að rifta sölu eigna sem átt hefur sér stað allt að mánuði áður en það greip til sérstakra ráðstafana samkvæmt þessu ákvæði.

Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um framangreinda málsmeðferð og ákvarðanatöku Fjármálaeftirlitsins.

Ríkissjóður ber ábyrgð á kostnaði af framkvæmd aðgerða Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þessa ákvæðis.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. júlí 2010.

931. Frumvarp til laga [461. mál]

um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

(Eftir 2. umr., 14. apríl.)

1. gr.

Samkvæmt því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum getur eigandi íbúðarhúsnæðis, ef hann sýnir fram á að hann sé og verði um einhvern tíma ófær um að standa í fullum skilum á greiðslu skulda sem tryggðar eru með veði í því húsnæði og að önnur tiltæk greiðsluerfiðleikaúrræði séu eða hafi reynst ófullnægjandi, leitað eftir greiðsluaðlögun vegna þeirra og getur hún staðið í allt að fimm ár.

Með slíkri greiðsluaðlögun breytast skuldbindingar skuldarans á þann hátt að aðeins verða gjaldkræfar greiðslur sem honum telst fært að standa straum af, sbr. 1. mgr. 5. gr., en frestað er gjalddaga þess hluta skuldbindinganna sem eftir er svo lengi sem greiðsluaðlögun stendur.

2. gr.

Greiðsluaðlögun getur einungis fengið sá einstaklingur sem er þinglýstur eigandi viðkomandi fasteignar og hefur forræði á fé sínu. Eigi tveir eða fleiri einstaklingar fasteignina í óskiptri sameign verða þeir í sameiningu að ganga til greiðsluaðlögunar. Í lögum þessum er eigandinn nefndur skuldari. Sé annað ekki tekið fram gildir það jafnt hvort sem hann er einn eða þeir eru fleiri.

Greiðsluaðlögun getur aðeins varðað fasteign þar sem skuldarinn heldur heimili og hefur skráð lögheimili, enda sé um að ræða hóflegt húsnæði miðað við þarfir skuldara og fjölskyldu hans sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda. Sé fasteignin í sameign er nægilegt í þessu skyni að einn eigenda eigi þar heimili samkvæmt því sem að framan segir.

Greiðsluaðlögun tekur til krafna sem tryggðar eru með veði í fasteigninni svo sem hér segir:

1. Krafna sem tryggðar eru með lögveði að því leyti sem þær eru fallnar í gjalddaga áður en skuldari leggur fram beiðni um greiðsluaðlögun.
2. Krafna sem tryggðar eru með samningsveði, enda taki veðrétturinn til ákveðinnar skuldar sem þegar er orðin til og greiðsluskuldbindingin hvílir á skuldaranum sjálfum eða einhverjum eigenda séu þeir fleiri en einn.
3. Krafna sem tryggðar eru með aðfararveði í fasteigninni.

Greiðsluaðlögun hefur ekki áhrif á tryggingarréttindi í fasteigninni á grundvelli kyrrsetningar eða löggeymslu, en krafa sem slík réttindi eru fyrir kemur ekki til greiðslu nema fjárnám hafi jafnframt verið gert í fasteigninni fyrir sömu kröfu.

3. gr.

Skuldari leitar greiðsluaðlögunar með skriflegri beiðni til héraðsdómstóls í því umdæmi þar sem hann á lögheimili, en ef leita á greiðsluaðlögunar vegna fasteignar í eigu tveggja eða fleiri skal beiðni þeirra gerð í einu lagi. Í beiðni skal einkum greint frá eftirtöldu:

1. Nafni skuldara, kennitölu og lögheimili.
2. Hvaða fasteign beiðnin varðar, hver þinglýstur eigandi hennar er, hverjir eiga þar lögheimili, hver stærð hennar er og eftir atvikum hvers konar fasteign.

3. Hvaða skuldir hvíla á fasteigninni, en í greinargerð um þær skal lýst nákvæmlega meðal annars tegund þeirra, tilurð, fjárhæð þeirra í upphafi og eftirstöðvum, greiðsluskilmálum, ákvæðum um vexti og verðtryggingu, að hvaða marki þær séu þegar í vanskilum, hvaða fjárhæð greiða þurfi af þeim með afborgun, við hverja skuldirnar eru og hvar þær eru til innheimtu.
4. Hverjar tekjur skuldarans eru og tekjur annarra sem eiga með honum lögheimili, hvort sem er af vinnu eða öðrum sökum.
5. Sundurliðaðar upplýsingar um aðrar eignir skuldarans og skuldbindingar.
6. Hvort önnur greiðsluerfiðleikaúrræði hafi verið nýtt eða eftir þeim leitað.

Með beiðni skulu fylgja gögn til staðfestingar upplýsingum sem í 1. mgr. greinir, en auk þess þrjú síðustu skattframtöl skuldarans. Þá skal jafnframt fylgja staðfesting fjármálafyrirtækis á því að það hafi tekið að sér að annast greiðslumiðlun fyrir skuldarann samkvæmt því sem í 1. mgr. 11. gr. segir.

4. gr.

Héraðsdómari tekur afstöðu til beiðni skv. 3. gr. með úrskurði. Um meðferð hennar fyrir dómi og heimild til málskots gilda sömu reglur og um meðferð beiðni um heimild til að leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar.

Héraðsdómari hafnar beiðni ef svo stendur á sem hér segir:

1. Ef beiðni er ekki gerð á fullnægjandi hátt eða nauðsynleg gögn fylgja henni ekki.
2. Ef veruleg ástæða er til að ætla að upplýsingar í beiðni séu ekki réttar.
3. Sé fjárhagur skuldara slíkur að annaðhvort megi honum vera kleift að standa í fullum skilum án greiðsluaðlögunar meðal annars með því að nýta sér önnur tiltæk greiðsluerfiðleikaúrræði eða ljóst verði að telja að honum yrði ófært að standa undir lágmarksfjárhæð fastrar mánaðargreiðslu skv. 1. mgr. 5. gr.
4. Ætla megi að skuldari hafi hagað gerðum sínum svo sem raun varð á með ráðnum hug um að leita tímabundinnar greiðsluaðlögunar fasteignaveðkrafna.
5. Hafi skuldari hagað fjármálum sínum á verulega ámælisverðan hátt eða tekið fjárhagslega áhættu sem ekki var í samræmi við fjárhagsstöðu hans á þeim tíma sem til fjárhagsskuldbindingarinnar var stofnað.
6. Hafi til skulda verið stofnað á þeim tíma er skuldari var greinilega ófær um að standa við fjárhagsskuldbindingar sínar.
7. Hafi skuldari bakað sér skuldbindingu sem einhverju nemur miðað við fjárhag hans með háttsemi sem varðar refsingu eða skaðabótaskyldu.
8. Skuldari hafi svo að máli skipti látið hjá líða að standa í skilum við veðkröfuhafa þótt honum hefði verið það kleift að einhverju leyti eða öllu.

Taki héraðsdómari til greina beiðni skal hann þegar í stað skipa umsjónarmann með greiðsluaðlöguninni eftir sömu reglum og gilda við nauðasamningsumleitanir til greiðsluaðlögunar. Njóti skuldari á sama tíma heimildar til slíkra nauðasamningsumleitana skal að öðru jöfnu skipa sama umsjónarmann til að fara með mál eftir þessum lögum. Þóknun umsjónarmanns, allt að 200.000 kr., greiðist úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði af greiðsluaðlögun samkvæmt ákvörðun héraðsdómara.

Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að opinber stofnun eða sýslumenn komi í stað umsjónarmanns með greiðsluaðlögun og annist störf hans í samræmi við ákvæði laga þessara. Dómsmálaráðherra er heimilt að fela sýslumanni, einum eða fleiri, eða opin-

berri stofnun umsjón með tímabundinni greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

Þegar úrskurður skv. 3. mgr. er genginn frestast nauðungarsala, sem leitað kann að hafa verið á viðkomandi fasteign, meðan reynt er að koma greiðsluaðlögun á.

Skuldari getur á öllum stigum fellt niður aðgerðir til að koma á greiðsluaðlögun.

5. gr.

Þegar umsjónarmaður hefur verið skipaður skal hann tafarlaust kveðja skuldara á sinn fund og leita eftir þörfum frekari upplýsinga til undirbúnings á greiðsluaðlögun. Á grundvelli þeirra upplýsinga og fyrirliggjandi gagna að öðru leyti skal umsjónarmaður reikna, að teknu tilliti til framfærslukostnaðar og annarra eðlilegra útgjalda skuldarans, hvað honum sé kleift að greiða þegar í stað af skuldum sem greiðsluaðlögunin tæki til og síðan með föstum mánaðargreiðslum á því tímabili sem hún stæði yfir. Fastar mánaðargreiðslur mega þó ekki nema lægri fjárhæð en þeirri sem ætla má samkvæmt mati umsjónarmanns að svari til hæfilegrar húsaleigu á almennum markaði fyrir eignina sem greiðsluaðlögun varðar. Fastar mánaðargreiðslur skulu bundnar launavísitölu frá þeim tíma sem beiðni um greiðsluaðlögun var tekin til greina.

Umsjónarmaður skal í samráði við skuldara gera frumvarp til greiðsluaðlögunar, þar sem greint er frá eftirtöldu:

1. Hverjar skuldirnar eru sem greiðsluaðlögun er ætlað að taka til, við hverja þær eru og við hvaða heimild þær styðjast, hver staða þeirra er í veðröð, hver núverandi fjárhæð þeirra er sundurliðað annars vegar í vanskil og hins vegar ógjaldfallinn þátt þeirra, svo og hvenær og hvað skuldari verður að greiða í afborganir og vexti af því sem ógjaldfallið er ef ekki kemur til greiðsluaðlögunar.
2. Hvernig greiðslum skuldarans samkvæmt áðursögðu mundi ráðstafað upp í skuldirnar, jafnt því sem hann gæti innt af hendi þegar í stað og föstum mánaðarlegum greiðslum á greiðsluaðlögunartímanum, en um það fer samkvæmt því sem segir í 7. gr.
3. Hve lengi greiðsluaðlögun sé ætlað að standa.

Að því gerðu sem að framan segir boðar umsjónarmaður með sannanlegum hætti til fundar með veðhöfum sem haldinn skal innan fjögurra vikna frá skipun hans. Fundarboði skal fylgja greinargerð um þau atriði sem um ræðir í 1. mgr. og frumvarp til greiðsluaðlögunar. Ef ekki er kunnugt um hver eigi kröfu sem greiðsluaðlögun tekur til skal umsjónarmaður beina fundarboði til þess sem upplýst hefur verið að annist innheimtu á kröfunni, en sé ekki heldur um þann vitað verður ekki frekar af fundarboði vegna þeirrar kröfu. Skuldara skal tilkynnt hvar og hvenær veðhafafundur verður haldinn.

6. gr.

Komist greiðsluaðlögun á hefur hún þau áhrif meðan á henni stendur að skuldir sem undir hana eiga bera aðeins þá vexti og eftir atvikum verðtryggingu sem þær hefðu borið í skilum án tillits til gjalddaga. Beri krafa enga samningsvexti skal höfuðstóll hennar verðtryggður miðað við vísitölu neysluverðs og skulu falla á hana vextir sem kveðið er á um í 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Á greiðsluaðlögunartíma fellur ekki heldur á þær skuldir krafa um innheimtukostnað eða annan kostnað sem stafar af vanskilum. Að því leyti sem ekki fæst greiðsla á kröfu á greiðsluaðlögunartíma bætast áfallnir vextir árlega við höfuðstól hennar.

Hafi krafa, sem upphaflega var samið um að greiða með afborgunum á tilteknum tíma sem enn er ekki kominn, verið gjaldfelld í heild vegna vanskila eða af öðrum sökum veldur greiðsluaðlögun því að gjaldfelling er úr gildi að því er þær afborganir varðar.

Nú er krafa að nokkru komin í gjalddaga án þess að staðið hafi verið í skilum með þann hluta hennar en hún er að öðru leyti í skilum, eftir atvikum vegna ákvæða 2. mgr., og verður þá greiðsluaðlögun til þess að vanskilaþáttur kröfunnar, hvað varðar jafnt gjaldfallinn hluta höfuðstóls sem vexti og verðtryggingu, leggst við ógjaldfallinn höfuðstól hennar, sbr. þó 1. mgr. 7. gr. Um leið skal þá lánstími lengjast til jafnlengdar þeim tíma sem greiðsluaðlögun stendur og skulu greiðslukjör ákveðin á nýjan leik með tilliti til þess.

Hvíli samkvæmt samningsveði eða fjárnámi krafa á fasteigninni sem öll er komin í gjalddaga án þess að ákvæði 3. mgr. taki til hennar leiðir greiðsluaðlögun til þess að krafan skal teljast gjaldkræf með afborgunum, sem að fjölda skulu svara til þeirra mánaða sem eftir standa af greiðsluaðlögunartímanum þegar fyrst fæst greiðsla upp í kröfuna.

Meðan á greiðsluaðlögun stendur verður ekki stofnað til samningsveðs í fasteigninni. Ef fjárnám er gert í fasteigninni á þeim tíma fer um það sem segir í 4. mgr. Á tímabili greiðsluaðlögunar verður ekki krafist nauðungarsölu á fasteigninni nema til fullnustu lögveðskröfu sem gjaldfallið hefur eftir upphaf hennar eða kröfu á hendur öðrum en skuldaranum sem tryggð er með veði í fasteigninni.

7. gr.

Geti skuldari lagt þegar í stað af mörkum fé til greiðslu af skuldum skal því fyrst varið til að greiða kröfur sem lögveðsréttur er fyrir og gjaldfallnar voru áður en beiðni um greiðsluaðlögun var tekin til greina. Standi eitthvað þá eftir af því fé skal því ráðstafað til að greiða upp vanskil á skuldum eftir stöðu þeirra í veðröð svo langt sem fjárhæðin hrekkur til.

Mánaðargreiðslu, sem reiknuð er eftir 1. mgr. 5. gr., skal varið fyrst til að gera full skil á kröfum sem lögveðsréttur er fyrir, enda hafi þær ekki greiðst samkvæmt því sem í 1. mgr. segir. Eftir að full skil hafa verið gerð á þeim kröfum skal mánaðargreiðslu ráðstafað hverju sinni til að greiða áður ákveðnar afborganir af skuldum ásamt vöxtum og eftir atvikum verðtryggingu þannig að fyrst komi til greiðslu af þeirri skuld sem hverju sinni stendur fremst í veðröð, en standi þá eftir fé af þeirri mánaðargreiðslu skal því þessu næst varið til greiðslu af skuldinni sem næst er í veðröð og svo koll af kolli. Að því leyti sem ekkert fæst af mánaðargreiðslu upp í kröfu vegna stöðu hennar í veðröð ber hún vexti og tekur skilmálabreytingum skv. 1. og 3. mgr. 6. gr.

8. gr.

Á veðhafafundi sem umsjónarmaður boðar til skv. 3. mgr. 5. gr. skal hann kynna greinargerð sína og frumvarp til greiðsluaðlögunar. Sé skuldari staddur á fundi er honum skylt eftir bestu vitund að veita fundarmönnum upplýsingar um þau atriði varðandi greiðsluaðlögunina sem þeir óska eftir. Umsjónarmanni er að kröfu fundarmanns heimilt að fresta veðhafafundi ef skuldari er þar ekki mættur og leggja fyrir hann að koma til fundar ef umsjónarmaður fellst á að það sé nauðsynlegt til upplýsingaöflunar.

Umsjónarmaður skal leita eftir viðhorfum þeirra sem sækja veðhafafund til frumvarps til greiðsluaðlögunar. Eftir því sem þurfa þykir getur umsjónarmaður að tillögu skuldara eða með samþykki hans gert breytingar á frumvarpinu sem kynntar skulu þegar á fundinum. Færð skal fundargerð þar sem meðal annars þessum atriðum skal í meginatriðum lýst.

Innan tveggja vikna frá veðhafafundi skal umsjónarmaður taka rökstudda og skriflega ákvörðun um hvort af greiðsluaðlögun verði. Því skal umsjónarmaður hafna ef fram hafa komið atriði sem leiða hefðu átt til þess að beiðni skuldarans yrði hafnað fyrir héraðsdómi, sbr. 2.–8. tölul. 2. mgr. 4. gr. Umsjónarmaður getur einnig hafnað að greiðsluaðlögun komist á ef hann telur óraunhæft að skuldari muni standa við skilmála samkvæmt frumvarpi að henni, svo og ef skuldari hefur ekki staðið af trúmennsku að undirbúningi hennar eða ætla verði að hennar sé leitað í óheiðarlegum tilgangi.

Ákvörðun umsjónarmanns skal með sannanlegum hætti send tafarlaust öllum veðhöfum sem kunnugt er um, svo og skuldaranum.

Hafi umsjónarmaður ákveðið að hafna því að af greiðsluaðlögun verði er meðferð hans á máli þegar í stað lokið.

Nú hefur umsjónarmaður ákveðið að af greiðsluaðlögun verði og getur þá veðhafi innan tveggja vikna frá því að sú ákvörðun var tekin tilkynnt umsjónarmanni að hann krefjist úrlausnar héraðsdóms um hana. Sú tilkynning skal vera skrifleg og rökstudd, en að öðru leyti fer um meðferð máls samkvæmt sömu reglum og gilda um meðferð ágreinings um frumvarp skiptastjóra til úthlutunar við gjaldþrotaskipti.

Þegar frestur skv. 6. mgr. er út runninn án þess að veðhafi krefjist dómsúrlausnar er greiðsluaðlögun sjálfkrafa komin á. Að öðrum kosti fer um afdrif hennar eftir úrlausn dómstóla.

9. gr.

Þegar greiðsluaðlögun er komin á skal umsjónarmaður gera skriflega yfirlýsingu um hana þar sem meðal annars skal greint frá hvenær hún komst á, til hve langs tíma hún er og hverjar skilmálabreytingar leiðir af henni. Hann skal fá yfirlýsingunni þinglýst, en til þess þarf ekki samþykki veðhafa. Fyrir þessa þinglýsingu greiðist ekkert gjald. Umsjónarmaður skal senda öllum þekktum veðhöfum eintak af þessari yfirlýsingu.

Umsjónarmaður lætur skuldaranum í té staðfest eintak yfirlýsingar skv. 1. mgr., frumvarps til greiðsluaðlögunar og ákvörðunar sinnar um að af henni verði til að skuldari geti falið fjármálafyrirtæki að miðla greiðslum fyrir sig. Við svo búið er meðferð umsjónarmanns á máli lokið.

10. gr.

Umsjónarmaður skal án tafar tilkynna héraðsdómi um lok starfa sinna. Þeirri tilkynningu skulu fylgja greinargerð umsjónarmanns og frumvarp til greiðsluaðlögunar, fundargerðir frá veðhafafundi, ákvörðun umsjónarmanns um málalok og eftir atvikum yfirlýsing hans skv. 9. gr.

11. gr.

Skuldara er skylt í tæka tíð áður en komið er að fyrsta gjalddaga samkvæmt greiðsluaðlögun að koma því til leiðar að fjármálafyrirtæki miðli fyrir hann greiðslum samkvæmt henni.

Meðan á tíma greiðsluaðlögunar stendur getur veðhafi, sem af henni er bundinn, leitað eftir ógildingu hennar eftir sömu reglum og gilda um ógildingu nauðasamnings.

Greiðsluaðlögun fellur sjálfkrafa úr gildi ef eigendaskipti verða að fasteigninni sem hún varðar, þar á meðal með andláti skuldara eða því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta.

12. gr.

Nú telur skuldari þegar minna en þrír mánuðir eru til loka tíma greiðsluaðlögunar en áður en sá tími er á enda að sýnt sé að hann verði um fyrirséða framtíð ófær um að standa í fullum skilum með greiðslu skulda sem tryggðar eru með veði í þeirri fasteign sem greiðsluaðlögun tekur til og að önnur tiltæk greiðsluerfiðleikaúrræði séu ófullnægjandi. Getur skuldari þá leitað eftir því að veðréttindi sem standa til tryggingar uppreiknuðum eftirstöðvum veðskulda á fasteigninni sem hún varðar og nema hærri fjárhæð en svarar til söluverðs fasteignarinnar á almennum markaði að viðbættum 10 hundraðshlutum verði afmáð af fasteigninni enda sýni skuldari fram á að hann geti staðið í fullum skilum með þær veðskuldir sem áfram hvíla á fasteigninni. Getur skuldari þá beint til sýslumanns í umdæminu, þar sem fasteignin er, skriflegri og rökstuddri beiðni um að gerðar verði ráðstafanir um fasteignina samkvæmt því sem nánar segir í 3.–5. mgr. Það er skilyrði fyrir þeim ráðstöfunum að veðskuldir séu í skilum eftir þeirri skipan sem greiðsluaðlögun hefur leitt af sér.

Með beiðni skuldara skv. 1. mgr. skal fylgja eintak af þeim gögnum sem getið er í 3. og 9. gr. ásamt verðmati tveggja löggiltra fasteignasala á fasteign skuldarans, eintak af kvittunum fyrir greiðslum til veðhafa í samræmi við greiðsluaðlögun og eftir þörfum útreikningum á uppreiknaðri stöðu veðskulda sem á fasteigninni hvíla.

Þegar sýslumanni hefur borist beiðnin kannar hann hvort fullnægt sé skilyrðum 1. og 2. mgr. til að taka hana til meðferðar. Séu þau ekki uppfyllt hafnar hann beiðninni þegar í stað nema annmarkar séu á málatilbúnaði skuldara sem bæta megi úr á skömmum fresti. Að öðrum kosti skal sýslumaður boða með sannanlegum hætti alla veðhafa ásamt skuldara til fundar við sig. Liggi ekki fyrir upplýsingar um hverjir eigi einstakar veðkröfur skal sýslumaður beina fundarboði til þeirra sem upplýst hefur verið að annist innheimtu á kröfunum, en sé ekki heldur um þá vitað skulu þessir veðhafar boðaðir til fundarins með auglýsingu í Lögbirtingablaði sem birt er með minnst viku fyrirvara.

Á veðhafafundi kynnir sýslumaður fyrirliggjandi gögn og gefur veðhöfum kost á að lýsa afstöðu til þess sem fram er komið af hendi skuldara. Verðmat á eign sem skuldari hefur aflað skv. 2. mgr. skal lagt til grundvallar nema veðhafi sem hefur hagsmuna að gæta af niðurstöðu þess fái því hrundið með matsgerð dómkvaddra manna, en fresta skal sýslumaður meðferð máls ef leita skal slíkrar matsgerðar. Teljist samkvæmt þessu sýnt að samanlögð fjárhæð veðskulda sé hærri en söluverð eignarinnar í því hlutfalli sem getið er í 1. mgr. skal sýslumaður gefa á fundinum veðhöfum, sem fara með kröfur sem standa í veðröð utan þeirra marka, kost á að gera þegar í stað tilboð um að leysa til sín eignina með því að taka að sér rétthærri veðkröfur annarra.

Komi fram á veðhafafundi tilboð skv. 4. mgr. skal leitað afstöðu skuldara til þess. Hafni hann boðinu eða sé hann ekki mættur á fund lýkur þessari meðferð máls þegar í stað. Samþykki skuldari tilboðið skal veðhafi standa við það innan tveggja vikna ásamt því að leggja til nauðsynleg skjöl vegna eigendaskipta.

Nú kemur ekki fram tilboð á veðhafafundi skv. 4. mgr., og skal þá sýslumaður eftir kröfu skuldara afmá af fasteigninni veðréttindi sem standa utan þeirra marka í veðröð sem greinir í 1. mgr. Standi veðkrafa að hluta innan þeirra marka og að hluta utan skal eftirstöðvum hennar skipt að tiltölu því til samræmis og ákveður þá sýslumaður nýjan höfuðstól skuldarinnar sem veðréttindi eru fyrir. Um ráðstafanir samkvæmt þessari málsgrein gerir sýslumaður yfirlýsingu sem þinglýst skal á eignina en fyrir hana greiðist ekkert gjald.

Sýslumaður skal færa gerðabók um ráðstafanir samkvæmt þessari grein. Rísi ágreiningur um slíkar ráðstafanir geta þeir sem eiga hlut að máli leitað úrlausnar um hann fyrir dómstólum eftir sömu reglum og gilda um úrlausn ágreinings um gildi nauðungarsölu.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. maí 2009.

932. Frumvarp til laga [410. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 14. apríl.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 3. mgr. B-liðar 68. gr. laganna skal viðmiðunarhlutfall hámarksvaxtagjalda af skuldum, sem þar er tilgreint, vera 7% við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2009 vegna tekna, eigna og skulda á árinu 2008.
2. Þrátt fyrir ákvæði 10. og 12. málsl. 4. mgr. B-liðar 68. gr. laganna skulu viðmiðunarfjárhæðir, sem þar eru tilgreindar, vera 246.944, 317.589, 408.374 og 900 við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2009 vegna tekna, eigna og skulda á árinu 2008.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

933. Framhaldsnefndarálit [409. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

Nefndin fjallaði um málið eftir 2. umræðu og þá einkum um c- og d-liði 2. tölul. breytingartillagna á þskj. 858 sem voru kallaðar aftur til 3. umræðu.

Í c-lið 2. tölul. er gert ráð fyrir því að við 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða bætist að slitastjórn skuli áður en sex mánuðir eru liðnir frá gildistöku laganna taka við þeim verkefnum sem skilanefndunum er ætlað að halda áfram að sinna skv. 3. tölul. ákvæðisins í frumvarpinu en þá verður liðið u.þ.b. ár frá því að þær hófu störf. Tillagan hefur sætt gagnrýni, m.a. af hálfu skilanefnda og ýmissa kröfuhafa. Nefndin lagði breytinguna til í ljósi þess að frumvarpið er afrakstur heildarendurskoðunar á XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki sem fjallar um slitameðferð og taldi nefndin eðlilegt að innan ekki allt of langs tíma yrði einungis farið að hinum nýju reglum en ekki yrði um tvöfalt kerfi að ræða til langframa. Nefndin fellst á að óþarft sé að tilgreina tiltekinn tíma í þessu efni en gerir eftir sem áður ráð fyrir því að

nefndarmönnum í skilanefndum fækki eftir því sem verkefni nefndanna minnka en gera má ráð fyrir að umfang verkefna þeirra minnki þegar frá líður. Þannig muni greiðslustöðvun og slitameðferð þeirra fjármálafyrirtækja sem þegar hafa fengið greiðslustöðvun, og ákvæði til bráðabirgða II nær til, með tímanum falla í þann farveg sem að öðru leyti er kveðið á um í frumvarpinu.

Með d-lið 2. tölul. lagði nefndin til að hnykkt yrði á því að frá gildistöku laganna skyldi kostnaður af greiðslustöðvun og slitameðferð greiðast af eignum þess fjármálafyrirtækis sem í hlut á. Nefndin fellst á að þessi tillaga geti hafa valdið þeim misskilningi að vafi leiki á því hvernig fara skuli með þegar áfallinn kostnað af greiðslustöðvun og slitameðferð fjármálafyrirtækja sem þegar hafa fengið greiðslustöðvun og ákvæði til bráðabirgða II tekur til. Í frumvarpinu er ekki sérstaklega kveðið á um greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af störfum fjármálafyrirtækis á meðan það er í greiðslustöðvun eða slitameðferð, en gert er ráð fyrir að um þann kostnað fari samkvæmt ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og þar með að hann greiðist af eignum þess fjármálafyrirtækis sem í hlut á. Þrátt fyrir 100 gr. a laga um fjármálafyrirtæki, þar sem kveðið er á um að ríkissjóður beri ábyrgð á kostnaði af framkvæmd aðgerða Fjármálaeftirlitsins á grundvelli ákvæðisins, þ.m.t. skiptakostnaði ef til slíks kostnaðar stofnast, hefur ríkissjóður og Fjármálaeftirlitið greitt hluta af áföllnum kostnaði við störf skilanefnda og mat á eignum bankanna. Nefndin telur að það hafi ekki verið ætlunin þegar ákvæðið var lögfest heldur hafi því verið ætlað að tryggja að ríkið bæri ábyrgð á þeim kostnaði við skipti sem ekki fengist greiddur af eignum viðkomandi fjármálafyrirtækis.

Til að taka af allan vafa um framangreindan skilning leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt frá 2. umræðu.

Höskuldur Þórhallsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. apríl 2009.

Álfheiður Ingadóttir, form., frsm.	Gunnar Svavarsson.	Birgir Ármannsson.
Lúðvík Bergvinsson.	Guðfinna S. Bjarnadóttir.	Árni M. Mathiesen.
Birkir J. Jónsson.		Jón Magnússon.

934. Lög [461. mál]

um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

(Afgreidd frá Alþingi 15. apríl 2009.)

Samhljóða þskj. 931.

935. Lög [409. mál]

um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. apríl 2009.)

Samhljóða þskj. 930.

936. Lög [410. mál]

um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. apríl 2009.)

Samhljóða þskj. 932.

937. Lög [366. mál]

um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt.

(Afgreidd frá Alþingi 15. apríl 2009.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „Eignaauki“ í 3. tölul. kemur: eða aukning ráðstöfunartekna.
b. Við 3. tölul. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hið sama á við um eftirgefnar skuldir sem mælt er fyrir um í nauðasamningi til greiðsluaðlögunar skv. X. kafla a í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með áorðnum breytingum, eða á annan fullnægjandi hátt er sannað að eignir eru ekki til fyrir, að uppfylltum skilyrðum samkvæmt reglugerð sem fjármálaráðherra setur um hlutlægt mat á forsendum eftirgjafar, skilyrði þess að eftirgjöf teljist ekki til tekna, upplýsingagjöf skv. 92. gr. o.fl.

2. gr.

Á eftir 57. gr. laganna kemur ný grein, 57. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Skattlagning vegna erlends eignarhalds á lágskattasvæðum.

Skattaðili sem á beint eða óbeint hlut í hvers kyns félagi, sjóði eða stofnun sem telst heimilisföst í lágskattaríki skal greiða tekjuskatt af hagnaði slíkra aðila í hlutfalli við eignarhluta sinn án tillits til úthlutunar. Hið sama á við um skattaðila sem stjórnar félagi, sjóði, stofnun eða eignasafni í lágskattaríki sem skattaðili hefur beinan eða óbeinan ávinning af. Tekjur þessar eru skattskyldar með sambærilegum hætti og um væri að ræða starfsemi hér á landi.

Ríki eða lögsagnarumdæmi telst lágskattaríki þegar tekjuskattur af hagnaði félags, sjóðs

eða stofnunar, sem um ræðir, er lægri en tveir þriðju hlutar af þeim tekjuskatti sem hefði verið lagður á félagið, sjóðinn eða stofnunina hefði hún verið heimilisföst á Íslandi.

Ákvæði 1. mgr. á við þegar minnst helmingur eignarhalds í aðilum, sbr. 1. mgr., er beint eða óbeint í eigu íslenskra skattaðila eða stjórnunarleg yfirráð hafa verið til staðar innan tekjuárs.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við ef:

1. félag, sjóður eða stofnun fellur undir samning milli Íslands og lágskattaríkis til að koma í veg fyrir tvísköttun enda sé unnt á grundvelli samningsins að fá allar nauðsynlegar upplýsingar og tekjur félags, sjóðs eða stofnunar eru ekki að meginstofni til eignatekjur; eða
2. félag, sjóður eða stofnun er stofnsett og skráð í öðru EES-ríki og hefur þar með höndum raunverulega atvinnustarfsemi, og íslensk skattyfirvöld geta á grundvelli tvísköttunarsamnings eða annars alþjóðasamnings krafist allra nauðsynlegra upplýsinga, sbr. 1. tölul. Þar sem ekki er fyrir hendi samningur, sbr. 1. málsl., hvílir upplýsingaskyldan á skattaðilanum.

Tekjur skattaðila með beina eignaraðild miðast við samsvarandi hlutdeild í hagnaði félags, sjóðs eða stofnunar eins og hagnaður yrði ákveðinn hér á landi ef aðilinn væri íslenskur skattaðili. Sé um óbeina eignaraðild að ræða skal miða við sameiginlegt eignarhald á þeirri starfsemi sem skattlagningin tekur til. Tap er því aðeins frádráttarbært skv. 8. tölul. 31. gr. að skattaðili geti, að ósk skattyfirvalda, lagt fram fullnægjandi gögn er liggja að baki útreikningi á tapi.

Hafi félag, stofnun eða sjóður úthlutað hagnaði til skattaðila, sem skattlagður hefur verið skv. 1. mgr., skal úthlutunin ekki talin til skattskyldra tekna hjá honum nema hún sé hærri en þær tekjur sem skattlagðar eru skv. 5. mgr.

Fjármálaráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar. Ráðherra skal birta lista yfir þau lönd og svæði sem skattlagning samkvæmt þessari grein tekur til.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „umboðsviðskipti“ í 2. mgr. kemur: milligöngu.
b. Á eftir orðinu „hlutabréf“ í 2. mgr. kemur: skuldabréf og aðra fjármálagerninga.
c. 3. mgr. orðast svo:

   Bankar, sparisjóðir, önnur fjármálafyrirtæki og aðrir þeir aðilar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996 sem taka við fjármunum til ávöxtunar skulu ótilkvaddir veita skattyfirvöldum ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður upplýsingar um greidda eða greiðslukræfa vexti á árinu skv. 8. gr. laga þessara og afdregna staðgreiðslu og innstæður í bankareikningum og hvers konar verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum. Sama gildir um hvers konar útlán til viðskiptamanna og vaxtagreiðslur af þeim.
d. Á eftir orðinu „stofnfjárvexti“ í 6. mgr. kemur: skuldabréf og aðra fjármálagerninga sem og vexti af þeim.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 94. gr. laganna:

a. Á eftir 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Hafi aðili beint eða óbeint minnst helming eignarhalds eða er með stjórnunarleg yfirráð í dótturfélagi eða útibúi í

öðrum ríkjum er honum jafnframt skylt að veita upplýsingar um viðskipti dótturfélags eða útibús við aðila skattskylda skv. I. kafla og félög, sjóði og stofnanir í lágskattaríkjum sem 1. mgr. 57. gr. a laganna tekur til.

b. Á eftir 3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálafyrirtæki, endurskoðendur, lögmenn og aðrir aðilar skulu halda sérstaka skrá yfir þá viðskiptavini sína sem þau veita skattaráðgjöf eða aðra þjónustu, sem snertir umráð eða beina eða óbeina eignaraðild viðskiptavinanna að rekstri félaga, sjóða eða stofnana sem skráð eru erlendis eða eignir þar. Er þeim skylt að láta skattyfirvöldum í té umrædda skrá er þau beiðast þess.

Ákvæði annarra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu víkja fyrir ákvæðum þessarar greinar.

5. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 164/2008, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, þá kemur ákvæði 1. gr. laganna til framkvæmdar við álagningu tekjuskatts á árinu 2010.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. gr. koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2011 vegna tekna ársins 2010 og eigna í lok þess árs.

938. Lög [413. mál]

um Bjargráðasjóð.

(Afgreidd frá Alþingi 15. apríl 2009.)

Samhljóða þskj. 851.

939. Svar [392. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um fiskmarkaði og hvalveiðar.

1. *Hvernig metur ráðherra þau viðbrögð sem fram hafa komið eftir ákvörðun um endurupptöku hvalveiða, annars vegar frá fulltrúum fiskseljenda á mörkuðum erlendis og hins vegar af opinberri hálfu?*

Ráðherra hefur lýst yfir áhyggjum sínum af því hvaða áhrif hvalveiðar kunni að hafa og hefur því verið fylgst vel með viðbrögðum við þeim erlendis og hér á landi. Íslensk stjórnvöld hafa tekið allar athugasemdir við hvalveiðar Íslendinga alvarlega og sent þeim sem mótmælt hafa svör og skýringar. Nú er unnið í samstarfi við forsætisráðuneyti og utanríkis-

ráðuneyti að því að svara sérstaklega þeim erlendu viðskiptavinum sem lýst hafa áhyggjum af hvalveiðum.

2. *Hvern telur ráðherra ásættanlegan skaða við afurðasölu á erlendum markaði áður en breytt verði ákvörðun um endurupptöku hvalveiða?*

Það er erfitt að meta fyrir fram hugsanlegt viðskiptatjón en reynsla síðustu ára hefur verið sú að þrátt fyrir fjöldasendingar mótmælabréfa hefur verið aukning í afurðasölu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja og sömuleiðis í fjölda ferðamanna til landsins. Sama hefur mátt segja um auknar vinsældir hvalaskoðunar hér við land á sama tíma.

3. *Hyggst ráðherra hafa uppi áróðursviðbúnað til að slá á neikvæð viðbrögð vegna hvalveiðanna á mörkuðum – og ef svo er, hvað telur ráðherra hæfilegt að verja miklu fé til slíks áróðurs?*

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti vinnur í nánu samstarfi við forsætisráðuneyti og utanríkisráðuneyti að viðbrögðum við mótmælum og umkvörtunum. Engin sérstök áróðursherferð er ráðgerð og litlu kostað til, en sendiskrifstofur utanríkisráðuneytisins eru nýttar til verksins.

940. Svar [334. mál]

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um vinnslu hvalafurða.

1. *Hvaða reglugerðir eru í gildi um fyrirkomulag verkunar á hvalafla og nýtingu hvals til fullnustu og um meðferð hvalafurða, sbr. 5. gr. laga nr. 26/1949?*

Sú reglugerð sem er í gildi er reglugerð nr. 105/1949, um vinnslu og umbúnað á hvalkjöti. Jafnframt hafa verið sett fyrirmæli af Matvælastofnun um skurð á hvölum og meðferð hvalafurða á grundvelli þessarar reglugerðar.

2. *Hvað var mikill hluti hvers dýrs á vertíðinni 2006–2007 nýttur í vinnslu: a) hverrar veiddrar hrefnu, b) hverrar veiddrar langreyðar?*

Ráðuneytið hefur ekki þessar upplýsingar. Bent er á að leita þeirra hjá fyrirtækinu Hval hf. eða Hrefnuveiðimönnum ehf.

3. *Hve miklar afurðir (í tonnum) fengust að meðaltali af hverju dýri: a) hrefnu, b) langreyði – og hvernig er skipting þeirra í kjöt, spik/rengi, mjöl, lýsi?*

Sjá svar við 2. tölul.

4. *Ef hvalafli frá vertíðinni 2006–2007 var ekki eða að litlu leyti unninn í mjöl og lýsi, hver er þá skýringin á því?*

Sjá svar við 2. tölul.

5. *Hvar og samkvæmt hvaða reglum voru hvalhræ á þessum tíma urðuð eða losuð í sjó?*

Um meðferð úrgangs gilda lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og reglugerð nr. 783/2003, um urðun úrgangs. Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga annast

eftirlit með meðferð úrgangs og því var óskað eftir upplýsingum um þetta efni hjá stofnuninni og er svar hennar eftirfarandi:

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó samkvæmt sömu grein, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

a. dýpkunarefnum,
b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvun í landi, enda standi sérstaklega á.

Það sem flutt er í land má því ekki varpa í hafið nema í undantekningartilfellum og með leyfi Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun gaf ekki nein slík leyfi fyrir úrgang sem til féll vegna hvalveiða. Umhverfisstofnun hefur ekki upplýsingar um hvort slíkur úrgangur fór beint á viðurkennda urðunarstaði eða í einhverja meðhöndlun eða vinnslu.

Í 24. tölul. 3. gr. laganna, segir hins vegar:

„Varp: Þegar efnum eða hlutum er vísvitandi eða af gáleysi fleygt í hafið frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum, þ.m.t. þegar skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum er sökkt í hafið, þ.e. allt sem ekki er losun. Eftirfarandi telst ekki varp:

a. að koma fyrir efnum eða hlutum í hafinu í öðrum lögmætum tilgangi en að farga þeim,
b. þegar úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis stafa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni, berast í hafið,
c. að kasta óunnum fiski og fiskúrgangi og öðrum sjávarlífverum vegna veiða og vinnslu í hafið.“

Það sem til fellur sem úrgangur þegar gert er að dýrunum á sjó fellur utan skilgreiningar á hugtakinu varp samkvæmt framansögðu og því ekki skylt að tilkynna slíkt eða að fá sérstakt leyfi.

941. Fyrirspurn [472. mál]

til samgönguráðherra um framtíð Keflavíkurflugvallar og slökkvilið.

Frá Grétari Mar Jónssyni.

1. Hvernig sér ráðherra fyrir sér framtíð Keflavíkurflugvallar með tilliti til öryggismála sem tengjast slökkviliði Keflavíkurflugvallar?
2. Undir hvaða lög heyra slökkviliðsmenn á Keflavíkurflugvelli?
3. Hvers vegna er ekki föst viðvera sjúkrabíls á Keflavíkurflugvelli þar sem sérþjálfaður mannskapur er til staðar en það gæti létt verulega undir með nágrannaslökkviliðum á álagstímum?
4. Stendur til að lækka öryggisstig Keflavíkurflugvallar og fækka slökkviliðsmönnum?
5. Hver er staðan í endurnýjun á slökkviliðsbílum Keflavíkurflugvallar?
6. Hvers vegna var hætt við kaup á þremur nýjum Oshkosh-slökkviliðsbílum sem búið var að fá tilboð í og ganga að? Þurfti íslenska ríkið að borga skaðabætur fyrir að hætta við fyrirhuguð kaup?

7. Hvað greiðir íslenska ríkið fyrir leigu á þeim slökkviliðsbílum sem eru á Keflavíkurflugvelli? Hvernig er ástand þessara bifreiða? Hefur einhver ákvörðun verið tekin um kaup á frekari tækjakosti fyrir slökkviliðið á Keflavíkurflugvelli?

Skriflegt svar óskast.

942. Lög [406. mál]

um listamannalaun.

(Afgreidd frá Alþingi 16. apríl 2009.)

Samhljóða þskj. 852 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða I hljóðar svo:
Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. skulu samanlögð starfslaun árið 2010 miðast við 1.325 mánaðarlaun og árið 2011 við 1.465 mánaðarlaun.

943. Lög [123. mál]

um breytingu á lögum nr. 110/2000, um lífsýnasöfn, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. apríl 2009.)

Samhljóða þskj. 811 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og 4. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 4. og 5. mgr.
b. Við bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. og orðast svo:
Þegar veittur er aðgangur að þjónustusýnum til vísindarannsókna skulu þau afhent án persónuauðkenna. Í undantekningartilvikum er heimilt, með leyfi Persónuverndar, að afhenda lífsýni með persónuauðkennum. Tengsl lífsýna við persónuauðkenni skulu vera í samræmi við reglur Persónuverndar.

944. Lög [19. mál]

um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. apríl 2009.)

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Allir sem hafa uppeldi og umönnun barna með höndum skulu sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna.

2. gr.

2. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Gefa skal fulltrúa barnaverndarnefndar kost á að vera viðstaddur skýrslutöku af barni sem sakborningi í samræmi við ákvæði laga um meðferð sakamála, svo og skýrslutöku af barni sem brotaþola og sem vitni. Á þetta við hvort sem skýrslutaka fer fram hjá lögreglu eða fyrir dómi. Um skýrslutöku af barni gilda að öðru leyti ákvæði laga um meðferð sakamála og reglugerða sem settar hafa verið með stoð í þeim.

3. gr.

1. mgr. 99. gr. laganna orðast svo:

Hver sem beitir barn andlegum eða líkamlegum refsingum, hótunum eða ógnunum eða sýnir af sér aðra vanvirðandi háttsemi gagnvart barni skal sæta sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

945. Frumvarp til laga [356. mál]

um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn).

(Eftir 2. umr., 16. apríl.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Stjórnin skal gæta þess að hlutaskráin geymi réttar upplýsingar á hverjum tíma.
b. Á eftir 6. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Í hlutaskrána skulu færðar upplýsingar um atkvæðisrétt hluthafa og skal þar jafnframt geta allra þeirra samstæðutengsla sem hlutafélagið er í.

2. gr.

Við 1. mgr. 63. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Einnig skal gætt að kynjahlutföllum í stjórnum annarra hlutafélaga. Í tilkynningum um stjórnir til hlutafélagaskrár skal sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn. Í hlutafélögum þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal jafnframt sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins.

3. gr.

Við 1. mgr. 65. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Gætt skal að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra og skulu hlutafélagaskrá gefnar upplýsingar í tilkynningum til skrárinnar um hlutföll kynjanna meðal framkvæmdastjóra.

4. gr.

Við 1. mgr. 70. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Formaður félagsstjórnar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem félagsstjórnin felur honum að vinna fyrir sig.

5. gr.

Á eftir 3. mgr. 84. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Félagsstjórn skal gera stutta samantekt og leggja fyrir aðalfund um hlutafjáreign einstakra hluthafa og rétt þeirra til að greiða atkvæði, svo og um þær breytingar sem orðið hafa á árinu. Sambærilegar upplýsingar skulu liggja fyrir um þau samstæðutengsl sem hlutafélagið er í.

6. gr.

Við 2. málsl. 1. mgr. 91. gr. laganna bætist: og hlutafjáreign einstakra hluthafa og atkvæðisrétt þeirra.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. tölul. 153. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „(2. mgr. 70. gr.)“ kemur: samantekt um samstæðutengsl o.fl. (4. mgr. 84. gr.).
b. Í stað orðanna „4. mgr. 84. gr.“ kemur: 5. mgr. 84. gr.

II. KAFLI

Breyting á lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum.

8. gr.

Við 1. mgr. 39. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir sem orðast svo: Gætt skal að kynjahlutföllum í stjórnum einkahlutafélaga. Í tilkynningum um stjórnir til hlutafélagaskrár skal sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna í stjórn. Í einkahlutafélögum þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal jafnframt sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins.

9. gr.

Við 1. mgr. 41. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Gætt skal að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra og skulu hlutafélagaskrá gefnar upplýsingar í tilkynningum til skrárinnar um hlutföll kynjanna meðal framkvæmdastjóra.

III. KAFLI

Gildistaka.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Haldi hlutafélag aðalfund innan lögmæltra tímamarka árið 2009 er því þó heimilt að fresta framkvæmd ákvæða um starfandi stjórnarformann til næsta aðalfundar þar á eftir.

946. Tillaga til þingsályktunar [473. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 16. apríl 2009 eða síðar, ef nauðsyn krefur.

947. Svar [471. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um flug herflugvéla.

1. *Hver var tilgangurinn með flugi herflugvéla yfir Akureyri helgina 21. og 22. mars sl.?*

Tilgangur flugs herflugvélanna var að æfa aðflug að Akureyrarflugvelli sem er nauðsynlegt af öryggisástæðum lokist Keflavíkurflugvöllur eða ef upp koma önnur ófyrirséð atvik. Flugvélarnar flugu ekki yfir bæinn heldur hefðbundna aðflugsleið og var aðflugsæfingin samhæfð við flugturn Akureyrarflugvallar og Flugstoðir.

2. *Hver var flugleið þessara véla og hversu hátt eða lágt flugu þær yfir Akureyri og annarri byggð?*

Vélarnar flugu eftir skilgreindum aðflugsferlum og í samræmi við allar öryggisreglur sem gerðar eru til flugvéla sem eru í aðflugi að Akureyrarflugvelli. Lægst fóru þær í 300 fet yfir flugbraut Akureyrarvallar.

3. *Hvaða her tilheyra þessar vélar?*

Flugvélar þessar tilheyrðu danska flughernum og voru hér að sinna loftrýmisgæslu.

4. Hverrar tegundar eru vélarnar og hvaða vopnum eru þær búnar?
Vélarnar eru af F-16 gerð og útbúnar vélbyssu og léttum flugskeytum.

5. Er flug af þessum toga áætlað í framtíðinni?
Já, þessi flug hafa verið með sama fyrirkomulagi sl. ár og gera má ráð fyrir sambærilegu flugi í hvert sinn sem fram fer loftrýmisgæsla við Ísland með þátttöku flugsveita frá bandalagsríkjum okkar í Atlantshafsbandalaginu. Æfing aðflugs að Akureyrarflugvelli er hluti af öryggisviðbúnaði vegna þessa flugs.

948. Framhaldsnefndarálit [385. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sérnefndar um stjórnarskrármál.

Við umræður í nefndinni lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram hugmynd að efnislegri sátt um 1. og 2. gr. frumvarpsins eins og sjá má á breytingartillögum minni hlutans. Þá var til viðbótar lögð fram tillaga til sátta um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Með samþykkt hennar væri lagður grunnur að vandaðri heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar í anda umræðunnar í þinginu undanfarna mánuði.

Því miður sló meiri hlutinn á útrétta sáttahönd sjálfstæðismanna í öllum framangreindum liðum.

Alþingi, 16. apríl 2009.

Björn Bjarnason, frsm. Sturla Böðvarsson. Birgir Ármannsson.

Jón Magnússon.

949. Breytingartillögur [385. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sérnefndar um stjórnarskrármál (BBj, StB, BÁ, JM).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Við stjórnarskrána bætist ný grein, 79. gr., svohljóðandi:
   Íslenska ríkið fer með forsjá, vörslu og ráðstöfunarrétt þeirra náttúruauðlinda sem ekki eru í einkaeign og hefur eftirlit með nýtingu þeirra eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Slíkar auðlindir má hvorki selja né láta varanlega af hendi.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 79. gr. stjórnarskrárinnar sem verður 81. gr.:
   a. Í stað 1. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
      Frumvarp til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari má bera upp á Alþingi. Slíkt frumvarp má ekki samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við fjórar umræður og skulu þrjár vikur hið minnsta líða milli umræðna.
      Hljóti frumvarp til stjórnskipunarlaga samþykki að minnsta kosti ⅔ hluta alþingismanna skal það lagt undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Skal atkvæðagreiðslan vera leynileg og fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi. Sé meiri hluti gildra atkvæða fylgjandi frumvarpinu, þó minnst 25 af hundraði allra kosningarbærra manna, skal það staðfest af forseta Íslands og öðlast þá gildi sem stjórnskipunarlög.
      Sé frumvarp til stjórnskipunarlaga samþykkt án þess að minnst ⅔ hlutar alþingismanna greiði því atkvæði skal fresta frekari meðferð frumvarpsins. Samþykki Alþingi frumvarpið óbreytt, að loknum næstu almennum þingkosningum og að undangengnum þremur umræðum, sbr. 44. gr., skal það lagt undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Skal atkvæðagreiðslan vera leynileg og fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir endanlega samþykkt frumvarpsins á Alþingi. Sé meiri hluti gildra atkvæða fylgjandi frumvarpinu, þó minnst 20 af hundraði allra kosningarbærra manna, skal það staðfest af forseta Íslands og öðlast þá gildi sem stjórnskipunarlög.
   b. 2. mgr. verður 4. mgr.
   c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Nánari tilhögun atkvæðagreiðslu skv. 2., 3. og 4. mgr. skal ákveðin með lögum.

Greinargerð.

Með þessari tillögu vilja fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í sérnefnd um stjórnarskrármál leggja fram hugmynd að efnislegri sátt í nefndinni um 1. og 2. gr. frumvarpsins. Að því er varðar 1. gr. er með henni komið til móts við þau sjónarmið umsagnaraðila að hugtakið þjóðareign sé svo óljóst að notkun þess geti valdið of miklum vafa um túlkun til þess að forsvaranlegt sé að hafa það í stjórnarskrá. Flutningsmenn tillögunnar telja að með því orðalagi sem þeir leggja til að verði á greininni sé komið til móts við þau efnislegu markmið sem stefnt er að með ákvæðinu eins og það hefur verið kynnt frá því að auðlindanefnd skilaði skýrslu sinni árið 2000.

Til skýringar á 2. tölul. breytingartillagnanna vísa flutningsmenn til þess sem segir í skýrslu nefndar um endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands (stjórnarskrárnefndar) frá árinu 2007, enda er tillagan orðrétt niðurstaða fulltrúa allra stjórnmálaflokka í þeirri nefnd. Tillögu nefndarinnar um frumvarp í þessa veru má finna á vef forsætisráðuneytisins:
http://www.forsaetisraduneyti.is/media/frettir/frumvarptilstjornskipunarlaga.pdf.

950. Tillaga til þingsályktunar [474. mál]

um undirbúning að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar.

Flm.: Arnbjörg Sveinsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Árni Johnsen, Árni M. Mathiesen, Ásta Möller, Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Björk Guðjónsdóttir, Björn Bjarnason, Dögg Pálsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Herdís Þórðardóttir, Illugi Gunnarsson, Jón Gunnarsson, Jón Magnússon, Kjartan Ólafsson, Kristinn H. Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Ólöf Nordal, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Sturla Böðvarsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu 25 manna nefnd sem hafi það verkefni að leggja fyrir Alþingi tillögu að endurskoðaðri stjórnarskrá í tæka tíð fyrir 17. júní 2011 svo að ályktа megi um hana á hátíðarfundi Alþingis í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt til að koma til móts við þau sjónarmið að nauðsynlegt sé að endurskoða stjórnarskrána og leitað sé í umboði Alþingis eftir ráðgjöf frá mönnum utan þings án þess að Alþingi afsali sér valdi til að breyta stjórnarskránni.

Flutningsmenn tillögunnar telja að með samþykkt hennar sé lagður grunnur að vandaðri endurskoðun stjórnarskrárinnar í þeim anda sem til umræðu hefur verið hér undanfarna mánuði.

Tillagan tekur mið af aðferðum sem beitt hefur verið við endurskoðun stjórnarskráa í nágrannalöndum, þar á meðal í Svíþjóð, og vekja flutningsmenn sérstaka athygli á fordæmi Svía í þessu máli og hvernig hefur verið staðið að undirbúningi að endurskoðun sænsku stjórnarskrárinnar og að því að virkja sem flesta til þátttöku í því starfi.

Flutningsmenn telja að í störfum ráðgjafarnefndarinnar beri að líta til fordæmis hjá íbúaþingum á vegum sveitarfélaga og að beitt verði svipuðum aðferðum og þar hefur verið gert til að virkja almenning til þátttöku.

951. Framhaldsnefndarálit [385. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sérnefndar um stjórnarskrármál.

Málið var tekið aftur inn til umfjöllunar í sérnefnd um stjórnarskrármál áður en 2. umræðu lauk í því skyni að reyna að ná samkomulagi milli fulltrúa þingflokks Sjálfstæðisflokksins annars vegar og fulltrúa allra annarra þingflokka hins vegar um afgreiðslu málsins. Tilefni þess að málið var kallað inn til nefndar var það að í umræðum um málið á Alþingi höfðu þingmenn Sjálfstæðisflokksins, sem einir eru andvígir frumvarpinu, ítrekað lýst yfir að þeir gætu hugsað sér að styðja fyrstu þrjár greinar frumvarpsins sem fjalla um náttúruauðlindir

í þjóðareign, einföldun á breytingu á stjórnarskrá og að gera almenningi kleift að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um mál sem varða almannahag. Hins vegar hafa þeir lýst yfir eindreginni andstöðu við 4. gr. frumvarpsins um stjórnlagaþing.

Í formlegum og óformlegum viðræðum meiri hluta nefndarmanna við minni hluta Sjálfstæðisflokksins í stjórnarskrárnefnd undanfarna tvo daga var látið á það reyna hvort ná mætti samkomulagi um afgreiðslu 1. og 2. gr. frumvarpsins.

Þeim viðræðum lauk með því að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram formlegar breytingartillögur á fundi nefndarinnar í dag um að fella brott efnisatriði 1. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti séu þjóðareign. Sömuleiðis lögðu þeir til á fundinum að fellt yrði brott efnisatriði þess efnis að náttúruauðlindir í þjóðareign megi ekki selja eða láta varanlega af hendi.

Varðandi 2. gr. frumvarpsins heldur minni hluti Sjálfstæðisflokksins sig áfram við það skilyrði að ⅔ hlutar alþingismanna verði að samþykkja breytingar á stjórnarskrá til að bera megi þær upp í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ef frumvarp til stjórnarskipunarlaga er samþykkt á Alþingi án þess að minnst ⅔ hlutar alþingismanna greiði því atkvæði skal fresta frekari meðferð frumvarpsins. Ef Alþingi samþykkir frumvarp til stjórnarskipunarlaga aftur óbreytt er lagður til flókinn ferill sem m.a. felur í sér að breytingar þurfi að ganga í gegnum þingkosningar, endurteknar umræður og samþykki Alþingis, og þá að lokum lagt undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Að mati meiri hlutans er þessi tillaga ekki til þess fallin að ná samkomulagi í nefndinni. Tillaga minni hluta Sjálfstæðisflokksins er sú sama og stjórnarskrárnefnd lagði til árið 2007 en náði ekki fram að ganga. Tillagan er að danskri fyrirmynd, en Danir hafa ekki náð fram breytingum á stjórnarskrá frá því ákvæðið var lögfest þar í landi, einkum vegna þess hversu útfærslan er flókin.

Af umræðu í nefndinni og á þinginu má ráða að minni hluti Sjálfstæðisflokksins leggst eindregið gegn ákvæðum frumvarpsins um þjóðaratkvæðagreiðslur og að komið verði á fót stjórnlagaþingi.

Breytingartillögur minni hluta Sjálfstæðisflokksins sem kynntar voru í nefndinni gera ráð fyrir því að íslenska ríkið geti afhent, selt eða gefið náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeign, verði það ákveðið með lögum. Meiri hlutinn lýsir undrun á tillöguflutningi minni hluta Sjálfstæðisflokksins, vitandi það að hann væri með engu móti til þess fallinn að skapa sátt um stjórnarskrárbreytingar. Tillöguflutningurinn verður ekki skilinn öðruvísi en svo að minni hluti Sjálfstæðisflokksins hafni því að náttúruauðlindir skuli varanlega vera í þjóðareign. Breytingartillaga minni hluta Sjálfstæðisflokksins sem kynnt var í nefndinni verður túlkuð þannig að hún veiti löggjafanum stjórnarskrárvarða heimild til að ráðstafa, selja eða gefa náttúruauðlindir sem í dag eru sameign þjóðarinnar. Hér má sem dæmi nefna nytjastofna á Íslandsmiðum skv. 1. gr. laga um stjórn fiskveiða.

Meiri hlutinn lýsir furðu sinni á breytingartillögum minni hluta Sjálfstæðisflokksins við frumvarpið sem kynntar voru í nefndinni í ljósi þess að málið var kallað inn í nefndina áður en 2. umræðu lauk í því skyni að reyna að ná sátt um efni frumvarpsins og afgreiðslu málsins. Með tillöguflutningnum eins og hann var kynntur í nefndinni staðfestir minni hluti Sjálfstæðisflokksins í fyrsta lagi andstöðu sína við að náttúruauðlindir séu í þjóðareign og verði ekki látnar varanlega af hendi og setur í öðru lagi fótinn fyrir tillögur sem auðvelda breytingar á stjórnarskrá, t.d. með hugsanlega aðild að ESB í huga. Í þriðja lagi gerir minni hlutinn ekki ráð fyrir því að almenningur geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um mál er varða almannahag og í fjórða lagi, eins og fram hefur komið, hafnar minni hlutinn því að almenningur geti valið fulltrúa sína á stjórnlagaþing til að endurskoða stjórnarskrána. Með tillögun-

um hefur minni hluti Sjálfstæðisflokksins í raun slegið á útrétta sáttahönd meiri hluta nefndarmanna í sérnefnd um stjórnarskrármál.

Með tillögunum hafnar minni hluti Sjálfstæðisflokksins alfarið hugmyndum allra annarra þingflokka á Alþingi um lýðræðisumbætur til handa íslensku þjóðinni. Meiri hlutinn harmar tillöguflutning minni hlutans, fulltrúa þingmanna Sjálfstæðisflokksins í sérnefnd um stjórnarskrármál, en í ljósi hans telur meiri hlutinn fullreynt að hægt sé að ná samkomulagi um efni og afgreiðslu málsins. Því leggur meiri hlutinn til að tekið verði að nýju til við 2. umræðu um málið.

Alþingi, 16. apríl 2009.

Lúðvík Bergvinsson, varaform., frsm. | Atli Gíslason. | Ellert B. Schram.

Siv Friðleifsdóttir. | Guðjón A. Kristjánsson.

952. Skýrsla [475. mál]

menntamálaráðherra um framkvæmd skólahalds í grunnskólum skólaárin 2004–2005, 2005–2006 og 2006–2007.

(Lögð fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008–2009.)

Inngangur.

Í 4. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla er kveðið á um að menntamálaráðherra skuli á þriggja ára fresti leggja fram á Alþingi skýrslu um framkvæmd skólastarfs í grunnskólum landsins. Fyrirliggjandi skýrsla er sú fjórða sem ráðherra leggur fram á Alþingi. Í lögum nr. 66/1995 um grunnskóla var samhljóða ákvæði og var fyrsta skýrslan um skólahald í grunnskólum lögð fram á Alþingi vorið 1999. Hún fjallaði um skólaárin 1995–1996, 1996–1997 og 1997–1998. Önnur skýrsla kom út í mars 2003 og var fjallað um skólaárin 1998–1999, 1999–2000 og 2000–2001 í henni. Þriðja skýrslan var lögð fram 2006 og tók til skólaáranna 2001–2002, 2002–2003 og 2003–2004.

Sú skýrsla sem nú er lögð fram samkvæmt fyrrnefndri lagagrein nær til skólaáranna 2004–2005, 2005–2006 og 2006–2007. Í skýrslunni er að finna margvíslegar upplýsingar um skólahald, s.s. um skóla, nemendur og starfsfólk, námsgögn, úttektir á ýmsum þáttum skólastarfs, árangur á samræmdum prófum, niðurstöður úr alþjóðlegu rannsóknunum PISA og PIRLS og útgjöld til grunnskóla. Upplýsingarnar sem skýrslan er byggð á eru fyrst og fremst fengnar frá Hagstofu Íslands, Námsmatsstofnun, Námsgagnastofnun og menntamálaráðuneytinu sem vann úr upplýsingunum til birtingar í skýrslunni.

Ríkið ber kostnað af og ábyrgð á nokkrum þáttum skólastarfs í grunnskólum, svo sem samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk, mati á skólastarfi, kennaramenntun og námsgögnum. Einnig leggur ríkið fram fjármagn til rannsókna og í Þróunarsjóð grunnskóla og endurmenntunarsjóð grunnskóla. Menntamálaráðuneytið hefur falið Námsmatsstofnun að annast alla framkvæmd og umsýslu vegna samræmdra könnunarprófa og stofnunin ber einnig

ábyrgð á framkvæmd alþjóðlegra rannsókna í grunnskólum eins og PISA og PIRLS sem nánar er gerð grein fyrir í skýrslunni. Námsgagnastofnun sér um útgáfu og dreifingu námsgagna í skyldunámsgreinum, nemendum og foreldrum þeirra að kostnaðarlausu.

I. Grunnskólar.

Grunnskólum hefur fækkað nokkuð á landinu að undanförnu. Árið 2001 voru alls 193 skólar starfandi. Þeim fækkaði í 187 skólaárið 2003–2004 og skólaárið 2004–2005 voru þeir 178. Á því tímabili sem hér er fjallað um fækkar þeim úr 178 í 173. Fækkunina má fyrst og fremst rekja til sameiningar sveitarfélaga á landsbyggðinni og í kjölfarið sameiningar fámennra skóla. Þó hafa stærri skólar einnig verið sameinaðir. Eins og sjá má í töflu 1.1 fækkar skólum með 100 nemendur eða færri úr 64 í 56 á tímabilinu 2004 til 2006.

Tafla 1.1 Fjöldi grunnskóla.

	Skólaár		
	2004–2005	**2005–2006**	**2006–2007**
Grunnskólar alls	178	177	173
Almennir grunnskólar reknir af opinberum aðilum	167	166	162
Sérskólar	4	4	4
Sjálfstætt starfandi skólar	7	7	7
Skólar með 100 nemendur eða færri	64	63	56

Heimild: Hagstofa Íslands.

Sérskólar eru fjórir á umræddu tímabili en benda má á að árið 2002 störfuðu alls átta sérskólar og hefur þeim því fækkað umtalsvert. Þrír þessara skóla eru í Reykjavík og einn í nágrenni Akureyrar. Eftirfarandi sérskólar störfuðu tímabilið 2004–2006: Brúarskóli, Hlíðarskóli á Akureyri, Safamýrarskóli og Öskjuhlíðarskóli.

Alls störfuðu sjö einkaskólar á tímabilinu og hefur fjöldi þeirra lítið breyst síðastliðin sex ár. Skólarnir eru allir á höfuðborgarsvæðinu. Þeir eru: Barnaskóli Hjallastefnunnar, Ísaksskóli, Landakotsskóli, Suðurhlíðarskóli, Waldorfskólinn í Lækjarbotnum, Waldorfskólinn Sólstafir og Tjarnarskóli.

Allir grunnskólar eru einsetnir og er enginn heimavistarskóli á grunnskólastigi lengur starfandi á landinu.

II. Nemendur.

Nemendur í grunnskólum voru samtals 44.511 skólaárið 2004–2005, 44.336 skólaárið 2005–2006 og 43.875 skólaárið 2006–2007, sbr. töflu 2.1. Nemendum fækkaði því um rúmlega 600 á milli áranna 2004 og 2006. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands má reikna með því að grunnskólanemendum fækki enn meira á næstu árum þar sem þeir árgangar sem hefja skólagöngu á næstu árum eru fámennari en árgangarnir sem útskrifast.

Tafla 2.1 Fjöldi nemenda í grunnskólum eftir árgöngum.

	Alls	Drengir	Stúlkur	1.b.	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7.b.	8.b.	9.b.	10.b.
2004–2005	44.511	22.936	21.575	4.160	4.198	4.401	4.315	4.462	4.646	4.603	4.480	4.758	4.488
2005–2006	44.336	22.823	21.513	4.123	4.216	4.217	4.401	4.326	4.502	4.636	4.637	4.499	4.779
2006–2007	43.875	22.412	21.463	4.276	4.089	4.238	4.227	4.420	4.326	4.506	4.669	4.630	4.494

Nemendum sem ekki er raðað í bekki af skólum er raðað í bekki eftir aldri. Fimm ára nemendur ekki meðtaldir.

Heimild: Hagstofa Íslands

Haustið 2006 stundaði um fimmti hver grunnskólanemandi jafnframt nám á framhaldsskólastigi að hluta og rúmlega 100 nemendur í 9. bekk voru skráðir í áfanga í framhaldsskóla.

Í töflu 2.2 má sjá fjölda nemenda í einkaskólum og sérskólum.

Tafla 2.2 Fjöldi nemenda í sérskólum og einkaskólum.

	Skólaár		
	2004–2005	**2005–2006**	**2006–2007**
Í sérskólum	170	146	160
Í sjálfstætt starfandi skólum	430	472	572

Fimm ára nemendur ekki meðtaldir.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Eins og sjá má í töflunni fjölgar nemendum í sjálfstætt starfandi skólum nokkuð á milli ára. Hlutfall nemenda í sjálfstætt starfandi skólum hefur verið um 1,3% undanfarin ár og er það töluvert lægra hlutfall en tíðkast í t.d. OECD-löndunum.

Skólaárið 2001–2002 voru 204 nemendur í sérskólum landsins og hefur þeim því fækkað nokkuð á fimm ára tímabili. Skólaárið 2005–2006 voru nemendur í sérskólum orðnir 146 en fjölgaði í 160 haustið 2006.

2.1 Nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Í 36. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla er kveðið á um að nemendur með annað móðurmál en íslensku eigi rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Sambærilegt ákvæði er í 16. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Með kennslunni er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda en einnig að gera þeim kleift að stunda nám í íslenskum grunnskólum og taka virkan þátt í íslensku samfélagi. Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi sem komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli.

Nemendum í grunnskólum með annað móðurmál en íslensku hefur fjölgað ár frá ári og haustið 2006 voru þeir 3,7% allra grunnskólanemenda. Flestir þeirra höfðu pólsku að móðurmáli. Alls eru tilgreind 40 tungumál sem móðurmál nemenda í grunnskólum landsins. Við talningu þeirra er miðað við að forráðamenn, annar eða báðir, hafi annað móðurmál en íslensku og noti það mál að staðaldri í daglegum samskiptum sínum við barnið.

Í töflu 2.3 má sjá annars vegar fjölda nemenda með erlent móðumál á tímabilinu 2004–2006 og hins vegar hlutfallslega skiptingu þeirra á höfuðborgarsvæðinu og utan þess árin 1998 og 2006.

Tafla 2.3 Nemendur með erlent móðurmál.

	Skólaár			Höfuðborgarsvæði %		Utan höfuðborgar-svæðis %	
	2004	**2005**	**2006**	**1998**	**2006**	**1998**	**2006**
Heildarfjöldi	**1.369**	**1.594**	**1.613**	**54**	**60**	**46**	**40**
Albanska	40	55	48	0	85	100	15
Arabíska	12	16	16	100	100	0	0
Búlgarska	15	13	14	60	57	40	43
Danska	40	48	50	28	54	72	46
Eistneska	9	12	9	..	11	..	89
Enska	164	173	149	60	60	40	40
Filippseysk mál	140	144	150	65	63	35	37
Finnska	6	10	5	60	100	40	0
Franska	13	17	22	69	77	31	23
Færeyska	26	28	14	20	50	80	50
Grænlenska	3	1	1	0	0	100	100
Hebreska	0	2	2	100	100	0	0
Hindí	5	5	0	..	0	..	0
Hollenska	11	14	5	0	20	100	80
Indónesíska	8	5	5	0	80	100	20
Ítalska	1	7	4	100	25	0	75
Japanska	8	5	2	0	50	100	50
Kínverska	27	28	38	67	92	33	8
Kóreska	0	1	2	100	100	0	0
Litháíska	49	56	85	100	67	0	33
Mongólska	4	3	2	100	0	0	0
Norska	29	37	28	46	57	55	43
Persneska	1	1	0	0	0	100	0
Portúgalska	25	27	27	50	44	50	56
Pólska	201	264	343	23	40	77	60
Rúmenska	11	13	6	..	50	..	50
Rússneska	53	58	55	80	64	20	36
Serbókróatíska	105	105	104	11	54	89	46
Singhalesíska	8	5	4	..	100	..	0
Spænska	46	70	68	55	60	46	40
Sænska	32	36	29	93	28	7	72
Tamíl	0	0	0	..	0	..	0
Tékkneska	6	9	7	0	71	100	29
Tyrkneska	2	2	1	..	100	..	0
Taílenska	103	120	124	46	62	54	38
Ungverska	17	19	11	0	46	100	55
Úkraínska	5	7	6	0	67	100	33
Urdu	5	6	6	..	100	..	0

	Skólaár			Höfuðborgarsvæði %		Utan höfuðborgarsvæðis %	
	2004	2005	2006	1998	2006	1998	2006
Víetnamska	66	79	87	100	91	0	9
Þýska	28	33	40	50	68	50	33
Ótilgreint	45	60	44	82	82	18	18

Með móðurmáli er átt við það tungumál sem barnið lærir fyrst, er því tamast og talað er á heimili þess, stundum aðeins af öðru foreldri. (Úr Aðalnámskrá grunnskóla 1999).
Heimild: Hagstofa Íslands.

2.2 Nemendur og tungumálanám.

Eins og sjá má í töflu 2.4 lærir mikill fjöldi grunnskólanema erlend tungumál ár hvert. Samkvæmt aðalnámskrá skal enska kennd frá og með 5. bekk grunnskóla og dönskukennsla á að hefjast í 7. bekk. Nemendum sem hafa sérstök tengsl við Noreg eða Svíþjóð stendur til boða kennsla í norsku eða sænsku sem kemur þá í staðinn fyrir dönsku.


Tafla 2.4 Fjöldi nemenda sem lærir hvert erlent tungumál.

	2004–2005	2005–2006	2006–2007
Enska	28.108	28.782	29.730
Danska	18.159	18.290	18.106
Sænska	190	224	158
Norska	135	126	125
Þýska	724	582	633
Franska	293	260	262
Spænska	136	467	530
Ítalska	4	11	0

Tölum um nemendur í erlendum tungumálum er safnað frá grunnskólum á vorin fyrir yfirstandandi skólaár.
Tölur um tungumálanám í 1.–4. bekk grunnskóla eru birtar í fyrsta skipti fyrir skólaárið 2002–2003.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 2.4 sýnir einnig hvernig skipting er á milli annarra tungumála sem algengast er að nemendur taki sem valgreinar á unglingastigi í grunnskóla. Þýska er vinsælasta tungumálið þó að nemendum hafi fækkað nokkuð í þýsku á tímabilinu. Svo virðist sem spænska verði sífellt vinsælli valgrein á unglingastigi.

Upplýsingar um tungumálanám í 1.–4. bekk grunnskóla voru birtar í fyrsta skipti fyrir skólaárið 2002–2003. Mynd 2.1 sýnir samanburð á fjölda nemenda sem lærðu ensku skólaárin 2002–2003 og 2006–2007 en sérstaka athygli vekur mikil fjölgun nemenda í 1., 2., 3. og 4. bekk sem leggja stund á enskunám.



Tölum um nemendur í erlendum tungumálum er safnað frá grunnskólum á vorin fyrir yfirstandandi skólaár. Tölur um tungumálanám í 1.–4. bekk grunnskóla eru birtar í fyrsta skipti fyrir skólaárið 2002–2003.
Heimild: Hagstofa Íslands.

2.3 Skóladagar nemenda.

Samkvæmt grunnskólalögum frá 1995 skal lágmarksfjöldi skóladaga nemenda vera 170 á ári. Hagstofa Íslands safnar árlega upplýsingum um skóladaga í grunnskólum (þ.e. kennslu- og prófadaga samtals). Ef í ljós kemur að skóladagar eru færri en 170 gerir menntamálaráðuneytið athugasemdir við viðkomandi sveitarstjórn og óskar eftir að úr því verði bætt. Skóladagar í langflestum skólum eru um og yfir lögbundnu viðmiði. Í kjarasamningum grunnskólakennara og sveitarfélaga frá 2001 var samið um 10 viðbótarskóladaga fyrir nemendur í grunnskólum. Því eru skóladagar grunnskólanemenda í raun 180 þó að í lögum um grunnskóla frá 1995 sé kveðið á um 170 skóladaga.

2.4 Viðmiðunarstundaskrá.

Í töflu 2.5 má sjá meðaltal kenndra stunda á viku eftir árgöngum frá 2004–2006 og lögbundnar stundir samkvæmt grunnskólalögum. Samkvæmt þessu yfirliti hafa nemendur að jafnaði fengið tilskilinn kennslustundafjölda. Ráðuneytið hefur þurft að gera athugasemdir við stundafjölda nemenda í einstökum árgöngum í einstökum skólum á umræddum árum. Þeim skólum hefur fækkað mjög á undanförnum árum sem fá athugasemdir vegna of fárra kennslustunda að jafnaði á viku.

Tafla 2.5 Lögbundnar vikulegar kennslustundir og meðaltal kenndra stunda á viku.

	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Lögbundnar stundir										
	30	30	30	30	35	35	35	37	37	37
Kennt á viku að meðaltali										
2004–2005	30	31	31	32	35	35	36	37	37	37
2005–2006	31	31	31	32	35	35	36	37	37	37
2006–2007	31	31	31	32	35	35	36	37	37	37

Heimildir: Menntamálaráðuneyti og Hagstofa Íslands.

III. Starfsfólk.

Milli sjö og átta þúsund manns starfa í grunnskólum landsins og fjölgaði þeim lítillega á milli áranna 2004 og 2006.

Konur eru sem fyrr í miklum meirihluta eða um 81% af starfsliði grunnskóla á tímabilinu eins og fram kemur í töflu 3.1.

Tafla 3.1 Starfsfólk í grunnskólum, kynjahlutfall og stöðugildi.

	Starfsfólk					Stöðugildi				
		Karlar		Konur			Karlar		Konur	
	Alls	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Alls	Fjöldi	%	Fjöldi	%
2004–2005	7.379	1.434	19	5.945	81	6.574	1.354	21	5.220	79
2005–2006	7.424	1.402	19	6.022	81	6.800	1.361	20	5.439	80
2006–2007	7.573	1.431	19	6.142	81	6.978	1.397	20	5.581	80

Til starfsliðs grunnskóla telst allt starfsfólk skólans en ekki verktakar. Sinni starfsmaður störfum sem falla á fleiri en eitt starfssvið vísar starfssvið til aðalstarfs. Tveir starfsmenn Kárahnjúkaskóla 2004–2006 ekki meðtaldir.
Heimild: Hagstofa Íslands.

3.1 Starfsfólk við kennslu.

Eins og undanfarin ár er starfsfólk við kennslu langfjölmennasti hópurinn innan grunnskólanna. Starfsfólki við kennslu fjölgar nokkuð á tímabilinu en eins og sjá má í töflu 3.2 fjölgar starfsfólki jafnt og þétt á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Suðurlandi og Austurlandi. Í töflu 3.2 má einnig sjá að hlutfallslega flestir voru án kennsluréttinda á Vestfjörðum skólaárin 2004–2005 og 2005–2006 en skólaárið 2006–2007 voru hlutfallslega flestir án kennsluréttinda á Austurlandi eða 32%.

Í töflu 3.3 má sjá skiptingu starfsfólks við kennslu eftir starfssviði á tímabilinu 2004–2006. Þar kemur fram að við grunnskóla störfuðu nokkrir skólastjórar og aðstoðarskólastjórar án kennsluréttinda. Hlutfall kvenna meðal kennara helst óbreytt á tímabilinu eða 79% en er rúmlega 60% meðal aðstoðarskólastjóra. Konur í skólastjórastöðum eru innan við 50%.

Tafla 3.2 Starfsfólk við kennslu eftir landsvæðum og kennsluréttindum

	2004-2005					2005-2006					2006-2007				
		Með kennslu-réttindi		Án kennslu-réttinda			Með kennslu-réttindi		Án kennslu-réttinda			Með kennslu-réttindi		Án kennslu-réttinda	
	Alls við kennslu	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Alls við kennslu	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Alls við kennslu	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Landið allt	**4.725**	**4.045**	**86**	**680**	**14**	**4.841**	**4.197**	**87**	**644**	**13**	**4.969**	**4.268**	**86**	**701**	**14**
Höfuðborgar-svæði	2.559	2.392	93	167	7	2.673	2.505	94	168	6	2.746	2.518	92	228	8
Reykjavík	1.466	1.361	93	105	7	1.509	1.419	94	90	6	1.517	1.414	93	103	7
Utan Reykja-víkur	1.093	1.031	94	62	6	1.164	1.086	93	78	7	1.229	1.104	90	125	10
Suðurnes	260	203	78	57	22	264	209	79	55	21	290	230	79	60	21
Vesturland	298	234	79	64	21	294	231	79	63	21	289	240	83	49	17
Vestfirðir	173	103	60	70	40	173	113	65	60	35	164	118	72	46	28
Norðurland vestra	184	134	73	50	27	175	130	74	45	26	157	119	76	38	24
Norðurland eystra	532	416	78	116	22	523	431	82	92	18	562	465	83	97	17
Austurland	283	199	70	84	30	287	211	74	76	26	292	199	68	93	32
Suðurland	436	364	83	72	17	452	367	81	85	19	469	379	81	90	19

Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar, deildarstjórar og kennarar eru meðtaldir. Lögheimili starfsfólks 1. desember er notað við ákvörðun búsetu.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 3.3 Starfsfólk eftir starfssviði, réttindum og kyni.


		Starfsfólk			Hlutfall kynja í stöðugildum	
		Alls	Með kennslu-réttindi	Án kennslu-réttinda	Karlar	Konur
2004	Alls	4.725	4.045	680	23	77
Skólastjórar		181	180	1	57	43
Aðstoðarskólastjórar		139	139	0	40	60
Kennarar og leiðbeinendur		4.405	3.726	679	21	79
2005	Alls	4.841	4.197	644	22	78
Skólastjórar		180	177	3	51	49
Aðstoðarskólastjórar		136	136	0	38	62
Kennarar og leiðbeinendur		4.525	3.884	641	21	79
2006	Alls	4.969	4.268	701	22	78
Skólastjórar		172	172	1	52	48
Aðstoðarskólastjórar		141	140	2	37	63
Kennarar og leiðbeinendur		4.654	3.956	698	21	79

Deildarstjórar eru flokkaðir með kennurum og leiðbeinendum. Tveir starfsmenn Kárahnjúkaskóla 2004–2006 ekki meðtaldir.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Þegar aldursdreifing starfsfólks við kennslu haustið 2006 er skoðuð má sjá að rúmlega 2% eru 60 ára og eldri, sjá mynd 3.1. Haustið 2004 var sami aldurshópur um 7% af starfsfólki við kennslu. Konur eru miklu fjölmennari en karlar í öllum aldurshópum.

Mynd 3.1 Hlutfallsleg skipting kennara eftir aldurshópum




Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar, deildarstjórar, kennarar og leiðbeinendur eru taldir með. 2 starfsmenn Kárahnjúkaskóla ekki meðtaldir.Heimild: Hagstofa Íslands.

Mikill meirihluti starfsfólks við kennslu haustið 2006 var í fullu starfi eða meira eða um 76%. Um 19% voru í hálfu starfi og allt að heilu en um 5% í minna en hálfu starfi.

3.2 Brautskráðir kennarar.

Á mynd 3.2 má sjá fjölda brautskráðra kennara frá Kennaraháskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands á tímabilinu 1997–2007. Allir þeir sem útskrifast úr kennaranámi, bæði BEd-námi og uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda eru taldir með.



Heimild: Hagstofa Íslands og upplýsingar frá einstökum skólum.

Tafla 3.4 Fjöldi brautskráðra kennara 2004–2007.

	1997–98	1998–99	1999–2000	2000–01	2001–02	2002–03	2003–04	2004–05	2005–06	2006–07
Kennaraháskóli Íslands	168	202	157	179	230	264	334	390	353	276
Háskólinn á Akureyri	10	44	27	46	35	66	73	42	31	46
Háskóli Íslands	39	40	50	28	30	64	72	70	62	60
Listaháskóli Íslands					6	16	21	27	20	32
Samtals	**217**	**286**	**234**	**253**	**301**	**410**	**500**	**529**	**466**	**414**

Heimild: Hagstofa Íslands og upplýsingar frá einstökum skólum.

Þeir sem útskrifast með kennsluréttindi frá Háskóla Íslands geta sótt um leyfisbréf fyrir annaðhvort grunn- eða framhaldsskólastig eða bæði skólastigin. Á tímabilinu 2004–2006 gaf menntamálaráðuneytið út leyfisbréf fyrir 1.275 grunnskólakennara.

Á töflu 3.5 má sjá fjölda útgefinna leyfisbréfa fyrir grunnskólakennara á tímabilinu sem hér um ræðir.

Tafla 3.5 Útgefin leyfisbréf.

Ár	2004	2005	2006
Fjöldi	456	387	432

Heimild: Menntamálaráðuneyti.

3.3 Undanþágunefnd grunnskóla.

Undanþágunefnd er skipuð samkvæmt lögum nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra grunnskóla. Undanþágunefnd metur umsóknir skólastjóra um heimild til að lausráða starfsmann sem ekki hefur leyfi menntamálaráðherra til að nota starfsheitið grunnskólakennari. Menntamálaráðuneyti, Kennarasamband Íslands og kennaramenntunarstofnunar eiga fulltrúa í nefndinni og auk þess er áheyrnarfulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í töflu 3.6 má sjá yfirlit yfir fjölda umsókna og afgreiðslu þeirra þau skólaár sem skýrslan nær til.

Tafla 3.6 Umsóknir um undanþágur til að lausráða starfsfólk til kennslustarfa í grunnskólum.

	2004–2005	2005–2006	2006–2007
Fjöldi umsókna	645	565	549
Umsóknir samþykktar	527	439	411
Hafnað	111	126	138
Vísað frá	7	0	0

Heimild: Menntamálaráðuneyti.

Grunnmenntun umsækjenda er greind í 11 flokka og í töflu 3.7 má sjá flokkunina og fjölda karla og kvenna í hverjum flokki á tímabilinu 2004–2006.

Tafla 3.7. Menntun réttindalausra við kennslustörf í grunnskólum.

Menntun	Fjöldi	
	kk.	kvk.
1. Landspróf, gagnfræðapróf eða minni menntun	3	18
2. Nám í framhaldsskóla án lokaprófs	2	16
3. Stúdentspróf	1	14
4. Starfsmenntun á framhaldsskólastigi	40	112
5. Listnám	24	44
6. Meistaranám, menntun leikskólakennara, þroskaþjálfanám,iðjuþjálfun, afmörkuð kennsluréttindi í listgrein	47	32
7. Nám við háskóla án lokaprófs, stundum með einhverju námi í uppeldis- og kennslufræðum	44	51
8. Nám til kennsluréttinda	104	374
9. Háskólapróf á öðrum sviðum en þeim sem ná til kennslugreina grunnskóla, svo sem lögfræði, dýralækningar o.fl.	13	17

10.	BA, BS, Phil. cand., MA, cand. mag., cand. phil., cand psyk. og dr. án fullnægjandi menntunar í uppeldis- og kennslufræðum	85	326
11.	Prestar	7	3
	Samtals	**370**	**1007**

Heimild: Menntamálaráðuneyti.

3.4 Málskot til menntamálaráðherra.

Undanþágunefnd grunnskóla heimilar skólum að lausráða fólk án kennsluréttinda til starfa við kennslu í grunnskóla og eru upplýsingar um það í skýrslunni. Auk þess synjar nefndin ýmsum umsóknum ár hvert. Skólar geta þá skotið þeim synjunum til menntamálaráðherra sem getur heimilað lausráðningu þrátt fyrir synjun undanþágunefndar.

Yfirleitt er um einstaklinga að ræða sem hafa takmarkaða formlega menntun, t.d. stúdentspróf eða minni menntun, en ýmsir þessara einstaklinga hafa langa kennslureynslu, aðallega í verkgreinum.

Skólaárið 2004–2005 heimilaði ráðherra lausráðningu á 67 einstaklingum, skólaárið 2005–2006 voru þeir 119 og skólaárið 2006–2007 voru þeir 99.

3.5 Starfsfólk og starfssvið

Í töflu 3.8 kemur fram fjöldi starfsfólks í grunnskólum að frátöldum skólastjórum, aðstoðarskólastjórum og grunnskólakennurum frá 1998–2006. Samtals hefur starfsfólki fjölgað innan grunnskólans á tímabilinu.

Tafla 3.8 Starfsfólk grunnskóla eftir starfssviði.

	1998	**2000**	**2002**	**2004**	**2006**
Skólastjórar	193	190	194	181	173
Aðstoðarskólastjórar	126	150	145	139	142
Deildarstjórar	.	.	131	180	231
Grunnskólakennarar og án kennsluréttinda	3520	3649	3972	3977	3947
Sérkennarar	206	240	255	248	476
Bókasafnsfr., bókaverðir	67	73	76	70	62
Skólasálfr., námsráðgjafar	38	58	73	85	89
Skólahjúkrunarfræðingar	34	48	35	36	31
Þroskaþjálfar	29	44	72	90	93
Stuðningfulltr., uppeldisfulltrúar	247	345	489	536	596
Skólaritarar, tölvuumsjón	131	168	184	186	178
Tómstunda- og íþróttafulltrúar	22	20	7	4	5
Starfsfólk í mötuneytum	210	238	263	254	253
Húsverðir	189	141	134	141	128
Starfslið við ganga- og baðvörslu, þrif og aðstoð við nemendur	1040	1137	1237	1205	1158
Annað	40	70	32	47	11
Alls	**6092**	**6571**	**7299**	**7379**	**7573**

Heimild: Hagstofa Íslands

Það sem einna helst vekur athygli er fjölgun sérkennara úr 248 árið 2004 í 476 árið 2006. Frá árinu 2002 hafa sérstakir deildarstjórar verið ráðnir til starfa í grunnskólum og virðist þeim fjölga jafnt og þétt eða úr 131 árið 2002 í 231 árið 2006.

3.6 Fjöldi nemenda á kennara.

Nemendum á hvern kennara hefur fækkað töluvert á síðastliðnum árum. Haustið 2001 voru 10,6 nemendur á hvern kennara en þeir voru 9,4 haustið 2004. Haustið 2006 voru nemendur á hvern kennara orðnir 8,8. Athygli vekur að á sama tíma og nemendum fækkar fjölgar starfandi kennurum í grunnskólum. Skólaárið 2006–2007 var fjöldi nemenda á stöðugildi kennara 9,14.

IV. Námsgögn.

Samkvæmt lögum nr. 71/2007, um Námsgagnastofnun, hefur stofnunin það hlutverk að leggja grunnskólum til námsgögn í samræmi við meginmarkmið grunnskólalaga og aðalnámskrár um nám og kennslu á grunnskólastigi. Stofnunin ber ábyrgð á gerð, útgáfu og dreifingu námsgagna sem hún framleiðir. Stofnunin hefur einnig með höndum þróun námsgagna og annast kynningar- og fræðslustarfsemi fyrir skóla um námsgögn. Skólar fá námsgögn endurgjaldslaust frá Námsgagnastofnun samkvæmt sérstöku kvótakerfi sem byggist á fjölda nemenda í skóla og árlegum fjárveitingum stofnunarinnar.

Á hverju ári starfa um 150 verktakar á vegum Námsgagnastofnunar að samningu efnis, myndgerð, forritun og ráðgjöf. Prentun og önnur framleiðsla fer fram utan stofnunar og sinna allt að 20 prentsmiðjur og myndvinnslufyrirtæki þeim þætti á hverju ári. Hér á eftir fara upplýsingar um umfang útgáfu Námsgagnastofnunar á árunum 2005–2007.

Tafla 4.1 Útgefið og endurútgefið kennsluefni.

	Fjöldi titla	Upplag
Námsgagnastofnun 2005		
Frumútgáfur:		
Prentað efni	50	199.900
Prentað efni, aðkeypt	32	44.412
Hljóðefni	17	2.850
Fræðslumyndir	9	610
Vefefni	56	
Samtals	**164**	**247.772**
Endurútgáfur:		
Prentað efni	182	533.865
Prentað efni, aðkeypt	13	13.035
Hljóðefni	49	6.400
Kennsluforrit	6	175
Samtals	**250**	**553.475**
Alls útgefið 2005	**414**	**801.247**

	Fjöldi titla	Upplag
Námsgagnastofnun 2006		
Frumútgáfur:		
Prentað efni	20	84.300
Prentað efni, aðkeypt	30	14.930
Hljóðefni	20	2.756
Fræðslumyndir	11	800
Vefefni	55	
Annað	7	1.995
Samtals	**143**	**104.781**
Endurútgáfur:		
Prentað efni	214	682.125
Prentað efni, aðkeypt	29	28.029
Hljóðefni	29	2.388
Kennsluforrit	3	825
Samtals	**275**	**713.367**
Alls útgefið 2006	**418**	**818.148**
Námsgagnastofnun 2007		
Frumútgáfur:		
Prentað efni	48	158.600
Prentað efni, aðkeypt	18	2.592
Hljóðefni	19	4.650
Fræðslumyndir	3	170
Vefefni	46	
Samtals	**134**	**166.012**
Endurútgáfur:		
Prentað efni	162	459.975
Prentað efni, aðkeypt	49	27.147
Hljóðefni	60	5.710
Kennsluforrit	1	100
Annað	3	450
Samtals	**275**	**493.382**
Alls útgefið 2007	**409**	**659.394**

Heimild: Námsgagnastofnun.

V. Próf, úttektir, kannanir og rannsóknir

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir niðurstöðum samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk, úttektum á ýmsum þáttum skólastarfs og könnunum og úttektum á einstökum skólum og þáttum skólastarfs sem menntamálaráðuneytið hefur látið gera á því tímabili sem skýrslan nær yfir. Jafnframt er hér gerð grein fyrir niðurstöðum PISA (Programme for International Student Assessment) frá 2006 og PIRLS (Progress in International Reading Literacy Study) frá 2006.

5.1 Samræmd próf

Námsmatsstofnun sér um framkvæmd samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk samkvæmt reglugerðum nr. 414/2000 og 415/2000 og samningi við menntamálaráðuneytið. Allar upplýsingar um niðurstöður prófanna eru fengnar frá Námsmatsstofnun.

Prófað er í tveimur námsgreinum í 4. og 7. bekk, þ.e. íslensku og stærðfræði. Árið 2001 voru samræmd próf í 10. bekk gerð valfrjáls og þeim fjölgað úr fjórum í sex, þ.e. íslenska, enska, danska, náttúrufræði, samfélagsfræði og stærðfræði. Fjölgunin kom til framkvæmda í tveimur áföngum, samræmt próf í náttúrufræði var fyrst haldið vorið 2002 og samræmt próf í samfélagsgreinum vorið 2003.

Undanfarin ár hefur Námsmatsstofnun þróað leið til að nýta niðurstöður samræmdra prófa betur og hefur markmiðið verið að gera þær gagnlegri fyrir skólastarfið. Þróuð hefur verið leið til að draga saman upplýsingar fyrir nemendur hvers skóla sem byggja á breytingum á stöðu nemenda í árgangi. Við útreikning meðaltala eru notaðar normaldreifðar einkunnir með meðaltal 30 og staðalfrávik 10. Þessi einkunnastigi var tekinn upp til að draga úr misskilningi sem tengdist því að eldri normaldreifðum einkunnum var ruglað við hefðbundnar skólaeinkunnir. Þá var tekinn upp einkunnakvarði (framfaratölur) sem endurspeglar það hvort nemendur eins skóla sýna svipaðar, meiri eða minni framfarir á milli samræmdra prófa (4. og 7. bekkjar og 7. og 10. bekkjar) en almennt gerist á landsvísu. Framfaratölur eru nú birtar ásamt meðaltali skóla í skýrslum um samræmd próf.

5.2 Samræmd próf í 10. bekk.

Tafla 5.1 sýnir meðaltal á samræmdum prófum í 10. bekk eftir kjördæmum á tímabilinu 2005 til 2007. Bent skal á að ekki er hægt að bera saman meðaltal í dönsku, náttúrufræði og samfélagsfræði þar sem hlutfall nemenda sem þreytir þessi próf er breytilegt eins og sýnt er í töflunni.

Tafla 5.1 Meðaleinkunn í íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, náttúrufræði og samfélagsgreinum í 10. bekk skipt eftir kjördæmum.

		Íslenska	Stærðfr.	Enska	Danska[1)]	Náttúru-fræði[1)]	Samfélags-fræði[1)]
	2005	31,6	31,2	31,4	32,7	34	31,9
Reykjavík	2006	30,5	30,7	31	31,1	32,4	31,3
	2007	30,8	30,8	31,3	31	33,1	31,8
	2005	31,1	31,1	31,3	30,6	31,2	31,6
Suðvesturkjördæmi	2006	31,3	31,7	31,3	30,7	31,7	30,8
	2007	31,3	32,3	31,7	31,7	32,1	32,2
	2005	28,2	28,6	28	29,3	26,7	27,9
Norðvesturkjördæmi	2006	28,8	28,6	27,6	28,3	26,3	27,9
	2007	28,9	27,9	27	27,7	25	28,5

		Íslenska	Stærðfr.	Enska	Danska[1)]	Náttúru-fræði[1)]	Samfélags-fræði[1)]
	2005	28,8	29,5	28,5	29,1	28,1	29,4
Norðausturkjördæmi	2006	29,6	29,3	29,3	29	29,8	29,2
	2007	30,2	29,3	29,5	30,7	28,9	28,4
	2005	27,1	26,9	27,4	26,5	26,1	27,3
Suðurkjördæmi	2006	28,2	27,4	28	27,2	26,4	28,8
	2007	26,8	26,5	27	27,2	25,4	26,8
	2005	30	30	30	30	30,1	30
Landið allt	2006	30	30	30	30	30,1	30
	2007	30	30	30	30	30	30

Einkunnir eru normaldreifðar á kvarðanum 0–60, meðaltal 30, staðalfrávik 10.
[1)] Vegna þess hve hlutfall nemenda sem þreytir próf í dönsku, náttúrufræði og samfélagsgreinum er ólíkt eftir skólum og landshlutum er samanburður á milli landshluta því með öllu marklaus í þessari töflu.

Þegar skoðað er meðaltal eftir kyni sést að meðaltal stúlkna er að jafnaði ívið hærra en drengja, sbr. töflu 5.2.

Tafla 5.2 Árangur á samræmdum prófum í 10. bekk eftir kyni.

		drengir	stúlkur	landsmeðaltal
	2005	27,38	32,14	30
DAN	2006	27,76	31,83	30
	2007	27,73	31,74	30
	2005	29,63	30,34	30
ENS	2006	30,29	29,38	30
	2007	30,36	29,49	30
	2005	30,7	29,44	30
FEL	2006	31,2	28,91	30
	2007	31,26	28,87	30
	2005	27,86	32,17	30
ISL	2006	28,12	31,85	30
	2007	28,11	31,81	30
	2005	30,41	29,62	30,1
NAT	2006	30,51	29,47	30,1
	2007	30,15	30,04	30
	2005	29,55	30,51	30
STÆ	2006	29,24	30,63	30
	2007	29,58	30,33	30

Tafla 5.3 sýnir breytingar sem verða á hlutfalli nemenda í 10. bekk sem þreytir hvert próf eftir að samræmd próf voru gerð valfrjáls og þeim fjölgað. Þegar á heildina er litið verða ekki miklar breytingar á hlutfalli nemenda sem þreyta próf í íslensku, stærðfræði og dönsku. Á hinn bóginn fækkar frekar þeim nemendum sem þreyta próf í samfélagsgreinum, ensku, nátt-

úrufræði og dönsku. Þetta má t.d. túlka þannig að nemendur nýta sér í auknum mæli það svigrúm sem valfrelsið gefur til að velja próf í námgrein sem veitir þeim inngöngu á þá námsbraut í framhaldsskóla sem þeir stefna á.

Tafla 5.3 Hlutfall nemenda sem þreytir próf í hverri námsgrein í 10. bekk.

		Rvk. S	Rvk. N	SV	NV	NA	S	Landið
	2005	78,93%	76,17%	78,02%	85,83%	69,75%	85,61%	78,86%
Danska	2006	78,04%	69,37%	76,21%	88,47%	62,36%	85,89%	76,38%
	2007	75,43%	76,55%	75,26%	86,97%	57,02%	79,25%	75,96%
	2005	96,35%	97,20%	96,38%	94,61%	94,45%	95,78%	95,88%
Enska	2006	97,18%	95,05%	94,66%	96,79%	92,76%	94,69%	95,09%
	2007	89,70%	91,77%	89,99%	89,50%	85,10%	85,37%	89,98%
	2005	40,07%	44,55%	48,81%	65,07%	49,75%	60,03%	50,30%
Samfélagfræði	2006	35,92%	44,29%	39,15%	66,73%	38,43%	50,53%	43,95%
	2007	31,89%	37,27%	35,98%	67,23%	41,61%	42,69%	41,31%
	2005	100,00%	99,84%	98,10%	100,00%	99,66%	100,00%	99,42%
Íslenska	2006	100,00%	100,00%	97,58%	99,81%	99,37%	100,00%	99,15%
	2007	99,01%	98,91%	96,88%	99,16%	97,26%	95,22%	99,00%
	2005	53,11%	53,27%	57,66%	74,25%	53,45%	69,77%	59,40%
Náttúrufræði	2006	50,45%	54,65%	56,09%	73,53%	47,56%	62,97%	56,55%
	2007	48,01%	53,57%	56,47%	66,18%	41,61%	55,82%	54,10%
	2005	97,81%	97,04%	97,72%	97,01%	94,62%	97,24%	97,00%
Stærðfræði	2006	98,54%	97,60%	94,32%	98,30%	96,69%	97,57%	96,77%
	2007	95,66%	96,27%	90,08%	92,02%	91,44%	89,25%	93,64%

Einnig má sjá að hlutfall nemenda sem þreyta þessi þrjú próf er breytilegt eftir kjördæmum. Þetta bendir til þess að nemendur nýti sveigjanleikann sem valfrelsinu fylgir með ólíkum hætti eftir búsetu.

5.3 Samræmd próf í 4. og 7. bekk.

Samkvæmt lögum nr. 66/1995 um grunnskóla og reglugerð nr. 415/2000 skal halda samræmd próf í kjarnagreinunum íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk. Slík próf hafa verið haldin síðan 1996. Öllum nemendum er skylt að þreyta prófin njóti þeir ekki undanþágu samkvæmt heimild í grunnskólalögum eða hafi annað móðurmál en íslensku.

Tafla 5.4 sýnir meðaleinkunnir í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk eftir kjördæmum á tímabilinu 2004–2006

Tafla 5.4 Meðaleinkunn í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk eftir landshlutum.

		7. bekkur		4. bekkur	
Kjördæmi		**stæ**	**ísl**	**stæ**	**ísl**
	2005	31,11	31,52	30,16	31,23
Rvk. s	2006	30,97	30,87	29,28	30,62
	2007	31,03	31,09	29,5	30,77
	2005	31,11	31,36	29,75	30,15
Rvk. n	2006	29,94	30,30	31,35	30,52
	2007	30,16	29,84	30,62	29,41
	2005	30,81	30,62	31,62	30,96
SV	2006	30,84	30,62	30,73	30,24
	2007	31,29	30,77	30,72	30,33
	2005	28,68	29,30	28,9	29,26
NV	2006	27,95	28,47	30,31	30,01
	2007	28,48	28,93	29,41	28,77
	2005	29,07	30,09	29,66	29,88
NA	2006	30,42	30,97	29,15	30,44
	2007	29,68	31,24	30,3	30,84
	2005	28,07	27,91	28,58	27,71
S	2006	28,56	28,12	28,75	27,67
	2007	28,24	27,91	28,67	28,34
	2005	30	30,23	30,03	30,06
Landið	2006	29,99	30,03	29,97	29,95
	2007	30,06	30,09	29,96	29,92

Á töflu 5.5 má sjá meðaleinkunnir í 4. og 7. bekk eftir kyni og eru meðaleinkunnir stúlkna aðeins hærri en drengja.

Tafla 5.5 Meðaleinkunn í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk eftir kyni.

		stæ		ísl	
		drengir	**stúlkur**	**drengir**	**stúlkur**
	2005	29,89	30,13	27,9	32,21
4. bekk	2006	29,95	29,98	28,64	31,29
	2007	29,83	30,08	28,26	31,66
	2005	29,744	30,241	28,269	32,134
7. bekk	2006	29,521	30,478	28,019	32,044
	2007	29,556	30,429	28,294	31,726

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í 4. og 7. bekk nr. 415/2000 ber Námsmatsstofnun að koma til móts við nemendur sem eiga við fötlun að stríða. Samkvæmt þessari grein reglugerðarinnar er heimild til frávika frá fyrirlögn prófa vegna líkamlegrar fötlunar, langvarandi veikinda eða annarra erfiðleika af líffræðilegum orsökum. Hlutfall þeirra sem hafa fengið heimild til frávika hefur verið breytileg síðustu ár eins og töflur 5.6 og 5.7 sýna.

Tafla 5.6 Hlutfall nemenda sem taka próf með frávikum í 7. bekk.

	2005			2006			2007		
	%a	%b	%c	%a	%b	%c	%a	%b	%c
Íslenska									
Rvk.	95,4	82,9	12,2	94,3	88,6	11,4	99,64	86,55	13,45
SV	96	84,3	11,4	95,5	88,2	11,8	99,48	85,39	14,61
NV	95,6	81,2	14,3	94,8	83,4	16,6	99,19	83,23	16,77
NA	94,2	81,6	12,5	94	88,6	11,4	99,28	85,35	14,65
S	93,8	83	10,6	92,3	86,8	13,2	99,71	83,95	16,05
Stærðfræði									
Rvk.	95,2	83,7	11,5	95,7	89,1	10,9	99,64	86,62	13,38
SV	96,3	84,8	11,5	95,2	88,8	11,2	99,39	85,03	14,97
NV	95,2	82,3	12,9	94,6	84	16	99,39	83,88	16,12
NA	94,6	81,8	12,8	95,4	88,1	11,9	99,28	85,53	14,47
S	94,2	82,8	11,4	92,7	87,3	12,7	99,71	83,65	16,35

a: Hlutfall af heildarfjölda nemenda.

b: Hlutfall af þeim sem tóku próf við staðlaðar aðstæður.

c: Hlutfall frávika.

Tafla 5.7 Hlutfall nemenda sem taka próf með frávikum í 4. bekk.

	2005			2006			2007		
	%a	%b	%c	%a	%b	%c	%a	%b	%c
Íslenska									
Rvk.	94,7	85,9	14,1	93,7	89,1	10,9	98,6	86,98	13,02
SV	95,3	86,3	13,7	93,3	87,5	12,5	98,3	83,84	16,16
NV	93,3	84,7	15,3	93,6	83,2	16,8	99,4	80,80	19,20
NA	93,7	80,9	19,1	93,2	88,9	11,1	98,8	85,28	14,72
S	93,2	83,8	16,2	92,2	81,8	18,2	99,1	87,03	12,97
Stærðfræði									
Rvk.	94,5	86	14	94,2	89,4	10,6	98,57	87,20	12,80
SV	94,9	85,8	14,2	93,5	87,5	12,5	98,34	83,93	16,07
NV	94,5	85,8	14,2	93,6	86,1	13,9	99,16	81,40	18,60
NA	93,4	81,2	18,8	94,8	88,9	10,2	98,83	85,28	14,72
S	92,4	84,3	15,7	92,8	82,4	16,2	99,11	86,74	13,26

a: Hlutfall af heildarfjölda nemenda.

b: Hlutfall af þeim sem tóku próf við staðlaðar aðstæður.

c: Hlutfall frávika.

5.4 Skóla- og æskulýðsmál í Vestmannaeyjum.

Í byrjun árs 2004 leitaði Vestmannaeyjabær til menntamálaráðuneytisins og óskaði eftir samvinnu við gerð heildarúttektar á leik- og grunnskólum, framhaldskóla og tónlistarskóla bæjarins. Auk þess óskaði sveitarfélagið eftir því að gerð yrði sambærileg úttekt á íþrótta-

og æskulýðsstarfi og tengslum þess við skólastarf. Ráðuneytið féllst á beiðnina og í september 2004 var skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri falið með samningi við ráðuneytið og Vestmannaeyjabæ að gera úttekt á skóla-, íþrótta- og æskulýðsstarfi í Vestmannaeyjabæ. Úttektin tók til þriggja leikskóla, tveggja grunnskóla, framhaldsskólans og tónlistarskólans, auk íþrótta- og æskulýðsmála. Markmið úttektarinnar var að meta stöðu og árangur skóla-, íþrótta- og æskulýðsstarfs í Vestmannaeyjum og í framhaldi af því gera tillögur til úrbóta. Leitað var svara við þeirri meginspurningu hvernig styrkja mætti starfsemi skólanna í Vestmannaeyjum, stuðla að bættum árangri í starfi þeirra og auka samhæfingu við íþrótta- og æskulýðsstarf í bæjarfélaginu.

Í úttektarskýrslunni er varpað ljósi á fjölmarga þætti í skóla-, íþrótta- og æskulýðsmálum Vestmannaeyjabæjar og er ljóst margt er vel gert og metnaður til að gera enn betur. Úttektaraðilar vekja þó jafnframt athygli á veikum þáttum í skóla-, íþrótta- og æskulýðsmálum og benda m.a. á mikilvægi samvinnu þeirra sem starfa að skólamálum og þeirra sem starfa að íþrótta- og æskulýðsmálum. Úttektarskýrslan er aðgengileg á heimasíðu menntamálaráðuneytisins, menntamálaráðuneyti.is undir *Mat og úttektir*.

5.5 Dreifmenntun í grunnskólum í V-Barðastrandarsýslu.

Dreifmenntun í grunnskólum V-Barðastrandarsýslu var þróunarverkefni sem byggði á nýtingu upplýsingatækni við kennslu. Verkefnið var stutt af menntamála- og iðnaðarráðuneyti á tímabilinu 2003 til 2006. Meginmarkmið verkefnisins var að nýta upplýsingatækni til að efla fræðslustarf í grunnskólum sveitarfélaganna og styrkja stöðu byggðanna. Tveir grunnskólar, Grunnskóli Tálknafjarðar og Grunnskóli Vesturbyggðar (kennsludeildir á Patreksfirði, Bíldudal og á Birkimel) tóku þátt í verkefninu.

Haustið 2006 fól menntamálaráðuneytið Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri að gera úttekt á þróunarverkefninu. Í niðurstöðum úttektarskýrslu kemur fram að í meginatriðum verði ekki annað séð en umtalsverður ávinningur hafi orðið af dreifmenntunarverkefninu. Tækifæri hefur skapast fyrir skólana til að fá kennara með sérþekkingu í tiltekinni námsgrein til að annast kennslu á svæðinu án þess að það kosti sérstaka kennslutíma í hverjum skóla með tilheyrandi ferðakostnaði og erfiðleikum yfir vetrartíma. Í ljósi niðurstaðna úttektarinnar má líklegt teljast að sveitarfélög og skólar í dreifðum byggðum landsins geti nýtt sér reynslu V-Barðstrendinga í dreifmenntun við eflingu fræðslustarfs. Úttektarskýrslan er aðgengileg á heimasíðu menntamálaráðuneytisins, menntamálaráðuneyti.is undir *Mat og úttektir*.

5.6 Heimakennsla í Ölfusi.

Á grundvelli 53. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 veitti menntamálaráðuneytið sveitarfélaginu Ölfusi heimild til tveggja ára til þess að gera tilraun með heimakennslu fjögurra nemenda á grunnskólaaldri á tímabilinu 2004–2006. Skyldi gerð úttekt á tilrauninni í lok þess tímabils. Í samræmi við þetta fól ráðuneytið Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands að vinna úttekt á heimakennslu í Ölfusi.

Í úttektinni var sjónum beint að því hvernig heimakennslan félli að markmiðum aðalnámskrár og skoðaðar skýrslur heimakennslufulltrúa um framvindu kennslunnar. Jafnframt var skoðuð framkvæmd námsmats nemenda, þátttaka þeirra í samræmdum prófum í 4. og 7. bekk, kannað hvort og hvernig nemendur í heimakennslu tækju þátt í íþróttaog sundkennslu og félags- og tómstundarstarfi, hvort og hvernig sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins hefði verið nýtt og hvort heilbrigðisþjónusta hefði verið veitt í samræmi við ákvæði grunnskólalaga. Þá voru könnuð tengsl heimakennslunnar við Grunnskóla Þorlákshafnar og eftirlit skólans með

kennslunni með hliðsjón af samningi á milli foreldra barna í heimakennslu og skólanefndar Grunnskólans í Þorlákshöfn.

Skýrslan varpar ljósi á ýmsa þætti heimakennslunnar og dregnar eru fram bæði veikar og sterkar hliðar hennar. Ljóst er að ýmislegt þarfnast úrbóta og setti úttektaraðili fram tillögur þar um. Þau atriði sem þarfnast úrbóta sneru bæði að foreldrum barnanna í heimakennslu og skólayfirvöldum í Ölfusi. Úttektarskýrslan er aðgengileg á heimasíðu menntamálaráðuneytisins, menntamálaráðuneyti.is undir Mat og úttektir.

5.7 Enskukennsla í grunnskólum.

Skólaárið 2005–2006 lét menntamálaráðuneytið fara fram úttekt á enskukennslu í grunnskólum. Úttektin miðaðist við kennslu í 5., 9. og 10. bekk í átta heildstæðum grunnskólum. Skólarnir voru m.a. valdir með tilliti til stærðar og landfræðilegrar legu þannig að úttektin gæti gefið góða mynd af stöðu greinarinnar almennt og einnig gefið vísbendingar um framkvæmd aðalnámskrár í ensku.

Markmið með úttektinni voru m.a. að afla upplýsinga um framkvæmd enskukennslu í grunnskólum með tilliti til aðalnámskrár grunnskóla, s.s. um kennsluhætti, námsefni, námsmat, námskröfur, nýtingu tíma, áherslur og markmiðssetningu, árangur enskukennslu í grunnskólum, stöðu námsgreinarinnar og um áhrif ytra umhverfis og fá fram tillögur um hvernig bæta megi kennslu og árangur í greininni.

Helstu niðurstöður voru að allir kennararnir sem kenndu ensku í þeim skólum sem úttektin náði til voru með kennsluréttindi nema einn sem var við það að ljúka kennsluréttindanámi. Aðeins hluti kennaranna hafði í námi sínu sérhæft sig í ensku sem kennslugrein. Allir kennararnir kenndu jafnframt aðrar námsgreinar. Kennarar eru sáttir við aðalnámskrá grunnskóla og styðjast við hana í kennslunni. Hefðbundnar kennslu- og námsmatsaðferðir eru ríkjandi og æskilegt er að auka munnlegan þátt enskunnar í kennslunni. Enskan er vinsæl námsgrein sem nemendur telja mikilvægt að læra. Úttektarskýrslan er aðgengileg á heimasíðu menntamálaráðuneytisins, menntamálaráðuneyti.is undir *Mat og úttektir*.

5.8 Stuðningur við dönskukennslu. Danskt-íslenskt samstarfsverkefni.

Í samningi á milli menntamálaráðuneyta Íslands og Danmerkur er kveðið á um sérstakan stuðning við dönskukennslu á Íslandi á tímabilinu janúar 2004 til júní 2007. Samningurinn er framhald af hliðstæðum samningi frá 2001–2003 sem gerður var í kjölfar fimm ára samstarfsverkefnis landanna um eflingu dönskukennslu og miðlun danskrar menningar á Íslandi á tímabilinu 1996–2000.

Í samræmi við ákvæði samningsins var gerð úttekt á framkvæmd hans fyrir skólaárin 2003–2004, 2004–2005 og 2005–2006. Úttektina vann skólaþróunarsvið kennaradeildar Háskólans á Akureyri.

Helstu niðurstöður úttektarinnar eru að í meginatriðum hafi verið staðið vel að mörgum þáttum samstarfsverkefnisins. Almennt má segja að ánægja ríki með heimsóknir far- og aðstoðarkennara í skólana. Far-, aðstoðar- og sendikennarar segja kennsluhætti í íslenskum skólum einhæfa og gamaldags, dönskukennarar tali sjaldan dönsku í dönskutímum í grunnskólum og að nemendur í dönskukennaranámi séu ósjálfstæðir í vinnubrögðum. Mikil þörf var talin á endurmenntun dönskukennara í grunnskólum, bæði í að efla munnlega færni í tungumálinu en einnig í notkun fjölbreyttra kennsluhátta í dönskukennslu. Skerpa þarf áherslur á þróunar- og umbótastarf verkefnisins. Lagt er til að áherslum í þjónustu far-, aðstoðar- og sendikennara verði breytt og starf þeirra skilgreint sem ráðgjafastarf við þróunar-

og umbótastarf í dönskukennslu í íslenskum skólum. Úttektarskýrslan er aðgengileg á heimasíðu menntamálaráðuneytisins, menntamálaráðuneyti.is undir *Mat og úttektir*.

5.9 Menntun dönsku-, ensku- og íslenskukennara í grunnskólum.

Skólaárið 2005–2006 gerði menntamálaráðuneytið könnun á menntun dönsku-, ensku- og íslenskukennara í grunnskólum. Markmið með könnuninni var að kanna fagmenntun grunnskólakennara í dönsku og ensku í 5.–10. bekk og íslensku í 8.–10. bekk og tengdist hún m.a. úttekt á enskukennslu í grunnskólum sem unnin var sama skólaár og væntanlegri breytingu á námsskipan til stúdentsprófs.

Helstu niðurstöður könnunarinnar voru að um 40% dönskukennara í 7. bekk hafa BEd-próf með dönsku sem valgrein, almennt kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands með dönsku sem valgrein, BA-próf í dönsku sem aðal- eða aukagrein eða meiri menntun í dönsku, þar af hafa um 4% BA-próf í dönsku eða meiri menntun. Um 52% þeirra sem kenna greinina hafa enga fagmenntun í dönsku í kennaranámi sínu. Auk þess eru leiðbeinendur um 9% þeirra sem kenna dönsku á þessu stigi. Um 47% dönskukennara í 8.–10. bekk hafa BEd-próf með dönsku sem valgrein, almennt kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands með dönsku sem valgrein, BA-próf í dönsku sem aðal- eða aukagrein eða meiri menntun í dönsku, þar af hafa 6% BA-próf í dönsku eða meiri menntun. Um 45% þeirra sem kenna greinina hafa enga fagmenntun í dönsku í kennaranámi sínu og rúmlega 7% eru leiðbeinendur.

Hlutfall enskukennara í 5.–7. bekk sem hafa einhverja fagmenntun í greininni í grunnnámi sínu, þ.e. BEd-próf með ensku sem valgrein, almennt kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands með ensku sem valgrein, BA-próf í ensku sem aðal- eða aukagrein eða meiri menntun í ensku, er um 29%. Af þessum 29% hafa um 7% BA-próf í ensku eða meiri menntun. Um 62% hafa ekki fagmenntun í ensku í grunnnámi sínu og auk þess eru um 10% leiðbeinendur. Um 46% enskukennara í 8.–10. bekk hafa BEd-próf með ensku sem valgrein, almennt kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands með ensku sem valgrein, BA-próf í ensku sem aðal- eða aukagrein eða meiri menntun í ensku, þar af eru um 15% með BA-próf í ensku eða meiri menntun í ensku. Um 42% enskukennaranna hafa ekki sérhæfingu í ensku í námi sínu og um 12% eru án kennsluréttinda.

Hæst hlutfall kennara sem könnunin náði til með einhverja fagmenntun í kennslugrein sinni eru íslenskukennarar í 8.–10. bekk. Hafa 52% þeirra BEd-próf með íslensku sem valgrein, almennt kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands með íslensku sem valgrein, BA-próf í íslensku sem aðal- eða aukagrein eða meiri menntun í íslensku. Af þessum 52% hafa um 15% BA-próf í íslensku eða meiri menntun.

Í könnuninni á menntun dönsku-, ensku- og íslenskukennara í grunnskólum kom fram talsverður munur á fagmenntun kennara í dönsku, ensku og íslensku eftir staðsetningu skóla. Úttektarskýrslan er aðgengileg á heimasíðu menntamálaráðuneytisins, menntamálaráðuneyti.is undir Mat og úttektir.

5.10 Starfsemi foreldraráða í grunnskólum.

Í byrjun árs 2004 óskuðu Landssamtök foreldra, Heimili og skóli, eftir því að menntamálaráðuneytið gerði úttekt á stöðu og virkni foreldraráða við grunnskóla landsins. Ráðuneytið gerði könnun meðal skólastjóra árið 1996 um stofnun og starfsemi foreldraráða. Í ljósi ábendinga frá samtökunum og að tíu ár eru frá því að ákvæði um foreldraráð tók gildi í lögum um grunnskóla nr. 66/1995 þótti tímabært að athuga aftur reynsluna af starfsemi þeirra.

Ákvæði um foreldraráð voru nýjung í lögum árið 1995 en í 16. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 voru ákvæði þess efnis að foreldraráð skuli starfa við hvern skóla og skólastjóri beri ábyrgð á stofnun þess. Foreldraráð áttu að veita skóla og skólanefnd umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið, fylgjast með að áætlanir séu kynntar foreldrum og með framkvæmd þeirra.


Tilgangur upplýsingaöflunar um foreldraráð var að kanna starfsemi foreldraráða og reynsluna af þeim. Jafnframt að fá fram viðhorf skólastjóra og formanna foreldraráða til þess lagaákvæðis sem nú gildir um starfsemi foreldraráða og hvort breytinga sé þörf.

Upplýsinga um starfsemi foreldraráða var aflað með spurningalistum sem voru sendir rafrænt, annars vegar til skólastjóra grunnskóla í desember 2004 og hins vegar til formanna foreldraráða um miðjan janúar 2005. Nokkuð erfiðlega gekk að fá svör frá foreldraráðum og varð niðurstaðan að 89 af 169, eða 53% þeirra sem fengu listann, svöruðu. Það telst frekar slök svörun og verður að setja fyrirvara við niðurstöðurnar úr þeim hluta. Það er miður að ekki tókst að fá fleiri til að svara en Heimili og skóli hvatti formennina sérstaklega til að svara ráðuneytinu. Úttektarskýrslan er aðgengileg á heimasíðu menntamálaráðuneytisins, menntamálaráðuneyti.is undir *Mat og úttektir*.

5.11 Framboð list- og verkgreina í grunnskólum.

Vorið 2007 gerði menntamálaráðuneytið könnun á framboði list- og verkgreina meðal 20 grunnskóla sem kenna 8. til 10. bekk. 13 skólar voru á höfuðborgarsvæðinu og 7 á landsbyggðinni og var þess gætt að skólar í sveit og þéttbýli, fámennir jafnt sem fjölmennir, væru meðal þátttakenda. Athugunin var liður í endurskoðun aðalnámskráa grunnskóla en fyrirhuguð var umfangsmeiri úttekt á þessum þáttum síðar.


Spurt var hvaða list- og verkgreinar væru kenndar í 8. bekk skólaárið 2006–2007 sem hluti af skyldunámi. Eins og sjá má á mynd 5.1 þá er heimilisfræði, myndlist, smíðar og textílmennt kennd í öllum þeim skólum sem svör bárust frá.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Spurt var hvaða námsgreinar væri boðið upp á sem valgreinar í 9. og 10. bekk skólaárið 2006–2007. Svarendur gátu merkt við tiltekna valkosti og/eða bætt við greinum eftir því sem við átti á hverjum stað. Í flestum tilfellum eru sömu valgreinar í boði bæði fyrir nemendur

í 9. og 10. bekk. Mynd 5.2 sýnir hve margir merktu við þá valkosti sem settir voru fram í spurningalistanum.



Heimild: Hagstofa Íslands.

Að auki voru talin upp önnur námstilboð svo sem: bókfærsla, bókmenntir, bridge, ferðamálafræði, félagsmálafræðsla, fjölmiðlun, framsögn, franska, glerlist, heimspeki, hestamennska, hraðlestur, jóga, knattspyrnuval, kvikmyndir, leirmótun, líkamsrækt, málmsmíðalist, raftækni, rokksaga, skák, skipulagt tómstundastarf, skrautskrift, stuttmyndagerð, stærðfræði, sænska, trúarbragðafræði, tæknilegó, umferðarfræðsla, útgáfa skólablaðs, útivist, verslunargreinar, vísindi og þýska. Úttektarskýrslan er aðgengileg á heimasíðu menntamálaráðuneytisins, menntamálaráðuneyti.is undir *Mat og úttektir*.

5.12 Úttektir á sjálfsmatsaðferðum í grunnskólum.

Í lögum um grunnskóla nr. 66/1995 eru ákvæði þess efnis að sérhver skóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan hans. Jafnframt er í lögunum ákvæði um að á 5 ára fresti skuli að frumkvæði menntamálaráðuneytisins gerð úttekt á þeim sjálfsmatsaðferðum sem skólar nota. Þau viðmið sem lögð eru til grundvallar úttektum á sjálfsmatsaðferðum skóla eru birt í *Almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla*. Auk þess gaf menntamálaráðuneytið út bæklinginn *Sjálfsmat skóla árið 1997* og er þar fjallað um tilgang og markmið sjálfsmats, sett fram viðmið fyrir sjálfsmat skóla, birtur gátlisti og gefið dæmi um ramma fyrir sjálfsmatsskýrslu.

Ákvæði um úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla komu fyrst til framkvæmda haustið 2001 og stóð fyrsta umferð úttekta til vors 2003. Önnur umferð úttekta hófst í febrúar 2007. Á vorönn 2007 voru gerðar úttektir á sjálfsmatsaðferðum 25 skóla.

Helstu niðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum í 25 grunnskólum vorið 2007 eru að í 15 grunnskólum hefur farið fram kerfisbundið sjálfsmat eða í 60% skólanna. Þar af hefur kerfisbundið sjálfsmat á öllum helstu þáttum skólastarfsins farið fram í 10 skólum.

Í töflu 5.8 má sjá samantekt á niðurstöðum um mat á sjálfsmatsaðferðum skóla.

Tafla 5.8 Niðurstöður á mati á sjálfsmatsaðferðum.

Sjálfsmatsaðferðir skólans teljast:	Fjöldi skóla
Fullnægjandi	7 (28%)
Fullnægjandi að hluta	8 (32%)
Ófullnægjandi	10 (40%)
Samtals	25 (100%)

Þegar lagt var mat á framkvæmd sjálfmats í þeim 15 skólum þar sem kerfisbundið sjálfsmat hafði farið fram eru niðurstöðurnar eftirfarandi.

Tafla 5.9 Niðurstöður á mati á framkvæmd sjálfsmats.

Framkvæmd sjálfsmats telst:	Fjöldi skóla
Fullnægjandi	9 (60%)
Fullnægjandi að hluta	6 (40%)
Ófullnægjandi	0 (0%)
Samtals	15 (100%)

Í sjö af þeim 25 grunnskólum sem voru í úttekt vorið 2007 eru bæði viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats uppfyllt að öllu leyti. Úttektarskýrslan er aðgengileg á heimasíðu menntamálaráðuneytisins, menntamálaráðuneyti.is undir Mat og úttektir.


5.13 PISA 2006.

Ísland hefur tekið þátt í PISA-rannsókn OECD frá upphafi en þrívegis hafa farið fram mælingar, þ.e. árið 2000, 2003 og 2006. Næsta mæling fer fram vorið 2009 og verða þá 68 lönd með sem telja yfir 90% af efnahagi heimsins. Metin er færni 15 ára nemenda við lok grunnskóla í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði. Eftirfarandi upplýsingar um PISA-rannsóknina eru fengnar frá Námsmatsstofnun.

Þróun á árunum 2000–2006.

Veruleg breyting hefur orðið á færni íslenskra nemenda frá árinu 2000 eins og mynd 5.3 sýnir. Á myndinni sýnir heil lína á milli punkta að prófin sem um ræðir eru mjög sambærileg (sömu prófþættir mældir) en punktalína á milli ára sýnir að prófin eru síður sambærileg, þ.e. byggja ekki alfarið á sama kenningaramma. Ljóst er að frá 2000 til 2006 hefur lesskilningi íslenskra nemenda hrakað marktækt eða um 22 stig á kvarða PISA og frá 2003 til 2006 lækkaði stærðfræðikunnátta marktækt um 8 stig.

Mynd 5.3 Færni nemenda.



Árið 2000 var lesskilningur íslenskra nemenda þó nokkuð yfir meðaltali OECD-ríkjanna en árið 2006 var hann talsvert undir því. Breytingin á lesskilningi er mikil á þessum stutta tíma sem sést skýrt þegar staða íslenskra nemenda er borin saman við nemendur í löndum sem hafa verið með öll árin en þeir eru 31 talsins*. Árið 2000 var meðallesskilningur í 8 af þessum löndum hærri en á Íslandi en árið 2006 var hann hærri í 15 þeirra, fjöldi landa með meiri meðallesskilning hefur *tvöfaldast* á 6 árum.

Á þessum tíma hefur lesskilningi í OECD-löndunum almennt hrakað um 6 stig. Á heimsvísu hefur honum hrakað um 11–45 stig á PISA-kvarðanum í 14 af því 31 landi sem hefur verið með öll árin, eða tæpum helmingi. Í 7 löndum hefur lesskilningur hins vegar aukist um 11–33 stig. Hann hefur haldist óbreyttur í 10 löndum.

Í stærðfræði hafa íslenskir nemendur staðið mun betur að vígi en í lesskilningi og hafa verið vel yfir meðaltali OECD-ríkjanna. En svipuð þróun virðist vera að eiga sér stað í stærðfræði og í lesskilningi, þ.e. stærðfræði hefur hrakað marktækt á milli ára og hefur fjöldi landa með hærri meðalfærni í stærðfræði aukist frá 8 löndum árið 2003 í 10 lönd árið 2006.

Náttúrufræði.

Árið 2006 var kenningarammi fyrir náttúrufræði skilgreindur og aðaláhersla lögð á að meta þá færni. Meðaltal OECD-landanna í náttúrufræði var 500 stig en meðaltal íslenskra nemenda var nokkuð undir því eða 491 stig. Af þeim 57 löndum sem tóku þátt í rannsókninni var meðalfærni í 23 þeirra marktækt hærri en hjá íslenskum nemendum og í 23 löndum marktækt lægri en í 9 löndum var ekki marktækur munur. Ljóst er að náttúrufræðiþekking ís-

* Löndin eru, auk Íslands: Austurríki, Ástralía, Belgía, Brasilía, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Hong Kong, Indónesía, Írland, Ítalía, Japan, Kanada, Kórea, Lettland, Liechtenstein, Mexíkó, Noregur, Nýja-Sjáland, Portúgal, Pólland, Rússland, Spánn, Sviss, Svíþjóð, Taíland, Tékkland, Ungverjaland og Þýskaland. (Lönd í listanum sem eru utan OECD eru skáletruð.)

lenskra nemenda er undir meðallagi miðað við hin OECD-löndin en á heimsvísu eru íslenskir nemendur dæmigerðir meðalmenn í náttúrufræði.

Spurningarnar í náttúrufræði árið 2006 voru flokkaðar á ýmsa vegu, þ.á m. eftir námssviðum. Í töflunni hér á eftir er staða íslenskra nemenda sýnd miðað við hin 57 þátttökulöndin. Ljóst er að færni íslenskra nemenda í jarð- og stjörnufræði er nokkuð góð en færni í líf- og vistfræði er afar slök. Færni á sviði eðlis- og efnafræði og í vísindalegri aðferð er hins vegar í meðallagi.


Tafla 5.10 Staða íslenskra nemenda í náttúrufræði miðað við önnur lönd.

	Sæti:
Þekking á vísindalegri aðferðafræði	21.–31.
Jarð- og stjörnufræði	14.–28.
Líf- og vistfræði	31.–38.
Eðlis- og efnafræði	25.–32.

Færni eftir búsetu.

Þróun á færni nemenda undanfarin ár er ekki eins í öllum landshlutum. Á mynd 5.4 sést að marktæk breyting er í Reykjavík, nágrenni Reykjavíkur og á Austurlandi. Í öðrum landshlutum hefur lesskilningur ekki breyst marktækt á milli 2000 og 2006. Það sama á við um stærðfræði á milli 2003 og 2006, henni hefur hrakað áberandi mikið í þessum þremur landshlutum.

Mynd 5.4 Þróun lesskilnings, stærðfræði og náttúrufræði eftir landshlutum 2000–2006.



(* = Marktæk lækkun frá fyrri mælingu við 95% öryggismörk.)

5.14 PIRLS 2006.

PIRLS 2006 – Alþjóðleg samanburðarrannsókn á lestrarfærni 10 og 11 ára barna.

Síðla hausts 2007 voru víða um heim kynntar niðurstöður í alþjóðlegu lestrarrannsókninni PIRLS, *Progress in International Reading Literacy Study*. PIRLS er ein viðamesta rannsókn í heimi á lestri grunnskólabarna og nær til 40 landa. Allar upplýsingar um PIRLS-rannsóknina eru fengnar hjá Námsmatsstofnun.

PIRLS-rannsóknin beinist að þremur þáttum lestrar:

– lesleikni, að geta lesið, skilið og nýtt sér texta,
– lestri texta af ólíkum toga, bókmenntatexta og upplýsingatexta,
– lestrarvenjum og viðhorfi til lestrar.

PIRLS er langtímarannsókn og fór fyrst fram árið 2001, var endurtekin árið 2006 og verður á 5 ára fresti í framtíðinni. Árið 2001 voru þátttökulönd 35 en eru nú orðin 40. Alls tóku 28 lönd þátt í báðum rannsóknunum. Af norrænu ríkjunum eru Ísland, Noregur og Svíþjóð í langtímarannsókninni. Með langtímaþátttöku fást mikilvægar upplýsingar um breytingar á öllum þeim þáttum sem mældir eru, s.s. lesleikni, lestrarvenjum, skipulagi kennslu og kennsluaðferðum. Langtímarannsóknir gefa einnig til kynna áhrif af völdum breytinga sem gerðar eru á t.d. námskrá og kennsluaðferðum.

Í PIRLS 2006 var sú ákvörðun tekin á Íslandi að prófa nemendur í tveimur árgöngum, 4. og 5. bekk í stað þess að prófa eingöngu 4. bekk eins og árið 2001. Ástæða þessarar breytingar var einkum sú að í PIRLS 2001 reyndist meðalaldur íslenskra nemenda hálfu ári lægri en nemenda hinna þátttökulandanna og ári lægri en meðalaldur í t.d Svíþjóð. Aldursmunurinn byggði fyrst og fremst á mismunandi skólakerfum landanna þar sem nemendur á mismunandi aldri töldust til 4. bekkjar. Lestrargeta barna er háð þroska þeirra og voru því niðurstöður lestrargetu íslenskra barna í PIRLS 2001 Íslandi óhagstæðar vegna lágs meðalaldurs.

Nokkrar helstu niðurstöður.

– Nemendur í 5. bekk á Íslandi eru í tíunda sæti í lesleikni með meðalaldur rétt ofan við alþjóðlegt meðaltal og eru með besta árangurinn á Norðurlöndum.
– Nemendur í 4. bekk á Íslandi eru rétt ofan við alþjóðameðaltal í lesleikni en eru um hálfu ári yngri en nemendur þátttökulanda að meðaltali.
– Frammistaða íslenskra nemenda er á heildina litið sem næst óbreytt á milli áranna 2001 og 2006 þótt vægar vísbendingar séu um að frammistaðan sé að verða lakari.
– Á Íslandi ná aðeins 3% nemenda hæsta hæfnisþrepi og 6% þeirra ná ekki lágmarksþrepi í lesleikni. Til samanburðar þá er þessi neðsti hópur 2% hjá Svíum, 3% hjá Dönum og 8% hjá Norðmönnum.
– Meðaltal stúlkna í lesleikni er hærra en meðaltal pilta í öllum þátttökulöndum. Kynjamunur er frekar mikill á Íslandi.
– Rússland er í efsta sæti árangurs í lesleikni. Helstu skýringar á frammistöðunni þar eru viðamiklar breytingar á grunnskólakerfinu þar sem Rússar bættu ári við yngsta stig grunnskólans og gerðu jafnframt breytingar á námskrá og kennsluaðferðum.
– Árangur íslenskra nemenda í lestri bókmenntatexta er orðinn marktækt lakari miðað við rannsóknina árið 2001. Þetta er fyrst og fremst hjá piltum. Hins vegar hefur ekki orðið marktæk breyting á árangri í lestri upplýsingatexta á milli áranna.
– Norrænu ríkin eiga það sameiginlegt að nemendur þeirra eru sterkari í beinni textaúrvinnslu en túlkun eða rökfærslu.


– Menntun foreldra tengist lesleikni barns þeirra þannig að frammistaða er betri hjá börnum menntaðra foreldra.
– Ísland hefur hæsta hlutfall skólastjóra sem eru ánægðir með vinnuandann í skólanum.
– Foreldrar og nemendur eru hins vegar aðeins miðlungs ánægðir með skólana.
– Á Íslandi er hærra hlutfall nemenda sem hafa kennara sem eru ánægðir með starf sitt en í flestum öðrum þátttökulöndum.
– Viðhorf foreldra til lestrar skiptir miklu.

5.15 Ungt fólk.


Frá árinu 1992 hefur menntamálaráðuneyti stuðlað að framkvæmd rannsóknanna Ungt fólk og látið vinna úr niðurstöðum þeirra upplýsinga er varða menntun, menningu, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn íslenskra ungmenna. Fjöldi einstaklinga og stofnana hefur komið að gerð og úrvinnslu rannsóknanna. Ráðuneyti sem og mörg sveitarfélög, íþrótta- og æskulýðssamtök, stofnanir og skólar notfæra sér niðurstöður rannsóknanna við stefnumótun í málefnum barna og ungmenna. Rannsóknirnar eru gerðar af Rannsókn og greiningu og eru ýmsar upplýsingar aðgengilegar á heimsíðunni: www.rannsoknir.is.

Eftirfarandi tvær myndir sýna annars vegar þróun vímaefnaneyslu unglinga og hins vegar líðan þeirra í skóla.

Mynd 5.5 Þróun vímuefnaneyslu unglinga í 10. bekk á Íslandi árin 1997 til 2008.



Mynd 5.6 Mér líður illa í skólanum, hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem segja að slíkt eigi nær alltaf eða oft við um þá.



Heimild: Rannsóknir & greining 2008.

VI. Styrkir.

Menntamálaráðherra hefur umsjón með Þróunarsjóði grunnskóla og Endurmenntunarsjóði grunnskóla. Úthlutað er úr sjóðnum samkvæmt nánari reglum er um þá gilda.

6.1 Þróunarsjóður grunnskóla.

Á tímabilinu sem hér er fjallað um starfaði Þróunarsjóður grunnskóla samkvæmt 52. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og reglum um Þróunarsjóð grunnskóla nr. 657/1996.

Auglýst var eftir skólum til að taka að sér skilgreind þróunarverkefni í janúar ár hvert. Skólastjórar grunnskóla, fyrir hönd skóla, kennarahópa eða einstakra kennara, gátu sent inn umsókn. Aðrir aðilar en grunnskólar geta tekið að sér auglýst verkefni. Auglýst er eftir umsóknum í janúar ár hvert. Tafla 6.1 sýnir þau forgangssvið sem auglýst voru á tímabilinu sem um ræðir, fjölda styrktra verkefna og heildarstyrkveitingu hvert ár.

Tafla 6.1 Styrkt verkefni og forgangssvið.

	2004	2005	2006
Fjöldi styrktra verkefna	33	31	31
Heildarstyrkveiting í millj. kr.	12,1	12,5	13
Forgangssvið	A. Læsi til menntunar B. Fjölbreytt námsmat	A. Fjölbreytt námsmat B. Lýðræði í skólastarfi C. Sjálfsmat skóla	A. Lýðræði í skólastarfi B. Að læra að læra C. Jafnréttisfræðsla í skólastarfi

Heimild: Menntamálaráðuneyti.

Síðan 2002 hefur SRR, (Símenntun, Rannsóknir, Ráðgjöf) Kennaraháskóla Íslands haft umsjón með Þróunarsjóði grunnskóla samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið. Sjóðurinn var áður í vörslu ráðuneytisins í samræmi við reglur um sjóðinn.

Menntamálaráðuneytið skipar ráðgjafarnefnd Þróunarsjóðs grunnskóla samkvæmt reglum um sjóðinn, skilgreinir forgangsverkefni hvers árs, auglýsir eftir umsóknum og tekur formlega ákvörðun um úthlutun styrkja úr sjóðunum. SRR hefur umsjón með störfum framangreindrar nefndar og annast öll formleg tengsl við styrkþega, m.a. gerð samninga og fylgist með framgangi verkefna og leggur mat á lokaskýrslur um einstök verkefni. Einnig hefur stofnunin umsjón með vef þróunarsjóðsins, uppbyggingu gagnabanka á neti um þróunarstarf í grunnskólum og hefur umsjón með formlegri kynningu á þróunarverkefnum, t.d. á fundum og málþingum, sjá upplýsingar á vef http://srr.khi.is.

6.2 Endurmenntunarsjóður grunnskólakennara.

Hlutverk Endurmenntunarsjóðs grunnskóla er að veita fé til endurmenntunar kennara í grunnskólum. Sjóðurinn er í vörslu menntamálaráðuneytis.

Samkvæmt 50. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla skulu kennarar og skólastjórar grunnskóla eiga kost á endurmenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, kynnast markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum og njóta stuðnings við nýbreytni- og þróunarstörf.

Þriggja manna stjórn metur umsóknir og gerir tillögur til menntamálaráðherra um styrkveitingar. Í stjórninni eiga sæti fulltrúar frá menntamálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og samtökum kennara og skólastjóra. Stjórnin er skipuð til tveggja ára í senn. Auglýst er eftir umsóknum í janúar ár hvert og hafði sjóðurinn um 17 millj. kr. til ráðstöfunar í fjárlögum 2007.

Samkvæmt reglum sjóðsins skal við mat á umsóknum úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla miða við að verkefnin séu til þess fallin að mæta þörfum grunnskólans, að með þeim sé fylgt eftir skólastefnu og aðalnámskrá grunnskóla og að verkefnin fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Einnig er tekið tillit til þess hver þörfin er á hverjum stað, forgangsröðun skólaskrifstofa í verkefnavali, fjölda kennara o.fl.

Tafla 6.2 Fjöldi verkefna og styrkveitingar úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla.

	2004	2005	2006
Fjöldi styrktra verkefna	109	100	132
Heildarstyrkveiting í millj. kr.	22,6	23,9	21,2

Heimild: Menntamálaráðuneyti.

Meðal styrkþega eru skólaskrifstofur, einstakir grunnskólar og félagasamtök. Hægt er að nálgast upplýsingar um úthlutanir úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla á heimasíðu menntamálaráðuneytisins.

VII. Útgjöld til grunnskóla.

7.1 Heildarútgjöld.

Heildarútgjöld vegna rekstrar grunnskóla nam 44.406 millj. kr. árið 2006. Kostnaðurinn hefur aukist jafnt og þétt úr 35.157 millj. kr. árið 2004. Á tímabilinu frá 2000 til 2006 hafa útgjöldin aukist um 18,9% staðvirt á mann miðað við vísitölu samneyslu en á milli 2004 og 2006 nam aukningin 7,4%.


Tafla 7.1 Útgjöld hins opinbera til grunnskóla 2000–2007.

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Í milljónum króna	23.616	26.459	32.433	31.851	34.726	39.195	43.892
Hlutfall af vergri landsframleiðslu	3,5%	3,4%	4,0%	3,8%	3,7%	3,8%	3,8%
Hlutfall af heildarútgjöldum til fræðslumála	51,8%	49,2%	52,0%	50,1%	50,0%	50,3%	49,8%
Hlutfall af heildarútgjöldum hins opinbera	8,2%	8,0%	9,0%	8,3%	8,5%	9,0%	9,0%
Hlutfallsleg aukning	0,0%	1,9%	14,5%	7,5%	11,4%	18,6%	18,9%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Útgjöld vegna grunnskóla hafa verið u.þ.b. 45% af heildarútgjöldum til fræðslumála og hefur þetta hlutfall haldist nokkuð stöðugt á undanförnum áratug. Ef litið er til útgjalda hins opinbera, þ.e. samanlagðra útgjalda ríkis og sveitarfélaga, þá nam þetta hlutfall 49,8% árið 2006. Hlutfallið stóð nánast í stað á þriggja ára tímabili frá 2004.

Mynd 7.1 Útgjöld hins opinbera vegna grunnskóla.



Í töflu 7.2 er að finna skiptingu útgjalda hins opinbera til grunnskóla á milli launakostnaðar, fjárfestinga og rekstrarkostnaðar. Árið 2006 var launakostnaður 32.774 millj. kr. á föstu verðlagi ársins 2007 og var 66,2% af heildarútgjöldum hins opinbera til grunnskóla. Þetta hlutfall lækkaði um rúm 3% milli áranna 2004 og 2006. Þegar litið er aftur til ársins 2000 þá var launakostnaður 76,1% af heildarkostnaði. Á tímabilinu frá árinu 2000 til ársins 2006 hækkaði launakostnaður um 11,4%, rekstrarkostnaður um 159,8% en fjárfestingar drógust saman um 10,9%. Frá árinu 2004 hækkaði launakostnaður um 6,2%.

Tafla 7.2 Hagræn flokkun fræðsluútgjalda hins opinbera 2000–2007 til grunnskóla, á föstu verði 2007.

Millj. kr.	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Heildarútgjöld, brúttó	38.657	39.998	44.554	42.441	44.376	48.045	49.503
Laun og launatengd gjöld	29.410	30.865	31.176	31.436	30.859	33.446	32.774
Annar rekstrarkostnaður	4.174	3.836	8.012	8.907	8.766	9.437	10.846
Fjárfesting	6.758	7.148	6.246	2.601	5.243	5.517	6.024

Heimild: Hagstofa Íslands.

7.2 Þróun útgjalda og samanburður við OECD-lönd.

Útgjöld til grunnskóla eru hærri hér en í nokkru öðru landi OECD ef miðað er við hlutfall af vergri landsframleiðslu. Í tölum Hagstofunnar kemur fram að hlutfallið hafi verið 3,76% árið 2006. Til samanburðar kemur fram í skýrslu OECD um menntamál frá 2008 að hlutfallið hafi verið 3,9% hér á landi árið 2005 en 2,5% að meðaltali hjá öðrum OECD-löndum. Næst Íslandi kemur Mexíkó með 3,5% en á Norðurlöndum kemur Danmörk næst með 3,1%. Kostnaður vegna grunnskóla á stærstan þátt í því að heildarútgjöld til fræðslumála voru þau hæstu hér á landi meðal OECD-landa sem hlutfall af vergri landsframleiðslu árið 2005 eða 8,0%, en meðaltal OECDlanda var 5,4%. Tölur Hagstofunnar fyrir árið 2006 sýna að þetta hlutfall hafi verið 8,35%.

Ástæður þess að útgjöld á nemanda eru í meðaltali OECD hærri hér eru m.a. þær að stærri hluti þjóðarinnar er á grunnskólaaldri, færri nemendur eru á hvern kennara en víðast hvar annars staðar og stór hluti íslenskra skóla er fámennur. Árið 2006 voru 34 af 174 skólum með 50 nemendur eða færri eða fimmti hver skóli. Launakostnaður er stærstur hluti af kostnaði vegna grunnskóla og var 70,8% af heildarútgjöldum hins opinbera árið 2006. Þó geta launakjör varla skýrt háan kostnað hér á landi miðað við önnur lönd því ef miðað er við sambærilega menntun og reynslu þá voru laun grunnskólakennara á Íslandi 74% af meðallaunum kennara innan OECD.

Sú aukning sem hefur orðið á útgjöldum vegna grunnskóla á undanförnum árum, eftir að einsetningu grunnskóla lauk, má m.a. skýra með hækkun á launum kennara, sbr. töflu 7.4 og hækkun á rekstrarkostnaði, sbr. töflu 7.2, en það sem vegur þyngst í þessu sambandi er fjölgun kennara og annars starfsfólks sem sinnir kennslu og stuðningi við nemendur. Á árabilinu 2000 til 2006 fjölgaði starfsfólki við kennslu um 740, úr 4.229 árið 2000 í 4.969 árið 2006, sem er fjölgun upp á 17,5%. Á sama tímabili fjölgaði nemendum um 231, voru 43.644 árið 2000 en voru orðnir 43.875 árið 2006, sem er fjölgun upp á 0,5%. Að sama skapi fjölgaði stöðugildum kennara og leiðbeinenda úr 3.211 í 4.474 á sama tímabili. Stærstur hluti þessarar fjölgunar var hjá deildarstjórum, sérkennurum og stuðningsfulltrúum en þeim fjölgaði meira en tvöfalt á tímabilinu eða úr 535 árið 2000 í 1.303 árið 2006. Árið 2006 voru 2.008 við önnur störf í grunnskólum og hafði fækkað um 110 frá árinu 2004. Þegar litið er yfir tímabilið frá árinu 2000 þá hefur fjöldi starfsfólks við önnur störf en kennslu nokkurn veginn staðið í stað. Þróunina fyrir árin 2004 til 2006 má nánar sjá í töflu 3.2.

7.3 Kostnaður á hvern nemanda.


Kostnaður á hvern nemanda hefur aukist í ljósi þess að kennurum hefur fjölgað. Árið 2004 nam kostnaður reiknaður á hvern nemanda 786 þúsund krónum, en var orðinn 1.005 þúsund krónur árið 2006. Þegar þessar kostnaðartölur eru staðvirtar miðað við vísitölu samneyslu árið 2007 þá hefur kostnaður á hvern nemanda hækkað um 12,4% á milli áranna 2004 og 2006.

Tafla 7.3 Kostnaður á nemenda 1998–2007 eftir skólastigum.

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Heildarútgjöld brúttó í m.kr.	23.897	26.778	32.807	32.268	35.157	39.659	44.406
Fjöldi nemenda	43.286	43.835	44.350	44.742	44.685	44.438	44.144
Kostnaður á nemenda í þ.kr.	552,1	610,9	739,7	721,2	786,8	892,4	1005,9
Staðvirt á nemenda í þ.kr. á verðlagi 2007	850	867	970	910	954	1033	1072

Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd 7.2 Kostnaður á hvern nemanda 2000–2006.



Fjölgun kennara hefur verið samfelld á þessu tímabili. Aftur á móti hefur nemendum farið fækkandi frá árinu 2003. Á milli áranna 2004 og 2006 fækkaði nemendum um 636. Þegar litið er til þeirra árganga sem hafa komið inn í grunnskólann á undanförnum árum þá hefur nemendum í 1. bekk fækkað um 300 á árabilinu 2000 til 2007. Ef tekið er mið af fjölda yngri árganga og fæðingartíðni má gera ráð fyrir að nemendum í grunnskólum fari fækkandi næstu ár. Það má því gera ráð fyrir því að kostnaður á hvern nemanda muni aukast enn á næstu árum jafnvel þótt engin fjölgun verði meðal kennara.

7.4 Útgjöld á hvern starfsmann.


Þegar skoðuð er launaþróun í samhengi við fjölda starfsfólks sést að á árabilinu 2004 til 2006 fjölgaði starfsfólki um 194 og kostnaður vegna launa við hvern starfsmann hækkaði úr 3.292 þús. kr. árið 2004 upp í 4.008 þús. kr. árið 2006. Þegar þessar kostnaðartölur eru staðvirtar á verðlagi samneyslu þá var hækkunin 6,9%. Frá árinu 2000 þá hefur kostnaður á föstu verðlagi hækkað um 5,1%.

Tafla 7.4 Launakostnaður hins opinbera á starfsmann 2000–2006.

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Fjöldi starfsfólks	6.571	6.975	7.299	7.472	7.379	7.424	7.573
Launakostnaður á starfsmann í þ.kr.	2.639	2.859	3.032	3.155	3.292	3.780	4.008
Staðvirt á verðlagi 2007 í þ.kr.	4.063	4.057	3.978	3.983	3.994	4.379	4.271

Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd 7.3 Launakostnaður á starfsmann 2000–2006.



7.5 Útgjöld sveitarfélaga.

Sveitarfélög báru 97,4% kostnaðar vegna grunnskóla árið 2006. Ríkið var með 1,5% kostnaðarins og einkaaðilar, þ.m.t. heimili, voru með 1,2% kostnaðar. Eins og tafla 7.4 sýnir urðu litlar breytingar frá árinu 2000. Ef litið er til ársins 2000 þá var hlutur sveitarfélaga 96%, ríkisins 2,9% og einkaaðila 1,1%.

Tafla 7.5 Skipting útgjalda milli ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila.

	2004		2005		2006	
	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%
Ríki	543	1,5%	611	1,5%	646	1,5%
Sveitarfélög	34.191	97,2%	38.593	97,3%	43.257	97,4%
Einkaaðilar	431	1,2%	464	1,2%	514	1,2%

Heimild: Hagstofa Íslands

Ef útgjöldum sveitarfélaga til grunnskóla árið 2006 er deilt niður á landshluta þá er langstærstur hluti þeirra á suðvesturhorni landsins, 33,3% í Reykjavík og samtals 58,7% á höfuðborgarsvæðinu. Minnstur hluti útgjaldanna er á Vestfjörðum eða um 2,8%.


Tafla 7.6 Skipting kostnaður sveitarfélaga vegna grunnskóla eftir landshlutum árið 2006.

2006	þús. kr.	þús. kr. á íbúa
Reykjavík	12.728.010	109,3
Höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur	9.725.963	129,4
Suðurnes	2.355.851	124,8
Vesturland	2.058.355	137,0
Vestfirðir	1.081.860	144,8
Norðurland vestra	1.191.347	159,9
Norðurland eystra	3.755.179	131,5
Austurland	1.909.071	124,4
Suðurland	3.412.801	148,9

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga 2008.

Ef útgjöldum hins vegar er deilt á hvern íbúa í hverjum landshluta fyrir sig þá voru þau lægst í Reykjavík, eða 109 þ. kr. á hvern íbúa en hæst á Norðurlandi vestra tæplega 160 þ. kr. á hvern íbúa árið 2006 á verðlagi þess árs. Útgjöld eru launa- og rekstrarkostnaður að frádregnum þjónustutekjum.

Mynd 7.4 Skipting útgjalda sveitarfélaga vegna grunnskóla eftir landshlutum árið 2006.



VIII. Endurskoðun laga um grunnskóla og aðalnámskrá.

Hinn 1. janúar 2007 tóku gildi lög nr. 98/2006 sem samþykkt voru á Alþingi vorið 2006 um breytingu á lögum nr. 66/1995 um grunnskóla með síðari breytingum. Meginbreytingarnar voru:

- Skýrari ákvæði um stofnun grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum.
- Lögbundið lágmarksframlag sveitarfélaga til þessara skóla, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, til að tryggja rekstrargrundvöll þeirra.
- Fellt niður ákvæði um að meðallengd kennslustunda skuli vera 40 mínútur og einungis kveðið á um lágmarks vikulegan kennslutíma í mínútum en ekki í kennslustundum. Breyting þessi eykur sveigjanleika skóla til að skipuleggja skólatímann með öðrum hætti en út frá meðallengd kennslustunda.
- Víðtækari heimildir til mats á námi utan grunnskóla til valgreina.
- Skerpt á lögbundnum umsagnarrétti foreldraráða þannig að hann nái til fyrirhugaðra meiri háttar breytinga á skólahaldi og starfsemi skóla.
- Sérstök áhersla á aukinn þátt nemenda í skólastarfinu með því að lögbinda að við hvern grunnskóla skuli starfa nemendaráð.
- Lögfest ákvæði sem snúa að námsumhverfi nemenda, öryggi og vellíðan þeirra í skólastarfi.
- Málsmeðferðarreglur gerðar skýrari auk þess sem orðalagi í nokkrum greinum er breytt eða það gert skýrara.

Í eldri grunnskólalögum var menntamálaráðherra heimilað að veita nemanda undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein og að viðurkenna nám utan grunnskóla sem jafngildi náms í skyldunámsgrein. Þessi heimild var flutt til skólastjóra og þeim falið að meta hvort gildar ástæður væru fyrir undanþágubeiðni. Þannig var dregið úr afskiptum ráðuneytisins af málefnum einstakra grunnskólanemenda.

Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 byggðist á lögum nr. 66/1995 með síðari breytingum. Ný aðalnámskrá grunnskóla tók gildi 1. ágúst 2007 og kom til framkvæmda í skólum frá og með skólaárinu 2007–2008 eftir því sem við var komið og skal að fullu vera komin til framkvæmda eigi síðar en að þremur árum liðnum frá gildistöku.

Aðalnámskrá grunnskóla 2007 er eingöngu gefin út á rafrænu formi. Hún greinist í þrettán hluta, almennan hluta og tólf greinahluta. Í almenna hlutanum er meðal annars fjallað um uppeldishlutverk grunnskólans, meginstefnu í kennslu og kennsluskipan og hlutfallslega skiptingu tíma á milli námssviða og námsgreina. Í greinahlutum aðalnámskrár eru sett fram meginmarkmið í námi og kennslu og fjallað um inntak og skipulag náms á tilteknum námssviðum.

Í samræmi við lagabreytingarnar er gerð sú breyting á viðmiðunarstundaskrá að vikustundir nemenda eru settar fram í mínútum og lágmarkskennslutími á viku í hverri námsgrein miðast við áfanga í stað ára. Þannig segir viðmiðunarstundaskrá til um vægi námsgreina innbyrðis og fjölda kennslustunda í einstökum námsgreinum sem hver nemandi á rétt á frá 1.–4. bekk, 5.–7. bekk og 8.–10. bekk. Á þennan hátt er stuðlað að auknu sjálfstæði skóla og sveigjanleika við skipulag náms og kennslu.

Menntamálaráðherra og Kennarasamband Íslands undirrituðu í febrúar 2006 samkomulag um skólastarf og skólaumbætur, 10 skref til sóknar, með það að markmiði að vinna saman að betra skólakerfi með heildarendurskoðun á lögum, aðalnámskrám og breyttri námsskipan skólastiganna. Skrefin tíu eru eftirfarandi:

1. Endurskoðun laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla hefst vorið 2006. Meginmarkmið endurskoðunarinnar er aukin samfella á milli skólastiganna, sveigjanleiki milli og innan skólastiga og að mæta breytilegum þörfum ólíkra nemenda. Lokamarkmiðið er betri menntun og betri námsárangur nemenda.
2. Efling kennaramenntunar er ein helsta forsenda þess að hægt sé að þróa og styrkja íslenska menntakerfið. Nefnd um framtíð kennaramenntunar er nú að störfum og verður tekin ákvörðun um markvissa eflingu kennaramenntunar á grundvelli niðurstaðna hennar.
3. Framhaldsskólum verður gefinn fjögurra ára aðlögunartími til að takast á við breytta námsskipan, á grundvelli heildarendurskoðunar á námi og breyttrar námsskipunar skólastiganna, út frá eigin skipulagi.
4. Unnið verður að eflingu endurmenntunar kennara á öllum skólastigum í tengslum við endurskoðun aðalnámskráa á grundvelli heildarendurskoðunar á námi og breyttrar námsskipunar skólastiganna.
5. Starfsheiti leikskólakennara verður löggilt.
6. Verk- og starfsnám í grunn- og framhaldsskólum verður eflt, skipulag einfaldað og hvatt til aukinnar aðsóknar í slíkt nám.
7. Almenn braut framhaldsskólans verður endurskipulögð og efld með víðtækum hætti, náms- og starfsráðgjöf styrkt og stuðlað verður að því að áfram dragi úr brottfalli í framhaldsskólum.
8. Námsefnisgerð allra skólastiga verður efld með nýjum lögum um Námsgagnastofnun, eflingu þróunarsjóða og námsefnisgerðarsjóðs auk aukinnar áherslu á gerð stafræns námsefnis.
9. Fjar- og dreifnám verður skilgreint með skipulegum hætti í samræmi við gæðamat í því skyni að auka sveigjanleika skólakerfisins og fjölga valkostum.
10. Aðilar vinna saman að því að starf kennara og starfsumhverfi verði aðlaðandi og eftirsóknarvert.

Nefnd um heildarendurskoðun á grunnskólalögum hóf störf í apríl 2006. Með hliðsjón af skipunarbréfi sínu efndi nefndin til mjög víðtæks samráðs við hagsmunaaðila. Fjölmargir hagsmunaaðilar voru boðaðir á fund nefndarinnar þar sem þeim gafst kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Nefndin hélt auk þess fjölda funda um land allt og fór í kynnisferðir til Danmerkur, Noregs og Írlands. Nefndin ákvað að gefa öllum almenningi kost á að senda athugasemdir til að fá víðtæka umræðu í samfélaginu um málefni grunnskólans. Fréttatilkynning var send frá menntamálaráðuneyti til allra fjölmiðla þar sem var greint frá starfi nefndarinnar og vakin athygli á því að unnt væri að koma ábendingum á framfæri.

Vinna við samningu frumvarpsins hófst að loknu samráðsferlinu. Samkvæmt erindisbréfi var nefndinni í vinnu sinni m.a. ætlað að hafa til hliðsjónar nýjustu breytingar á grunnskólalögum sem tóku gildi í ársbyrjun 2007, reynsluna af flutningi grunnskólans til sveitarfélaga, áform um breytta námsskipan til stúdentsprófs og aukna samfellu og sveigjanleika í skólastarfi auk þess að hafa hliðsjón af samkomulagi menntamálaráðherra og Kennarasambands Íslands um skólastarf og skólaumbætur, 10 skref til sóknar. Þá var jafnframt höfð hliðsjón af fundum nefndarinnar með fjölmörgum hagsmunaaðilum sem mættu á fund hennar og þeim gögnum sem nefndinni höfðu borist. Meðal þess sem nefndin þurfti að taka afstöðu til var hvaða atriði ættu að vera í lögum um grunnskóla og hvaða atriði ættu frekar heima í reglugerð eða aðalnámskrá grunnskóla eða hugsanlega vera á hendi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands eða vera hluti af sjálfstæði sveitarfélaga að skipuleggja svo

og sjálfstæði einstakra skóla. Enn fremur ræddi nefndin hvaða atriði þyrfti hugsanlega að taka upp sem varða samspil kerfa, svo sem ráðuneyta, ríkis og sveitarfélaga. Nefndin vann frumvarpið í samvinnu við lögfræðisvið menntamálaráðuneytisins en hafði auk þess samráð við önnur svið ráðuneytisins vegna einstakra kafla frumvarpsins, þ.e. námskrárdeild, skóladeild og mats- og greiningarsvið.

IX. Ýmis verkefni á vegum menntamálaráðuneytisins.

9.1 Nýsköpunarkeppni grunnskóla og frumkvöðlastarf.

Sjóðir til styrktar þróunarstarfi í grunnskóla hafa stutt verkefni á sviði frumkvöðlafræðslu. Ráðuneytið hefur styrkt framkvæmd nýsköpunarkeppni grunnskóla en keppnin hefur árlega verið haldin í grunnskólum frá 1991. Í gegnum tíðina hafa ýmsir komið að framkvæmd keppninnar, bæði Reykjavíkurborg og háskólar, en keppnin hefur hingað til verið fjármögnuð að mestu leyti af menntamálaráðuneytinu og fjárstuðningi frá viðskiptaráðuneyti og forsætisráðuneyti. Keppnin hefur náð miklum vinsældum meðal nemenda og kennara og hafa hugmyndir sem henni hafa borist verið mörg þúsund á ári og fer fjölgandi.

Haustið 2006 skrifaði menntamálaráðherra upp á samning þess efnis að ráðuneytið myndi taka Nýsköpunarkeppni grunnskólanna upp á sína arma. Þessu fylgdi ábyrgð á því að reka keppnina ár hvert. Í febrúar 2007 var gerður rekstrarsamningur við Vitann verkefnastofu um að taka að sér framkvæmd keppninnar frá og með árinu 2007.

9.2 Olweusar-áætlunin í grunnskólum gegn einelti.

Olweusar-verkefni gegn einelti í grunnskólum er samstarfsverkefni menntamálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands, Heimilis og skóla, Kennaraháskóla Íslands og Námsgagnastofnunar. Verkefnið sem byggir á kenningum og aðferðafræði prófessorsins Dan Olweusar hófst árið 2002. Á tímabilinu 2002 til 2008 hafa 85 grunnskólar komið að verkefninu með um helming grunnskólanemenda á landinu. Kannanir hafa árlega verið lagðar fyrir nemendur í 4. til 10. bekk á tímabilinu 2002 til 2007.

Einelti mældist um þriðjungi minna árið 2003 en við upphaf innleiðingar árið 2002. Einelti dróst hlutfallega meira saman á unglingastigi (8.–10. bekk) en á miðstigi (4.–7. bekk) og mældist 4,6% á unglingastigi árið 2003 en 7,8% árið 2002. Á miðstigi var eineltið 11,6% í upphafi en 8% seinna árið (2003). Við innleiðingu 2004 sögðust 9,7% nemenda í 4.–7. bekk vera lögð í einelti, ári síðar 7,6%. Einelti í 8.–10. bekk mældist svipað bæði árin (4,5% vorið 2005 og 4,6% ári seinna). Skólar sem hófu innleiðingu 2006 skera sig úr. Einelti dróst saman í 4.–7. bekk úr 12,5% í 8,8% á milli ára en á sama tíma jókst einelti í 8.–10. bekk, úr 6,8% haustið 2006 í 7,8% haustið 2007. Nemendur sem tóku þátt í könnununum 2006 og 2007 eru um eitt þúsund og getur niðurstaða í stöku skóla eitt árið haft áhrif á heildarniðurstöður fyrir skólahópinn. Auk þess að eineltið dragist yfirleitt saman á milli ára í innleiðingarferli mælast nær undantekningarlaust aðrir veigamiklir þættir í eineltisáætluninni jákvæðari í seinni mælingunni.

9.3 Grænfáninn og Globe-verkefnið.

Skólar á grænni grein – Grænfáninn.

Skólar á grænni grein er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Grænfánaverkefnið – skólar á grænni grein hefur vaxið mjög á undanförnum árum og nú eru alls um 130 skólar í verkefninu og hefur tæpur helmingur þátttökuskóla þegar fengið Grænfánann. Upphaflega voru eingöngu grunnskólar í verkefninu,

síðan hafa fjölmargir leikskólar bæst við og nú eru framhaldsskólar að bætast í hópinn og háskólar. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Skrefin sjö eru ákveðin verkefni sem efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Verkefnin eru bæði til kennslu í bekk og til að bæta daglegan rekstur skóla. Þau auka þekkingu nemenda og skólafólks og styrkja grunn að því að tekin sé ábyrg afstaða og innleiddar raunhæfar aðgerðir í umhverfismálum skóla. Jafnframt sýnir reynslan í Evrópu að skólar sem taka þátt í verkefninu geta sparað talsvert í rekstri.

Grænfánaverkefninu á Íslandi er stýrt af Landvernd sem er aðili að alþjóðlegu samtökunum FEE. Stýrihópur um Grænfána er Landvernd til fulltingis um allt sem viðkemur verkefninu. Menntamálaráðuneytið hefur stutt við innleiðingu grænfánaverkefnisins í skólum og ráðherra hefur nokkrum sinnum komið að afhendingu á grænfánanum. Stuðningur ráðuneytisins hefur nýst vel við uppbyggingu og þróun verkefnisins.

9.4 Globe-verkefnið.

Landvernd tók í fyrra við umsjón Globe-verkefnisins en Samlíf hafði áður haft umsjón með því verkefni sem hefur verið styrkt af menntamálaráðuneyti allt frá upphafi árs 1997. Globe-verkefnið er alþjóðlegt umhverfisverkefni sem byggist á því að nemendur rannsaki umhverfi sitt og beri það saman við umhverfi annarra landa víðs vegar í heiminum. Nemendur mæla marga umhverfisþætti eins og hita, úrkomu, skýjafar, sýrustig úrkomu, óson og loftþrýsting. Þeir skoða sömuleiðis gróður og jarðveg. Landvernd annast einnig umsýslu með Globe-verkefninu og ráðuneytið styrkir það.

9.5 UT-ráðstefnur 2005 og 2006.

Menntamálaráðuneytið stóð að UT-ráðstefnum í mars frá 1999–2006, þ.e. í 8 ár með það að markmiði að miðla upplýsingum um nýbreytnistarf í upplýsingatækni. Ráðstefnurnar voru ávallt fjölsóttar og voru notaðar til að kynna stefnu menntamálaráðuneytis í þessum málaflokki. Þátttakendur voru kennarar og stjórnendur allra skólastiga, flestir úr framhaldsskólum og grunnskólum. Ráðstefnan var oftast í tvo daga í húsnæði framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu utan einu sinni á Akureyri. UT2005 stóð aftur á móti yfir einn dag á Hótel Sögu. Í könnun meðal þátttakenda á UT2005 kom fram að þeir voru almennt ánægðir með fyrirkomulagið. Kennarar vildu ráðstefnu á virkum degi frekar en helgi en skólastjórnandi í grunnskóla kom með ósk um að nota frekar frídaga fyrir ráðstefnu. Könnunin sýndi einnig að þátttakendur lögðu áherslu á umræður í stað fyrirlestra. Síðasta formlega UTráðstefna ráðuneytisins var haldin í mars 2006 í Fjölbrautaskóla Snæfellinga á Grundarfirði. Menntamálaráðuneytið hefur síðan ekki haldið sérstakar UT-ráðstefnur.

9.6 Grunnskólalagaþing 2006.

Nefnd um endurskoðun grunnskólalaga stóð með menntamálaráðuneytinu að grunnskólalagamálþingi í tengslum við vinnu nefndarinnar laugardaginn 25. nóvember 2006 á Hótel Nordica. Yfirskrift þingsins var: „Framtíðarsýn í málefnum grunnskólans? NÝ GRUNNSKÓLALÖG“. Vakin var athygli á þinginu í fjölmiðlum en einnig var öllum hagsmunaaðilum sem hitt höfðu nefndina send dagskrá og þeir hvattir til að taka þátt í málþinginu. Á málþinginu var farið yfir stöðu vinnu við endurskoðun laganna og fjallað um helstu álitamálin í þeirri vinnu. Á þinginu fór fram gagnvirk umræða um nokkur helstu álitamálin þar sem þátttakendum gafst kostur á að ræða þau í minni hópum og koma á framfæri sjónarmiðum.

Meginmarkmiðið með málþinginu var að ná sátt um meginlínur í endurskoðuninni. Þingið sóttu um 250 manns og samantekt umræðunnar má finna á heimasíðu menntamálaráðuneytis. Þingið var síðasti liðurinn í víðtæku samráðsferli við endurskoðun grunnskólalaga. Ýmis gögn frá málþinginu voru sett á heimasíðu menntamálaráðuneytisins, menntamálaráðuneyti.is.

9.7 Árleg þing um rannsóknir, nýsköpun og þróun.

Kennaraháskóli Íslands (nú menntavísindasvið Háskóla Íslands) heldur árlega fjölsótt málþing um rannsóknir, nýbreytni og þróun. Fyrsta þingið var haldið 1997. Megintilgangur þessara málþinga er að skapa mennta- og uppeldisstéttum nauðsynlegan vettvang til að kynna og vekja athygli á því rannsóknar-, nýbreytni- og þróunarstarfi sem unnið er á sviði mennta, uppeldis og þjálfunar. Markhópar málþingsins eru kennarar, stefnumótendur og stjórnendur á sviði mennta og uppeldis, auk þeirra sem starfa að málefnum fatlaðra, frístundastarfi og samstarfi heimila og skóla. Þingin hafa verið haldin í samráði við menntamálaráðuneyti, Kennarasamband Íslands, Menntaog leikskólasvið Reykjavíkurborgar, Grunn, Heimili og skóla, Félag framhaldsskóla og fleiri.

9.8 Tilraunaverkefni í grunnskólum.

Á tímabilinu 2004–2007 heimilaði menntamálaráðuneyti ýmis tilraunaverkefni í grunnskólum og hefur fylgst með framkvæmd þeirra. Helstu tilraunaverkefnin eru:

- Sveitarfélagið Ölfus fékk heimild til tilraunar með heimakennslu fyrir nokkra nemendur sveitarfélagsins. Úttekt á starfinu hefur farið fram.
- Sveitarfélaginu Fljótsdalshéraði var veitt heimild til að skilgreina skólastarf við Kárahnjúka sem tilraunadeild við grunnskóla sveitarfélagsins sem starfaði í nánu samstarfi við Hallormsstaðaskóla. Tilraunadeildin var undanþegin því að starfa eftir aðalnámskrá grunnskóla en starfaði í staðinn eftir ítalskri námskrá.
- Tilraunaverkefni með Gaulverjaskóla, meðferðar- og skólaúrræðis fyrir börn með hegðunar- og tilfinningaraskanir á Suðurlandi. Úttekt er í undirbúningi.
- Garðabær fékk heimild til að reka alþjóðlega skóla í Garðabæ, annars vegar í Sjálandsskóla fyrir yngri deildir og hins vegar við Garðaskóla fyrir unglinga. Skólarnir starfa eftir alþjóðlegri námskrá (The International Primary Curriculum, IPC) og er heimilt að innheimta skólagjöld og leita eftir styrkjum.
- Tilraunaheimild til Menntaskólans á Akureyri, Menntaskólans í Reykjavík, Verslunarskóla Íslands og Fjölbrautaskóla Suðurlands að innrita nemendur í skólana eftir 9. bekk grunnskóla eða um jól í 10. bekk.
- Sveitarfélaginu Hornafirði var veitt undanþágu frá því ákvæði grunnskólalaga að við hvern grunnskóla skuli starfa einn skólastjóri. Heimild var veitt til þess að þrír skólastjórar störfuðu við skólann.
- Tilraunaverkefni um stjórnunarfyrirkomulag við Lágafellskóla í Mosfellsbæ.

9.9 Íslenskuskólinn á Netinu.

Íslenskuskólinn er skóli á Netinu fyrir börn sem búsett eru erlendis og voru nemendur hans á öllum aldri, þau elstu 18 ára. Netmennt ehf. hefur haft umsjón með skólanum frá 2005. Skólinn bauð upp á námskeið í íslensku, leiki og ýmis sameiginleg viðfangsefni. Upphaf verkefnisins má rekja til tilraunaverkefnis sem menntamálaráðuneytið og utanríkisráðu-

neytið buðu út árið 2001 og Símenntunarstofnun KHÍ tók svo að sér. Netmennt tók svo við rekstri skólans 2005.

Markmið skólans var að byggja upp öflugan skóla á Netinu fyrir íslensk börn sem búsett eru erlendis þar sem fer fram almennt skólastarf, bæði nám og leikur. Í skólanum fór fram íslenskukennsla fyrir alla aldursflokka, kennsla sem hentaði einstaklingum með ólíkan bakgrunn og búið hafa erlendis um lengri eða skemmri tíma. Áhersla var lögð á að þeir gætu haldið móðurmáli sínu við, þekkingu á íslensku samfélagi og átt auðveldara með að halda tengslum við íslenska ættingja sína og vini. Skólinn útbjó námsefni sem hentaði náminu í skólanum og miðaði við námskrá. Kennsla fór eftir námskrá eins og unnt er. Foreldrar greiddu fyrir námskeið í íslensku en ekki fyrir aðra þætti starfsemi skólans. Kennslunni sinntu menntaðir kennarar. Skólinn fékk smástyrki frá ráðuneytinu og þróunarsjóðum til starfsemi sinnar en aðstandendur skólans urðu því miður að loka skólanum 2007 þar sem ekki var rekstrargrundvöllur fyrir starfseminni þrátt fyrir mikla eftirspurn þar sem skólagjöld nægðu ekki fyrir rekstrinum. Óvíst er með framtíð skólans.

9.10 Evrópski tungumáladagurinn og tungumálamappan.

Menntamálaráðuneyti hvetur skóla, aðrar fræðslustofnanir og hagsmunaaðila árlega til að minnast Evrópska tungumáladagsins hinn 26. september og vekja þannig með einhverjum hætti athygli á mikilvægi tungumálakunnáttu og símenntunar í tungumálum. Ráðuneytið hefur gefið út bækling með fjölmörgum hugmyndum að mögulegum verkefnum og aðgerðum á tungumáladeginum. Bæklinginn má nálgast á vef ráðuneytisins. Ráðuneytið hefur staðið að málþingum í tengslum við Evrópska tungumáladaginn og styrkt þing sem aðrir hafa haldið af þessu tilefni. Skólar vinna að ýmsum sérstökum verkefnum árlega í tengslum við þennan dag.

Menntamálaráðuneyti gaf árið 2006 út Evrópska tungumálamöppu, European Language Portfolio, fyrir grunn- og framhaldsskólastig og hefur hún hlotið vottun frá Evrópuráðinu í Strassborg. Efnið var unnið í samvinnu við tilraunaskóla hér á landi og nefnd sérfræðinga um tungumálakennslu á vegum ráðuneytisins. Mappan er í þremur hlutum sem eru tungumálapassi, námsferilskrá og safnmappa. Efnið er einnig aðgengilegt á Netinu.

9.11 Bætt þjónusta við blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Árið 2003 setti menntamálaráðherra á laggirnar starfshóp sem hafði það meginhlutverk að fjalla um bætt aðgengi blindra og sjónskertra einstaklinga að menntakerfinu. Í ágúst 2004 skilaði hópurinn skýrslu þar sem settar voru fram tillögur um ýmsar umbætur í þjónustu menntakerfisins við blind og sjónskert börn. Skýrsluna, *Bætt aðgengi blindra og sjónskertra að menntakerfinu*, má nálgast í heild sinni á heimasíðu menntamálaráðuneytis en megintillaga nefndarinnar var að stofnuð yrði þekkingarmiðstöð sem hefði það meginmarkmið að veita blindum og sjónskertum ungmennum þjónustu og ráðgjöf, stuðla að rannsóknum á högum blindra og sjónskertra og hafa frumkvæði að nýjungum sem nýtast þeim í námi og starfi.

Menntamálaráðherra skipaði framkvæmdanefnd í maí 2007 sem hafði það hlutverk að bregðast við tillögum í skýrslu um endurskoðun á menntunarmöguleikum sjónskertra nemenda á Íslandi. Nefndinni var jafnframt falið að gera áætlun um og annast framkvæmd þeirra tillagna skýrslunnar sem samráðsaðilar væru samþykkir. Í vinnu sinni var nefndinni ætlað að leggja áherslu á uppbyggingu menntakerfis fyrir sjónskerta á Íslandi með vel skilgreinda og samþætta þjónustu að leiðarljósi og virku samstarfi viðkomandi aðila á öllum stigum og

jafnframt að huga sérstaklega að ráðgjafarþjónustu, grunn- og endurmenntun starfsfólks og þróun námsgagna. Nefndin skilaði tillögum haustið 2007 með þeirri megintillögu að sett yrði á laggirnar miðlæg þjónustumiðstöð sem heyrði undir félagsmálaráðuneyti en annaðist einnig framkvæmd þeirra þjónustuþátta sem féllu undir stjórnsýslulega ábyrgð sveitarfélaga og annarra aðila ríkisins, eða ráðuneyta menntamála- og heilbrigðis- og tryggingamála. Miðstöðinni yrði ætlað að annast alla sérfræðiþjónustu við blinda og sjónskerta einstaklinga sem og aðstandendur þeirra og þá aðra aðila sem starfa með eða styðja við þessa einstaklinga utan við almenna heilbrigðisþjónustu og sérfræðiþjónustu skóla. Frá haustinu 2007 hefur undirbúningur að stofnun þessarar þjónustumiðstöðvar staðið yfir.

953. Framhaldsnefndarálit [170. mál]

um frv. til l. um sjúkraskrár.

Frá heilbrigðisnefnd.

Nefndin ræddi 15. gr. frumvarpsins í tilefni af ábendingum sem fram komu við 2. umræðu frumvarpsins og fékk á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur frá heilbrigðisráðuneyti og Kristján Oddsson frá landlæknisembættinu.

Við umræður í nefndinni kom fram að aðgangur að sjúkraskrá látins einstaklings hafi verið heimilaður með stoð í 12. gr. laga um réttindi sjúklinga þar sem fjallað er um þagnarskyldu og heimild til upplýsingagjafar eftir lát sjúklings. Nefndin telur að 15. gr. frumvarpsins, eins og hún lagði til að henni yrði breytt við 2. umræðu, sé ekki nægilega skýr og leggur til að þar komi fram að aðgangur að sjúkraskrá látins einstaklings sé heimill nánum aðstandendum með þeim skilyrðum og takmörkunum sem þar greinir.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Mæli ríkar ástæður með því er umsjónaraðila sjúkraskrár heimilt að veita nánum aðstandanda látins einstaklings, svo sem maka, foreldri eða afkomanda, aðgang að sjúkraskrá hins látna með hliðsjón af vilja hins látna og hagsmunum hlutaðeigandi. Telji umsjónaraðili sjúkraskrár vafa leika á réttmæti þess að veita slíkan aðgang skal hann án tafar framsenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til ákvörðunar um hvort aðgangur að sjúkraskránni skuli veittur. Landlæknir skal afgreiða erindið innan átta vikna. Ákvörðun landlæknis um aðgang að sjúkraskrá hins látna er kæranleg til ráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

Mörður Árnason, Ellert B. Schram, Guðlaugur Þór Þórðarson og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. apríl 2009.

Þuríður Backman, form., frsm.	Ásta Möller.	Álfheiður Ingadóttir.
Eygló Harðardóttir.	Dögg Pálsdóttir.	

954. Frumvarp til laga [170. mál]

um sjúkraskrár.

(Eftir 2. umr., 17. apríl.)

I. KAFLI
Inngangur.

1. gr.
Tilgangur og gildissvið.

Tilgangur laga þessara er að setja reglur um sjúkraskrár þannig að unnt sé að veita sjúklingum eins fullkomna heilbrigðisþjónustu og kostur er á hverjum tíma og tryggja um leið vernd sjúkraskrárupplýsinga.

Lögin gilda um sjúkraskrár sem færðar eru þegar meðferð er veitt hér á landi.

Að svo miklu leyti sem ekki er mælt fyrir um á annan veg í lögum þessum gilda ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga um sjúkraskrárupplýsingar og meðferð þeirra.

2. gr.
Sjálfsákvörðunarréttur og mannhelgi sjúklinga.

Við færslu og varðveislu sjúkraskráa og aðgang að þeim skal mannhelgi og sjálfsákvörðunarréttur sjúklinga virtur, þess gætt að sjúkraskrár hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar og að sjúkraskrárupplýsingar eru trúnaðarmál.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

1. *Sjúklingur:* Notandi heilbrigðisþjónustu.
2. *Heilbrigðisþjónusta:* Hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkrahúsþjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjaþjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.
3. *Meðferð:* Rannsókn, aðgerð eða önnur heilbrigðisþjónusta sem læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður veitir til að greina, lækna, endurhæfa, hjúkra eða annast sjúkling.

4. *Sjúkraskrárupplýsingar:* Lýsing eða túlkun í rituðu máli, myndir, þ.m.t. röntgenmyndir, línurit og mynd- og hljóðupptökur sem innihalda upplýsingar er varða heilsufar sjúklings og meðferð hans hjá heilbrigðisstarfsmanni eða heilbrigðisstofnun og aðrar nauðsynlegar persónuupplýsingar.
5. *Sjúkraskrá:* Safn sjúkraskrárupplýsinga um sjúkling sem unnar eru í tengslum við meðferð eða fengnar annars staðar frá vegna meðferðar hans á heilbrigðisstofnun eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns.
6. *Rafrænt sjúkraskrárkerfi:* Hugbúnaður sem notaður er til að stofna, varðveita og vinna með sjúkraskrár.
7. *Samtenging sjúkraskrárkerfa:* Þegar rafræn sjúkraskrárkerfi tveggja eða fleiri ábyrgðaraðila eru samtengd þannig að unnt er að miðla upplýsingum úr sjúkraskrám milli kerfanna.
8. *Sameiginlegt sjúkraskrárkerfi:* Rafrænt sjúkraskrárkerfi tveggja eða fleiri heilbrigðisstofnana eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna.
9. *Heilbrigðisstofnun:* Stofnun þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt.
10. *Heilbrigðisstarfsmaður:* Einstaklingur sem starfar við heilbrigðisþjónustu og hlotið hefur leyfi landlæknis til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar.
11. *Starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna:* Starfsstöðvar sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt með eða án greiðsluþátttöku ríkisins.
12. *Ábyrgðaraðili sjúkraskráa:* Heilbrigðisstofnun eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna þar sem sjúkraskrár eru færðar. Hafi sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna, tveggja eða fleiri, verið sameinuð, sbr. VI. kafla, telst ábyrgðaraðili sjúkraskráa í kerfinu sá aðili sem heilbrigðisstofnanir og starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna sem aðild eiga að kerfinu hafa komið sér saman um.
13. *Umsjónaraðili sjúkraskráa:* Læknir, eða annar heilbrigðisstarfsmaður sé lækni ekki til að dreifa, sem ábyrgðaraðili hefur falið að hafa eftirlit með og sjá um að skráning og meðferð sjúkraskrárupplýsinga sé í samræmi við ákvæði laga þessara. Heilbrigðisstarfsmaður sem starfar einn á stofu telst umsjónaraðili þeirra sjúkraskráa sem hann færir.
14. *Gæðaeftirlit:* Sá hluti af gæðastjórnun sem beinist að því að sjá til þess að gæðakröfur í heilbrigðisþjónustu séu uppfylltar.
15. *Gæðaþróun:* Sá hluti af gæðastjórnun er beinist að því að auka getuna til að uppfylla gæðakröfur.
16. *Umboðsmaður sjúklings:* Forráðamaður sjúklings eða sá sem sjúklingur hefur veitt skriflegt umboð til að taka ákvarðanir varðandi sjúkraskrá sína eða heimild til aðgangs að henni.

II. KAFLI
Færsla sjúkraskráa.

4. gr.
Skylda til færslu sjúkraskráa.

Heilbrigðisstarfsmaður sem fær sjúkling til meðferðar skal færa sjúkraskrá.

Sjúkraskrár skulu færðar í rafrænu formi að því marki sem unnt er.

Ábyrgðaraðili sjúkraskráa skal sjá til þess að unnt sé að færa sjúkraskrá í samræmi við ákvæði laganna.

Heilbrigðisstarfsmaður sem veitir meðferð og færir upplýsingar um hana í sjúkraskrá ber ávallt ábyrgð á sjúkraskrárfærslum sínum.

5. gr.

Færsla sjúkraskráruppl ýsinga.

Einungis heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum starfsmönnum og nemum í starfsnámi í heilbrigðisvísindum sem undirgengist hafa sambærilega trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn er heimilt að færa sjúkraskráruppl ýsingar í sjúkraskrá.

Um færslu sérstaklega viðkvæmra sjúkraskráruppl ýsinga, sbr. 2. mgr. 13. gr., í rafræna sjúkraskrá fer samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur skv. 24. gr.

Við sérhverja færslu sjúkraskráruppl ýsinga í sjúkraskrá skal koma fram nafn þess sem skráir, starfsheiti hans og tímasetning færslu. Viðbót, leiðrétting, breyting eða eyðing sem gerð er á færslu sjúkraskráruppl ýsinga skal ætíð vera rekjanleg.

Sjúkraskráruppl ýsingar skulu færðar jafnóðum eða að jafnaði innan tuttugu og fjögurra stunda frá þeim tíma er þeirra var aflað.

Færslu sjúkraskráruppl ýsinga skal haga þannig að þær séu aðgengilegar og að ritað mál sé skýrt og skiljanlegt.

6. gr.

Skráning í sjúkraskrá.

Í sjúkraskrá skal færa með skipulegum hætti þau atriði sem nauðsynleg eru vegna meðferðar sjúklings. Í öllum tilvikum skal þó að lágmarki færa eftirfarandi upplýsingar í sjúkraskrá eftir því sem við á:

1. Nafn sjúklings, heimilisfang, kennitölu, starfsheiti, hjúskaparstöðu og nánasta aðstandanda.
2. Komu- eða innlagnardag og útskriftardag.
3. Ástæðu komu eða innlagnar.
4. Þau atriði heilsufars- og sjúkrasögu sem máli skipta fyrir meðferðina.
5. Aðvaranir, svo sem um ofnæmi.
6. Skoðun.
7. Meðferðar- og aðgerðarlýsingu, þ.m.t. upplýsingar um lyfjameðferð og umsagnir ráðgefandi sérfræðinga.
8. Niðurstöður rannsókna.
9. Greiningu.
10. Afdrif og áætlun um framhaldsmeðferð.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um færslu sjúkraskráruppl ýsinga í sjúkraskrá. Um færslu rafrænna sjúkraskráa og rafræn sjúkraskrárkerfi gilda jafnframt ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur skv. 24. gr.

7. gr.

Réttur sjúklings við færslu sjúkraskráa.

Sjúklingur, eða umboðsmaður hans, getur ákveðið þegar hann fær meðferð að sjúkraskráruppl ýsingar vegna hennar verði ekki aðgengilegar öðrum en þeim sem skráir og umsjónaraðila sjúkraskrárinnar og eftir atvikum öðrum tilteknum heilbrigðisstarfsmönnum. Sé það talið nauðsynlegt vegna meðferðar að aðrir heilbrigðisstarfsmenn hafi aðgang að viðkomandi sjúkraskráruppl ýsingum skal upplýsa sjúkling um það og jafnframt að synjun um að heimila nauðsynlegan aðgang að sjúkraskránni geti jafngilt því, eftir atvikum, að meðferð hafi verið hafnað, sbr. lög um réttindi sjúklinga.

Telji sjúklingur eða umboðsmaður hans að sjúkraskrárupplýsingar séu rangar eða villandi skal athugasemd hans um það skráð í sjúkraskrána. Sé sýnt fram á að upplýsingar í sjúkraskrá séu bersýnilega rangar eða villandi er heimilt með samþykki umsjónaraðila að leiðrétta þær í sjúkraskrá viðkomandi enda sé þess gætt að ekki glatist upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna réttarágreinings. Neiti umsjónaraðili að leiðrétta sjúkraskrárupplýsingar sem sjúklingur telur bersýnilega rangar eða villandi getur sjúklingur skotið þeirri synjun til landlæknis með kæru. Óheimilt er að eyða upplýsingum úr sjúkraskrá sjúklings nema með samþykki landlæknis.

Ákvarðanir landlæknis um leiðréttingu eða eyðingu sjúkraskrárupplýsinga eru kæranlegar til ráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

III. KAFLI
Varðveisla sjúkraskráa.

8. gr.
Almennt.

Sjúkraskrár skulu varðveittar með öruggum hætti þannig að sjúkraskrárupplýsingar glatist ekki og að þær séu aðgengilegar í samræmi við ákvæði IV. kafla.

9. gr.
Ábyrgð á varðveislu sjúkraskráa.

Ábyrgðaraðili sjúkraskráa ber ábyrgð á því að varðveisla sjúkraskráa sé í samræmi við ákvæði laga þessara.

10. gr.
Flutningur sjúkraskráa.

Nú færir sjúklingur sig frá einni heilsugæslustöð til annarrar og skal þá vista afrit sjúkraskrár hans í sjúkraskrárkerfi því sem notað er á þeirri stöð sem hann flyst til.

Sé rekstri sjúkraskrárkerfis hætt skal flytja sjúkraskrár sem þar eru vistaðar til landlæknis. Landlæknir getur ákveðið, með samþykki sjúklings eða umboðsmanns hans, að sjúkraskrár sem fluttar hafa verið til hans skuli vistaðar í sjúkraskrárkerfi annarrar heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna eða í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi.

11. gr.
Tímalengd vörslu.

Sjúkraskrár skal varðveita í sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna. Um skyldu til að afhenda sjúkraskrár til Þjóðskjalasafns Íslands, varðveislu þeirra og aðgang að þeim gilda ákvæði laga um Þjóðskjalasafn Íslands.

IV. KAFLI
Aðgangur að sjúkraskrárupplýsingum.

12. gr.
Almennt.

Aðgangur að sjúkraskrám er óheimill nema til hans standi lagaheimild samkvæmt ákvæðum laga þessara eða öðrum lögum.

13. gr.

Aðgangur starfsmanna að sjúkraskrám.

Heilbrigðisstarfsmenn sem koma að meðferð sjúklings og þurfa á sjúkraskráruppl ýsingum hans að halda vegna meðferðarinnar skulu hafa aðgang að sjúkraskrá sjúklingsins með þeim takmörkunum sem leiðir af ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim. Umsjónaraðili sjúkraskráa getur veitt öðrum starfsmönnum og nemum í starfsnámi í heilbrigðisvísindum, sem undirgengist hafa sambærilega trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn og koma að meðferð sjúklings, heimild til aðgangs að sjúkraskrá hans að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfa þeirra í þágu sjúklingsins.

Aðgangur að sérstaklega viðkvæmum sjúkraskráruppl ýsingum, þ.e. sjúkraskráruppl ýsingum sem sjúklingurinn sjálfur telur að flokka beri sem slíkar, skal takmarkaður við heilbrigðisstarfsmenn sem nauðsynlega þurfa upplýsingarnar vegna meðferðar sjúklingsins. Skal aðgangur að sérstaklega viðkvæmum sjúkraskráruppl ýsingum að jafnaði takmarkaður við þá heilbrigðisstarfsmenn sem starfa innan þeirrar einingar eða deildar heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns þar sem meðferð er veitt. Aðgangur annarra heilbrigðisstarfsmanna að sérstaklega viðkvæmum sjúkraskráruppl ýsingum er óheimill nema með samþykki sjúklings. Heimilt er að víkja frá framangreindum aðgangstakmörkunum ef það telst nauðsynlegt vegna öryggis heilbrigðisstarfsmanna. Ráðherra skal í reglugerð sem hann setur skv. 24. gr. kveða nánar á um aðgang að sérstaklega viðkvæmum sjúkraskráruppl ýsingum.

Um trúnaðar- og þagnarskyldu starfsmanna í heilbrigðisþjónustu um persónulegar upplýsingar sem þeir komast að í starfi sínu, þ.m.t. sjúkraskráruppl ýsingar, gilda ákvæði laga um réttindi sjúklinga og eftir atvikum önnur lög sem við eiga.

Sjúklingur eða umboðsmaður hans getur lagt bann við því að tiltekinn starfsmaður eða starfsmenn, þ.m.t. nemar í starfsnámi, hafi aðgang að sjúkraskrá hans. Sé það hins vegar talið nauðsynlegt vegna meðferðar sjúklings að hinir tilteknu starfsmenn eða nemar hafi aðgang að sjúkraskrá sjúklings skal upplýsa sjúkling um það og jafnframt að synjun um að heimila nauðsynlegan aðgang að sjúkraskránni geti jafngilt því, eftir atvikum, að sjúklingur hafni meðferð, sbr. lög um réttindi sjúklinga.

Um aðgang að sjúkraskrám gilda jafnframt ákvæði reglugerða sem ráðherra setur á grundvelli 24. gr.

14. gr.

Aðgangur sjúklings að eigin sjúkraskrá.

Sjúklingur, eða umboðsmaður hans, á rétt á aðgangi að eigin sjúkraskrá í heild eða að hluta og til að fá afhent afrit af henni ef þess er óskað. Beiðni þar að lútandi skal beint til umsjónaraðila sjúkraskrárinnar.

Sé um að ræða sjúkraskráruppl ýsingar sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsmönnum skal leita samþykkis þess sem upplýsingarnar gaf áður en þær eru sýndar honum. Ef sá sem þannig hefur veitt upplýsingar um sjúkling er látinn eða horfinn eða neitar á óréttmætum grundvelli að veita samþykki sitt getur landlæknir ákveðið að sjúklingi eða umboðsmanni hans skuli veittur aðgangur að umræddum upplýsingum, í heild eða að hluta.

Sé talið að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings að afhenda honum eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár skal umsjónaraðili sjúkraskrár án tafar framsenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til ákvörðunar um það hvort aðgangur að sjúkraskránni skuli veittur. Landlæknir skal afgreiða erindið innan átta vikna.

Sjúklingur á rétt á því að fá upplýsingar frá umsjónaraðila sjúkraskrár um það hverjir hafi aflað upplýsinga úr sjúkraskrá hans, m.a. með samtengingu sjúkraskrárkerfa, hvar og hvenær upplýsinga var aflað og í hvaða tilgangi.

Ákvarðanir landlæknis um aðgang sjúklinga að eigin sjúkraskrá eru kæranlegar til ráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

15. gr.

Aðgangur að sjúkraskrá látins einstaklings.

Veita skal aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings þegar fyrir liggur ótvírætt samþykki hans um að veita megi viðkomandi aðila slíkan aðgang. Teljist samþykki sjúklings ekki ótvírætt skal umsjónaraðili sjúkraskrár án tafar vísa beiðni um aðgang að sjúkraskránni til landlæknis til ákvörðunar.

Telji náinn aðstandandi hins látna, svo sem maki, foreldri eða afkomandi, að eitthvað hafi farið úrskeiðis við meðferð hins látna, en ótvírætt samþykki sjúklings skv. 1. mgr. liggur ekki fyrir, er landlækni heimilt að veita honum aðgang að þeim hluta sjúkraskrár hins látna sem varðar hina umdeildu meðferð enda séu upplýsingarnar þess eðlis að ekki verði talið með hliðsjón af tengslum hins látna og þess sem biður um aðgang að hinn látni hefði lagst gegn því að viðkomandi fengi aðgang að þeim.

Í öðrum tilvikum en þeim sem greinir í 1. og 2. mgr. er óheimilt að veita aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings nema fyrir liggi sérstök lagaheimild eða dómsúrskurður þess efnis.

Ákvörðun landlæknis um aðgang að sjúkraskrá skv. 1. og 2. mgr. er kæranleg til ráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

16. gr.

Aðgangur heilbrigðisyfirvalda að sjúkraskrám.

Heilbrigðisyfirvöld sem lögum samkvæmt fá til umfjöllunar kvörtun eða kæru sjúklings eða umboðsmanns hans vegna meðferðar eiga rétt til aðgangs að sjúkraskrá viðkomandi með sama hætti og sjúklingur sjálfur.

Um miðlun upplýsinga úr sjúkraskrám vegna færslu heilbrigðisskráa og eftirlits landlæknis, þ.m.t. gæðaeftirlits, fer samkvæmt lögum um landlækni.

17. gr.

Aðgangur að sjúkraskrám vegna gæðaþróunar og gæðaeftirlits.

Umsjónaraðila sjúkraskráa er heimilt að veita heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum starfsmönnum og nemum í starfsnámi í heilbrigðisvísindum, sem undirgengist hafa sambærilega trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn, aðgang að sjúkraskrám vegna gæðaþróunar og gæðaeftirlits með heilbrigðisþjónustu og meðferð innan viðkomandi heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna.

V. KAFLI
Samtenging rafrænna sjúkraskrárkerfa.

18. gr.

Heimild til að samtengja rafræn sjúkraskrárkerfi.

Umsjónaraðila sjúkraskráa er heimilt að veita heilbrigðisstarfsmönnum annarra heilbrigðisstofnana, eða annarra starfsstofa tilgreindra heilbrigðisstarfsmanna sem ekki eiga aðild að kerfinu, beinan aðgang að sjúkraskrá með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa

hafi sjúklingur ekki bannað slíkan aðgang, sbr. 21. gr. Þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem eru í beinum samskiptum við sjúkling vegna meðferðar er þá heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga um sjúklinginn. Sama getur gilt, eftir því sem þörf krefur, um nema í starfsnámi í heilbrigðisvísindum sem undirgengist hafa sambærilega trúnaðar- og þagnarskyldu og heilbrigðisstarfsmenn.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa og um aðgangsheimildir heilbrigðisstarfsmanna við slíka samtengingu. Um öryggi persónuupplýsinga við samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglum Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga.

19. gr.

Réttur sjúklings til að banna miðlun upplýsinga um sig með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa.

Sjúklingur eða umboðsmaður hans getur bannað miðlun upplýsinga um sig með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa. Bannið getur tekið til miðlunar allra rafrænna sjúkraskráruppl ýsinga um sjúkling sem vistaðar eru í tilteknu rafrænu sjúkraskrárkerfi. Bannið getur jafnframt tekið til tiltekinna sjúkraskráruppl ýsinga í rafrænni sjúkraskrá sjúklings á heilbrigðisstofnun eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns, t.d. sjúkraskráruppl ýsinga sem vistaðar eru á tilteknum deildum eða einingum innan stofnunar eða starfsstofu, að því marki sem það er tæknilega mögulegt hjá viðkomandi ábyrgðaraðila sjúkraskráa, sbr. reglugerð sem ráðherra setur skv. 24. gr. Sjúklingur eða umboðsmaður hans getur einnig lagt bann við því að tilgreindir aðilar geti aflað upplýsinga um hann með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa.

Leggi sjúklingur eða umboðsmaður hans bann við því að sjúkraskráruppl ýsingum um hann sé miðlað með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa í einstöku tilviki skal sá heilbrigðisstarfsmaður sem ber ábyrgð á meðferð sjúklings upplýsa hann eftir því sem við á um að meðferðin geti orðið ómarkvissari en ella þar sem ekki sé þá hægt að afla heildstæðra upplýsinga um hann. Ákvörðun sjúklings um að banna samtengingu í einstöku tilviki skal skráð í sjúkraskrá hans.

Ákvörðun sjúklings um að leggja almennt bann við miðlun sjúkraskráruppl ýsinga skv. 1. mgr. með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa skal beint til umsjónaraðila sjúkraskrárinnar. Ákvörðunin skal vera skrifleg og staðfest af heilbrigðisstarfsmanni sem jafnframt staðfestir, eftir því sem við á, að útskýrt hafi verið fyrir sjúklingi að með ákvörðuninni geti meðferð sem sjúklingurinn síðar kann að þarfnast orðið ómarkvissari en ella þar sem ekki sé þá hægt að afla heildstæðra upplýsinga um sjúklinginn með samtengingu rafrænna sjúkraskráa. Umsjónaraðili sjúkraskráa ber þá ábyrgð á því að bann sjúklings varðandi samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa sé virt og að sjúkraskráruppl ýsingar um viðkomandi sjúkling séu ekki aðgengilegar með samtengingu kerfisins við annað rafrænt sjúkraskrárkerfi. Sjúklingur getur hvenær sem er afturkallað bann við miðlun sjúkraskráruppl ýsinga um sig með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa. Ákvörðun sjúklings um afturköllun skal staðfest af tveimur heilbrigðisstarfsmönnum og beint til umsjónaraðila sjúkraskrárinnar.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um rétt sjúklings til að banna miðlun sjúkraskráruppl ýsinga um sig með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa.

VI. KAFLI
Sameiginleg sjúkraskrárkerfi.

20. gr.
Sameiginlegt sjúkraskrárkerfi.

Heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna, tveimur eða fleirum, er heimilt með leyfi ráðherra að færa og varðveita sjúkraskrár sjúklinga, sem koma til meðferðar hjá þeim, í sameiginlegu rafrænu sjúkraskrárkerfi.

Leyfi ráðherra skv. 1. mgr. skal aðeins veitt ef sýnt er fram á að sameiginlegt sjúkraskrárkerfi sé til þess fallið að tryggja betur öryggi sjúklinga við meðferð. Ráðherra getur bundið leyfi skv. 1. mgr. þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg til að tryggja vandaða færslu sjúkraskráa, örugga varðveislu þeirra og vernd sjúkraskráruppl ýsinga. Leyfisveiting ráðherra skal jafnframt bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að skilyrði reglugerðar skv. 24. gr. um færslu rafrænna sjúkraskráa og rafræn sjúkraskrárkerfi séu uppfyllt.
2. Að fyrir liggi staðfesting Persónuverndar um að öryggi persónuupplýsinga í hinu sameiginlega rafræna sjúkraskrárkerfi sé tryggt í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglur Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga.

21. gr.
Réttur sjúklings til að takmarka aðgang að sjúkraskráruppl ýsingum um sig í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi.

Sjúklingur, eða umboðsmaður hans, getur lagt bann við því að sjúkraskráruppl ýsingar um hann í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi séu aðgengilegar, að hluta eða öllu leyti, utan þeirrar heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna þar sem þær eru færðar. Bannið getur jafnframt tekið til sjúkraskráruppl ýsinga sem vistaðar eru á tilteknum deildum eða einingum innan heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstofnunar að því marki sem það er tæknilega mögulegt, sbr. reglugerð sem ráðherra setur skv. 24. gr. Sjúklingur eða umboðsmaður hans getur loks lagt bann við því að tilgreindir aðilar geti aflað upplýsinga um hann í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi.

Ákvörðun sjúklings skv. 1. mgr. skal beint til umsjónaraðila sjúkraskrárinnar. Ákvörðunin skal vera skrifleg og staðfest af heilbrigðisstarfsmanni sem jafnframt staðfestir, eftir því sem við á, að útskýrt hafi verið fyrir sjúklingi að með ákvörðuninni geti meðferð sem sjúklingurinn síðar kann að þarfnast orðið ómarkvissari en ella þar sem ekki sé þá hægt að afla heildstæðra upplýsinga um sjúklinginn. Umsjónaraðili sjúkraskráa ber ábyrgð á því að bann sjúklings sé virt og að sjúkraskráruppl ýsingar um viðkomandi sjúkling séu einungis aðgengilegar í samræmi við ákvörðun hans. Sjúklingur getur hvenær sem er afturkallað bann við miðlun sjúkraskráruppl ýsinga um sig í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi. Ákvörðun sjúklings um afturköllun skal staðfest af tveimur heilbrigðisstarfsmönnum og beint að umsjónaraðila sjúkraskrárinnar.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

22. gr.
Eftirlit.

Ábyrgðar- og umsjónaraðilar sjúkraskráa skulu hafa virkt eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laga þessara. Umsjónaraðili sjúkraskráa hefur rétt til aðgangs að sjúkraskrám að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlitsins.

Landlæknir hefur eftir því sem við á eftirlit með því að ákvæði laga þessara séu virt. Um eftirlit landlæknis og eftirlitsúrræði fer samkvæmt lögum um landlækni.

Persónuvernd hefur eftirlit með öryggi og vinnslu persónuupplýsinga í sjúkraskrám í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Leiði eftirlit í ljós að verulegar líkur séu á að brotið hafi verið gegn persónuverndarhagsmunum sjúklings skal brot kært til lögreglu. Fer þá um málið hjá lögreglu samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Kæra til lögreglu stöðvar ekki athugun og beitingu stjórnsýsluviðurlaga samkvæmt lögum um landlækni og lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eða beitingu úrræða samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

23. gr.
Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra varða sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

24. gr.
Reglugerð.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um færslu rafrænna sjúkraskráa, varðveislu þeirra, aðgang að þeim, aðgangsstýringu og aðgangstakmarkanir í samræmi við ákvæði laga þessara. Ráðherra skal jafnframt með reglugerð kveða á um tæknikröfur og staðla sem rafræn sjúkraskrárkerfi, þar á meðal sameiginleg sjúkraskrárkerfi, verða að uppfylla. Reglugerð ráðherra skal taka mið af rétti sjúklinga samkvæmt ákvæðum laga þessara við færslu sjúkraskráa og til að takmarka aðgang að sjúkraskrá sinni. Um öryggi persónuupplýsinga í rafrænu sjúkraskrárkerfi fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglum Persónuverndar um öryggi persónuupplýsinga.

Ráðherra hefur jafnframt heimild til að setja nánari reglur um önnur atriði er varða framkvæmd laga þessara.

25. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

26. gr.
Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum.

1. *Lög nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, með síðari breytingum.*
   a. Í stað orðsins „þjónusta“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: heilbrigðisþjónusta.

b. Á eftir orðunum „ákvæði 15. gr.“ í 4. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: og ákvæði laga um sjúkraskrár.
c. 14. gr. laganna orðast svo:
Um meðferð upplýsinga í sjúkraskrá gilda ákvæði laga um sjúkraskrár.
d. 1. og 2. mgr. 15. gr. laganna falla brott.
e. 16. gr. laganna fellur brott.

2. *Læknalög nr. 53/1988, með síðari breytingum.*
16. gr. laganna orðast svo:
Um skyldu læknis til að færa sjúkraskrá og um meðferð sjúkraskráruppl ýsinga fer samkvæmt lögum um sjúkraskrár og lögum um réttindi sjúklinga.
3. *Upplýsingalög nr. 50/1996, með síðari breytingum.*
Í stað orðanna „réttindi sjúklinga“ í 4. mgr. 9. gr. laganna kemur: sjúkraskrár.
4. *Lög nr. 139/1998, um gagnagrunn á heilbrigðissviði, með síðari breytingum.*
Á undan orðunum „lögum um réttindi sjúklinga“ í 3. mgr. 7. gr. laganna kemur: lögum um sjúkraskrár.
5. *Lög nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.*
Í stað orðanna „réttindi sjúklinga“ í 4. málsl. 5. mgr. 52. gr. laganna kemur: sjúkraskrár.
6. *Lög nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum.*
Á eftir orðunum „vörslu sjúkraskráa“ í 1. málsl. 46. gr. laganna kemur: sbr. lög um sjúkraskrár.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 19. gr. um rétt sjúklings til að banna miðlun upplýsinga um sig með samtengingu rafrænna sjúkraskrárkerfa skal koma til framkvæmdar eigi síðar en 31. desember 2010.

Ákvæði 21. gr. um rétt sjúklings til að takmarka aðgang að sjúkraskráruppl ýsingum um sig í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi skal koma til framkvæmdar eigi síðar en 31. desember 2010.

955. Frumvarp til laga [416. mál]

um breytingu á lögum um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997.

(Eftir 2. umr., 17. apríl.)

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ríkisendurskoðun er heimilt að veita fjárlaganefnd Alþingis aðgang að þeim gögnum sem hún aflar skv. 1. mgr. eða leggja fram skýrslu. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir fá í nefndinni ef ríkisendurskoðandi kveður svo á um.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

956. Svar [434. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um minnisblöð, hljóðritanir o.fl. varðandi Icesave-ábyrgðir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Eru til minnisblöð, hljóðritanir símtala eða önnur gögn í forsætisráðuneytinu um samskipti íslenskra og breskra stjórnvalda, þ.m.t. ráðherra, dagana 3.–6. október sl.?*
2. *Ef svo er, geta þau gögn varpað ljósi á þá atburðarás sem deilt hefur verið um varðandi mögulegan flýti á því að Bretar tækju Icesave-ábyrgðirnar í breska lögsögu?*
3. *Ef svo er, hvert er meginefni þessara gagna?*
4. *Eru til minnisblöð, hljóðritanir símtala eða önnur gögn sem benda til þess að forsætisráðherra hafi með einhverjum hætti komið að ákvörðun Seðlabankans um lánveitingar til a) Landsbankans, b) Kaupþings á framangreindum tíma – og ef svo er, með hvaða hætti?*

Öll tiltæk gögn í ráðuneytinu sem varða aðdraganda bankahrunsins, þ.m.t. minnisblöð um samtöl þáverandi forsætisráðherra við breska ráðamenn í byrjun október sl., hafa verið afhent rannsóknarnefnd Alþingis sem starfar samkvæmt lögum nr. 142/2008. Það er verkefni rannsóknarnefndarinnar að leita sannleikans um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, sbr. 1. gr. laganna. Forsætisráðuneytið telur því ekki rétt að það leggi mat á þýðingu fyrirliggjandi gagna. Ráðuneytið telur heldur ekki rétt að það endursegi efni gagnanna, sbr. 2. mgr. 16. gr. laganna, þar sem gert er ráð fyrir sérstöku ferli við upplýsingagjöf um störf rannsóknarnefndarinnar til Alþingis. Einnig má benda á að skv. 3. mgr. 16. gr. laganna er opinberum aðilum óheimilt að veita aðgang að gögnum sem rannsóknarnefndin hefur fengið afhent, nema með samþykki nefndarinnar. Ráðuneytið er reiðubúið að kynna utanríkismálanefnd gögnin í trúnaði, sbr. 24. gr. þingskapalaga, nr. 55/1991, enda geri rannsóknarnefndin ekki athugasemdir við það.

957. Þingsályktun [473. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 17. apríl 2009.)

Samhljóða þskj. 946.

958. Svar [460. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðfinnu S. Bjarnadóttur um stöðu Icesave-samningaviðræðna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er staðan í Icesave-viðræðunum og hver er sú hagfellda niðurstaða sem ráðherra telur vera í sjónmáli, sbr. nýlegt viðtal í Zetunni á mbl.is?

Eins og kunnugt er var fyrir nokkru skipuð nefnd til að sjá um samninga o.fl. sem tengist Icesave-málinu. Hefur nefndin á undanförnum vikum unnið að verkefni sínu m.a. með því að kanna mögulegar leiðir til að ganga frá fjárhagslegri hlið mála þessara með þeim hætti að það samrýmist sem best hagsmunum landsins um leið og það uppfyllir þær skuldbindingar sem íslenska ríkið tók á sig í þessum efnum sl. haust. Haft hefur verið samband við pólitísk og embættisleg stjórnvöld í viðkomandi löndum, þeim kynntar og við þau rætt um ýmsar leiðir til að ganga frá þessum málum. Frekari viðræður við þau fara fram á næstu vikum. Með hliðsjón af stöðunni í viðræðunum þykir ekki rétt að upplýsa frekar um einstök atriði þess sem í umræðu er á milli aðila. Það skal og tekið fram að fjármálaráðherra hefur átt fund með utanríkismálanefnd Alþingis um málið og veitt henni ýmsar upplýsingar um stöðu þess, sem eðli máls samkvæmt eru bundnar trúnaði.

959. Frumvarp til laga [342. mál]

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. apríl.)

1. gr.

4. mgr. 202. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Við 206. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, 1. og 2. mgr., svohljóðandi:

Hver sem greiðir eða heitir greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

Hver sem greiðir eða heitir greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi barns undir 18 ára aldri skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

960. Frumvarp til laga [394. mál]

um heimild til samninga um álver í Helguvík.

(Eftir 2. umr., 17. apríl.)

1. gr.
Heimild.

Iðnaðarráðherra er veitt heimild til að gera samning fyrir hönd ríkisstjórnarinnar innan ramma þessara laga við Century Aluminum Company (eigandinn) og Norðurál Helguvík ehf. (félagið) en félagið mun reisa og reka álver á Íslandi (verkefnið).

Samningurinn skal kveða á um þær skuldbindingar af hálfu ríkisins, eigandans og félagsins sem kunna að þykja nauðsynlegar og viðeigandi fyrir félagið og starfsemina, þar með talin framkvæmd á ákvæðum laga þessara. Í slíkum samningi skal ákveðið hversu lengi ákvæði hans skuli gilda og skulu þau eigi gilda skemur en í 20 ár frá því að framleiðsla hefst í álverinu.

Samningur sá sem iðnaðarráðherra undirritar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar samkvæmt lögum þessum (fjárfestingarsamningurinn) um meginatriði verkefnisins skal birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

Starfsemi félagsins skal vera í samræmi við íslensk lög og stjórnvaldsfyrirmæli eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

2. gr.
Verkefnið.

Verkefnið sem lög þessi taka til felur í sér að félagið byggir álver í Helguvík á Reykjanesi til framleiðslu á áli og aðstöðu sem tengist slíkri framleiðslu og skyldri starfsemi eins og nánar verður kveðið á um í fjárfestingarsamningi sem gerður verður innan ramma laga þessara á milli iðnaðarráðherra, félagsins og eigandans. Álverið er hannað til framleiðslu á allt að 360.000 tonnum af áli á ári.

3. gr.
Undanþágur frá lögum.

Félagið skal undanþegið ákvæðum 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, sem setur það skilyrði að ⅘ hlutar hlutafjár hlutafélags séu eign íslenskra ríkisborgara og að meiri hluti atkvæða á hluthafafundum sé í höndum íslenskra ríkisborgara og að allir stjórnendur séu íslenskir ríkisborgarar.

Félagið skal undanþegið ákvæðum laga nr. 48/1994, um brunatryggingar, eða ákvæðum síðari laga um sameiginlega skyldutryggingu húseigna, enda verði með öðrum hætti tryggilega séð fyrir brunatryggingum. Ákvæði laga nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, skulu ekki eiga við um félagið. Félagið skal viðhalda fullnægjandi viðlagatryggingu.

4. gr.
Skattlagning.

Félagið skal greiða skatta og önnur opinber gjöld sem almennt eru lögð á hér á landi, eftir þeim reglum sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti sem á annan veg er mælt í lögum þessum:

1. Þrátt fyrir breytingar sem síðar kunna að verða á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal félagið greiða 15% tekjuskatt með eftirfarandi sérákvæðum:
   a. Ef tekjuskattshlutfall á félög með takmarkaðri ábyrgð, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er lægra en 15% skal hið lægra tekjuskattshlutfall gilda um félagið á upphaflegum gildistíma fjárfestingarsamningsins og á framlengingartíma hans. Verði tekjuskattshlutfallið hækkað að nýju skal það gilda um félagið en skal þó aldrei vera hærra en 15%.
   b. Félaginu skal heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu tíu almanaksárum eins og nánar er kveðið á um í 8. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Ef íslenskum fyrirtækjum verður heimilað að draga eftirstöðvar rekstrartapa frá skattskyldum tekjum vegna fleiri ára, sbr. þessa málsgrein, skal sama gilda um félagið. Verði árunum fækkað síðar skal það sama gilda um félagið, þó þannig að því skal ávallt heimilt að draga frá skattskyldum tekjum eftirstöðvar rekstrartapa síðustu tíu almanaksára.
   c. Varanlegir rekstrarfjármunir vegna byggingar álversins skulu teljast byggingar, vélar og tæki í ákveðnum hlutföllum sem samið verður um. Fastafjármunir, sem að öðru leyti er aflað vegna viðhalds eða endurbóta á álverinu, skulu flokkaðir í samræmi við 37. og 38. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Fyrningu skal hagað í samræmi við 3. tölul. þessarar greinar.
2. Félagið skal undanþegið iðnaðarmálagjaldi samkvæmt lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, með síðari breytingum, og markaðsgjaldi samkvæmt lögum nr. 160/2002, um útflutningsaðstoð, með síðari breytingum, sem og sköttum eða gjöldum sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar sem síðar kunna að verða lögð á til viðbótar eða í staðinn fyrir iðnaðarmálagjald eða markaðsgjald.
3. Á því ári þegar nýjar eignir eru teknar í notkun getur félagið valið að fyrna þær í hlutfalli við notkun á árinu í stað fullrar árlegrar fyrningar skv. 34. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal félaginu heimilt að fyrna eignir sínar að fullu.
4. Stimpilgjöld sem greiða bæri samkvæmt lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, skulu vera 0,15% af öllum stimpilskyldum skjölum sem félagið gefur út eða stofnað er til í tengslum við byggingu og rekstur álversins. Öll skjöl sem lúta að endurfjármögnun, svo og hlutabréf í félaginu, skulu undanþegin stimpilgjöldum og hvers kyns sams konar eða efnislega svipuðum sköttum eða gjöldum er kunna síðar að verða lögð á til viðbótar við eða í staðinn fyrir slík gjöld.
5. Félagið skal undanþegið ákvæðum 1., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.
6. Félagið skal þrátt fyrir 35. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, greiða skipulagsgjald, sem nemur 180.000 bandaríkjadölum, vegna byggingar álvers með allt að 360.000 tonna ársframleiðslugetu. Greiðslur skulu standa í hlutfalli við framvindu byggingar álversins.
7. Eftir undirritun fjárfestingarsamningsins skal félagið undanþegið breytingum, sem kunna að verða á ákvæðum laga um tekjuskatt, varðandi frádrátt vaxtakostnaðar, að teknu tilliti til meginreglna OECD um viðskipti tengdra aðila og milliverðlagningu.
8. Í stað fasteignaskatts skv. II. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með áorðnum breytingum, sem og skatta eða gjalda sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar sem síðar kunna að verða lögð á til viðbótar við eða í staðinn fyrir fasteignaskatt,

skal félagið greiða Reykjanesbæ og Sveitarfélaginu Garði fasteignaskatt sem skal vera 0,75% af álagningarstofni sem er 6.839.000.000 kr. vegna fyrsta áfanga álversins sem miðast við allt að 90.000 tonna grunnframleiðslugetu af áli á ári. Vegna annars áfanga bætast 3.943.000.000 kr. við álagningarstofninn, vegna þriðja áfanga 4.135.000.000 kr. og vegna fjórða áfanga 4.670.000.000 kr., en hver framangreindra áfanga miðast við viðbótargrunnframleiðslugetu allt að 90.000 tonna ársframleiðslu. Miðað er við byggingarvísitölu desember 2008 (478,8 stig). Fasteignaskattur skal lagður á og innheimtur fyrir sérhvert ár á grundvelli álagningarstofnsins svo sem hann er framreiknaður samkvæmt byggingarvísitölu desembermánaðar næstliðins árs. Hann skal lagður á í fyrsta sinn 1. janúar næsta ár eftir gangsetningu hvers áfanga fyrir sig.

9. Með samningum, sem gerðir verða innan ramma laga þessara, má ákveða að félagið skuli greiða umsamda fjárhæð til Reykjanesbæjar og Sveitarfélagsins Garðs í stað byggingarleyfisgjalds samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997.

Í fjárfestingarsamningi er heimilt að kveða á um að:

a. ekki skuli leggja á félagið umhverfisgjöld eða umhverfisskatta, sem tengjast losun lofttegundanna CO_2 og SO_2 eða annarri losun eða öðrum mengunarvöldum, nema slík gjöld eða skattar séu almennt lagðir á önnur fyrirtæki á Íslandi, þar með talin öll önnur álver, og mismuni ekki félaginu að öðru leyti,
b. ekki skuli leggja skatta eða gjöld á raforkunotkun félagsins eða útblástur lofttegunda eða aðra losun úrgangsefna nema slík gjöld eða skattar séu jafnframt lögð með almennum hætti á öll önnur íslensk fyrirtæki, þar með talin álver, og mismuni ekki félaginu að öðru leyti,
c. ekki skuli leggja á gjöld eða skatta í tengslum við raforkukaup og/eða raforkunotkun félagsins nema slík gjöld eða skattar séu almennt lagðir á önnur fyrirtæki á Íslandi, þar með talin öll önnur álver, og mismuni ekki félaginu að öðru leyti.

Almenn ákvæði íslenskra laga um tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á og í gildi eru á hverjum tíma og varða skattframtal, framtalsfrest, álagningu, endurskoðun, endurálagningu, innheimtu, gjalddaga og greiðslu, sem og aðrar uppgjörsreglur varðandi tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á, auk andmæla og ágreinings í tengslum við þau, skulu gilda um félagið.

Á upphaflegum gildistíma fjárfestingarsamningsins getur félagið valið að almenn ákvæði íslenskra skattalaga, eins og þau eru á hverjum tíma, gildi um það. Beiðni um slíka breytingu skal gerð með skriflegri tilkynningu sem lögð skal fram eigi síðar en 1. júní almanaksárið áður en breytingin á að taka gildi. Berist slík beiðni skulu ríkisstjórnin, eigandinn og félagið þegar ganga til samninga um breytinguna yfir í hið almenna skattakerfi. Ríkisstjórnin, eigandinn og félagið skulu koma sér saman um aðferðir við framkvæmd slíkrar breytingar. Eftir það skal félagið lúta almennum íslenskum skattalögum það sem eftir er af gildistíma fjárfestingarsamningsins.

5. gr.

Reikningsskilareglur.

Með samningi, sem gerður er samkvæmt lögum þessum, má ákveða sérstakar reikningsskilareglur fyrir félagið sem grundvallaðar eru á íslenskum lögum með þeim skýringum og breytingum sem taldar eru viðeigandi. Í þessum reikningsskilareglum er heimilt að hafa ákvæði þar sem félaginu er heimilað að skrá allar færslur og gefa út fjárhagsyfirlit í bandaríkjadölum, í samræmi við almennt viðurkenndar reikningsskilareglur sem gefnar eru út af

Alþjóðareikningsskilaráðinu. Slíkt fyrirkomulag má fela í sér undanþágur frá ákvæðum laga um tekjuskatt.

6. gr.
Innflutningur.

Innflutningur og kaup félagsins eða einhvers fyrir þess hönd hérlendis á byggingarefnum, vélum og tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum fyrir álverið og tengd mannvirki, svo og til reksturs þeirra, skulu vera undanþegin tollum og vörugjöldum samkvæmt lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, sem og sams konar sköttum eða gjöldum er kunna síðar að verða lögð á til viðbótar eða í staðinn fyrir framangreind gjöld. Með samningum, sem gerðir eru innan ramma laga þessara, er heimilt að fella niður eða endurgreiða tolla og vörugjöld á vöru og þjónustu sem keypt er innan lands vegna byggingar álversins.

7. gr.
Framsal.

Heimilt er að semja um framsal félagsins og eigandans á fjárfestingarsamningnum með tilteknum skilyrðum sem fram skulu koma í fjárfestingarsamningnum.

8. gr.
Lögsaga og lausn deilumála.

Uppbygging, túlkun og framkvæmd samninga, sem gerðir eru innan ramma þessara laga, skal lúta lögsögu íslenskra laga. Heimilt er þó að vísa ágreiningi til gerðardóms.

9. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

961. Lög [170. mál]

um sjúkraskrár.

(Afgreidd frá Alþingi 17. apríl 2009.)

Samhljóða þskj. 954 með þessari breytingu.

15. gr. hljóðar svo:

Mæli ríkar ástæður með því er umsjónaraðila sjúkraskrár heimilt að veita nánum aðstandanda látins einstaklings, svo sem maka, foreldri eða afkomanda, aðgang að sjúkraskrá hins látna með hliðsjón af vilja hins látna og hagsmunum hlutaðeigandi. Telji umsjónaraðili sjúkraskrár vafa leika á réttmæti þess að veita slíkan aðgang skal hann án tafar framsenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til ákvörðunar um hvort aðgangur að sjúkraskránni skuli

veittur. Landlæknir skal afgreiða erindið innan átta vikna. Ákvörðun landlæknis um aðgang að sjúkraskrá hins látna er kæranleg til ráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

962. Lög [416. mál]

um breytingu á lögum um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997.

(Afgreidd frá Alþingi 17. apríl 2009.)

Samhljóða þskj. 955.

963. Lög [342. mál]

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. apríl 2009.)

Samhljóða þskj. 959.

964. Lög [438. mál]

um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. apríl 2009.)

Samhljóða þskj. 747.

965. Lög [394. mál]

um heimild til samninga um álver í Helguvík.

(Afgreidd frá Alþingi 17. apríl 2009.)

Samhljóða þskj. 960.

966. Lög [454. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 17. apríl 2009.)

Samhljóða þskj. 829.